Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á 16. fundi í Sþ., 14. des., var útbýtt:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar [91. mál] (A. 166).

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er flutt, byggist á því, að nú sé störfum þings svo langt komið, að rétt sé að taka sér jólafrí venju samkvæmt. Það er að sjálfsögðu á valdi ríkisstj., þó að miðað sé við, að þing komi í síðasta lagi saman hinn 1. febrúar, að ef sérstök ástæða þyki til, verði efnt til fundarhalds fyrr.
Það er ljóst, að ýmislegur vandi er fram undan. Hversu mikill hann er, verður ekki enn séð, og þýðir því ekki að halda þessum þingstörfum nú áfram. En bæði hefur ríkisstj. heimildir til ákvarðana lögum samkv. og samkv. þessari heimild, sem hér er veitt, til brbl.-útgáfu, en ef sérstaklega þykja efni til, er, eins og ég segi, hægt að kalla Alþ. til fundar.
Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en legg til, að till. verði samþykkt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þessi þáltill. gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi heimild til þess að fresta fundum Alþ. til janúarloka. Út af því vil ég segja það, að nú liggja mál þannig fyrir, að ekki verður um deilt, að gera verður stórfelldar ráðstafanir af ríkisvaldsins hálfu til stuðnings vélbátaútgerð til þorskveiða, rekstri fiskfrystihúsa og togaraútgerðinni, ef þessar grundvallaratvinnugreinar eiga að starfa eðlilega, en þetta eru nokkrar af meginstoðum þjóðarbúsins. Ráðstafanir til bjargar þessum starfsgreinum þola ekki bið, en engin vitneskja hefur fengizt um, hvað hæstv. ríkisstj. hefur í hyggju að aðhafast í þessu efni eða leggja til. Þegar svona stendur á, tel ég, að ekki sé skynsamlegt eða fært að fresta fundum Alþ. nema sem allra minnst vegna jólahaldsins, og mæli því gegn því, að þessi þáltill. verði samþ., því að hún gerir ráð fyrir heimild handa hæstv. ríkisstj. til þess að fresta fundum allt til janúarloka.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29:16 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27:18 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 185).

2. Öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar.

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar [59. mál] (A. 65).

Á 10. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Oddur Andrésson): Herra forseti. Ég er þess fullviss, að öllum hv. alþm. er ljós nauðsyn framgangs þess máls, er þáltill. sú, sem hér er til umr., fjallar um. Þó vil ég leitast við að rökstyðja hana enn frekar nokkrum orðum en gert er í grg. þeirri, er henni fylgir.
Um það eru ekki skiptar skoðanir, að það er bæði mannúðar- og menningaratriði að búa sem bezt að þeim stóra hópi einstaklinga í þjóðfélaginu, sem býr við eins konar orkuskerðingu, andlega eða líkamlega, og sá hópur stækkar ört vegna hinna óeðlilega hröðu breytinga nær allra þátta þjóðlífsins. Áhugi

almennings er vissulega mjög vakandi fyrir að bæta hag olnbogabarna lífshamingjunnar. Það sýna hin mörgu félagssamtök til styrktar tiltekinna öryrkjahópa. Má þar til nefna Sjálfsbjörg, styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Blindravinafélagið, Samband ísl. berklasjúklinga, Geðverndarfélagið og fleiri félög. Á vegum þessara félaga hefur verið unnið að endurhæfingu um árabil með góðum árangri. Heildarlöggjöf um þessi mál á ekki að draga úr tilvistarþörf slíkra félaga eða veikja starfsaðstöðu þeirra, heldur þvert á móti að styrkja starfsgrundvöllinn og tryggja, að allir, sem þurfa, fái notið sömu aðstöðu til endurhæfingar.

Rétt þykir mér að tilfæra hér, hvernig Oddur Ólafsson yfirlæknir á Reykjalundi gerir grein fyrir, hvað felst í hugtakinu endurhæfing, í 20. árgangi tímaritsins Reykjalundur:

„Endurhæfing er að verulegu leyti skipulagning og áætlunargerð um framtíð einstaklinga, sem vegna slyss, sjúkdóms eða meðfædds örkumls hafa minni möguleika á að sjá sér og sínum farborða en heill þjóðfélagsþegn, en þar sem þó eru möguleikar á umbótum, ef samræmdar læknisfræðilegar og félagslegar aðgerðir koma til."

Endurhæfingu er venjulega skipt í þrjú meginatriði: í fyrsta lagi læknisfræðileg endurhæfing, í öðru lagi félagsfræðileg endurhæfing og í þriðja lagi atvinnuendurhæfing. Þarna þurfa því til að koma þrír aðilar: læknir, félagsfræðingur og endurhæfingarsérfræðingur. Auk þess þarf sérþekking þessara aðila að vera mjög margbreytileg eftir því, hverjar orsakir örorkunnar eru. Þrjár meginorsakir nýrra örorkutilfella nútímans eru af völdum slysa í umferðinni, hjarta- og æðasjúkdóma og geðsjúkdóma. Afskiptaleysi þjóðfélagsins um velferð hinna síðast töldu, þ. e. geðsjúklinga, er slíkt, að á því sviði fyllum við flokk hinna vanþróuðustu þjóða. Þó að velmegun og öll fjárhagsleg afkoma fjöldans hér á landi sé svo jöfn og góð, að hún hefur aldrei betri verið, verður aldrei hægt að tala um velferðarríki hér, fyrr en vel hefur verið séð fyrir heimilisþörfum öryrkja og aðstöðu til endurhæfingar. Endurhæfingin er kostnaðarsöm, svo sem öll hliðstæð þjónusta, en hún er líka ábatasöm. Því til sönnunar get ég tilfært, að talið er, að hver rúmlegusjúklingur á sjúkrahúsi krefjist eins hjúkrunarliða, svo að hver sjúklingur eða öryrki, sem endurhæfing kemur á ról, sparar vinnukraft. Ef svo vel tekst, að starfsorka náist, er árangurinn enn meiri. Þó er sá ágóðinn mestur, sem aldrei verður í tölum talinn, því að með endurnýjaðri orku kemur trú á lífið og möguleikar til lífshamingju.

Á hinum Norðurlöndunum öllum hafa verið sett merk lög um þessi mál, og það má vel vera, að það verði hægt að styðjast að verulegu leyti við þau um undirbúning þessa máls hér. Undirbúningsvinna við lagasetningu að þessu er mikil og hlýtur að taka nokkurn tíma, en þörfin er brýn. Þess vegna vænti ég þess, að málið hljóti afgreiðslu hér á Alþ. og hæstv. ríkisstj. tryggi því áframhaldandi brautargengi.

Að svo mæltu legg ég til, að umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 65, n. 287)

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft till. til þál. á þskj. 65 um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar til meðferðar. N. hefur fengið umsagnir frá landlækni og Öryrkjabandalaginu, og í umsögn landlæknis kemur fram, að hann telur æskilegt, að þetta mál verði kannað, en í umsögn Öryrkjabandalagsins er lögð rík áherzla á, að till. verði samþ.

Ekkert heildarskipulag er um þessi mál hér hjá okkur, og eru þau þó víðtæk og skipta verulegu máli fyrir stóran hluta þjóðarinnar. Endurþjálfun hefur vissulega verið stunduð hér, en öll endurhæfingarstarfsemi er kostnaðarsöm og því mikil nauðsyn á að samræma löggjöf hér um og gera það líklegra, að á grundvelli þess megi ná enn frekari árangri í því að koma til hjálpar þeim, sem af sjúkleika eða slysum þurfa þess með Það er vissulega þýðingarmikið þjóðfélagslegt atriði.

Eins og fram kemur í áliti n. á þskj. 287, mælir n. einróma með því, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 313).

3. Bætt aðbúð sjómanna.

Á 11. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um bætta aðbúð og læknaþjónustu fyrir síldarsjómenn [67. mál] (A. 76).

Á 24. fundi í Sþ., 22. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Fyrr á þessu þingi átti Hilmar Hálfdánarson sæti hér sem varamaður, og flutti hann þá ásamt tveimur öðrum Alþfl.-mönnum till. um bætta

aðbúð og læknaþjónustu fyrir síldarsjómenn. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd til að athuga og gera tillögur um bætta aðbúð síldarsjómanna í landi, m. a. að því er varðar stofnsetningu og starfrækslu sjómannastofa á öllum meginhöfnum Austurlands. Jafnframt verði nefndinni falið að kanna, hvort ekki sé mögulegt að koma á fót læknaþjónustu, sem fylgt gæti síldveiðiflotanum a. m. k. á djúpmiðum."

Það er alkunna, að síðan síldveiðar færðust og jukust fyrir austan landið, hafa verið á því svæði 150 til 200 skip að jafnaði með um 2 þús. sjómenn verulegan hluta úr árinu. Oft hafa þessir menn orðið að vera í landi lengri eða skemmri tíma, og hefur þá komið í ljós, að aðbúnaður fyrir þá er harla lélegur. Í flestum höfnum Austurlands eru ekki til sjómannastofur eða önnur aðstaða til þess að veita þessum mönnum móttöku eða neina þjónustu. Símaþjónusta hefur verið svo slæm, að þeir hafa mátt bíða, oft undir beru lofti, tímum saman til þess að ná einu og einu símtali til fjölskyldna sinna, og annað hefur verið eftir því. Er þetta raunar ekki óeðlilegt, því að Austfirðingar höfðu ekki aðstöðu til þess að búa sig undir móttöku svo margra sjómanna. Undantekning frá þessu ástandi fyrir austan er þó á einum stað. Í Neskaupstað hafa bæjaryfirvöld lagt sig fram um að veita sjómönnum góða aðstöðu í landi, og hefur það starf tekizt svo vel, að ástæða er til þess að gera átak til þess, að aðbúnaður og móttaka sjómanna geti orðið með svipuðu móti eða jafnvel enn betri á öðrum höfnum þar eystra.

Síðari liður þessarar till. fjallar um læknaþjónustu fyrir síldveiðiflotann. Síðan till. kom fram í haust, hefur raunar komið fram frv., sem nú er vel á vegi í þinginu, þar sem heimilað er að greiða úr ríkissjóði kostnað við það að hafa lækni staðsettan á Austurlandi fyrir síldveiðiflotann, svo að vonir eru til þess, að úr framkvæmdum geti orðið á því sviði, áður en langt um líður.

Hér er um að ræða augljóst hagsmunamál fyrir sjómenn, sem samtök þeirra hafa hvað eftir annað gert samþykktir um og áskoranir. Það er nauðsynlegt að gera líf sjómanna sem léttast, og þegar tæknin hefur breytt vinnu þeirra svo, að þeir eru lengur fjarri heimilum sínum en áður, er mjög nauðsynlegt að sjá svo um, að þeir eigi eitthvert athvarf, þar sem þeir þurfa að hafa landlegu, og að þeir geti fengið þá þjónustu, sem þeir þurfa á að halda, þegar þannig stendur á.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 15. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 76, n. 311).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Efni þessarar till., sem flutt er af 3 þm. Alþfl., er, að skipuð verði n. til þess að gera till. um bætta aðbúð síldarsjómanna á Austurlandshöfnum, m. a. með stofnsetningu og starfrækslu sjómannastofa, og um bætta læknisþjónustu við síldveiðisjómenn. Um þörfina á þessum ráðstöfunum þarf ekki að fjölyrða, enda munu menn á einu máli um nauðsyn þeirra. Stór og vaxandi síldveiðifloti hefur hin síðustu ár stundað síldveiðar fyrir Austurlandi, a. m. k. hálft árið. Mikill meiri hluti sjómannanna eru aðkomusjómenn fjarri heimilum sínum þennan langa úthaldstíma, og hinir litlu kaupstaðir á Austurlandi eru lítt við því búnir að veita þeim viðunandi aðbúnað. Þess má líka geta, að flotinn sækir mjög á fjarlæg mið við þessar veiðar, og er varla sæmandi annað en þessi stóri floti eigi kost á betri læknishjálp en nú er. En síðan till. þessi var lögð fram, hefur verið lagt fram og samþ. frv. um breytingu á læknaskipunarlögunum, sem heimilar þá læknishjálp, sem hér er um að ræða. Till. er því orðin óþörf hvað þetta efni snertir, og gerir n. brtt. um, að þetta verði felld burt úr ályktuninni. Annað efni till. er enn í sínu fulla gildi, en samkv. ábendingu Sjómannasambands Íslands þótti ekki rétt að binda ályktunina um bættan aðbúnað við Austurlandshafnir eingöngu, því að þessu mun vera ábótavant víðar og þörfin mikil og bráð.

N. leggur því til, að í stað nefndarskipunar verði ríkisstj. falið að vinna að lausn þessa máls í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og þau sveitarfélög, sem hlut eiga að máli. Eru þessar breytingar gerðar í samráði við stjórn Sjómannasambands Íslands. N. er sammála um að leggja til, að till. verði samþykkt með þeim efnisbreytingum, sem ég hef nú gert grein fyrir og nánar koma fram í nál. á þskj. 311.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Fyrir hönd flutningsmanna till. vil ég þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á henni. Við getum eftir aðstæðum sætt okkur vel við þær breytingar, sem gerðar eru. Eitt atriði í upphaflegu till., sem var flutt s. l. haust, hefur þegar verið afgreitt með lögum, en það, sem eftir stendur, er í meginatriðum varðandi aðbúnað síldarsjómanna í landi, en það er vissulega ástæða til þess að breikka svið till., þannig að teknar verði stærri fiskihafnir annars staðar en á Austurlandi. Tilgangurinn með hinni breyttu till. er einn og hinn sami og með upphaflegu

till., að leita ráða til að bæta aðbúð síldarsjómanna, þegar þeir eru í höfnum fjarri heimilum sínum, og ég vil leyfa mér að vænta þess, að till. geti orðið til þess að stuðla að þróun í þá átt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 311,1 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 311,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A 480), með fyrirsögninni:

Þál. um bætta aðbúð sjómanna.

4. Þaraþurrkstöð á Reykhólum.

Á 44. fundi í Nd., 21. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um þaraþurrkstöð á Reykhólum [132. mál] (A. 253).

Á 45. fundi í Nd., 23. febr., var till tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 46. fundi í Nd., 27. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt tveimur hv. þm af Vestfjörðum, hv. 2. landsk. og hv. 11. landsk., að flytja till. til þál. í þessari hv. þd. um þaraþurrkstöð á Reykhólum. Efni þessarar till. er á þá leið, að Nd. Alþingis ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að hraðað verði undirbúningi að byggingu þaraþurrkstöðvar á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Skal stefnt að því, að ársframleiðsla hennar verði a. m. k. 1000 tonn af þurrum þara á ári þegar í upphafi með stækkunarmöguleikum síðar. Jafnframt verði undirbúin nauðsynleg löggjöf um stofnun og rekstur fyrirtækisins.

Það er alkunna, að Reykhólar í Austur-Barðastrandarsýslu eru mikið og glæsilegt höfuðból að fornu og nýju. Hefur mikið verið um það rætt, hvernig þessi merka og fagra jörð verði hagnýtt í þágu framtíðarinnar og þeirra héraða, sem hún liggur í. Hafa verið settar á stofn nefndir til þess að athuga og rannsaka, hvernig staðurinn verði bezt hagnýttur. Þær hafa unnið mikið og gagnlegt starf og skilað álitum. Því miður hefur þó til þessa ekki orðið mikið úr raunhæfum framkvæmdum á Reykhólum. Þó má geta þess, að fyrir allmörgum árum var fyrir forustu Gísla Jónssonar, þáv. þm. Barð., reist þar tilraunastöð í jarðrækt, sem óhætt er að fullyrða að hafi orðið að verulegu gagni undir stjórn dugandi manna. Nú hefur enn fremur verið ákveðið, að reistur skuli heimavistarunglingaskóli á Reykhólum, og hefur Alþ. þegar veitt til þeirrar stofnunar 1.2 millj. kr., og standa vonir til þess, að hafizt verði handa á næsta sumri um byggingu þessa skóla. Allar sveitir Austur-Barðastrandarsýslu hafa sameinazt um þessa skólabyggingu, og verður þannig komið í framkvæmd þeirri fræðsluskyldu í þessum byggðarlögum, sem fræðslulöggjöfin gerir ráð fyrir, en ekki hefur verið unnt að framkvæma til þessa vegna skorts á skólahúsnæði Er því hér um að ræða merkilegt spor í fræðslumálum Austur-Barðstrendinga. Þá hefur einnig verið ákveðið, að ferjubryggja verði byggð á Stað á Reykjanesi á komandi sumri. Nokkurt fé hefur verið veitt til hennar, og nauðsynlegt er að afla nokkru meira fjár til þeirra framkvæmda. Mun það hafa verulega þýðingu fyrir samgöngur við þessar fögru sveitir í Austur-Barðastrandarsýslu og ekki síst fyrir eyjabyggðirnar í vestureyjum Breiðafjarðar, en eins og kunnugt er, eru enn þá fjórar af vestureyjum Breiðafjarðareyja í byggð, og er búið þar góðum búskap.

Loks hafa verið hafnar byrjunarframkvæmdir við byggingu mjólkurbús á Reykhólum, en nokkur óvissa ríkir um framtíð þeirra enn þá, en það er þó gert ráð fyrir því, að með tímanum rísi þarna mjólkurbú.

Þá hefur verið hafizt handa um undirbúning þaravinnslu á Reykhólum. Í tillögum Reykhólanefndar, sem starfaði undir formennsku Aðalsteins Eiríkssonar fyrir nokkrum árum og skilaði áliti 1965, er m. a. lagt til, að lokið verði rannsóknum á skilyrðum til þaravinnslu á Reykhólum. Hefur Sigurður V. Hallsson verkfr. unnið að slíkum rannsóknum og tilraunum af miklum dugnaði og ósérplægni. Fylgir yfirlitsskýrsla hans með greinargerð till. þessarar. En þessi greinargerð var samin að tilhlutan síðustu Reykhólanefndarinnar, en skv. áætlun Sigurðar V. Hallssonar, sem þó er ekki endanleg, er kostnaður við þaraþurrkstöð með 1000 tonna ársframleiðslu af þurrkuðum þara áætlaður um 3 millj kr., en borkostnaður vegna jarðhitaframkvæmda 500—600 þús. kr.

Með þessari till. er lagt til, að hraðað verði undirbúningi þaraþurrkstöðvar á Reykhólum, er framleiði a. m. k. 1000 tonn af þurrkuðum þara til útflutnings. Skv. álitsgerð sérfræðinga er talinn öruggur markaður fyrir þessa framleiðslu, t. d. í Noregi og Frakklandi. Síðar mætti svo auka afkastagetu þessarar þurrkstöðvar upp í t. d. 2000 tonn. En fyrir öllum þessum atriðum er gerð glögg grein í skýrslu Sigurðar V. Hallssonar.

Ég tel það mjög þýðingarmikið, að hafizt verði handa um slíkan iðnað á Reykhólum Það mundi eiga verulegan þátt í að treysta byggðina í þessum héruðum og stuðla jafn-

framt að nokkurri nýbreytni í atvinnulífi þjóðarinnar. Það er skoðun mín, að á Reykhólum eigi í framtíðinni og helzt sem allra fyrst að rísa nokkurs konar byggðakjarni í sveitum Austur-Barðastrandarsýslu, þar sem skilyrði eru víða ágæt til búskapar. Það er margrætt mál, að það hefur mjög mikla þýðingu fyrir byggðir sveitanna, að þar rísi upp nokkurt þéttbýli, bæði til þess að rækja ýmiss konar þjónustustarfsemi við sveitirnar og enn fremur af viðskiptaástæðum. Þess vegna held ég, að það sé kominn tími til þess að hefjast nú handa um raunhæfar aðgerðir, uppbyggingu nýrra atvinnufyrirtækja á Reykhólum. Það hefur þegar verið hafizt handa um nokkrar framkvæmdir, en meira verður að fylgja á eftir.

Í sumar er nauðsynlegt, að borað verði eftir meira heitu vatni. Það er talið nauðsynlegt af sérfræðingum, áður en farið er út í byggingu stórrar verksmiðju á staðnum, að aukið vatnsmagn og sérstaklega aukin þekking á gufuafli á jarðhitasvæðunum á Reykhólum sé fyrir hendi. Á s. l. ári voru, eins og kemur fram í skýrslu Sigurðar V. Hallssonar, þurrkuð um 1200 kg af þara á Reykhólum, sem send voru í tilraunavinnslu til Noregs og líkuðu þar mjög vel. Það hefur nýlega verið skrifað um það í norsk blöð, að þessi fyrsta tilraun Íslendinga með þaraþurrkun við jarðhita hafi gefizt mjög vel og Norges Handels- og Söfartstidende, sem birtu grein um þetta, tóku svo mikið upp í sig að fullyrða það, að líkur væru til þess, að Íslendingar gætu hafið stórframleiðslu á þurrkuðum þara við jarðhita. Það, sem þarf að gera fyrst og fremst í sumar auk borunarinnar, sem kostar um 500—600 þús. kr., er að þurrka um 100 tonn af þara, sem tilboð hefur verið gert í frá Noregi, og það er mjög þýðingarmikið, að þessar framkvæmdir haldi óslitið áfram. Það er vaknaður áhugi á þessu, fyrst og fremst í Noregi, og einnig má telja fullvíst, að markaður geti unnizt fyrir þessa framleiðslu annars staðar. Þess má geta, að forgöngumenn málsins hafa leitað til hæstv iðnmrh. um stuðning í þessu máli. Enn fremur hefur það verið lagt fyrir hið nýstofnaða iðnþróunarráð. Vænti ég, að þetta mál sé með þessum aðgerðum öllum og með flutningi þessarar till. komið á þann rekspöl, að kyrrt verði ekki látið liggja og að haldið verði áfram með fullri forsjá undirbúningi þaraþurrkunarstöðvar á Reykhólum, þannig að þetta athyglisverða iðnfyrirtæki geti á næstunni risið á þessum náttúruauðuga stað.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að þessari einu umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.
Till. vísað til iðnn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 65 fundi í Nd., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 253, n. 436).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Með þáltill. þeirri, sem hér er til umr., er skorað á ríkisstj. að hraða undirbúningi að byggingu þaraþurrkunarstöðvar með ákveðna afkastagetu á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Af fskj., sem till. fylgdu, er þó sýnt, að undirbúningsathugunum er ekki svo langt komið, að hægt sé að mæla með svo afdráttarlausri ákvörðun. Verðmæti framleiðslunnar byggist mjög á alginsýruinnihaldi, sem er breytilegt eftir árstímum. Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á þessu, en það verður að teljast, að sú athugun sé ófullnægjandi, það þurfi meiri athugun á því máli, jafnvel þó að stefnt væri að því að afla þarans á hagstæðasta tímanum.

Skv fskj. má gera ráð fyrir, að hægt sé að fá markað fyrir það magn, sem tiltekið er í till. En það er óvissa um, hvort hægt sé að fá nægilega hátt verð. Eigi að síður verður að telja, að aðstæður til þaratöku við Breiðafjörð og þaraþurrkun við jarðhita að Reykhólum séu vel þess virði, að fullnaðarathugun sé framkvæmd. Og ekki er að efa það, að ef grundvöllur reynist fyrir þessum rekstri, þá yrði það byggðarlaginu til góðs og ef til vill vísir að byggðakjarna.

Þær upplýsingar, sem liggja fyrir um undirbúningsathuganir, eru skjalfestar í fskj. með till. Þessar athuganir eru framkvæmdar af Sigurði V. Hallssyni efnafræðingi og eru traustvekjandi hvað alla umsögn snertir. Jafnframt er ljóst, að bæði hann og áhugamenn í byggðarlaginu hafa innt af hendi fórnfúst sjálfboðastarf við athuganir á þessum möguleika. Framleiðslan getur ef til vill, ef vel tekst til, numið nokkrum millj. kr. Eigi að síður er skylt að minnast þess, að mjór er mikils vísir, þegar um er að ræða uppbyggingu útflutningshæfs iðnaðar í landi voru, og alla vega yrði það byggðarlaginu til styrktar. Íslendingum fjölgar ört og vandséð, hversu lengi þeir geta lifað kóngalífi á landbúnaði og fiskveiðum, ef við tæki óástsæl ríkisstj.

Iðnn.-menn hv. deildar hafa orðið sammála um, að skylt sé að koma til móts við þá áhugamenn og sjálfboðaliða, sem að þessu máli hafa staðið til þessa, og leggja til í nál., að ríkisstj. hlutist til um, að fullnaðarrannsókn verði framkvæmd. Er það einnig í samræmi við umsögn rannsóknaráðs ríkisins, sem prentuð er með nál. sem fskj.

ATKVGR.
Brtt. 436 (ný tillgr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 493).

5. Dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um dvalarheimili fyrir aldrað fólk [44. mál] (A. 46).

Á 10., 11., 12., 15. og 20. fundi Sþ., 16., 23. og 30. nóv., 7. des. og 1. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 2. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þessi till. á þskj. 46 er flutt af mér og 4 öðrum hv. alþm. Till. var einnig flutt á síðasta þingi shlj. þessari og fékk þá ekki afgreiðslu. Efniskjarninn í till. er sá, að ríkisstj. er falið að skipa 7 manna n., einn frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu flokkanna, einn frá Tryggingastofnun ríkisins, einn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn án tilnefningar og verði sá formaður. Þessi n. á að athuga og gera till. um, hvernig hagfelldast væri fyrir sveitar- og sýslufélög í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins og ríkið að koma upp á þeim stöðum víðs vegar um land dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, þar sem hentugt kynni að þykja, og athuga möguleika á því, að þessir aðilar eignist færanleg íbúðarhús, sem aldrað fólk, t. d. hjón, gætu fengið leigð til íbúðar, á þeim stað þá, er þeim væri kærast að dveljast í ellinni, meðan heilsa leyfði dvöl utan elli- eða hjúkrunarheimilis.

Í grg. með till. er nokkurt yfirlit um það, hvernig aldurshlutföll hafa breytzt upp á síðkastið og hversu gífurlega þeim hefur fjölgað hlutfallslega, sem verða nú aldraðir. Þessi þróun er afleiðing af aukinni vísindalegri þekkingu og heilsugæzlu og af bættum lífskjörum þjóðarinnar almennt En um leið og gamla fólkið verður stærri og stærri hluti af þjóðinni, verður vitanlega að hugsa fyrir þörfum þess sérstaklega og á þann hátt, að hinir öldruðu geti átt þess kost að hjálpa sér sjálfir, svo lengi sem heilsa þeirra endist, og þeir geti fengið að dveljast þar í lengstu lög, sem hugur þeirra stendur til og þeir vilja helzt vera, enda á þann hátt líklegast, að þeir geti unnið sér og þjóð sinni eitthvert gagn, og það gagn, sem gamla fólkið getur gert með vinnu sinni, á vissulega að nýta. Með tilliti til þessa sjónarmiðs er sett fram sú hugmynd, hvort ekki mundi vera hægt að koma upp með samvinnu þeirra aðila, sem í till. eru nefndir, færanlegum íbúðarhúsum, sem aldrað fólk gæti fengið að nota, þar sem það helzt vildi vera eða gæti haft starf við sitt hæfi, auðvitað gegn hæfilegri leigu fyrir slíkar íbúðir. Tæknin hefur þegar leyst þá hlið málsins, að hægt er nú að taka heil hús, jafnvel stór hús, hvað þá lítil, eins og hér yrði um að ræða, upp og flytja á milli staða.

Ég hygg, að flestir þekki dæmi þess, og ég þekki þau mörg, að aldrað fólk verður að flytjast burt frá heimkynnum sínum, þegar unga fólkið tekur við búskap eða atvinnurekstri hinna öldruðu, því að þá er hvergi pláss fyrir það. Væri hins vegar sá möguleiki að fá leigt hentugt húsnæði, meðan heilsan og einhverjir starfskraftar endast, yrðu flestir áfram í sínum heimahögum og gætu oftast veitt ýmsa aðstoð, sem vel væri þegin, bæði við uppeldi barna og ýmsa létta vinnu.

Þá er einnig mikil þörf á að koma upp dvalarheimilum á hentugum stöðum úti um land, helzt í hverri sýslu, fyrir gamla fólkið, þar sem það mundi dveljast ýmist í sér húsum eða margt saman, og þannig verður auðvitað alltaf að vera með þá, sem eru sjúkir og ekki sjálfum sér nógir að sjá um sig.

Ég tel ekki þörf á því að hafa um þetta miklu fleiri orð. Verkefni sem þessi þurfa mikillar athugunar við, ég vil segja: mjög gaumgæfilegrar athugunar, því að auðvitað kemur margt fleira til álita heldur en það, sem hér hefur verið bent á í sambandi við þennan tillöguflutning, og auðvitað verður það með þetta vandamál eins og flest önnur, að hver kynslóð tekur það sínum sérstöku tökum.

Skýrslur hagstofunnar um lengingu mannsævinnar hér á landi benda á mikil verkefni fram undan fyrir okkur á þessu sviði, því að meðalaldur manna er nú orðinn einna hæstur hér á landi og hefur hækkað mjög ört síðustu tvo áratugi. Árið 1910 urðu 6.5% landsmanna 65 ára og eldri, en 1960 var þetta hlutfall 8.1%. Við flm. teljum, að þessi gleðilega þróun skapi verkefni, sem þarf að leysa með úrræðum, sem ekki eru of einhliða. Við bendum á vissar leiðir til athugunar og teljum, að í okkar hugmyndum séu úrræði, en við viljum, að allar færar leiðir í þessum málum verði athugaðar og reyndar Ekkert allsherjarúrræði, sem eitt leysir vanda gamla fólksins og gæti verið því öllu jafnvel að skapi, mun finnast. Hér mun hver kynslóð vilja hafa sína aðferð, þegar fram í sækir.

Barnaheimili, skólar og leikvellir eru nauðsyn vegna æskunnar. Ellin þarf einnig sínar stofnanir. Málsháttur inn segir, að tvisvar verður gamall maður barn. Þeim öldruðu fjölgar ört með þjóðinni. Við megum ekki gleyma þeirra þörfum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni. En ég sé, að það hefur verið gert ráð fyrir tveimur umr. um málið. Ég vil þess vegna leyfa mér að leggja til, að málinu verði nú að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og til athugunar í hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 46, n. 472).

Frsm. (**Jón Árnason**): Herra forseti. Till. þessi til þál. um dvalarheimili fyrir aldrað fólk var til athugunar í fjvn. Efni till. var nokkuð rætt í n., og komst hún að sameiginlegri niðurstöðu um afgreiðslu málsins. Leggur fjvn. til, að tillgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, á hvern hátt hagfelldast væri að koma á samstarfi milli sveitarfélaga, sýslufélaga og ríkis um skipulega uppbyggingu á dvalarheimilum fyrir aldrað fólk víðs vegar um landið. Í því sambandi skal m. a. haft í huga, að komið verði upp íbúðarhúsum fyrir aldrað fólk, t. d. hjón, sem ættu þess kost að fá húsnæði leigt."

Það málefni, sem till. þessi nær til, er á síðari árum að verða meira og meira vandamál hinna ýmsu sveitarfélaga víðs vegar um landið. Það er því fyllilega tímabært, að Alþingi afgreiði till. þá, sem hér liggur fyrir, svo að það opinbera geti látið fram fara þá athugun, sem hér er lagt til.

ATKVGR.

Brtt. 472 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 601).

6. Radíóstaðsetningarkerfi fyrir siglingar.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða [56. mál] (A. 62).

Á 12., 15. og 21. fundi í Sþ., 30. nóv., 7. des. og 2. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (**Davíð Ólafsson**): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að flytja hér till. á þskj. 62 um athugun á radíóstaðsetningakerfum fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða. Það er gert ráð fyrir því samkv. till., að skipuð verði n. sérfræðinga til að gera athugun og till. um slík kerfi hér við Ísland með sérstöku tilliti til fiskveiða.

Þegar litið er til baka yfir tímabilið frá styrjaldarlokum, verður ljóst, að á þessu tímabili hefur orðið gífurlega ör þróun á öllu því, sem lýtur að tækniþróun á sviði siglinga og fiskveiða. Þetta er m. a. árangur af ýmsum uppfinningum, sem gerðar voru eða fullkomnaðar á styrjaldarárunum og voru notaðar beint í sambandi við styrjaldarreksturinn, en komu svo að almennum notum að styrjöldinni lokinni. Bezt munum við þekkja það tæki, sem þannig er ástatt um og notað er nú við fiskveiðar, hið svokallaða asdic- eða sónartæki, sem segja má að valdið hafi gerbyltingu í fiskveiðum okkar og þá fyrst og fremst síldveiðunum og er ein af meginforsendunum fyrir því, að sú þróun hefur getað átt sér stað í síldveiðunum, sem orðið hefur á síðustu 10 árum eða svo. Ýmis önnur tæki hafa komið fram á þessu tímabili, en ég vildi hér minnast á það, sem till. þessi fjallar um, hin svo kölluðu radíóstaðsetningarkerfi, sem rutt hafa sér til rúms á undanförnum áratugum á öllum fjölfarnari siglingaleiðum. Þar er um að ræða aðallega tvö kerfi, sem notuð hafa verið nokkuð eftir svæðum, svokölluð lórankerfi annars vegar og dekkakerfið hins vegar. Upphaflega voru þessi kerfi fyrst og fremst tekin í notkun vegna almennra siglinga og hafa haft mjög mikla þýðingu þannig. Þau hafa auðveldað siglingar og skapað mikið öryggi fyrir allar siglingar á þeim svæðum, þar sem þau ná til.

Það kom þó fljótlega í ljós, að slík kerfi geta haft mikla hagnýta þýðingu, ekki bara fyrir siglingarnar, heldur einnig fyrir fiskveiðarnar, og því hafa fiskimenn í vaxandi mæli tekið þessi kerfi í sína þjónustu og oft með mjög góðum árangri. Það hefur raunar oft verið rætt um það áður, að æskilegt væri, að til viðbótar því kerfi, sem við höfum hér á landi og er lórankerfið, yrði komið hér upp dekkakerfi, sem talið er að hafi ýmsa kosti fram yfir lórankerfið, aðallega það, að það er nákvæmara til staðsetningar, og með því að einmitt nákvæmnin í staðsetningu fiskiskipa í sambandi við fiskveiðar er eitt af höfuðatriðunum til þess, að góður árangur náist, hafa menn talið, að æskilegt væri að fá slíkt kerfi. Upphaflega þegar þetta var rætt, var það einkum með tilliti til almennra siglinga, en á seinni árum hafa menn meira og meira beint athygli sinni að þýðingu þess fyrir fiskveiðarnar. Og ég mundi segja, að einmitt þróunin á allra síðustu árum hefur gert mönnum þetta enn betur ljóst en áður, hverja þýðingu nákvæmt staðsetningarkerfi getur haft fyrir fiskveiðarnar og þá ekki síst síldveiðarnar, sem stundaðar eru oft fjarri ströndum og krefjast oft mjög mikillar nákvæmni um staðsetningar.

Það er út frá þessu sjónarmiði, sem mér er kunnugt um að nú eru hafnar framkvæmdir í Noregi til þess að koma þar upp slíku staðsetningarkerfi. Það er út frá því sjónarmiði, að það verði að gagni fyrir fiskveiðarnar fyrst og fremst. Það hefur ráðið þar mestu um þær framkvæmdir, sem þar hefur verið ráðizt í og miða að því að koma upp slíku kerfi meðfram allri norsku ströndinni. Það var byrjað sunnarlega, suður undir Skagerak og Norðursjó, en er svo verið að færa sig

norður eftir ströndinni, og menn vænta sér mikils af því að fá þetta kerfi, og einkum hef ég orðið var við það, að norskir síldveiðisjómenn telja mikið í húfi að fá slíkt kerfi. Þessu kerfi er þó samfara mjög mikill kostnaður. Það er mjög kostnaðarsamt að koma því upp, því er ekki að leyna, og þess vegna er mikils um vert, að allar aðstæður séu athugaðar mjög gaumgæfilega, bæði frá tæknilegu sjónarmiði og eins frá sjónarmiði fiskveiðanna, áður en ráðizt yrði í slíkar framkvæmdir. Mér er einnig kunnugt um það, að Norðmenn, eftir að þeir höfðu athugað málið mjög gaumgæfilega og látið sína sérfræðinga kanna allar hliðar þessa máls, réðust í þessar framkvæmdir. Þeir kostuðu miklu til. Sá undirbúningur mun hafa kostað margar millj. kr., áður en endanlega var hægt að taka ákvörðun um það, hvar og hvernig kerfinu skyldi komið upp.

Ég hef ástæðu til þess að ætla, að við gætum fengið að njóta mjög mikils góðs af þessum undirbúningsframkvæmdum Norðmanna, þar sem þær mundu að ýmsu leyti geta verið okkur til fyrirmyndar, og væri sjálfsagt að notfæra sér slíka tækniaðstoð, ef hún fengist, sem ég, eins og ég sagði, tel ástæðu til að ætla, að unnt yrði að fá. En hér eins og þar teljum við, sem þessa till. flytjum, nauðsynlegt, að áður en ákvarðanir verða teknar um æskilegar framkvæmdir, sé bráðnauðsynlegt, að fram fari mjög gaumgæfileg athugun á hinum mismunandi kerfum, sem hér er um að ræða og til greina geta komið, og það sé raunar ekki á færi annarra en sérfræðinga að athuga slíkt og sé raunar ekki hyggilegt að hefja neinar framkvæmdir, fyrr en fyrir liggi niðurstaða af slíkri sérfræðilegri athugun. Þar er fyrst og fremst um að ræða sérfræðinga á sviði þeirrar tækni, sem hér er um að ræða, en einnig verður nauðsynlegt, að þar komi til sérfræðiþekking á sviði fiskveiðanna. Það er því von okkar, að þessi till. fái góðar móttökur hér á Alþ. og verði samþ. og komi síðar til framkvæmda.

Ég vildi nú ljúka þessum orðum með því að leggja til, að till. verði vísað til síðari umr. að þessari umr. lokinni og til fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 32. shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 62, n. 442).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fjvn. hefur leitað umsagnar um þessa till. til þál. til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Slysavarnafélags Íslands og landhelgisgæzlunnar. Allir þessir aðilar mæla eindregið með því, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að skipa n. sérfræðinga til að gera athugun og till. um radíóstaðsetningarkerfi fyrir siglingar við Ísland með sérstöku tilliti til fiskveiða. Mér þykir rétt og tilhlýðilegt að geta þess um leið, að í umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands segir í niðurlagi bréfs þeirra:

„Um leið og vér þökkum hv. þm. tímabæra till. þeirra, teldum vér viðeigandi, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fengi að tilnefna fulltrúa af sjómanna hálfu í væntanlega n. og fylgjast með framgangi málsins."

Fjvn. mælir einróma með því, að þessi þáltill. verði samþykkt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 602).

---

7. Þungaflutningar í snjó.

Á deildafundum 21. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rannsóknir og tilraunir vegna þungaflutninga í snjó [64. mál] (A. 72).

Á 11. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til einnar umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hjörtur Eldjárn Þórarinsson, sem sat hér sem varamaður á þingi fyrri hluta þessa þings, flutti þá till. til þál., sem hér er nú til umr., og vil ég leyfa mér vegna fjarvistar hans að mæla aðeins nokkrum orðum með till.

Eins og tillgr. eða eins og fyrirsögn till. ber með sér, fjallar hún um rannsóknir og tilraunir vegna þungaflutninga í snjó, og hljóðar hún þannig:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að fela vegagerð ríkisins að láta svo fljótt sem unnt er fara fram ýtarlegar rannsóknir og tilraunir í því skyni að leiða í ljós, hvers konar tæki og tækni henta bezt við þungaflutninga hér á landi, þegar fannalög og óstöðug vetrartíð gera venjuleg samgöngutæki óvirk."

Flm. hefur skrifað allýtarlega grg. fyrir till., þar sem hann rökstyður þörfina á þeim rannsóknum og tilraunum, sem hann leggur þar til að gerðar verði, og hann bendir á það í grg., að það sé hin mesta nauðsyn nú í nútímaþjóðfélagi, að samgöngur séu greiðar og öruggar allt árið, og bendir jafnframt á það, að víða er það þannig um landið, að þegar snjó leggur að á vetrum, stöðvast öll samgöngutæki eða bílar, og þá er mjög örðugt að halda uppi eðlilegum samgöngum, einkum og sér í lagi er það örðugt hvað snertir alla þungaflutninga. Á þetta er bent hér ræklega í grg., og skal ég ekki hafa um það mörg

orð, en vil þó minna á, að jafnvel þó að tekizt hafi að leysa að nokkru flutningsþörf eða samgönguþörf við vondar aðstæður á vetrum með snjóbílum og jafnvel beltisdráttarvélum, sem bændur hafa gert nokkuð lengi, er það engan veginn nægilegt til þess að halda uppi þeim miklu þungaflutningum, sem alltaf er þörf fyrir, hvort heldur er á sumri eða vetri.

Ég vil leggja til, herra forseti, þar sem það mun vera ákveðin ein umr. um þessa till., að umr. verði nú frestað og till vísað til allshn., og vænti þess, að málið fái hér greiðan gang gegnum þingið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 72, n. 485).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa till. til athugunar og leitað um hana umsagnar vegamálastjóra, og mælir vegamálastjóri með því, að þessi athugun, sem þáltill. gerir ráð fyrir að fram fari, verði gerð. Hins vegar tekur vegamálastjóri fram, að þetta sé ekki beint verkefni vegagerðarinnar að annast flutninga, og sömuleiðis vekur hann athygli á því, að þessar rannsóknir og tilraunir muni vera afar kostnaðarsamar og engin leið til þess, að vegagerðin geti tekið að sér slíkar rannsóknir og tilraunir, nema sérstakar fjárveitingar komi í því skyni.

Allshn. er sammála um að mæla með því, að þessar athuganir fari fram, og þar með mælir hún með samþykkt till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 603).

8. Rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð.

Á deildafundum 6. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fullkomna rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð [103. mál] (A. 199).

Á 27. fundi í Sþ., 1. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 199 hef ég ásamt öðrum hv. þm. Vesturl. leyft mér að flytja till. til þál. um fullkomna rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að skipa þriggja manna n. til þess að annast alhliða rannsókn á því, hvernig hagkvæmast muni að leysa samgönguþörfina milli þéttbýlis í og við Reykjavík annars vegar og Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar. Verði n. heimilað að ráða vélfræðilega aðstoð, bæði verkfræðilega og hagfræðilega, svo að unnt verði að finna niðurstöður byggðar á eins traustum grundvelli og mögulegt er, bæði að því er varðar tæknileg og þjóðhagsleg sjónarmið. Í n. verði valinn einn maður búsettur á Akranesi. N. skili áliti fyrir árslok 1967 Kostnaður við rannsókn þessa greiðist úr ríkissjóði."

Till. þessi er m. a. flutt að tilmælum bæjarstjórnar Akraness. Akurnesingar eiga að sjálfsögðu mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við lausn þessa þýðingarmikla samgöngumáls. Um langan tíma hafa samgöngur yfir og einnig fyrir Hvalfjörð verið á dagskrá með þjóðinni, enda þótt raunhæfar aðgerðir hafi ekki enn sem komið er átt sér stað að öðru leyti en því að endurbæta malarveginn, sem nú liggur umhverfis fjörðinn. Það er þó staðreynd, að hér er um þá samgönguleið á landi að ræða, sem segja má að sé sú eina, sem raunverulega tengir Vestur-, Norður- og Austurland við þéttbýlið á Reykjavíkursvæðinu.

Áður en vegurinn fyrir Hvalfjörð var gerður bílfær, fóru þessar samgöngur að mestu leyti fram sjóleiðis með farþegaskipinu, sem hélt uppi samgöngum milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness. Um einn tíma fór nokkur hluti samgangnanna fram á ferjubáti í Hvalfirði, sem hélt uppi farþegaflutningum frá Eyri í Kjós að Kalastaðakoti á Hvalfjarðarströnd. Óku þá langferðabílar farþegunum að og frá þessum ferjustöðum. Um nokkurra ára skeið fóru allir fólksflutningar, sem áttu sér stað með langferðabifreiðum milli Norður- og Suðurlands, um Akranes og þá sjóleiðina á milli Reykjavíkur og Akraness. Eftir að Hvalfjarðarvegurinn var endurbættur og að fullu lagður í þeirri mynd, sem vegurinn er nú, hefur þessi samgönguleið leyst vandann, a. m. k hvað snertir aðra landshluta en Akranes. Samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja, er um stöðuga aukningu á umferðinni að ræða. Gegnir þar sama máli um þann farþegafjölda, sem ferðast með Akraborginni milli Reykjavíkur og Akraness, en sá fjöldi nálgast nú óðum að verða 50 þús. á ári, sem þann kost velur. Með bifreiðum fyrir Hvalfjörð er einnig um stöðuga fjölgun að ræða, og telur vegamálaskrifstofan, að umferðin sé nú komin í rúmlega 1000 bifreiðar á dag, og er þá miðað við svokallaðar bifreiðaeiningar. Þegar svo er komið, verður því ekki öllu lengur á frest skotið að gera einhverjar raunhæf-

ar aðgerðir til úrbóta frá því, sem nú á sér stað, um samgöngubætur á þessari leið.

Um það, á hvern hátt hagkvæmast yrði að leysa þessar samgöngur til frambúðar, hafa menn nokkuð skiptar skoðanir. Er þar um að velja, eins og fram kemur í grg. till., í fyrsta lagi, ef framkvæmanlegt yrði talið að brúa fjörðinn, annaðhvort utarlega eða innar í firðinum. Í öðru lagi hefur verið um það rætt, hvort ekki sé eðlilegra að nota ferju, annaðhvort beint milli Reykjavíkur og Akraness eða þá yfir Hvalfjörð. Sameiginlegt þessum hugmyndum er að sjálfsögðu það sjónarmið að stytta leiðina. Með brú eða ferju á Hvalfjörð mundi leiðin til Akraness styttast um allt að 50% og jafnvel á leiðinni til Akureyrar mundi leiðin styttast um allt að 10%. Hitt er svo auglјóst mál, að kanna verður til hlítar allar þær leiðir, sem um er að velja, svo að þær ákvarðanir eða framkvæmdir, sem ráðizt verður í, verði byggðar á svo traustum grunni sem mögulegt er.

Á s. l. ári flutti hæstv. samgmrh. skýrslu á Alþ. um athugun á ferju yfir Hvalfjörð, sem vita- og hafnarmálastjóri hafði samið. Samkv. henni mundi innan skamms hagkvæmt að reka ferju á Hvalfirði. Þessi athugun er þó mjög lausleg, og eru veigamikil atriði undanskilin. Þar má m. a. nefna rekstur Akraborgar milli Akraness og Reykjavíkur, sem að sjálfsögðu fellur niður með tilkomu ferju á Hvalfjörð. Með Akraborg ferðast nú, eins og ég gat um áðan, um 50 þús. farþegar á ári og yrðu þeir að sjálfsögðu flestir viðskiptamenn ferjunnar. Enn fremur greiðir ríkissjóður um 2 millj. kr. á ári í beinan styrk með skipinu, auk þess sem ríkisábyrgðasjóður hefur haft af því veruleg útgjöld að þurfa að greiða af lánum, frá því að skipið var byggt.

Það er sameiginlegt öllum, sem rætt hafa eða ritað um mál þetta, að enginn þeirra hefur haft þau gögn í höndum, sem þarf til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu, sem óhætt væri að treysta til framkvæmda. Það hlýtur hins vegar að vera mikil nauðsyn fyrir alla og ekki síst forsjármenn samgangna og vegamála, að leitað verði að hagkvæmustu lausn, þegar nú er fram undan að hefja byggingu varanlegs vegar frá Reykjavík til Vesturlands og síðan áfram norður. Það er því lagt til að láta fara fram alhliða athugun á máli þessu nú þegar, og skal hér til skýringar bent aðeins á nokkur atriði, sem sérstaklega þarf að rannsaka:

Í fyrsta lagi þarf að kanna bifreiðafjöldann, sem ekur nú fyrir Hvalfjörð. Í öðru lagi: Farþegafjöldinn og vörumagn, sem fyrir fjörðinn fer, hvort tveggja með tilliti til ákvörðunarstaðar og tímadreifingar. Í þriðja lagi: Sparnaður í rekstri vegna styttingar vegar í hlutfalli við vegalengdir, sbr. það, sem ég áðan sagði. Í fjórða lagi: Sparnaður á fjárfestingu í bílum og öðrum samgöngutækjum, t. d. skipum. Í fimmta lagi: Áhrif betri samgangna til vesturs frá Reykjavík til þess að létta á öðrum vegum frá Reykjavík, sbr. hinn mikla akstur, sem á sér stað um helgar, t. d. til Þingvalla og austur fyrir fjall. Og í sjötta lagi: Áhrif nýrra samgöngumöguleika á búsetu og fólksfjölgun hinna ýmsu staða, sem málið verðar mest, t. d. Akraness og Borgarness.

Þá kæmi næst samanburður á þessum úrræðum: Það er ferja frá Reykjavík til Akraness beint eða ferja á Hvalfirði, venjuleg bílferja eða þá væri athugað um hugsanlega notkun á loftpúðaferju eða slíku skipi, sem hefur verið nú fyrir nokkru rætt um hér á Alþ. Þá er það brúin, sem rætt hefur verið um, hvort fjárhagslegur grundvöllur væri fyrir því, að ráðizt væri í að byggja brú, annaðhvort innarlega eða utarlega á Hvalfjörð, og þá í því sambandi ýmsar gerðir brúa. Það á sér stað, t. d. í Svíþjóð, er mér kunnugt um, að þegar um slíkt er að ræða eins og að koma á samgöngum yfir firði eða slíkar samgöngur eins og hér er um að ræða, hefur það verið framkvæmt þannig að byggja göng ofan á botni fjarðanna. Það er vitanlega eitt af þeim framkvæmdaatriðum, sem þyrfti sérstaklega að athuga. Og svo að síðustu þyrfti að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir, hvað fullkominn vegur úr varanlegu efni umhverfis allan fjörðinn mundi kosta. En enda þótt að því yrði horfið að byggja annaðhvort brú utarlega eða innarlega á Hvalfjörð eða hafa ferju, þyrfti að sjálfsögðu að byggja veg úr varanlegu efni frá þéttbýlinu í Reykjavík og inn að brúnni eða ferjustaðnum. Þetta þarf að sjálfsögðu allt að athuga mjög rækilega. Hér þarf að kanna með sérfræðilegum vinnubrögðum umferðarmagn og spá þá nokkuð fram í tímann, bæði um breytingu þess, svo og um önnur þau áhrif, sem breyttir samgöngumöguleikar mundu hafa á ýmsum sviðum. Það þarf að gera ýtarlegan samanburð á þjóðfélagslegu gildi hinna ýmsu úrræða, sem til greina geta komið, og meta gildi þeirra með hliðsjón af dýrleika þeirra mannvirkja, sem þarf í hverju tilfelli. Þess vegna er lagt til, að n. fái heimild til þess að ráða sérfræðilega aðstoð, meðan á rannsókninni stendur.

Það er flm. þessarar þáltill. ljóst, að rannsókn sem þessi kostar mikið fé. En þó mun það lítið hjá þeim ávinningi, sem að því er, ef takast mætti að finna hagkvæmustu lausn þessa mikilsverða atriðis, áður en fjárfrekar framkvæmdir við vegagerð til Vestur- og Norðurlands eru hafnar.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um till. við þessa umr., en legg til, að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 199, n. 456).

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 199 fluttum við þm. Vesturl till. til rannsóknar á samgönguleiðum fyrir Hvalfjörð, og var þeirri till. vísað til fjvn.

N. hefur orðið sammála um að mæla með, að till. verði samþ. með þeirri breyt., sem gerð er á þskj. 456, en þar er sú breyt. á gerð, að fyrir orðin „í árslok 1967" komi: „eigi síðar en í árslok 1968."

Eins og að var vikið í framsögu, þegar þessi till. var kynnt hér á hv. Alþ., er hér um mikið þarfamál að ræða, og er þetta í raun og veru framhald á þál., sem samþ. var á Alþingi 1958, um rannsókn á samgönguleiðum við Borgarfjörð og til Vestur- og Norðurlands. Árangur af þeirri samþykkt hefur ekki orðið sem skyldi. Nú er því tekin upp ný vinnuaðferð, að fela sérstakri n. að leysa þetta verk, og það er von flm., að hv. Alþingi samþ. þessa till., eins og fjvn. leggur einróma til, og að árangur megi af samþykkt hennar verða.

ATKVGR.
Brtt. 456 samþ. með 40 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 604).

9. Vegarlagning yfir Fjarðarheiði.

Á deildafundum 21. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ákvörðun á nýrri vegarlagningu yfir Fjarðarheiði [133. mál] (A. 254).

Á 24. fundi í Sþ., 22. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Sþ., 1. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 254 till. til þál. um ákvörðun á nýrri vegarlagningu yfir Fjarðarheiði, svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á samgmrh. að láta nú þegar fullnaðarmælingar og áætlanir fara fram um nýja vegalagningu yfir Fjarðarheiði milli Seyðisfjarðar og Héraðs og sé gerð vegarins við það miðuð, að bifreiðasamgöngum megi halda uppi á þeirri leið hindranalítið á meðalvetrum um snjóalög."

Fjarðarheiði er, eins og hér kemur fram, fjallvegur, sem liggur milli Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar, og það er í raun og veru eini möguleikinn til þess að tengja þessa mikilvægu byggð, Seyðisfjörð, við akvegakerfi landsins og þá sérstaklega við flugvöllinn á Egilsstöðum. Það eru nú allmörg ár síðan vegur var lagður yfir þessa heiði. Hann er að ýmsu leyti ófullkominn og sérstaklega liggur hann víða illa að því er snjóalög varðar. Nú er það að vísu rétt, að þessi heiði er mjög snjóþung og því engan veginn auðvelt að leggja þarna veg, sem mundi verjast sæmilega í snjóþungum vetrum. En þó er það staðreynd, þrátt fyrir það, hvað þessi vegur er ófullkominn, að á mörgum undanförnum vetrum hafa a. m. k. komið kaflar öðru hverju og jafnvel mikið til heila vetur fyrir nokkru, sem að vísu voru mjög snjóléttir, sem var meira og minna hægt að aka á bílum að vetrinum. En aðalatriðið er, að það er viðurkennt, að hægt er að fá betra vegarstæði þarna yfir heiðina að því er snjóalög varðar. Mér er kunnugt um, að það hefur verið af hálfu vegamálastjórnarinnar hafin athugun á því t. d. með því að stika væntanlegt vegarstæði og athuga, hve djúp snjóalög eru á stikunum að vetri. Þetta var t. d. gert s. l. vetur, en þá voru stikur á heiðinni, veturinn 1965—1966. Sá vetur var mjög snjóþungur á Austurlandi, enda kom í ljós, að á þeirri leið voru kaflar, sem ekki hefðu getað varizt í svo miklum snjóalögum.

Á s. l. sumri mun svo hafa farið fram mæling á þessu vegarstæði, og enn mun verða gerð athugun í vetur með snjóstikum á þessari leið. En nauðsynin á því að bæta samgöngurnar á milli Seyðisfjarðar og Héraðs er ákaflega brýn. Það er kunnugt, að Seyðisfjörður er nú einhver allra mesti framleiðslustaður á landinu. Þaðan munu vera fluttar út afurðir a. m. k. fyrir 500—600 millj. kr. á ári núna tvö síðustu árin, að ég hygg, en það mun svara til kringum 10% af heildarútflutningi landsins. Þótt Seyðisfjörður sé ekki fjölmennur staður, þar eru íbúar eitthvað nærri 900, liggur í augum uppi, að þar sem slíkar athafnir fara fram, er mikil umferð, bæði af fólki og einnig eru þangað miklir flutningar. Nú má segja, þar sem á Seyðisfirði er einhver bezta höfn, sem til er á landinu, að hvað flutninga snertir muni vera hagkvæmara, að þeir fari sem mest fram sjóleiðis. En það er staðreynd, að þessum athöfnum við síldveiðarnar fylgir ákaflega brýn nauðsyn á því, að það sé í skyndi hægt að hafa samband t. d. hingað til Reykjavíkur með ýmsa hluti, t. d. varahluti og annað þess háttar, enda er það mjög mikið notað, að slíkur flutningur fer fram með flugvélum til Egilsstaða, en þaðan er tiltölulega stutt leið að aka á Seyðisfjörð, eða aðeins um 25 km. En þegar snjóalög loka þessari leið að vetri, skapast þarna ákaflega mikill vandi, og það verður t. d. að segjast, að s. l. vetur var þessi vandi sérstaklega mikill. Það hefur verið haldið uppi samgöngum yfir heiðina með snjóbifreiðum, þegar venjulegar bifreiðar komast ekki. En eins og gefur að skilja, er slíkt oft mjög miklum erfiðleikum bundið. Það hagar oft þannig til, að það er hægt að aka á venjulegum bílum upp undir heiðarbrúnina beggja vegna, og síðan er þá snjóbíllinn not-

aður yfir heiðina. En að þurfa að skipta þannig um farartæki á svo stuttri leið, það liggur í augum uppi, að slíkt skapar margvíslega erfiðleika, bæði með fólk og ekki síst með flutning.

En það er yfirleitt skoðun þeirra, sem kunnugir eru þarna á heiðinni, að það sé möguleiki á að byggja upp veg, sem mundi verjast sæmilega í öllum meðalvetrum um snjóalög. Aðalvandinn mun verða efst í Seyðisfjarðardalnum, þar sem komið er upp á heiðarbrúnina. Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um þennan vanda, en ég hef flutt þessa þáltill. til þess að reyna að knýja á frekar um það, að reynt yrði að ráða á þessu bót sem allra fyrst, og fyrsta skilyrðið er, að það fari fram þarna fullnaðarmælingar og áætlanir, því sé slegið föstu, hvernig á að ráða fram úr þessu máli, hvar veginn á að leggja og hvað ætla má að hann muni kosta. Ég hef ekki talið rétt á þessu stigi að ganga lengra. Þetta er algert frumskilyrði, og það er nauðsynlegt, að það geti legið fyrir sem allra fyrst, og ég hygg, að það eigi að vera möguleiki á því að ganga frá slíkum mælingum og slíkri áætlun til fulls á næsta sumri.

Ég vil svo leggja til, að umr. um þessa till. verði frestað og henni vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 254, n. 468).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft mál þetta til athugunar og skilað um það nál., eins og fram kemur á sérstöku þskj.

Vegurinn yfir Fjarðarheiði, frá Héraði til Seyðisfjarðar, er eina samgönguleiðin á landi, sem tengir Seyðisfjarðarkaupstað við akvegasamband landsins og einnig nauðsynlegt samband við flugvöllinn á Egilsstöðum. Með hliðsjón af þeim miklu framleiðslumöguleikum, sem fyrir hendi eru á Seyðisfirði, er augljóst mál, að það er knýjandi nauðsyn, að þetta vegasamband verði endurbætt. Eins og flm. bendir á í grg. fyrir till., eru nú fyrir hendi fullkomin og afkastamikil tæki til vegagerðar við slíkar aðstæður, sem hér um ræðir. Það er álit fjvn., að þessari vegagerð verði ekki til lengdar frestað, og leggur hún því til, að till. verði samþ. með smávægilegri orðalagsbreytingu.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um till., en legg til, að hún verði samþ. þannig breytt.

ATKVGR.

Brtt. (ný tillgr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 605).

10. Staðgreiðsla opinberra gjalda.

Á 30. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um staðgreiðslu opinberra gjalda [176. mál] (A. 388).

Á 31. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram hér á Alþ., hefur verið unnið að skipulegum athugunum á staðgreiðslukerfi opinberra gjalda um meira en eins árs skeið. Í ársbyrjun 1966 var ríkisskattstjóra ásamt tveimur mönnum falinn undirbúningur málsins, og skilaði hann ýtarlegri skýrslu um það s. l. haust. Var þar gerð grein fyrir skipulagi staðgreiðslukerfisins í nágrannalöndum, svo og helztu vandamálum, sem lögfesting slíks kerfis hér á landi mundi hafa í för með sér. Í framhaldi af þessu var skipuð n. fulltrúa frá ríki og sveitarfélögum til þess að gera frekari athuganir á því, hvort hagkvæmt mundi að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda hér á landi. N. þessi hefur nýlega skilað skýrslu um málið, og var henni strax dreift meðal alþm., svo að þeim hefur nokkur tími gefizt til að kynna sér málið. Þar sem sú skýrsla er hins vegar mikið mál og flókið, þykir mér rétt að reyna að draga hér fram í sem stytztu máli meginatriði þess.

Í þeim löndum, sem tekið hafa upp staðgreiðslukerfi skatta og gögn eru um, er það nokkuð mismunandi, til hvaða aðila kerfið nær og hvaða skattar eru innheimtir eftir því. Algengast er, að kerfið nái til allra einstaklinga, hvort sem um er að ræða launþega eða sjálfstæða atvinnurekendur. Þó nær kerfið eingöngu til launþega í Bretlandi og Írlandi. Skattar félaga eru yfirleitt ekki innheimtir eftir staðgreiðslukerfi, heldur eftir á. Undantekningu frá þessu er þó að finna í Svíþjóð, þar sem kerfið nær einnig til félaga. Kerfið nær yfirleitt ekki til annarra skatta en þeirra, sem reiknast sem hundraðshluti af tekjum, enda hæfa slíkir skattar kerfinu bezt. Algengt er, að stighækkandi tekjuskattar séu innheimtir eftir kerfinu, en þó þekkist það, að einungis sá hluti tekna, sem skattlagður er með jafnri hlutfallstölu, sé háður því. Er hér um að ræða almennan tekjuskatt, þ. e. skatt á tekjur undir ákveðnu marki, og hefur tekjuskattsl. sums staðar verið breytt þannig við lögfestingu staðgreiðslukerfis, að sá hluti tekna, sem skattlagður er með einni og sömu hlutfallstölu, hefur verið aukinn verulega. Er ástæðan sú, að stighækkunin er til þess fallin að skapa ósamræmi milli bráðabirgðaskattgreiðslna ársins og endanlegs skatts, sem fram kemur við álagningu eftir á. Nefskattar og hliðstæð gjöld eru hvergi tekin með í kerfið, að því er bezt er vitað, enda eru slíkir skattar samkv. eðli málsins ekki vel hæfir

sem staðgreiðsluskattar. Á það má benda, að í Svíþjóð voru skattar af þessu tagi lagðir niður við lögfestingu staðgreiðslukerfisins. Yfirleitt eru skattgreiðslur á skattárinu sjálfu aðeins bráðabirgðagreiðslur, og fer þá jafnan fram álagning eftir á samkv. framtali skattþegna. Mismunur, sem fram kann að koma, er þá leiðréttur við endanlega álagningu. Sú vinna, sem framkvæma þarf við slíkan endurreikning, er misjafnlega umfangsmikil, og fer það eftir því, hversu einföld ákvæði skattalaga eru. Því einfaldari sem þessi ákvæði eru, þeim mun meiri nákvæmni næst að öllum jafnaði milli skattgreiðslna ársins og endanlegs skatts, en þetta sparar mikla vinnu og þar með kostnað við kerfið. Það þekkist, að skattgreiðslur á skattárinu séu endanlegar og engin álagning fari fram eftir á. Þessi afbrigði frá meginreglunni eru byggð á mjög einföldum reglum skattalaga um tekjur þeirra, sem þau eiga við, og er þá venjulega um að ræða hreina launþega.

Innheimta hinna opinberu gjalda, sem staðgreiðslukerfið nær til, er alls staðar sameiginleg fyrir þá aðila, sem gjöldin renna til. Ríkið hefur jafnan innheimtuna á hendi, og er gjöldunum skipt milli aðila eftir fyrir fram ákveðnum reglum á föstum gjalddögum. Að skattárinu liðnu fara svo fram endanleg reikningsskil. Þessi regla gildir á Norðurlöndunum, en í Bretlandi og Írlandi þarf hennar hins vegar ekki með, þar sem sveitarfélög þar hafa engan tekjuskatt.

Ástæður þess, að staðgreiðslukerfi hefur verið tekið upp svo víða sem raun ber vitni, eru að sjálfsögðu fólgnar í hinum almennu kostum kerfisins. Einn höfuðkostur staðgreiðslukerfis er það öryggi, sem í því felst, að skattar séu greiddir af sömu tekjum og þeir eru lagðir á, því að á þann hátt er stuðlað að samræmi milli skattheimtu og greiðslugetu þegnanna á hverjum tíma. Þetta öryggi tekur raunar bæði til skattgreiðenda og þeirra opinberu aðila, sem viðkomandi skattar renna til. Hið opinbera mundi njóta hagræðis af því, að tekjur kæmu inn þegar á álagningarárinu og væru því að verðgildi í samræmi við raunverulegan kostnað við framkvæmdir og veitta þjónustu þessara aðila á sama tímabili. Auk þess er það aukin trygging fyrir fljótri og góðri innheimtu, að skattar eru krafðir, áður en tekjunum er eytt. Við hérlendar aðstæður er það sérstaklega mikilvægt, að tekjur sveitarfélaga yrðu tiltölulega jafnar yfir árið. Fyrir skattgreiðendur, sem hafa mjög breytilegar tekjur frá ári til árs, mundi staðgreiðslukerfið koma í veg fyrir þau vandkvæði, sem skapast í núverandi kerfi, þegar menn þurfa að standa skil á sköttum af hærri tekjum ársins á undan með lægri tekjum yfirstandandi árs. Þetta er raunar alþekkt fyrirbrigði hér á landi og óþarft að gera frekari grein fyrir því. Loks eru þau jafnvægisáhrif á efnahagslífið, sem staðgreiðsla skatta getur haft í för með sér, talin meðal höfuðkosta slíks kerfis.

Á hinn bóginn fylgja staðgreiðslukerfi nokkrir ókostir. Þannig er líklegt, að framkvæmd kerfisins og eftirlit muni krefjast aukins átaks og kostnaðar hins opinbera í sambandi við skattamálin. Þetta atriði er þó mjög undir því komið, hversu róttækar breytingar á ákvæðum skattalaga reynist unnt að framkvæma, en síðar verður nánar vikið að þessu efni. Yfirleitt hefur reynsla annarra þjóða verið sú, að staðgreiðsla skatta hefur haft í för með sér verulegan kostnaðarauka, en jafnframt hefur tekjuaukning hins opinbera vegna betri og greiðari skattheimtu gert meira en vega þar á móti. Erfitt gæti orðið að fá næga sérhæfða starfskrafta við framkvæmd skattamálanna. Þá mun bætast nokkur vinna á launagreiðendur við að halda eftir skatti af launum starfsmanna sinna. Þetta hefur þó yfirleitt verið meira vandamál erlendis við lögfestingu kerfisins, þar sem það var víða óþekkt, að vinnuveitendur héldu eftir skatti af launum. Hér á landi er það aftur á móti algengt, eins og kunnugt er, að sköttum sé haldið eftir af vinnuveitendum, og yrði breytingin af þeim sökum ekki eins umfangsmikil og verið hefur víðast erlendis. Loks er rétt að hafa það í huga, að staðgreiðslukerfi hlýtur að krefjast verulegra breytinga á skattalöggjöfinni og framkvæmd skattamála án tillits til þess, hvers konar kerfi verður valið. Þetta er ekki ókostur á kerfinu sem slíku, en getur valdið ýmsum erfiðleikum í framkvæmd við lögfestingu þess.

Í skýrslu n. þeirrar um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, sem skipuð var á s. l. hausti og þm. hafa haft til athugunar, kemur fram hugmynd n. um það, hvernig hugsanlegt væri að haga staðgreiðslum hér á landi. N. lætur þess getið, að þessi hugmynd sé niðurstaða viðleitni hennar til að sætta tvö gagnstæð viðhorf, þar sem annars vegar sé lögð áherzla á sem óbrotnast kerfi, en það mundi krefjast mjög róttækra breytinga á gildandi skattalöggjöf, og hins vegar á sem minnsta röskun gildandi skattkerfis, en það gerir kerfið aftur á móti flóknara og dýrara en ella. Mun ég nú gera grein fyrir hugmynd n. í stórum dráttum.

Staðgreiðsla opinberra gjalda á skattárinu yrði bráðabirgðagreiðsla, en að skattárinu liðnu færi fram álagning eftir framtali skattþegna. Mismunur, sem fram kynni að koma vegna skattgreiðslna ársins og endanlegs skatts, yrði krafinn eða endurgreiddur, eftir því sem við á, eftir föstum reglum. Innheimta á skattárinu að því er varðar launþega yrði byggð á einföldu skattheimtureglunni, sem svo er kölluð og skýrð er í skýrslu n. Þeir einstaklingar, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo og félög, sjóðir og stofnanir, yrðu krafðir um greiðslu opinberra gjalda á skattárinu eftir áætlun þeirra sjálfra eða eftir ákvörðun skattyfirvalda.

Gert er ráð fyrir, að staðgreiðslukerfið nái

til allra skattskyldra og gjaldskyldra aðila, sem greiða eiga þau opinberu gjöld, sem kerfið nær til. Þessi gjöld eru 21 að tölu, eins og fram kemur í skýrslu n. Í þessu sambandi bendir n. á, að íslenzka skattakerfið sé frábrugðið kerfum flestra annarra landa að því leyti, að beinir skattar og gjöld, sem ekki eru miðuð við tekjur, eru mjög mikilvæg. Væri kerfið hér á landi takmarkað við þá skatta og gjöld, sem miðast við tekjur, mundi skapast óánægja meðal skattþegna, vegna þess að þeir yrðu að standa skil á verulegum hluta eftir á þrátt fyrir staðgreiðslukerfið. Til að koma í veg fyrir, að framkvæmdin yrði óviðráðanleg af þessum sökum, gerir n. þó þann fyrirvara, að svið ákveðinna gjalda verði takmarkað, önnur verði samræmd og viss opinber gjöld verði auk þess alls ekki felld inn í kerfið.

Þá má vekja á því athygli, að félög yrðu tekin með í kerfið samkvæmt hugmynd n., en erlendis munu þau ekki vera í kerfinu annars staðar en í Svíþjóð. Enda þótt innheimta skatta af félögum eftir staðgreiðslukerfi sé ýmsum erfiðleikum háð, bendir n. á það, að svonefnd atvinnurekstrargjöld, þ. e. gjöld, sem greidd eru af atvinnurekstrinum í landinu, t. d. viss tryggingagjöld, launaskattur, aðstöðugjald o. fl., séu mikilvægur þáttur opinberra gjalda hér á landi. Mundi því skapast verulegt misræmi milli félaga og einstaklinga, sem hafa með höndum atvinnurekstur, ef félög væru undanskilin. Auk þess er íslenzkri félagalöggjöf svo háttað, að auðvelt er að stofna til félags um rekstur. Með því að láta kerfið ná til félaga fengist bezt samræmi og engum yrði mismunað.

Tilhögun staðgreiðslu yrði tvenns konar eftir því, hvort um er að ræða launþega eða atvinnurekanda. Vinnuveitendur héldu eftir skatti af launum starfsfólks síns við hverja útborgun launa, en atvinnurekendur stæðu sjálfir skil á sköttum sínum. Að því er varðar launþega færu skattgreiðslur eftir skattkortum og skatttöflum, gerðum af skattayfirvöldum, og er gerð þessara gagna lýst í skýrslu nefndarinnar. Skattkort launþegans vísar til ákveðinnar skatttöflu, sem byggð er á ýmsum atriðum, er ákvarða skattskyldu hvers skattþegns. Nefndin gerir ráð fyrir nokkrum tegundum skatttaflna, og byggist mismunur þeirra fyrst og fremst á því, að gert er ráð fyrir, að útsvarsstigi verði ekki hinn sami um land allt, heldur verði sveitarfélögum gefinn kostur á að velja milli nokkurra útsvarsstiga, sem yrðu stighækkandi. Aðrir þættir, er ákvarða uppbyggingu skatttöflunnar, eru persónufrádráttur einstaklinga, hjóna og barna, tekjuskattsstigi, sem gert er ráð fyrir að verði stighækkandi, nefskattar og fastafrádráttur. Síðastnefndi þátturinn er byggður á þeirri upphæð frádráttarbærra gjalda, sem flestir launþegar ættu rétt á. Mundu þeir fá þennan frádrátt án tillits til þess, hvort samanlögð raunveruleg útgjöld þeirra af þessu tagi næðu heildarupphæð fastafrádráttarins. Ef skattþegn teldi hins vegar, að þessi frádráttarbæru gjöld væru hærri en fastafrádrátturinn, fengi hann tækifæri til að færa sönnur á það við skattayfirvöld, en í slíkum tilvikum mundu skattayfirvöld m. a. reikna til tekna ákveðna liði, sem ekki teldust skattskyldir hjá þeim, sem sættu sig við fastafrádráttinn. Þetta ákvæði, sem er algert nýmæli í framkvæmd íslenzkrar skattalöggjafar, miðar að því að einfalda skattgreiðslukerfið án þess þó að takmarka á neinn hátt rétt skattþegnanna. Skattyfirvöld senda þessi gögn til réttra aðila, áður en skattárið gengur í garð. Launþegi skilar skattkorti sínu til aðalatvinnuveitanda, þegar hann mætir til vinnu í fyrsta sinn á skattárinu. Aðalvinnuveitandi heldur kortinu, meðan skattþegninn er í þjónustu hans, og heldur eftir skatti af launum við hverja útborgun í samræmi við upplýsingar á skattkortinu. Þetta yrði algengasta aðferðin, en auk þess mundu koma til greina tvær aðrar aðferðir, sem beitt yrði við útborgun launa fyrir aukavinnu og þess háttar. Er hér í fyrsta lagi um það að ræða, að skatti sé haldið eftir samkvæmt hámarkshundraðshluta, þ. e. hæsta hundraðshluta samanlagðs tekjuskatts og útsvarsstiga með álögum, og í öðru lagi samkvæmt aukaskattkorti með sérstökum hundraðshlutum. Hámarkshundraðshluti yrði t. d. ávallt notaður, þegar launþegi gæti ekki framvísað skattkorti, en skattþegn gæti sótt um það til skattyfirvalda að fá aukaskattkort vegna aukavinnu og þess háttar. Mundi slíkt kort útgefið með lægri hundraðshluta en hámarki, ef skattyfirvöld teldu ekki á því líkur, að viðkomandi skattþegn hefði það háar árstekjur, að þær lentu í hámarksstiga. Í skýrslu nefndarinnar er að finna nánari greinargerð um notkun þessara þriggja aðferða við skattgreiðslu launþega hjá atvinnuveitanda.

Þá er gert ráð fyrir sérstökum reglum um skattgreiðslu þeirra skattþegna, sem bæði hafa launatekjur og aðrar tekjur umfram ákveðið mark, t. d. af sjálfstæðri starfsemi og eignum. Mundu þessir aðilar sjálfir greiða þá áætluðu upphæð opinberra gjalda, sem á vantar, þegar skattur hefur verið greiddur af launatekjum eftir framangreindum reglum. Atvinnurekendum yrði gert að skyldu að gera fyrir upphaf skattársins áætlun um tekjur sínar og eignir á komandi skattári, en skattyfirvöldum yrði einnig heimiluð slík áætlanagerð. Á grundvelli sjálfsuppgjörs eða áætlana skattyfirvalda yrði atvinnurekendum gert að greiða áætlaða skatta og gjöld, önnur en atvinnurekstrargjöld, samkvæmt gjaldseðlum á fastákveðnum gjalddögum. Yrði gjaldanda ljóst á skattárinu, að áætlun hans eða skattyfirvalda fengi ekki staðizt, þyrfti hann að tilkynna það skattyfirvöldum, sem tækju á ný ákvörðun um staðgreiðslu, sem gæti orðið til hækkunar eða lækkunar. Á sama hátt gætu skattyfirvöld endurákvarðað staðgreiðslu eftir vissum reglum.

Staðgreiðsla svonefndra atvinnurekstrargjalda, sem þegar hefur verið rætt um, yrði með sérstökum hætti. Á hverjum ársfjórðungi skattársins mundu gjaldendur þessara gjalda greiða mánaðarlega bráðabirgðagreiðslur vegna þeirra, er næmu ⅓ hluta gjaldanna samkv. lokauppgjöri fyrir sama ársfjórðung ársins á undan. Ef um nýja atvinnurekendur er að ræða, mundu þessar bráðabirgðagreiðslur miðast við næsta eða næstu ársfjórðunga fyrra árs eða hreina áætlun. Á gjalddaga bráðabirgðagreiðslu 1. dag hvers ársfjórðungs yrði atvinnurekendum skylt að gera lokauppgjör fyrir næstliðinn ársfjórðung.

Hugmynd nefndarinnar um skipun staðgreiðslukerfis leiðir óhjákvæmilega til þess, að gera þyrfti veigamiklar breytingar á yfirstjórn skattamálanna, bæði álagningu skatta og innheimtu þeirra. Gerir nefndin ráð fyrir því, að við embætti ríkisskattstjóra verði þrjár deildir: ein deildin hefði með höndum yfirstjórn innheimtu, sem yrði að vera sameiginleg fyrir alla þá aðila, sem fá gjöld þau, sem innheimt verða eftir kerfinu, önnur deild hefði með höndum yfirstjórn álagningar og sú þriðja yfirstjórn skattrannsókna. Leiðir það af uppbyggingu staðgreiðslukerfisins, að allir þessir þættir verða að vera í mjög nánum tengslum.

Í sambandi við innheimtudeildina er gert ráð fyrir, að settar verði upp innheimtu- og eftirlitsstöðvar í umdæmum, sem ákveðin verða hæfilega stór til þess að tryggja skynsamlega verkaskiptingu á vinnustöðum. Greiðslur allar gangi annaðhvort til umdæmisstöðvanna eða til banka og sparisjóða. Þessir aðilar greiði síðan fé til þeirra, sem það eiga að fá, samkvæmt fyrirmælum yfirstjórnar innheimtunnar.

Álagningardeildin við embætti ríkisskattstjóra færi með yfirstjórn álagningar. Stefnt yrði að því að ná sem mestu samræmi um land allt við ákvörðun hreinna tekna og eigna, svo og annarra stofna til álagningar opinberra gjalda. Enn fremur yrði stefnt að því að nýta á sem skynsamlegastan hátt starfskrafta skattyfirvalda við álagningu og ná betri og viðtækari nýtingu og beitingu skýrsluvéla í þessu sambandi. Mundi það m. a. gera álagningu ópersónulegri en nú er. Þegar álagningadeildinni hafa borizt framtalsgögn, er gert ráð fyrir að fari fram lausleg endurskoðun þeirra, þ. e. tölulegur eftirreikningur framtalinna tekna og eigna og gjaldstofna atvinnurekstrargjalda. Auk þess kanni deildin, hvort öll gögn eru fyrir hendi eins og vera ber varðandi staðgreiðslu skattþegna. Hún úrskurði og um ívilnanir. En hins vegar er gert ráð fyrir, að sveitarstjórnir úrskurði um ívilnanir samkvæmt tekjustofnalögum sveitarfélaga. Að slíkri endurskoðun lokinni færu framtalsgögnin til skýrsluvéla til vélrænnar álagningar, svo og til ákvörðunar um vangreiðslur eða ofgreiðslur miðað við upplýsingar skattþegna. Reikningsskil á þessu stigi yrðu því í raun og veru gerð eftir eigin framtali og upplýsingum skattþegnanna sjálfra.

Skattrannsóknadeildin mundi fara með yfirstjórn rannsókna og eftirreikninga á álagningu opinberra gjalda. Er gert ráð fyrir gagngerri endurskoðun og rannsókn framtala. Við þá endurskoðun yrði byggt á þeim upplýsingum, sem skattyfirvöld hefðu handbærar eða öfluðu sér. M. a. færi þá fram athugun með aðstoð skýrsluvéla á launatekjum og staðgreiðslu launþega, fyrri skilagreinum atvinnurekenda, svo og bókhaldsrannsóknir og aðrar nauðsynlegar rannsóknir. Allar nauðsynlegar breytingar á álagningu og beitingu viðurlaga vegna ófullnægjandi framtala yrðu ákvarðaðar þar og einnig teknar ákvarðanir um frekari aðgerðir vegna framtalssvika.

Nefndin gerir ráð fyrir, að mikill hluti framtala verði þannig úr garði gerður, að frekari aðgerða sé eigi þörf umfram þær, sem fara fram í álagningardeild. Verði því málum þeirra aðila lokið án mikillar vinnu eða fyrirhafnar af hálfu skattyfirvalda og því unnt að einbeita störfum að þeim rannsóknum, sem þýðingu hafa. Loks er þess að geta, að nefndin gerir ráð fyrir, að viðurlög vegna vanskila og annarra brota á reglum skattalaga verði þyngd verulega frá því, sem nú er, enda sé góður árangur af staðgreiðslukerfi háður því, að eftir reglum þessum sé farið og viðurlögum sé framfylgt af nákvæmni.

Af framansögðu má ljóst vera, að núverandi uppbyggingu íslenzkrar skattalöggjafar er þannig háttað, að mjög erfitt er að fella að henni staðgreiðslukerfi í nokkurri mynd. Enda þótt nefndin hafi leitazt við að setja fram hugmynd um þá tilhögun staðgreiðslukerfis, sem ekki krefst mjög róttækra breytinga á gildandi skattakerfi, er það engum vafa undirorpið, að hugmynd hennar felur í sér allviðtækar breytingar, enda er það óhjákvæmilegt. Þannig verður innheimtan að vera sameiginleg fyrir alla þá aðila, sem fá gjöld þau, er kerfið nær til. Afnema þarf rétt sveitarfélaganna til að gefa afslátt frá gildandi útsvarsstiga eða bæta á hann álagi. Koma þarf á samræmingu í álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars að öðru leyti, og endurskipuleggja þarf álagningu og innheimtu, þannig að starf skattstofanna í núverandi formi, svo og innheimtumanna ríkissjóðs, gerbreytist. Þetta eru veigamestu breytingarnar, sem leiðir af hugmynd nefndarinnar, en auk þess koma til ýmsar aðrar smávægilegri.

Þrátt fyrir þessar óhjákvæmilegu breytingar er sú tilhögun staðgreiðslukerfisins, er nefndin hefur bent á, samt sem áður tiltölulega flókin, kostnaðarsöm í framkvæmd og mun leiða til töluverðrar ónákvæmni í skattgreiðslu. Allt er þetta líklegt til að leiða til allverulegra framkvæmdaerfiðleika, eins og skýrt kemur fram í skýrslu nefndarinnar. Þegar hafðar eru í huga þær breytingar á skattalöggjöf og framkvæmd hennar, sem gera verður hvort sem er, ef taka á upp staðgreiðslukerfi í einhverri mynd, virðist það

koma mjög til álita, hvort ekki sé æskilegt að ganga enn lengra í lagabreytingum og leggja ríkari áherzlu á að fá fram einfaldara kerfi. Með róttækari breytingum væri unnt að gera kerfið mun nákvæmara, en nákvæmni hlýtur ávallt að vera ein höfuðforsenda þess, að markmiðum þeim, sem staðgreiðslukerfið beinist að, verði náð. Mikil nákvæmni slíks kerfis mundi auk þess gera kleift að komast hjá umfangsmiklum eftirreikningi og draga þar með verulega úr kostnaði við kerfið. Í þessu sambandi virðist helzt koma til greina að gera tekjuskatta einn fastan hundraðshluta, er nái til sem flestra skattþegna. Mætti þá taka tillit til aðstöðu hinna tekjulægstu, t. d. með fjölskyldubótum, sem væru á einhvern hátt tengdar tekjum bótaþega. Þá gæti verið æskilegt að beita hátekjur stighækkandi skatti og innheimta skatt af slíkum tekjum á sérstakan hátt. Auk þess kæmi til greina að ganga lengra í að afnema ýmis smærri gjöld og sameina önnur og rannsaka möguleika á því að miða ákveðin gjöld við tekjur, sem hafa annan álagsgrundvöll nú. Breytingar af þessu tagi gætu og leitt til þess, að gera þyrfti umfangsmikla breytingu á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og jafnframt endurskoða skiptingu gjaldstofna milli þessara aðila.

Svo umfangsmiklar breytingar sem hér hafa verið nefndar, krefjast að sjálfsögðu heildarendurskoðunar á allri skattalöggjöfinni, og yrði nauðsynlegt að vanda mjög mikið til þess verks og veita þeim, sem það verkefni yrði fengið, rúman tíma. Það ber að hafa í huga í þessu sambandi, að margt bendir til þess, að heildarendurskoðun á skattalöggjöfinni sé hvort sem er orðin tímabær, og væri alls ekki ólíklegt, að slík rannsókn leiddi í ljós, að ýmsar þær róttæku breytingar, sem nauðsynlegar eru til að gera staðgreiðslukerfið einfalt í sniðum, séu æskilegar í sjálfu sér.

Með þáltill. þeirri, sem lögð hefur verið hér fram og nú er til umr., vill ríkisstj. fá fram álit þingsins á því, hvort æskilegt sé að halda athugun staðgreiðslukerfisins áfram. Skýrsla nefndarinnar ætti að hafa skýrt alla þætti þessa máls það rækilega, að menn gætu tekið afstöðu til þessa atriðis, enda þótt þess sé ekki að vænta, að þm. séu reiðubúnir að taka afstöðu til endanlegrar tilhögunar staðgreiðslukerfisins. Ríkisstj. telur nauðsynlegt, að þingið láti í ljós álit sitt þegar á þessu stigi, því að verði afstaða þess jákvæð, er enn mikið verk óunnið, áður en unnt verði að lögfesta kerfið og hefja framkvæmd þess. Næsta skrefið yrði þá að kynna kerfið rækilega sveitarfélögum, vinnuveitendum, verkalýðsfélögum og ýmsum öðrum hagsmunahópum þjóðfélagsins. Það hefur alls staðar verið talið grundvallarnauðsyn að taka ekki endanlega afstöðu til málsins fyrr en að lokinni ýtarlegri kynningu af þessu tagi, er enda ógerlegt að innleiða jafnviðtækar breytingar á skattakerfinu, sem verða nauðsynlegar, ef staðgreiðslukerfið á að verða til verulegra bóta, nema um meginefni málsins sé sem mest samstaða, eigi aðeins pólitísk, heldur eigi síður við sveitarstjórnir og hina ýmsu aðila vinnumarkaðarins. Má vekja á því athygli í þessu sambandi, að í flestum löndum, sem tekið hafa upp staðgreiðslukerfi, hafa jafnan liðið nokkur ár, frá því að formlega var ákveðið að taka kerfið upp, þar til framkvæmd þess hefur hafizt. Hefur sá tími verið talinn nauðsynlegur til kynningar kerfisins fyrir framangreindum og annars undirbúnings. Nefndin hefur og lagt ríka áherzlu á þetta atriði í niðurstöðum sínum. Hér er einnig um svo umfangsmiklar og kostnaðarsamar athuganir að ræða, að ástæðulaust er að halda þeim áfram, ef meiri hluti Alþingis kynni að telja skýrslu þá, er lögð hefur verið fram, benda til neikvæðrar niðurstöðu.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa þessi orð mín fleiri. Málið er mjög flókið, en ég vænti þess að sú ýtarlega og glögga skýrsla, sem hér hefur verið útbýtt og verið í höndum þm. um alllangt skeið, hafi gert þeim kleift að átta sig nokkuð á meginkjarna málsins, og að þær skýringar, sem ég hef hér gefið á höfuðatriðum þess, kunni að vera til frekari glöggvunar. Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég verð að játa það, að ég hef ekki haft möguleika til þess að kynna mér þá skýrslu, sem hér er sögð hafa legið fyrir alllengi. Ég sá hana ekki fyrr en á borðinu í gærdag og hef því ekki haft tíma til að lesa hana að neinu gagni.

Það er ekki neinum efa undirorpið, að hér er um vandasamt mál að ræða og áreiðanlega ekki hlaupið að því að segja, hvað sé bezt og æskilegast í framkvæmd þess. Mál þessi bar hér á góma fyrir nokkru í fyrirspurnatíma, og ég lagði þá áherzlu á áhuga verkalýðshreyfingarinnar á að fá breytingu á skattgreiðslukerfinu. Og áhugi launþega er ósköp augljós, þ. e. a. s. það eru hinar ójöfnu tekjur frá ári til árs, sem eru helzti grundvöllurinn fyrir óánægju manna með það kerfi, sem nú er, eins og hæstv. fjmrh. tók fram. Þegar menn eiga að greiða skatta af mun lægri tekjum ársins á eftir en voru hið fyrra ár, sem skattálagningin er miðuð við, þá koma erfiðleikarnir náttúrlega berlega í ljós. Nú einmitt á þessum vikum, þessum vetrarmánuðum, hefur þetta komið sérstaklega áberandi í ljós hér í Reykjavík, einmitt vegna þess að tekjur manna hafa dregizt verulega saman, og það er ekki óalgengt núna á útborgunardögum, að menn fái lítið annað í umslögum sínum en skattreikninga, vegna þess að tekjurnar hafa lækkað verulega vegna minnkandi vinnu og af öðrum ástæðum. Þegar svona er, verður skattgreiðslan ákaflega tilfinnanleg, og mörg dæmi væri hægt að nefna þess að nú hafa einmitt þessir launþegar naumast tekjur fyrir skattgreiðslum

og húsaleigu. Það væri hægt að tilnefna mörg dæmi. Þetta er sá augljósi vandi, sem launþegarnir eiga við að stríða, og ég mundi segja, að það væri þess virði, þó að í framkvæmd gætu orðið ýmsir örðugleikar á öðru kerfi, ef hægt væri að bæta um, og mundi áreiðanlega verða til þess, að innheimtan yrði betri, eins og virðist líka vera álit þeirrar n., sem um málið hefur fjallað.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara að orðlengja um þetta, vegna þess að ég hef ekki heldur getað kynnt mér skýrslu n. En nokkur atriði rakst ég á í niðurlagi grg. n., þar sem taldir eru fram ókostir þessa kerfis. Það er talað um, að það muni verða allmiklu dýrara í framkvæmd og m. a. verða launagreiðendum, þ. e. a. s. atvinnurekendum, mun óhagstæðara, valda þeim auknu álagi. Ég satt að segja efast um, að hér sé um neitt stórvægilegt atriði að ræða. Það er eins og hæstv. fjmrh. tók fram, þá eru atvinnurekendur nú þegar aðalinnheimtumenn skatta í þessu þjóðfélagi, og ég efast um, að breyting til slíks kerfis yrði neitt sem næmi, — ég þori ekki að segja neitt um það, — neitt sem næmi til frekari byrði fyrir þá heldur en það kerfi, sem nú er notað. Þetta getur sjálfsagt orkað tvímælis, hve mjög á að leggja á atvinnurekendur í þessum efnum, og spurning þá, á hvern hátt eigi að taka tillit til þess máske. En breytingin ein held ég að verði ekki til þess að auka þeim neitt verulega óhagræði.

Þá er einnig tekið til, að þetta nýja kerfi gæti haft óhagstæð áhrif á vinnuframboð, vegna þess að menn yrðu ófúsari til þess að leggja á sig aukavinnu. Þetta er að sjálfsögðu alveg órannsakað mál, og reynslan yrði úr að skera. Annað atriði er það, að nm. telja, að þessi breyting gæti orðið til þess að ýta undir frekari launakröfur, vegna þess að menn miðuðu þá við nettótekjur, en ekki við brúttótekjur, eins og nú er. Það má vel vera, að eitthvað yrði í þessa átt varðandi bæði þessi atriði. En ég verð að segja, að ég held, að þar væri ekki neinn þjóðfélagslegur voði á ferðinni. Það vita allir, að yfirvinna hér hefur verið að mörgu leyti vegna þess, að kaupið er of lágt, bæði af þörf verkamannsins og hagræði atvinnurekandans að greiða hið lága kaup, þó að það sé fyrir yfirvinnu, og þá minna hugsað um að hagræða störfum svo, að hægt væri að vera án yfirvinnunnar, og verkin gerð kannske dýrari en ella yrði. Þó að það hefði áhrif í þessa átt, hið nýja kerfi, þ. e. a. s. að menn yrðu ófúsari til þess að leggja á sig aukastörf, og jafnvel gæti ýtt undir launakröfur, þá tel ég þar ekki neinn þjóðfélagslegan voða á ferðinni, því að jafnhliða mundu áreiðanlega þeir, sem við það þyrftu að búa, sjá til þess að búa betur í haginn fyrir sig á annan hátt.

Það er einnig talað um, að hér séu erfiðleikar á ferðinni vegna þess, að beinu skattarnir, nefskattarnir, séu svo stór hluti í okkar skattgreiðslum og stærri hluti en annars staðar gerist. Það mundi áreiðanlega að minum dómi vera til athugunar, hvort ekki ætti einmitt hér að breyta verulega til, og það varðar auðvitað svið þessara breytinga að mörgu leyti, hve langt á að ganga, eins og hæstv. fjmrh. tók fram í sinni ræðu. En ekki teldi ég skaða skeðan, þó að beinu skattarnir yrðu minni og hins vegar meira gert að því að leggja á eftir tekjum, færa beinu skattana inn á það svið.

Þá er áreiðanlega hægt að velta því fyrir sér, hve víðtæk breytingin á að verða, hvort hún á að ná til launþeganna einna saman, og gæti jafnvel verið spurning um, hvort taka ætti allt landið í einu. Ég skal ekki leggja á það dóm, en ég held að það væri hægt að athuga þá hlið málsins, hve víðtækar þessar breytingar eigi að vera.

Hér virðist nú loks liggja fyrir raunverulег athugun á breytingum til staðgreiðslukerfisins, — athugun, sem að vísu er búið að margsegja að hafi farið fram á undanförnum árum. Það er í æðimörg ár búið að skýra frá því, að málið hafi sífellt verið í athugun, og æðioft er búið raunverulega að dagsetja framkvæmd málsins, sagt, að það ætti að koma til framkvæmda þetta og þetta árið. En allt þetta hefur reynzt vera orðin ein, en loks nú virðist liggja fyrir sá grundvöllur, sem hægt er að byggja á mat á þessum málum og frekari beinar athuganir. Ég sé ekki annað en sá framgangsmáti, sem hér er lagður til, þ. e. a. s. að Alþ. heimili áframhaldandi athugun á þessu máli og að leitað verði álits þeirra, sem það mjög snertir, m. a. samtaka vinnumarkaðarins, — ég sé ekki annað en það sé eðlilegur framgangsmáti, úr því sem komið er, og ég er sammála hæstv. fjmrh. um, að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera öllum, sem hlut eiga að máli, ljósa grein fyrir eðli málsins og framkvæmd þess og því sé samþykkt þessarar þáltill. sjálfsögð, eins og málum er nú komið, jafnframt því sem verður að harma það, að það, sem áður hefur verið sagt um þessi mál, og jafnvel æðistór orð, sem hafa verið látin falla á undanförnum árum um, á hvaða stigi þessi mál væru, virðast hafa verið orðin ein og ekki annað.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að lengja umr. um þetta mál á þskj. 176 og skýrslu þeirrar n., sem athugaði um staðgreiðslu opinberra gjalda. En í sambandi við skýrsluna og það, sem fram kom hér hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 3. landsk., vil ég taka það fram, að vinnubrögð þeirra, sem mest unnu í n. og mótuðu stefnu hennar um afgreiðslu málsins, voru fyrst og fremst miðuð við það að gefa sem hlutlausast mat á þeim atriðum, sem telja mætti kosti og galla, en ekki verið að túlka eða reyna að gera of mikið, hvorki úr göllum né kostum þess, sem þarna er við að fást. Hins vegar hygg ég, að það hafi verið skoðun n., a. m. k. er það mín skoðun, að hér sé á

ferðinni mál, sem eigi að athuga áfram og gaumgæfilega.

Ég tek undir það, sem kom hér fram hjá hv. 3. landsk. og hæstv. ráðh., að það, sem hér skiptir meginmáli, er sú áhætta, sem bæði launþeginn og t. d. sveitarfélögin eru í í sambandi við sveiflur, sem eru á tekjum manna. Hér getur verið, eins og nú er orðið, um stórkostlegar fjárhæðir að ræða, svo að einstaklingar geta þar af leiðandi verið orðnir stórskuldugir án þess að hafa raunverulega gert sér grein fyrir því. Enginn vafi er á því, að ekkert tryggir þá betur en það, að skattarnir séu teknir jafnharðan, svo að launþeginn hafi ekki þetta fé handa á milli. Og það tryggir líka sérstaklega sveitarfélögin, sem styðjast fyrst og fremst við beinu skattana, það tryggir þau betur en nokkuð annað að fá innheimtuna, um leið og teknanna er aflað, vegna þessarar miklu hættu, sem þau eru í, ef tekjurnar lækka mikið hjá einstaklingunum það árið, sem þeir eiga að greiða háu gjöldin. Allar slíkar sveiflur gætu haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga, sveitarfélögin og þjóðfélagið í heild, og þess vegna ber að leita að leiðum til að forðast það. Þess vegna mæli ég með því, og eftir að hafa unnið í þeirri n., sem samdi þessa skýrslu, sem hér er til umr., mæli ég eindregið með því, að áframhaldandi athugun verði gerð á þessu máli. Það er þess vert, að það verði gert, og mér sýnist, að margt muni benda til þess, að stefnan verði sú, að inn á þessa leið verði farið. Hitt er líka alveg ljóst, þegar farið er að kafa í þessi mál, að hér er um verulega byltingu að ræða frá því, sem er nú í sambandi við skattamál okkar, og við þurfum að vanda mjög undirbúning málsins.

Í sambandi við till. þá, sem hér liggur fyrir á þskj. 176, hefði ég talið eðlilegast, að það væri mþn., sem væri kosin af Alþ., sem fjallaði um málið áfram, — eðlilegra en að ríkisstj., hver sem hún kann að verða, skipaði n., sem um málið á að fjalla. Mér sýnist þetta mál vera þannig vaxið, að það geti ekki orðið deilumál á milli flokka. Að vísu geta komið upp í því pólitísk atriði, sem skipta mönnum í flokka síðar meir, en á þessu stigi er það ekki, og ég hefði talið, að það væri mjög æskilegt að fá um þetta mál víðtæka samstöðu flokka á milli, svo og þeirra aðila, sem þetta varðar mestu.

Ég hefði viljað skjóta því til hæstv. ráðh. og þeirrar n., sem um mál þetta fjallar, hvort ekki væri hugsanleg samstaða um það, að Alþ. kysi n., en hún yrði ekki stjórnskipuð. Ég legg áherzlu á það, að málið er þannig vaxið, að það á að halda áfram rannsókn á því.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins í sambandi við þá hugmynd, sem hv. þm. varpaði hér fram, hvort ekki væri rétt að kjósa mþn. í þetta mál, að ég vildi láta í ljós þá skoðun mína, að ég hef ekki nokkurn hlut á móti þeim vinnubrögðum. Það er ekki fastmótuð hugmynd hjá mér eða ríkisstj. um það, hvernig að málinu verði unnið. Ég tel það höfuðatriði, eins og ég hef lýst í minni frumræðu, að unnið verði á sem breiðustum grundvelli að því, þannig að það má vel vera, að það sé rétt að kjósa í það mþn. Ástæðan til, að það var ekki beinlínis lagt til í till., er fyrst og fremst sú, að það er vitanlegt, að n. sem slík kemur ekki til með að vinna ákaflega mikið í málinu á næstunni, vegna þess að það verður að vinna þarna margvísleg sérfræðileg verkefni, sem er alveg ljóst að verður að ráða ákveðna menn til þess að vinna að, þetta er svo flókið og umfangsmikið mál. En það má vel vera, að það sé rétt, að þingkjörin n. úr öllum flokkum skipuleggi þau vinnubrögð. Það mun taka æðilangan tíma að koma þessum breytingum á, ef það verður niðurstaðan að lögfesta þetta kerfi, og erfitt að segja um, hverjir fara með stjórn landsins, þannig að ég get vel tekið undir það með hv. þm., að það gæti verið æskilegt að reyna að tryggja það, að allir flokkar væru með í þeirri athugun.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 388, n. 486).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft mál þetta til meðferðar. Svo sem kunnugt er hefur að undanförnu verið allmikið um það rætt, að komið yrði á hér á landi staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Í stefnuyfirlýsingu hæstv. forsrh. á Alþingi 13. okt. 1965 skýrði hann frá því, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að lögfesta staðgreiðslu opinberra gjalda og mundi að því stefnt, að það gæti komið til framkvæmda á árinu 1967. Eins og fram kemur í grg. fyrir málinu, hafði þá þegar farið fram nokkur gagnasöfnun, og var talið með hliðsjón af því, að þessi áætlun mundi standast. Mál þetta var í fyrstu í höndum ríkisskattstjóra, en hann hafði sér til aðstoðar 2 aðstoðarmenn, og segir í grg. fyrir till., að unnið hafi verið að undirbúningi málsins kerfisbundið allt s. l. ár. Þá var á s. l. ári skipuð sérstök n. með fulltrúum frá ríki og sveitarfélögum, sem hefur unnið að athugun málsins allt þar til í síðasta mánuði, og liggja nú fyrir umfangsmiklar upplýsingar um þetta mál. Eru þær í skýrslu n., sem alþm. hafa nú fengið til athugunar. Þar er m. a. að finna grg. n. um það, sem n. telur að mæli með og á móti staðgreiðslu opinberra gjalda. Ég tel, að þessi skýrsla n. feli í sér mikilsverðar upplýsingar um þetta mál og ætti að auðvelda þm. að taka afstöðu til málsins, þegar að því kæmi, að málið yrði á ný lagt fyrir Alþingi að athuguðu máli.

Fjvn. leggur til, að þáltill. verði samþ. nokkuð breytt, eins og hún hefur leyft sér að

bera fram till. um á sérstöku þskj. En tillgr. orðast þá svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna n., er haldi áfram athugunum á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Skal auk mats á hagsmunum ríkissjóðs og skattgreiðenda almennt leitað álits samtaka sveitarfélaga og helztu samtaka vinnumarkaðarins. Leiði athuganir þessar og viðræður til jákvæðrar niðurstöðu og samkomulags um viðhlítandi kerfi, skal ríkisstj. undirbúa nauðsynlega löggjöf í því sambandi.“

Sú breyt., sem hér er um að ræða, er í því fólgin, að hér er lagt ákveðið til, að Alþingi kjósi 7 manna n., sem hafi þessa athugun með höndum. Leggur n. til, að Alþingi samþ. till. þannig breytta.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Skv. því, sem hér kemur fram, virðist hæstv. ríkisstj. hafa tekið það upp á sína stefnuskrá að fá lögfesta staðgreiðslu opinberra gjalda skv. því, sem segir í inngangi aths. með þessari till. Og þetta mál hefur verið undirbúið. Fyrst og fremst var undirbúningur gerður af ríkisskattstjóra með 2 aðstoðarmönnum. Þeir öfluðu upplýsinga frá nágrannalöndunum um slíkt fyrirkomulag. Eftir athugun greinargerðar ríkisskattstjóra um málið skipaði ríkisstj. nefnd fulltrúa frá ríki og sveitarfélögum til að kanna nánar, hvort hagkvæmt væri að taka upp staðgreiðslukerfi skatta hér á landi. Alþm. hafa fengið skýrslu þessarar n., sem er mjög mikið rit. Er þar greinargott yfirlit um helztu atriði málsins. N. var falið það hlutverk að gera till. um, með hvaða hætti og á hvaða grundvelli lögfesta eigi staðgreiðslukerfi opinberra gjalda hér á landi með hliðsjón af undirbúningsathugunum ríkisskattstjóra. Síðan komi til ákvörðun Alþingis um það, hvort og þá hvernig innleiða beri þetta kerfi.

Ég hef kynnt mér skýrslu n. nokkuð, þó að það sé mikið verk að fara í gegnum það rit. Ég tel, að n. hafi unnið vel að því, sem henni var falið, að gera athuganir um málið og leggja þær fyrir. En hún gerir ekki till. um það, hvort kerfið verði tekið upp eða ekki, enda var henni ekki ætlað það. Þær aths., sem ég geri hér við það, sem fram kemur í skýrslunni, ber alls ekki að skoða sem aðfinnslur í garð n. Eins og áður segir, tel ég, að hún hafi gert glögga skýrslu, eins og henni var falið, sem hefur gert mér mögulegt að mynda mér skoðun á málinu.

Það, sem fyrst mætir augum manna, þegar þeir lesa þessa skýrslu, — en hér byggi ég á því, sem n. segir, og hún byggir sínar athuganir fyrst og fremst á þeim upplýsingum, sem hún hefur fengið frá nágrannalöndunum um þetta fyrirkomulag, — það fyrsta, sem mætir augum okkar, er það, að þetta mundi kosta tvöfalda álagningu skatta. Fyrst þarf að taka ákvarðanir um tekjuupphæðir, sem fyrirframgreiðslur eiga að leggjast á, en síðar á að fara fram álagning eftir venjulegum leiðum, þeim sem nú gilda, að ári loknu, og svo þarf að reikna út marga frádráttarliði.

Þarna er talað um tvo flokka manna, launþega og atvinnurekendur. Og svo er allmikill þáttur í skýrslunni um skattkort og skatttöflur. Það eru þau gögn, sem vinnuveitandi leggur til grundvallar, þegar hann heldur eftir skatti af launum starfsfólks síns. Gerð skattkorta og skatttaflna er mjög viðamikið starf, það kemur fram hjá n. Það þarf að gera sérstakt skattkort fyrir hvern launþega. Svo koma til aukaskattkort í vissum tilfellum. Þeir segja, og það mun rétt, að ákvæði íslenzkra skattalaga séu mjög flókin, og allt gerir þetta málið torveldara. Í hverri skatttöflu er ákveðinn fjöldi skattflokka. Þar yrðu 6 þrepa stigar fyrir hvern skattflokk, og er talað um mikil þrengsli á töflunni. Já, engum þætti það mikið, þó að það væri þröngt á töflunni, með öll þessi þrep og alla þessa stiga. Vegna ólíkra tekjuþarfa sveitarfélaga er talið nauðsynlegt að gefa þeim kost á að velja á milli mismunandi frávika frá útsvarsstiga. Það hefur í för með sér, að gera þarf sérstakar skatttöflur fyrir hvert frávik. Það verður annað en spaug fyrir þá, sem eiga að framkvæma þetta, að botna í þessu öllu saman. Það þarf mikinn lærdóm til. Mikill fjöldi skatttaflna mundi valda miklum erfiðleikum, ekki sízt fyrir launagreiðendur, segir nefndin. Ja, bragð er að, þá barnið finnur. Hún telur því, að það þurfi að takmarka frávik frá útsvarsstiga. Já, svo eiga menn að segja til um það, hver sé þeirra aðalatvinnuveitandi, og hjá honum á skattkort hvers launþega að geymast. Þá þyrftu nú öll þessi fyrirtæki, sem borga laun, sjálfsagt að útbúa mikla skápa og kannske nýtt skrifstofuherbergi fyrir kortin, því að það þarf að raða þeim upp, svo að það sé auðvelt að finna þau, og einhvers staðar þarf að geyma skatttöflurnar allar, og því þarf að vera þannig komið fyrir, að það sé tiltölulega fljótlegt að finna þetta í hvert skipti, sem á að borga manni laun. Já, eins og ég sagði, hér koma líka til aukaskattkort manna, og þau þurfa að vera á sínum stað.

Talað er um það, að það séu þrjár aðferðir fyrir vinnuveitendur að halda eftir skatti við útborgun launa: í fyrsta lagi skv. skatttöflu, í öðru lagi fastur hámarkshundraðshluti, og í þriðja lagi skv. aukaskattkorti með ákveðnum hundraðshluta. Allt þetta verða skattyfirvöldin að ákveða og fá launagreiðendum í hendur, öll gögn til að byggja á þessa flokkun. N. telur skatttöfluna, sem notuð yrði hjá aðalvinnuveitanda, þó mikilvægasta í öllu þessu skjalaflóði. Launagreiðandi þarf að skoða skattkortið vandlega, en af því á hann að geta séð, hvaða skatttöflu honum ber að nota í hverju tilfelli og hvaða skattflokki launþeginn tilheyrir. Frá aðalreglunni koma svo ýmsar undantekningar. Ef skattkort er auðkennt með aldursundanþágu, ber að lækka skattgreiðsluna. Í öðru lagi: Ef skattkort er

auðkennt með skyldusparnaði, ber að hækka greiðsluna. Í þriðja lagi: Þegar um lífeyrissjóðsgjald er að ræða, þarf að reikna það út, það kostar sérstakan útreikning náttúrlega. Ef launþegi á rétt á sjómannafrádrætti, þarf að reikna hann út. Allt þetta þarf að athuga vandlega, í hvert skipti sem laun eru útborguð. Hér að auki eru ýmis afbrigði, svo sem aukatekjur hjá aðalvinnuveitanda, en þær þarf að fara með á sérstakan hátt. Þá er aflahlutur og ákvæðisvinna, einn kaflinn er um það, og þá þarf sérstakar aðferðir við útreikning skatta af þessu hvoru tveggja. Já, skattþegnar geta fengið aukaskattkort hjá skattyfirvöldum, ef þeir færa rök fyrir því, að tekjur þeirra á árinu muni verða minni en svo, að þær nái hámarkshundraðshluta. Það verða ýmis ómök fyrir menn að ná í kortin, því að skattstjórar eru ekki á hverju strái, þeir eru nú ekki nema 8 á landinu, og það er langt fyrir suma að fara til þeirra til þess að fá sér aukaskattkort, ef tilefni gefst til. Það er t. d. æðilangt fyrir gjaldþegna í Öræfasveit að fara austur og norður á Egilsstaði. Og það er dálitið erfitt fyrir þá, sem búa í vestustu sveitinni t. d. í Norðurlandsumdæmi vestra, að fara til Siglufjarðar til að fá aukaskattkort þar. Við skulum vona, ef þetta kæmi til framkvæmda, að ríkisstj. væri laus úr gatinu í Strákafjalli, því að hún sagði fyrir síðustu kosningar, að vegurinn þar í gegn mundi verða tilbúinn í ágústmánuði 1965, en stjórnin er föst í gatinu enn. Það mundi þó strax auðvelda mönnum að ná til skattstjórans á Siglufirði, ef þessu verki verður lokið, þegar farið verður að framkvæma þetta.

Launþegar eiga, eins og áður segir, að velja sér aðalvinnuveitanda. Staðgreiðsla hjá öðrum vinnuveitendum, sem þeir kynnu að vinna hjá, yrði þá annaðhvort skv. hámarkshundraðshluta eða aukaskattkorti. Og svo er ráðgert að gera svonefndar dagtöflur, sem notaðar yrðu, þar sem um er að ræða daglaunamenn eða aðra lausráðna launþega. Ekki er ætlazt til, að gift kona, sem aflar launatekna, fái skattkort fyrir sig, heldur á hún að vera á korti með manni sínum. Nú veit ég ekki vel, hvernig þessu verður fyrir komið, ef þau vinna hvort á sínum staðnum, úr því að skattkort mannsins er þá hjá aðalatvinnuveitandanum. En þeir segja, að það sé nú svona annars staðar, og vilja hafa þetta svona hér líka. En í því sambandi þarf ýmislegt sérstakt að koma til, þegar skattgreiðslur hjónanna eru ákveðnar. Þá er gert ráð fyrir, að gefin verði út sérstök tegund aukaskattkorta handa börnum, sem ekki eru sjálfstæðir skattgreiðendur. Nauðsynlegar munu sérstakar ráðstafanir vegna tekna, sem aflað er á skattárinu, en ekki eru greiddar fyrr en á næsta ári. Líka er talið, að þurfi ákvæði, sem komi í veg fyrir samsöfnun á uppgjöri launa fyrir óeðlilega löng tímabil, auðvitað til þess, að menn geti ekki frestað skattgreiðslu með því að gera ekki upp launin fyrr en seint og um síðir.

Já, þær verða miklar þessar töflur. Það er talað um það nú í seinni tíð, að læknar noti ýmiss konar töflur sem lyf handa sjúklingum. En ekki er ég viss um það, að allar þessar töflur verði til að bæta heilsufar hæstv. ríkisstj., þótt að þessu ráði verði horfið.

Í álitinu er talað um tvenns konar launþega, þ. e. a. s. hreina launþega og blandaða launþega. Meðal hreinna launþega eru menn taldir, þó að þeir hafi nokkrar tekjur auk launatekna, þ. e. a. s. þeir mega hafa tekjur af eigin húsnæði og leigutekjur af allt að því jafnstóru húsnæði í sama húsi. Ef ekki fer fram yfir þetta, eru þeir taldir hreinir launþegar, þó að þeir hafi þetta og aðrar eignatekjur innan vissra marka. Blandaðir launþegar eru aftur þeir, sem hafa auk launatekna hærri launatekjur en ég áðan nefndi eða aðrar eignatekjur hærri en að framan greinir eða aðrar tekjur, t. d. af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, og á þá að krefja þá um áætlun tekna sinna og eigna. Þá kemur eitt vandamálið enn, fjölskyldubætur og skattvísitala, en það segja þeir, að séu sérstök vandamál og geti orðið erfitt að leysa þau í hverju tilfelli. Einnig er ósamræmi í ákvörðun hreinna tekna til tekjuskatts og tekjuútsvars. Þetta er talið að muni valda ýmsum erfiðleikum.

Ætlazt er til þess, að staðgreiðsla opinberra gjalda taki einnig til einstaklinga, sem hafa með höndum sjálfstæða starfsemi eða atvinnurekstur, þ. á m. félaga, sjóða, stofnana, dánarbúa og þrotabúa. Atvinnurekendur eiga að skrá sig á sérstaka atvinnurekendaskrá, og skráin verður svo notuð af yfirvöldunum við gerð gjaldseðlanna. Fyrir upphaf skattársins skal öllum atvinnurekendum, öðrum en hreinum launagreiðendum, gert að skyldu að gera áætlun um tekjur sínar og eignir á komandi skattári. Ég hefði nú haldið, að þetta gæti verið dálítið erfitt verk, t. d. fyrir útvegsmenn og útgerðarfyrirtæki, að gera áætlun fyrir fram um sínar tekjur. Það getur verið svolitið erfitt fyrir bændur líka og margar aðrar fjölmennar stéttir, sem fást við atvinnurekstur, að gera þessa áætlun. En einnig yrði skattyfirvöldum heimiluð slík áætlunargerð fyrir gjaldþegnana. Á grundvelli áætlana gera skattyfirvöldin svo gjaldseðlana, og eftir þeim ber atvinnurekendunum að greiða skatta sína á ákveðnum gjalddögum. Verði slíkum gjaldanda ljóst á skattárinu, að áætlun hans eða skattyfirvalda geti ekki staðizt, er ætlunin að skylda hann til að tilkynna það skattyfirvöldunum. Hann er skyldugur til þess, hvenær sem ástæður breytast svo, að ástæða er til að ætla, að áætlunin breytist, að tilkynna þetta skattyfirvöldum, taka sér ferð á hendur til þeirra til þess. (Gripið fram í.) Það er nú ekki frv., sem liggur fyrir, það er þáltill. frá hæstv. ríkisstj., og ég er að tala um hana og hennar efni. Og þá taka skattyfirvöldin á ný ákvörðun um staðgreiðslu, sem geti orðið til hækkunar eða lækkunar. Sérákvæði um greiðslur at-

vinnurekenda á svonefndum atvinnurekstrargjöldum er talið að þurfi að vera.

Gert er ráð fyrir því í nál., að hjá ríkisskattstjóra starfi 3 deildir, ein hafi yfirstjórn skattheimtu, önnur yfirstjórn álagningar og sú þriðja yfirstjórn skattrannsókna. Um innheimtuna segir, að launagreiðanda verði gert skylt að tilkynna sig til launagreiðendaskrár. Þar kemur nú ein skráin. Fé því, sem launagreiðandi heldur eftir af launum, skal hann skila 1. dag hvers mánaðar eftir á og eindagi sé 15. dag hvers mánaðar. Með skal fylgja þar til gerð skilagrein. Til álita kæmi þó, að gjalddagar yrðu færri, t. d. hjá þeim, sem búsettir eru þar, sem samgöngur eru erfiðar og enginn banki eða sparisjóður er í sveitarfélaginu. Komi í ljós, að skilin séu ekki rétt, ber að greiða vanskilaféð með dráttarvöxtum. Og þeir eru nú ekki skornir við nögl, þessir dráttarvextir. Það er talað um 1½% fyrir fyrstu vikuna, 3% fyrir aðra vikuna, 6% fyrir þriðju vikuna og 12% fyrir hverja byrjaða viku úr því. Ójá. Þá verður að sjálfsögðu kært fyrir brot sem skilasvik, enda sé um verulegt brot að ræða. Hugsanlegt er talið að stöðva atvinnurekstur, en þó er bent á, að oft mundi það ekki síður bitna á launþega en launagreiðanda, ef fyrirtækjunum væri lokað, svo að það þurfi að athuga nánar. Hafi launagreiðandi haldið eftir of litlum skatti eða sleppt að halda eftir skatti og stafi þetta af afsakanlegum mistökum, má krefja það vantekna með lögtaki ásamt dráttarvöxtum, 1% á viku. Þeir eru það nú. Þó að það séu afsakanleg mistök, eiga þeir að vera 1% á viku. En sé um að kenna stórkostlegu gáleysi eða visvitandi framferði, fer nú að kárna gamanið. Þá skal hér að auki kæra þá seku og refsa þeim fyrir brot á lögum, vitanlega. Þá er það um innheimtu staðgreiðslu atvinnurekenda að segja, að eins og áður er fram tekið, á hver atvinnurekandi að láta tilkynna sig til atvinnurekendaskrár, og atvinnurekendum ber að staðgreiða fyrir fram ákvarðaða eða áætlaða upphæð opinberra gjalda fyrir skattárið. Gert er ráð fyrir 12 gjalddögum, einum á mánuði. Atvinnurekandi greiðir eigin staðgreiðslu til innheimtumiðstöðvar eða í banka og sparisjóð gegn kvittun og afhendir jafnframt skilagrein, vitanlega, hún þarf að vera með.

Eins og áður segir, er ætlunin að stofna sérstaka innheimtudeild við embætti ríkisskattstjóra, sem hafi á hendi yfirstjórn innheimtu. Í sambandi við hana verði settar upp innheimtu- og eftirlitsmiðstöðvar í umdæmum, — ekki talað um, hvað mörgum, en þau verða að vera mörg, svo að þau geti sinnt sínu starfi, — sem ákveðin verði hæfilega stór til að tryggja skynsamlega verkaskiptingu og vinnubrögð. Til þeirra umdæmismiðstöðva eða banka eða sparisjóða gangi allar greiðslur. Komi í ljós, að greiðslur berist ekki svo sem ráð er fyrir gert, sé það rannsakað af innheimtumiðstöðvunum og ráðstafanir gerðar til innheimtu fjárins og dráttarvaxta með aðstoð dómstóla og jafnframt kært til refsingar, ef efni eru til. Sem sagt: engin miskunn hjá Magnúsi, og tugthúsið gapir opið við hverjum sem gerist brotlegur. Innheimtumiðstöðvarnar eiga líka að annast almennar leiðbeiningar og upplýsingar. Auk ýmissa upplýsinga á skattárinu, sem taldar verða nauðsynlegar, munu launagreiðendur að skattári loknu verða krafðir um sundurliðun á greiddum launum, teknum skatti og öðrum upplýsingum um hvern einstakan launþega. Trúlega verður þar að greina fæðingardag og ár, hjúskaparstétt, barnafjölda o. s. frv. Þessar upplýsingar yrðu gerðar í fjórriti. Sjálft frumritið fari til hlutaðeigandi innheimtustöðvar, sem yfirfari skilagreinina. Tvö eintök beri launagreiðanda að afhenda launþega, en einu haldi hann sjálfur sér til skemmtunar og til minningar um braskið. Að lokinni athugun frumritsins er ætlazt til, að innheimtumiðstöðin sendi það til yfirstjórnar innheimtunnar, þar sem frekari úrvinnsla fari fram. Allar þessar aðgerðir yrði vitanlega að framkvæma í náinni samvinnu við sjálfa yfirstjórn skattamálanna, þ. e. a. s. ríkisskattstjóra. Yfirstjórnin á að hafa með höndum alla gerð skattgagna, setningu verklagsreglna og ákvarðanir um meiri háttar atriði málsins. Enn fremur hafi hún heildareftirlit með innheimtu og innheimtumiðstöðvum, enn fremur sjálfstæðar rannsóknir í sambandi við skattheimtuna.

Þrátt fyrir allar staðgreiðslurnar eiga menn að telja fram til skatts eftir árið, eins og nú er, og síðan á að leggja skatt á þá, en draga þar frá fyrirframgreiðslu. Gert er ráð fyrir því nýmæli, að skattþegnar skili framtölum sínum til sveitarstjórnar. Er þá talið athugandi að skylda þær til að veita íbúum sinna sveitarfélaga framtalsaðstoð, ef nauðsyn krefur. Sveitarstjórnir eiga að úrskurða um ívilnanir samkv. lögum og framsenda síðan framtölin ásamt úrskurðum sínum til yfirstjórnar álagningar opinberra gjalda. Yfirstjórnin annast síðan lauslega endurskoðun þeirra og athugi ýmis atriði í þessu sambandi. Síðan fara gögnin, þannig endurskoðuð, til skýrsluvéla, sem annast álagninguna. Svo koma til rannsóknir og eftirreikningar hjá þeirri sérstöku deild við ríkisskattstjóraembættið, sem á að annast það. Að lokinni álagningu opinberra gjalda er gert ráð fyrir, að fram fari gagngerð endurskoðun og rannsókn framtala með aðstoð skýrsluvélanna, m. a. athugun á launatekjum, staðgreiðslum launþega, fyrri skilagreinum atvinnurekenda o. fl., enn fremur bókhaldsrannsóknir og fleiri nauðsynlegar athuganir.

N. kemst að þeirri niðurstöðu, að lögfesting á staðgreiðslukerfi sé mikið stjórnsýslulegt átak, eins og hún orðar það. Já, ég held það sé vægilega orðað, að það sé mikið stjórnsýslulegt átak, og eitthvað mundi þetta allt saman kosta. Ég held, ef þetta væri upp tekið, að þar væri stofnað til meiri ríkisútgerðar en nokkurn hefur dreymt um að koma hér á laggirnar, og almenningur fær að borga

hallann af því fyrirtæki og hann verður ekkert smáræði, ef til kemur. N. talar líka um aukið álag á launagreiðendur í þessu sambandi. Já, það er vissa fyrir því, að það er mikið, það er vissulega rétt. Það er mjög mikil aukin vinna hjá þeim. Það hefur farið í vöxt á síðustu árum að nota heimildir í lögum til að fyrirskipa þeim að innheimta gjöld hjá launþegum. Það er mikil vinna og ábyrgð, sem þessu fylgir, en engin borgun hefur komið fyrir þetta. Slíkt er ekki sæmilegt. Ég hef nú fyrir stuttu lagt fram frv. í hv. Nd. um, að það skyldi greiða launagreiðendum nokkra þóknun fyrir öll þessi ómök. Það nær að vísu ekki fram að ganga í þetta sinn, til þess var það of seint flutt, en má þá taka það upp á næsta þingi. En það vil ég segja þeim, sem eru að glingra við þetta mál, að ef því verður komið á, verður það ekki þolað, að öll þessi fyrirhöfn og ábyrgð verði lögð á launagreiðendur, án þess að þeir fái borgun fyrir það. Það er nóg komið af svo góðu. Það megum við vita, að það verður að borga þessa vinnu sanngjörnu verði, eins og allt annað, sem unnið er í opinbera þágu, annað er ekki sæmilegt. Ef á að meta alla þá vinnu réttilega, þá verða það ekki smáar upphæðir, sem fara til að borga fyrir hana. Kostnaðurinn mundi aukast stórkostlega við þessa framkvæmd á skattaálagningunni. En stjórnin hefur séð framan í ýmislegt undanfarið af því tagi. Það var hér fyrir nokkrum árum, sem þeir umturnuðu skattaálagningunni, lögðu niður allar skattanefndir og hældu sér mikið af því, settu upp átta skattstjóraembætti víðs vegar um landið. Það var talið, að þetta mundi hafa sparnað í för með sér, þessi breyting. En á fyrstu 4 árunum, sem þetta nýja kerfi var í gildi, kostaði það þrisvar sinnum meira en eldra fyrirkomulagið. Það er þó bara barnaleikur hjá því, sem hér kemur, ef þetta verður lögfest.

Eitt er það, sem n. hefur áhyggjur af. Hún óttast, að það verði erfitt að útvega nægilegan fjölda hæfra starfsmanna til að vinna að framkvæmd skattakerfisins. Ég hygg, að það sé rétt eins og fleira hjá henni, að það mundi verða erfitt, og þetta yrði sjálfsagt einhver mesta atvinnugrein í landinu, að fást við skattaálagningu og allt í því sambandi. Ég geri ráð fyrir, að það yrði einna fjölmennust stétt manna hér á landi, sem fengist við þetta. Það verður auðvitað að stofna skóla fyrir þessa menn. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að hver óvalinn maður fari í þetta án þess að fá þjálfun til starfsins. Þetta er flókið, þið megið vita það. Það verður margt utan um þetta.

N. tekur að lokum fram, að þær hugmyndir sem hún setur fram, muni þurfa nánari athugunar við, áður en skattgreiðsla yrði lögtekin. Þetta er alveg rétt hjá n., það er vissa fyrir því. Hún hefur ekki gert ákveðnar till., heldur aðeins athuganir. Það er vissa fyrir því, að þetta þarf nánari athugunar við.

Þetta hefur farið hér til einnar virðulegrar n., hv. fjvn., og hún gerir till. um það, að í ofanálag við það, sem búið er að vinna, þá skuli Alþ. kjósa 7 manna n., sem haldi áfram athugunum á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda *o. s. frv.* Já, það er nú það.

Ég held satt að segja, að það sé komið nóg af svo góðu, athugunum á þessu. Ég held, að menn, sem lesa þessa skýrslu gaumgæfilega, hljóti að komast að raun um, að þetta hentar ekki fyrir okkur. Það getur vel verið, að þetta geti átt við hjá milljónaþjóðum, en að taka upp þeirra kerfi hér og ætla að lögfesta það, það á ekki við hér. Það er ábyggilegt.

Við athugun á þessari skýrslu og þeim gögnum, sem hér liggja fyrir og ég hef reynt að kynna mér, hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta kerfi muni hafa svo mikla fyrirhöfn og mikinn kostnað í för með sér, að það muni ekki rétt fyrir okkur að sinna málinu meira. Ef þetta ætti nokkurn tíma að taka upp hér á landi, þá yrðu menn fyrst að finna eitthvert fyrirkomulag annað en það, sem þeir búa við í nágrannalöndunum, sem gerði þetta svo einfalt, að það væri hægt að sýna fram á, að þetta væri í rauninni ekkert meira verk en álagning skattanna núna. En það hefur ekki verið bent á neitt, síður en svo. Þetta er svo flókið, að engu tali tekur. Ég held, að þessir 7 menn, sem fjvn. leggur til að kosnir verði til að skoða þetta, geti gert annað þarfara fyrir þjóðfélagið á næstu mánuðum en að sýsla við þetta, það er mín meining, og þess vegna mun ég greiða atkv. gegn þessari till.

ATKVGR.
Brtt. 486 (ný tillgr.) samþ. með 35:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 29:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 606).

---

11. Ellefu hundruð ára afmæli byggðar á Íslandi.

Á 30. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúning ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi árið 1974 [177. mál] (A. 390).

Á 31. fundi í Sþ., 17. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, var á s.l. vori kosin n. til þess að íhuga og gera till. um, með hverjum hætti minnzt skuli ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi, og hefur hún starfað rösklega og skilað áliti, sem dags. er hinn 17. marz. Mér þótti rétt, að þetta álit

ásamt þeim till., sem í því eru, kæmi til athugunar hjá hv. Alþ. nú þegar, vegna þess að ljóst er, að allur undirbúningur og aðdragandi þessa máls hlýtur að taka langan tíma og hér eru vissulega mörg vafaatriði, sem þarf að skera úr.

N. hreyfir í sínu áliti ýmsum hugmyndum og þá sérstaklega, að byggt skuli þjóðarhús á Þingvöllum, sem ætlað sé til samkomuhalds þar. M. a. er því hreyft, að rétt gæti verið að setja Alþingi í því húsi, þar færu fram ýmis fundarhöld, sem mikilvæg þykja, þar yrðu t. d. Norðurlandaráðsfundir haldnir, ef þá ætti að hafa á Íslandi, og ýmislegt fleira kæmi til álita. Það er vafalaust, að mikil þörf er á betri byggingum á Þingvöllum en nú eru þar. Valhöll er orðin gömul og úrelt, og þarna þarf að reisa gististað. Það er nokkuð annað en hér er hreyft, enda hygg ég út af fyrir sig, að ekki ætti að vera vonlaust um, að hægt væri á Þingvöllum að byggja hótel, sem gæti borið sig. Hvort það þyrfti að fá einhvern styrk eða ekki, skal ég ekki um segja, en nú, eftir að rafmagn er komið til Þingvalla og þar væri á sumrum hægt að hita upp sundlaug t. d., ætti að vera þar mjög ákjósanlegur sumardvalarstaður, ef viðhlítandi hótel er. Þar ætti einnig að vera gott að vera að vetri til við skautasvell og aðrar slíkar iðkanir. Þetta mál út af fyrir sig felst ekki í till. n., heldur að byggja þetta svokallaða þjóðarhús, en um það skortir allar nánari hugmyndir, hversu stórt það ætti að vera og þar með hver kostnaður yrði af því. Það er ómögulegt að taka ákvörðun um slíkt, fyrr en þessi hugmynd er betur unnin en kemur fram í nál. Eðlilegast mundi vera að láta fara fram hugmyndasamkeppni eftir tilvísun n. og síðan reikna út kostnað við þær hugmyndir, sem mönnum litist bezt á.

En þá kemur einnig til álita, hvort menn telja ráðlegt að byggja slíkt hús á Þingvöllum með takmörkuðum notum, sem þar yrðu af því, eða leggja áherzlu á byggingu nýs þinghúss hér í Reykjavík og/eða stjórnarráðsbyggingar. Það er ekki von, að n. út af fyrir sig taki ákvörðun um þetta. Þetta verða rétt stjórnarvöld ríkisins að taka ákvörðun um, þegar öll gögn eru fyrir hendi. Það er þegar búið að vinna mjög mikið að undirbúningi stjórnarráðsbyggingar og safna nokkru fé til hennar. Þinghúsbyggingin er hins vegar ekkert á veg komin og menn ekki einu sinni búnir að koma sér saman um lóð. En þessar tvær byggingar, stjórnarráð nýtt og þinghús, eru byggingar, sem verða að koma upp á allra næstu tímum. Hvort menn til viðbótar treysta sér til að ráðast í þetta þjóðarhús, sem við út af fyrir sig verðum að játa, að er mjög góð og æskileg hugmynd, úr því treysti ég mér ekki til að skera og gera upp minn hug, fyrr en ég sé nánar unnið úr hugmyndinni og kostnaðaráætlanir liggja fyrir.

Náskyld þessu er svo hugmynd, sem einnig kemur fram hjá n. um listamannabúðir á Þingvöllum. Þar vaknar að vísu sú spurning, hvort þær mættu þá vera þannig, að þær sæjust frá hinum forna þingstað, hvort þær yrðu ekki að vera bak við Skjaldbreið eða önnur fjöll, svo að þær trufluðu ekki útsýn frá Þingvöllum. Ég skal ekki um það segja. Menn eru nú orðnir mjög strangir um friðun staðarins, og allra sízt mundu listamenn kjósa að brjóta þá friðhelgi. Þetta er sagt meira til gamans, en vissulega er þetta hugmynd, sem einnig er athugunar og íhygli verð, en er auðvitað smærræði miðað við sjálft þjóðarhúsið, sem er sú þýðingarmikla hugmynd.

En hvað sem líður byggingu á Þingvöllum, hygg ég, að allir hljóti að verða sammála um, að þjóðhátíð á ellefu hundruð ára afmæli Íslands byggðar getur hvergi farið fram nema á Þingvöllum. Að vísu má segja, að Íslandsbyggð hafi hafizt hér í Reykjavík, en allar okkar miklu þjóðhátíðir eru svo tengdar við Þingvelli, að þar verður slík hátíð að fara fram, og n. bendir réttilega á, að til þess að svo geti orðið, þarf að bæta mjög vegasambandið austur. Ég skil ekki till. svo, eins og ég sá í einhverju blaði, að það sé beinlínis lagt til, að allur vegurinn til Þingvalla og í kringum Þingvallavatn og aftur til baka sunnanvert yrði malbikaður, en það er ljóst, að það þarf mjög að bæta veginn, ef hann á að geta annað nútímaumferð, sem ætla má að verði enn þá meiri að vísu eftir 7 ár en jafnvel nú.

Þetta er um byggingarnar, og við sjáum, að þar koma ýmis vafaatriði til greina, sem þarf að skera úr og þarf að undirbúa nánar, áður en hægt er að taka fullnaðarákvörðun.

Varðandi útgáfustarfsemi bendir n. á þá hugmynd, að gert sé úrval úr íslenzkum bókmenntum, og er það vissulega mjög freistandi og fyllilega takandi til athugunar. En það þarf einnig að athuga það nánar, hver kostnaður verði af því og hvernig þessu yrði hrundið í framkvæmd í einstökum atriðum og þá hvort þetta gæti orðið samtímis því, sem samin yrði sæmileg Íslandssaga, og ef menn telja hvort tveggja, ef svo má segja, ofrausn, hvort menn kjósa þá fremur. Um þetta þarf einnig nánari grg. og kostnaðaráætlanir, áður en ákvörðun er tekin.

Hitt hygg ég, að allir hljóti að verða sammála um nærri því athugunarlaust, að sjálfsagt sé að reyna að koma upp sögusýningu svipaðri og hér var höfð 1944 og í heild tókst mjög vel og er okkur í fersku minni, sem hana sáum, og rifjaði upp fyrir okkur ýmiss konar atburði.

Ýmiss konar listahátíðir eru auðvitað einnig sjálfsagður hluti þvílíkrar þjóðhátíðar, sem við hyggjumst efna til.

Ég verð aftur á móti að segja, að mér finnst vafasamara hvort eigi að láta smíða víkingaskip og fara að sigla um höfin að Norðurlöndum og kannske alla leið til Vínlands hins góða. Mér finnst sú hugmynd kannske heldur amerikanaleg, til þess að hún eigi við í þessu sambandi, en segi það ekki í neinu niðrunarskyni. En það er meiri aug-

lýsingabragur á því út á við heldur en það hafi þýðingu fyrir okkur sjálfa.

Aftur á móti lízt mér ágætlega á hina hugmyndina, að það verði byggð eftirlíking af bæjum, sveitabústöðum, eins og þeir voru á söguöld. Það er mjög fróðlegt fyrir okkur alla t. d. að koma í Þjórsárdal og sjá þá byggð, sem þar hefur verið grafin upp, og það ætti að vera auðvelt, miðað við þær rústir, sem menn hafa þar, og aðrar upplýsingar, að gera sannsögulega eftirlíkingu, sem yrði til þess að færa alla þessa atburði okkur nær.

Eins og ég segi, eru mörg atriði í þessu nál., sem öll eru athyglisverð, en flest þannig, að það þarf að íhuga þau nokkru nánar. N. hefur ekki talið sig að svo stöddu hafa aðstöðu til þess að láta þá íhugun fara fram. Ég skal geta þess, að n. óskaði þess sjálf að starfa launalaust að því verki, sem hún hefur hingað til unnið, og enginn kostnaður hefur orðið af n. annar en lítils háttar ferðakostnaður, vélritunarkostnaður og annað, sem sjálfsagt er að greiða, en að svo miklu leyti sem hér yrði meiri háttar undirbúningsstörf að vinna, er eðlilegt, að bæði nm. sjálfir fái einhverja greiðslu, en einkanlega er ekki hægt að ætlast til, að sú mikla undirbúningsvinna, sem verður að leysa af hendi, áður en ákvörðun er tekin, verði gerð, nema til þess sé ætlað fé, til þess að n. geti fengið nauðsynlega aðstoð og greitt fyrir, eftir því sem atvik standa til.

Til þess að halda þeirri athugun áfram, sem þegar er hafin, og til þess að hafa nauðsynlegt fé, var ákveðið að flytja þá þáltill., sem nú liggur fyrir til umr. Ég tók upp í hana þau helztu atriði, sem ég taldi rétt að athuguð yrðu nánar. Með því kveð ég engan dóm um það, að hin atriðin komi ekki einnig til álita. Það er einungis sagt, að þetta sé það, sem einkanlega þurfi að rannsaka nánar. Þegar þær athuganir liggja fyrir, kemur það svo til kasta ríkisstj. og Alþ. að taka ákvörðun um það í einstökum atriðum, í hvaða meiri háttar mannvirki skuli ráðizt. Minni háttar atriði hljóta að verða í höndum þeirra, sem fyrir hátíðinni standa. Það er ekki ætlan mín á þessu stigi, að n. verði breytt í beina framkvæmdanefnd hátíðarinnar. Um það verði tekin ákvörðun síðar, hvort það verði þessi n. eða önnur n., ein eða fleiri, sem framkvæmd hátíðarhaldanna hafi með höndum. Ég get trúað því, að það þurfi nokkuð að sundurgreinast, þegar menn eru búnir að koma sér niður á, í hvaða mannvirki eigi að ráðast, en þangað til ákvörðun um slíkt verður tímabær, tel ég rétt, að starfsumboð núverandi n. verði framlengt og þá verði ákvörðun tekin um það.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en legg til, að því verði vísað til síðari umr. að þessari umr. lokinni og til fjvn., vegna þess að hér er efnt til á fyrsta stigi nokkurra útgjalda og á seinni stigum til mjög verulegra útgjalda. Við skulum ekki minnka það í okkar huga, að af þessu hlýtur að verða verulegur kostnaður. Ég hygg hins vegar, að allir muni verða sammála um, að það sé töluvert leggjandi á sig til þess að gera þennan atburð eftirminnilegan. Það er enginn vafi á því, að þjóðhátíðin 1874 hafði mjög vekjandi áhrif á hug Íslendinga. Við, sem vorum ungir 1930, höfðum þá hátíð stöðugt í huga sem einn af merkustu atburðum, sem við höfðum lifað, og við vonumst til þess, að sú hátíð, sem við nú ræðum um, muni í framtíðinni standa í sams konar ljóma fyrir seinni tíma mönnum og þessar tvær hátíðir standa í okkar huga.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það eru sjálfsagt allir sammála um það, að ellefu hundruð ára byggðar á Íslandi skuli minnzt með veglegum og eftirminnilegum hætti, og það er ekki efi á því, að það getur haft þýðingu að ýmsu leyti og orðið til vakningar, eins og hæstv. forsrh. drap á hér áðan. En þó að það séu allir sammála um, að þessa merka atburðar skuli minnzt og það á veglegan og myndarlegan hátt, geta auðvitað skoðanir orðið mjög skiptar um það, með hverjum hætti það skuli gert, og ég býst við, að það geti sitt sýnzt hverjum í því efni. Sumir leggja kannske mest upp úr því, að þá sé sýnt, hvað þjóð okkar hefur afrekað á undangengnum öldum með einhverjum hætti, hvort sem það er í bókmenntum, listum eða á öðru sviði. Aðrir aftur á móti telja e. t. v. eðlilegra, að þessa áfanga sé minnzt með því að reisa myndarleg hús eða myndarleg mannvirki, byggingar, sem þjóðin þarf á að halda og lengi er ætlað að standa. N., sem kjörin hefur verið til að gera till. um þetta efni, hefur skilað áliti, og má taka undir það með hæstv. forsrh., að n. hefur unnið rösklega að þessu máli, og ekki er því að neita, að í nál. hennar eru settar fram nokkrar hugmyndir um það, hvernig þessa afmælis skuli minnzt. Sjálfsagt gæti ýmsum virzt, að ýmislegt fleira gæti til greina komið heldur en í þessu nál. segir. En ég tek undir það með hæstv. forsrh., að ýmsar þær hugmyndir, sem koma fram hjá n., eru mjög athyglisverðar og sumar þannig, að fljótt á litið virðist manni þær vera mjög eðlilegar, eins og t. d. að gefa út sýnishorn íslenzkra bókmennta og sögusýningar og því um líkt.

Um önnur atriði eða aðrar till. og hugmyndir, sem þarna koma fram, er það hins vegar svo, að þær sýnast þurfa nokkru rækilegri athugunar við, eins og t. d. hugmyndin um byggingu þjóðarhúss eða þjóðhýsis á Þingvöllum, sem er sjálfsagt mjög athyglisverð hugmynd á margan hátt og að ýmsu leyti skemmtilegt til þess að hugsa, ef við gætum og ættum eftir að eignast þvílíkt þjóðhýsi. En það er samt mál, sem mér virðist þurfa að athuga mjög gaumgæfilega og þ. á m. þá um hugsanlega notkun þess húss. Þess vegna fellst ég alveg á þá stefnu, sem kemur fram í þessari þáltill., að fela þeirri n., sem að þessum málum hefur unnið, að athuga þessi

málefni betur og gera þá sérstaklega grein fyrir hugmyndum sínum varðandi t. d. þetta þjóðarhús á Þingvöllum og kostnað í því sambandi. Það er í raun og veru erfitt að taka afstöðu til þvílíkrar hugmyndar nema vita nánar um það, bæði kostnaðarhlið og til hvers á að nota það hús. Þess vegna er ég alveg sammála því, að þetta sé athugað nánar, svo sem í þáltill. segir.

En ekki stóð ég nú aðeins upp til að segja þetta, heldur hitt, að þegar talað er um byggingu slíks þjóðarhúss á Þingvöllum, minnumst við þess, sem við reyndar minnumst daglega hér, að það vantar ýmis hús á þessu landi og það er þörf margra bygginga yfir opinberar stofnanir og það meira að segja æðstu stofnanir þessa lands, því að enginn mun neita því, að Alþingi og stjórnarráð búi við mjög ófullnægjandi húsakost. Húsnæðisvandræði Alþingis þarf ég ekki að rekja fyrir hv. alþm., þeim eru þau öll kunn, en að því er vikið í þessu nál., eins og þar segir: „Að lokum vill n. leggja áherzlu á nauðsyn þess, að reist verði tiltekin þjóðhýsi, þ. e. nýtt alþingishús og stjórnarráðshús. Vill n. í því sambandi vísa til fyrrnefndrar ræðu hæstv. forsrh.“ En þegar hæstv. forsrh. gerði grein fyrir þáltill. um skipun þessarar n. á sínum tíma, mun hann einmitt hafa vikið að því, að ef til vill gæti komið til greina að minnast þessa sögulega áfanga með því að byggja nýtt alþingishús. N. tekur ekki afstöðu til þess máls, en hún gerir ráð fyrir því, að því er virðist, að hugsanlega geti allt þetta farið saman, og að sjálfsögðu getum við gert sitt hvað, jafnvel þótt ekki sé lengri tími til stefnu en til 1974. En þó virðist nokkuð mikið færzt í fang að gera ráð fyrir því, að öll þessi stórhýsi séu höfð í takinu samtímis.

Ég held einmitt, að það sé kominn tími til þess, og þessi till., sem hér kemur fram, minni á það, að það er kominn tími til að gera sér grein fyrir því, hvort ekki á að taka þá eitthvað af þessum byggingum, sem þörf er á, fram fyrir og fara að vinna markvisst, eins og það oft er orðað, að byggingu einhverra þeirra, en láta ekki sitja við að tala um þær allar í einni og sömu andrá. Ég fyrir mitt leyti vil nota þetta tækifæri til að lýsa þeirri skoðun minni, að ég er eindregið þeirrar skoðunar, að það eigi að byggja nýtt alþingishús. Og ég álít, að það megi ekki dragast öllu lengur að taka ákvörðun, að Alþingi geti ekki ekið því máli á undan sér án þess að taka hreinlega afstöðu til þess, hvort það á að byggja nýtt alþingishús eða ekki. Það er talað um það, að menn séu ekki á eitt sáttir um staðarval. Hvenær verða þeir 60 menn, sem hér sitja, alveg á eitt sáttir um það, hvar slíkt hús á að vera staðsett? Þeir eru það ekki í dag. Það er engin trygging fyrir, að þeir verði það á morgun né að ári eða að tveimur árum. Auðvitað verður í máli sem þessu að taka ákvörðun og meiri hlutinn verður að ráða því, hvar slíkt hús yrði byggt. Það er út af fyrir sig ekki erfiðara að gera það innan tiltölulega skamms tíma og eftir að gögn hafa verið lögð fyrir þm. en eftir kannske 2—3 ár. Ef ætti að minnast þessa sögulega áfanga, Íslandsbyggðarinnar, með byggingu alþingishúss, held ég, að það hljóti að vera nauðsynlegt að fara að taka nú þegar ákvörðun um það efni, því að ég held, að undirbúningur að byggingu slíks húss hljóti að taka það langan tíma, að það sé ekki vanþörf á því að fara að ákveða nú staðinn og gera sér grein fyrir því, hvernig á að standa að þessu máli, ef það ætti að hugsa til þess, að slíkt hús væri að fullu reist og tekið til nota í tilefni af þessum áfanga.

En ég skal ekki fara að eyða tíma þm. í það að tala langt mál um þörfina á nýju alþingishúsi, því að það vita allir, sem hér sitja, og sjá, að sú aðbúð, sem þm. hér er ætluð, er á engan hátt viðunandi né sambærileg við það, sem tíðkast. Og ef við ætlum okkur að byggja að tiltölu jafnglæsilegt hús, — þó að við settum nú ekki markið hærra, — jafnglæsilegt hús, miðað við aðstæður nú, eins og þetta hús hefur verið á sinni tíð, verður talsverður aðstöðumunur fyrir alþm. Ég lít svo á, að sú bráðabirgðalausn, sem fengizt hefur varðandi aðbúð þm. með þeirri annexíu, sem hér er úti í Þórshamri, sé að vísu góðra gjalda verð, en á engan hátt til frambúðar, og þetta hljóta allir að játa. Ég vildi einmitt vekja athygli á þessu í sambandi við þetta mál, bæði af því, að mér sýnist alveg nauðsynlegt að fara að vinna að þessu máli, byggingu alþingishúss, strax, ef það ætti að vera svo, að það ætti að vera komið upp og í not 1974, og í annan stað einmitt, að mér finnst, að áður en haldið er áfram lengi að vinna að þessu máli í máske aðra átt, eins og t. d. með því að undirbúa og vinna að hugsanlegri byggingu þjóðhýsis á Þingvöllum, þurfi einmitt að átta sig á þessu, hvort það er ekki réttara að stefna að byggingu alþingishúss. Það má vel vera, að þetta megi hvort tveggja framkvæma, og þá er það gleðilegt. En ég gæti búizt við því, að það yrði fullmikið færzt í fang að hafa þessi verkefni undir í einu, og á þessu stigi finnst mér, að það verði a. m. k. áður en verulegur tími líður að taka ákvörðun í þessum þinghúsbyggingarmálum.

Ég veit ekki betur en hér hafi fyrir allöngu verið kjörin eða tilnefnd n. til þess að fjalla um þessi þinghúsbyggingarmál, og þáltill. hafa verið fluttar um þessi mál, og nokkrum sinnum hefur verið talað um þessi mál, bæði af þm. og af hæstv. forsrh. og ég held öðrum ráðh., en það hefur ekkert gerzt í þessum málum, og mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið lögð fyrir þm. nein skýrsla um gerðir þessarar n. Hvað hefur verið unnið að athugun á staðarvali? Hafa verið undirbúnar einhverjar teikningar eða því um líkt? Hafa einhverjir menn sérstaklega kynnt sér þvílíkar byggingar af nýjustu gerð erlendis o. s. frv.? Mér er ekki kunnugt um það, að þingheimi hafi verið gefin nein skýrsla

um þessi efni, og ég veit ekki, hvort það hefur farið fram nokkur athugun í þessum efnum, en ef það hefur ekki farið fram nein athugun í þessum efnum, og það ætti að hugsa til þess að hafa komið upp nýju þinghúsi 1974, er sannarlega tími til kominn að fara að hefjast handa.

Eins og ég sagði í upphafi, get ég alveg fallizt á þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, en vil aðeins nota tækifærið, sem gefst í sambandi við hana, til þess að minna á þetta mál, og mér finnst, að við getum ekki haldið þessum málum og athugunum áfram lengi, án þess að taka ákvörðun um þessi efni, enda kemur það reyndar fram að nokkru leyti í þessu áliti n., að hún gerir, eins og ég minntist á áðan, ráð fyrir því, að það verði byggð þvílík þjóðhýsi eins og alþingishús og stjórnarráðshús, en segir með réttu, að ákvörðun um slíkt sé ekki í hennar höndum, heldur verði Alþingi og hlutaðeigandi stjórnarvöld að taka þar ákvörðun um, þannig að n., sem að þessari athugun hefur unnið, er það út af fyrir sig ljóst, að það þarf að taka ákvörðun um þessi efni. Og mér sýnist, að það sé nauðsynlegt, að það sé gert sem fyrst, og ég dreg satt að segja í efa, að ellefu hundruð ára byggðar á Íslandi yrði minnzt með öðrum og glæsilegri og eftirminnilegri hætti en þeim, að byggja myndarlegt og glæsilegt og þjóðlegt alþingishús, sem hæfði hinu nýja lýðveldi, því að það er þó einu sinni svo, að það er Alþingi, sem er elzta og merkasta stofnun þessa lands, og það hæfir ekki í því landi, sem telur sig eiga eitt elzta þing veraldar, að það sé einstakur kotungsbragur á allri aðbúð þeirrar virðulegu samkomu.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem ég átti sæti í þeirri undirbúningsnefnd, sem hefur nú skilað till. eða réttara sagt hugmyndum um það, hvernig æskilegast væri að minnast ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi, vildi ég segja nokkur orð hér nú.

Ég vil byrja á því, að þakka hæstv. forsrh. og hv. 3. þm. Norðurl. v., þeim sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir undir þetta nál.

Þegar n. fór að starfa, komu brátt fram ýmsar hugmyndir, ég vil segja margar hugmyndir, og það varð fljótlega ofan á í n., að rétt væri, þegar þær hefðu verið ræddar allýtarlega innan n., að koma þeim öllum á framfæri, þ. e. a. s. öllum þeim hugmyndum, sem nm. almennt töldu að væru álits- eða umhugsunarverðar, — koma þeim á framfæri, enda þótt einstakir nm. legðu að sjálfsögðu misjafna áherzlu á þær hugmyndir, sem eru nefndar í áliti n. En nm. varð brátt ljóst, að það kostaði töluverða vinnu og fyrirhöfn, þegar ætti að fara að velja á milli hinna stærri verkefna, sem á er bent í nál., og væri þess vegna eðlilegt, að Alþingi, áður en að því kæmi, segði til um, hverjar af megintill. það teldi þess eðlis, að rétt væri að kanna þær nánar, enda þótt sú könnun hefði nokkurn kostnað í för með sér. Þess vegna má segja, að hér komi fram ef til vill fleiri ábendingar og till. en líklegt má teljast, a. m. k. í fljótu bragði, að hægt verði að gera að veruleika. En í sambandi við störf og hugmyndir n. vil ég þó aðeins benda á það, að hún hefur engan veginn hugsað sér, að allar framkvæmdir í sambandi við það að minnast þessa stórafmælis yrðu á vegum ríkisins, hún hefur alls ekki hugsað sér það, heldur leggur hún ríka áherzlu á það, að kannaðir verði möguleikar á að skipuleggja ýmsa aðila til þess að velja sér ákveðið verkefni og vinna skipulega að því að koma einhverju slíku verkefni í framkvæmd fyrir eða á þessari hátíð.

Sem eitt dæmi um slíkt sameiginlegt verkefni ákveðinna aðila er tekin og dálítið útfærð hugmyndin um að gefa út, t. d. á þremur árum, hefur manni dottið í hug, mjög stórt og myndarlegt úrval íslenzkra bókmennta í ellefu aldir, og hugmynd n. er þá ekki sú, að þetta verði fyrst og fremst og eingöngu kostað af ríkinu, heldur verði reynt að fá bókaútgefendur til samstarfs um þetta verkefni og hver a. m. k. hinna stærri bókaútgefenda tæki að sér að gefa út ákveðinn flokk, kannske 4—6—10 bindi, í þessu verki, en heildarskipulag þess yrði þó að vera á vegum einhverra ákveðinna aðila, sem okkur datt þá í hug að yrði kannske greitt af því opinbera, en þetta væri að öðru leyti kostað af þeim útgefendum, sem fyrir eru í landinu eða hefðu hug á að taka þátt í slíkri myndarlegri útgáfu í tilefni af þessu afmæli. Þannig mætti að okkar dómi skipuleggja eða gera tilraun til þess að skipuleggja ýmis önnur samtök, bæði félagssamtök og hagsmunahópa, til þess að velja sér eða taka upp samkv. ábendingum eitthvert myndarlegt verkefni, sem hægt yrði að hrinda í framkvæmd í sambandi við þetta ár.

Varðandi það, hvað gera ætti á Þingvöllum, komu fram ýmsar hugmyndir innan n., og ég held, að ég megi segja, að allir nm. hafi verið á einu máli um, að það sé ekki æskilegt út af fyrir sig að gera Þingvelli að allt of fjölmennum ferðamannastað, þ. e. a. s. það er engan veginn stefna n. að koma þar upp stórum hótelum og öðru slíku, til þess að þar verði sífelldur straumur ferðamanna. En hitt var hugmyndin, að kanna nánar, hvort það væri ekki orðið tímabært að koma upp því, sem hér er kallað „þjóðarhús“, þ. e. a. s. allmyndarlegu húsi, ekki stórhýsi, á Þingvöllum, sem gæti orðið til margvíslegra hátíðanota og við meiri háttar tækifæri og það væri tengt svæði, þar sem mannfjöldi gæti horft á og hlýtt á það, sem fram færi, eins og allvíða tíðkast erlendis, þó að það sé vitanlega að sumu leyti örðugra hér við okkar veðurskilyrði en víða erlendis að halda útihátíðir. Þetta var hugmyndin, að þarna þyrfti að koma samkomuhús, sem væri tengt útileikvangi eða hvað sem það yrði nú kallað,

og hægt að hafa þar meiri háttar hátíðir og samkomur.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. lagði allmikla áherzlu á nauðsyn Alþingis á því að koma sínum húsnæðismálum í gott horf og varpaði því fram, hvort ekki væri myndarlegt verkefni að setja sér það mark að koma upp nýju þinghúsi árið 1974. Vissulega tek ég undir það, að þarna er brýn þörf og hefur lengi verið fyrir hendi. N. taldi hins vegar, eins og fram kemur í álitinu, að hún gæti ekki tekið þetta verkefni út úr öðruvísi en að benda á, að það hafi verið lengi í höndum Alþingis og hlyti að verða í þess höndum að leysa það mál, og vissulega held ég, að n. mundi fagna því, ef það tækist að finna farsæla lausn á því í sambandi við þetta afmæli.

Ég er samþykkur meginatriðunum í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, að n. verði falið að vinna betur að þessum hugmyndum og að hún fái nauðsynlega aðstöðu til þess að leggja í einhvern kostnað í sambandi við þá úrvinnslu.

Ég vil að lokum aðeins leggja á það áherzlu, að ef sú hugmynd n. kæmist í framkvæmd, að hægt yrði fyrir þessa hátíð að virkja, ef svo mætti segja, fjölda stofnana, samtaka, fyrir utan einingar eins og hreppa og sýslur, kaupstaði, um ákveðin, afmörkuð verkefni, sem æskileg væru og þessar stofnanir og þessi samtök hefðu áhuga á og aðstöðu til að vinna að, — ef þetta væri hægt í nokkuð stórum stíl, væri vissulega hægt að gera þessa þjóðhátíð að því leyti eftirminnilega, að þess gæti þá séð margvíslegan stað, að til hennar hefði verið stofnað og hún hefði farið fram. Ég vildi fyrir mitt leyti ekki leggja minnsta áherzlu á þetta atriði í framhaldsstörfum þessarar n., þó að ég játi að vísu, að það er í alla staði eðlilegt, að Alþingi og ríkisvald setji sér myndarlegt mark í sambandi við þessa hátíð, hvort sem það yrði nú nýtt alþingishús, þjóðarhús á Þingvöllum eða þetta hvort tveggja.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja hér nokkur orð til íhugunar fyrir þá hv. n., sem væntanlega fær þessa till. til meðferðar.

Þegar Alþingi kom saman í fyrra, þ. e. a. s. Alþingi 1965, lágu á borðum okkar þm. á meðal fyrstu þskj. till. frá hæstv. forsrh. um það, hvernig minnzt skuli ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974. Hæstv. forsrh. mælti fyrir þessari till., að ég ætla hinn 20. okt. 1965, og hóf mál sitt á því, að hér væri um að ræða merkisafmæli og að í sambandi við merkisafmæli í sögu landsins hefði verið siður að efna til stórhátíða í landinu. Í því sambandi nefndi hann Þjóðhátíðina 1874 og Alþingishátíðina 1930. Nú erum við þm. og fleiri í þessu landi alltaf nokkuð veikir fyrir stórhátíðum, og þetta mál hlaut afgreiðslu óbreytt, eins og það var lagt fram hér í þinginu. Því var vísað til hv. allshn. Hún lagði til, að till. yrði samþ., og var ég raunar einn þeirra, sem voru þá í þeirri n., og féllst á það, að till. yrði samþykkt. En hún var um það að kjósa 7 manna n. til að íhuga og gera till. um, með hverjum hætti minnzt skuli á árinu 1974 ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi, og að forsrh. skyldi skipa formann n. N. var síðan kjörin, eftir að Alþingi hafði samþykkt till. með 33 shlj. atkv. Nú hefur þessi n. starfað um hríð og skilað bráðabirgðaáliti til hæstv. ríkisstj., og liggur það hér fyrir á þskj. 177 ásamt nýrri till. til þál.

Ýmislegt hafa menn að sjálfsögðu hugsað um þetta mál, síðan við afgreiddum það hér á þingi í fyrra, og mér hefur m. a. komið það í hug síðan, sem ég hafði ekki íhugað þá, að það standa fleiri afmæli fyrir dyrum á þessari öld, sem nú er að líða, og sum þeirra gætu sennilega gefið nokkurt tilefni til hátíðarhalds hér í landinu, bæði afmæli mikilla viðburða og afmæli mikilla manna frá þjóðveldistíma, svo að ekki sé lengra haldið. Ég vil minna á það t. d., að á þessari öld er, að ég ætla, 900 ára afmæli þess manns, sem kallaður hefur verið faðir íslenzkrar sagnaritunar, þ. e. a. s. Ara prests hins fróða Þorgilssonar, sem lagði grundvöllinn að hinni fyrstu Íslandssögu. Einnig á þessari öld og áður en mjög langt líður er 800 ára afmæli, að ég ætla, annars mikils manns frá þjóðveldistíma, sem nýtur nú kannske meiri frægðar í veröldinni, sem er Snorri Sturluson, og þar sem þess var minnzt með nokkurri viðhöfn hér á landi árið 1941, sem Árni beiskur gerði í Reykholti, ætla ég, að ekki muni þykja annað tilhlýðilegt en að sjálfs fæðingarafmælis Snorra verði minnzt, þegar þar að kemur.

Ég nefni þetta og nefni þá það um leið, að einnig á þessari öld, eftir svo sem eitthvað á annan áratug, ef ég man rétt, er ellefu hundruð ára afmæli byggðar á Grænlandi, sem Íslendingar voru nokkuð mikið við riðnir, og sumir kynnu að álíta, að það stæði okkur nærri að minnast þess. Og á síðasta ári þessarar aldar verða tvenn þúsund ára afmæli, þúsund ára afmæli kristnitökunnar á Þingvöllum við Öxará og þúsund ára afmæli þess, er Íslendingar fundu Vínland, sem er heimssögulegur viðburður, auk þess sem það er mikill viðburður í okkar sögu. Nú er ég að nefna þetta vegna þess, að n. situr á rökstólum, og vera má, að hún verði látin halda áfram störfum, og þá væri e. t. v. rétt að benda henni á það eða nefna það sérstaklega við hana, að ástæða gæti verið til þess að hafa þessi merkilegu afmæli síðar á öldinni í huga, um leið og rætt væri um afmælið 1974, vegna þess m. a., að sum þeirra verkefna, sem menn eru að orða í sambandi við ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar, kynnu að eiga fullt svo vel við í sambandi við þau afmæli, þegar þar að kemur, það væri mjög til athugunar, og svo annað til hátíðabrigðis.

Í þessari till., sem nú liggur fyrir, felst það,

að þjóðhátíðarnefndinni fyrir 1974 er falið að halda áfram störfum og gera nánari grein fyrir till. sínum, og jafnframt er því bætt við, að n. heimilist að afla sér nauðsynlegrar aðstoðar í þessu skyni, en greiða skuli allan kostnað af þessu úr ríkissjóði. Ekki er það nema eðlilegt, að ríkissjóður greiði kostnað við slíka n., en þó vil ég beina því til hv. n., sem þarf sjálfsagt ekki að orða við fjvn. þingsins, að vel fer á því í sambandi við slíkan undirbúning og t. d. hugsanleg ferðalög og öflun sérfræðiþekkingar í því sambandi, að öll aðgát sé höfð um notkun fjármuna, og mun það þá ekki síður eiga við, þegar að því kemur að halda sjálfa hátíðina og framkvæma það, sem gera skal til hátíðabrigðis. Þessar hátíðir hafa stundum kostað nokkuð mikið fé, og er mér það m. a. minnisstætt, vegna þess að ég hef verið að lesa merkilega bók, sem kom út núna í lok ársins sem leið, eftir Þorstein Thorarensen blaðamann, um það, sem hann kallar gullöldina á árunum 1901—1910, en þar ræðir hann um þau miklu hátíðarhöld, sem áttu sér stað þá, voru undanfari uppkastsins, sem hann segir, að hafi þá orðið nokkuð dýr og mælzt misjafnlega fyrir í landinu. Þetta er nú aðeins til þess að minna á, að einnig þessa hlið þarf að hafa í huga, þegar við efnum til stórhátíðar.

Í áliti n. er minnzt á eitt og annað, sem n. hefur komið til hugar, að gera mætti til hátíðabrigðis. T. d. vill hún stuðla að því, að gefið verði út sýnishorn íslenzkra bókmennta í 58 bindum, og nánar til tekið, hve mörg bindi eigi að vera af hverri grein bókmenntanna: 12 bindi af fornritum, 10 bindi af ljóðum, 12 bindi af skáldsögum o. s. frv., og loks ræður og ritgerðir, alls 6 bindi. Þá er hér rætt um ýmislegt fleira, eins og víkingaskipið, sem var minnzt á áðan og sem ég er sammála höfundum till. um, að við eigum ekki að láta smíða. Ég held, að við Íslendingar eigum margs annars frekar að minnast frá upprunа þessarar þjóðar en þess, að við séum komnir af víkingum. Og ekki ætla ég, af því að Írar eru nefndir sérstaklega í þessari grg., að við gætum ætlazt til þess, að Írar færu sérstaklega að fagna þessu víkingaskipi, þegar það kæmi þar að ströndum, því að hinir fornu norrænu víkingar gerðu mikið að því að fremja þar sams konar verknað og hér var framinn á 17. öld snemma og ekki hefur mælzt vel fyrir meðal Íslendinga.

Það er minnzt hér á margt fleira, og í till., sem hér liggur fyrir, er ætlazt til þess, að n. geri nánari till. um þetta og sérstaklega um hugsanlegt þjóðarhús á Þingvöllum og kostnað við byggingu þess, byggingu eftirlíkingar á sögualdarbæ o. s. frv. Mér finnst þessar hugmyndir um byggingu þjóðarhúss á Þingvöllum og byggingu sögualdarbæjar vera mjög athyglisverðar.

Í grg. frá n. er þess getið, að þegar 1000 ára afmælis Íslandsbyggðar var minnzt árið 1874, hafi það verið gert víða um land. Þjóðhátíðirnar voru margar 1874, þær voru víða. Og það hafa menn sjálfsagt fundið, að var mjög tilhlýðilegt, því að hvers var verið að minnast og hvers á að fara að minnast nú? Það á að fara að minnast byggðarinnar í landinu, íslenzkrar landsbyggðar. Og mér finnst, að við ættum að hafa það fyrst og fremst í huga, þegar við erum að ákveða, hvað eigi að gera í ellefu hundruð ára minningu landsbyggðarinnar, hvort ekki er hægt að hafa eitthvað það til hátíðabrigðis, sem tryggir það, að þessi landsbyggð haldi áfram, að landið haldi áfram að vera byggt, að það verði t. d. byggt, þegar aðra stórhátíð þarf að halda árið 2074 í minningu landsbyggðar. Í sambandi við það held ég, að það ætti að leggja fyrir n., ef hún starfar áfram, að hafa samband við héruðin í landinu. 1874 voru, ef ég man rétt, héraðsnefndir starfandi í hverju héraði, og slíkum n. þyrfti að koma upp, og þær n. í héruðunum, héraðsnefndir eða byggðanefndir, ættu að hafa sitt að segja um það, hvernig þessi hátíð fer fram. Það á að leita þeirra till. um þetta og hvað gert verður til hátíðabrigðis. Þá ætla ég, að þær muni ekki gleyma því, sem ég nefndi áðan.

Ég hefði álitið, þar sem langt er liðið á þing, að það gerði ekki til, þó að þessi þáltill. yrði ekki afgreidd fyrr en t. d. á næsta hausti, þegar þing kemur aftur saman. Það bendi ég aðeins á til íhugunar, en þá væri ráðrúm til þess að fela kannske n. eða hlutast til um það við n., að hún kanni hugi manna í þessu efni víðs vegar um landið, og það gætu einnig þm. gert. Þeir munu flestir, sem hér eru, eiga erindi út um landið á næsta sumri, og gætu þeir þá í leiðinni e. t. v. kannað hugi manna í þessu máli, þó að það eigi auðvitað ekki að koma sérstaklega inn í þær almennu viðræður, sem verða af því tilefni.

Þetta tvennt vildi ég þá láta fram koma, eða kannske þrennt: Í fyrsta lagi, að gætt sé eðlilegrar varúðar í sambandi við fjárútlát í þessum efnum. Í öðru lagi, sem er meira um vert, að við séum þess minnugir, hvers við erum að minnast, að við erum að minnast ellefu hundruð ára landsbyggðar á Íslandi. Við verðum þar af leiðandi að miða undirbúning hátíðarinnar og hátíðina sjálfa að verulegu leyti við það, og þá er eðlilegt, að hér fái fleiri um að fjalla heldur en nefnd, sem kosin er af Alþ. Í því sambandi mundi það ekki skaða, að afgreiðslu till. væri frestað til haustsins. Þetta nefni ég til íhugunar fyrir þá hv. n., sem fær málið til meðferðar.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var einungis út af síðustu orðum hv. síðasta ræðumanns, að það skaðaði ekki, þó að afgreiðslu till. yrði frestað. Um það má auðvitað lengi deila, og út af fyrir sig eru hans aths., sem ég heyrði, íhugunarverðar. Ég þurfti þó að skreppa frá, svo að ég heyrði ekki alveg alla ræðu hans, en ég held, að ég hafi fylgzt með meginefni hennar. En sérstaklega vil ég benda á það út af aths. hv.

3. þm. Norðurl. e., að hér þarf ýmiss konar samanburð að gera og tíminn flýgur frá okkur, þannig að áður en hægt er að taka ákvarðanir, þarf að undirbúa þetta mál mun betur en enn hefur verið gert.

Ég ítreka það, sem ég sagði áður, að n. hefur unnið gott starf á stuttum tíma og þetta eru mjög merkar till., sem frá henni koma. En ég tek undir það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að það er hæpið, að við getum ráðizt í öll þessi mannvirki í einu, eins og raunar kemur fram hjá n. og hv. 5. þm. Reykn. lagði einnig áherzlu á sem nm., að þarna þarf að velja og hafna. Til þess að réttir aðilar geti gert það, þarf að vinna ósleitilega að málinu, þannig að það verði hægt fljótlega, helzt á næsta hausti, hverjir sem þá hafa hér ákvörðunarvald, að gera upp sinn hug, hvað af þessum mannvirkjum menn vilja ráðast í. Nú bendi ég þó á, að ef við eigum að hafa hugmyndasamkeppni og í alvöru að velta fyrir okkur hugmyndinni um þjóðarhús á Þingvöllum, þá tekur það lengri tíma en bara sumarið. Það getur legið ljósara fyrir næsta haust, en það tekur lengri tíma. Alveg eins tek ég undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v., að það er auðvitað brýn nauðsyn að gera upp sinn hug um þinghúsbyggingu og það má ekki dragast öllu lengur. Það má ræða um það, hverjum það sé að kenna. Það er eins og fleira engum sérstökum um að kenna, menn hafa hliðrað sér eða skotið sér undan vandasömum ákvörðunum, af því að menn eru ekki sammála um, hvernig vandann eigi að leysa. Þetta má ekki dragast öllu lengur.

Það, sem liggur fyrir í þessu máli, er: Vilja menn ráðast í þjóðarhúsið á Þingvöllum alveg án tillits til annarra framkvæmda, eða vilja menn t. d. ráðast í þinghúsbyggingu samtímis eða láta þinghúsbygginguna ganga fyrir? Á þessu má ekki vera neinn dráttur í undirbúningi, vegna þess að sjálf framkvæmdin hlýtur að taka svo langan tíma. Þess vegna held ég, að menn eigi nú þegar að samþykkja þessa till. Það má breyta orðalagi og bæta inn í athugun á fleiri atriðum, en n. þarf að fá umboð til þess að starfa áfram. Samkv. sínu nál. telur hún, að umboð sitt sé nú fallið niður. Hún þarf að fá heimild til þess að verja töluverðu fé til athugunar málsins. Án þess að fá þá heimild stendur málið fast nú um nokkurra mánaða skeið. Ég er ekki að binda mig við neina ákveðna hugmynd á þessu stigi, en segi: Við eigum að hraða málinu héðan af. Hv. 3. þm. Norðurl. e. vakti athygli á því, að málið hefur sannast að segja dregizt töluvert, vegna þess að fyrst var till. flutt um þetta snemma þings 1965, en það var ekki kosið í n. fyrr en í þinglok. Það var engum sérstökum um að kenna. Menn voru ekki reiðubúnir til þess að kjósa n. Þeir hafa haft samráð við alla þingflokka um það og menn á víxl skorazt undan að nefna mennina fyrr en undir þinglokin. Þannig leið sá vetur. Sumarið í fyrra leið eins og sumrin oft vilja líða, að menn höfðu öðru að sinna, fóru ekki að starfa fyrr en í vetur. Nú hefur n. lokið starfi. En ég legg áherzlu á, að þetta sumar þarf að nota til þess að hrinda af stað tæknilegri athugun, sem fé þarf til að unnið verði.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til fjvn. með 45 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 390, n. 555, 554).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 554, leggur fjvn. til, að tillgr. verði breytt í það horf, sem þar greinir. Aðalbreytingin er fólgin í því, að það eru ekki nefnd í tillgr. tiltekin atriði, sem nefnd voru í upphaflegu till., eins og hún var lögð fyrir, og kveðið er á um það, að undirbúningsnefnd landnámshátíðarinnar skuli hafa samráð við ríkisstj. og bera meiri háttar ákvarðanir sínar undir hana, áður en framkvæmdir hefjast. Eins og fram kemur í nál. fjvn. á þskj. 555, er ætlunin með þessu m. a. sú, að ríkisstj. hafi aðstöðu til að hafa samráð við þingið eða þingflokkana um meiri háttar ákvarðanir. En þetta mál er þess eðlis, að æskilegt er talið af öllum, að um það náist sem víðtækust samstaða og ef taka þurfi meiri háttar ákvarðanir varðandi þetta mál utan þingtíma, þá sé æskilegt, að hæstv. ríkisstj. hafi um það samráð við þingflokkana, eða formenn þeirra.

Eins og fram kemur í nál., er það hugmyndin um þjóðarhús á Þingvöllum, sem fjvn. tekur fyrir sitt leyti ekki undir, en aftur á móti kemur fram í nál. ábending n. um það, að bæta þurfi til muna aðstöðu til gestamóttöku á Þingvöllum frá því, sem nú er. Einnig kemur það fram í nál., að fjvn.-menn eru ekki sammála till. þjóðhátíðarn. eða landnámshátíðarn. um 58 binda útgáfu, og fjvn. telur slíkt fyrirtæki of viðamikið, en hins vegar er tekið mjög undir þá ábendingu, sem einnig kom fram í nál. landnámshátíðarn., að í tilefni ellefu hundruð ára afmælishátíðarinnar yrði gefin út heilleg Íslandssaga frá upphafi byggðar til vorra daga. Þrátt fyrir þetta er að sjálfsögðu ekki fyrir það girt, að meira verði um bókaútgáfu í tilefni hátíðarinnar en þarna er ráðgert. Auðvitað gætu þau mörgu bókaútgáfufyrirtæki, sem fyrir eru í landinu, skipt á milli sín verkefnum á þessu sviði og gefið út t. d. söfn eða sýnishorn fornrita og ljóða og fræðirita í tilefni afmælisins. Þá er í niðurlagi nál. frá fjvn. tekið undir þá ábendingu, að stefnt verði að því að koma upp nýju alþingishúsi í tilefni landnámshátíðarinnar, og er tekið fram í nál., að fjvn. vænti þess, að grg. um það mál verði lögð fram á næsta þingi af n. þeirri, sem falið hefur verið að gera till. um framtíðarhúsnæði Alþingis. Eins og hv. alþm. vita, var kosin n. í þessu skyni 1961, sem er þannig skip-

uð, að í henni eiga sæti forsetar Alþingis og fulltrúar þingflokkanna. Ég skal ekki ræða þinghúsmálið sérstaklega að þessu sinni.

Ég vona, að sá tími, sem fer í hönd fram að næsta þingi, geti nægt til þess, að þessi n. geti skilað áliti, og að málið komi þá til umr. hér á hv. Alþingi í haust, fljótlega eftir að þing kemur saman.

Það hafa 2 hv. nm. fjvn. skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, annar þeirra, hv. 3. þm. Austurl., hefur óskað þess við mig, að ég tæki fram, að hans fyrirvari byggðist á því, að hann sé að sumu leyti ósamþykkur þeim skoðunum, sem fram koma í grg., en sé hins vegar samþykkur sjálfri till. Ég geri ráð fyrir, að hið sama gildi um hv. 2. þm. Sunnl., sem einnig hefur skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og veit ég, að hv. þm. eru kunnar skoðanir þessara tveggja hv. þm. á þinghúsbyggingarmálinu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, herra forseti, en mæli með því fyrir hönd fjvn., að tillgr. verði samþ. með þeirri breyt., sem fram kemur á þskj. 554.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði gert ráð fyrir því, að þeir tveir hv. fjvn.-menn, sem hafa skrifað undir nál. með fyrirvara á þskj. 555, mundu gera grein fyrir þessum fyrirvörum, en það hafa þeir ekki gert. Hins vegar hefur hv. frsm. n. látið þess getið, að fyrirvarar þeirra mundu þýða það, að þeir væru ekki sammála þeim hugleiðingum, nema kannske að einhverju leyti, sem fram koma frá hv. n. á þskj., sem ég nefndi áðan, þ. e. a. s. nál. Ég hafði einnig gert ráð fyrir því, að hæstv. forsrh. kynni að taka til máls um þetta og segja frá því hér, hvernig honum litist á þær breytingar, sem hv. n. hefur gert á till., eins og hún var lögð fyrir, og hvort hann væri sammála því, sem n. eða meiri hl. hennar lætur um mælt í sambandi við aðalhugmyndina, sem fram kom í till. hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s. um byggingu þjóðarhúss á Þingvöllum, sem n. tekur fram, eða meiri hl. hennar a. m. k., að hún telji ekki koma til greina. En hæstv. ráðh. hefur ekkert um þetta sagt, og auðvitað má segja það, að þó að n. eða meiri hl. n. hafi í nál. sínu látið orð falla í sambandi við afgreiðslu till., hafi það út af fyrir sig ekki gildi, og auðvitað hefur það ekki gildi sem samþykkt þingsins. Hins vegar gæti auðvitað verið ástæða til þess fyrir einstaka þm., ef tími þætti til, í tilefni af hugleiðingum meiri hl. n. að minnast eitthvað á þessi atriði og önnur til leiðbeiningar fyrir þá, sem fara eiga með þessi mál eftirleiðis.

Ég tel mig nú að vísu ekki við því búinn að ræða mikið um þetta, en þó vildi ég segja það, að mér finnst hugmyndin um þjóðarhús á Þingvöllum, eins og hún kom fram hjá hæstv. ríkistsj., alls ekki svo fráleit sem fram virðist koma hjá meiri hl. n. Ég álít, að það sé mjög athyglisverð till., sem eigi að taka til áframhaldandi athugunar, og ég vona, að hv. nm. verði ekki undir áhrifum af því, sem staðið hefur í gamanblöðum hér í borginni um þetta mál undanfarna daga. Þetta er vissulega mál, sem er þess vert, að það sé athugað, athyglisverð hugmynd. Þótt svo kunni að reynast við nánari rannsókn, að hún sé ekki það heppilegasta, finnst mér engin ástæða til þess hér á Alþ. að taka afstöðu gegn henni nú á þessu stigi. Það vildi ég gjarnan láta koma fram. Áður en ég tæki slíka afstöðu móti þessari hugmynd, mundi ég vilja heyra þá menn, sem að henni standa í n., sem unnið hefur að þessu máli, gera grein fyrir sínum hugmyndum um þetta mál, en ekki vísa því frá óathugað, enda er það ekki lagt til hér, heldur eru þetta aðeins hugleiðingar meiri hl. n. í áliti hennar.

Ég vildi í öðru lagi segja það út af ábendingu n. um alþingishús, að það er auðvitað svo, að það er þröngt um okkur alþm., og er enn þá því miður þröngt um marga í þessu landi. En ég er hræddur um, að bygging alþingishúss fyrir Íslendinga með öllum þeim undirbúningi, sem það mál hlýtur að þurfa, taki lengri tíma en svo, að hugsanlegt sé, að því mannvirki yrði lokið árið 1974. Ég vil aðeins geta þess hér sem minnar skoðunar í sambandi við þessa hugleiðingu frá meiri hl. n.

Í öðru lagi vil ég segja, að það er mín skoðun, að það eigi ekki að taka ákvörðun um alþingishús, fyrr en þjóðinni hefur gefizt kostur á að láta í ljós skoðun sína á hinni merkilegu till., sem uppi var á öldinni sem leið, um það leyti sem Alþ. var endurreist, að Alþingi skyldi heyja á Þingvöllum. Það er eiginlega skylda við þjóðina, að hún verði einhvern tíma um þetta spurð. Það er auðvitað ekki hægt að vita, hvert svarið yrði, en þetta á að gerast, áður en endanleg ákvörðun er tekin um alþingishús.

Ég vildi svo segja nokkur orð um till. sjálfa, sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s. brtt. frá hv. fjvn., sem mér skilst að n. öll sé sammála um.

Ég get út af fyrir sig fallizt á það, úr því að hæstv. forsrh. getur á það fallizt eða gerir ekki við það aths., að till. sé gerð einfaldari að því leyti, að ekki sé verið að nefna í henni neitt sérstakt, heldur ætlazt til þess, að n. vinni áfram að nánari athugunum og tillögugerð. En till. hefur hún eiginlega ekki gert. Hins vegar virðist mér, að þessari hátíðarnefnd sé í 2. mgr. brtt. falið óþarflega mikið vald á milli þinga. Mér sýnist, að málinu liggi ekki meira á en svo, að það sé vel hægt að leyfa hátíðarnefndinni að ganga frá sínum till. milli þinga með það fyrir augum, að málið komi aftur fyrir Alþ., sem kjörið verður á næsta sumri. Ég er því alveg samþykkur, sem segir hér í brtt., að Alþ. ályktí „að fela nefnd, sem kosin var hinn 5. maí 1966 til þess að íhuga og gera till. um, með hverjum hætti minnzt skuli 1100 ára afmælis byggðar á Íslandi, að starfa áfram," og að n. heimilist að afla sér nauðsynlegrar aðstoðar og að

kostnaður við það verði greiddur úr ríkissjóði, eins og segir í 3. mgr. En það er 2. mgr., sem ég kann ekki alls kostar við. Þar stendur:

„Skal n. heimilt að hefja undirbúningsframkvæmdir þeirra till. varðandi hátíðina, sem við nánari athugun þykir rétt að framkvæma, en aðalákvarðanir hennar skulu bornar undir ríkisstj., áður en framkvæmdir hefjast.“

Ég fæ ekki betur séð en undirbúningsnefndinni sé með þessari mgr. fengið æðsta vald í þessu máli, fyrst um sinn. Ég átta mig að vísu ekki alveg á því, hvað þetta orðalag þýðir: „undirbúningsframkvæmdir þeirra till. varðandi hátíðina“. En ég leyfi mér að skilja það svo, að það séu undirbúningsframkvæmdir samkv. þeim till., sem n. vill gera eða við nánari athugun þykir rétt að framkvæma. Samkv. þessu virðist mér þá, að n. sé heimilt að hefja framkvæmdir á þessum till., sem hún samþykkir, en að aðalákvarðanirnar skuli þó bornar undir ríkisstj., áður en framkvæmdir hefjast. Það er ætlazt til, að hún beri þetta undir ríkisstj., þ. e. a. s. leiti umsagnar ríkisstj. um þetta, og það finnst mér varla mega minna vera. Ég held, að hún yrði þá a. m. k. að fá samþykki ríkisstj. til þess að hefja framkvæmdir á till. sínum.

Út af þessu vildi ég leyfa mér að bera hér fram skrifl. brtt. þess efnis, að þessi mgr. verði felld niður úr brtt., þessi 2. mgr., og að n. sé falið að starfa áfram og gera till., eins og henni var falið, og hún skuli fá til þess fé úr ríkissjóði. En mér þykir viðkunnanlegra, að þetta mál sé að öðru leyti fram að næsta þingi í höndum ríkisstj. heldur en í höndum þessarar hátíðarnefndar. Ef menn hins vegar vilja heldur breyta mgr., gæti ég sjálfsagt verið til viðtals um það að taka þessa till. aftur. Ég vil leyfa mér að leggja hana fram og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 608) leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þó að það skipti ekki miklu máli, vil ég segja út af aths. hv. síðasta ræðumanns, að við kvöddum okkur hljóðs samtímis, þó að forseti tæki eftir honum, en ekki mér, svo að ég ætlaði að segja nokkur orð um þessa till.

Brtt. var borin undir mig af hv. frsm., og hafði ég út af fyrir sig ekkert við hana að athuga. Ég tel, að efniságreiningur hér sé í raun og veru minni en í fljótu bragði mætti virðast, vegna þess að í till. frá ríkisstj. var ekki tekin afstaða til neinnar af till. n. efnislega, heldur lögð höfuðáherzla á, að þær þyrfti að kanna betur en enn hefði verið gert og ákvarðanir væri ekki hægt að taka, fyrr en slík athugun hefði átt sér stað. Nú er það auðvitað alveg ljóst, að hv. n. hefur ekki getað athugað þessar till. til neinnar hlítar á þeim stutta tíma, sem til ráðstöfunar hefur verið, enda hefur hún haft ærnum öðrum störfum að gegna. Og að því er mér hefur skilizt, m. a. af viðtölum við nm., hefur ekki í hugum þeirra verið sá sami skilsmunur á væntanlegri gistihúsbyggingu á Þingvöllum og þjóðarhúsi, eins og ég gerði ráð fyrir í minni framsöguræðu hér á dögunum, vegna þess að n. mun hafa ráðgert, sem raunar að athuguðu máli sýnist vera óhjákvæmilegt, að í væntanlegu þjóðarhúsi yrði aðstaða til nokkurrar gistingar og greiðasölu. Það er við skoðun alveg ljóst, að bygging slíks húss á Þingvöllum án þeirrar aðstöðu er algerlega óraunhæf. Og ég held, að menn hafi gert of mikið úr því þjóðarhúsi eða því bákni, sem ætti að fara að byggja á Þingvöllum samkv. þessum hugmyndum, bæði við umr. um málið í n. og eins í blaðaskrifum og manna á meðal. Ég held, að það sé alveg ljóst, að nauðsyn er á því að koma upp betri aðstöðu á Þingvöllum, bæði til samkomuhalds og til gistingar, en nú er, og ég tel eðlilegt, að að því verði stefnt, að þetta verði gert fyrir þjóðhátíð 1974, m. a. vegna þess, að ég geri ráð fyrir, að flestir eða allir telji sjálfsagt, að mikill hluti þeirrar hátíðar fyrir landsmenn alla yrði háður á Þingvöllum.

Nú vitum við, að það er að vísu mjög misjafn háttur á slíkum byggingum eftir því, hvar komið er. En víða er það svo, að mikils háttar samkomusalir og möguleikar til fundarhalds eru einmitt reistir í sambandi við gististaði og eru hluti af gististöðum, og ég mundi telja, að það gæti vel komið til álita, að eitthvert einkafjármagn yrði fengið til byggingar viðhlítandi gististaðar á Þingvöllum og í sambandi við það yrði með tilstyrk ríkisvaldsins án óhæfilegs kostnaðar komið upp möguleika til þess að hafa þar bæði íslenzka og alþjóðlega fundi, sem okkur vantar nú rúm til. Ég sé ekki, að þetta þyrfti að vera neitt óviðráðanlegt eða þyrfti að kenna neitt við ævintýri, eins og gert hefur verið, jafnframt því sem ég vil lýsa þeirri minni skoðun, að ég fellst alls ekki á, að það sé réttnefnt neitt Skálholtsævintýri, sem menn hafi lagt út í af ráðleysu. Ég tel, að það hafi verið þveginn skammarblettur af landinu með þeim byggingum, sem enn hafa verið reistar í Skálholti. Við, sem komum þar fyrir nokkrum árum, blygðuðumst okkar fyrir að koma að Skálholti. Það varð beinlínis að neita gestum um að koma til Skálholts, sem þangað vildu koma, eins og núverandi konungi Noregs, sem óskaði eftir því, þegar hann ferðaðist hér um í sambandi við Snorrahátíðina, að koma í Skálholt. Það voru allir sammála um, að það væri ekki frambærilegt að láta manninn koma að Skálholti, eins og þar var þá umhorfs. Og Skálholtskirkja er vissulega til prýði, ekki einungis fyrir Skálholtsstað, heldur fyrir íslenzku þjóðina í heild og það hús, sem þar hefur verið reist, er kannske óþarflega stórt fyrir prest, en ekki stærra en svo, að annað eins hafa menn séð. Og það er eftirtektarvert, að eftir að þessar umbætur voru gerðar á Skálholti, hafa allir orðið sammála um að byggja óþarflega stór, en sæmi-

lega vegleg prestsseturshús bæði að Borg og í Odda, vegna þess að menn sjá, hvaða niðurlæging það er fyrir landið að hafa þá kofa, sem á þessum stöðum voru áður, á þeim stöðum, sem erlenda menn helzt fýsir að koma á, þegar þeir vilja fara á íslenzka sögustaði. Hitt er svo allt annað mál, að menn geta verið ósammála því, að það hafi verið keypt bókasafn til Skálholts og hvort þar á að verða lýðháskóli eða ekki. Það kemur ekki við þeim mannvirkjum, sem enn hafa verið reist í Skálholti, sem ég tel vera hófleg, staðnum til prýði og Íslendingum til sæmdar.

Ég tel, að það sé eðlilegur þáttur hátíðarhalds til minningar um ellefu hundruð ára byggð á Íslandi, að það verði komið upp sæmilegum gististað á Þingvöllum og í því sambandi verði séð til þess, að hægt sé að hafa þar bæði mannfundi í húsum, ætlað rúm til þess, og þá einnig verði það byggt með þeim hætti, að hægt sé að hafa sæmilega útifundi. Ég held, að þetta eigi ekki að þurfa að kosta neitt of fjár, ef skynsamlega er að farið, auk þess sem ég er alveg sannfærður um af þekkingu minni og vist á Þingvöllum nokkur sumur og hafandi komið þar að vetrarlagi, að það á að vera vel hægt að reka þar sæmilegan gististað án nokkurra spjalla fyrir staðinn, þannig að ekki þurfi að verða stórtap á, ef það er hóflega farið í sakir og sæmilega skoðað. Ég held þess vegna, að menn hafi hér verið að búa sér til grýlu og það sé eðlilegt, að n. sé ætlað að skoða þetta mál nokkru betur. Hitt skaðar ekkert, að það komi alveg skýrt fram, að menn hugsa sér ekki þarna neina milljónatugabyggingu, enda held ég, að það hafi ekki vakað fyrir mönnum, — byggingu, sem síðan stæði auð mestan hluta ársins og væri einungis til skrauts eða tildurs. Ég held, að það hafi verið utan við hugmyndir n. En annars veit ég litið meira um þær en þm. almennt, vegna þess að n. starfaði alveg sjálfstætt og án leiðbeininga eða samráðs við ríkisstj. En úr því að n. þykir betra að hafa ályktunina í því formi, sem hún gerir till. um, hef ég ekkert við það að athuga.

En ég tek alveg skýrt fram út af brtt. hv. 3. þm. Norðurl. e., að ég tel hana óþarfa. Það getur ekki komið til greina, að n. verði falið ótakmarkað fjárveitingavald eða ákvörðunarvald, hvorki um stórbyggingar á Þingvöllum, um þinghúsbyggingu né neitt slíkt. Þessar ákvarðanir hlýtur Alþ. að taka með fjárveitingum, eftir atvikum samkv. till. ríkisstj., eftir atvikum að eigin frumkvæði, og meðan ég hef um þessi mál að fjalla, samþykki ég ekki, að það verði ráðizt í neinar slíkar framkvæmdir, sem eðli málsins samkv. heyra undir ríkisstj. og Alþ. Mér finnst það vera eðlilegt, að n. sé falið nokkurt framkvæmdavald, henni sé falið að annast nánari undirbúning að þeim hugmyndum, sem hún setur fram. Nál. gefur henni vissar leiðbeiningar, sem við erum allir sammála um, að ekki eigi að fara að ráðast í neinar stórkostlegar hallarbyggingar á Þingvöllum, sem ekki koma að neinu almennu gagni. Ég geri ráð fyrir því, að að athuguðu máli finnist okkur 50—60 binda útgáfa vera nokkur ofrausn. Nú segir n. það, að hún hugsi sér, að um þetta verði haft samráð við fleiri útgáfufyrirtæki og þá að menn réðu því, hvað þeir keyptu af þessu, og ég held, að menn mikli þetta líka í sínum huga. Hér er gefinn út fjöldi bóka og bókasafna á hverju einasta ári, án þess að menn kippi sér nokkuð upp við það, og víst getur það hvort tveggja farið saman að gefa út nokkur úrvalsrit bókmennta Íslendinga um mörg hundruð ára bil og það sé lokið við Íslandssögu. Og ég á eftir að sjá, að útgáfa slíks safnrits, sem hér er talað um, yrði nokkur kvöð á ríkissjóði eða þeim, sem þar kæmu nærri. Við vitum, að það er gróðavegur að selja hér erlendar alfræðiorðabækur fyrir mikið fé. Erlendir bókaútgefendur mér kunnugir hafa sagt, að þeirra helzti gróði væri einmitt af sölu slíkra safnrita, miklu meiri en gróði af venjulegri bókaútgáfu, sem þeir teldu yfirleitt sáralítinn.

Ég held, að menn þurfi þess vegna ekki að mikla það fyrir sér, sem hér sé í hugum n., og það sé eðlilegt, að hún haldi athugun málsins áfram og semji um það nánari grg., láti sínar hugmyndir koma fram, hafi eðlilegt samráð við ríkisstj. og ríkisstj. aftur við Alþ., eins og ég skil till. fjvn. vera, og úr því að henni er rórra að hafa það form á, sem í till. segir, set ég mig sízt á móti því. En ég get nú ekki stillt mig um að spyrja að gefnu tilefni, vegna þess að n. hefur talið, að Alþ. yrði of ánetjað, ef hin upphaflega till. yrði samþ., hvort í þessum orðum, sem segir í nál.: „Að öðru leyti en hér hefur verið nefnt er fjvn. yfirleitt hlynnt till. landnámshátíðarnefndar, þ. á m. till. um byggingu á eftirlíkingu af sögualdarbæ," — nær þetta líka til þess, að það eigi að smíða víkingaskip og sigla því um heimshöfin?

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú tekið til máls um þessa till. og lýst nokkuð sínum sjónarmiðum. Út af því, sem hann sagði síðast, þar sem hann spurði um það, hvort meiri hl. fjvn. hefði ætlað að mæla með víkingaskipinu, á ég náttúrlega ekki að svara fyrir þá, sem í n. eru, en ég hafði ekki skilið málið á þann veg, að n. vildi mæla með víkingaskipinu, heldur hefði hún hreinlega gleymt þessu, og mér sýndist ýmislegt í þessu nál og í brtt. bera þess vott, að n. hefði kannske gleymt þessu. Það er heldur ekkert óeðlilegt í því mikla annríki, sem hefur verið hér síðustu daga þingsins.

Ég er, eins og ég sagði áður, alveg sammála hæstv. forsrh. um, að þessar ábendingar n. í nál. á þskj. 555 eru náttúrlega eins og hverjar aðrar hugleiðingar þessara hv. þm. í þessu máli. Hæstv. forsrh. gerði þjóðarhúsið nokkuð að umræðuefni, og mér finnst ekki úr vegi, af því að hann ræddi það og af því

að hv. nm. hafa einnig vikið að því, að rifja það upp, hvað þjóðhátíðarnefndin sjálf hefur sagt um þetta atriði. Það stendur hér í grg. þáltill. á þskj. 177. N. segir svo um þetta:

„Sú hugmynd, sem n. leggur höfuðáherzlu á að framkvæmd verði á vegum ríkisins vegna hátíðarársins, er bygging þjóðarhúss á Þingvöllum.“ Það er hennar till. „Um notkun slíkrar byggingar hefur nokkuð verið rætt í n., og hefur við þær umr. m. a. komið fram, að þar mundi vera hægt að setja Alþ. hverju sinni. Þá hefur verið rætt um, að þar gæti verið kjörinn staður fyrir þinghald ýmiss konar, bæði erlendra stofnana, sem við erum þátttakendur í, s. s. Norðurlandaráðs, og innlendra fjöldasamtaka. Yrði þjóðarhúsið jafnframt sýningarsalur og leikhús og tengt útileikvangi, svo að það mætti gegna sem bezt hlutverki sínu.“

Þarna er í skýrum dráttum mörkuð hugmynd n. um þjóðarhúsið á Þingvöllum, og eins og ég sagði áðan, finnst mér þessi hugmynd að ýmsu leyti aðlaðandi. Þó vil ég þar taka undan sumt, sem þarna er tilgreint. En þar sem talað er um notkun slíkrar byggingar, til þess að hægt sé að setja þar Alþ. hverju sinni, sýnist mér þar vera á ferðinni hugmynd, sem Helgi heitinn Hjörvar setti fram fyrir nokkrum árum um það, að komið yrði upp sal á Þingvöllum, þar sem Alþ. yrði sett hverju sinni. Hann lagði reyndar til, ef ég man rétt, að sá salur yrði á lögbergi hinu forna, en þess er ekki getið hér. Helgi Hjörvar ritaði um þessa hugmynd sína í framhaldi af umr., sem hér urðu um Alþingi á Þingvöllum, og var ekki reiðubúinn til þess, a. m. k. ekki að svo stöddu, að mæla með þeirri hugmynd, en setti fram þessa í staðinn. Vel mætti hugsa sér það, ef byggt yrði þjóðarhús á Þingvöllum, sem sérstaklega væri við það miðað m. a., að Alþ. yrði sett þar hverju sinni, að það yrði, ef mönnum sýndist svo, upphaf að alþingishúsi framtíðarinnar á Þingvöllum, sem ég fyrir mitt leyti hef sterka trú á að muni verða reist, þó að það verði kannske ekki í okkar tíð, sem hér eigum nú sæti í þessum sal. En ýmislegt annað, sem hér er tilgreint í áliti hátíðanefndarinnar um notkun þessa þjóðarhúss, finnst mér kannske minna til um, en það er engin ástæða til þess að vera að ræða það nú.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri óþarft að breyta eða fella niður 2. mgr. brtt. frá hv. fjvn., og færði það fram, að hann mundi gæta að því, meðan hann hefði forustu ríkisstj., að ekki yrði farið að veita fé til mikilla framkvæmda, sem n. kynni að ákveða, og dreg ég það ekkert í efa, að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. mundu hafa auga á slíku. En mér finnst þetta óviðkunnanlegt, að fela n. þetta vald, og geri eiginlega ekki ráð fyrir því, að hún óski eftir því. Mér sýnist, miðað við þetta orðalag, að í þessu geti falizt það, ef n. kæmist að þeirri niðurstöðu, að það ætti að reisa einhverja stórbyggingu, að hún gæti farið að tryggja sér lóð fyrir hana og grafa fyrir henni samkv. þessari till., eða ef hún ákvæði að leggja til, að það yrði ráðizt í einhverja mikla útgáfu, gæti hún byrjað á byrjuninni, að semja við menn um slíkt, og annað þess háttar. Mér finnst fara betur á því að fella þetta niður. En ef hv. þm. vilja hafa þetta svona, eins og það er, getur náttúrlega vel verið, að það komi ekki að sök, eins og hæstv. forsrh. sagði. En ég hef litið þannig á, að þessu máli lægi ekkert á núna næstu mánuðina, það þyrfti ekki að gera annað í því en fela n. að halda áfram störfum og gera ákveðnari till. en hún hefur gert, það sé ekki ástæða til að hún sé að gera meira í sumar, hefja neinar undirbúningsframkvæmdir tillagna, og Alþ. muni þá með haustinu taka þetta mál til nýrrar athugunar og þá verði ákveðið, hvað gert verði.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það var í tilefni af þeim útúrsnúningum, sem komu fram bæði í ræðu hæstv. forsrh. og hv. 3. þm. Norðurl. e., sem ég kvaddi mér hljóðs. Það má vel vera, að þetta þskj. sé verr unnið en venja er um þskj. hér á hv. Alþ. Þó held ég, að ef menn lesa það með réttum gleraugum, muni það ekki reynast. Og fyrir okkur í fjvn. í þessu máli fór forseti sameinaðs Alþ., og tel ég það nokkra tryggingu fyrir því, að sæmilega hafi verið að málinu unnið. Ég held líka, að það ætti að vera ljóst þeim, sem vilja sjá, að í grg. eða í nál. hv. fjvn. kemur það greinilega fram, hvað n. vill. Hins vegar finnst mér, að hæstv. forsrh. og hv. 3. þm. Norðurl. e. hafi viljað skilja það á annan veg.

Fjvn. tekur það skýrt fram, að hún er alveg mótfallin hugmyndinni um þjóðarhús á Þingvöllum. Það kom fram nú í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e., að hugmyndin um þjóðarhús á Þingvöllum er í raun og veru upphaf að því að staðsetja Alþ. á Þingvöllum, og þeir, sem skrifuðu ekki undir nál. með fyrirvara, eru mótfallnir því. N. tekur það líka fram, að hún sé hlynnt bókaútgáfu, en ekki í því formi, sem fram kemur hjá þessari hátíðanefnd. En hún leggur líka áherzlu á, að það eigi að gera út um alfriðun vissra svæða á Þingvöllum, það eigi að friða viss svæði á Þingvöllum, sem eigi hvorki með byggingum né öðru að breyta. Og það, sem fjvn. leggur sérstaka áherzlu á, er bygging alþingishúss. Það er hennar mat, að það eigi að ganga fyrir öðru og eigi að nota þetta afmæli til þess að hrinda því verki í framkvæmd. Það er nm. ljóst, að hér er ekki um það að ræða, að slíku stórverki geti verið lokið á landnámsafmælinu. En hitt er þeim jafnljóst, að með því að ákveða um byggingu alþingishúss og hefja verkið, er það mál leyst, og það leggur fjvn. áherzlu á, að þetta landnámsafmæli verði einmitt notað til þess að hrinda því nauðsynlega og merkilega verki í framkvæmd, og telur, að íslenzka þjóðin, sem býr við elztu löggjafarsamkomu í veröldinni, eigi að nota þessa

hátíð til þess að minnast þess á verðugan hátt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að jagast við hv. síðasta ræðumann, en vil bara algerlega mótmæla því, að ég hafi snúið út úr nál. eða till. n., og skora á hann að finna þeim orðum stað, ef hann getur.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég held, að það hljóti að standa þannig á, að hv. 3. þm. Vesturl. hafi ekki verið í salnum, þegar ég talaði hér áðan, og að einhver hafi flutt honum eitthvað brenglaða frétt af því, sem ég sagði um þetta mál, því að annars mundi hann ekki hafa sagt, að ég hefði farið með útúrsnúninga í minu máli. Það gerði ég svo sannarlega ekki. Og ef einhver er þeirrar skoðunar og hefur sagt hv. þm. slíkt, þá vil ég algerlega mótmæla því, að ég hafi verið með nokkra útúrsnúninga í þessu máli. Ég tel mig hafa rætt það algerlega málefnalega og hef enga ástæðu til annars og ekki ástæðu til þess að snúa út úr fyrir neinum. Hins vegar vil ég segja það, að mér finnst, að það hafi verið dálitið misheppnað, ef hv. fjvn. hefur farið að líta á sig þennan hálftíma eða svo, sem hún var að athuga þetta mál, sem eins konar þjóðhátíðarnefnd, sem ætti að fara að gera sundurliðaðar till. um, hvað gera skyldi og ekki mætti gera í sambandi við hátíðina.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil bara taka það fram, að ég heyrði bæði ræðu hæstv. forsrh. og hv. 3. þm. Norðurl. e., þurfti því engan að láta flytja mér frásögn af því. Ég endurtek það, að það var um útúrsnúning að ræða í báðum þessum ræðum, og vitna til þess, að sagan um víkingaskipið, sem hæstv. forsrh. vék að, var útúrsnúningur út úr nál. fjvn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil mótmæla þessu algerlega. Það var fsp., sem ég bar fram til n., og ég hef ekki fengið henni svarað enn þá.

ATKVGR.
Brtt. 608 felld með 24:9 atkv.
Brtt. 554 (ný tillgr.) samþ. með 35:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 609).

12. Vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968.

Á deildafundum 10. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968 [184. mál] (A. 419).

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þáltill. til endurskoðunar á vegáætlun fyrir árin 1967—1968 er flutt samkv. því, sem fyrir er mælt í 17. gr. vegal., nr. 71 30. des. 1963, en þar er kveðið svo á, að vegáætlun skuli endurskoðuð, er hún hefur gilt í 2 ár.

Frá því að vegáætlun fyrir árin 1965—1968 var samþ., hefur ráðstöfunarfé vegasjóðs verið aukið með breyt. á vegal. Af þessu svo og af því, er af verðlagsbreytingum leiðir, er bæði tekna- og gjaldahliðin í áætlun fyrir árin 1967 og 1968 þannig, að nauðsyn er á leiðréttingum.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. alþm. hafi búizt við því, að þessi þáltill. yrði lögð fram fyrr á þessu þingi, og er ekki nema eðlilegt, að svo hafi verið. Eðlilegast hefði verið, að þáltill. hefði verið lögð fram á s. l. hausti og endurskoðuninni hefði verið lokið fyrir áramót. Þetta varð ekki, og var það vegna þess, að vegamálastjóri og samgmrn. hafði þessi mál til athugunar í vetur og þurfti að vinna að þeim málum með hliðsjón af því, sem gerzt hefur, bæði um verðlagsbreytingar svo og skemmdir og annað, sem orðið hefur vegna náttúruhamfara. En enda þótt dregizt hafi að leggja till. fram, er enginn skaði skeður, vegna þess að framkvæmdir á vegum vegagerðarinnar hefjast ekki að verulegu leyti fyrr en að vorinu.

Svo geta hv. þm. deilt um, hvort þeim líkar það, sem hér er lagt til, hvort þeir hefðu viljað hafa það á annan veg. Eitt er þó sennilega víst, að flestir hv. þm. hefðu óskað eftir því, að meira fé væri veitt til vegasjóðs í sambandi við endurskoðun vegáætlunar heldur en hér er lagt til. Því verður þó ekki neitað, að aukning vegafjárins hefur verið veruleg, síðan vegal. voru samþ. 1963 og fyrst var farið að vinna eftir nýju l. 1964. Það hefur orðið veruleg aukning, eins og sjá má á fskj. I, sem er með þessari till. 1964 er áætlað vegafé til ráðstöfunar frá vegasjóði 242.1 millj. kr., 1965 263.7 millj. kr., 1966 254.4 millj. kr., 1967 264.4 millj. kr. og 1968 278 millj. kr. Síðan 1964 hafa tekjur vegasjóðs aukizt um 163.2 millj. kr. Nokkur hluti af þessari aukningu hefur farið til þess að mæta verðhækkunum og auknum kostnaði við framkvæmdirnar. En meiri hl. hefur farið til þess að vinna ný verk, sem ekki voru með í fyrstu áætluninni. Það má þess vegna segja, að samkv. nýju vegal. hafi vel tekizt að þessu leyti, og þrátt fyrir verðbreytingar hefur vegasjóður staðið að öllu leyti við þær skuldbind-

ingar, sem hann hefur tekið á sig samkv. vegáætluninni 1964 og aftur 1965. Ég er sannfærður um, að út af fyrir sig eru hv. þm. ánægðir með, að svo skuli vera, sérstaklega vegna þess, að því hafði verið haldið fram, að vegasjóður væri í rauninni gjaldþrota. En að vera gjaldþrota er það að geta ekki staðið við þær greiðslur, sem aðili hefur skuldbundið sig til þess að mæta. Ég er sannfærður um, að þeir, sem hafa trúað því, að svo væri, eru mjög ánægðir með, að það reyndist ekki vera svo, og sjá, að vegasjóður er fær um að inna af hendi þær skuldbindingar, sem hann hefur tekið að sér, og vinna þau verk, sem eru í vegáætluninni.

Á árinu 1967 er gert ráð fyrir, að vegasjóður hafi í tekjur 390.2 millj. kr. Frá því dragast endurgreiðslur, þ. e. benzínendurgreiðsla og áætluð endurgreiðsla þungaskatts, samtals 21.9 millj. kr. Eftir verða þá 368.3 millj. kr., tekjur vegasjóðs áætlaðar á þessu ári. En vonir standa til, að tekjur vegasjóðs á þessu ári verði nokkuð meiri en áætlað er, eins og reynzt hefur undanfarin ár, þannig að af tekjum ársins 1967 megi yfirfæra einhverja upphæð, kannske álitlega upphæð til ársins 1968.

Til viðbótar þessum 368.3 millj. kr., sem vegasjóður hefur til umráða samkv. áætluninni, er gert ráð fyrir að það verði unnið að Mývatnssveitarvegi á þessu ári, en sá vegur mun kosta samkv. áætlun 52.6 millj. kr. Sá vegur verður greiddur að öllu leyti af ríkisins fé. Á þessu ári verður unnið fyrir 30 millj. kr. og verður því það fé, sem vegasjóður fær til ráðstöfunar ásamt þessu ríkisframlagi, 398.3 millj. kr. Þess skal geta, að þessi vegur hefði ekki verið lagður svona fljótt, ef kísilgúrverksmiðjan hefði ekki verið byggð. En þessi vegur hefði komið seinna og er sveitunum í Þingeyjarsýslu til mjög mikils hagræðis, og væri því rangt að segja, að hann væri byggður eingöngu vegna kísilgúrverksmiðjunnar. Ég hef heyrt Þingeyinga fagna því út af fyrir sig, að þessi vegagerð kemur, og þótt vegasjóður hafi ekki enn tekið við þessum vegi, er þetta vegaframkvæmd, sem borguð verður af ríkinu og ríkið leggur fé til.

Auk þess verða tekin lán samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstj. á þessu ári, 81 millj. kr., og verður því það fé, sem verður til ráðstöfunar í vegagerð á þessu ári, nærri 480 millj. kr. Af því munu fara 42 millj. í vaxta- og afborganagreiðslur af fyrri lánum. Verða þá um 440 millj. kr. til framkvæmda á þessu ári, og er það út af fyrir sig allmikið framkvæmdafé, enda þótt margir þm. mundu óska eftir því að hafa enn meira til ráðstöfunar, því að enginn getur neitað því, að það er þörf á því að fá meira fé til veganna heldur en við nú höfum. Árið 1966 var ráðstafað úr vegasjóði 309 millj. kr. á móti 368.3 nú plús 30 millj. til Mývatnssveitarvegar. Má því segja, að veruleg aukning sé á vegafé hjá vegagerðinni að þessu sinni miðað við s. l. ár.

Tekjur vegasjóðs áætlast þannig árin 1967 og 1968: Tekjur af benzíngjaldi 1967 260.6 millj. kr., 1968 273.8 millj. kr. Tekjur af þungaskatti 1967 71.2 millj. kr., 1968 75.5 millj. kr. Tekjur af gúmmígjaldi 13.2 millj. kr. 1967 og 14.7 millj. 1968. Ríkisframlag 1967 27 millj. kr. og eftirstöðvar tekna frá fyrra ári 18.2 millj. kr. Ekki er reiknað með ríkisframlagi 1968, en í grg. fyrir þessari till. er tekið fram, að reiknað sé með því, að ríkissjóður leggi til fé á árinu 1968, ef til þess kæmi, að skemmdir yrðu á vegamannvirkjum af náttúrunnar völdum, eins og orðið hefur á síðasta ári. Þá má og reikna með, að eftirstöðvar tekna frá árinu 1967 yfirfærist á árið 1968 og ráðstöfunarfé 1968 verði nokkru meira en hér er reiknað með.

Þær framkvæmdir, sem lagt er til að verði teknar nýjar inn á vegáætlunina, eru brýr, þ. e. Jökulsá á Sólheimasandi, sem áætlað er að kosti 12 millj. kr., Eldvatn í Ásum 3 millj. kr., Gljúfurholtsá og Bakkárholtsá í Ölfusi 2 millj. kr. 1967 og 2 millj. kr. 1968. Þær eru áætlaðar 17 millj. kr. þessar brýr á þessu ári og auk þess 2 millj. kr. á árinu 1968, önnur brúin í Ölfusi.

Þá er gert ráð fyrir að taka nýjar vegaframkvæmdir inn í áætlunina, og er lagt til, að Grundarfjarðarvegur, sem kostar 1.2 millj., verði tekinn inn í áætlunina, Vesturlandsvegur í Gilsfirði 1.3 millj., Strandavegur sunnan Hólmavíkur 0.7 millj., Austurlandsvegur 3 millj. Í grg. segir, að allar þessar fjárveitingar til þjóðvega séu miðaðar við að ljúka ákveðnum vegaköflum, sem valda sérstökum erfiðleikum vegna vetrarumferðar, og í því sambandi ekki hvað sízt vegna læknisþjónustu og mjólkurflutninga um tvo fyrst nefndu vegina. Á Strandavegi er fjárveitingin til greiðslu lána, sem sýslunefnd tók á s. l. ári til þess að fá nothæft vegasamband að vetri til milli sveitarinnar og kauptúnsins. Á Austurlandsvegi er fyrst og fremst ætlazt til þess, að þetta fé fari til að tryggja samband yfir Breiðdalsheiði og Hróarstungu til Egilsstaða vegna læknisþjónustu og samgangna við flugvöll. Að öðru leyti eru fjárveitingar til einstakra vega óbreyttar.

Þá er einnig í sambandi við brýrnar, þessar nýju, sem gert er ráð fyrir, að teknar verði í vegáætlun, þ. e. Jökulsá á Sólheimasandi. Brúin á Jökulsá á Sólheimasandi var byggð á árunum 1921—1922 og var þá höfð 200 m löng vegna jökulhlaupa, sem koma í ána. Farvegur árinnar er mjög grýttur á brúarstæðinu, og þegar brúin var byggð, voru engin tök á að grafa djúpt fyrir stöplum, þar sem beita varð eingöngu handverkfærum. Af þessum sökum hefur áin grafið undan stöplum nokkrum sinnum. Árið 1945 lokaðist brúin á aðra viku af þessum sökum, og seig þá landstöpull að austan um 1 metra. Haustið 1965 hrundi vesturlandstöpull brúarinnar, og var hún þá stytt um eitt haf eða 20 m. Í janúar s. l. gróf enn á ný undan einum millistöpli með þeim afleiðingum, að öll umferð tepptist á aðra viku. Þar sem brúin á

Jökulsá er eina samgönguleiðin fyrir alla byggðina í Vestur-Skaftafellssýslu, er óhjákvæmilegt að byggja brúna þegar á þessu ári, því að í nýju flóði gæti hæglega farið svo, að brúin hryndi alveg, og það gæti tekið marga mánuði að koma upp bráðabirgðabrú. Er ráðgert að endurbyggja brúna nokkuð neðan við gömlu brúna, þar sem reka má staura undir stöpla. Er kostnaður við þessa brúargerð áætlaður um 12 millj. kr.

Þá er það brúin á Eldvatni í Ásum. Ný brú var byggð á Eldvatni í Ásum árið 1965. Var sú brú 54 m löng og kom í stað 24 m langrar járnbitabrúar með timburgólfi, sem byggð var árið 1910. Þessi nýja brú var byggð við hlið-ina á gömlu brúnni, sem var svo rifin. Þessi nýja brú átti einnig að leysa af hólmi járn-grindabrú frá 1930 hjá Stóra-Hvammi og veg-inum austur Eldhraun breytt í samræmi við það. Í hlaupi, sem kom í Skaftá í lok nóvem-ber 1966, sópaðist burtu klettur í miðri ánni, sem gamla brúin hafði staðið á, og einn af millistöplum nýju brúarinnar einnig. Við þetta seig brúin mikið og varð ófær til umferðar. Í flóðinu lækkaði farvegur árinnar um 5 m og foss, sem verið hafði nokkuð neðan við brúna, færðist upp fyrir hana. Við könnun á þykkt hraunhellunnar, sem er austan við ána, kom í ljós, að hún er 15 m þykk, en undir henni 7 m þykkt lag af jarðvegi. Hefur sá jarðvegur verið fyrir, þegar hraunið rann fram með Skaftártungu 1789. Engin leið var að sjá þetta fyrir, þar sem hvergi í gljúfrinu var annað að sjá þarna en heila klöpp. Í lok janúar hrundi annar millistöpull brúarinnar, sem stóð á austurbakka árinnar, og þá hrundi öll yfirbygging brúarinnar. Ráðgert er að end-urbyggja brúna á sama stað, en lengja hana um 10 m austur á hraunið, en nota stöplana að vestan. Kostnaður við þetta er áætlaður 3 millj. kr.

Þá eru það brýrnar í Ölfusinu, Gljúfurholtsá og Bakkárholtsá. Endurbygging þessara brúa var ekki áður á vegáætlun, en talið er óhjá-kvæmilegt að byggja þær í ár vegna flutninga á þungum vélahlutum að Búrfellsvirkjun, en brýr þessar eru 41 árs gamlar og hafa verið verulegur farartálmi um nokkurt skeið. Verða brýr þessar byggðar með tveim akreinum og munu falla inn í framtíðarveglínu milli Hvera-gerðis og Selfoss. Er áætlað að byggja báðar brýrnar í ár, en Landsvirkjun muni aðstoða við greiðslu á helmingi kostnaðar til næsta árs.

Þetta eru skýringarnar á því, að lagt er til að taka þessar brýr inn í vegáætlunina og einnig þá vegi, sem ég nefndi hér áðan.

Þá er hér á bls. 2 á þessu þskj. sýnt, hvernig skipting gjaldanna verður. Viðhalds-kostnaðurinn reiknaður á árið 1967 er 139.3 millj. kr. og 1968 145.2 millj. kr. Viðhaldskostn-aður 1966 var 126 millj. kr. og 1965 um 100 millj. kr. Er því lagt til að auka viðhaldsfé nokkuð, og kemur það m. a. til af því, að gert er ráð fyrir að breyta snjómoksturs-reglunum frá því, sem verið hefur. Er gert ráð fyrir, að þær breytingar hafi nokkurn aukinn kostnað í för með sér, 1 millj. á árinu 1967 og 4—5 millj. á árinu 1968. Snjómoksturs-kostnaðurinn er alltaf áætlaður og er ákaf-lega mismunandi frá ári til árs. Eitt árið var hann aðeins 6 millj., og eitt árið fór hann upp í 17 millj. En það hafa margir ósk-að eftir því, að reglunum væri breytt og þær væru rýmkaðar, og er gert ráð fyrir, að svo verði núna.

Þá er gert ráð fyrir að verja til nýrra þjóðvega á árinu 1967 66.9 millj. og 1968 62 millj. Til nýrra fjallvega 1967 2 millj. 280 þús. og sömu upphæð á árinu 1968. Til brúargerða er gert ráð fyrir að verja á árinu 1967 63 millj. 890 þús., en á árinu 1968 hefur enn ekki verið gert ráð fyrir nema 41 millj. 885 þús. Til sýsluvegasjóða eru 13.2 millj. 1967 og 13.3 millj. 1968. Til vega í kaupstöðum og kaup-túnum 50 millj. 160 þús. 1967, 42 millj. 750 þús. 1968. Til véla- og áhaldakaupa 12 millj. 1967, 13 millj. 1968. Til byggingar áhaldahúss 2 millj. 1967 og 2 millj. 1968. Til tilrauna í vegagerð 2 millj. 64 þús. 1967, 1710 þús. 1968. Niður-staðan er 368 millj. 300 þús., eins og áður er að vikið.

Þá er hér tilgreint, hvernig sundurliðun fjárveitinga til nýrra þjóðvega er, einnig til fjallvega, sundurgreining til brúargerða og hraðbrauta, en það er ekki gert ráð fyrir, að fjárveiting til hraðbrauta breytist frá því, sem er í gildandi vegáætlun. Þá er gert ráð fyrir því, að vinna megi við ýmsar hrað-brautir, Vesturlandsveg, Suðurlandsveg, Hafn-arfjarðarveg, Reykjanesbraut, Engidalur—Keflavík, Reykjanesbraut um Breiðholt fyrir 91.5 millj. á árinu 1967 og 100 millj. 1968, ef fjár verður aflað til þessara framkvæmda. Og þá er einnig gert ráð fyrir að vinna að þjóðbrautum á árinu 1967 fyrir 35.7 millj. og 17.6 millj. 1968, ef fjár verður aflað til þess að vinna þessar framkvæmdir, en í þjóðbraut-unum er unnið samkv. Vestfjarðaáætluninni, og sumt af því, sem hér er tilgreint, er þegar búið að vinna, svo sem Múlaveg og annað, og er tekið inn í framkvæmdaáætlun ríkisstj. þetta ár. Og þá eru það landsbrautir, 3.4 millj. 1967 og 4.8 millj. 1968. Þá eru það framkvæmd-ir við Mývatnssveitarveg, sem ég áðan lýsti.

Þá er hér grg. um benzíngjaldið og tekjur af því á bls. 10, og tel ég ekki ástæðu til þess að vera að lesa það upp. Eins er með þungaskattinn, gúmmígjaldið, ríkisframlagið og eftirstöðvar tekna fyrri ára, sem hér er kallaður halli. Því orði hef ég nú tæplega verið samþykkur, en það skiptir ekki máli. Þetta, sem kallað er halli, er það, sem fram-kvæmdir hafa farið fram yfir upphaflega áætlun, en framkvæmdirnar hafa ekki verið látnar gjalda þess, vegna þess að fé hefur verið fyrir hendi til þess að vinna fram-kvæmdirnar, þótt þær hafi kostað meira en áætlað var í upphafi.

Þá er hér á bls. 11 skipting útgjalda, stjórn og undirbúningur, eftirlaunagreiðslur til verk-stjóra, skrifstofukostnaður, verkfræðilegur

undirbúningur framkvæmda, umferðartalning, umferðareftirlit o. s. frv., og það er vitað mál, að nú er meiri þörf en oft áður á því að hafa umferðareftirlit, sérstaklega vegna þess að bílarnir eru orðnir svo stórir og menn hlaða þessa bíla gjarnan of mikið, þannig að burðarþoli veganna er íþyngt um of. Á vegum erlendis er talið, að það sé tæplega hafandi meiri öxulþungi en 12—13 tonn, en það eru dæmi til þess, að hér hefur öxulþungi verið allt upp í 18 tonn. Má segja, að þá sé öryggi bílstjóra og farþega stefnt í hættu, þegar ökutækið er þannig hlaðið langt umfram það, sem það er gefið upp fyrir.

Þá er á bls. 13 grg. um viðhald þjóðvega, á bls. 15 gerð grein fyrir þeim hækkunum, sem orðið hafa, vegmerkingar, tryggingar og orlof o. s. frv., um hraðbrautir, og á bls. 16 landsbrautir og girðingar og uppgræðsla með vegum, sem tekin var upp, þegar vegal. voru endurskoðuð síðast. Grg. um fjallvegi og brúargerðir eru á bls. 17, sem skýra sig sjálfar, til sýsluvega, vega í kaupstöðum og kauptúnum, grg. um áhaldakaup, sem hafa orðið talsvert meiri en reiknað var með í fyrstu. Þá er gert ráð fyrir, að byggt verði áhaldahús og byrjað verði á því á þessu ári.

Hér er svo að lokum á bls. 22 um hraðbrautir, en hraðbrautir er oft talað um í sambandi við vegaframkvæmdir. Og allir hv. þm. vita þá, hvað við er átt. Það eru vegir, sem hafa daglega umferð 1000 bíla eða meira, og samkv. vegatalningu er talsvert á fjórða hundrað km, sem teljast til hraðbrauta nú. Það er Suðurlandsvegurinn austur á Skeiðavegamót, það er Vesturlandsvegurinn upp í Borgarfjörð og nokkur vegarkafli út frá Akureyri. Sannleikurinn er sá, að með þessari miklu umferð er erfitt að halda vegunum við með því að bera möl í þá til viðhalds. Þess vegna verður því ekki frestað um mörg ár að gera varanlegt slitlag á þessa vegi. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að undirbúa þessar framkvæmdir, og skipuð var nefnd nú í vetur til þess að gera könnun á því, hvernig heppilegast væri að standa að þessu. N. vinnur að þessum málum, og komið hefur í ljós, að undirbúningur hraðbrauta tekur mikinn tíma og krefst mikils kostnaðar. Auk venjulegs verkfræðiundirbúnings krefst undirbúningur almenns samkeppnisútboðs um slíkt verk og mikillar vinnu, og lánastofnanir krefjast margs konar athugana og áætlunargerðar, er sýni og staðfesti hagkvæmni slíkra framkvæmda. Það er því augljóst, að nauðsynlegt er að hefja þennan undirbúning af fullum krafti sem fyrst, ef von á að verða til þess, að hægt verði að byrja framkvæmdir fyrir alvöru sumarið 1969, en þá hefst nýtt áætlunartímabil í vegagerð. Það má skipta, að talið er, nauðsynlegri undirbúningsvinnu á eftirfarandi hátt:

Í fyrsta lagi þarf að gera almenna samgönguáætlun fyrir landið í heild, sem hafi það markmið að skapa grundvöll fyrir samanburði á hagkvæmni mismunandi leiða til þess að leysa samgönguvandamálið. Slík athugun mundi m. a. stefna að því að meta nauðsyn á og efnahagslegan ávinning af lagningu hraðbrauta og bera þá saman nauðsyn annarra framkvæmda í samgöngumálunum. Slík athugun er nauðsynleg bæði fyrir Íslendinga sjálfa, til þess að marka framtíðarstefnu í samgöngumálum, en auk þess er líklegt að hugsanlegir lánveitendur muni telja hana nauðsynlega til staðfestingar á efnahagslegu gildi framkvæmdarinnar. Þessi athugun ætti ekki að kosta mjög mikið fé, og á Efnahagsstofnunin að geta tekið hana að sér, t. d. með aðstoð eins eða tveggja norskra sérfræðinga, sem kunnugir eru sams konar vandamálum.

Annar þáttur er svo verkfræðilegur undirbúningur að lagningu þeirra hraðbrauta, sem nauðsynlegar virðast, ásamt mati á hagkvæmustu legu þeirra og gerð. Hér er um mjög umfangsmikla og kostnaðarsama starfsemi að ræða, sem Vegagerð ríkisins getur ekki tekið að sér nema með stórauknum mannafla. Verður líklega óhjákvæmilegt, að erlent verkfræðingafyrirtæki verði ráðið til þess að vinna að þessum störfum í náinni samvinnu við Vegagerð ríkisins og verkfræðinga hennar. Þess má geta, að vegamálastjórinn er þeirrar skoðunar, að það muni verða óhjákvæmilegt, að vegagerðin fái stóraukinn mannafla til þess að vinna að þessum málum, og ekki talið óheppilegt, að erlent verkfræðifirma taki þetta að sér undir umsjón eða í náinni samvinnu við vegamálastjóra. Þessi undirbúningur mun kosta allmikið fé, og er eðlilegt að sá kostnaður verði færður sem stofnkostnaður á þau verk, sem unnin verða eftir þessari áætlun. Nauðsynlegt er, að hafizt verði handa á þessu ári um þennan undirbúning og unnið af krafti á næsta ári, til þess að útboðslýsingar geti legið fyrir haustið 1968 og hefja megi framkvæmdir á árinu 1969 með nýrri vegáætlun.

Það er gert ráð fyrir, að það megi útvega allt að 40% af kostnaðinum að láni erlendis. En hvernig hinn hlutinn verður útvegaður, fer vitanlega eftir því, hvað ríkisstj. og Alþ. leggja til í því máli. En það er ljóst, að það þarf mikið fjármagn, og er gert ráð fyrir, að um 230 km af hraðbraut með varanlegu slitlagi muni kosta um 1500 millj. kr. Hér er mikið verk að vinna, og það þarf samstillt átak, til þess að það megi takast, og þetta verk þarf að vinna fljótt og þarf að vinna vel. En það þarf undirbúning, og þess vegna þarf engan að undra, þótt ekki verði gert stórt átak í hraðbrautarlagningu á þessu ári eða næsta, vegna þess að það hefur ekki tekizt sá nauðsynlegi undirbúningur undir þær framkvæmdir enn sem komið er, til þess að hægt sé að byrja.

Ég tel, herra forseti, að það sé ekki ástæða til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu. Ég reikna með, að það verði umræður um þá till., sem hér liggur fyrir um þetta mál, svo mikið hagsmunamál sem það er öllum, og þess vegna gefst kostur til þess að taka þá til máls aftur, en ég vil

leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. samgmrh., sem hann flutti hér í dag, þegar hann talaði fyrir vegáætluninni, að vegáætlunin væri seint tilbúin og seint á ferð hér í hv. Alþ. Engan skal nú undra, þótt hæstv. ráðh. sæi ástæðu til að taka þetta fram, því að vegáætlunin, till. til þál. um vegáætlun, var lögð fram nú þann 10. apríl s. l. eða fyrir tveimur dögum, og það er gert ráð fyrir, að Alþ. ljúki störfum eftir viku, svo að hér skýtur nokkuð skökku við. Í 14. gr. vegal., sem ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa, þar segir svo:

„Leggja skal fyrir sameinað Alþingi till. til þál. um vegáætlun samkv. 10. gr. samtímis frv. til fjárl. Sama gildir um till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar."

Það átti að leggja þessa þáltill. fyrir, um leið og fjárlagafrv. var lagt fyrir þann 10. okt. s. l. Það munar nú æðimiklu, eins og hv. þm. geta séð, og var kannske ekki að undra, þótt hæstv. ráðh. kæmi þar aðeins að. Nú hefur ekki verið gert mikið veður út af því hér á hv. Alþ., þó að það hafi ekki verið farið eftir laganna bókstaf um það að leggja vegáætlunina fram jafnhliða fjárlagafrv. En að ætla Alþ. vikutíma til þess að fjalla um endurskoðun vegáætlunarinnar má nú heita að sé sama, hvort gert er eða hvort endurskoðunin er nokkuð lögð fyrir þingið. Það, sem hér er verið að gera, er það, að það er verið að sýna hv. Alþ. eins mikla lítilsvirðingu í sambandi við þetta lagafrv. og frekast er hægt að sýna hv. Alþ. Og ég vil leyfa mér að mótmæla slíkum vinnubrögðum, að Alþ. sé ætlað að hafa eina viku til þess að fjalla um jafnmikið stórmál og vegáætlunin er, jafnvel þótt um endurskoðun sé að ræða, og ekki sízt þegar lagafyrirmæli eru um það, að slíka till. eigi að leggja fyrir jafnhliða fjárlagafrv. að haustinu til.

Annars er þetta ekki einsdæmi um vinnubrögð hæstv. ríkisstj., bæði á þessu þingi og á þingum undanfarandi ára. En þó fer það nú svo, að það versnar með hverju þinginu sem líður. Nú þessa síðustu dagana hefur verið haugað hér inn á hv. Alþ. hverju stórmálinu á fætur öðru, án þess að Alþ. geti haft nokkurn tíma til þess að sinna málunum. Þar vil ég nefna frv. um skólakostnað, endurskoðun skólakostnaðar, og hafnarlög og fleiri stóra lagabálka, lagabálka, sem koma við hvert einasta heimili í landinu, eins og skólamálin. En ég er undrandi yfir því, að slík vinnubrögð skuli geta átt sér stað, að hv. Alþ. sé boðið upp á það að hafa eina viku til þess að fjalla um vegáætlunina. Það er ekki enn þá farið að afgreiða hana til fjvn., og Alþ. á að ljúka eftir viku. Hér eru furðuleg vinnubrögð á ferðinni og furðuleg lítilsvirðing við hv. Alþ., sem ég vona að hæstv. ríkisstjórnir, hverjar sem verða, endurtaki ekki.

Út af vegáætluninni vil ég svo segja það, að það vakti hjá mér nokkra undrun, að hæstv. ráðh. virtist vera hinn ánægðasti með vegáætlunina og framkvæmdina á vegamálunum yfirleitt. Það verður að segjast eins og er, að það getur stundum verið gott að vera nægjusamur, en hins vegar sýnist mér, að hér sé nægjusemin gengin úr hófi fram. Í þessari vegáætlun eða við endurskoðun vegáætlunarinnar er gert ráð fyrir að auka framkvæmdafé í landsbrautum um 800 þús. á öllu landinu frá gildandi vegáætlun. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, hve mikið kann að vinnast fyrir þetta í vegum, eins og nú er komið. Og það á að auka framkvæmdafé í þjóðbrautum um 6.2 millj. kr. Það á sem sagt að auka framkvæmdafé í þjóðbrautum og landsbrautum lítið eitt meira en kostnaðurinn hefur aukizt, síðan vegáætlunin var gerð fyrir tveimur árum. Það mun vera rúm millj. kr. til raunverulegrar framkvæmdaaukningar í þjóðbrautum og landsbrautum frá því, sem þá var. Þannig er búið að landsbyggðinni, og er sem sagt lögð fyrir hér endurskoðun á vegáætlun, sem inniheldur þetta. Það sjá nú allir, hvaða reisn er yfir þessum vinnubrögðum og yfir vegáætlun, till. til vegáætlunar, sem hefur inni að halda slíkan boðskap.

Það hefur að vísu oft verið gert hér áður að rifja það upp, hve samstaða hv. þm. var mikil, þegar var verið að afgreiða vegal., og það var almennt skoðun manna, að þau mundu leiða til þess, að stórt átak yrði gert í vegamálum. Það hefur hins vegar sýnt sig, að stórátakið hefur ekki verið gert. Það er búið að hækka benzín- og þungaskattinn síðan 1963 um hátt í 200 millj. kr. með því að hækka tekjustofninn, og árangurinn er eins og okkur er öllum kunnugt. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, að á þessum tíma hefur umferðin í landinu aukizt verulega. Það munu hafa verið fluttar inn í landið á tveim síðustu árum um 7—8 þús. bifreiðar og allar bifreiðar, sem nú er verið að flytja inn, *sérstaklega* til vöruflutninga og langferðabílar, eru miklu stærri en áður hefur verið.

Þrátt fyrir þessa þróun, sem orðið hefur í vegamálunum, er að vísu vegaviðhaldsféð hækkað nokkuð í krónutölu, en samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja á bls. 15 í þáltill. um vegáætlunina, er gert ráð fyrir því, að hækkunin til vegaviðhaldsins frá því, sem var, þegar áætlunin var gerð, sé um 17.2 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir, að hækkun vegna kostnaðar við snjómokstur frá því, sem gert var ráð fyrir í vegáætlun fyrir tveim árum, sé 7.2 millj. kr., hækkun vegna breytinga á reglum um snjómokstur 1 millj. kr. á árinu 1967, hækkun vegna náttúruhamfara sé 4 millj. kr., og svo kemur síðasti liðurinn, sem er greiðsla vegna bráðabirgðaláns, 1.8 millj. kr. Með þessum hætti kemur út sú tala, sem á að vera til þess að auka viðhaldsféð á yfirstandandi ári. Það sýnir okkur það, að

hér er ekki tekið tillit til umferðaraukningarinnar eða ástands veganna, eins og það nú er orðið. Það sýnir betur en margt annað, hvernig vegamálunum er komið, og vil ég í því sambandi geta þess, að hæstv. samgmrh. var að tala um það, að sumir töluðu um, að vegasjóðurinn væri gjaldþrota. Það má vel vera, að einhverjir hafi um það rætt, að vegasjóðurinn væri gjaldþrota, ég minnist þess þó ekki. Hinu hef ég haldið fram, að með því fjármagni, sem vegasjóðurinn hefði yfir að ráða núna, geti hann ekki valdið þeim verkefnum, sem hann ætti að sinna, og það er allt annað en gjaldþrot, og þess vegna væri það, sem viðhald þjóðvega drabbaðist niður. Þetta get ég endurtekið, því að þetta er deginum ljósara, og ég vil í þessu sambandi minna á það, sem stóð í skýrslu hæstv. samgmrh., sem lögð var fyrir Alþ. fyrir jólin í vetur, þar sem talað var um þetta, og þar segir svo m. a., — þetta er á bls. 4, — með leyfi hæstv. forseta:

„Ástand fjölförnustu malarveganna hefur í ár verið mun lakara en á s. l. ári, og það er orðið vonlaust verk að halda þessum vegum sæmilega akfærum með malarslitlagi."

Ég hef áður sýnt fram á það, að þarna er um stórt verkefni að ræða, verkefni, sem við komumst ekki hjá að taka tillit til og leysa. Í þessari vegáætlun er ekki gerð nein tilraun til þess að leysa þetta verkefni. Hæstv. vegamálarh. kom ekki heldur að því í dag, hvernig ætti að leysa það. Hann var hins vegar með vangaveltur í sambandi við áætlunargerð um hraðbrautirnar, en í till. þeirri til þál., sem hér er til meðferðar, er ekki stefnt að því að gera neitt átak í hraðbrautum. Það er aðeins ræða hæstv. ráðh. þar um, ræða um það, að nauðsyn beri til að fá erlenda verkfræðinga og annað því um líkt, en jafnframt lýst yfir, að fjármálahliðin sé með öllu óleyst. Og þegar ég tala um það, að vegasjóður valdi ekki verkefnum, miða ég m. a. við veginn hér upp í Mosfellssveitina. Ég tel ekki, að sá vegur sé orðinn fær, eins og hann er orðinn núna og hefur verið oftast nær í vetur. Ég álít, að það sé ekki fær vegur á aðalleið landsins, þegar hann er þannig, að á góðum bílum er ekki hægt að aka nema á 5—10 km hraða. Það gerir enginn á vegi, sem hann telur færan. Þetta er þó tengiliðurinn milli Vestur- og Norðurlandsins, Austurlands og Vestfjarða. Hér er verkefni, sem er ekki hægt að komast fram hjá að leysa og vegasjóðurinn veldur ekki. Þetta er staðreynd, og því verður ekki breytt, þó að hæstv. ráðh. fari að tala um gjaldþrot eða eitthvað því um líkt. Það er ekki það, sem um er að ræða, heldur hitt, að vegasjóður veldur ekki verkefninu. verkefni, sem er þó knýjandi nauðsyn og ekki er hægt að komast hjá að leysa.

Það má nú öllum ljóst vera líka, hvernig það verður í þjóðbrautunum á árinu 1967. Ég held, að það muni verða æðimargir, sem verði fyrir miklum vonbrigðum, þegar þeir fá þá frétt, að það eru aðeins fjórir vegir, sem á að leggja þjóðbrautarfé í til viðbótar því, sem fyrir var, og í heild eru þetta 6.2 millj. um allt landið. Það er hærri upphæð en er í landsbrautunum, sem er 800 þús. yfir landið í heild, en það sjá líka allir, að það er ekki fé til skipta. Föst lán í þjóðbrautum voru í árslok 1966 um 60 millj. kr., og afborganir og vextir af þessum lánum verða 9.9 millj. kr. á árinu 1967. Þetta þarf að taka af þjóðbrautarfénu í heild nú, þegar dæmið er gert upp, og fjárveiting til þjóðbrauta er samkv. till. hér á bls. 2 26.4 millj. kr. Af því fara 10 millj. í vexti og afborganir. Út af fyrir sig getur það verið skiljanlegt, að fjármagn sé ekki til að leysa þessi verkefni. En það er ekki skiljanlegt, að hæstv. ráðh. skuli standa hér á hv. Alþ. og tala um ágæti vegamálanna og tala um, hve vegasjóðurinn standi sig vel og hvað hann hafi leyst verkefnin vel. Það er það, sem ekki á við, og það er það, sem ég deili á hæstv. ráðh. fyrir.

Ég vil líka segja það, að það er með öllu óhugsandi að standa þannig að verkum eins og gert er hjá núv. hæstv. ríkisstj. í sambandi við vegamálin. Það er rokið til og lagður vegur að kísilgúrverksmiðjunni í Mývatnssveit fyrir 50 millj. kr. á þessu ári. Þó að það sé ekki hægt að leysa úr brýnustu verkefnum hjá vegagerðinni í landinu yfirleitt, þá var hægt að ná í peninga og það fljótlega og láta framkvæma verkið strax. Nú vil ég ekkert um það segja út af fyrir sig, það má vel vera, ég þekki það ekki, að fleiri hafi gott af þessum vegi en kísilgúrverksmiðjan ein. En ég segi það, að það þarf að taka þannig á fleiri verkefnum en þeim verkefnum, sem útlendingar hafa mest um að segja, eins og virðist vera stefna hæstv. ríkisstj., að þá sé til fjármagn til þess að leysa verkefnin, ef útlendir aðilar eiga að hafa þar eitthvað um að segja.

Ég verð að segja það, að eins og til er ætlazt með vinnubrögðunum í sambandi við vegáætlunina, er hv. alþm. ekki ætlað að hafa þar mikil áhrif, enda augljóst, þegar ein vika á að vera til að fjalla um málið. Enda verður fullkomlega ljóst við lestur þessarar till., að það er ekki mikið fé til skipta, því að það hefur ekkert nýtt fé komið hér til. Það, sem hefur gerzt, er það, að tekjustofnar þeir, sem búið er að sameinast um, gefa meiri tekjur en gert var ráð fyrir í áætluninni, enda búið að hækka stofninn nokkuð, og það var eina féð til að mæta verðbólguvexti síðustu ára. Hitt get ég ekki stillt mig um að minna hæstv. ráðh. á, að ekki hefði það verið nein ofrausn með 842 millj. kr. umframtekjunum á s. l. ári, þó að hefði verið skilað aftur að fullu 47 millj., sem ranglega voru af vegagerðinni teknar. Og ég hef ekki enn þá áttað mig á því, að þessi hæstv. ráðh. skyldi í fyrsta lagi láta kúga sig til þess að láta þetta af hendi, eins og hann hefur gert, og í öðru lagi sætta sig við að láta rétta sér aftur 27 millj. kr. nú, en taka ekki með alla

fjárhæðina. Það hefði haft ósköp lítið að segja í sambandi við viðskiptin við Seðlabankann, þó að það dæmi hefði verið gert upp. Og það var ekkert réttminna en viðskiptaskuldin hjá Seðlabankanum. Og fyrst þeir notuðu nú í mesta góðæri 100 millj. kr. varasjóðinn, sem átti að vera til hörðu áranna, til þess að gera upp viðskipti sín við Seðlabankann, hefði ekki verið nein ofrausn, þó að vegasjóði hefði verið skilað fullkomlega aftur sínu fé. Og það er enn fráleitara að hugsa sér það, að þannig skuli vera að þessum málum staðið, þegar ástand vegamálanna í landinu er svo sem raun ber vitni um. Og þegar við leggjum fram hér á hv. Alþ. nú till. til endurskoðunar á vegáætlun, sem felur í sér 7 millj. kr. hækkanir til þjóðbrauta, hraðbrauta og landsbrauta, þá hefði sannarlega ekki veitt af því að fá framlag ríkissjóðs að fullu.

Það verður að segjast eins og er, að því miður er í sambandi við framkvæmd á fjármálum vegal. orðin sorgarsaga allan tímann nema fyrsta árið. Það er eina árið, sem vegasjóður fékk þær tekjur, sem hann átti að fá. Það hefur líka sýnt sig í vegamálunum, hvernig þessi stefna hæstv. ríkisstj. gagnvart vegasjóði hefur leikið vegagerðina í landinu og mun leika áfram, ef hún nær að vera ríkjandi. Og ég vil endurtaka það, sem ég hef sagt hér áður, að ef ekki verður aukið fé til vegagerðarinnar í landinu, mun vegakerfið bresta undan ört vaxandi fjölda bifreiða, undan stærri bifreiðum ár frá ári, undan meiri vöruflutningum ár frá ári. Allt þetta gerir það að verkum, að vegakerfið mun bresta, ef ekki verður neitt að gert. Það eru þegar farnar að hrynja brýr undan umferðinni, og það eru fleiri brýr, sem hrynja á næstu árum vegna aukinnar umferðar, ef þær verða ekki teknar úr umferð áður. Vegamálin í landinu verða eftir sem áður, þegar búið er að afgreiða þessa vegáætlun hér á hv. Alþ., í jafnmiklu vandræðaástandi og þau voru, áður en vegáætlunin var lögð fram. En hinu ættu hv. alþm. að fara að gera sér grein fyrir, að þeir eiga ekki að þola slík vinnubrögð, að þáltill., sem á samkv. lögum að leggja fram í byrjun þings, skuli vera lögð fyrir Alþ. 10 dögum áður en á að slíta því, eins og nú er gert.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Vega- og brúakerfið hér á landi sem annars staðar er einn af aðalhornsteinum atvinnuþróunarar og lífæð viðskipta og þjónustu við fólkið í landinu. Það er því eðlilegt, að fulltrúar fólksins hér á hv. Alþ., alþm., einkum þeir, er einvörðungu verða að nota vegina og bifreiðarnar sem samgöngutæki, láti sig miklu varða, hvernig löggjafinn og þeir, sem kjörnir hafa verið til að undirbúa og framkvæma aðgerðir í vega- og brúamálum, haga sínum vinnubrögðum. Þetta er svo stórt og mikið mál, að fjöldi byggðarlaga á svo að segja alla tilveru sína og búsetu undir því, að vel og djarflega sé unnið að samgöngubótum í vega- og brúamálum. Það vita allir og viðurkenna, að landið er stórt, víðáttur miklar, auk erfiðra vatnsfalla og hárra heiðavega. Þess vegna er örðugt fyrir fámenna þjóð að koma upp öflugu vegakerfi um þetta land. En þótt svo sé, má ekki í það horfa að leggja fram ýtrustu getu til að framkvæma það verk, vegna þess að hér er um grundvallarframkvæmd að ræða, sem skiptir meginmáli fyrir atvinnu- og framleiðslumöguleika fjölda landsmanna. Og það verður aldrei of vel undirstrikað, að framleiðslan er höfuð atvinnuveganna, er það, sem allt annað hvílir á í landinu.

Ég vil nota þetta tækifæri til að minna á nokkur atriði, sem ég tel miklu varða fyrir samgöngur Sunnlendinga í sambandi við þá vegáætlun, sem hér liggur fyrir.

Fyrst vil ég minna á, að brýna nauðsyn ber til, að tekin verði í vegáætlunina sem allra fyrst brúargerð yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Þetta er grundvallarframkvæmd, sem vart þolir bið, til að tengja saman þorpin Stokkseyri—Eyrarbakka við höfnina í Þorlákshöfn. Þetta mál var ofarlega á baugi fyrir nokkrum árum, og ég ætla, að þm. Suðurlandskjördæmis hafi á sínum tíma verið búnir að heita íbúum þessara staða sínu fulltingi til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd, en af hvaða orsökum það hefur dregizt úr hömlu, er mér óskiljanlegt. En þetta er óbætanlegt tjón fyrir þessi þorp og suðurhluta Flóans, einnig Ölfusið, að ekki er unnið að þessu þarfaverki.

Þá er á það að benda, að með vegagerðinni yfir Þrengslin er það augljóst mál, að það hlýtur að vera mikið hagsmunamál, að vegagerðinni verði haldið áfram, komið austur að Ölfusárósum og brú sett þar á, vegna þess að það mundi auðvelda og bæta samgöngur við Suðurlandsundirlendið stórkostlega og ekki síst á vetrum. Má á það minna, að aðalþjóðvegurinn, sem nú liggur undir Ingólfsfjalli, er ákaflega erfiður oft og tíðum á vetrum vegna snjóþyngsla. Þetta vita þeir, sem búa þarna. En hitt er svo annað mál, að væri Þrengslavegurinn lagður með sjónum austur í þorpin þarna austur frá, væri þetta allt annað, auk þess sem svo kemur annað til greina, sem er ekki síst þýðingarmikið. Það liggur í augum uppi, að á bökkum Ölfusár eða í sunnanverðum Flóa verður í framtíðinni, ef nokkurt líf á að verða á Suðurlandi, að rísa upp stórfelldur iðnaður, og ég get ekki annað séð en þar eigi að rísa upp stóriðja í matvælagerð. Enginn staður á landinu hefur meiri möguleika til þess að framleiða mikla og góða matvöru, og á að ganga frá henni á þessum stað til fullrar neyzlu í hinum dreifðu byggðum. Brú á Ölfusá við Óseyrarnes er undirstöðuframkvæmd, til þess að þetta verði hægt. En um leið og þetta er komið, er líka komin aðstaða til ekki einungis að hagnýta landbúnaðarafurðirnar til þessara hluta, heldur og allan sjávaraflann. Og það sýnir bezt, hvaða grundvallarþýðingu þetta hefur, auk þess sem þorpin Stokkseyri

og Eyrarbakki eru mjög illa sett hafnarlega, eins og dæmi sýna ljósast vitni og kom fram í vetur, hvílíkt tjón það er, að bátarnir verða að sækja heimahafnir í erfiðleikum á vetrum í staðinn fyrir að geta öruggir farið til Þorlákshafnar og geta haft ekki nema 10—15 mín. leið til að skreppa heim. Það er dálítið önnur aðstaða.

Ég ætla ekki að tala meira um þetta atriði. Ég vil bara minna á þetta hér, vegna þess að það er í minum huga og það er í huga fólksins þarna austur frá eitt grundvallaratriði, sem vinna ber að á næstu tímum. En í sambandi við vegáætlun er það engin goðgá, að við minnumst á einstaka staði, vegna þess að fólkið ætlast fyrst og fremst til þess, að þm. sjái einmitt fyrir þessum brýnustu nauðsynjaþörfum, sem fólkið þarf við að búa í landinu, en það eru vegir og aftur vegir.

Næsta atriði, sem ég vildi minna á, — það eru ekki mörg atriði, sem ég ætla að minnast á í þessu sambandi, — er það, að fyrir 1958 mun það hafa verið ákveðin áætlun, að vegurinn yfir Mýrdalssand yrði lagður, sem við köllum þar austur frá, hið syðra eða um lága sandinn beint úr Vík austur í Álftaver. Þegar flóðin komu á sandinn, hin miklu 1958 og reyndar vorið 1959 líka, var að því ráði horfið að leggja þennan veg hið efra, sem kallað er, uppundir Hafursey upp á hásandinn, þar sem hann vitanlega lá áður. En hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að á öllum vetrum, þegar nokkur snjór kemur að ráði, er þessi vegur svo að segja ófær yfirferðar og kostar of fjár að halda honum opnum. Þar á ofan bætist það við, að hann er í gífurlegri hættu af vatnavöxtum, hvenær sem eitthvað vex í jökulvötnunum á Mýrdalssandi, og er skemmst á að minnast, að núna seinast í sumar og í haust lá við, að vegurinn færi allur undir vatn, og hefði svo farið, hefði ekki sézt af honum tangur né tetur meir. Þess vegna vil ég beina því til hv. þm. og þeirra, sem fást við þessi vegamál, og ekki sízt samgmrh., að það verði hið bráðasta sett á vegáætlun að leggja, eins og fyrirhugað var, veg yfir Mýrdalssand beint norðan við Hjörleifshöfða og austur í Álftaver. Með því móti mundi vegurinn verða nokkurn veginn öruggur á vetrum sem opin leið, og svo kemur fleira til, að með því að færa veginn þangað, er hann úr allri vatnshættunni um leið. En snjórinn, sem hleðst á Mýrdalssand, sem oft hleðst upp þar og hlánar oft á mjög skömmum tíma, brýtur þennan veg löngulega, en væri hann suður frá og þetta vatnsmagn komið ofan í Blautukvísl, mundi það ekki skaða veginn hið minnsta, ef hann væri suður á sandinum. Ég vil aðeins minna á þetta hér, úr því að ég hafði tækifæri til þess.

Þá er þriðja atriðið í sambandi við vegamálin, sem ég vildi minna á, að ég sakna þess mjög, að ekki eru nú settir inn á vegáætlunina einhverjir fjármunir til þess að kanna og byrja á að leggja veg yfir Skeiðarársand. Það er vitað, að á næsta sumri lýkur brúargerð yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi og um leið opnast þá vegurinn úr Hornafirði og alla leið vestur að Skeiðarársandi, og þess vegna hefur mér sýnzt, að á árinu 1968 hefði verið eðlilegt, að einhverjir fjármunir hefðu verið settir á vegáætlunina til þess að byrja á þessu þarfa verki. En ég þarf ekki að endurtaka það hér, það hefur oft verið gert í þessum sal, hvílík nauðsyn og hvílík samgöngubót og hvílíkt hagræði það yrði fólkinu á austanverðu Suðausturlandi og reyndar í Skaftafellssýslum báðum, ef þar kæmi hringvegur, sem næði yfir Skeiðarársand. Það mundi verði lyftistöng þessum héruðum, sem við getum engan veginn séð fyrir í dag, hversu miklu mundi orka og gera byggðina betri. En leggja ber áherzlu á, að það fólk, sem býr jafnlangt frá sjó og hefur yfir jafnlangar vegalengdir að fara og þetta fólk, það á, eins og ég var búinn að segja í upphafi, alla sína tilveru undir því, að vegirnir séu sem beztir. Ég get ekki annað en lýst óánægju minni yfir því, að ekki skuli enn örla fyrir því, að það verði hafið að byggja hraðbrautir fjölförnustu leiðirnar hér frá Reykjavík, t. d. austur yfir fjall. Ég veit, að þetta kostar mikið fé. En ég vil segja: Er það síður nauðsynlegt átak að koma upp hraðbrautum hér um fjölfarnasta kerfið frá Reykjavík og út í byggðirnar, — er það síður nauðsynlegt framtak heldur en t. d. sjónvarpið? Það er talað um, að það hafi kostað um 1500 millj. að koma því í gang, eitthvað nálægt því, og vegamálaráðh. segir, að það muni kosta um 1500 millj. að koma þeim hrauðbrautum upp með slitlagi, sem hér er gert ráð fyrir. Ég er alveg viss um, að það mundi skila þjóðinni meiri arði og hag að verja svona lagaðri upphæð í það að koma þessum hrauðbrautum í traust horf. Ég þori að fullyrða það.

Í sambandi við vegamálin langar mig að minnast hér á eitt mál, enda þótt segja megi, að það sé búið og gert, en það eru lög um hægri handar aksturinn. Þessi lög voru samþ. hér, að ég ætla, á síðasta þingi, og mátti heita furðu hljótt um það, hvernig þau náðu fram að ganga. En nú vil ég segja frá því, að almennt líta menn nú með ugg og ótta til þess, að horfið verði að hægri handar akstrinum. Og ég vil geta þess, að t. d. í Suðurlandskjördæmi hafa bílstjórar gengizt fyrir undirskriftum þar til þess að mótmæla þessum lögum og krefjast þess a. m. k., að þau verði ekki látin koma til framkvæmda nema að undangenginni þjóðaratkvgr., og undir þessa áskorun hafa skrifað þar, bara í þessu eina kjördæmi, 660 manns, menn, sem eru mest atvinnubílstjórar, og fólk, sem ekur og hefur ráð á bifreiðum. Þetta er athyglisvert, og það sem meira er, að atvinnubílstjórar hér í Reykjavík hafa nú hafizt handa um mikla herferð til að mótmæla þessu, og þeir fullyrða, að 80—90% af ökumönnum landsins séu á móti lögunum. Og það er þeirra krafa, að lögin verði látin ganga til þjóðaratkvgr., og ef það fæst ekki fram, þá er númer 2, að

lögunum verði frestað a. m. k. um 3—4 eða jafnvel 5 ár, meðan verið er að umþótta fólkið til þess að vita, hvað þetta er, sem í vændum er. Þeir segja sem svo: Meðan enn er kenndur í barnaskólum, unglingum og öllum, vinstri handar akstur og vinstri handar umferð, verður lítill tími til að umþótta þetta á einu missiri, svo að ekki stafi af veruleg hætta.

Ég get þess arna hér, að ég hefði álitið fyrir mína parta, — það er mitt sjónarmið, — að það hefði verið skynsamlegra í því vegaöngþveiti, sem við búum við í dag, að verja þeim fjármunum, sem verja á til þess að gera þessa breytingu mögulega, að verja henni til vega núna fyrst um sinn. Þetta er mín skoðun. Og ég verð að segja það, að þó að við alþm. séum kannske valdamiklir menn hér, er það dálítið erfitt að ganga með löggjöf beint framan að og gegn vilja fjölda manna, sem eiga að búa við þá löggjöf. Það er töluvert ábyrgðarmál. Og ég held, að fulltrúar þessara manna verði stundum að gera svo vel að hlusta á þær raddir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta öllu meira. En ég vil þó taka fram í sambandi við hægri handar aksturinn, að í umsögninni, sem fylgdi þeim lögum eða því frv. á sínum tíma, var sagt berum orðum, að það skipti í rauninni engu máli og ekki hægt að gera upp á milli, hvort væri hagkvæmara, hægri eða vinstri akstur. Ef það er nú meiningin, að það skipti eiginlega engu máli upp á hagkvæmni til að gera og öryggiskennd, til hvers þá að fara að verja öllum þessum fjármunum, þegar það skiptir engu máli að þeirra dómi, sem hafa gengið frá þessum lögum? Til hvers að gera það?

Ég get ekki farið svo héðan, að ég minnist ekki aðeins á eitt atriði hér í vegáætluninni, sem ég er mjög ánægður með, og það er brúargerðin væntanlega yfir Jökulsá á Sólheimasandi. Það var sannarlega þörf á því og tími til kominn, að sú brú yrði endurbyggð, vegna þess að þarna er um líf eða dauða fyrir fólkið fyrir austan Jökulsá að ræða, því að ef þetta brúarsamband rofnar, eru þeir algerlega allslausir. Þeir þurfa að koma vörum frá sér daglega á markað, og ef þessi eina brú bilar, er leiðin lokuð. Þess vegna er ég mjög ánægður yfir því, að nú skuli hafa verið tekið til ákvörðunar að gera þessa hluti.

Mér er það vel ljóst, að það eru mörg aðkallandi verkefni, sem kalla að í vegamálum, og erfitt að eiga við þetta vegna víðáttunnar. En með þeim tröllauknu tækjum, sem nú er hægt að nota til þess að koma þessu í framkvæmd, er þetta allt annað, og ef við berum saman í huganum það gífurlega átak, sem þjóðin var búin að gera með handverkfærum og hestvögnum hér áður fyrr, berum það saman við þá tækni, sem nú er í landinu, getum við ekki vorkennt þeim, sem með þessi mál fara, að sýna margfaldan dugnað í því að koma þessum málum betur áfram. En ég undirstrika það, að ég álít það miklu meiri nauðsyn að verja 1500 millj. til þess að koma hraðbrautunum í betra horf, heldur en að hraða svo sem gert var sjónvarpsmálunum hér hjá okkur.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að segja nokkur orð við þessa umr. í tilefni af þeirri till. til þál. um endurskoðun vegáætlunarinnar fyrir árin 1967 og 1968, sem hér liggur fyrir og hæstv. samgmrh. hefur lagt fyrir þingið.

Ég vil hefja mál mitt á því að taka undir það, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að það er mjög á annan veg en ætti að vera hjá hæstv. samgmrh. að leggja ekki þessa till. til þál. fyrir Alþ. fyrr en nú undir þinglok. Og þetta er engan veginn meinlaust. Ég vil leyfa mér í sambandi við það atriði að lesa hér upp það, sem vegal. frá 1963 segja um þetta mál. Þar segir svo:

„Leggja skal fyrir sameinað Alþingi till. til þál. um vegáætlun samkv. 10. gr. samtímis frv. til fjárl."

Nú væri kannske hægt að segja, að þetta sé ekki sú vegáætlun, sem þarna er rætt um, heldur endurskoðun vegáætlunar, en í þeirri sömu grein stendur enn fremur:

„Sama gildir um till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar, sbr. 15. gr."

Sem sé, fyrirmæli laga um það, hvenær endurskoðun vegáætlunar skuli lögð fram, eru hin sömu og um það, hvenær vegáætlun til fjögurra ára skuli leggja fram. Það verður að segjast, því miður, að það er alveg ótvírætt, að þessi meðferð, sem málið hefur sætt af hálfu hæstv. ráðh., er ótvírætt lögbrot, og er leitt til þess að vita, að þannig skuli hafa verið með farið. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi einhverja afsökun fyrir þessu, en fyrir því að brjóta lög, sem sett hafa verið á hinu háa Alþ. og staðfest á löglegan hátt, er yfirleitt talið erfitt að finna afsakanir.

Nú má kannske segja sem svo, að þetta, hvenær vegáætlunin er lögð fram, skipti ekki ákaflega miklu máli, og e. t. v. mætti segja, að ef áætlunin væri lögð fram skömmu eftir að fjárl. hafa verið lögð fram, skipti það ekki miklu máli og mundi ekki vera að því fundið. En hér er meira um að ræða. Við afgreiddum fjárl. fyrir 1967 fyrir jól. Þá áttum við náttúrlega að hafa þessa endurskoðun í höndum. En nú er komið fram í aprílmánuð, þegar áætlunin er lögð fram, og þingi fer að ljúka. Ég verð að láta í ljós, eins og ég hef gert, mjög mikla óánægju yfir þessu, svo að maður taki vægt til orða, og þetta kemur sér ekki vel. Ég vil segja t. d., að okkur þm. Norðurl. e. hafa nú í vetur verið að berast á ýmsum tímum ýmis erindi um vegamál á okkar svæði, og við höfum yfirleitt tekið þessi erindi fyrir og afgreitt þau á þann hátt, sem okkur hefur sýnzt rétt fyrir okkar leyti á þessu stigi, til vegamálastjóra. Svo vitum við ekki neitt fyrr en eftir dúk og disk, undir lok þingsins, að þetta plagg kemur fram, og ég sé það við

lestur þessa plaggs, að ekkert einasta af þessum erindum hefur verið tekið til greina að neinu leyti.

Nú má auðvitað segja sem svo, og auðvitað getur hæstv. ráðh. sagt það og þeir aðrir, sem að þessu hafa unnið, að eins og fjármálum veganna sé háttað og því öllu, sem í kringum það er, sé nú erfitt um vik að veita úr vegasjóði, jafnvel þótt um litlar fjárhæðir sé að ræða. En þó held ég, að það gæti nú skeð, að ef þessi till. hefði legið fyrir, sérstaklega ef hún hefði legið fyrir áður en fjárlög voru afgreidd í vetur og a. m. k. eitthvað fyrr, hefði e. t. v. verið hægt að finna einhver ráð til þess, kannske í samráði við hæstv. ráðh., að sjá honum fyrir einhverjum fjármunum í þessu tilfelli. Ég veit náttúrlega ekkert um það, hvort fleiri þm. úr fleiri kjördæmum hafa þessa sögu að segja, en mér þykir ekki ólíklegt, að svo kunni að vera. Það er á allan hátt ákaflega meinlegt að fá ekki þetta plagg í hendur fyrr, og þess vegna er það auðvitað, sem lögin mæla svo fyrir, að það skuli vera lagt fram á þeim tíma, sem þau mæla fyrir um. Það er í alla staði haganlegast.

Ég hefði nú haft nokkra löngun til þess að ræða almennt um sjálfa vegáætlunina og vegamálin í heild, en ætla ekki að taka tíma til þess nú, enda hefur það verið vel gert af öðrum og eftir er 2. umr. um þetta mál. Ég geri því ráð fyrir, að ráðrúm verði til þess að koma á framfæri við n. eða þá við 2. umr. till. um einhverjar lagfæringar, þar sem því verður við komið innan ramma þessa kerfis. Ég skal ekki hafa fleiri orð um það.

En ég get ekki stillt mig um það, úr því að ég er að ræða þessi mál og af því að ég hlýddi á ræðu, sem hæstv. samgmrh. flutti í gærkvöld um annað mál, að mér þóttu nokkuð hlálegir og dálítið til þess fallnir að ýfa það upp, hvað vegirnir eru nú víða vanhaldnir um þessar mundir, þeir prósentureikningar, sem hæstv. ráðh. var með í sambandi við það, hvort vegaframlög hefðu hækkað í seinni tíð. Hann fékk þar út töluvert háar prósentur á vissan hátt. En ég mundi vel treysta mér til þess að benda honum á vissar veilur, sem voru í þeim prósentureikningi, vissa hluti, sem hann bar saman og ekki voru sambærilegir, t. d. það, að nú erum við að fást við verk, mjög dýr verk, sem ekki kom til greina að fást við hér fyrrum, vegna þess að það skorti til þess tækni. En ef hæstv. ráðh. vildi fá út mjög háar prósentur, hefði hann náttúrlega getað fengið þær miklu hærri, ef honum hefði bara komið það í hug. Hann hefði t. d. getað borið þessa vegáætlun saman við árið 1900, þegar engin bifreið var til í landinu. Það hefði hann getað gert. Hann hefði fengið enn þá hærri útkomu og glæsilegri út úr því. En það, sem hann er að gera m. a., er að bera saman fjárveitingar núna, þegar bifreiðar í landinu eru um 40 þús., við það, sem var, þegar þær voru kannske 16 þús. eða þar um bil. En það er samt ekki þessi veila, sem ég var að tala um áðan aðallega í sambandi við samanburð hans. Svona prósentureikningar hafa ekki mikið gildi, ekki ákaflega mikið praktískt gildi. Það, sem hefur gildi, er að athuga þörfina, athuga viðfangsefnin og hvað hægt er að gera til þess að ráða þar bót á. Og þó að það sé kannske að leggja lykkju á leið sína, get ég alveg tekið undir það, sem hv. 4. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að það er náttúrlega brýnni þörfin á því að leggja verulegar fjárhæðir í að bæta vegakerfi landsins heldur en að leggja þær í sjónvarp. Það er alveg rétt, sem hann sagði um það. Og þó að sjónvarp sé sjálfsagt ágætt fyrir þá, sem þess geta notið, er það því miður ekki nema takmarkaður hluti af þjóðinni, — ég segi því miður, þó að um það megi kannske deila. En það er einkennilegt, og það er eiginlega þess vegna, sem ég er nú að minna á þetta, sem hv. 4. þm. Sunnl. sagði áðan, að það er eins og mönnum finnist það hinn mesti búhnykkur og svo sem eins og alveg sjálfsagt, að til þess að koma upp sjónvarpsstöðvum í landinu, sjónvarpskerfi, skuli lagðir til innflutningstollarnir, sem greiddir eru af viðtækjum sjónvarps, — það sé hinn mesti búhnykkur og eiginlega alveg sjálfsagt. En þegar vegirnir eiga í hlut, er allt annað uppi á teningnum. Hér hafa verið uppi till. alveg hliðstæðar um það að taka — ekki innflutningsgjöldin öll, heldur bara einn þátt af þeim, þ. e. a. s. leyfisgjaldið, til þess að leggja í vegina, — alveg hliðstæð till. og að leggja innflutningsgjald af sjónvarpstækjum í sjónvarpsstöðvar. En þetta þykir ekki búhnykkur. Það er ekki nokkur leið, eins og sakir standa, til að fá hæstv. samgmrh. og hv. þingmeirihl. til að fallast á það.

Sem sé, nauðsyn fyrir vegi er eftir þessu að dæma minni í landinu en nauðsyn fyrir framkvæmdir eins og sjónvarp. Þetta kalla ég nú reyndar að raða verkefnum með nokkurri óverklagni. En þess vegna leyfi ég mér að minnast á það, sem hv. 4. þm. Sunnl. sagði áðan, að mér finnst það svo áberandi og átakanlegt, að menn skuli ekki koma auga á það eða viðurkenna það, að hér er um alveg hliðstæð mál að ræða að því er fjáröflun varðar. En hitt er ekki hliðstætt, að önnur framkvæmdin er náttúrlega enn nauðsynlegri en hin, og það er sú, sem er nauðsynlegri, sem nú verður út undan.

Um þetta skal ég svo ekki ræða meira, en kem þá að því, sem ég vildi hreint ekki láta hjá líða að minnast á einmitt við fyrri umr. málsins og biðja hæstv. ráðh. og þá hv. n., sem fær málið til meðferðar, að taka til athugunar.

Í XI. kafla vegal., 66. gr., segir svo:

„Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri, og skal þá telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Heimilt er vegamálastjóra að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði endurgreiddur

með framlagi úr héraði, sé um þjóðveg að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd að því er sýsluvegi snertir."

Þetta ákvæði um snjómokstur er að verða stórmál og var raunar þegar orðið það, þegar lögin voru sett árið 1963, enda urðu, ef ég man rétt, allmiklar umr. hér í þingi um það þá. En í grg. þeirrar till., sem hæstv. ráðh. hefur lagt fram, segir svo: „Meðaltal kostnaðar við vetrarviðhald undanfarin tvö ár hefur því verið um 12.2 millj. kr. á ári, miðað við verðlag 1. febr. í ár. Öll þessi ár hefur snjómokstur verið framkvæmdur samkv. reglum, sem settar voru árið 1958. Samkv. þeim reglum greiðir vegagerð ríkisins allan kostnað við snjómokstur á 1337 km eða 15.7% af vegakerfinu og einnig kostnað við opnun vega á vorin og oftast fyrsta mokstur á haustin. Á öðrum vegum er því aðeins mokaður snjór, að helmingur kostnaðar fáist greiddur úr héraði." Á árinu 1966 hefur þessi kostnaðarliður numið 17 millj. kr., að því er mér sýnist, þ. e. a. s. á tímabilinu desember—apríl. Það er þó sennilegt, að eitthvað sé um snjómokstur og klakahögg fyrr að vetrinum og síðar á vorin. Þetta er það, sem ríkissjóður hefur greitt, skilst mér, til snjómoksturs-ins.

Nú er það svo, eins og þarna stendur, að vegagerð ríkisins greiðir allan kostnað við snjómokstur á 1337 km eða 15.7% af vegakerfinu. Á öðrum vegum er því aðeins mokaður snjór, að helmingur kostnaðar fáist greiddur úr héraði, náttúrlega ekki á öllum vegum, enda ekki von til þess, eins og vegakerfið er orðið langt. Nú veit ég, að þetta eru reglur, sem settar hafa verið af vegamálastjórninni, þar sem tilgreindir eru þeir vegir, sem vegagerðin telur sér skylt að moka. Og annaðhvort í grg. eða í framsögu hæstv. ráðh. eða kannske hvort tveggja var eitthvað um það rætt, að þessar reglur ætti að endurskoða. Ég vildi mælast til þess við n., sem fær málið til meðferðar, að hún fengi í sínar hendur, sem hún hefur kannske þegar gert, — þetta er fjvn., — fengi í sínar hendur þessar reglur um þessa snjómokstursvegi, hverjir þeir séu, sem vegagerðin annast allan snjómokstur á, og að hún kynnti sér, hverju til stendur að breyta í þeim efnum. Ég vildi mega vænta þess, að hæstv. samgmrh. legði þar lið sitt til, að n. fengi þetta í hendur og að það væri gert kunnugt. Ég sé ekki ástæðu til annars. Í þessum málum á að ríkja réttlæti, og ég er alveg viss um það, að eins og nú standa sakir, er hér ekki farið fullkomlega rétt að. Og það er kannske vorkunnarmál, því að þessar reglur hafa sennilega verið að þróast og umferðin er breytileg. En auðvitað verður að miða reglurnar um snjómokstur við vetrarumferðina, ekki við heildarumferðina á vegum allt árið, heldur við vetrarumferðina og þá nauðsyn, sem á henni er.

Ég vildi skjóta því fram til athugunar í þessu sambandi, að mér finnst, að það væri eðlilegt og sanngjarnt, að út frá öllum verzlunarstöðum eða svo til, þar sem byggðarlög hafa viðskipti sín, sæi vegagerðin um snjómokstur algerlega á einhverjum kafla, kannske mislöngum eftir því, hvernig til hagar, en alls staðar einhverju, sem miðað væri þá við þörfina á flutningum eftir vegunum, kannske ekki endilega alltaf þörfina í tonnum, heldur við hina tilfinnanlegu þörf fólksins, sem á heima á þessum svæðum. Ég hefði gjarnan viljað, að mér mætti auðnast það, áður en umr. um þetta mál lýkur, að sjá endurskoðaðar reglur um þessa hluti, snjómoksturinn, og tekið væri tillit til þessa sjónarmiðs. Menn verða að viðurkenna, að þetta er sanngjarnt. Það er ekki síður nauðsyn, þar sem menn þurfa að flytja alls konar nauðsynjavörur til og frá verzlunarstað, að halda slíkum vegarköflum opnum heldur en jafnvel vegum milli héraða fyrir farþega og póst. Hitt er svo auðvitað mál, að það er ekki hægt að gera kröfur til þess að öllum vegum sé haldið opnum. Þetta verður að reyna að meta, en það má ekki gleyma svona fólkinu víðs vegar um landið, sem liggur lífið á, ef svo mætti segja, að eitthvert lágmark af vegum sé opið, og það á sanngirniskröfu á því, að vegagerðin taki það hlutverk að sér á sama hátt og um þessa 1337 km, sem hún hefur nú alveg á sinni könnu. Ég er ekki að tala um alla vegi, heldur vegarkafla, sem notaðir eru sameiginlega af heilum byggðarlögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 419, n. 587 og 589, 549, 553, 562, 571, 588, 591, 597, 598).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 571, 591, 598. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft mál þetta til athugunar og fékk á sinn fund vegamálastjóra, sem gaf n. ýmsar upplýsingar varðandi einstaka liði áætlunarinnar.

Þessi endurskoðun vegáætlunarinnar fer nú fram samkv. 17. gr. vegal., nr. 71 30. des. 1963, en þar er ákveðið, að slík endurskoðun skuli fara fram, þegar vegáætlunin hefur gilt í 2 ár. Á þessu tímabili, sem liðið er frá því að vegáætlunin tók gildi, hafa átt sér stað nokkrar breytingar, bæði á tekjum vegasjóðs og einnig á verðlagi framkvæmda. Nettótekjur vegasjóðs munu hafa aukizt um 163.2 millj. á þessu tímabili frá því, sem áætlað var, og hefur það komið sér vel, m. a. til þess að mæta þeim verðhækkunum, sem átt hafa sér stað við framkvæmdirnar almennt. En sá lið-

ur áætlunarinnar, sem hækkað hefur verulega, er framlag til vegaviðhaldsins, en það verður á árinu 1967 rúmlega 139 millj. í stað 102.75 millj. samkv. fyrri áætlun og 145 millj. á árinu 1968 í stað 108 millj. kr., sem var í vegáætluninni. Hin gífurlega aukning, sem átt hefur sér stað á bifreiðaeign landsmanna, og stóraukin umferð á vegunum hefur eðlilega leitt til þess, að óhjákvæmilegt er að verja verulega meira fé til vegaviðhaldsins en áður var.

Mestum hluta af því aukna fjármagni, sem kemur til úthlutunar að þessu sinni, er þó lagt til þess að verja til endurbyggingar á mannvirkjum, sem af náttúruhamförum hafa eyðilagzt, og er n. samþykk því, að slík endurbygging sé óhjákvæmileg. Hún hefur því miðað sínar brtt. við þann kafla vegáætlunarinnar, sem fjallar um þær framkvæmdir, við hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, sem verða ekki að öllu greiddar af fé vegasjóðs á ákvörðunartímabilinu, þ. e. aukið lánsfé. Hefur n. því leyft sér að flytja brtt. við þann kafla áætlunarinnar á sérstöku þskj. Þá flytur n. einnig brtt. á þskj. 597, en þar er lagt til að færa fjárveitingu, sem ætluð var til byggingar á brú á Svartá hjá Stafnsrétt, á aðra brú á sömu á hjá Fossum, en það er hjá bænum Stafni norðan Fossár. Með því að staðsetja brúna á þessum stað, kemur hún að meira gagni að dómi vegamálastjóra og fleiri aðila. Þá er lagt til, að fjárveitingu, sem verja skyldi til byggingar brúar á Hvítá hjá Kláffossi, verði varið til byggingar brúar á Hvítá hjá Bjarnastöðum. Þar er ekki um breytingu á upphæð fjárveitingar að ræða, en hún er 2.1 millj. kr.

Þá koma till. n. við III. kafla áætlunarinnar, sem er, eins og ég áðan sagði, við hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, sem verða ekki að öllu leyti greiddar af fé vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Þar er fyrst um leiðréttingu að ræða. Það er við hraðbrautir: Vesturlandsvegur. Fallið hefur niður sá hluti upphæðarinnar, sem vinna skyldi fyrir 1968, en aðeins tekin upphæðin, sem var á áætlun 1966, en þá ekki framkvæmt fyrir. Hér er um 12.4 millj. kr. að ræða, og verður þá upphæðin samtals óbreytt eins og hún er í upphaflegri vegáætlun. Þá koma til viðbótar nokkrar fleiri brtt. við þennan kafla. Eru þar heimilaðar nokkrar framkvæmdir við ákveðna vegi, ef til þess kemur, að lánsfé verði aflað til framkvæmdanna. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa upp allar þessar till., en vísa til þess, sem fram kemur á þskj. 588.

Enda þótt n. hafi ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, stendur hún þó sameiginlega að flutningi þessara till., og meiri hl. fjvn. mælir með því, að þessi till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967—1968 verði samþ. með þeirri breytingu, sem ég hef nú gert grein fyrir.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. okkar minni hl. fjvn. á þskj. 587, varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins að því leyti, að við vildum með nál. gera sérstaka grein fyrir afstöðu okkar til vegáætlunarinnar. Og ég vil með örfáum orðum undirstrika það, sem við leggjum áherzlu á í þessu nál.

Í fyrsta lagi er það, að tími sá, sem Alþ. hafði til þess að endurskoða vegáætlunina, er ekki í samræmi við gildandi vegalög, og er með öllu óhæft að ætla Alþ. vikutíma til þess að fjalla um mál eins og vegáætlunin er. Ég vil undirstrika það og leggja á það áherzlu, að ég treysti því, að framvegis verði slík vinnubrögð ekki endurtekin. Þau eru með öllu óhæf og Alþ. ekki sæmandi.

Við vekjum í öðru lagi athygli á því, hvað framkvæmdafé er litið aukið frá því, sem það var, þegar vegáætlunin var samin fyrir tveimur árum, og eins og vegáætlunin var lögð fyrir Alþ., hefur Alþ. í raun og veru ekkert til ráðstöfunar, því að þar hafði vegamálastjóri gert till. um að skipta því litla, sem var að skipta í sambandi við framkvæmdafé, og á einskis manns færi að leggja út í það að reyna að þoka þar nokkru um. Smávegis var gengið í þá átt að heimila lántöku til þess að bæta úr sárustu neyð í sambandi við vegamálin heima í héruðunum, og eru þær brtt. frá fjvn. á þskj. 588, og stendur öll n. að þeim brtt., eins og fram kom í ræðu frsm. meiri hl. Hér er um litla fjárhæð að ræða og ekki heldur séð, hvernig framkvæmdin tekst um útvegun lánsfjárins. En ef það tekst, er þó aðeins bætt úr því, sem erfiðast er, frá því, sem horfði við, þegar áætlunin var lögð fyrir.

Við í minni hl. fjvn. höfum ekki lagt fram neinar sérstakar brtt. við vegáætlun þessa, og er það í raun og veru í samræmi við afstöðu okkar Framsfl.-mannanna til fjárlagaafgreiðslu undanfarandi ára. Við stöndum hins vegar, eins og ég sagði, bæði að brtt. á þskj. 588 um lánsfjárheimildirnar og einnig þeirri brtt., sem hv. 4. þm. Vesturl. skýrði frá í sambandi við breytingu, sem gerð var um texta í sambandi við tvær brýr, en ekki hefur áhrif á niðurstöðutölur vegáætlunarinnar.

Ég hef áður lýst hér og við framsóknarmenn afstöðu okkar til vegamálanna, og mun ég ekki endurtaka það og ekki gera frekari aths. við málið, þótt á því væri þörf, heldur en þegar hefur verið gert í nál. okkar og í þessum orðum, sem ég nú þegar hef sagt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að það er óhæfa að leggja vegáætlunina svona seint fram og brot á sjálfum vegal., og verður að gera ráð fyrir því, að menn dirfist ekki að endurtaka slíkt.

En ég kvaddi mér hljóðs til þess að mæla fyrir brtt. á þskj. 591 frá okkur 4 þm. af Austurlandi. Við hefðum að vísu viljað flytja fleiri brtt. og flytja m. a. nokkrar brtt. við þann kafla vegáætlunarinnar, sem ráðgerir bein framlög á árunum 1967—1968, en okkur

var sagt það á þann hátt, að við tókum það trúanlegt, að það kæmi ekki til greina, að meiri hl. léði máls á því að breyta nokkrum stafkrók í þeim kafla áætlunarinnar, og sáum við þá ekki, þegar við slíkt ofurefli var að etja, að það þýddi að fara að flytja brtt. um þann kafla.

Aftur á móti kom það fram, að ætlunin var að hreyfa talsvert þann kafla áætlunarinnar, sem fjallar um þá vegi, sem lagðir verða, ef fjár verður sérstaklega aflað til þeirra síðar, og þá er átt við lánsfé, og því höfum við farið á stúfana með nokkrar brtt. á þskj. 591, og vil ég fara um þær örfáum orðum. En áður vil ég þó segja, að við þm., sem stöndum að þessum brtt., teljum það alveg hneykslanlegt, hversu Austurland hefur fengið lítið af því lánsfé, sem aflað hefur verið til vegagerða. En þar er þó þörfin einna mest á öllu landinu fyrir nýja vegi. Ég ætla ekki að rekja tölur í þessu sambandi, en væri reiðubúinn til að sýna fram á þetta með tölum, ef þetta yrði vefengt. Við viljum því vona það í lengstu lög, að hv. alþm. taki vel í þessar till., sem við flytjum á þskj. 191. En einstakir liðir þeirra eru þessir:

Fyrst að veita til Austurlandsvegar eða setja heimild vegna Austurlandsvegar 8 millj. hvort ár, en Austurlandsvegur er liður í hringbrautinni um landið, og á þessari hringbraut eða hringleið um Austurland, sem kölluð er Austurlandsvegur, eru margir tugir km ruðningar einir enn, og á það jafnt við ýmsa kafla á aðalleiðinni milli Norðurlands og Austurlands og á leiðinni Austurland—Suðurland, þ. e. a. s. áleiðis til móts við vegina á Suðurlandi. Þar eru mjög stórir kaflar enn þá ruðningar einir og ónothæfur vegur, má segja, miðað við nútíma farartæki. Ef þessi heimild yrði samþ. og notuð, mætti bæta úr á vissum köflum, byggja upp ýmsa kafla, bæði á aðalleiðinni milli Norður- og Austurlands og eins á þessari leið um Suðausturland, sem ég var að lýsa áðan, t. d. í Berufirðinum og víðar.

Þá er þannig ástatt á Austurlandi, að Vopnafjörður er ekki tengdur öðrum byggðum Austurlands. Þar eru þau missmíði á, að Hellisheiði er óvegur enn þá, þó að það sé jeppaleið, en búið er að byggja upp veg á heiðina suðaustanverða, og leggjum við til, að í þessa heiði verði heimilaðar af lánsfé 2½ millj. hvort árið eða 5 millj. alls. Þetta mundi að vísu ekki nægja til þess að gera heiðina alla góða, en mundi þó hrökkva særið langt í því skyni. En nú er þannig háttað, að til þess að ferðast af Austurlandi til Vopnafjarðar þarf að fara upp á Möðrudalsöræfi og síðan þaðan aftur niður í Vopnafjörð, og er þetta gífurleg vegalengd, en vegur yfir Hellisheiði mundi stytta leiðina til Vopnafjarðar um hundruð km. Og þá fyrst gæti maður sagt, að Vopnafjörður og byggðir þar norður af væru komnar í samband við Austurland, þegar vegurinn væri kominn yfir Hellisheiði.

Norðfjörður og Neskaupstaður eru mjög einangruð byggðarlög enn þá, þótt flugsamgöngur séu orðnar sæmilegar og þótt Oddsskarðsvegurinn sé í sjálfu sér dágóður vegur og vel gerður á sinni tíð. Þessi byggðarlög eru mjög einangruð, svo að til stórtjóns er fyrir þau, og ekki aðeins fyrir þau, heldur aðra landsmenn líka, því að Neskaupstaður er vaxandi framleiðslustöð, sem allir þekkja, og gífurleg verðmæti, sem þar koma að landi, og þyrfti að vera öruggt samband við það byggðarlag. En því fer fjarri, að svo sé, vegna þess, hversu Oddsskarðsvegurinn liggur hátt, en þannig er háttað landslagi á þessum slóðum, að ef gerð væru jarðgöng í skarðinu, mundi það lækka fjallveginn verulega og verða til þess að öllum líkindum, að Oddsskarð yrði nær alltaf fært, ef vel væri gætt að hreinsa af veginum með nýtízku tækjum. Það mundi sem sagt gerbreyta þessari leið, ef þessi jarðgöng yrðu gerð. Að vísu skal það játað, að það er ekki búið að rannsaka alveg til fulls, hvernig berglögin eru í skarðinu, en þó er það talið víst, að þarna muni vera vel fallið til jarðgangagerðar, og sú fjárhæð, sem við stingum upp á, 6 millj. hvort árið, mundi að öllum líkindum fara nokkuð langt með að duga til þess að komast þarna í gegn, og sjáum við þá, að hér er alls ekki um stórvirki að ræða samanborið við byltingu þá, sem yrði í samgöngumálum, ef þetta kæmist í framkvæmd, því að 12 millj. eru ekki nema svo sem eins og andvirði tiltölulega lítils mótorbáts, eins og nú er komið málum.

En til viðbótar því, sem ég færði fram áðan og nefndi til stuðnings því, hve mikil nauðsyn væri á að hafa góðar samgöngur við Neskaupstað, er þess að gæta, að þar er myndarlegt sjúkrahús rekið fyrir allt Austurland, og á marga aðra lund er Neskaupstaður eins konar miðstöð fyrir fjarðarbyggðirnar á Austurlandi, og væri því mjög þýðingarmikið einnig af þeim ástæðum að koma þarna á öruggum samgöngum á landi.

Loks er till. um að heimila 3 millj. hvort árið til Fjarðarheiðarvegar. Seyðisfjörður er nú orðinn eitt mesta framleiðslupláss á landinu, en samband er þar mjög lélegt á landi yfir Fjarðarheiði, sem er einn hæsti fjallvegur landsins. Vegurinn er þar mjög lélegur, þ. e. a. s. hann er afar mjór og allt of lágur og liggur ekki á heppilegustu slóðum. En vel upp byggður nýtízkuvegur mundi langt hrökkva til þess, að ætið yrði hægt að hafa samgöngur á landi við Seyðisfjörð, en þangað fara nú gífurlegir flutningar, sem verða að fara fram á landi að verulegu leyti. Þetta ætla ég, að hv. þm. sé alveg augljóst og að það sé mjög sanngjarnt að heimila nokkrar fjárhæðir til þess að byrja á þessum vegi. Þetta mundi náttúrlega ekki hrökkva til þess að ljúka honum, en það mundi verða stór áfangi þó, sem fengist fyrir þessar 6 millj., og er það ekki hærri fjárhæð en sem svarar vænum trillubát, eins og nú er komið málum.

Ég hygg, að menn hafi í raun og veru alls ekki áttað sig á því, hversu mikið vantar á, að ýmiss konar þjónusta hafi verið innt af hendi við Austurland, miðað við þá stórkostlegu atvinnubyltingu, sem þar hefur orðið, því að segja má, að þar sé um fullkomna byltingu að ræða, og þarna eru komin blómleg framleiðslupláss, sem allir landsmenn byggja orðið afkomu sína á að meira eða minna leyti. En þjónustan er í algeru ósamræmi við þýðingu þessara byggðarlaga, eins og nú er komið, og á það við um samgöngur á landi, samgöngur á sjó og raunar í lofti líka og alls konar þjónustustarfsemi. Úr því verður raunar ekki bætt til neinnar hlítar í sambandi við þessa vegáætlun, en ég vil vona, að hv. þm. taki vel þessum uppástungum, sem hér eru gerðar til þess að stíga þessi skref í samgöngumálum Austurlands, og þau eru byggð á mikilli sanngirni. Það er óhætt að fullyrða, að svo er, þegar borið er saman við það, sem fyrirhugað er að gera fyrir lánsfé.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þó að það væri full ástæða til þess að gera þessar till. að endurskoðaðri vegáætlun í heild að umræðuefni og þá einnig þá meðferð, sem hún hefur fengið hér á hv. Alþ., og þær aðstæður, sem hafa verið til afgreiðslu hennar, skal ég þó eftir atvikum láta mér nægja að mæla fyrir þeim brtt., sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. Sunnl. og hv. 4. þm. Sunnl. Það er um að ræða tvær brtt. á þskj. 562. Þessar till. lúta báðar að III. kafla vegáætlunarinnar, sem eru um framkvæmdir, sem verða ekki að öllu leyti greiddar af fé vegasjóðs á áætlunartímabilinu.

Önnur er við hraðbrautargreinina í þeim kafla, um Suðurlandsveg, að hækka þær heimildir, sem þar er að finna fyrir árin 1967 og 1968. Ég ætla ekki hér að taka tíma til þess að ræða um nauðsynina á því, að ekki sé lengur dregið að ráðast í framkvæmdir í hraðbrautunum, því að það hefur verið gert við ýmis tækifæri hér á hv. Alþ. En við flm. þessara brtt. teljum, að við eigum ekki að draga lengur að hefja þær framkvæmdir á þessu sviði, sem undirbúningur og tæknilegir möguleikar leyfa. Okkur virðist, að þær upphæðir, sem hér er gert ráð fyrir í till., eins og þær liggja fyrir, séu ekki í samræmi við neina raunverulega áfanga þess verks, sem um er að ræða, og hafi þær verið það, þegar vegáætlunin var upprunalega samþykkt, er mér nær að halda, að þær séu það ekki lengur. Ég hef leitað upplýsinga á vegamálaskrifstofunni um það, hvernig ástatt er um undirbúning þessa verks og framkvæmdamöguleika á þessu sviði. Vegamálastjóri hefur tjáð mér, að lokið sé tæknilegum undirbúningi undir lagningu hraðbrautarinnar frá Lækjarbotnum og upp að Svínahrauni og gert sé ráð fyrir, að kostnaður við þá framkvæmd sé um 40 millj. kr., og það er enn fremur skoðun vegamálastjórans, að framkvæmanlegt sé með þeim tæknilegu möguleikum, sem hann getur ráðið yfir, að ljúka því verki á einu ári. Við þetta miðast till. okkar um það, að heimildin fyrir árið 1967 sé hækkuð upp í 40 millj. kr. úr 17½, eins og hún er í till. eins og þær liggja nú fyrir.

Með sama hætti er talið, að fyrir næsta vor sé unnt að ljúka verkfræðilegum undirbúningi undir næsta áfanga þessa verks, sem þá yrði frá Lækjarbotnum og niður fyrir Rauðavatn, niður undir hraðbrautarkerfið, sem hér kemur í kringum Reykjavík. Gert er ráð fyrir, að kostnaður við það verk, og þá er átt við báða þessa vegarkafla fullfrágengna með slitlagi, muni nema um 65 millj. kr., sem einnig væri kleift að framkvæma á einu ári, og við það miðast till. okkar um árið 1968.

Ég held ekki, að það sé ástæða til þess hér að vera að færa frekari rök að nauðsyn þess, að þessi hraðbraut sé nú sett í framkvæmd. Hér er um að ræða þýðingarmesta aðdráttarveg höfuðborgarsvæðisins og samgönguæð til Suðurlandsundirlendisins, og það er öllum ljóst, sem þennan veg þekkja, að hann stenzt nú ekki lengur það álag, sem á honum er, og er brýnna úrbóta þörf.

Hin till. okkar á þskj. 562 er við 3. lið þessa kafla vegáætlunarinnar, landsbrautir, og gerir ráð fyrir heimildum til þess að verja nokkru fé til rannsókna brúarstæðis og undirbúning brúarbyggingar á Ölfusá við Óseyrarnes. Ég held, að það fari ekki milli mála, að það sé skoðun flestra, sem til þekkja, að þarna muni koma brú. Auðvitað eru menn misbjartsýnir á það, hve fljótt það muni ske. Hér er áreiðanlega um mjög fjárfreka framkvæmd að ræða. Kostnaður við hana hlýtur að skipta tugum millj. En áður en hægt er að ræða í fullri alvöru um þá framkvæmd og gera sér grein fyrir henni, þurfa að fara fram þarna umfangsmiklar og alldýrar rannsóknir. Vegamálastjóri telur, að slíkar rannsóknir, jarðboranir og undirbúningur af fleira tagi geti kostað allt að 2 millj. kr., og þar sem hér er um að ræða framkvæmd, sem hefur mikla þýðingu fyrir þéttbýlt og stórt hérað, þessi brú mundi tengja saman sjávarþorpin beggja vegna Ölfusárósa í Árnessýslu og auk þess skapa möguleika á hringvegi um þorpin 5 í vestanverðri Árnessýslu, og til þess að það sé hægt að gera sér fyllilega grein fyrir þessari framkvæmd, verða allumfangsmiklar framkvæmdir að fara fram, eins og ég hef gert grein fyrir, og við leggjum þess vegna til, að það verði ekki dregið að láta þessar rannsóknir fara fram, svo að hægt verði að gera sér grein fyrir þessu verki.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þm. muni skilja nauðsynina á því að greiða fyrir þessu hvoru tveggja, sem ég hef gert að umræðuefni. Því miður hafa ekki verið raunhæfir möguleikar á öðru en að gera þessar till. sem brtt. við þennan III. kafla áætlun-

arinnar, þar sem fjármunir hafa ekki verið til ráðstöfunar í þessu skyni og till., sem við framsóknarmenn höfum flutt og til meðferðar hafa verið fyrr á þessu þingi, hafa ekki fengið afgreiðslu, en þar á ég bæði við frv. okkar framsóknarmanna í hv. Ed. um það, að leyfisgjöldin skuli renna í vegasjóð, og eins við till., sem fluttar voru sem brtt. við l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunarinnar, þar sem við lögðum til, að ráðstafað væri meira af greiðsluafgangi ríkisins til vegagerðar. En þar sem slíkar till. hafa ekki fengið afgreiðslu, hefur ekki verið um annað að ræða en að gera brtt. við þennan III. kafla, og við teljum, að mikið væri unnið við að fá þessi verk þar inn. Það koma tímar og koma ráð með að afla fjár, ef þessar heimildir komast inn í vegáætlunina.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, var sú tíðin, að mjög skorti fé til vegagerða á Vestfjörðum. En eftir 5 ára baráttu okkar hv. 1. þm. Vestf., Hermanns Jónassonar, rofaði loksins nokkuð til. Við fluttum frv. á hverju þingi í 5 ár um lánsfé til vega á Vestfjörðum. Það hafði farið fram athugun á því allrækileg þá nokkru áður, hvernig ástand veganna væri yfirleitt í landinu, og samkv. þeim skýrslum kom það ótvírætt í ljós, að enginn landshluti bjó við slíkt ófremdarástand í vegamálum sem Vestfjarðakjálkinn. Þrátt fyrir það fékkst engu um þokað lengi vel. En loksins kom að því, að almenningsálitið var orðið það sterkt heima fyrir, að hæstv. ríkisstj. taldi sér hyggilegt að fallast á eitthvert lánsfé til þessa landshluta, eftir að sýnilegt var, að fólksflóttinn var alvarlegur þaðan að vestan. Það var ekki fyrr en hæstv. ríkisstj. sá fram á fólksflóttann í svo stórum stíl, að þeir vöknuðu við og þá á þann hátt að leita til flóttamannasjóðs til þess að reyna að stöðva fólksflóttann að vestan. Þetta var gert og þar fengið lánsloforð, og af því hefur nú verið mylgrað nokkru í vegi þar fyrir vestan.

En menn skyldu samt ekki halda, að það væru komnir glæsilegir vegir þar þrátt fyrir þetta. Stjórnarliðið hafði algert einræði í því að skipta því lánsfé, sem samþ. var loksins að veita til þessa landshluta, og því var skipt á þann hátt, að það var lagt í örfáa vegi, aðalvegi út frá tveimur stöðum, út frá Ísafirði til nágrannakauptúna og út frá Patreksfirði. Ekki einn einasti eyrir af þessu fé kom í alla Strandasýslu og ekkert í Austur-Barðastrandarsýslu að undanteknu því, að einn vegarkafli nær nokkur hundruð metra austur fyrir sýslumörk Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu. Hins vegar voru fjárveitingar úr vegasjóði mjög skornar við nögl, það þótti sannarlega nóg að láta Vestfjörðum í té lánsfé, svo að þær voru mjög lítilfjörlegar móts við það, sem hefði þurft að vera. Af þessu leiðir það, að þó að nokkurt átak hafi verið gert í aðalvegum út frá þessum tveimur stöðum, sem ég nefndi, hafa engar vegabætur átt sér stað í ýmsum héruðum og það í heilum sýslufélögum, ekki hreyft við nýbyggingu vega í sumum sveitarfélögunum.

Það verður aldrei stöðvaður fólksflótti úr neinu byggðarlagi með því móti að leggja féð bara í einhverja ákveðna bletti og skilja hitt eftir svo að segja afskiptalaust. Það er líka að koma í ljós, að fólkinu fækkar allört í ýmsum byggðarlögum, sem engar eða sama og engar vegabætur hafa fengið. Við hv. 5. þm. Vestf. höfum því flutt brtt. við vegáætlunina á þskj. 571. En við flytjum þær till. bæði við lánsfjárkaflann og fjárveitingakaflann, og við flytjum þær við lánsfjárkaflann, af því að þar er auðvitað rúm fyrir það. En hvað snertir fjárveitingakafla vegáætlunarinnar, er það að segja, að við teljum, að vegasjóður eigi inni hjá ríkissjóði allmikið fé, sem er ríkisframlag, sem samþ. var við samningu vegal. 1963. Þá var því heitið, að fjárveiting skyldi aldrei vera minni en 47 millj., svo að þá er ógreitt til vegasjóðsins frá ríkissjóði um 94 millj. núna, og við treystum því, að hæstv. ríkisstj. lumi nú á þessari upphæð og láti hana í té, þegar svona mikið liggur á. Á því byggjum við það að flytja till. um fjárveitingar úr vegasjóði við vegáætlunina nú. Það eru allt smáar fjárveitingar, sem við leggjum til. Þær eru nokkuð margar, af því að byggðarlögin eru mörg, sem litlar eða engar vegabætur hafa fengið, en eru nauðsynlegar samt fyrir þetta fólk, ef það á ekki að halda áfram að flýja burtu, eins og það hefur gert víða allt fram að þesssu.

1. till., sem við flytjum, er fjárveiting, 600 þús. hvort árið, 1967—1968, til Vestfjarðavegar um Gufudalssveit. Það stendur þannig á því, að það er orðið æðilangt, líklega 15—20 ár, síðan lagður var að nafninu til vegur um þessa sveit. Það er kafli af Vestfjarðavegi, en aldrei fullgerður og ekkert nálægt því. Megnið af þessum vegi er bara ruðningur. Og hann er svo sérkennilegur, þessi vegur, að það eru aldrei svo miklir þurrkar að sumri til, að það séu ekki pollar til á veginum af og til. Það er einkennileg náttúra. Þetta sveitarfélag hefur engar vegabætur fengið af nýbyggingarfé, síðan kjördæmabreytingin komst á, skipti nákvæmlega um þá. Við leggjum því til, að þessi upphæð sé veitt í þann vegarkafla.

Þá er Barðastrandarvegur um Rauðsdal. Það er stuttur kafli, sem er algerlega ólagður, og hefur ekki fengizt nein fjárveiting í hann á undanförnum árum. Það eru 450 þús. aðeins á þessu ári, sem við ætlumst til að verði veittar í þennan kafla og ekki taki því að skipta því á 2 ár.

Þá er næsta till., Laxárdalsvegur, 300 þús. kr. á árinu 1968. Þetta er vegur, sem liggur úr Dalasýslu norður í Hrútafjörð og er farinn, þótt vondur sé, og farinn allmikið öll sumur. Hann er að sjálfsögðu lokaður á vet-

urna. En það hefur engin fjárveiting verið í þennan veg ákaflega lengi. Hann nær í tvö kjördæmi, þ. e. a. s. hann nær á milli Vesturlandskjördæmis úr Dölunum og norður í Hrútafjörð. Það er sá hlutinn, sem er Hrútafjarðarmegin, sem við leggjum til að þessi litla upphæð sé veitt í, og er þá ekki nema byrjunin á því að gera hann færan.

Næsta till. er um 300 þús. kr. hvort árið fyrir sig í Reykhólasveitarveg. Eins og menn vita, á að vera læknir á Reykhólum, þó að hann sé enginn þar núna. En hann er þó þar öðru hverju. Þar er barnaskóli, þar er mjólkurstöð í uppbyggingu, og þar er útibú frá kaupfélagi. Þar er presturinn, og þar er tilraunastöðin. En vegurinn þangað lokast af snjóum oft og einatt, og auk þess nær hann ekki nema nokkuð af þeirri leið, sem hann á að ná. Til þessa leggjum við til, að einar 300 þús. kr. séu veittar hvort árið fyrir sig.

Þá leggjum við til, að í Fjarðarhlíðarveg í Múlahreppi verði veittar 150 þús. kr. næstu 2 árin, en það má heita, að það, sem eftir er af byggð í þessum hreppi, sé úti á þessu Múlanesi. Þar eru 5 bæir og skammt á milli þeirra. Allir aðrir bæir í þessum hreppi eru komnir í eyði nema einn. Er því ekki ástæðulaust að veita þessa smáupphæð, til þess að þessir bæir fari ekki sömu leiðina.

Þá er það Rauðasandsvegur. Við leggjum til, að 350 þús. kr. sé varið á þessu ári í Bjarngötudal. Það er svo komið fyrir Rauðasandinum, þessari litlu, en blómlegu og fallegu byggð, að þar eru eftir 6 bændur, en voru á mínum ungdómsárum 13, og það er ekki sýnilegt annað en þeir fari allir, þessar jarðir fari allar í eyði á næstu árum, ef ekkert verður að gert. En ein af höfuðástæðunum fyrir því, að svona er komið fyrir þessu byggðarlagi, er vegurinn í svokölluðum Bjarngötudal. Það er bratt niður dalinn og vegurinn liggur í sneiðingum niður hlíðina og er hættulegur, eins og hann er og hefur lengi verið, það hættulegur, að menn hafa hrapað þar nokkrum sinnum fram af þessum vegi. Mjólkurflutningar eiga að fara þarna fram annan hvern dag árið um kring, en falla niður oft og einatt, vegna þess að þessi vegur er klakabólstrar mikið af vetrinum, síðan snjóar yfir oft og einatt, og þá er lífsháski að aka þessa leið. Ég vil segja, að þessi fjárveiting eigi að gera tvenns konar gagn, annars vegar að afstýra slysahættu, hins vegar að afstýra því, að þetta byggðarlag hverfi alveg.

Þá kemur 3. till. í þessum landsbrautakafla. Það er Örlygshafnarvegur, Vörðubrekka, 300 þús. krónur. Ríkið á stofnun í Breiðuvík, barnaheimili, myndarlegt að mörgu leyti, en vegurinn er þannig í þessari Vörðubrekku, að hann lokast við hvað lítinn snjó sem er svo að segja og er auk þess mjög viðsjárverður. Hvað sem kann að koma fyrir á þessu ríkisheimili þarna, t. d. þarf að ná í lækni, verður að fara þessa leið. Það sýnist því ekki til mikils mælzt, að greitt verði nú fyrir því, að þessi ríkisstofnun geti haft samband við Patreksfjörð, þar sem læknir er eða á að vera, þar sem viðskiptin eru við þetta heimili og fleira af sama tagi.

Þá er það Kollsvíkurvegur, 400 þús., sem við leggjum til að veitt verði, en þarna er hálfgerður vegur yfir svo kallaðan Hænuvíkurháls, og mundi þessi upphæð sennilega duga til þess að gera hann færan og jafnvel viðunandi fyrst um sinn. Í hann hafa fengizt smávegis fjárveitingar að undanförnu, en samt vantar a. m. k. þetta á til þess að ljúka við hann.

Í 4. till. er Ketildalavegur í Arnarfirði, sem er alllangur vegur, ég held einir 26 km eftir endilangri sveitinni, en gersamlega óviðunandi. Þetta er einn af þeim vegum, sem engin fjárveiting hefur fengizt til tvö kjörtímabil. Við leggjum til, að 300 þús. kr. verði veittar í þennan veg hvort árið fyrir sig, og dugir það að sjálfsögðu ekki, en jafnframt 100 þús. kr. til þess að leggja veg heim að Selárdalskirkju, en enginn vegur liggur þar heim, en vegir heim að kirkjum og félagsheimilum eru þjóðvegir. Þarna er nú eitt dæmið enn, sem sýnir, hvað af því hefst að hirða ekki um fjárveitingar í þessa vegi um sveitirnar. Hreppurinn er svo að segja allur kominn í eyði og það fyrst og fremst vegna vegasambandsins.

Þá er það Svalvogavegur í Dýrafirði, 400 þús. kr. Þessi vegur á geymda smávegis fjárveitingu. Mig minnir, að hún sé eitthvað um 135 þús. En úti á nesinu er viti, Svalvogaviti, og auk þess eru tveir bæir þar skammt frá, sem eru algerlega einangraðir, og að vetri til engin leið að komast frá þessum bæjum, hvað sem liggur við, nema á sjó, ef það er hægt. En þarna er engin höfn heldur, svo að þetta fólk býr í ákaflega viðsjárverðri einangrun og hættulegri. Bæirnir Lokinhamrar og Hrafnabjörg ásamt Svalvogavita eru í svo hættulegri einangrun, að úr þessu verður að bæta. Slysavarnafélag þar fyrir vestan leggur ákaflega mikla áherzlu á það, að þarna verði hafizt handa um að gera eitthvað í þessum vegi, og ef þessi fjárveiting fengist, mundi verða hægt að komast þann kaflann, sem erfiðastur er.

6. till. er um Ingjaldssandsveg eða Sandsheiði. Við leggjum til, að það verði varið 250 þús. kr. hvort ár fyrir sig í þennan veg. Þessi heiði er algerlega lokuð alla vetur svo að segja, ef eitthvað er um snjóa, og snjóar eru varla svo litlir, að þessi heiði sé ekki lokuð. En þau níu heimili, — ég held, að ég muni það rétt, að það séu níu bændur þarna núna, — þessi 9 heimili eru einangruð nema frá sjó, en þarna er engin höfn, heldur er byggðin fyrir opnu hafi. Þetta er til þess að ráða bót á þeirri viðsjárverðu einangrun.

Þá er 7. liður, sem er smávægilegur, 100 þús. kr. til þess að leggja þjóðveginn heim að Ögurkirkju. Ég ók þarna í sumar sem leið, og þar er búið að aka eða réttara sagt tæta í sundur túnið fyrir bóndanum gersam-

lega á breiðum kafla, vegna þess að enginn er vegurinn heim. Þetta er samt einn af þjóðvegum ríkisins. Það er ekki nein sérstök frekja, held ég, að láta ekki tæta meira af túninu niður fyrir bóndanum, af því að ríkið vanrækir skyldu sína.

Í 8. lið a. er það Vatnsfjarðarvegur, smáupphæð, 150 þús. Það er til þess að tengja Vatnsfjarðarveg við Djúpveg, og vantar ekki nema herzlumuninn að ljúka þessu verki. Sama er að segja um veginn heim að Vatnsfjarðarkirkju, sem enginn er. Við gerum till. um, að hann sé bættur, enda ekki við það unandi, að þessir kaflar, þó að þeir séu stuttir, séu skildir eftir. Til þess voru þessir þjóðvegakaflar teknir inn í þjóðvegatölu, að það á auðvitað að leggja þá.

Og síðari liðurinn í þessari till. er Laugardalsvegur, 150 þús., og þarf ég ekki að skýra það.

Þá kem ég að 9. till. Það er Snæfjallastrandarvegur. Það hefur verið svo á undanförnum árum, að við höfum, þm. Vestfjarða, lagt á það mikla áherzlu, að Snæfjallastrandarhreppur verði ekki lengur einangraður frá öðrum byggðarlögum vegna vegleysu. Og það verður að viðurkenna það, að loks fékkst mikilsvert átak í þessu. Það var byggð myndarleg brú yfir Mórillu, sem rennur í Kaldalón. Þá vantaði ekki nema herzlumuninn til að tengja hreppinn við vegakerfið. Það var vegur frá brúnni og út með lóninu, tiltölulega stuttur spotti, og svo eru veittar á vegáætlun í fyrra 300 þús. kr. til að ljúka við þennan spotta. En þá skeður það, að fjárveitingin er tekin í viðhald, að ég kalla, og get ég rökstutt það, að það var ekkert annað en viðhald, sem fjárveitingunni var eytt í. Það var styrktur garður, sem liggur að brúnni, með grjóti, af því að hann var farinn að bila, og í það fór öll fjárveitingin. Þetta kalla ég viðhald, og ég tel því, að þarna sé inneign, sem eigi að skila, og þess vegna leggjum við til, að þessi fjárveiting sé veitt.

Strandasýsla hefur ekki verið ofalin á vegaframkvæmdum að undanförnu. Hún fékk ekkert af lánsfénu, sem veitt var á sínum tíma, og því leggjum við til, að smávægilegar upphæðir verði veittar samkv. 10. lið, 200 þús. kr., til þess að tengja nyrzta bæinn, Seljanes, við Ingólfsfjörð.

D-liðurinn er 150 þús. kr. hvort ár fyrir sig til byrjunar á vegi milli Stranda og Gilsfjarðar. Það er stytzta leiðin, og þar er fjallgarðurinn lægstur, en þetta er auðvitað ekki nema byrjunin. Það er nánast til þess að viðurkenna það, að það eigi að koma þarna vegur.

Og loks eru það 100 þús. kr. hvort árið til þess að tengja Steingrímsfjörð eða Staðardal, Hrófbergshreppinn, við þjóðveginn á Þorskafjarðarheiði.

Við erum með eina till. um brú, það er nú ekki meira. Það hefur ekki fengizt enn fé til þess að byggja brú á Steinadalsá, en Steinadalsá rennur um Bitruna og er á veginum, þegar farið er milli Geiradalshrepps og Bitrufjarðar. Þessi á er mjög vond Þó er þetta ekki stór brú, hún er stutt, en áin er vond og bókstaflega hættuleg. Auk þess er einn bær þarna í sveitinni, sem er einangraður öðrum megin við ána. Við gerum okkur vonir um, að þessi fjárhæð muni duga í þessa brú.

Ég kem þá að þeim kaflanum, sem snertir lánsfé. Er þá fyrsta till. Gemlufallsheiði. Þegar lánsfénu var skipt niður á vegi í vegáætluninni fyrir tveimur árum, þá var, eins og ég sagði áðan, öllu fénu skipt á fáa vegakafla út frá Ísafirði annars vegar og út frá Patreksfirði hins vegar. Skiptingin náði til vega, sem náðu til Bolungarvíkur, Súðavíkur, Suðureyrar í Súgandafirði, Flateyrar í Önundarfirði, og þó ekki nema að nafninu til, — það var lítilfjörleg upphæð, — en til Þingeyrar þurfti ekki að veita sérstaklega fjárveitingar af lánsfé, vegna þess að þjóðvegurinn liggur um Þingeyri. Lengra var ekki hugsað. Lengra skyldu ekki fjárveitingar ná af þessu lánsfé. Það var gert myndarlegt átak í Breiðadalsheiði, sem er nú aðalfarartálminn, og einnig í Botnsheiði til Súgandafjarðar með fjárveitingum. En ein heiðin, Gemlufallsheiði, milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar, fékk svo lítla fjárveitingu, að hún dugir ekki að hálfu. Þess vegna leggjum við til, að 1.8 millj. fáist á þessu ári í þessa heiði, svo að hún njóti nokkurn veginn jafnréttis við hinar.

Önnur till. í þessum kafla er Barðastrandarvegur, Kleifaheiði, 1.7 millj. hvort árið fyrir sig. Þegar lánsfé var skipt og skipt niður á vegi út frá Patreksfirði, náði það til vegarins norður til Tálknafjarðar og Bíldudals á annan veginn, á hinn veginn suður á flugvöllinn í Patreksfirðinum, í Sandodda, en byggðarlagið Barðastrandarhreppur, sem er fjölmennur hreppur að austanverðu við Kleifaheiði, það byggðarlag er allt einangrað. Það fékk ekkert af lánsfénu. Það getur ekki notað sér flugsamgöngurnar á Patreksfjörð, þó að það séu tiltölulega fáir km á milli, þ. e. a. s. langtímum saman, vegna snjóa á Kleifaheiði. Auk þess eiga þeir öll sín viðskipti að sækja yfir þessa heiði, læknisþjónustuna og afnot af sjúkrahúsi, ef á þarf að halda. Við viljum bæta úr þessu ástandi, sem er ekki viðunandi.

Í b-liðnum er till. um fjárveitingu til Tröllatunguheiðar, 2½ millj. hvort ár. En Tröllatunguheiði er á milli Gilsfjarðar og Steingrímsfjarðar. Hv. þm. vita það nú sennilega, að þeir, sem búa í Reykhólasveit og Geiradalshreppi, eru meira og minna innilokaðir umfram aðra að vetri til, ekki aðeins vegna snjóa, heldur vegna ísa, því að Gilsfjörð leggur allan, ef nokkur veruleg frost eru. Langtímum saman er allur Gilsfjörður ein ísahella og langt út á Breiðafjörð, og þá eru allar bjargir bannaðar þessu fólki, nema ef hægt er að nota loftið. Nú er enginn lækn-

ir þarna. Það verður að sækja lækni annaðhvort til Búðardals, ef hann er þá þar, eða til Steingrímsfjarðar, ef fært er yfir þessa heiði. En þarna er aðeins ruddur vegur, sem er fær jeppum að sumri til, en engu farartæki að vetri til, hvernig sem viðrar.

B-liðurinn er um Tálknafjarðarheiði, hálf önnur milljón hvort árið. Það er sökum þess, að ekkert fé var veitt í kaflann út í Tunguplássið, sem nú er orðið allfjölmennt, enda er mikill atvinnurekstur þar og fer sívaxandi, en vegurinn ófær langtímum saman. Þennan veg verður fólkið, sem þarna býr, að fara, ef það ætlar að leita læknis, hafa viðskipti við Patreksfjörð eða hafa afnot af sjúkrahúsinu þar.

Og loks er undir þessum lið Flateyrarvegur, og um hann má alveg sama segja og Tálknafjarðarveg, að þeir eru innilokaðir, því að þeir geta ekki haft samband eða komizt á aðalþjóðveginn, nema bættur sé verulega þessi stutti kafli. Þess vegna leggjum við til, að einar 500 þús. kr. verði veittar í hann, svo að Flateyri njóti sama réttar og Suðureyri, Bolungarvík og Súðavík, en það vantar mjög á, að svo sé.

Síðasta till. er í Djúpveg, þ. e. frá Eyri í Seyðisfirði að Skarði í Skötufirði, 2½ millj. annað árið, 3 millj. hitt. Ísafjarðardjúp eða svo kallað Inndjúp er ekki í neinu vegasambandi við Ísafjörð, hvorki sumar né vetur. Það er enginn vegur, sem tengir byggðarlögin inni í djúpinu við Ísafjörð. Þó hafa íbúar þessara sveitarfélaga öll sín viðskipti við Ísafjörð, öll venjuleg viðskipti, hvort sem eru verzlunarviðskipti eða vegna annarra þarfa, læknis, sjúkrahúss eða hvers sem er. Það hefur dálitið áunnizt að lengja þennan veg, svo að það má heita, að hann sé kominn að Eyri í Seyðisfirði. En þá er eftir alllangur kafli inn í Skötufjörð til þess að ná saman endunum. Á þetta er ákaflega mikil áherzla lögð þar vestra, sem eðlilegt er, af fólkinu í þessum mörgu sveitum, en þar eru fjögur sveitarfélög, sem eru einangruð frá vegakerfinu, bæði sumar og vetur, þ. e. a. s. vegakerfinu við Ísafjörð, og auðvitað bæði við Ísafjörð og önnur byggðarlög á landinu að vetri til, því að Þorskafjarðarheiði er reyndar lokuð allan veturinn og meira en hálft árið. Þess vegna er ákaflega mikil áherzla lögð á að þoka þessum vegi áfram sem fyrst til þess að koma sambandi þarna á. Okkur er ljóst, að þessi vegarkafli, sem eftir er, kostar allmikið, en það er óhjákvæmilegt að hraða því verki nokkuð.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Loks kom fyrir þingið hin síðbúna, langþráða till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968. Menn höfðu gert sér vonir um, að í henni mundu felast auknar vegagerðir og úrbætur, þar sem brýnust þörf kallar eftir. En lítið er um þess háttar. Þetta er um flest endurprentun eldri áætlunarinnar, að því er snertir vegi flestra byggða, og dýrtíðin étur í þessum efnum sem öðrum takmarkaða tekjuaukningu.

Okkur þm. Norðurl. e. bárust mörg erindi í vetur á ýmsum tímum úr byggðum hér og þar úr kjördæminu með rökstuddum óskum um, að við beittum okkur fyrir því, að veittar yrðu fjárhæðir til tilgreindra umbóta á ýmsum vegum. Landsmenn bjuggust almennt við því, að gert yrði með endurskoðun áætlunarinnar átak, svo að um munaði, í vanræktum vegamálum. Við þm. úr Norðurl. e. sendum erindin, sem okkur bárust, öll til vegamálastjóra og óskuðum þess allir sameiginlega og skriflega, að þau yrðu tekin til athugunar við endurskoðunina og tekin til greina, eftir því sem unnt væri. Eitthvað vorum við mismunandi sterkorðir um þörfina, eftir því sem efni stóðu til á hverjum stað. En aldrei var neinn ágreiningur okkar á milli um meðferð þessara mála.

Nú, þegar ég lít yfir till., sé ég þess hvergi merki, að hinar skriflegu óskir okkar hafi verið teknar til greina, og hvergi sé ég þar rúm í fjárveitingakaflanum fyrir brtt. vegna þeirra, eins og komið er. Ekkert fé er þar laust til skipta. Ég fyrir mitt leyti hef ekki skap til að leggja til, að tekið sé þar frá öðrum handa okkur, því að öllum virðist vera svo naumt skorinn skammturinn. Hið eina til leiðréttingar, sem nú virðist opið standa, er að gera ráð fyrir auknum lántökum til vega.

Þingeyjarsýslubraut er 265 km langur vegur í Norðurlandskjördæmi eystra. Hún nær frá Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri í Reykjadal um Aðalreykjadal, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi, Öxarfjörð, Núpasveit, Kópasker, Melrakkasléttu, Raufarhöfn, Hálsa, Þistilfjörð til Þórshafnar. Hún liggur um 12 sveitarfélög sem aðalvegur. Í þessum sveitarfélögum eru samtals um 5 þús. íbúar. Þingeyjarsýslubraut er aðalvegur til sóknar að fjórum verzlunarstöðum, Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn. Á þessum vegi er mikil umferð og flutningaþörf. Tíðarfar í þessum landshluta er þannig, að vegna snjóa á vetrum þarf vel upphlaðna vegi. Talið er, að eftir sé að byggja upp um 130 km af Þingeyjarsýslubraut eða nálega helming allrar leiðarinnar í heild. En þetta eru kaflar á ýmsum svæðum. Skv. lauslegri áætlun er talið, að kosta muni 75 millj. kr. að byggja Þingeyjarsýslubraut upp þannig, sem lög ætlast til. Til allrar þessarar leiðar eru skv. áætluninni, sem hér liggur fyrir, ætlaðar um 3½ millj. kr. í fjárveitingum samtals bæði árin, og fyrir mestan hluta þess hefur verið unnið fyrir fram og fer upp í lán. En miðað við þessa upphæð mundi, ef svo hægt væri farið, taka 40 ár að koma Þingeyjarsýslubraut í það ástand, sem lög gera ráð fyrir. Er það lengri tími en hægt er að sætta sig við. Varla getur nokkur hv. þm. talið þetta ofmælt. Af framangreindum ástæðum leyfum við okkur, fjórir þm. Norðurl. e., að flytja þá brtt. á þskj. 553, að lántökuheimildarkafla vegáætlunarinnar verði breytt þannig, að

heimilt verði að vinna fyrir lánsfé að Þingeyjarsýslubraut þessi tvö ár fyrir 7 millj. 1967 og 8 millj. 1968. Þetta er að vísu, a. m. k. fyrir árið í ár, ekki mikil lausn, vegna þess að um annað er ekki að ræða að því er þennan kafla snertir en að útvega þarf lánsfé, því að hann stendur ekki í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisins og lántökuheimildir skv. þeirri löggjöf, sem hefur verið sett. En verði að því stefnt að vinna fyrir ekki minna fé árlega en þetta, sem við leggjum til, að uppbyggingu Þingeyjarsýslubrautar, þá taka þau verk skv. áætlun 10 ár í stað 40, og mundi flestum þykja nógu löng bið.

Þess er þó rétt að geta með þökkum, að hv. fjvn. hefur gert till. um, að heimilað verði að vinna fyrir lánsfé í Aðalreykjadal fyrir 1 millj. hvort árið 1967 og 1968. Það vinnst ekki mikið fyrir þá upphæð, en víst má þakka fyrir þessa hugulsemi. En hún er ekki svo mikil, að það haggi nokkuð þeirri ósk okkar flm., að till. okkar verði samþ. Við teljum þessa till. okkar mjög sanngjarna og væntum þeirrar sanngirni af hv. þm., að þeir greiði henni atkvæði.

Ég læt svo útrætt um þessa till., sem ég tel mig hafa sannað að eigi fyllsta rétt á sér og sé mjög hófleg.

En af því að ég er kominn í ræðustólinn, vil ég aðeins minnast á veginn, sem á að leggja á þessum tveim árum milli Mývatnssveitar og Húsavíkur og nefndur hefur verið Kísilgúrvegur. Eins og hæstv. vegamrh. hefur lýst yfir í ræðu, verður bygging þess vegar kostuð af ríkinu og lán til þess tekið, og þyngir hann því ekki í raun og veru vegáætlunina með byggingarkostnaði sínum, hvílir ekki á tekjum vegasjóðs. Mér er ekki grunlaust um, að sumir ókunnugir haldi, að þessi fyrirhugaði vegur komi ekki öðrum að notum en kísilgúrverksmiðjunni, aðeins eigi að nota hann vegna flutninga vegna kísilgúrverksmiðjunnar. En þetta er misskilningur. Þessi vegur verður um það bil 30 km styttri en núverandi akvegur milli Mývatnssveitar og Húsavíkur. Hann á einmitt að liggja þá leið, sem Mývetningar völdu sér stytzta í kaupstaðinn, þegar þeir fóru fyrrum lestaferðir sínar, fluttu á hestum, klyfjar á sumrum eða fóru í sleðaferðir á vetrum. Hann liggur líka að hálfu um byggð, kemur henni að fullum notum og er þráður af þeim, sem þar búa. Þessi vegur verður nefnilega vegakerfisbót, þó að til séu menn, sem hefðu viljað fá hann lagðan hjá sér um dalina neðar og vestar, af því að þeim leiðist að bíða eftir fullkomnum vegi. En sú leið, sem þeir tala um, er ⅔ lengri frá Mývatnssveit til Húsavíkur. Þegar þessi vegur verður tekinn í landsbrautatölu sem þjóðvegur í vegáætlun 1969—1973, tel ég, að gefa eigi honum nafnið Hólasandsvegur, en það hét hin gamla lestaferðaleið Mývetninga, sem þarna lá.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég tala hér ekki fyrir neinum brtt., því að þær flyt ég engar. En hér er um að ræða vegáætlun, sem gildir til tveggja ára og hefur þar af leiðandi mikla þýðingu fyrir þá, sem landið byggja. En því miður verður það tæpast sagt um vegamálin almennt, að fyrir þeim hafi verið vel séð, því að oft og einatt, þegar maður ferðast um landið, fer maður yfir mjög slæma vegi, illa við haldið og illa gerða. Þetta hefur komið einna bezt í ljós síðustu árin, eftir að bifreiðafjöldinn varð svo mikill í landinu sem raun er á orðin og eftir að þungaflutningar urðu eins miklir og orðið er, og hafa þeir flutningar aukizt allmikið á síðustu árum, samhliða því að flutningar á sjó hafa farið minnkandi.

Fólkið í landinu greiðir allt sín gjöld til vegagerðar, og þar af leiðandi á það á sinn hátt rétt á því, að vegum sé vel við haldið og nýbyggingu vega og brúa hraðað, eftir því sem auðið er. Vetrarsamgöngur eru allmisjafnar, og sömuleiðis er misjöfn fyrirgreiðsla, sem veitt er í því sambandi. Í nágrenni Reykjavíkur held ég, að það sé alltaf haldið opnum vegum, þegar þess er nokkur kostur. Ef við viljum fara lengra út á land, þ. e. a. s. vestur eða norður á land, þá er þessu öðruvísi háttað. Þegar snjóar eru, er fyrirgreiðsla veitt í mesta lagi einu sinni í viku yfir Holtavörðuheiði og yfir Bröttubrekku. Fari maður lengra vestur, t. d. vestur fyrir Gilsfjörð, þá er snjómoksturinn háður því, hvort heimamenn á tilheyrandi stöðum vilja taka þátt í þeim kostnaði, sem þar af leiðir, eða ekki. Það er því ekki sama, hvar á landinu fólkið býr. Það verður að borga kostnaðinn eftir staðsetningu, og það fær fyrirgreiðslu líka eftir því, hvar það á heima á landinu.

Ég er því fylgjandi, að vegasjóður taki á sig auknar greiðslur, þegar um snjómokstur er að ræða, og geri það í mun ríkara mæli en tíðkazt hefur til þessa. Það er að vísu látið í það skína í þessari vegáætlun, að það muni breytingar eiga sér stað í þessum efnum, og vænti ég, að þær megi verða til mikilla bóta fyrir þá, sem hafa orðið að leggja á sig þungar fjárhagsbyrðar í þessu sambandi á undanförnum árum. Og ég treysti því, að þegar athuguð eru þau ákvæði og þær reglur, sem um þessa hluti gilda, að þá verði því þannig fyrir komið, að vegaþjónustan verði alls staðar svipuð og fyllsta samræmis og réttlætis gætt í þeim efnum, því að það er lágmarkskrafa okkar allra að sitja við sama borð í þessum efnum. Úr því að ég minnist á þessa þjónustustarfsemi í sambandi við snjómokstur og það sem því fylgir, vil ég minna á, að það er stundum hægt að komast hjá því að eyða miklu fjármagni í snjómokstur, og það er hægt með því að hraða meira nýbyggingu vega og endurbæta vissa vegakafla, sem snjóþyngstir eru. Ég vil minna á það, að Brattabrekka og Svínadalur í Dalasýslu eru snjóþungir fjallvegir í snjóavetrum. En það er hægt að fara aðrar snjóléttari leiðir, t. d. Heydal í staðinn fyrir

Bröttubrekku og svokallaðar Strandir í staðinn fyrir Svínadal. Þegar ég minnist á Heydal og veginn fram Hnappadal, þá er hann að vegalengd 28 km frá Stykkishólmsvegi að sunnan og á Skógarstrandarveg að vestan. Heydalur sjálfur er um 13 km langur, en Hnappadalurinn 15 km, og Hnappadalurinn er að mestu leyti í byggð. Eftir er að leggja nú um 9 km veg yfir Heydal og endurbæta og byggja nýjan veg í Hnappadalnum, og er sú áætlun talin vera 2.5 millj. kr., en vegagerðin yfir Heydal er áætluð 6.3 millj. kr., það sem eftir er. Auk þess þarf að byggja 5 smábrýr, og kosta þær allar nálægt 1.8 millj. kr. Ég vænti þess, að þessar ár verði allar brúaðar í ár og næsta ár, því að þetta eru allt smábrýr og kostnaður við gerð þeirra tiltölulega lítill.

Fjármagn það, sem til er skv. vegáætlun, eins og hún liggur fyrir hér á hv. Alþ., varðandi Heydal og Hnappadal, er 5 millj. kr. Þá vantar til þess að fullgera Heydalsveg og Hnappadal rúmar 3 millj. kr., sem ég vona að verði útvegaðar á einhvern hátt, svo að vegasamband komist á eigi síðar en á næsta ári. Það er ekki meira verk en svo, að það ætti að vera mögulegt, ef vilji er fyrir hendi, og þetta sparar líka útgjöld á öðrum sviðum hjá vegagerðinni, t. d. snjómokstur, og tryggir auk þess samgöngur við Breiðafjörð og vestur um firði.

Þá vil ég í þessu sambandi minna á vegasambandið milli Vestur- og Norðurlands yfir Laxárdalsheiði. Þessi leið er snjólétt og færir Vestfirði nær Norður- og Austurlandi, þegar þar kemur góður akfær vegur, en akfært er þar nú aðeins yfir sumartímann.

Ég minntist hér áðan á Svínadal og leiðina til Vestfjarða. Svínadalur er snjóþungur, en vegurinn kringum Strandir, þ. e. út með Hvammsfirði að vestan og inn með Gilsfirði að sunnan, en snjóléttur, og ef sá vegur væri orðinn góður og fullgerður, þá væri þessi leið nokkurn veginn fær allan vetrartímann. En þessi leið er öll í byggð og nálægt sjó, svo að fannir eru þar allajafna litlar. Það þykir því mjög áríðandi að hraða vegalagningu þarna, þar sem þá eru allar horfur á því, að vetrarsamgöngur verði bæði öruggari og hagkvæmari en þær hafa verið til þessa.

Fjvn. hefur fullan skilning á máli þessu, og er ég henni þakklátur fyrir þær breytingar, sem hún leggur til varðandi þennan veg. Ég tel, að með þeim lánum, sem til þessa eru ætluð í vegáætluninni í ár og á næsta ári, megi bæta til muna þá kafla á þessari leið, sem erfiðastir hafa reynzt á veturna.

Þótt ég minnist hér aðeins á örfáa vegi, þá er það ekki vegna þess, að það sé ekki víðar í Vestfjarðakjördæmi þörf á endurbótum í vegamálum. Ég hef haldið mig eingöngu við aðkallandi og stór verkefni, en minni á það í leiðinni, að brýr vantar bæði á Borgarfjörð og Ísafjörð hjá Narfeyri.

Þá tel ég og vil minna á í þessu sambandi, að nauðsynlegt er að auka til muna það fjármagn, sem veitt er til fjallvega, ekki einungis fyrir það fólk, sem er að skemmta sér um hábyggðir þessa lands, heldur og ekki síður fyrir þá, sem stunda landbúnað og þurfa að ferðast um heiðalöndin og smala búfé sínu. En víða háttar þannig til í landi voru, að það kostar ekki ýkjamikið að gera akfært á fjöllum uppi.

Trú mín og von er sú, að þess verði ekki langt að bíða, að það komi sú ríkisstjórn í landi voru, sem hefur bæði reisn og ráð undir rifi hverju til að horfast í augu við vandamálin og leysa þau. Þá munu þau verkefni, sem ég hef hér minnzt á, verða leyst. Í trausti þess sé ég ekki ástæðu til að flytja brtt. að þessu sinni við þá vegáætlun, sem hér liggur fyrir.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þremur öðrum þm. úr Norðurl. e. að flytja eina brtt. við endurskoðun vegáætlunarinnar. Þessi tillaga er um það, að vegurinn, sem liggja á milli Árgerðis og Karlsár í Dalvíkurhreppi, verði lagður á þessu ári. Eins og mönnum er kunnugt, er nú búið að opna akvegasamband milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur um Ólafsfjarðarmúla, en þetta hefur það í för með sér, að það er mjög aukinn umferðarþungi um Dalvík, og kemur þannig út, að þetta bæði eykur slysahættu þar í kauptúninu og eins er það mikið álag á vegina eða götur kauptúnsins, þar sem umferðin liggur nú í gegn. En framtíðarvegurinn á að liggja á nýju vegarstæði ofan við meginbyggðina á Dalvík, frá brúnni hjá Árgerði og þar norður um að bænum Karlsá yzt í kauptúninu. Nú var það till. okkar fjórmenninganna, að þessi vegur yrði lagður í sumar, og við lögðum því til, að það yrðu veittar 2 millj. kr. til þessa vegar. Nú sé ég, eftir að við höfum lagt fram okkar till., að fjvn. hefur tekið upp þennan sama veg í till. sínar. Að vísu er sá munur á till., að við leggjum til, að veginum verði lokið á þessu ári, 1967, og þá veittar 2 millj. kr. á þessu ári. En fjvn. leggur aftur til, að veginum verði lokið á tveimur árum, á árunum 1967 og 1968. Ég get vel fallizt á, að vinna megi verkið með þessum hætti, og vil í því sambandi taka það fram, að ég tel ekki ástæðu til fyrir okkur að halda okkar till. til streitu, og mun því leggja til, að hún verði tekin aftur.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Fyrir réttum 7 árum eða hinn 27. apríl árið 1960 mælti ég hér í hv. Sþ. fyrir till. til þál. um undirbúning brúargerðar á Ölfusá hjá Óseyrarnesi, og var þá samþ. að vísa þeirri till. til ríkisstj. Um þessa till. og þetta mál hefur verið heldur hljótt hér á hinu háa Alþ. hin síðari ár, og þess vegna leyfist mér væntanlega að láta í ljós ánægju með þann lofsverða áhuga, sem nú er kominn fram í þessu máli með tillöguflutningi þriggja þm. Sunnl., Helga Bergs, Ágústs Þorvaldssonar og Ósk-

ars Jónssonar, um þetta mál, þar sem þeir leggja til núna á næstseinasta degi þessa Alþ. og næstseinasta degi kjörtímabils þess, sem nú er senn á enda, að við tökum þetta mál upp.

Umræddur vegur er mjög athyglisverður og ánægjulegt, að það skuli vera vaknaður áhugi á honum með þessum hætti hér, þótt seint sé. Þessi leið, Hafnarskeiðsvegur með brú á Ölfusárósi, mundi tengja Þorlákshöfn við þorpin Eyrarbakka og Stokkseyri. Leiðin þar á milli nú er 50 km, en mundi styttast niður í 10 km.

Nokkur breyting hefur orðið á högum Þorlákshafnar, þar sem hún er orðin landshöfn og ríkið hefur tekið að sér að veita henni forsjá, hefur þegar verið stórfé til hafnarframkvæmda þar og hefur gefið fyrirheit um að gera það áfram. Gildi hafnarinnar í Þorlákshöfn nýtist ekki til fulls, fyrr en umrædd samgöngubót hefur orðið og tengt þessa landshöfn, sem miklar vonir eru bundnar við, við þorpin gömlu á Suðurlandsströndinni, Eyrarbakka og Stokkseyri.

Þess er skemmst að minnast, fyrir nokkrum vikum, að tveir bátar af fjórum í eigu Stokkseyringa eða helmingur af fiskiflotanum gereyðilagðist á einni nóttu vegna þess, hve hafnarskilyrði þar eru ófullkomin. Stokkseyringar hafa ráðið bót á þeim hnekki, sem atvinnulífið hefur orðið fyrir, með því að fá sér leigða tvo báta. Þeir eru svo stórir, að þá hefur orðið að gera út frá Þorlákshöfn, og síðan verður að flytja fiskinn á bifreiðum frá Þorlákshöfn til Stokkseyrar eða um leið, sem er fram og til baka 100 km, en gæti orðið 10 eða 20, ef þessi mikla samgöngubót kæmist á. Ég vek athygli á þessu atriði hér, vegna þess að í vissum skilningi mætti líta svo á, að hér væri um að ræða úrbætur í hafnarmálum þessara tveggja þorpa, sem hafa mikla afkastagetu og mannvirki og margt fólk, sem hefur búið þar um langa hríð.

Ég mundi í sambandi við þessa hugmynd og till. vilja bera fram fsp. til hæstv. samgmrh., þó að ég geri mér grein fyrir, að það sé e. t. v. ekki í anda þingskapa að gera það án þess að gera það formlegar. Í vegáætlun þeirri, sem hér liggur fyrir, er reiknað með framlögum til Þrengslavegar, 3.2 millj. árin 1967 og 1968. Til hraðbrautar, sem kallast Suðurlandsvegur, er hins vegar varið á sömu árum 1967 17.75 millj. og 1968 37.3 millj., og má ég leyfa mér að spyrja, hvort ákveðið hafi verið, hvar Suðurlandsvegur á að liggja. Á hann að liggja yfir Hellisheiði eða á hann að liggja um Þrengsli? Ég vil láta í ljós ánægju með þær framkvæmdir, en æskilegt væri að fá hugmynd um, hvar þetta fyrirhugaða vegarstæði á að koma.

Erindið var það að láta í ljós ánægju yfir áhuga þeim, sem er vaknaður á þessum Hafnarskeiðsvegi, og því upphafi, sem nú virðist vera að átökum í lagningu vegar austur yfir fjall, gerð varanlegs vegar yfir Hellisheiði eða á öðrum stað, þar sem væntanlegt vegarstæði kemur til með að verða.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 598 flytjum við þrír þm. Norðurl. v. ásamt hv. 5. landsk. þm. brtt., fáar að vísu.

1. till. er um það, að veittar verði 86 þús. kr. til vegagerðar að Ábæjarkirkju í Skagafirði. Þessi vegur er í tölu þjóðvega samkv. vegal., eins og aðrir vegir að kirkjustöðum. Ábær er sem kunnugt er í Austurdal í Skagafirði, og það, sem þarna er um að ræða, er að leggja veg frá brúnni á Jökulsá eystri í Skagafirði inn að Ábæ, og það er ætlað af yfirverkstjóra vegagerðarinnar í Skagafirði, að það kosti þessa upphæð að gera þarna nothæfan veg, a. m. k. fyrir svonefnda jeppa.

Nú er frá því að segja, að það var á næstliðnu ári, 1966, unnið að þessari vegagerð að nokkuð miklu leyti, og frú Monika Helgadóttir á Merkigili lagði fram að láni það, sem til þess þurfti, eitthvað um 68 þús. kr., og var þetta gert með leyfi vegamálastjóra. Ég held, að þetta hljóti að vera einhver mistök, að þessi upphæð var ekki tekin inn á vegáætlunina, því að það getur ekki verið ætlun manna að láta húsfreyjuna á Merkigili bíða í mörg ár eftir því að fá þetta endurgreitt, framlagið í þennan þjóðveg. Verði okkar till. samþ., fer meginhluti upphæðarinnar til að endurgreiða þetta, og þá verður eitthvað lítið eitt eftir til þess að ljúka þessari vegagerð. Ég vildi vænta þess, að þessu yrði hér vel tekið, því að þarna er í raun og veru um smáupphæð að ræða í samanburði við margt annað. Það er sanngirnismál, að frú Monika fái þetta endurgreitt sem fyrst.

Að öðru leyti eru till. okkar um þrjár brýr í kjördæminu. Það er í fyrsta lagi brú á Austurá hjá Skárastöðum í Miðfirði, 1½ millj., í öðru lagi brú á Laxá á Þverárfjallsvegi utan við Illugastaði í Skagafjarðarsýslu, einnig 1½ millj., og að síðustu brú á Norðurá hjá Borgargerði í Norðurárdal í Skagafirði, 2 millj. kr. Um allar þessar brýr er það að segja, að þær eru nauðsynleg samgöngubót vegna samgangna innan héraðanna, þar sem þessar ár falla. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að það hefur verið felld niður af vegáætlun 1½ millj. til brúar á Djúpadalsá í Skagafirði, og gerð grein fyrir því í aths., sem fylgja þáltill. um endurskoðun vegáætlunar, hvernig á því stendur, svo að segja má, að kjördæmið eigi inni þessa upphæð, og sanngjarnt, að það verði veitt til brúargerðar í staðinn fyrir þetta, sem þarna var fellt niður. Þegar á þetta er litið, er þetta ekki nema að nokkru leyti viðbót við fjárveitingar, þetta sem felst í okkar brtt.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég vil biðja forseta að leita afbrigða fyrir skrifl. brtt., sem ég vil flytja. Hún er frá fjvn. Það er brtt. við brtt. á þskj. 588, um vegáætlun. Það er við 2. tölul. b.2. Liðurinn orðist svo:

„Þingeyjarsýslubraut: a. Í Aðalreykjadal 1967 1 millj. og 1968 0.5 millj. Milli Jökulsár og Þórshafnar 1968 500 þús.“

Hér er ekki um aðra breytingu að ræða en skipt er fjárupphæðinni, sem í brtt. n. á þskj. 588 er ætluð til þessa vegar í Aðalreykjadal 1968. Samkv. till. á þskj. 588 er 1 millj. hvort árið, en upphæðinni er skipt á árinu 1968 í 500 þús. til hvors kafla, annars vegar í Aðalreykjadal 500 þús. og milli Jökulsár og Þórshafnar 500 þús. kr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 607) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 571,1.a felld með 24:21 atkv.
— 549 tekin aftur.
— 571,1.b felld með 26:21 atkv.
— 598,1 felld með 27:22 atkv.
Brtt. 571,2 felld með 27:21 atkv.
— 597 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 598,2 felld með 26:22 atkv.
— 588,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 562,1 felld með 27:21 atkv.
— 571,3.a felld með 29:22 atkv.
— 591,1 felld með 30:22 atkv.
— 553 felld með 29:22 atkv.
— 607 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 588,2, svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
— 562,2 felld með 27:24 atkv.
— 591,2 felld með 29:23 atkv.
— 571,3.b felld með 29:22 atkv.
— 588,3 samþ. með 40 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 615).

Þingsályktunartillaga felld.

Rannsóknarnefnd til rannsóknar á ásökunum um trúnaðarbrot utanríkismálanefndarmanna.

Á 47. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á ásökunum um trúnaðarbrot utanríkismálanefndarmanna [140. mál] (A. 276).

Á 48., 53., 56., 62., 63. og 64. fundi í Nd., 2., 13. og 20. marz, 10. og 11. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 13. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Í grg. þeirri, sem fylgir þessari till., er **það rakið í stórum dráttum, hvert sé tilefni** til þess, að hún er flutt. En í stuttu máli **sagt er það þannig: Í umr., sem fóru fram** í sameinuðu þingi 30. nóv. s. l., bar störf utanrmn. á góma, og fórust þá hæstv. utanrrh. orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alveg rétt, að það eru miklu færri mál borin undir utanrmn. en vert væri og sennilega rétt væri, en það er af því, að fyrrv. utanrrh. taldi, að hann hefði orðið þannig fyrir barðinu á utanrmn., að hann gæti ekki trúað henni fyrir málum. Ég held, að mér sé óhætt að segja það eftir honum, að það hafi trúnaðarmál, sem n. hafi verið sagt frá, verið borin út og komið í blöðum, og þess vegna vildi hann ekki fyrir sitt leyti, að henni væru fengnar allar upplýsingar, sem annars hefði verið rétt að nefndin fengi. Ég skal ekkert segja um þetta, ég þekki það ekki svo vel."

Þetta voru ummæli hæstv. utanrrh. Í sjónvarpsviðtali, sem ráðh. átti við nokkra blaðamenn 10. febr. s. l., barst talið að þessu efni. Morgunblaðið sagði frá viðtalinu daginn eftir, og hófst frásögn blaðsins á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á blaðamannafundi í sjónvarpinu í gærkvöld sagði Emil Jónsson utanrrh., formaður Alþfl., að á árunum 1960—1961 hefðu trúnaðarmál, sem lögð voru fyrir utanrmn. Alþ., lekið út og birzt aðallega í Þjóðviljanum og einnig í Tímanum. Utanrrh. sagði einnig, að meðan svo væri, mundi hann ekki leggja trúnaðarmál fyrir nefndina."

Það gerðist svo næst í þessu máli, að á fundi í Sþ., sem haldinn var 15. febr. s. l., vék utanrrh. enn að þessu máli og taldi sig eingöngu hafa haft ummæli Guðmundar Í. Guðmundssonar fyrrv. utanrrh. fyrir því, að ekki væri hægt að treysta utanrmn. fyrir trúnaðarmálum. Þessu til áréttingar vitnaði ráðh. í ummæli, sem fyrrv. utanrrh. lét falla á fundi utanrmn. 4. febr. 1964, en þeim ummælum fyrrv. utanrrh. var strax mótmælt þá í n. og þess farið á leit, að hann nefndi dæmi máli sínu til sönnunar, en það gerði hann ekki. Var þess vegna álitið, að ráðh. hefði séð við nánari athugun, að ásakanir hans hefðu ekki við rök að styðjast, og því ekki hreyft málinu meira. En þar sem það hefur nú gerzt, að núv. utanrrh. virðist hafa tekið þessar órökstuddu fullyrðingar fyrirrennara síns alvarlega og fært þær fram sem afsökun fyrir því, að hann hefur ekki haft samstarf við utanrmn., svo sem lög gera ráð fyrir, og þar sem jafnframt í vissum stjórnmálablöðum er farið að byggja á þessum fullyrðingum árásir á utanrmn. eða a. m. k. suma þá menn, sem þar hafa átt sæti, hefur mér og samnm. mínum í utanrmn. þótt rétt, að það væri rannsakað alveg sérstaklega, hvað hæft er í þessum ásökunum, því að hér er um mikilvægt brot að ræða, ef rétt væri, og þess vegna er það, sem ég flyt hér í þessari hv. d. till. um það, að samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar verði skipuð sérstök rannsóknarnefnd til rannsóknar á þessum ásökunum um trúnaðarbrot utanrmn.-manna.

Mér finnst rétt að geta þess, að síðan þessi till. var lögð inn til skrifstofu Alþ., hafa orðið nokkrar umr. um þetta efni hér á Alþ. í sambandi við frv., sem nokkrir þm. flytja um breytingar á l. um utanrrn. Íslands. Í þeim umr. var nokkuð vikið að þessu sérstaka máli, og í því sambandi gat utanrrh. þess, að það hefði verið misminni hjá honum, **að umrædd trúnaðarbrot hefðu átt sér stað á árunum 1960 og 1961, heldur hefðu** þessi brot átt sér stað á árunum 1958 og 1959.

Mér finnst rétt að ræða aðeins nokkru nánar um þetta, en á fundi hér í hv. d., sem haldinn var 15. febr. s. l., rakti ég nokkuð þær ásakanir, að trúnaðarbrot kynnu að hafa átt sér stað í utanrmn. á árunum 1960—1961, og gerði það með þeim hætti að rifja upp þau mál, sem höfðu verið lögð fyrir n. eða hún rætt á þessum tíma. Og mér var ekki sjáanlegt, að á nokkrum þeim fundi n., sem haldinn var á þessum árum, árunum 1960—1961, hefði nokkurt það mál, sem væri hægt að kalla trúnaðarmál, verið lagt fyrir n., og enn síður, að nokkuð hafi verið óskað eftir því af viðkomandi aðilum, að um þau mál væri fjallað sem trúnaðarmál.

Ég hef í framhaldi af þessum síðari ummælum hæstv. ráðh., að trúnaðarbrotin hafi átt sér stað á árunum 1958 og 1959, nokkuð kynnt mér þetta mál. Að vísu er ég ekki nema að litlu leyti þar til vitnis, því að ég var fyrst kosinn í utanrmn. á miðju sumri 1959, og á þeim tíma, sem ég sat í n. á því ári, voru ekki haldnir í henni nema tveir fundir, annar á sumarþinginu 1959 eingöngu til þess að kjósa formann n. og svo annar fundur á haustþinginu 1959, einnig til þess að kjósa eingöngu formann n., svo að það liggur í augum uppi, að á þeim fundum hafa ekki nein trúnaðarbrot getað átt sér stað í sambandi við störf n. Ég hef einnig fengið aðstöðu til þess að kynna mér fundargerðir utanrmn. að öðru leyti frá árunum 1958 og 1959. Og mér sýnist, að samkv. þessum fundargerðum n. hafi á þessum fundum ekki verið rædd nema tvö mál.

Haustið 1958 voru haldnir nokkrir fundir til að ræða um afstöðu Íslands til landhelgismálsins, sem þá var til meðferðar á þingi Sameinuðu þjóðanna, en þá lá fyrir þinginu að ákveða það, hvort landhelgismálið, þ. e. a. s. víðátta landhelginnar, yrði tekið til meðferðar á nýrri, sérstakri landhelgisráðstefnu eða hvort um það mál yrði fjallað á þingi Sameinuðu þjóðanna sjálfu. Þetta mál var þannig vaxið, að það var rætt um það bæði í íslenzkum blöðum og erlendum blöðum á þessum tíma mjög opinskátt, og það var ekki farið með það sem neitt trúnaðarmál, hvorki á þingi Sameinuðu þjóðanna né annars staðar, hver væri afstaða einstakra ríkja í þessum efnum, og ég sé ekki, að það hafi komið fram á fundum utanrmn. haustið 1958 neinar þær upplýsingar, sem þá voru ekki birtar samtímis í fréttum blaðanna, svo að ég get ekki séð, að það hafi verið í n. um nein trúnaðarmál að ræða.

Hitt málið, sem rætt var í n. á þessum tíma, eða vorið 1959, var um það, hvort Alþ. skyldi gera sérstaka ályktun um landhelgismálið. Framsfl. lagði það til í n. nokkuð snemma um veturinn, eða í marzmánuði, að áður en til kosninga yrði gengið þá um sumarið, lýsti Alþ. yfir afstöðu sinni til landhelgismálsins eins og hún væri þá, og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst í tilefni af þeirri deilu, sem þá stóð yfir við Breta um þessi efni. Um þetta var svo fjallað á nokkrum fundum. Það kom fram, sem ekki fór dult þá á Alþ. og í blöðum, að það var mikil tregða hjá þáv. stjórnarflokkum, sem voru í raun og veru Alþfl. og Sjálfstfl., að Alþ. gerði nokkra yfirlýsingu um landhelgismálið þá um vorið. Og manni virtist, að það væri alveg sérstök tregða hjá þáv. utanrrh., að nokkur slík yfirlýsing yrði gefin út. Niðurstaðan varð samt sú, eftir að um þetta hafði verið allmikið þóf í utanrmn., að núv. hæstv. forsrh. lagði þar fram sérstaka till. af hálfu Sjálfstfl., sem var svo að verulegu leyti grundvöllur þeirrar samkomulagstill., sem Alþ. gerði um landhelgismálið vorið 1958, snemma í maímánuði, og oft hefur verið vitnað til síðar. Ég get ekki séð, að það hafi verið neitt trúnaðarmál í n., þó að fjallað væri um mál eins og þetta, hvort Alþ. skyldi gefa þá yfirlýsingu, að það héldi fast við reglugerðina um 12 mílna landhelgina og mundi ekki að neinu leyti víkja frá henni og mundi halda áfram að vinna að fullri viðurkenningu á henni. Hér var ekki verið að ræða um neitt trúnaðarmál, sem snerti erlend ríki, heldur afstöðu sjálfs Alþ., og um þetta mál var fjallað í utanrmn. eins og er fjallað um hvert annað þingmál í öðrum n. Ég held þess vegna, að það hljóti að vera á einhverjum misskilningi byggt, að trúnaðarbrot hafi átt sér stað í utanrmn. á þessum árum.

Mér finnst svo rétt að rifja það upp í stuttu máli, hvernig störfum utanrmn. er í raun og veru háttað, og þá með því að rekja í stórum dráttum sögu nefndarinnar.

Utanrmn. var sett á laggirnar á Alþ. 1928. Það var Héðinn Valdimarsson, sem flutti till. um það, að kosin yrði sérstök þn., fastanefnd í Alþ., sem fjallaði um þau þingmál, sem snertu afstöðu þjóðarinnar út á við, og yrði einnig til ráðuneytis við hlið ríkisstj. á milli þinga. Það var eiginlega fullt samkomulag um það milli þm. þá, að slík þn. yrði sett á laggirnar, en þó var Sjálfstfl., — eða sennilega hefur það verið Íhaldsflokkurinn, hann hafi borið það nafn þá, — þeirrar skoðunar, að það væri e. t. v. eðlilegra form, að nefndirnar yrðu tvær, sín í hvorri d., í staðinn fyrir að kjósa n. í Sþ. Og þess vegna varð það samkomulagsatriði og var í ákvæðum um utanrmn. nokkuð lengi á eftir, að bæði Sþ. og þd. gátu vísað þingmálum þangað til meðferðar. Það kemur mjög greinilega fram í þessum umr., að utanrmn. er ætlað að starfa á sama hátt og öðrum þn. Það atriði, sem getur sætt deilum í þessu sambandi, er, hvað eigi að teljast trúnaðarmál í n. og hvað ekki. Héðinn Valdimarsson minntist á það í umr., eða það kemur fram í ræðu hans, að þessi till. hans um utanrmn. var að mjög verulegu leyti sniðin eftir danskri fyrirmynd, og hann minntist á það í einni af sínum ræðum, að í dönskum lögum um þessi efni væri svo ákveðið, að ef ráðh. eða formaður n. óskaði eftir því, að farið væri með mál eins og trúnaðarmál, skyldi það gert. Hann taldi hins veg-

ar ekki ástæðu til þess að taka upp að þessu sinni þetta ákvæði í lögin um n. eða fleiri svipuð ákvæði, sem voru í dönskum l. um störf utanrmn. Sigurður Eggerz minntist á það í umr., að það væri kannske ástæða til að taka þetta ákvæði um trúnaðarskylduna upp í l., en það virðist ekki hafa hlotið neinar sérstakar undirtektir og eigi heldur verið talið nauðsynlegt, vegna þess að sú hefð hafði þá ríkt í Alþ. um langt skeið, bæði í þn. og raunar í sambandi við störf þingsins sjálfs eða þingfunda, að þau mál, sem væru merkt sem trúnaðarmál eða óskað væri eftir, að væri farið með sem trúnaðarmál, yrðu það, án þess að nokkrar sérstakar lagaheimildir væru fyrir hendi í þeim efnum, en að því undanskildu hefðu bæði Alþ. sjálft starfað með opnum fundum og þn. einnig starfað sem opnar n., nema þegar einhver sérstök mál hafa verið lögð fyrir þær, sem hefur verið óskað eftir að væri farið með sem trúnaðarmál. Og þó að ekkert sérstakt ákvæði hafi verið um þetta í l., hefur alltaf verið gengið út frá því í utanrmn., eða svo hafa mér sagt menn, sem hafa starfað í henni, að ef ráðh. eða einhver sérstakur aðili óskaði eftir því, að með mál væri farið sem trúnaðarmál, þá skyldi það gert, en að öðru leyti væri utanrmn. opin n. eins og aðrar þn.

Með því frv., sem nýlega var samið af sérstakri mþn., sem var kjörin til þess að endurskoða þingsköp Alþ., og með till., sem hún hefur gert, hefur þetta sjónarmið verið alveg staðfest. En samkv. hennar till. er verksvið utanrmn. ákveðið á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Utanrmn. starfar einnig milli þinga og er ríkisstj. til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir hana þau mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nm. eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í n., ef formaður eða ráðh. kveður svo á.“

Hér kemur alveg greinilega fram staðfesting á þeim skilningi, sem alltaf hefur ríkt um utanrmn., að n. væri opin n., nema þegar ráðh. eða formaður n. óskar eftir, að með mál sé farið sem trúnaðarmál. Það er eðlilegt að n. starfi þannig, vegna þess að að verulegu leyti er hún aðeins venjuleg þn., sem fjallar um frv. eða till., sem koma fram hér í þinginu og til hennar er vísað, en að svo miklu leyti sem hún er ríkisstj. til ráðuneytis um utanríkismál, vinnur hún að sjálfsögðu þannig, að ef um mál er að ræða, sem eru talin snerta þannig skipti þjóða, að heppilegt sé, að þeim sé haldið leyndum, er farið með þau sem trúnaðarmál, og þá óskar að sjálfsögðu viðkomandi ráðh. eftir því. En ef það er ekki gert, hvílir engin þagnarskylda á utanrmn.

Mér finnst rétt að láta þetta koma hér strax fram, því að vegna þess að síðan farið var að ræða um þetta mál, hefur aðeins bryddað á þeim misskilningi, að utanrmn. væri lokuð n., en það hefur hún aldrei verið, og það eru slíkar n. ekki heldur annars staðar, nema óskað sé eftir af viðkomandi ráðh. eða formanni n., þegar um einhver sérstök mál er að ræða, að farið sé með þau sem trúnaðarmál.

Ég hef spurt ýmsa þá menn, sem hafa starfað í utanrmn. áður fyrr, um skilning þeirra á þessu, og þeim ber öllum undantekningarlaust saman um það, að þannig hafi starfsháttum utanrmn. verið háttað. Og ég vil í þeim efnum alveg sérstaklega vitna til flokksbróður míns, sem á sæti í utanrmn. og var forsrh. um nokkuð langt skeið, þegar utanríkismál heyrðu undir forsrn., og hann segir, að á hans tíma og jafnan, þegar hann átti sæti í n., hafi þessi skilningur verið ríkjandi, að n. væri opin n., nema ef ráðh. eða þá einhver aðili annar óskaði sérstaklega eftir því, að farið væri með mál í n. sem trúnaðarmál. Og ég get til enn frekari áréttingar í þessum efnum vitnað til fyrrv. formanns utanrmn., Gísla Jónssonar, sem var, eins og hv. þm. er kunnugt, ákaflega formfastur maður. Hann skýrði fyrir nokkrum árum, einmitt á þeim árum, þegar hann var formaður n., frá till., sem einn utanrmn.-maður hafði flutt í n. og áður hafði ekki verið gerð opinber. Og þetta gerði hann að sjálfsögðu vegna þess, að viðkomandi nm. hafði ekki óskað eftir því, að með þessa till. hans væri farið sem nokkurt trúnaðarmál.

Til þess að þær ásakanir hæstv. fyrrv. utanrrh. á hendur einstökum utanrmn.-mönnum geti við nokkur rök stuðzt, yrði hann í fyrsta lagi að greina þau mál, sem hafi verið óskað eftir í n., að farið yrði með sem trúnaðarmál, og frá þeim hafi verið sagt. Ef hann getur ekki greint frá neinu slíku, hljóta ummæli hans að falla dauð og ómerk.

Ég skal ekki á þessu stigi hafa fleiri orð um þetta. Ég vil vænta þess, að það fái góðar undirtektir hér í hv. d., að þessi n. verði skipuð, og það verði leitt til fulls í ljós, hvað rétt er í þessum ásökunum fyrrv. utanrrh. Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi till. til þál., sem hér liggur fyrir, er á þá leið, að Nd. Alþ. álykti skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar að skipa 7 manna n. innandeildarmanna til að rannsaka þá ásökun Guðmundar Í. Guðmundssonar fyrrv. utanrrh., að utanrmn. hafi gert sig seka um trúnaðarbrot í utanríkisráðherratíð hans. N. skal svo hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum. 39. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvor þd. getur skipað n. innandeildarþm. til að rannsaka mikilvæg mál, sem almenning varða. Þd. getur veitt n. þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.“

Það mætti því ætla, að hér væri um að ræða eitthvert stórkostlegt rannsóknarefni og einhver afbrot, sem framin hefðu verið. En tilefnið til þessarar tillögu er það, að ég vitnaði til ummæla fyrirrennara míns, hæstv. fyrrv. utanrrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem hann viðhafði á fundi utanrmn. 4. febr. 1964. Ummælin liggja fyrir bókuð í fundargerðabók utanrmn., og þau fara þess vegna ekki á milli mála og þurfa ekki neinnar rannsóknar við, hvað þá heldur sérstakrar n. Þau þóttu þá ekki meiri tíðindum sæta en svo, að engum óskum um að rannsaka þau var hreyft þá og málið látið kyrrt liggja nú í rúm 3 ár.

Hitt liggur líka fyrir, hvað blöðin sögðu þá og hvaða upplýsingar þau höfðu að flytja frá fundum n. um í mörgum tilfellum hin allra viðkvæmustu utanríkismál, sem þá voru á döfinni. Þessi ummæli liggja líka fyrir og þurfa ekki rannsóknar við. Hitt er það svo, sem helzt veldur deilum í málinu, hvað er trúnaðarmál og hvað er ekki trúnaðarmál. Ég er þeirrar skoðunar, þó að það sé ekki tekið fram í öllum tilfellum, að með mál skuli fara sem trúnaðarmál í n., þá hafi nefndarmenn utanrmn. þann hátt á, að með málið sé farið sem trúnaðarmál, en ekki þegar um viðkvæm mál er að ræða séu þau gerð opinber, í ýmsum tilfellum til skaða fyrir málið og í öðrum tilfellum með því að brjóta trúnað, sem hefur verið lofaður öðrum.

Ég hef óskað eftir því við Guðmund Í. Guðmundsson, ambassador okkar í London og fyrrv. utanrrh., að hann gæfi mér umsögn um þetta mál, og það hefur hann gert, og ég skal, — með leyfi hæstv. forseta, — leyfa mér að lesa þessa umsögn upp. Hún er svo hljóðandi:

„Á fundi utanrmn. 4. febr. 1964 óskaði einn nefndarmanna, Þórarinn Þórarinsson, eftir upplýsingum um fiskimálaráðstefnu, sem nýverið hafði verið haldin í London. Ég svaraði fyrirspurninni með því að skýra n. frá öllu því, sem gerzt hafði á fiskveiðiráðstefnunni og opinbert hafði verið gert. En ég sagði síðan, eins og segir í fundargerðabók utanrmn.: „Frekari upplýsingar um þetta kvaðst ráðh. ekki geta gefið.“ Í upphafi ráðstefnunnar hafði verið ákveðið, að hún skyldi vera haldin fyrir lokuðum dyrum og farið með það, sem þar gerðist, sem trúnaðarmál. Þeim trúnaði kvaðst ráðh. bregðast, ef hann skýrði utanrmn. frekar frá því, sem fram hefði farið á ráðstefnunni. Það hefði að vísu verið venja áður fyrr að skýra utanrmn. í trúnaði frá málum sem þessum, en á tímum landhelgismálsins hefði stjórnarandstaðan tekið upp þau vinnubrögð að birta viðstöðulaust í blöðum sínum allt það, sem fram fór í n., og kvaðst ráðh. áður hafa vakið athygli á því hjá n., að slík trúnaðarbrot leiddu til þess eins, að ekki væri unnt að ræða trúnaðarmál í n. Þessa afstöðu sína kvað ráðh. óbreytta og vildi hann ekki taka áhættuna af því, að birt yrði í blöðum frásögn af málum þeim, sem fara ætti með sem trúnaðarmál. Skv. fundargerðabók utanrmn. svaraði Þórarinn Þórarinsson ummælum mínum þannig: „Hann sagðist ekki kannast við, að rofinn hefði verið sá trúnaður, sem ætti að gilda um mál, sem utanrmn. ræddi, a. m. k. hefði hann og flokkur sá, sem hann væri fyrir, ekki gerzt sekur um trúnaðarbrot.“ Þórarinn Þórarinsson gerði ekki nánari grein fyrir því, hvers konar trúnaður hann teldi að ætti að gilda um utanrmn., og hann bar enga ósk fram um skýringu frá mér, við hvað ég ætti, er ég talaði um trúnaðarbrot. Aðrir nm. hvorki andmæltu því, að trúnaðarbrot hefði átt sér stað, né óskuðu skýringa á ummælum mínum.

Eftir þetta átti ég sæti á Alþ. til hausts ins 1965. Á þeim tíma kom aldrei fram krafa um, að ég gerði nánari grein fyrir ummælum mínum á fundi utanrmn. Er það fyrst nú, eftir að ég er hættur afskiptum af stjórnmálum, horfinn úr landi og hef ekki aðstöðu til að taka þátt í umr. á Alþ., að um er spurt, hvað það hafi verið, sem ég sagði utanrmn. fyrir 3 árum. Ég skal að sjálfsögðu gera nokkra grein fyrir málinu. En ég minni á, að ég er í öðru landi og hef ekki handbær þau gögn, sem ég hafði, á meðan ég átti sæti á Alþ., auk þess sem ég tek ekki lengur þátt í stjórnmálum og óska ekki eftir að draga inn í málið ýmis atriði, sem ég áður hefði gert.

Meðferð mín á utanríkismálum hófst árið 1956 í ríkisstj. Hermanns Jónassonar. Fyrsta veigamikla utanríkismálið, sem ég fjallaði um, var endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkin. Ég samdi um það mál við Bandaríkjastjórn í fullkomnu og nánu samstarfi við forsrh. og aðhafðist ekkert í málinu nema með hans samþykki. Það var í algjöru samráði við forsrh., að á meðan á samningum stóð, þá var málið aldrei tekið fyrir í ríkisstj. og aldrei rætt við meðráðherra okkar úr Alþb., og þeir vissu því ekki, hvað var að gerast í málinu, fyrr en samkomulagið var birt á Alþ. Stjórnarandstaðan var ekkert látin vita um málið og ekkert samráð var haft við utanrmn. Í framhaldi af þessu var svo þeirri reglu fylgt, að undir forsæti Hermanns Jónassonar voru utanríkismál alls ekki tekin fyrir á ráðuneytisfundum og ekkert samráð haft við ráðh. Alþb. um meðferð þeirra og litið sem ekkert við stjórnarandstöðuna. Var enginn ágreiningur um þetta við forsrh.

Eftir að ríkisstj. Hermanns Jónassonar var farin frá og rn. Emils Jónssonar hafði verið myndað, áttum við Emil Jónsson tal um nauðsyn þess að taka upp nýjar vinnuaðferðir í meðferð utanríkismála. Við óskuðum þess báðir að koma á góðu samstarfi við Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkinn um þessi mál og eftir því sem tök væru á einnig við Alþb., m. a. með samstarfi utanrmn. Það kom hins vegar í ljós, að í hita landhelgismálsins hafði orðið sú breyting á hugmynd manna um þagnarskyldu í sambandi við meðferð utanr-

mn. á trúnaðarmálum, að ég vildi ekki bera ábyrgð á að skýra n. frá þeim málum, sem ríkisstj. hafði fallizt á við aðrar þjóðir að fara með sem trúnaðarmál.

Sú hafði áður verið venja að fara með það, sem gerðist í utanrmn., sem algjört trúnaðarmál og skýra ekki frá því opinberlega, nema í samráði við n. og utanrrh. M. a. í þeim tilgangi að tryggja þennan trúnað er utanrmn. eina n. Alþ., sem hefur sérstakan embættismann fyrir ritara, er það ráðuneytisstjóri utanrrn., maður, sem er eiðsvarinn um þagnarskyldu í embættisstarfi. Fundargerðabók utanrmn. er ætíð geymd í vörzlum rn., og hefur enginn aðgang að henni nema utanrrh. og nm.

Á tímum landhelgismálsins tók Alþb. upp algjörlega nýjar aðferðir í viðskiptum sínum við utanrmn. Í lok nefndarfunda birti Þjóðviljinn frásögn af fundum og því, sem þar gerðist, þótt ekki væri ætíð farið rétt með. Var eftir það ljóst, að utanríkismálanefndarfundir voru ekki lengur lokaðir trúnaðarfundir, heldur opinberar samkomur. Ég hef ekki hér við höndina nema takmarkað af gögnum í þessu sambandi. Þó hef ég hér Þjóðviljann frá 11. ágúst 1960, sem segir frá fundi n. daginn áður, Þjóðviljann frá 23. sept sama ár, þar sem ummæli mín á fundi utanrmn. eru rangfærð, Þjóðviljann frá 28. okt., þar sem vitnað er til ummæla í utanrmn., og Þjóðviljann frá 29. okt. sama ár. Þýðingarmesta dæmið um hin nýju vinnubrögð í samskiptum Alþb. við utanrmn. er þó ræða, sem fulltrúi flokksins í n., Finnbogi R. Valdimarsson, hélt í Ed. Alþ. 28. okt. 1960 og birt er í Þjóðviljanum 29. okt. sama ár. Í þessari ræðu er vikið að mörgum fundum í utanrmn., og skýrt frá því, sem þar fór fram, og ekki ætíð farið rétt með. Þessar tilvitnanir í fundi utanrmn. geta allir lesið, bæði í Alþt. og í Þjóðviljanum. Hirði ég því ekki að rekja þær hér. En í ræðu sinni 28. okt. 1960 víkur fulltrúi Alþb. í utanrmn. að þagnarskyldu nm. Hann segist vera reiðubúinn að gæta þagnarskyldunnar, en hefur þó tvo fyrirvara á: 1) Það verður að óska þess hverju sinni, um hvert atriði, að með það sé farið sem trúnaðarmál. Sé þess ekki óskað, telur fulltrúi Alþb. í utanrmn. sér heimilt að skýra frá öllu því, sem þar fer fram á fundum n. 2) Ef fulltrúi Alþb. í utanrmn. lítur svo á, að í orðum nm. eða utanrrh. á fundi utanrmn. felist stefnuyfirlýsing, þá gildi engin þagnarskylda. Sjálfur vill hann auðvitað meta, hvað er stefnuyfirlýsing og hvað ekki, og allt, sem hann sjálfur telur fela í sér yfirlýsingu um stefnu, geti enginn trúnaður hindrað hann í að birta opinberlega.

Með þessari ræðu gerist í rauninni þrennt. Það fyrsta er, að fulltrúi Alþb. í utanrmn. tekur sjálfur þátt í þeirri iðju Þjóðviljans að skýra opinberlega frá öllu, sem fram fer á fundum utanrmn., og þverbrýtur þar með þá venju, sem gilt hafði um þagnarskyldu. Sami fulltrúi afneitar þagnarskyldu um atriði, nema hann hafi sérstaklega undirgengizt fyrir fram að skýra ekki opinberlega frá málinu. Og í þriðja lagi: hann telur sig óbundinn af þagnarskyldu, hvað sem loforðum líður þar um, ef málin eða það, sem um þau er sagt, felur í sér að hans dómi stefnuyfirlýsingu.

Við þessu átti ég ekki nema eitt svar. Ég benti þm. á í viðtali, að þessi afstaða leiddi til þess eins, að ég gæti ekki skýrt utanrmn. frá trúnaðarmálum. Svar hans var staðfesting á því, sem ég hafði áður frá honum heyrt í landhelgismálinu, að trúnaðarsamstarf við mig væri ekkert eftirsóknarvert.

Ég sé ekki ástæðu til þess hér að rekja frekar blaðaummæli í sambandi við störf á fundum utanrmn. Þess ætti ekki heldur að vera þörf. En eftir að svo var komið, að fyrri hugmyndir manna um þagnarskyldu nm. í utanrmn. voru rofnar og innan n. var til sú skoðun, að það færi eftir mati nm. sjálfra, hvort þagnarskylda væri haldin eða ekki, og hótað var að taka við það mat ekkert tillit til óska utanrrh., þá treysti ég mér ekki til þess að skýra utanrmn. frá málum, sem nauðsynlegt var gagnvart erlendum þjóðum að fara með sem algert trúnaðarmál eða sem ríkisstj. hafði skuldbundið sig hjá öðrum ríkisstj. til þess að varðveita sem trúnaðarmál. Mundi uppljóstrun slíkra mála valda þjóðinni ófyrirsjáanlegu tjóni og álitshnekki erlendis."

Þetta er umsögn Guðmundar Í. Guðmundssonar ambassadors um málið. Mér er kunnugt um, að hann taldi, þvert á móti því, sem Þórarinn Þórarinsson, hv. 5. þm. Reykv., hélt fram hér áðan, að n. væri lokuð n., þar sem ekki ætti að segja frá því, sem þar gerðist, nema að höfðu samráði við nm. og utanrrh., enda kemur það greinilega fram í þessari umsögn hans, að hann telur, að á þessu hafi orðið breyting, það hafi ekki verið sami trúnaður hafður og áður hafði verið í n. Hann telur líka, veit ég, að ráðh. utanríkismála sé það í sjálfsvald sett, hverju hann skýri utanrmn. frá og hverju ekki, það verði að fara eftir því á hverjum tíma, hvernig hann metur það hjá nm. að halda trúnað við n. á þann hátt að skýra ekki frá málum, sem að hans dómi er skaðlegt að skýra frá. Hann segir í einkabréfi til mín í sambandi við þetta, að Þjóðviljablöðin, sem vitnað er til, séu aðeins dæmi, hann hafði ekki fleiri blöð, en „þau eru hins vegar meira en fullnægjandi grundvöllur undir mínu mati", segir hann. Það er líka einkennilegt, verð ég að segja, ef þetta er nú talið það mikið mál af hv. 5. þm. Reykv., að frá þessu sé skýrt nú opinberlega, að til þess að finna einhverja bót á fyrir hann og þá, þá þurfi að kjósa hér n. skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, sem ég held að aldrei hafi komið til mála að skipa í neitt mál, nema því aðeins að talið væri að um stórt afbrot væri að ræða.

En það einkennilega við þessa þáltill. er

líka það, að það er ekki ætlazt til þess, að n. rannsaki trúnaðarbrotið sjálft, heldur að hún rannsaki einungis ummæli fyrrv. utanrrh. um trúnaðarbrot. Það sýnir, að það er ekki mikil alvara hér á bak við.

Þetta, sem kom fyrir í þessum tilfellum, sem lýst er í skýrslu eða umsögn fyrrv. utanrrh., er eða var notað á sínum tíma fyrst og fremst í pólitískum áróðri, og sá pólitíski áróður mátti sín meira en trúnaður við n. og ég vil segja trúnaður við Alþ. og þjóðina, því að þar var allt gert til þess að afflytja það, sem í n. var sagt, og það alveg sérstaklega í Þjóðviljanum, en þó var ekki Tíminn þar laus við.

Ég skal svo ekki hafa mörg orð um þetta, en ég vil aðeins undirstrika það, að ég tel, að það hafi verið hald manna frá upphafi, að utanrmn. væri lokuð n., og ég held meira að segja, að hv. Framsfl. og jafnvel hv. 5. þm. Reykv. hafi verið þeirrar skoðunar áður. Og einkennilegt er það, að hann hefur getað setið á sér í þrjú ár og setið undir þessum áburði fyrrv. utanrrh. og fyrst nú, sem hann rankar við sér, að hér muni þurfa leiðréttingar við.

Hitt vil ég svo segja, að það er erfitt að una því, að það sé ekki hægt með fullkomnu öryggi að skýra utanrmn. frá því, sem utanrrh. telur að æskilegt væri að bera upp fyrir n. En með því hugarfari, sem mér finnst nú koma fram hjá hv. 5. þm. Reykv., í ræðu hans hér áðan, þá hygg ég nú, að þetta verði erfitt, því að hann telur beinlínis, að það sé heimilt í öllum tilfellum að fara með mál, sem rædd eru í utanrmn., eins og um opna n. væri að ræða.

Hv. þm. minntist hér á till. n., sem kosin var til þess að gera till. um ný þingsköp eða breytingar á núverandi þingsköpum. Í þeim till. er tekið fram um utanrmn., að um hana skuli gilda eftirfarandi ákvæði:

„Utanrmn. starfar einnig milli þinga og er ríkisstj. til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nm. eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í n., ef formaður eða ráðherra kveður svo á."

Þetta finnst mér mjög eðlilegt ákvæði og eðlileg grein. En það verður þá að vera örugggt líka, að menn taki sér ekki sjálfdæmi um það, hvað sé trúnaðarmál og hvað ekki. Og raunar er ákaflega erfitt að hugsa sér, að það sé ekki hægt að ræða mál í utanrmn., sem ekki eiga af ýmsum ástæðum að verða á almennings vitorði, nema því aðeins að tekið sé fram í hvert skipti, að það sé um trúnaðarmál að ræða. Mér finnst það eðlilegra, að því sé í eitt skipti fyrir öll slegið föstu, að það sé trúnaðarmál, það sem þar sé sagt, svo að hægt sé að tala saman í fullkomnum trúnaði, en ef um birtingu sé að ræða, þá sé það borið undir n. eða ráðh.

Ég skal svo ekki fara miklu nánar út í þetta. Ég held því fram, og það er kjarni málsins, að það þurfi enga rannsókn í þessu efni. Það liggur alveg örugglega fyrir, hvað utanrrh. hefur sagt. Það liggur líka örugglega fyrir, hvað birzt hefur í blöðum, og það getur líka legið fyrir, hvað um hefur verið rætt í utanrmn., þannig að hér þarf enga rannsókn á því. Ég legg þess vegna til, að þessi till. verði felld.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil lýsa fylgi mínu við þá till. til þál., sem hér liggur fyrir, og um leið, ekki sízt í tilefni af ræðu hæstv. utanrrh., fara nokkrum orðum um afstöðu mína til utanrmn. og viðvíkjandi framkomu fyrrv. utanrrh.

Utanrmn. var hér áður fyrr mjög vel starfandi n., og frá 1942, þegar ég tók fyrst sæti í henni, og til 1946 voru haldnir í henni ákaflega margir fundir, þar sem rætt var um ákaflega mörg mál, sem snertu yfirleitt hagsmuni Íslands. Það væri fróðlegt, mér hefur ekki gefizt tækifæri til þess, — það væri fróðlegt að bera saman, hvað margir fundir hafa verið haldnir í utanrmn. árlega á þeim árum og svo hins vegar eftir að núverandi ambassador okkar í London, Guðmundur Í. Guðmundsson, verður utanrrh. Sannleikurinn er, að fyrrv. utanrrh. hefur alltaf haft tilhneigingu til þess að fara með utanríkismál Íslands sem einkamál sín, eins og utanrrh. núverandi las upp og gerði nokkra grein fyrir. Hann hefur haft þá tilhneigingu að ræða slík mál ekki í ríkisstjórn, ekki við utanrmn. og ekki við Alþ. Þegar svo er farið að á Alþ. út frá öllum þessum hugmyndum viðvíkjandi trúnaðarmálum, að það er sett sérstök n. innan utanrmn., sem á sérstaklega að fjalla um það, sem snertir þau mikilvægu trúnaðarmál, sem mundu snerta Atlantshafsbandalagið, hervarnir Íslands og annað slíkt, og undirn. til að fara með slíkt kosin í utanrmn. og hún náttúrlega þannig skipuð, að það eru eingöngu fulltrúar hernámsflokkanna, sem sæti eiga í henni, þá reynir mest á, hvort þessi utanrrh. og þeir sumir aðrir, sem á undan honum sátu, kærðu sig yfirleitt um að hafa nokkurn tíma nokkurt samráð við þá undirn. utanrmn., sem sérstaklega var kosin til að fjalla um slík trúnaðarmál. Og hvað gerir þáverandi utanrrh.? Hann hefur aldrei neitt samband við þessa n., aldrei nokkurn tíma. Það var aldrei kallaður saman fundur í henni. Það liggja fyrir upplýsingar um, að það var bein tilhneiging hjá þessum þáv. utanrrh. að sölsa undir sig utanríkismál Íslands á þann máta að leyna utanrmn. og Alþ. þeim og meira að segja sína samráðh. Það er tilhneiging til einræðis í þessum efnum, sem er algerlega óviðeigandi. Hins vegar er það ósköp vel vitað, að svo lengi sem hann var utanrrh., var ekki til neins við þetta að eiga, ekki til nokkurs skapaðs hlutar fyrir okkur hér á Alþ. Þess vegna er það, að þetta mál er fyrst tekið upp nú, þegar kominn er nýr utanrrh., sem fer að skýra það fyrir okkur hér, hvernig á því standi, að hann leggi ekki meira

fyrir utanrmn. en hann hefur gert. Núv. hæstv. utanrrh. tekur það beinlínis fram, að hann vilji hafa slíkt samstarf, ef það væri ekki þetta, sem stæði í veginum fyrir.

Utanrmn. hefur aldrei verið nein leyninefnd á Alþ. Í núverandi ákvæðum þingskapa eru engin ákvæði í þá átt. Í núverandi þingsköpum segir beint, með leyfi hæstv. forseta:

„Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal rn. ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga.“

Það er ekki eitt einasta atriði um trúnaðarmál og slíkt, og það er fyrst núna í þeim till., sem hér hafa verið undirbúnar, að lagt er til, að sé lögð á sérstök þagnarskylda, þegar formaður eða utanríkisráðherra æski þess, þannig að það, sem áður mundi hafa verið gert, ef þess hefði verið sérstaklega óskað, það yrði nú að lögum, ef þetta yrði einhvern tíma samþ. Utanrmn. hefur fram að þessu verið opin n., og þessi undarlega afstaða fyrrv. utanrrh. stafar einvörðungu af því, að hann hafði einræðistilhneigingar til þess að fara með þessi mál sem sín einkamál, en líta ekki á þau sem mál þjóðarinnar. Það gerði raunverulega ekki mikinn greinarmun, hvaða afstöðu hann yfirleitt tók, með þessi mál, þar sem hann vildi aldrei nokkurn tíma hafa neitt samband við þingið eða utanrmn. um þau. Svo segir hann í þessu bréfi, sem hæstv. utanrrh. las upp, að það hafi orðið breyting á hugmyndum manna um þagnarskyldu. Það hafa engar breytingar orðið á því, það hefur alltaf verið sú sama hugmynd, sem þarna hefur gilt, að ef sérstaklega var farið fram á það um eitthvað, þá hefði áreiðanlega verið yfir því þagað. En þáv. utanrrh. hefur gengið út frá því, að það ætti yfirleitt að þegja um allt, sem hann sagði, án þess að hann minntist á það, m. ö. o. að allir gengju með sömu hugmynd um þetta og hann, að allt ættu þetta að vera hans einkamál. Enda sýndi hann það sjálfur, að hann leit þannig á, m. a. með því að misvirða n. einmitt helztu samstarfsflokka sinna í hernámsmálunum með því að kalla hana aldrei nokkurn tíma saman. Það var bara sú almenna tilhneiging að ganga fram hjá Alþ. með hlutina, að vanvirða nefndir Alþ., að gera ekkert með þær, að gera meira og meira einræðiskennt stjórnarfar í þessum efnum, — það var það sem þarna réð.

Ég skal ekki fara hér nákvæmar út í þetta, sem hæstv. utanrrh. var að lesa upp viðvíkjandi Þjóðviljanum. Það kom alveg greinilega í ljós af því, sem hann las, að þáverandi fulltrúi Alþb. í utanrmn. hefur litið þannig á, að það yrði að óska þagnarskyldu hverju sinni, út frá því sjónarmiði, að utanrmn. væri eðlilega opin nefnd, og þannig virðist utanrrh. sjálfur allan tímann hafa litið á n. Þess vegna talaði hann aldrei við hana. Og þegar sérstök undirnefnd er kosin með mönnum, sem hugsa eins og hann, talar hann ekki heldur við þá undirnefnd. Hann virðist þá hafa litið þannig á, eins og þetta væri opin n., og það væri því aðeins skylda að þegja um hluti, að þess væri sérstaklega óskað. Ég held þess vegna, að það, sem Finnbogi R. Valdimarsson þá sagði, hafi einmitt verið staðfest af öllum praxis þáv. utanrrh.

Hins vegar, hvað sem við kunnum að deila um þetta gamla, sem þarna hefur gerzt, þá er höfuðatriði nú, að þegar verði hér breytt um, að meðan utanrmn. starfar eftir þeim gömlu l., sé litið á hana sem hverja aðra n. þingsins, sem hæstv. utanrrh. beri skylda til að bera mál sín undir. Þegar hæstv. utanrrh. óskar eftir, að það sé þagnarskylda um mál, á auðvitað að vera það. En hitt sýnist mér, að afstaða fyrrv. utanrrh. sé engan veginn góð í þessum efnum. Hann er að vísu dugandi lögfræðingur og þess vegna vafalaust leikinn í að reyna að snúa sig út úr þeim málum, sem hann lendir í klípu með, en mér sýnist hann fara þarna með ósatt mál. Það er mjög slæmt um mann, sem búinn er að gegna trúnaðarstöðu fyrir íslenzka ríkið. Ég álít þess vegna, að það sé bæði hans sjálfs og Alþ. vegna alveg nauðsynlegt að samþ. þessa till., sem hér liggur fyrir, og láta rannsaka þetta alveg til fullnustu og m. a. fá okkar núv. ambassador í London hingað heim, til þess að hann geti líka borið hönd fyrir höfuð sér, ef með þarf.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Hæstv. utanrrh. komst þannig að orði í upphafi máls síns, að hann teldi, að hér væri ekki um stórmál að ræða. Það getur vel verið, að hæstv. ráðh. telji það ekki stórmál, að það sé borið trúnaðarbrot á þm., en ég tel það stórmál og það sé um mjög alvarlega ásökun að ræða og þeir þm., sem fyrir slíkum ásökunum verða, eigi fullan rétt á því, að það mál sé rannsakað til hlítar af Alþ. sjálfu og upplýst, hvað í slíkum ásökunum er hæft og hvað ekki.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er að öðru leyti stórmál, vegna þess að núv. hæstv. utanrrh. hefur byggt þá afstöðu sína á afsökunum Guðmundar Í. Guðmundssonar, að hann hefur ekki viljað hafa þau samráð við utanrmn., sem þingskapalög Alþingis gera ráð fyrir. Ég álít það mjög mikið stórmál, þegar svo er komið, að lög eru vísvitandi brotin, vegna þess að viss ráðh. fer eftir einhverjum ásökunum um það, að sá trúnaður hafi ekki verið haldinn, sem þessi lög hafa gert ráð fyrir. Að vísu er það svo, að í þessum lögum eru engin ákvæði um trúnað, en hins vegar álít ég, að bæði í utanrmn. og í öðrum n. hafi sú hefð skapazt, að þegar ráðh. eða einhver aðili óskar sérstaklega eftir því, að með viðkomandi mál sé farið sem trúnaðarmál, þá sé skylda manna að taka tillit til þess.

Ráðh. ræddi nokkuð mikið um, að það væri álit Guðmundar Í. Guðmundssonar, að utanrmn. væri lokuð nefnd. Ég held það sé eiginlega í fyrsta sinn, sem sú skoðun kemur fram, eftir að farið var að ræða þetta trún-

aðarbrotsmál, að utanrmn. væri lokuð n. Ég held það hafi alltaf verið gengið út frá því, að utanrmn. væri opin n., nema það væri sérstaklega óskað eftir því, að með eitthvert ákveðið mál væri farið eins og trúnaðarmál. Ég hef fyrir mér um þetta efni ummæli flokksbróður míns í utanrmn., Hermanns Jónassonar, sem sennilega hefur haft lengur afskipti af þessum málum en nokkur maður annar, sem forsrh. á árunum 1934—1940, að þá var hann jafnframt utanrrh. raunverulega og átti þá þau skipti við utanrmn., sem ríkisstj. þurfti að hafa um þessi mál, og hann hefur oft síðan setið í utanrmn. sem nm. þar, og hann segir það hafa jafnan verið sína afstöðu og sína skoðun og hann hafi ekki heyrt getið um skoðun annarra á aðra leið en að utanrmn. væri opin n., nema það hafi verið sérstaklega óskað eftir því af ríkisstj. eða einhverjum öðrum aðila, að með mál, sem til meðferðar voru í n., væri farið sem trúnaðarmál.

Ég vitnaði hér áðan í dæmi þess, að t. d. fyrrv. formaður utanrmn., Gísli Jónsson, hefur litið á þetta á nákvæmlega sama hátt, vegna þess að hann hefur sagt frá ákveðnum atburðum, sem gerzt hafa í utanrmn., vegna þess að það var ekki óskað eftir því á þeim tíma, að með það mál væri farið sem neitt trúnaðarmál.

Ég vil enn fremur benda á það, að sú n., sem fjallaði nýlega um þingsköpin samkvæmt útnefningu Alþ. og hefur gert nokkra breytingu á ákvæðunum í þingsköpunum um utanrmn., hún er þessarar sömu skoðunar, og það kemur fram í hennar till., að utanrmn. sé opin n., nema ráðh. eða formaður n. ákveði, að um eitthvert mál skuli farið sem trúnaðarmál. Um önnur mál er nm. að sjálfsögðu frjálst að segja frá, enda gefur það auga leið, að svo hlýtur að vera um fjöldamörg mál, þar sem það er eitt meginverkefni utanrmn. að fjalla um till., sem eru lagðar fyrir Alþ. Hitt hefur alltaf verið talið sjálfsagt, þó að það hafi ekki verið í lögum og ekki lagt til, að það verði gert að lagaákvæði fyrr en nú, að ef ráðh. eða einhver viðkomandi aðili, t. d. formaður n., óskar eftir því, að með mál verði farið sem trúnaðarmál, þá yrði það gert. Mér hefur skilizt það og skildist það á síðasta fundi utanrmn., að ef því skilyrði yrði fullnægt, mundi ráðh. telja eðlilegt að taka upp samstarf í n., en það verði alls ekki krafa hans, að n. verði lokuð undir öllum kringumstæðum, heldur því aðeins að ráðh. legði þannig mál fyrir n., að hann teldi heppilegt, að með það væri farið sem trúnaðarmál, eða það hefðu farið fram slíkar umr. í n. um eitthvert ákveðið mál, að formaður n. teldi eðlilegt, að ekki yrði sagt frá þeim umræðum opinberlega, þá væri eftir því farið. Að öðru leyti hefðu nm. óbundnar hendur um það, hvernig þeir segðu frá störfum utanrmn., alveg eins og verið hefur hingað til.

Ég tel svo rétt að víkja nokkrum orðum að þessari skýrslu frá Guðmundi Í. Guðmundssyni, ef skýrslu skyldi kalla, vegna þess að hún upplýsti ekki neitt um þær ástæður, sem hann hefur borið fram á hendur utanrmn.-mönnum. Hann færði ekki rök að einu einasta dæmi um það, að utanrmn.-menn hefðu gert sig seka um trúnaðarbrot, heldur vildi komast á bak við þá skýringu á störfum n., sem algerlega var röng, eins og ég hef nú rakið, að n. væri lokuð n. og þess vegna mætti ekki neitt frá neinum málum þar segja, jafnvel þó að fjallað væri þar um mál, eins og verið hefur á fundum n. á undanförnum árum, sem alls ekki eru nein trúnaðarmál í eðli sínu. Eins og ég hef rakið hér áður í þinginu, hefur a. m. k. síðan sumarið 1959, að ég tók sæti í n., ekki verið lagt eitt einasta mál fyrir n., sem hægt sé að kalla trúnaðarmál, vegna þess að það hafa ekki verið lögð fyrir n. önnur mál og ekki aflað annarra upplýsinga en þeirra, sem áður voru komnar í blöðum eða á þingfundum, og n. ræddi þess vegna ekki um neitt, sem hægt var að nefna því nafni að vera trúnaðarmál. Ég minnist þess ekki heldur, að af hálfu Guðmundar Í. Guðmundssonar hafi nokkru sinni á þessum fundum verið farið fram á það, að með þær upplýsingar, sem hann taldi sig vera að gefa, væri farið sem trúnaðarmál, enda alls ekki eðlilegt, að hann gerði það, vegna þess að hann hefur ekki skýrt frá öðru en því, sem þá var komið í blöðum eða annars staðar opinberlega á framfæri.

Hæstv. ráðh. vildi gera nokkurt veður út af því, að ég skyldi ekki strax veturinn 1964, þegar Guðmundur Í. Guðmundsson gerði þessi mál að umræðuefni í utanrmn., flytja slíka till. eins og þessa. Ég mótmælti þessu þá strax í n., og þar sem ráðh. hreyfði þessu máli ekki meir, taldi ég, að það væri nægilegt, að þar við sæti. En eftir að svo er komið, að núv. utanrrh. er farinn að leggja trúnað á þessi ummæli Guðmundar Í. Guðmundssonar og neitar að hafa þau samráð við n., sem lög gera ráð fyrir, vegna þess, finnst mér málið vera komið á það stig, að það sé óhjákvæmilegt að fá það nánar upplýst, og vegna þess að það er farið að ræða þannig um þessar fullyrðingar hæstv. fyrrv. utanrrh., eins og þar sé um einhvern sannleika að ræða. Það hefur ekki áður verið gert.

Um þau ummæli, sem Finnbogi R. Valdimarsson kann að hafa haft einhvern tíma á Alþingi, skal ég ekki segja, ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér, í hvaða sambandi þau ummæli hans hafa fallið. En ég vil fullyrða það, að á þeim tíma, sem við Finnbogi R. Valdimarsson vorum saman í utanrmn., frá því sumarið 1959 og fram til kosninganna 1963, hafi hann ekki gert sig sekan um nein trúnaðarbrot í sambandi við utanrmn., vegna þess að í fyrsta lagi höfðu engin trúnaðarmál verið lögð fyrir n. á þeim tíma, því að hæstv. fyrrv. utanrrh. hagaði þar þannig sín-

um störfum, og í öðru lagi vegna þess, að ráðh. fór aldrei fram á það, að með þau mál, sem þar voru til meðferðar, væri farið sem trúnaðarmál, enda liggur það í augum uppi, ef utanrrh. Guðmundur Í. Guðmundsson hefði talið, að t. d. á árinu 1958 eða 1959, eins og nú er talað um, eða 1960 og 1961 hafi verið framin trúnaðarbrot, hefði hann að sjálfsögðu átt að gera aths. strax um það í n. og hreyfa málinu þar, en það er ekki fyrr en mörgum árum seinna, sem hann notar sér þetta til afsökunar.

Ég skal jafnframt segja það í tilefni af því, sem hæstv. utanrrh. sagði áðan, að ég hefði ekki gert eins mikið veður út af þessu máli 1964 eins og nú, að það er, eins og ég áðan sagði, í fyrsta lagi vegna þess, að ég hélt, að páv. ráðh. hefði látið sér mótmæli mín nægja, og svo að öðru leyti, að ég taldi ástæðulaust að vera að fara fram á það í utanrmn eða hér á þinginu, að það væri komið á eðlilegu samstarfi á milli utanrmn. og ríkisstj., á meðan Guðmundur Í. Guðmundsson væri utanrrh. Ég taldi, að það væri komin margföld reynsla af honum á þann veg, að það væri útilokað, að það væri hægt fyrir Alþ. að ná nokkru samstarfi við hann. Ég hef hins vegar haft annað álit á hæstv. núv. utanrrh. í þeim efnum. Ég hef viljað álíta, að þrátt fyrir það, að hann hafi lagt svona mikið upp úr ummælum fyrirrennara síns, væri hann miklu nær því en Guðmundur Í. Guðmundsson að taka upp eðlilega samvinnu við Alþ. í þessum efnum, og ég vil vona enn, að svo sé.

En mér finnst það ákaflega einkennilegt af ráðh. að leggja til, að þessi till. sé felld, því að það hefur ekkert enn þá komið fram í þeirri grg. Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem hann las hér áðan, sem staðfestir þær ásakanir hans, sem hann hefur haldið fram á hendur utanrmn.-mönnum. Og ég álít, að þeir eigi rétt á því og t. d. ekki sízt Finnbogi R. Valdimarsson eftir þau ummæli, sem eru látin falla um hann í grg. Guðmundar Í. Guðmundssonar, að þetta mál verði rannsakað til fulls og það væri þá t. d. skorið úr þeim málflutningi, hvort eigi að líta þannig á, að utanrmn. hafi verið lokuð n. að undanförnu eða ekki, og einnig, hvort nokkru sinni á þeim tíma, sem Guðmundur Í. Guðmundsson var utanrrh., hafi verið óskað eftir því, að mál í utanrmn. væri trúnaðarmál, og það hafi verið brotið. Ég held, að þessi afstaða hæstv. utanrrh., að vilja fella till. nú strax, sé því miður fólgin í því, að hann telur, að hæstv. fyrirrennari hans hafi hér haft rangt fyrir sér, hans ásakanir séu rangar og af hlífð við hann vilji hann ekki láta það koma fullkomlega í dagsljósið, að hann hafi hér borið fram rangar ásakanir um trúnaðarbrot á hendur alþm. Ég get vel skilið þá hlífð hæstv. utanrrh. við fyrirrennara sinn. Hún er kannske mannleg, en stórmannleg er hún ekki, því að þm. eiga rétt á því, þegar slíkar ásakanir eru á þá bornar, að þeir geri sig seka um trúnaðarbrot, að þeir fái það mál kannað til fullkominnar hlítar.

Ég vil þess vegna treysta því, að hæstv. utanrrh. breyti þessari afstöðu sinni og a. m. k. að hann verði ekki á móti því, að mál þetta fái að ganga til n. hér á Alþ. og athugast betur þar. Ég skal ekki ræða um þetta mál öllu meira að sinni, enda er nú komið að lokum þess tíma, sem fundur á að standa að þessu sinni. En ég vil segja það, að í lengstu lög treysti ég því, að þrátt fyrir það þó að utanrrh. hafi nú lagt til, að þessi till. verði felld, þá telji þm. það almennt svo mikilvægt, að alþm. haldi trúnaðarheit sín, að þegar þær ásakanir koma fram á slíkum vettvangi sem hér er um að ræða, að þeir hafi gerzt sekir um trúnaðarbrot, þá fáist það mál rannsakað til fulls.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Það er raunverulega eitt atriði í þessu máli, sem skiptir máli, og það er: Hefur utanrmn. verið talin lokuð n. eða opin n.? Hv. síðasti ræðum., hv. 5. þm. Reykv., sagði, að þingskapan. hefði slegið því föstu, að n. hefði verið opin, því að hún hefði talið rétt að setja ákvæði um, hvenær mál væru tekin sem trúnaðarmál. Ég held, að þingskapan. hafi ekkert sagt um það, hvernig n. hafi verið. Hennar till. er aðeins að kveða skýrt á um það, hvernig hún telur rétt, að hún sé í framtíðinni, en hún segir ekkert um það, hvernig n. hafi verið.

Ég skal svo aðeins nefna eitt vitni í þessu máli, og það er hv. 5. þm. Reykv. sjálfur — sennilega. Það er grein úr Tímanum, sem birtist 17. apríl 1959 með 5 dálka fyrirsögn, og heitir greinin: „Tregða Alþ. við að gefa skýlausa viljayfirlýsingu er að stofna landhelgismálinu í voða.“ Þar segir svo í greininni, með leyfi hæstv. forseta, og meira að segja feitletrað:

„Það eru nú liðnir þrír mánuðir síðan Framsfl. bar þá till. fram í utanrmn., að hún beitti sér fyrir að bera fram á Alþ. till. til þál., sem fullkomin eining væri um og sýnt gæti Bretum, að hugur Íslendinga væri óbreyttur. Flokkurinn taldi rétt að hreyfa þessu í utanrmn. fremur en að kasta um það eigin till. inn í þingið, því að það hefði getað vakið deilur og verið talið gert í flokkspólitískum áróðri.“ Síðan segir: „Mál utanrmn. eru ekki kunngerð, fyrr en fram koma í þinginu, og það voru aðrir en framsóknarmenn, sem skýrðu opinberlega frá þessari till. í Alþ.“

Það er alveg greinilegt í þessum ummælum, að sá, sem skrifar greinina í Tímann þarna, hvort sem það er hv. 5. þm. Reykv. eða annar, hann hefur talið, að það ætti ekki að birta það, sem n. fjallaði um, fyrr en það kæmi til þingsins kasta, og að þessi birting á því, sem ekki var gerð af framsóknarmanni, væri ekki rétt málsmeðferð. Mér finnst þetta alveg augljóst.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í sambandi við þessa seinustu tilvitnun hæstv. utanrrh. í Tímann segja það, að varðandi þessa till., sem Framsfl. lagði til í utanrmn. á sínum tíma, að yrði samþ. hér á Alþ., þá var að vísu þar ekki um að ræða neitt trúnaðarmál, heldur var farið þar að eins og í hverri annarri venjulegri þn. Hins vegar var það mat bæði mitt og annarra á þeim tíma, að meðan væri verið að reyna að ná samkomulagi um þessa till. í n., væri ekki praktískt að ræða um það. En hins vegar var síður en svo, þó að væri sagt frá henni, að viðkomandi aðili gerði sig sekan um trúnaðarbrot. Hins vegar gat verið, að það yrði til þess að koma í veg fyrir, að það næðist samkomulag um þetta atriði. Þó að ég muni nú ekki nákvæmlega eftir þessari grein eða hvort ég hef skrifað hana eða einhver annar, þá held ég, að ég geti fullyrt, að það kemur hvergi fram í henni nein ásökun um það, að viðkomandi aðili, sem hafi sagt frá umræðunum í utanrmn., hafi gert sig sekan um trúnaðarbrot. Hitt er annað mál, hvort það væri praktískt upp á það að ná samkomulagi um þessa till. í n., að sagt væri frá henni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Fellt með 21:19 atkv. að vísa till. til síðari umr.

Þingsályktunartillaga afgreidd með rökstuddri dagskrá.

Hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum lánsfé.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um, að framfylgt verði lögum um það hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum hæfilegt lánsfé [13. mál] (A. 13).

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi till. fjallar um það, að Alþ. skori á ríkisstj. að hlutast til um, að Seðlabanki Íslands kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í lögum frá 3. marz 1961, að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.

Ég held, að öllum hv. þm. hljóti að vera það kunnugt, að landssamtök atvinnuveganna hafa tæpast haldið svo fundi að undanförnu, að ekki hafi verið kvartað undan því, að stórkostlega hafi dregið úr lánveitingum til atvinnuveganna á undanförnum árum. Og það þarf ekki annað en líta á nokkrar tölur, sem birtar eru í Fjármálatíðindum, til þess að gera sér grein fyrir því, að þetta er ekki að ástæðulausu. Í því sambandi er fyrst rétt að athuga þá hækkun á rekstrarkostnaði atvinnuveganna, sem orðið hefur á undanförnum árum. Eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, mun ekki fjarri lagi að gera ráð fyrir því, að síðan 1959 hafi launagreiðslur fyrirtækja alltaf hækkað um 150% eða jafnvel meira. Þetta þýðir hins vegar ekki það, að dagkaup launastéttanna hafi hækkað, heldur hefur komið hér til viðbótar aukin eftirvinna og svokallað launaskrið og margt fleira, sem hefur átt þátt í því, að launagreiðslur fyrirtækjanna hafa hækkað sem þessu svaraði. Þá hefur annar rekstrarkostnaður fyrirtækja ekki síður hækkað á þessu tímabili, og við hafa svo bætzt alls konar nýjar álögur, sem Alþ. og ríkisstjórn hafa lagt á fyrirtækin á þessu tímabili. Að sjálfsögðu hefur svo orðið nokkur fjölgun á fyrirtækjum, m. a. vegna aukins fólksfjölda í landinu á þessum tíma. Af öllum þessum ástæðum er ekki fjarri lagi að gera ráð fyrir því, að rekstrarkostnaður fyrirtækja frá 1959 hafi alltaf aukizt um 160—170%, þegar öll kurl eru komin til grafar. Ef samanburður í þessum efnum er gerður á opinberum fyrirtækjum, kemur í ljós, að rekstrarkostnaður þeirra hefur aukizt miklu meira. T. d. mun ekki fjarri lagi að gera ráð fyrir því, að rekstrarkostnaður ríkisins, þegar frá er búið að draga uppbætur, framlög til trygginga og verklegra framkvæmda, hafi allt þre- til fjórfaldazt á þessu tímabili, og hefur rekstrarkostnaðurinn samkv. þessari niðurstöðu aukizt miklu minna hjá hinum almennu atvinnufyrirtækjum í landinu, en fjarri lagi mun þó ekki vera að gera ráð fyrir því, að hann hafi alltaf aukizt um 160—170% á þessu tímabili.

Ef allt hefði verið með felldu og fyrirtækin hefðu búið við sams konar aðstöðu og áður, hefðu að sjálfsögðu rekstrarlánin til atvinnuveganna átt að aukast á nokkuð tilsvarandi hátt. En hvað segja svo skýrslur Fjármálatíðindanna um það, hvernig séð hefur verið fyrir þessari auknu þörf atvinnuveganna? Í síðustu Fjármálatíðindum er að finna yfirlit um það, hvernig háttað hefur verið um endurkeypta víxla hjá Seðlabankanum. Samkv. því námu endurkeyptir víxlar hjá Seðlabankanum í árslok 1959 um 857 millj. kr., en í síðustu árslok nam þessi upphæð 1164 millj. kr., eða m. ö. o.: hækkun á endurkeyptum víxlum hjá Seðlabankanum hefur ekki orðið nema

36% á þessum tíma, á þeim tíma, sem rekstrarkostnaður fyrirtækja í landinu hefur sennilega alltaf aukizt um 160—170%. Þetta sýnir ljóslega, hve miklu minni fyrirgreiðslu Seðlabankinn veitir nú atvinnuvegunum í þessum efnum en hann gerði fyrir 6 árum.

Það munu kannske einhverjir svara því til, að þetta segi ekki allan sannleikann, vegna þess að útlán viðskiptabankanna hafi aukizt miklu meira en Seðlabankans á þessu tímabili og viðskiptabankarnir hafi því að einhverju leyti tekið að sér að sjá fyrir því hlutverki, sem Seðlabankinn gegndi áður. En hvað segja þá tölur Fjármálatíðinda um þetta atriði? Í árslok 1959 nema heildarútlán banka og sparisjóða 3899 millj. kr. Í árslok 1965 nema þessi sömu útlán 8242 millj. kr. Hér er um aukningu að ræða, sem er um 111%.

Niðurstaðan er m. ö. o. sú, að á sama tíma og rekstrarkostnaður fyrirtækjanna hefur aukizt um 160—170% að öllum líkindum, hafa útlán bankanna ekki aukizt nema um 111%. Á þessu má glögglega marka, hve mjög hefur dregið úr þjónustu bankanna í þessum efnum við fyrirtækin í landinu. Afleiðingin hefur sagt til sín á margan hátt. Hún hefur ekki sagt sízt til sín á þann hátt, að framleiðniaukning í atvinnurekstrinum hefur orðið miklu minni en ella hefði getað átt sér stað, því að það fjármagn, sem fyrirtækin hefðu getað notað til framleiðniaukningar, hafa þau orðið að taka inn í reksturinn, og lánaskorturinn, sem af þessu hefur hlotizt, hefur að sjálfsögðu þrengt rekstur þeirra á margvíslegan annan hátt.

Í skýrslu þeirri, sem Efnahagsstofnunin hefur sent hagráði fyrir nokkru, kemur það líka glögglega í ljós, þó að það sé reynt að segja það ekki með sterkum orðum, að framleiðniaukning hefur orðið tiltölulega lítil hér á landi á undanförnum árum. Sá mikli hagvöxtur, sem hér hefur orðið á þessu tímabili, stafar fyrst og fremst af auknum síldveiðum og hækkandi verðlagi innanlands, en að mjög litlu leyti af því, að framleiðniaukning eða hagræðing hafi átt sér stað hjá atvinnurekstrinum í landinu. Ég hygg, að það megi hiklaust fullyrða, að á þessu tímabili hafi orðið mun minni framleiðniaukning hér á landi heldur en í nokkru nágrannalandi okkar og sennilega allri Vestur-Evrópu. Og eins og bent er á í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar, kann þetta ekki góðri lukku að stýra til frambúðar, vegna þess að við getum ekki alltaf treyst á það, að síldin veiðist eins vel og átt hefur sér stað á undanförnum árum, og ekki heldur á það, að verð á okkar útflutningsvörum fari stöðugt hækkandi og okkar hagvöxtur geti farið vaxandi af þessum ástæðum. En eina trygga undirstaðan í þessum efnum er vitanlega sú, eins og bent er á í þessari skýrslu, að auka framleiðniaukninguna og styrkja aðstöðu fyrirtækjanna, til þess að svo geti orðið. En það sjá allir, að það er fullkomlega útilokað með þeirri lánastefnu, sem fylgt hefur verið í landinu á undanförnum árum, þar sem rekstrarlán til fyrirtækjanna hafa stórlega dregizt saman eða miklu meira en auknum rekstrarkostnaði svarar.

Ég held, að það verði ekki um það deilt, að ef litið er á lög Seðlabankans og sérstaklega þá grein, sem vitnað er til í grg. fyrir þessari till., brýtur þessi samdráttarstefna algerlega í bág við það verkefni, sem Seðlabankanum er ætlað. Seðlabankanum er ætlað að hlutast til um það, að atvinnuvegirnir búi nokkurn veginn við nægilegt lánsfé og lánsfjárskortur hamli ekki starfsemi þeirra. Þetta hefur hins vegar átt sér stað í ríkum mæli á undanförnum árum vegna þeirrar samdráttarstefnu, sem fylgt hefur verið og ég hef lýst hér með nokkrum tölum. Þetta kynni að vera afsakanlegt, ef það stafaði af því, að meira sparifé eða lánsfé, sem bankinn hefði með höndum, hefði ekki verið til ráðstöfunar og samdrátturinn hefði stafað af þeirri ástæðu. En því er sannarlega ekki að heilsa. Þetta stafar af því, að Seðlabankinn, að sjálfsögðu að fyrirmælum ríkisstj., hefur tekið upp þá aðferð að frysta sparifé í stórum stíl eða kringum 18—25% af öllu því, sem inn hefur komið, og sett það á bundinn reikning í Seðlabankanum. Ef þetta fé hefði verið notað með eðlilegum hætti og samkv. lögum Seðlabankans, hefði vitanlega átt að nota það til að bæta úr lánsfjárþörf atvinnuveganna, en það hefur síður en svo verið gert, eins og ég hef áður rakið.

Það má hiklaust fullyrða, að það er ekki hægt að benda á neitt land vestan járntjalds, þar sem beitt hefur verið jafnstórkostlegum og þvingandi lánsfjárhöftum og þeim, sem hefur leitt af þessari sparifjárfrystingu Seðlabankans. Þess vegna er það hið furðulegasta skrum og hin mesta blekking, ég vil segja, sem nokkru sinni hefur verið viðhöfð í íslenzkum stjórnmálum, þegar núv. ríkisstj. er að lýsa því yfir, að hún hafi afnumið höft og hún sé á móti höftum. Og þessu er t. d. sérstaklega hampað í einhverri flokksráðssamþykkt, sem Sjálfstfl. hefur nýlega gert. Staðreyndin er einmitt sú, að hér hafa verið tekin upp miklu strangari og erfiðari höft fyrir atvinnuvegina, lánsfjárhöftin, heldur en þeir hafa nokkurn tíma áður þurft að búa við, og vegna þess blasir líka við sú staðreynd, að á þeim mestu góðæristímum, sem yfir þetta land hafa gengið, hefur framleiðniaukning atvinnuveganna orðið minni en í nálægum löndum og sennilega í öllum löndum Vestur-Evrópu. Þetta er afleiðingin af því, að ekki hefur verið framfylgt þeim skýlausu fyrirmælum um starfsemi Seðlabankans, sem greind eru í 1. gr. laga um hann og tekin eru fram í grg. fyrir þessari till.

Ég held, að það sé þess vegna meira en tímabært fyrir Alþ. að grípa hér í taumana og sjá til þess, að frá þessari haftastefnu verði horfið, þessum höftum á starfsemi atvinnufyrirtækjanna og þessum höftum til hindrunar því, að veruleg framleiðniaukning

geti átt sér stað í landinu. Þessi till. er því áreiðanlega miklu meira en tímabær.

Mér finnst rétt að geta þess, að sú afsökun er stundum höfð fyrir sparifjárfrystingunni, að hún verði til þess að draga úr verðbólgu í landinu. Ég held, að þeir menn séu með fullkomlega lokuð augu, sem leyfa sér að halda slíku fram eftir þá reynslu, sem af þessu hefur fengizt á undanförnum árum, því að þessar ráðstafanir hafa síður en svo orðið til þess að draga úr verðbólgunni, heldur hefur hún þvert á móti orðið stórvaxnari hér á landi seinustu árin heldur en nokkru sinni fyrr og miklu meiri en í nokkru öðru vestrænu landi, a. m. k. í Evrópu og Norður-Ameríku. Það eru því hrein falsrök, og ég held, að þeir, sem hafa haldið þeim fram áður, hljóti að hætta að halda þeim fram, að sparifjárfrystingin sé nokkur leið til þess að draga úr verðbólgunni eða framkvæmdakapphlaupinu í landinu. Þar þarf allt annað úrræði og fyrst og fremst skipulega ásetlun um það, hvernig eigi að nota það vinnuafl og fjármagn, sem við höfum yfir að ráða. En það er útilokað, að það sé hægt að gera það með algeru handahófi, eins og reynt hefur verið með þessum aðgerðum Seðlabankans, eins og líka glöggt kemur fram í hinni stórfelldu verðbólgu, sem átt hefur sér stað í landinu á undanförnum árum.

Ég treysti því eða vil treysta því, að þm. allir séu nokkurn veginn sammála um það, að við eigum að keppa að því í framtíðinni að auka sem mest framleiðni atvinnuveganna. En það er alveg víst, að með þeim aðferðum, sem nú eru viðhafðar, og með þessum frystingaraðgerðum Seðlabankans er fullkomlega útilokað, að það sé hægt. Það verður, ef þetta á að geta gerzt, að draga stórkostlega úr lánsfjárhöftum, sem nú er beitt, og sennilega að afnema þau að mestu, þó að það sé kannske ekki gert allt í einu. Það væri líka ekki úr vegi, ef hæstv. ríkisstj. meinar það, að hún sé á móti höftum, að hún sýndi það í verki með því að draga úr þessum stórfelldu höftum, sem hún hefur tekið upp, og þó ekki sízt eftir að þær afleiðingar eru komnar í ljós, sem af þessu hafa orðið.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þessa till. að sinni, en vil leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Því miður verð ég að byrja á því að segja, að allur málflutningur hv. þm. í ræðu hans hér áðan er einn meiri háttar misskilningur. Í fyrsta lagi fer hann algerlega rangt með, segir algerlega rangt frá staðreyndum varðandi útlán bankakerfisins. Í öðru lagi rangtúlkar hann algerlega stefnu ríkisstj. í peningamálum og í bankamálum. Og í þriðja lagi misskilur hann eða rangtúlkar algerlega verkefni Seðlabankans á þessu sviði. Og það er mjög auðvelt að sýna fram á, að þessar staðhæfingar mínar hafi við fyllstu rök að styðjast, og skal ég gera það og þarf ekki til þess mörg orð.

Í ræðu sinni áðan og raunar í grg. fyrir þeirri till., sem hann var að mæla fyrir, er látið í veðri vaka, að atvinnuvegir landsins búi við, eins og segir orðrétt í grg., með leyfi hæstv. forseta, „búi við stórfelldasta lánsfjárskort og standi hann framar öðru í vegi þess, að framleiðslugeta þeirra“ — atvinnuveganna — „sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.“ Hann hélt því einnig fram, að bankakerfið byggi mun verr að íslenzkum atvinnufyrirtækjum nú en áður hafi átt sér stað. Þessu verður langbezt svarað með því að gefa stutt, en ég vona glöggt heildaryfirlit yfir útlán bankakerfisins á þeim síðustu 12 mánuðum, sem skýrslur eru til um, og bera þær saman við jafnlangt tímabil á undan.

Ég hef hér fyrir framan mig tölur um aukningu útlána og raunar innlána líka á tímabilinu frá 1. sept. 1965 — 1. sept. 1966, en á þessu 12 mánaða tímabili, frá septemberbyrjun 1965 til septemberbyrjunar 1966, jukust útlán viðskiptabanka og sparisjóða um hvorki meira né minna en 1716 millj. kr., en það er 23% útlánaaukning. Ef þetta er haft í huga, má geta nærri, hversu sanngjarn eða skynsamlegur dómur það er, að það, að haldið hafi verið í við atvinnuvegina um lánsfé, eigi einhvern alvarlegan þátt í þeim vandamálum, sem á vissum sviðum er þar við að etja. Ef við tökum 12 mánaða tímabilið á undan, frá 1. sept. 1964 til 1. sept. 1965, var heildarútlánaaukning viðskiptabanka og sparisjóða 812 millj. eða 12%. Á því síðasta 12 mánaða tímabili, sem endanlegar skýrslur liggja fyrir um, er útlánaaukning banka og sparisjóða m. ö. o. í krónum reiknað helmingi meiri en hún hafði verið á 12 mánaða tímabilinu á undan. Hún er yfir 1700 millj. kr., en hafði verið líðlega 800 millj. kr. Og hlutfallslega séð er hún líka næstum helmingi meiri, hún er 23% á móti 12%. Þessi útlánaaukning bankakerfisins á undanförnum 12 mánuðum er þeim mun athyglisverðari vegna þess, að hún er mun meiri en innlánaaukningin á sama tíma. Heildarinnlán jukust frá 1. sept. 1965 til 1. sept. 1966 í þessum sömu stofnunum um 1245 millj. kr., eða um 17%. Útlánaaukning banka og sparisjóða er m. ö. o. meira en 500 millj. kr. meiri en innlánaaukningin.

Um þetta kann mönnum auðvitað að sýnast sitt hvað, og því er ekki að leyna, á þessu eru skýringar, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér, og bankarnir bera fyrir sig í þessum efnum. Venjulega þykir það ekki kunna góðri lukku að stýra, þegar útlánaaukning bankakerfisins fer mjög verulega fram yfir aukningu þess fjár, sem bankarnir fá í hendur til útlána. Ég vil ekki deila á bankakerfið í þessu sambandi, vegna þess að mér er kunnugt um þær skýringar, sem þeir hafa á því, að þróunin hefur orðið svona, en hitt er auðvitað fjarri öllu lagi, að deila á

bankakerfið eða yfirstjórn bankamálanna fyrir það að hafa svelt atvinnuvegina og valdið vandræðum vegna lánsfjárskorts, þegar bankarnir þó lána út meira en 500 millj. kr. meira en sparifjáreigendur landsins láta bönkunum í té til þess að lána út. Á 12 mánuðum áður, 1. sept. 1964—1965, hafði heildarinnlánaaukningin numið 1190 millj. kr., eða um 19%. Má því sjá, að tiltölulega lítil aukning varð á sparifénu, spariinnlánum og veltiinnlánum, eða aðeins um 50 millj. kr. Það var þó, sem betur fer, nokkur aukning, en þó ekki nema um 50 millj. kr., en útlánaaukningin er tíföld á við sparifjáraukninguna.

Það gefur auga leið, hversu gersamlega það er út í bláinn að kvarta undan því, að bankakerfið hafi hér verið sérstakur sviðingur og haldið fyrir atvinnuvegunum fé, sem þeir hefðu átt að geta fengið. Ef eitthvað almennt á um þetta að segja, þá er það það, að bankarnir hafi frekar lánað meira út en samrýmzt gat heilbrigðri stefnu í bankamálum og efnahagsmálum yfirleitt, frekar en hitt, að þeir hafi, væntanlega þá af illvilja eða skammsýni, haldið fé fyrir atvinnuvegunum, sem þeir hefðu átt réttmæta kröfu á að hafa til sinna afnota.

Nú er mjög eðlilegt, að hv. þm. detti í hug, að fróðlegt væri að vita, hvernig þessi útlánaaukning skiptist. Og auðvitað geri ég mér þess fulla grein, að það segir ekki nema hálfa söguna að nefna heildartölur um útlánaaukninguna. Það gæti verið, að þessi útlán dreifðust með einhverjum þeim hætti, að augljóst væri, að vandræðum hefði valdið, a. m. k. á sumum sviðum. Þó að heildarauknin gin væri mikil, gæti hún skipzt svo ranglega á atvinnugreinar, að ástæða væri til að álasa yfirstjórn bankamála fyrir ranga ráðstöfun á sparifé landsmanna. Þess vegna tel ég rétt að gera líka grein fyrir því, hvernig þessi útlánaaukning hefur skipzt á atvinnuvegi og aðra þá, sem lánsfé landsmanna nota.

Á tímabilinu 1. sept. 1965 til 1. sept. 1966 jukust útlán til landbúnaðar um 131 millj. kr. eða 17.6%. Útlán til sjávarútvegs jukust um 451 millj. kr. eða 27.5%. Útlán til verzlunar jukust um 379 millj. kr. eða 24.5%. Útlán til iðnaðar jukust um 212 millj. kr. eða 22.7%. Útlán til bygginga jukust um 62 millj. kr. eða 13.5%. Útlán til samgöngufyrirtækja jukust um 28 millj. kr. eða 16.9%. Útlán til raforkufyrirtækja, raforkumála, jukust um 16 millj. kr. eða 16.7%. Útlán til ríkissjóðs og og ríkisstofnana jukust um 67 millj. kr. eða um 67.8%, en þá skýringu þarf að gefa á þeirri mjög háu hlutfallstölu, að hér er um að ræða nýjung í starfsemi bankakerfisins, að lána til ríkissjóðs og ríkisstofnana, lána til opinberra framkvæmda innan ramma framkvæmda- og fjárfestingaráætlunar ríkisins. Þau útlán tíðkuðust svo að segja ekki til skamms tíma, og þess vegna er grunntalan, sem við er miðað, mjög lág, svo að tiltölulega lítil útlánaaukning þýðir mjög mikla prósenttöluhækkun. Útlánaaukningin til bæjar- og sveitarfélaga nam 57 millj. kr. eða 21.3%. Útlánaaukning til peningastofnana og fjárfestingalánasjóða nam 23 millj. kr. eða 12.6%. Og svo að síðustu ýmislegt 95 millj. kr. eða 17.4%.

Á þessum tölum sést, að útlánaaukning bankanna dreifist með mjög svipuðum hætti á allt atvinnulíf landsmanna, til allra atvinnugreina. Að undanskilinni tölunni um ríkissjóð, sem er ekki sambærileg við hinar, vegna þess að þar er um nýjung í starfsemi að ræða, er útlánaaukningin til sjávarútvegsins langhæst hlutfallslega séð, hún er 27.5%, útlánaaukning til verzlunar er 24.5% og til iðnaðar 22.7%, en þessar tölur eru stærstu tölurnar, sem um er að ræða. Langmestur hluti útlánaaukningarinnar gengur til sjávarútvegs, verzlunar og iðnaðar og svo til landbúnaðar eða til þessara fjögurra höfuðatvinnugreina. Þessar tölur leiða ótvírætt í ljós, að það er á algjörlega röngum forsendum byggt, ekki aðeins þegar hv. þm. heldur því fram, að í heild sé atvinnulífið svelt af bankakerfinu, heldur einnig að einstakar atvinnugreinar séu sveltar af bankakerfinu.

Hv. þm. sagði enn fremur í ræðu sinni, að aðstoð bankakerfisins við atvinnulífið væri mun minni nú en áður hefði tíðkazt og svaraði engan veginn til þeirrar aukningar, sem yrði á framleiðslukostnaðinum í landinu. Ég athugaði snöggvast, hver hækkun hefur orðið á vísitölu framfærslukostnaðar á þessu sama tímabili, 1. sept. 1965 til sama dags 1966. Útlánaaukningin til allra höfuðatvinnuveganna er mun hærri en sem nemur þessari hækkun framfærslukostnaðarvísitölunnar: til landbúnaðar 17.6, til sjávarútvegs 27.5, til verzlunar 24.5 og til iðnaðar 22.7. M. ö. o.: aukning þess fjár, sem þessar atvinnugreinar hafa fengið til umráða úr bankakerfinu á síðustu 12 mánuðum, sem skýrslur eru til um, er hlutfallslega mun meiri en hækkun vísitölunnar á sama tíma.

Þá gerði hv. þm. nokkuð að umtalsefni hina svonefndu frystingu lánsfjár í Seðlabankanum og taldi hana mjög misráðna og valda miklu tjóni. Ég hef oft áður á hinu háa Alþingi og einnig í almennum umræðum og í blaðaskrifum gert hlutverk sparifjárbindingarinnar að umtalsefni, tilgang hennar annars vegar og þann árangur, sem af henni hefur hlotizt, hins vegar. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mjög mörgum orðum nú. Ég held, að a. m. k. meginþorra þm. hljóti að vera farið að skiljast, hver er megintilgangur sparifjárbindingarinnar og hvað gott hefur af henni leitt. Þó skal ég freista þess með mjög einföldum hætti, í mjög fáum orðum að gera enn einu sinni grein fyrir kjarna þess máls, sem hér er um að ræða.

Seðlabankinn notar fé sitt aðallega með tvennum hætti. Eignir Seðlabankans eru rúmt reiknaðar 3000 millj. kr., og eignir Seðlabankans eru fólgnar í tveim eignaliðum fyrst og fremst, — ég geri málið einfalt með því

að horfa fram hjá því, sem ekki skiptir máli, í þessu sambandi a. m. k. Þessar eignir sínar á Seðlabankinn bundnar annars vegar í erlendum gjaldeyri. 30. júní s. l., í lok fyrri helmings ársins, lágu reikningar Seðlabankans fyrir, og þá nam erlenda gjaldeyriseignin um 2000 millj. kr. Að öðru leyti notar Seðlabankinn fé sitt til endurkaupa afurðavíxla af viðskiptabönkunum, afurðavíxla sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, og þessir endurkeyptu víxlar námu við lok fyrra árshelmings um 1000 millj. kr. 3000 millj. kr. eign Seðlabankans skiptist þannig, að um 2000 millj. kr. eru bundnar í erlenda gjaldeyrinum og um 1000 millj. kr. í atvinnulífinu, þ. e. endurkaupum á framleiðsluvíxlum frá viðskiptabönkunum.

Nú dregur víst enginn í efa, að einhvers staðar þarf Seðlabankinn að fá það fjármagn, sem hann bindur í eignum sínum. Ekkert fyrirtæki getur átt eignir, nema það hafi fengið það fjármagn einhvers staðar að, sem í eignunum er bundið. Þetta sama gildir um Seðlabankann eins og sérhvert viðskiptafyrirtæki og raunar sérhvern einstakling. Sá maður, sem á hús, hefur einhvers staðar fengið fé, sem hann hefur lagt í húsið, annaðhvort af tekjum sínum eða tekið það að láni. Og fyrirtæki, sem á togara eða hraðfrystihús eða hvort tveggja, hefur auðvitað einhvers staðar fengið féð, sem í togaranum og frystihúsinu er bundið. Annaðhvort er það eigið fé eða það er lánsfé. Í lok s. l. árshelmings, lok júní s. l., hafði Seðlabankinn fengið þessar 3000 millj. fyrst og fremst með þrennum hætti. Eigið fé hans er aðeins 400 millj. kr. Svo hefur Seðlabankinn seðlaútgáfurétt, eins og við allir vitum. Hann gefur út þá seðla, sem við almennt notum í okkar greiðsluviðskiptum. Seðlavelta var þá um 1000 millj. kr., svo að með eigin fé og seðlaveltu hafði hann aflað sér 1400 millj. kr. En hvaðan skyldi hann hafa fengið hinar 1600 millj. kr., sem hann þarf á að halda til að geta átt 3000 millj. kr. eign? Þær hefur hann fengið sem bundna innstæðu frá viðskiptabönkunum, og bundna féð nam einmitt 1600 millj. kr. 30. júní s. l. Fjármögnun Seðlabankans er því þannig, að 400 millj. kr. eru hans eigið fé, 1000 millj. eru seðlavelta og 1600 millj. bundið fé. Ef við förum nokkur ár aftur í tímann, átti Seðlabankinn engan erlendan gjaldeyrisvarasjóð. En það var yfirlýst stefna af hálfu ríkisstj., stefna, sem í raun og veru hefur aldrei verið gagnrýnd, aldrei verið vefengt að væri rétt, að það væri nauðsynlegt að koma upp gjaldeyrisvarasjóði. Á um það bil 6 árum tókst að koma upp um það bil 2000 millj. kr. gjaldeyrisvarasjóði. En dettur nokkrum manni í hug, að Seðlabankinn hafi getað eignazt 2000 millj. kr. gjaldeyrisvarasjóð, eign í erlendum gjaldeyri, án þess að verða að greiða hann með einhverjum hætti? Á móti þessari erlendu eign Seðlabankans hlýtur að standa einhver fjáröflun af hálfu Seðlabankans, rétt eins og maður getur ekki átt hús, án þess að hann hafi hlotið að afla sér fjár til þess, og fyrirtæki getur ekki átt togara eða frystihús, án þess að afla sér fjár til þess. Hvernig átti nú Seðlabankinn að afla sér fjár til þess smám saman að koma sér upp gjaldeyrisvarasjóði? Ekki getur hann aukið eigið fé sitt sjálfkrafa. Það er hlutur, sem smám saman vex með tekjuafgangi Seðlabankans og ekki með öðrum hætti. Ég trúi því ekki, að hv. 5. þm. Reykv. láti sér detta í hug, að það hefði verið rétt leið eða fær að auka seðlaútgáfuna, til að geta eignazt gjaldeyrisvarasjóð. Ég læt mér ekki detta í hug, að honum detti það í hug, svo að ég færi ekki fram þau augljósu rök, sem fyrir því eru, að slíkt er auðvitað út í bláinn.

Þá er ekki um aðra leið að ræða en aðra af tveim leiðum, sem annars staðar eru farnar um víða veröld, þar sem menn búa við svipað hagkerfi og menn gera hér. Það hefði verið hægt fyrir Seðlabankann að gefa út skuldabréf eða ríkissjóður gæfi út skuldabréf og léti andvirðið inn í Seðlabankann til þess að útvega honum fé til að gera honum kleift að eiga gjaldeyrisvarasjóð, eða hitt að beita heimild, sem tekin var í lög 1958, meðan stjórn Hermanns Jónassonar sat að völdum, til að skylda viðskiptabankana til að leggja vissan hluta af innlánsaukningunni inn í Seðlabankann. Það, sem hér er að gerast, er í raun og veru ekkert annað en það, að Seðlabankinn er að nota lagaheimild, sem við hv. 5. þm. Reykv. stóðum saman um að veita Seðlabankanum, að nota þessa lagaheimild til þess að láta vissan hluta af sparifjáraukningu landsmanna ganga til þess að fjármagna erlendan gjaldeyrisvarasjóð. Þetta var sú leið, sem farin var, og enginn vafi er á því, að hún var margfalt skynsamlegri en það, að ríkissjóður eða Seðlabankinn sjálfur efndi til stórfelldrar verðbréfaútgáfu til þess að afla þess fjár, sem auðvitað þarf að standa innanlands á móti erlenda gjaldeyrisvarasjóðnum. Það er svo einfaldur hlutur, að það ætti ekki að þurfa að segja það jafnoft og maður þarf að segja það, að auðvitað þarf Seðlabankinn að fá fé til að geta átt varasjóð. Það var bara spurningin, með hvaða hætti ætti að fá féð. Það var um þessa tvo möguleika að ræða, og sá miklu, miklu skynsamlegri var tekinn.

Ef efnt hefði verið til verðbréfaútgáfu af hálfu Seðlabankans eða ríkissjóðs til að geyma andvirðið í Seðlabankanum, hefði það verið bein samkeppni við sparisjóðsstarfsemi viðskiptabankanna og enginn vitað, hvaða afleiðingar það hefði haft. Þess vegna var talið miklu skynsamlegra að láta viðskiptabankana halda áfram sínum eðlilegu sparifjárviðskiptum og láta viðskiptabankana og sparisjóðina vera áfram þá aðila, sem tækju á móti sparnaði landsmanna, en segja við þá: Ef við eigum að eignast gjaldeyrisvarasjóð, verður hluti af þessum sparnaði að ganga til þess að fjármagna hann. — Þetta er það, sem hefur verið gert, þó ekki að öllu leyti,

sem sést á því, að 30. júní var erlendi gjaldeyrissjóðurinn 2000 millj. kr., en bundna féð þó ekki nema 1600 millj. kr. M. ö. o.: Seðlabankinn hefur látið hluta af sínu eigin fé og þeirri eðlilegu og heilbrigðu seðlaveltuaukningu, sem getur átt sér stað í vaxandi þjóðfélagi, ganga til að fjármagna erlenda gjaldeyrisvarasjóðinn. Seðlabankinn hefur verið svo varkár í þessum efnum, að hann hefur ekki einu sinni látið bundna féð standa undir öllum gjaldeyrisvarasjóðnum, heldur hefur einnig lagt nokkuð af mörkum af eigin fé. 400 millj. hefur hann látið af sínu eigin fé til að fjármagna erlenda gjaldeyrisvarasjóðinn.

Með hliðsjón af þessu er það auðvitað enn ósanngjarnara, enn fráleitara að bregða Seðlabankanum um nízku, svíðingsháttt, að ég ekki tali um illvilja í garð atvinnuveganna eða þröngsýni, þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga.

Ef hv. stjórnarandstaða vill veita bundna fénu út í atvinnulífið, vill láta Seðlabankann skila viðskiptabönkunum þessum 1600 millj. kr. aftur og láta viðskiptabankana lána þetta út til atvinnuveganna, er það auðvitað hægt. Það er ekkert auðveldara en gera það. En Seðlabankinn verður þá auðvitað um leið að afsala sér einhverjum af sínum eignum. Seðlabankinn getur ekki strikað yfir bundna féð skuldamegin í sínum efnahagsreikningi, sem hann skuldar viðskiptabönkunum, án þess að strika út einhverjar af sínum eignum eignamegin. Hélt ég, að menn þyrftu ekki einu sinni að kunna tvöfalt bókhald til að skilja þetta. En þeir, sem kunna tvöfalt bókhald, skilja það auðvitað á andartaki. Hver þriðja-bekkingur í gagnfræðaskóla skilur þetta.

Ef menn vilja endilega losna við bundna féð, telja það vera rót alls ills, að það skuli vera þarna í Seðlabankanum, hlýt ég að spyrja: Hvaða eign á Seðlabankinn að láta af hendi? Ef hann á að láta af hendi endurkeyptu víxlana, er þetta eins og þegar hundurinn átti að lifa á skottinu á sér, því að þá mundu viðskiptabankarnir missa jafnmikið í endurkaupum í Seðlabankanum og þeir fá gegnum frysta féð, svo að þetta er auðvitað engin lausn, það sér hver maður. Þess vegna er botninn í tunnunni sá, að það er ekki hægt, það er ekki hægt að veita bundna fénu út í atvinnulífið gegnum viðskiptabankana, nema því aðeins að eyða gjaldeyrisvarasjóðnum. Þetta er mergurinn málsins. Svona er hann til kominn, og bundna fénu verður ekki veitt aftur út í atvinnuvegina nema með því að eyða honum. Þess vegna er spurningin þessi: Er það þetta, sem hv. þm. er raunverulega að meina? Er hann að meina það, að við eigum að eyða gjaldeyrisvarasjóðnum og lána hann hér út í íslenzkum krónum? Þetta verða menn að segja, ef þeir meina þetta. Þetta er hægt. Ég vil ekki bera ábyrgð á, að þetta sé gert, og mun ekki gera. En þetta er vissulega hægt. En hitt er ekki hægt, að tala um það, að rétt sé og sjálfsagt að losa bundna féð og lána það atvinnuvegunum, og segja, að það hafi engar afleiðingar, og segja, að til þess þurfi ekki neitt. Það er að kunna ekki tvöfalt bókhald.

Þess vegna, ef hv. Framsfl. segði alveg skýrt, segði bæði A og B, ef hann segði það, að stefna Framsfl. væri að nota gjaldeyrisvarasjóðinn til útlána innanlands, þá skulum við tala saman um það, hvaða afleiðingar það hefði. Þetta hafa þeir bara aldrei sagt. Þeir hafa aldrei sagt þetta. Þeir hafa bara sagt: Það á að losa bundna féð og lána það út, en taka enga afstöðu til hins. Ég tel, að ég hafi sýnt alveg nægilega fram á fjarstæðuna í þessum málflutningi, til þess að ég þurfi ekki að ræða þetta frekar. Ef þeir aftur á móti væru sjálfum sér samkvæmir og segðu líka B, við erum reiðubúnir til að fórna gjaldeyrisvarasjóðnum, þá er sá málflutningur sjálfum sér samkvæmur, og þá skulum við tala saman um það. En ég sé ekki ástæðu til að vera að rökræða um það, sem þeir hafa aldrei þorað að segja, hvort sem þeir meina það eða ekki.

Að síðustu vil ég svo benda á í sambandi við það, sem ég sagði í upphafi, að hv. þm. misskilur algerlega löggjöfina um Seðlabankann, ef hann heldur, að ekkert standi í löggjöfinni um markmið Seðlabankans annað en það, sem vitnað er í í tillgr. sjálfri, með leyfi hæstv. forseta: „Að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og skynsamlegastan hátt.“ Þetta stendur þar auðvitað. Ég tel, að starfsemi Seðlabankans fram að þessu hafi sannarlega miðað í þá átt og stuðli að því. Það er ekki hægt að segja, að framleiðslugeta íslenzkra atvinnuvega hafi ekki verið á undanförnum árum og sé ekki hagnýtt á hagkvæman og skynsemlegan hátt. Hér hefur verið skortur á vinnuafli. Eitt okkar aðalvandamál undanfarin 5—6 ár hefur verið skortur á vinnuafli. Er hægt að halda því fram í alvöru, að á þeim tíma, sem vinnuaflsskortur er alvarlegt vandamál í þjóðfélaginu, sé framleiðslugeta atvinnuveganna ekki hagnýtt? Á það má líka minna, að Seðlabankinn hefur fleira í lögum sínum skýrt og skorinort. Honum ber að stuðla að því, að verðlag sé sem stöðugast, og enginn vafi er á því, að ef farið væri eftir þeim hugmyndum hv. þm. að veita bundna fénu aftur til viðskiptabankanna og þeir láni það aftur til atvinnuveganna, væri það eins augljóst ósamræmi til að halda verðlagi stöðugu og hugsazt gæti. Það mundi verða gífurlegur verðbólguvaldur, meiri verðbólguvaldur en nokkur önnur einstök ráðstöfun í peningamálum Íslendinga um áratugabil, svo að þar væri sannarlega brotið harkalega gegn löggjöf Seðlabankans og öllum heilbrigðum og skynsamlegum meginreglum í fjármálum.

Þetta læt ég nægja til að leiða rök að því, sem ég sagði í upphafi, að því miður er allur málflutningur hv. þm. um það efni, sem hann

gerði að umtalsefni, á meiri háttar misskilningi byggður.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér er til umr., er nú orðin gamall kunningi hv. þm., því að hún hefur verið flutt á undanförnum þingum, og vegna þess, að ég hef að undanförnu átt sæti í stjórn Seðlabankans, hef ég einnig við fyrri tækifæri gert athugasemdir við till. þessa og framsögu fyrir henni, svo að vera má, að hv. þm. séu orðnir leiðir á þessum langhundi okkar hv. 5. þm. Reykv. En þar sem hæstv. viðskmrh. hefur nú í skörulegri ræðu borið nokkurt blak af okkur, sem eigum sæti í bankaráði Seðlabankans, og leiðrétt ýmsar villandi upplýsingar, sem fram komu í framsöguræðu hv. 5. þm. Reykv., get ég stytt þennan langhund verulega, en örfáum orðum vildi ég þó bæta við það, sem sagt hefur verið, og er það meðfram með hliðsjón af því, að hvað sem öðru líður, álít ég, að það beri þó að virða, sem í þessari till. felst, að hv. stjórnarandstæðingar gera þó till. um ákveðnar leiðir í efnahagsmálum, en það hefur verið mjög sjaldgæft. Þeir hafa látið nægja málflutning eins og þann, þegar talað hefur verið um hina dularfullu „hina leið", sem svo hefur verið nefnd, og það eru ekki nema fáir dagar síðan hv. þm. hlustuðu á hv. 1. þm. Austf., formann Framsfl., lýsa þessari hinni leið. En það var bara gert í svo almennum orðum, að ég hugsa, að fáir hafi orðið nokkru nær um það, hvað feldist í þessari svokölluðu „hinni leið". Hv. 1. þm. Austf. talaði um, að það þyrfti að samhæfa fjárfestingarfyrirætlanir hinna ýmsu aðila í þjóðfélaginu, opinberra aðila og einkaaðila, að það þyrfti að leggja á það áherzlu að auka framleiðni og framleiðsluafköst í þjóðfélaginu og að það þyrfti að raða þeim ýmsu verkefnum, sem fyrir lægju, á skynsamlegan hátt, þannig að hið þýðingarmesta sæti fyrir. Þetta eru allt mjög skynsamlegar hugleiðingar, og ég hugsa, að allir hv. þm., sem sæti eiga hér á Alþ., séu þessu í sjálfu sér sammála, svo langt sem það nær. En það var ekki um það að ræða, að bent væri á neitt ákveðið, sem gera þyrfti til lausnar þeim vandamálum, sem fyrir liggja, svo að þess vegna varð maður í rauninni engu nær um það, í hverju „hin leiðin" væri fólgin. Má þó ekki skilja þetta þannig, að ég sé að lasta það, að forustumenn stjórnmálanna, eins og hv. 1. þm. Austf., noti hátíðlegt tækifæri eins og það, þegar birt er stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstj., til þess að árna landslýðnum allra heilla.

En í þeirri till., sem hér liggur fyrir, er þó bent á ákveðnar aðgerðir, sem að dómi hv. flm. þessarar till. beri að gera í efnahagsmálum. Að vísu er það nú þannig að mínu áliti, og það drap raunar hæstv. viðskmrh. á, a. m. k. óbeint, að til grundvallar þessari till. liggur misskilningur á því, sem felst í þeirri grein laganna um Seðlabankann, sem ákveður um hlutverk hans. Og má það e. t. v. út af fyrir sig virða hv. flm. til vorkunnar, að orðalag á þessu er ekki heppilegt. En þannig stendur í 1. málsl. 2. gr. l. um Seðlabankann, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk Seðlabanka Íslands er: 1. Að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að verðlag haldist stöðugt", o. s. frv.

Ég álít, að í rauninni hefði betur farið á því að sleppa orðunum „framboð lánsfjár" úr þessari setningu, því að í því getur í rauninni ekki falizt neitt umfram það, að gert er ráð fyrir því, að eitt af meginhlutverkum Seðlabankans sé að ákveða peningamagn í umferð. Þetta stafar af því, að orðið „lánsfé" hefur tvíræða merkingu. Annars vegar merkir það gjaldmiðil og hins vegar raunverulegt fjármagn eða sparnað. En nú er það einu sinni þannig, að í Seðlabankanum myndast ekkert fjármagn. Á fjármagnsmyndunina í þjóðfélaginu getur Seðlabankinn aðeins haft óbein áhrif. Höfuðhlutverk hans er einvörðungu að stjórna peningamagninu í umferð, þannig að þessi orð eru í rauninni að mínu áliti óþörf og geta valdið m. a. þeim misskilningi, sem í rauninni liggur að baki flutningi þessarar till., sem hér er um að ræða.

Hv. 5. þm. Reykv. fullyrti það, og það er í rauninni ekki neitt nýtt, að hömlur þær, sem framkvæmdar hafa verið í peningamálum, m. a. með hinni svonefndu sparifjárbindingu, hefðu ekki komið að neinu gagni til þess að stöðva verðbólguna. En rökin, sem fyrir því voru færð, eru að mínu áliti algerlega óframbærileg fyrir fólk, sem hugsa vill þessi mál af skynsemi. En þau voru þessi: Verðbólgan hefur vaxið svo og svo mikið að undanförnu, og það er sönnun þess, að þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar í peningamálum, hafa ekki komið að neinu gagni. Svona röksemdafærslur finnst mér, að sé í rauninni ekki hægt að bjóða fólki, sem vill hugsa þessi mál af skynsemi. Það mætti alveg með sama rétti segja: Að undanförnu hefur verið lagt í svo og svo mikinn kostnað við að fyrirbyggja umferðarslys. Það er komið upp umferðarljósum, umferðarlögregla hefur verið efld og ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar aðrar. Samt sýnir reynslan það, að umferðarslys eru tíðari en góðu hófi gegnir og jafnvel tíðari en þau voru, áður en þessar ráðstafanir voru gerðar. Af því ber að draga þá ályktun, að allar þessar ráðstafanir séu óþarfar og beri að spara almenningi kostnað við þær. — Mér finnst, að hér sé um alveg hliðstæða röksemdafærslu að ræða.

Það, sem skiptir máli í þessu sambandi, er það, að vissulega hefur verðbólga hér á landi verið meiri en æskilegt er, og við skulum láta það deilumál liggja milli hluta hér, hverjar orsakir verðbólgunnar séu, hverjum það sé öðrum fremur að kenna, að þessi verðbólguþróun hefur átt sér stað. Á s. l. 8 árum, eða frá áramótum 1958—1959, þann tíma, sem núv. stjórnarflokkar hafa borið ábyrgð á

stjórn landsins, hefur verðlagið nær því tvöfaldazt, þannig að láta mun nærri, að verðbólguvöxturinn hafi að jafnaði numið milli 8 og 9% á ári. Vissulega væri æskilegt, að verðbólgan hefði verið minni. Þær upplýsingar voru gefnar fyrir fáum dögum hér á hv. Alþ., að í Vestur-Evrópulöndum hefði verðbólgan að jafnaði ekki aukizt meira en 4%, og það hefði vissulega verið æskilegt, að verðbólguvöxturinn hefði ekki verið meiri hér. En það er ekki mjög langt síðan, — það var, að mig minnir, í einhverri skýrslu frá Efnahagssamvinnustofnuninni, — að gefnar voru upplýsingar um verðbólguvöxt í sumum Suður-Ameríkuríkjunum. Í Brasilíu hafði verðbólgan þá um nokkur ár aukizt um 50% á ári, svo að vissulega er hægt að hugsa sér meiri vöxt verðbólgunnar en hefur átt sér stað hér á landi. Spurningin er ekki sú, hvort algerlega hafi tekizt að fyrirbyggja áframhaldandi vöxt verðbólgunnar með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í peningamálum, heldur hitt, hvort ekki megi færa líkur að því, að vöxtur verðbólgunnar hefði orðið meiri, ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar, en því hefur hæstv. viðskmrh. þegar leitt ýtarleg rök að, svo að ég sé ekki ástæðu til að ræða það frekar út af fyrir sig.

Því hefur mjög verið haldið fram s. l. ár af hv. 1. flm. þessarar till. og fleiri skoðanabræðrum hans, að svo og svo mikið af því sparifé, sem myndazt hefur hér á landi, hafi ekki verið notað. Hæstv. viðskmrh. gerði því máli einnig skil og sýndi fram á, að þetta stenzt engan veginn. Allt sparifé, sem hér hefur myndazt, hefur verið notað, og ég sé ekki ástæðu til þess að eyða fleiri orðum um það, en vil aðeins bæta því við, að ef hv. stjórnarandstæðingar tækju þetta sjálfir alvarlega, væri mikið ósamræmi í þeirri afstöðu þeirra, sem þó hefur komið fram að undanförnu, þegar hvað eftir annað hafa verið lögð fram hér á hv. Alþ. frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka erlend lán. Að því er ég bezt veit, hafa þessar heimildir yfirleitt verið samþ. einróma. Ef það væri hins vegar þannig, að Íslendingar notuðu ekki nema að takmörkuðu leyti það sparifé, sem myndast í landinu, væri það auðvitað algerlega fráleitt og nánast ábyrgðarleysi að vera að taka erlend lán, jafnhliða því sem innlent sparifé væri ekki notað.

En í þessu efni hafa hv. stjórnarandstæðingar yfirleitt ekki verið sjálfum sér samkvæmir. Það er ekki efi á því, að ef farið hefði verið að ráðum hv. stjórnarandstæðinga um það að afnema allar hömlur í peningamálum, sem hafa verið settar, hefði enginn vandi verið með því leystur, heldur þvert á móti hefði verðbólgan hlotið að aukast mjög verulega, því að það verður að hafa hugfast í þessu sambandi, þó að einstaklingar kvarti að vísu um lánsfjárskort, að það er ekki lánsfjárskortur, sem hindrar það, að framkvæmdir hér á landi eru e. t. v. ekki eins miklar og æskilegt væri. Það er annað, sem þar strandar á, nefnilega vinnuaflsskorturinn, og svo lengi sem því er haldið fram og vissulega að nokkru með réttu, að vinnudagur almennings hér á landi sé of langur, gefur það auga leið, að áhrif þess að auka framboð lánsfjár eða réttara sagt auka framboð gjaldmiðils, mundu eingöngu verða örari verðbólguþróun, en ekki skapa skilyrði fyrir neinum auknum framkvæmdum.

Að síðustu vildi ég aðeins minnast á þessi margumtöluðu lánsfjárhöft. Ég hef víst einhvern tíma áður sagt það við svipað tækifæri, að „lánsfjárhöft“ er orð, sem ég álít að ætti að hverfa úr íslenzku máli, því að ég hef aldrei getað skilið það, að nein skynsamleg hugsun liggi því orði að baki. Það er út af fyrir sig rétt, að eftirspurn eftir lánsfé er meiri en framboð. En þannig hlýtur bara alltaf að verða, svo lengi sem um verðbólguþróun er að ræða. Ef menn búast við síhækkandi verðlagi, leiðir af því, að allir vilja taka lán. Þeir sjá fram á það, að rýrnandi gildi höfuðstólsins leiði til þess, að jafnvel þó að nafnvextir séu háir, hagnast menn á slíkum lántökum, en að sama skapi verða menn ófúsir á að lána. En meðan þetta ástand helzt, mundi það aðeins verða til þess að hella olíu í eld að auka gjaldmiðilsframboðið. Það mundi leiða til enn meira misræmis milli eftirspurnar og framboðs eftir lánum. Ef leggja á þá merkingu í orðið höft, sem venjulega er gert, eins og þegar við tölum t. d. um innflutningshöft, fjárfestingarhöft o. s. frv., þá eigum við að jafnaði við það, að það þurfi að skammta þau gæði, sem um er að ræða. Innflutningshöft þýða það, að það verður að skammta gjaldeyri. Nú er það einnig svo um útlánin, að ef eftirspurn er meiri en framboð, verður auðvitað að skammta lánin, og það hefur verið gert. En ef það er þessi merking, sem liggur í orðinu lánsfjárhöft, mundu þau úrræði, sem hér er um að ræða, skapa nauðsyn á því, að þessi höft yrðu að vera strangari en þau áður voru. Ef það á að auka peningaveltuna og jafnhliða lækka vexti, sem virðist ein helzta hugmynd hv. stjórnarandstæðinga um úrræði í efnahagsmálum, sem þurfi að grípa til, gefur það auga leið, að aukin verðbólga, sem af því leiddi, mundi auðvitað auka eftirspurnina eftir lánum, og ekki er líklegt, að menn yrðu fúsari til að spara, ef menn fengju lægri vexti af sparifé sínu en þeir áður hafa fengið. Það gefur því að mínu áliti auga leið, að það misræmi milli framboðs og eftirspurnar eftir lánsfé, sem er orsök lánsfjárhaftanna, ef leggja á venjulega merkingu í það orð, mundi aukast, en ekki minnka, svo að þá yrði að herða á lánsfjárhöftunum, hvað þá að hægt væri að slaka á þeim.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Tveir prófessorar, að vísu annar fyrrv. og hinn núv., í viðskiptafræðum hafa sýnt þessari till. þann sóma að gera hana að sérstöku

umtalsefni. Mér finnst nú rétt þeirra vegna, þeim til afsökunar og réttlætingar, að gera grein fyrir því, að þeir túlka þessi mál, sem betur fer, talsvert öðruvísi uppi í háskóla en þeir gera hér á Alþ. Mér er sagt, að þegar þeir eru að kenna viðskiptafræði og rekstrarfræði fyrirtækja uppi í háskóla, telji þeir það meginskilyrði, til þess að rekstur fyrirtækis sé heilbrigður, að það hafi aðgang að nægilegu lánsfé. Hér á Alþ. standa þeir hins vegar upp til þess að verja þá mestu lánsfjárkreppu, sem hefur verið sköpuð á Íslandi.

Ég hélt nú satt að segja, að þegar hæstv. viðskmrh. byrjaði ræðu sína, væri hann staddur í útlöndum og væri að ræða um ástandið eins og það væri í því landi, en ekki hér heima á Íslandi. Ráðh. komst sem sagt að þeirri niðurstöðu, að það væri enginn lánsfjárskortur hér á Íslandi, það væri bara mesti misskilningur og rangindi að halda því fram, að hér væri nokkur lánsfjárskortur hjá fyrirtækjum. Ég ætla nú ekki að deila mikið um þetta við hæstv. ráðh. Við stöndum að því leyti báðir jafnt að vígi, að hvorugur okkar rekur fyrirtæki, og þess vegna getum við ekki talað af reynslu. Við skulum skírskota til þeirra manna, sem geta talað um þessi mál af reynslu. Hvað segja þeir? Hvað segja iðnrekendur í dag? Segja þeir, að það sé enginn lánsfjárskortur? Hvað segja útvegsmenn í dag? Segja þeir, að þeirra atvinnugrein búi við engan lánsfjárskort? Hvað segja hraðfrystihúsaeigendur? Segja þeir, að þeirra fyrirtæki búi ekki við neinn lánsfjárskort? Hvað segja bændur? Segja þeir, að þeirra fyrirtæki og þeir sjálfir búi ekki við neinn lánsfjárskort? Ég held, að þó að hæstv. ráðh. gengi fyrir forustumenn þeirra stétta, sem ég nú nefndi, og reyndi í flokksnafni og vegna ríkisstj. að fá þá til að gefa yfirlýsingar um það, að atvinnurekstur þeirra byggi ekki við lánsfjárskort, mundi hann ekki geta fengið þessar yfirlýsingar. Ég held, að það sé nokkurn veginn sameiginlegt álit þessara manna, að viðkomandi atvinnuvegir hafi sjaldan eða aldrei búið við verri aðstöðu í þessum efnum en einmitt nú. Og hvað er það, sem menn hafa verið að kynnast í landinu á undanförnum árum, sem er eiginlega alveg nýtt í sögunni um margra ára skeið? Það er það, að fjöldi rótgróinna fyrirtækja er í vanskilum, getur ekki oft og tíðum borgað smáreikninga, sem komið er með til þeirra. Því hefur verið hampað mjög af stjórnarsinnum með gleðitón í röddinni, eins og hæstv. forsrh., að það væri nú svona komið hjá sumum fyrirtækjum samvinnumanna. En ég held, að það nákvæmlega sama eigi sér stað hjá mörgum fyrirtækjum einkarekstrarmanna í landinu í dag. Og meira að segja hjá því bæjarfélagi í landinu, sem er langsamlega bezt statt, Reykjavíkurborg, þá er svo komið, að þar eru stórfelldar biðraðir í hvert skipti, sem útborganir þar eiga að fara fram, og oft og tíðum, sem bærinn hefur orðið að vísa mönnum frá, án þess að þeir hafi getað fengið sína reikninga borgaða.

Það er hægt að halda því fram, að kannske ástandið í Bandaríkjunum eða Júgóslavíu sé þannig, að það sé ekki lánsfjárskortur, ég skal ekki deila um það við hæstv. ráðh. En það er algerlega útilokað að halda því fram, ef það á að gera það af einhverri þekkingu, að það sé ekki lánsfjárskortur á Íslandi. Lánsfjárskortur fyrirtækja á Íslandi er meiri í dag og stórkostlegri en hann hefur verið um langt skeið, og það er að gerast hér á landi, að fjöldi manna, sem vilja standa í skilum, hafa í raun og veru möguleika til þess að standa í skilum, fá ekki þá fyrirgreiðslu hjá bönkunum, sem þeir eiga rétt á, og verða þess vegna vanskilamenn. Ríkisstj. framfylgir þeirri stefnu í efnahagsmálum, að hún er að gera atvinnurekendurna að vanskilamönnum með því að framfylgja rangri stjórnarstefnu. Þess vegna er ég alveg hissa á því, að sá maður, sem á að stjórna efnahagsmálunum í landinu, sjálfur viðskmrh., skuli koma hér upp og halda fram annarri eins fjarstæðu og þeirri, að það sé enginn lánsfjárskortur hjá fyrirtækjum í landinu. Ég held, að einkennilegri yfirlýsing úr munni ráðh. hafi sennilega aldrei verið gefin hér á Alþ. Ég held, að það sé einsdæmi, að ráðh. hafi talað af slíkri fáfræði um efnahagsmál í landinu og henti hæstv. viðskmrh. hér áðan.

Viðskmrh. hélt því fram, að ég hefði farið með rangar tölur. Hann gerði ekki minnstu tilraun til að hnekkja þeim tölum, sem ég kom með, vegna þess að þær styðjast við þær tölur, sem Seðlabankinn gefur sjálfur upp í Fjármálatíðindum. Ég held því fram, að samkv. þeim tölum, sem eru birtar í Fjármálatíðindum, hafi útlán banka og sparisjóða ekki verið nema 111% meiri í síðustu árslok en þau voru í árslok 1959, ég segi 111%. Og ég skora á hæstv. viðskmrh. að hnekkja þessu. En ég held því jafnframt fram af þeim gögnum, sem fyrir liggja, — ég skal játa að það eru meiri áætlunartölur, — að heildarrekstrarkostnaður fyrirtækja í landinu á þessum tíma hafi alltaf aukizt um 160—170%. Og ég held, að það geti hver og einn, sem hefur sæmilega skynsemi, gert sér grein fyrir því, að þetta hlýtur að hafa leitt til þess, að stórkostlegur lánsfjárskortur hjá fyrirtækjum hefur skapazt í landinu á þessum tíma, og jafnframt, að menn geti gert sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar það hafi haft. Það má vel vera, að það hafi einhver breyting orðið á þessu allra síðustu mánuðina. En það breytir samt ekki þessum niðurstöðum eða þeim tölum, sem ég fór með hér áðan. Og það breytir ekki heldur þeirri staðreynd, þó að einhver aukning hafi átt sér stað á útlánum bankanna seinustu mánuðina, að lánsfjárskorturinn er tilfinnanlegri í dag hjá fyrirtækjum en hann hefur nokkru sinni áður verið. Um það tala bezt vanskilin, sem menn eru að reka sig á hjá fyrirtækj-

unum hvað eftir annað nú seinustu dagana og ekki hvað síst hjá sjálfri Reykjavíkurborg, sem ætti þó allra fyrirtækja helzt að geta staðið í skilum. En það er m. a. vegna þess, að Reykjavíkurborg hefur ekki fengið þá fyrirgreiðslu hjá bankastofnunum, sem hún á rétt á. Og sama gildir um fjölmörg önnur bæjarfyrirtæki. Þau eru líka í vanskilum af þessum ástæðum. Og þó eru kannske vanskilin enn þá meiri hjá mörgum atvinnufyrirtækjum einmitt af þessum ástæðum, — atvinnufyrirtækjum, sem eru sterk og gróin í raun og veru, en fá ekki þá fyrirgreiðslu frá bönkunum, sem þau þurfa til þess að geta innt daglegar greiðslur af hendi.

Það er alveg ómótmælanlegt, að sú efnahagsstefna, sem ríkisstj. hefur fylgt síðan 1959, að hún kom til valda, hefur orsakað alveg stórkostlegan lánsfjárskort hjá atvinnufyrirtækjum í landinu. Og það er líka jafnvíst, að þetta er meginástæðan til þess, að framleiðniaukning hefur orðið minni á Íslandi á þessu tímabili en hún hefur orðið í nálægum löndum á sama tíma. Þetta kemur glöggt fram í þeirri skýrslu, sem Efnahagsstofnunin hefur sent hagráði, því að þar er tekið fram, að sá mikli hagvöxtur, sem hér hefur orðið á undanförnum árum, sé fyrst og fremst að þakka mikilli síldveiði og hækkandi útflutningsverði, en stafi ekki af því, að framleiðniaukning hafi orðið hjá fyrirtækjunum eða atvinnuvegunum í landinu, heldur sé það eitthvert mesta alvörumál, hvað þessi framleiðniaukning hafi verið lítil, og þess vegna þurfi að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að auka hana á næstu árum. Og ég held, að það sé einhver þyngsti áfellisdómur, sem hægt er að fella um nokkra stjórn, sem býr við hið mesta góðæri, sem nokkru sinni hefur yfir þetta land komið, að á þeim tíma skuli það gerast, að framleiðniaukning sé tiltölulega minni en í öðrum löndum á sama tíma. Þetta er m. a. vegna þess, — að sjálfsögðu eru það fleiri ástæður, sem valda þessu, — en ein meginástæðan er einmitt sá lánsfjárskortur, sem hefur verið skapaður af ríkisstj. og Seðlabankanum á undanförnum árum.

Ég vil aðeins minna í þessu sambandi á grein, sem einn fremsti útgerðarmaður og atvinnuhöldur landsins, Haraldur Böðvarsson, skrifaði í Morgunblaðið á s. l. vetri. Hann sýndi þar fram á með glöggum dæmum, að t. d. frystihúsin hefðu ekki fengið fyrirgreiðslu í bönkunum til þess að geta komið á nauðsynlegri hagræðingu í sinni starfsemi. Og hann fullyrti, að ef hraðfrystihúsin hefðu fengið þá fyrirgreiðslu, sem hefði þurft í þessum efnum, væri með aukinni hagræðingu hægt að koma a. m. k. starfsemi sumra þeirra í það horf, að þau þyrftu ekki á neinum uppbótum né aðstoð hins opinbera að halda. En þessari hagræðingu hjá atvinnufyrirtækjunum hefur verið haldið niðri af hæstv. ríkisstj. að mjög verulegu leyti með lánsfjárskortinum, sem hún hefur verið að skapa á undanförnum árum. En sú tölulega staðreynd er þessi, — ég skal víkja að henni aftur, vegna þess að hæstv. viðskmrh. gat ekki neitt hrundið henni, — að síðan í árslok 1959 til 1965 hafa endurkaup Seðlabankans á víxlum ekki aukizt nema um 36%, á sama tíma og rekstrarkostnaður fyrirtækja hefur alltaf aukizt um 160—170%. En hjá viðskiptabönkunum hafa útlánin aðeins aukizt um 111%. Þessar tölur eru óhagganlegar, og þær sýna það svart á hvítu, að efnahagsmálastefnan, sem hefur verið fylgt á undanförnum árum, hefur skapað stórkostlegan lánsfjárskort í landinu og valdið því, að framleiðni hefur ekki aukizt eins og skyldi og þurft hefði að vera og hefði getað átt sér stað vegna hins mikla góðæris, ef rétt hefði verið á þessum málum haldið.

Í þessu er fólginn einn þyngsti áfellisdómurinn um núv. ríkisstj., að hún skuli hafa haldið þannig á þessum málum. Og því hörmulegra er þetta, þar sem það er beint tekið fram í lögum um Seðlabankann, í lögum, sem þessir menn, sem í ríkisstj. eiga sæti, hafa samþ. og þeirra fylgismenn á Alþ., er það beinlínis tekið fram, að það skuli vera eitt hans meginverkefni að tryggja það, að fyrirtækin búi ekki við lánsfjárskort, að framkvæmdageta atvinnuveganna og framleiðslugeta notist á sem hagkvæmastan hátt. Þetta ákvæði Seðlabankalaganna hefur verið alveg þverbrotið með þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem hefur verið fylgt hér á landi á undanförnum árum. Það verður ekki með neinu móti borið á móti því.

Ég held, að ég komist ekki hjá því að minnast, þó að það snerti ekki beinlínis þetta mál, á þá fullyrðingu hæstv. viðskmrh., því að það sýnir, hvaða fjarstæður hann leyfir sér að viðhafa í þessum efnum, þegar hann segir, að það sé ekki rétt, að fjármagnið hafi ekki verið notað á hagkvæman og skynsamlegan hátt í landinu á undanförnum árum, þetta sjáist bezt á því, að það hafi verið nóg atvinna í landinu, vinnuaflið notað alveg til fulls. En er nú hæstv. viðskmrh. ekki meiri hagfræðingur en það, að hann haldi, að það sé einhver trygging þess, að fjármagnið sé notað til hinna réttustu framkvæmda, þó að það sé næg atvinna í landinu? Það má vissulega nota vinnuaflið til þess að vinna margar hinar óhagkvæmustu framkvæmdir alveg eins og nytsamar, ef engin stjórn er á þessum málum höfð. En það virðist vera líka skoðun þess hv. viðskiptafræðiprófessors, sem talaði hér líka, að þessu sé þannig varið, að það sé nóg, ef haldið sé uppi nægri atvinnu í landinu með einhverjum hætti, þá tryggi það, að fjármagninu sé beint til þeirra framkvæmda, sem mikilvægastar og nauðsynlegastar séu. Þetta kom fram í því, að sá hv. þm. virtist ekki hafa neina hugmynd eða skilning á því, hver hin svokallaða „hin leið" væri. „Hin leiðin" er einmitt fólgin í því að reyna að skipuleggja framkvæmdirnar þannig, að það séu þær

nauðsynlegu, sem gangi fyrir, en þær, sem eru minna nauðsynlegar, verði látnar mæta afgangi. Af þessum sömu ástæðum er það alger fjarstæða hjá honum, að þó að lánsfé til fyrirtækja væri aukið upp í það, sem eðlilegt sé, þurfi það að verða til þess að skapa aukna verðbólgu í landinu. Þetta þarf ekki að verða til þess að skapa aukna verðbólgu í landinu, ef jafnframt eru gerðar ráðstafanir til að halda í skefjum þeim framkvæmdum, sem ónauðsynlegri væru taldar. Það verður jafnframt að sjálfsögðu að fylgja, og það er augljóst mál, að það er útilokað að hafa taumhald á verðbólgunni, nema þetta sé gert. En ef það er gert, er fullkomlega viðráðanlegt að auka lánsfé til fyrirtækja, svo að þörfum þeirra sé fullnægt, án þess að það eigi sér stað nokkur verðbólguaukning í landinu. Þetta held ég, að þessir hv. hagfræðingar ættu að geta skilið, og það má vel vera, að þeir skildu þetta betur, ef þeir færu að rifja upp sín gömlu fræði og sín gömlu skrif, t. d. hagfræðingaálitið svokallaða, sem þeir sömdu 1946. Það mætti segja mér, að ef þeir færu að lesa það, sem þeir hafa þar sagt, gerðu þeir sér fulla grein fyrir því, að þetta er engin fjarstæða, sem ég er nú að halda fram, heldur sennilega mjög líkt því, sem þeir sjálfir hafa haldið fram á þeim tíma.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þetta öllu lengra að sinni, en ég vildi að lokum vænta þess, að þessar umr. yrðu til þess, að hæstv. viðskmrh. kæmist heim aftur og sæi í raun og veru, hvernig ástandið á Íslandi er, og þá mundi hann áreiðanlega sannfærast um það, að atvinnufyrirtækin hér á landi búa nú við mikinn og óeðlilegan lánsfjárskort.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér heyrðist á ræðu hv. þm., að hann mundi vera að hugsa um að láta einhvern af sínum undirmönnum við blað sitt, Tímann, setja um það fyrirsögn í blaðið á morgun, að nú hefði fyrrv. prófessor í hagfræði við háskólann og núv. viðskmrh. gert sig að algeru viðundri á Alþ. með því að halda því fram, að á Íslandi væri enginn lánfjárskortur. Það verður gaman fyrir lesendur Tímans að sjá í fyrramálið, hvernig blaðið stenzt þessa samvizkuraun, því að allir hv. þm., aðrir en sá, sem var að tala, hljóta að hafa heyrt, að ég sagði ekki í ræðu minni orð um það, að hér á Íslandi væri ekki lánsfjárskortur. Það, sem ég var að andmæla, var setning í framsöguræðu hans, setning í grg. hans og setning, sem hann endurtók í ræðu sinni núna, að hér væri lánsfjárskortur skapaður af Seðlabankanum, bankakerfinu og stefnu ríkisstj. Hann var að fullyrða, að Seðlabankinn og bankakerfið og yfirstjórn peningamálanna hafi skapað lánsfjárskort á Íslandi. Það var þetta, sem ég var að andmæla og taldi mig sýna fram á með fullum rökum, sem ég nenni ekki að endurtaka, að þessi staðhæfing er algerlega út í bláinn. Hvernig er hægt að segja, að Seðlabankinn eða bankakerfið skapi lánsfjárskort, þegar ég nefndi tölur um, að á síðustu 12 mánuðum hefur útlánaaukning bankakerfisins verið 1716 millj. kr., aukizt um 23%, og útlánaaukningin er helmingi meiri en hún var á 12 mánuðum áður, og svo í öðru lagi, þegar útlánaaukningin er ekki aðeins öll sparifjáraukningin, heldur 500 millj. kr. meiri en sparifjáraukningin, og þegar ég í þriðja lagi sýndi fram á, að allar höfuðatvinnugreinar landsmanna hafa fengið í hendur sínar úr sameiginlega bankakerfinu hlutfallslega meiri útlánaaukningu en nemur hækkun framfærsluvísitölunnar? Ég hélt, að það ætti ekki að þurfa að segja þessa hluti oft, til þess að menn skildu kjarna þeirra. Það er fjarstæða að tala um, að Seðlabankinn og bankakerfið stuðli að lánsfjárskorti, þegar þeir lána út ekki aðeins allt fé, sem þeir fá til útlána, heldur 500 millj. kr. meira, og þegar þessi útlánaaukning er mun meiri en aukning verðlagsins á sama tíma.

Um notkun hv. þm. á orðinu lánsfjárskortur hafði raunar hv. þm. Ólafur Björnsson rætt í ræðu sinni, svo að ég sé ekki ástæðu til að ræða það frekar. Þó vildi ég aðeins benda á, að lánsfjárskortur frá sjónarmiði lántakenda og lánbeiðenda hlýtur auðvitað að miðast við þeirra fyrirætlanir. Ef menn hafa mikið í huga, ef framkvæmdahugur er mikill, er auðvitað mjög vel hugsanlegt, að ekki séu tök á því fyrir þá menn að fá allt það fjármagn, sem þeir óska eftir, án þess beinlínis að frá almennu sjónarmiði sé hægt að tala um lánsfjárskort. Það getur verið um lánsfjárskort að ræða frá lánbeiðendanna hálfu. En það vildi ég benda á, að það er ekki mjög gott samræmi í því hjá hv. þm. að vera stöðugt að undirstrika þennan, eins og mætti segja, „subjektíva“ lánsfjárskort lánbeiðendanna annars vegar og svo hitt, að allt sé að fara í kaldakol hins vegar. Venjulega er ekki sérlega mikill framkvæmdahugur í mönnum, ef horfur í atvinnulífinu eru afskaplega dökkar og allt er að fara í kaldakol. Þá draga menn yfirleitt saman seglin. Þá hafa menn ekki trú á framtíðinni. Þá er ekki framkvæmdahugur í mönnum. En ef hann leggur sérstaka áherzlu á að segja, að framkvæmdahugur í mönnum almennt séð sé svo mikill, að því fari víðs fjarri, að menn eigi kost á nægilegu lánsfé til sinna framkvæmda, er það í ósamræmi við hina staðreyndina, sem hann hampar í öðrum ræðum og í öðrum greinum, að hér sé allt í kaldakoli. Hitt er rétt, að hér hefur verið mikið góðæri undanfarið og þess vegna mikill framkvæmdahugur í mönnum, stundum meiri framkvæmdahugur en svo, að hægt hafi verið að fullnægja eftirspurn eftir lánsfé með heilbrigðum hætti, þ. e. sparifjármyndun hafi verið nægileg til að fullnægja óskum allra þeirra, sem vegna bjartsýni, sem vegna góðra tíma hafa viljað leggja í nýjar framkvæmdir.

Hin meginástæða mikillar eftirspurnar eftir lánsfé er svo sú verðbólga, sem við eigum við að búa. Það eru víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, sem því miður hefur ekki tekizt að koma í veg fyrir. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þegar verðbólga er og kaupgjald og verðlag hækkar á víxl, er ábatasamlegt að festa fé með lánsfé. Þá er ábatasamlegt að fá lánsfé hjá bönkum og lánastofnunum til þess að festa í fasteignum og birgðum ýmiss konar. Þess vegna er mjög hætt við því einmitt á verðbólgutimum, — þetta er fyrirbæri, sem allir þekkja, — að eftirspurn eftir lánsfé sé mun meiri en eðlilegt framboð á lánsfé. Þess vegna er lánsfjárskortur einn af fylgifiskum verðbólgu.

Jafnljóst og mér er það, að hér er um verðbólgu að ræða, því miður, og hefur verið allar götur síðan á stríðsárunum, er mér ljóst, að hér er lánsfjárskortur. Það hefur aldrei hvarflað að mér að segja eitt einasta orð í þá átt, að hér væri ekki lánsfjárskortur, af því að mér er jafnljóst og öðrum, sem um þessi mál hugsa og á þessum málum vonast til að hafa einhverja þekkingu, að verðbólgu fylgir alltaf lánsfjárskortur. Það er eitt af eðliseinkennum verðbólgunnar. Sá maður, sem skilur eðli verðbólgu, orsakir hennar og afleiðingar, gerir sér ljóst, að samfara henni hlýtur að vera lánsfjárskortur.

Eftir þetta verð ég enn forvitnari að vita, hvað hv. þm. lætur undirmenn sína við Tímann segja um þessi ræðuhöld á morgun. Að allra síðustu vildi ég bæta því við, að hann vonaði, að ég áttaði mig vel á því, hvernig ástandið væri hér, fyrst ég væri á annað borð kominn heim. En ég vildi aðeins bæta því við í því sambandi, að ég hef verið skemur utanlands á þessu ári en hann sjálfur.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur hv. 1. flm. þessarar till. við sína hálærðu andmælendur. Mér sýnist, að hann hafi í fullu tré við þá, og sé ekki ástæðu til að skipta mér af því. En það eru nokkur atriði, sem fram komu í fyrri ræðu hæstv. viðskmrh. og nokkuð var vikið að í ræðu hv. 8. þm. Reykv., Ólafs Björnssonar, sem mig langaði til að gera aths. við.

Hæstv. viðskmrh. tók sér fyrir hendur að skýra fyrir okkur efnahagsreikninga Seðlabankans með ákaflega einföldum hætti. Ég er honum í rauninni ákaflega þakklátur fyrir þetta, vegna þess að fram til þessa hefur mér oft fundizt, að hann og kollegar hans töluðu um þessi mál með þeim hætti og því orðbragði, sem hæfði helzt prófessorum í hagfræði. Nú ræddi hæstv. viðskmrh. þetta með nokkuð einfaldara hætti, og ég vona, að það mætti verða framhald á því, að menn ræddu um þessa hluti, eins og þeir eru, með orðalagi, sem fólk getur skilið. En gallinn er bara sá, að hæstv. viðskmrh. gekk einum of langt í að gera hlutina einfalda, og það, sem hann sagði, var þess vegna ekki alveg rétt.

Ef litið er á efnahagsreikninga Seðlabankans, sem birtast í Fjármálatíðindum núna, síðasta hefti, á bls. 78—79, og ná yfir árslokin 1964—1965 og mánaðalokin á þessu ári, sjá menn, að tveir stærstu liðirnir af ráðstöfunarfé Seðlabankans eru, eins og hæstv. ráðh. gat um, andvirði seðlaveltunnar, sem er um 1000 millj. kr., og bundna sparifé eða innistæður lánastofnana, sem að mestu leyti eða um 90% er bundið fé. Af eignaliðum eru helztir afurðavíxlarnir, sem nema um það bil 1000 millj., og gjaldeyrisstaðan, sem er ekki yfir 2000 millj., heldur um 1800 millj. *í lok júnímánaðar, vegna þess að í því að einfalda dæmi sitt gekk hæstv. ráðh. svo langt að draga ekki erlendar skuldir frá erlendum eignum bankanna og var þess vegna ekki að tala um hreina gjaldeyriseign.* Ef við hins vegar lítum á hreina gjaldeyriseign og blöðum í þessu sama hefti Fjármálatíðinda aftur á bls. 63—64, sjáum við, hvernig gjaldeyrisstaðan hefur þróazt frá árslokum 1956, og við sjáum á bls. 76, hvernig staða bankanna hefur þróazt, og við sjáum líka, hvernig seðlaveltan hefur þróazt og hvernig endurkeyptir víxlar hafa þróazt á þessu tímabili. Við komumst þá að þeirri niðurstöðu, að það er engin tilviljun, að seðlaveltan annars vegar og endurkeyptu víxlarnir hins vegar standast á, og í öðru lagi, að bundna fé og gjaldeyrisforðinn standast einnig á. Þetta hefur gerzt með sáralitlum sveiflum allan þann tíma, sem þessar skýrslur ná yfir. Það eru að vísu á þeim svolitlar sveiflur, vegna þess að aðrir eigna- og skuldaliðir Seðlabankans hreyfast lítið eitt, og er þar aðallega um að ræða stöðu ríkissjóðs, sem á sumum tímabilum seinustu ára hefur dregið á Seðlabankann með þeim hætti, að hann hefur ruglað eðlilega stöðu í þessu efni.

Ég vildi vekja athygli á þessu, vegna þess að mér finnst þetta vera atriði, sem menn eigi að taka eftir, og ég vil leiðrétta það, sem hæstv. ráðh. sagði, að ef þetta er sett upp á þann hátt, sem hann gerði, er ekki hægt að segja, að 400 millj. af eigin fé Seðlabankans standi á móti gjaldeyrissjóðnum, heldur eingöngu 100—200 millj. kr. núna og yfirleitt minna á því tímabili, sem þessir reikningar ná yfir.

Það kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv., sem talaði hér áðan, að við héldum því fram, framsóknarmenn, að sparifé landsmanna væri ekki notað. Auðvitað er það notað, ég veit ekki til þess, að neinn hafi haldið öðru fram. En fjórðungur af spariinnlánum bankanna, sem samkv. þessu sama blaði Fjármálatíðinda nema um 6500 millj. kr., fjórðungur þess fjár er ávaxtaður í útlöndum og kallaður gjaldeyrisforði. Engum hefur dottið í hug, að þetta fé væri ekki einhvern veginn ávaxtað. Nú skal ég ekki leggja neinn dóm á það, hvort það er eðlilegt að ávaxta svona mikið fé í útlöndum til þess að hafa gjaldeyris-

sjóð. Það er vissulega, þegar efnahagslífið er svo ótryggt og atvinnulífið eins og það er nú um þessar mundir, sízt ástæða til þess að draga úr því, að það þurfi að hafa nokkurn gjaldeyrissjóð. En hitt vil ég fullyrða, að það muni vera næsta sjaldgæft, að nær ekkert fé standi að baki gjaldeyrissjóðnum annað en bundið sparifé. Og ég vil líka láta í ljós þá skoðun mína, að þó að nauðsyn á gjaldeyrissjóði kunni að vera mikil, sé það mikið álag á þjóðina að hafa fjórðung af sparifé hennar í útlánum erlendis. Það kostar líka mikla peninga í vaxtamun, þegar á það er litið, að við erum á sama tíma að taka mikið af erlendum lánum.

Mergurinn málsins hér sýnist mér vera sá, að það skortir í rauninni í efnahagskerfi okkar eðlilegan fjárhagsgrundvöll fyrir gjaldeyrissjóðinn. Og þess vegna er talið, að ekki sé hægt að hafa hann öðruvísi en að binda spariféð á móti honum. Á þessu verður að mínum dómi að verða breyting. En sú breyting hefur ekki orðið, m. a. vegna þess, hvernig viðskiptum ríkissjóðs við Seðlabankann hefur verið háttað mörg undanfarin ár.

Ég ætlaði að ljúka þessum orðum með því að beina nokkrum spurningum til hæstv. viðskmrh., en ég sá, að hann skauzt einmitt í burtu, — ég veit ekki, hvort forseti mundi líða mér það, að ég biði andartak í von um, að hann kæmi til baka, eða léti athuga, hvort hann væri að koma aftur. — Ég hef haldið því fram í umr. um þessi efni, að það sé hin mesta nauðsyn fyrir okkur að geta með sérstökum útlánum stuðlað að því, að atvinnuvegirnir yrðu byggðir upp með betri tækjum, framleiðni þeirra aukin með bættri tækni og bættu skipulagi og bættri hagræðingu. Mikið af þeim lánum, sem veitt væru í þessu skyni, mundu að sjálfsögðu fara til gjaldeyriskaupa, og það er því alveg ljóst, að slík útlánaaukning mundi vera nokkur áraun á gjaldeyrissjóðinn. Ég hef gert ráð fyrir því, að slík lán yrðu að mestu nýtt til kaupa á vélum og tækjum, sem kæmu erlendis frá. Ráðh. sagði hér áðan, að minnkun gjaldeyrissjóðsins, ef í það yrði farið að minnka gjaldeyrissjóðinn, mundi verða mesti verðbólguvaldur, sem hér hefði sézt um áratugi, ef ég tók ekki mjög rangt eftir. (Gripið fram í.) Já, ég skal vera sammála ráðh. um það, að ég hef ekki lagt það til og mundi ekki leggja það til. En ég vildi gjarnan, að ráðh., sem virðist nú í dag svo fús til þess að halda yfir okkur kennslustundir, sýndi mér og öðrum hv. þm. fram á, hvað mikill verðbólguvaldur það yrði að auka útlán, sem aðallega kæmu fram sem eftirspurn eftir erlendri framleiðslu, og hann vildi kannske um leið bera það saman við þann verðbólguvald, sem við höfum fyrir augunum þessi árin, þegar tekin eru erlend lán, ekki eytt okkar eigin peningum, heldur tekin erlend lán til þess að setja inn á innlendan framkvæmdamarkað, samtímis því, eins og stundum hefur verið, að ríkissjóður er rekinn með hundruð millj. kr. greiðsluhalla. Það væri fróðlegt að fá líka einhverjar kennslustundir um þetta efni.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 13, n. 100 og 108).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar till. Efni hennar er ásökun á Seðlabankann um, að hann gegni ekki skyldu sinni samkv. Seðlabankalögunum, og áskorun á ríkisstj. um, að hún vandi um við hann fyrir þessa meintu vanrækslu, sem flm. telja að sé, að hann sjái ekki um hæfilegt lánsfé til atvinnuveganna, en hafi þó yfir nógu lánsfé að ráða, eins og látið er liggja að.

Mál þetta var rætt allýtarlega, áður en því var vísað til n., og kom mjög greinilega fram, að Seðlabankinn liggur ekki á neinu ónotuðu fé. Það var enn fremur upplýst, að á 12 síðustu mánuðunum, sem upplýsingar lágu fyrir um, nam útlánaaukning bankakerfisins yfir 1700 millj. kr., en innlánaaukning kerfisins á sama tíma rúmum 1200 millj. Útlánaaukningin hefur því farið nærri 500 millj. kr. fram úr sparifjáraukningunni. Ef hv. flm. telja, að hér hafi ekki verið nógu langt gengið, ættu þeir a. m. k. ekki í sömu andránni að vera að tala um verðbólgu. Það er of mikið ósamræmi í málflutningi til þess, að þeir geti verið þekktir fyrir það. Það væri að stíga á benzínið með öðrum fætinum, en hemlana með hinum. Það væri líka í ósamræmi við alla þekkingu á efnahagsmálum og í ósamræmi við þeirra eigin kenningar, þegar þeir báru sjálfir ábyrgð á stjórn landsins, og var þá beinlínis þeirra eigin afsökun á því, að þeir gátu ekki fullnægt lánsfjárþörfinni, og var það bagalegra þá en nú er.

Það var einnig upplýst við fyrri hluta umr., að öllu fjármagni Seðlabankans væri ráðstafað. Fjármagnið lægi allt annars vegar í gjaldeyrisvarasjóðnum og hins vegar í endurkeyptum afurðavíxlum. Auk þess að tryggja gjaldeyrisvarasjóðinn er innstæðubindingin, eins og nú standa sakir, eingöngu hagstjórnartæki til að tryggja það, að sparifé landsmanna gangi að miklu leyti til hinnar nauðsynlegustu framleiðslu. Hið sanna í málinu er því það, að lánastarfsemi Seðlabankans er ekki fyrst og fremst, heldur eingöngu miðuð við þarfir atvinnuveganna, og ásökun flm. till. í garð Seðlabankans er því vægast sagt óréttmæt. Þess vegna leggur meiri hl. n. til, að till. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Það er ákaflega auðvelt fyrir áróðursmenn að tala um lánsfjárskort. Lánsfjárskorturinn er illa skilgreint hugtak. Ef flm. eiga við,

að lánsfjáreftirspurninni sé ekki fullnægt, er það vissulega rétt hjá þeim. En lánsfjárþörfinni í þeim skilningi hefur aldrei verið fullnægt á Íslandi, a. m. k. ekki síðan nútíma uppbygging byrjaði hér á landi, nema þá kannske á stríðsárunum. Lánsfjárþörf í þessum skilningi er varla hægt að fullnægja hjá þjóð, sem brýzt úr kútnum á fáum áratugum, byggir upp atvinnulíf sitt og byggir óvenjulega góðar og vandaðar íbúðir yfir svo að segja alla þjóðina á skömmum tíma.

Uppbygging atvinnuveganna og efnahagsvöxtur íslenzku þjóðarinnar á skömmum tíma er átak, sem ekki getur átt sér stað án vaxtarverkja. Og sú uppbygging hefur aldrei verið hraðari en á stjórnarárum núv. ríkisstj. Á verðbólgutímum verður svo að vonum enn erfiðara að fullnægja lánsfjáreftirspurninni og þegar svo er komið, að vöntun er á vinnuafli, verður útlánastarfsemin vandasöm og getur orðið tvíeggjuð fyrir atvinnuvegina, ef ekki er rétt á haldið. Enda er svo fyrir mælt í Seðlabankal., að framboð lánsfjár skuli m. a. miða við það, að verðlag haldist stöðugt. Í gjaldeyrissjóðnum felst sparnaður, sem vissulega hefur hamlað verðbólgu, þó að ekki hafi verið komið í veg fyrir hana.

Það ber því allt að sama brunni með það, að starfsemi Seðlabankans er hagstjórnartæki, sem fyrst og fremst er miðuð við þarfir atvinnuveganna. Það er að vísu rétt, að það er vandratað meðalhófið um það að viðhalda nægri eftirspurn og fullri atvinnu annars vegar og föstu verðlagi hins vegar. Stjórn Seðlabankans og ríkisstj. verður hins vegar ekki ásökuð um það, að ekki hafi verið kappkostað að viðhalda fullri atvinnu og öllum atvinnutækjum í fullum gangi, eftir því sem vinnuafl hefur leyft. Vandi framleiðslunnar er hið háa verðlag innanlands.

Till. hv. flm. þessarar till. felur raunverulega í sér aukna seðlaprentun, eyðingu gjaldeyrisvarasjóðsins og aukna verðbólgu. Till., ef samþ. yrði, mundi því auka á vanda atvinnuveganna, en ekki leysa hann. Ásökunin, sem í till. felst, er því óréttmæt, og meiri hl. n. leggur til, að henni verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Um þáltill. þá, sem hér er til umr., á þskj. 13, hafa þegar farið fram talsverðar umr. hér á hv. Alþ. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka það í löngu máli, sem hér hefur verið sagt þessari till. til réttlætingar. Ég hygg, að þess gerist ekki þörf, það sé hv. þm. í fersku minni. Ég vil hins vegar með örfáum orðum gera grein fyrir gangi málsins í allshn. og afstöðu okkar, sem myndum minni hl. í þessu máli, og e. t. v. segja nokkur orð í tilefni af þeirri ræðu, sem hv. 1. landsk., frsm. meiri hl., hélt hér áðan.

Efni þessarar þáltill. er, eins og kom fram í hans máli, það, að skorað sé á ríkisstj. að hlutazt til um, að Seðlabankinn kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í l., að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, eins og þar segir, „að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt". Um þetta gátum við ekki orðið sammála í hv. allshn. Meiri hl. hennar sá ekki ástæðu til að álykta neitt um það, að atvinnuvegunum yrði tryggt hæfilegt lánsfjármagn, til þess að framleiðslugeta þeirra yrði hagnýtt eins og bezt yrði á kosið, en við, sem myndum minni hl., töldum fulla þörf á því og lögðum þess vegna til, að till. yrði samþ.

Ástæðurnar til þess, að við í minni hl. erum samþykkir þessari till., eru aðallega tvær, og er sú fyrri vissulega veigameiri, en hún er sú, að atvinnuvegirnir búa við mjög mikinn lánsfjárskort, bæði að því er snertir rekstrarlán og ekki sízt að því er snertir fjárfestingarlán til þess að byggja upp sína starfsemi og koma við frekari hagnýtingu í sínum rekstri en til þessa hefur verið mögulegt. Ég hygg, að enginn, sem þekkir til atvinnurekstrar í íslenzku þjóðfélagi nú í dag, treysti sér til að bera á móti því, að lánsfjárskorturinn sé þar fyrir hendi. Ég held, að hv. meiri hl. sé mjög liðfár í þeirri fullyrðingu sinni að halda því fram, að aukið fjármagn til atvinnuveganna sé fallið til þess frekar að auka vanda þeirra heldur en leysa. Ég hygg a. m. k., að meiri hl. eigi mjög fáa samherja í hópi atvinnurekenda um þessa fullyrðingu. Ef ástæða þætti til, væri vafalaust hægt að leiða vitni því til sönnunar, að svona sé ástatt. Það hefur oft verið gert hér úr þessum ræðustóli, og ég ætla, með því að liðið er á fundartímann, að leiða það hjá mér að þessu sinni. En það þarf áreiðanlega ekki langt að leita. Ég hygg, að það þurfi ekki að leita út fyrir þennan sal til þess að finna forvígismenn atvinnuveganna, sem hafa haldið þessu sama fram.

Ef horft er til atvinnuveganna og þeir nefndir í örstuttu máli hver fyrir sig, hygg ég, að það sé alls staðar það sama, sem fyrst og fremst er haft uppi, þegar rekstrarvandamál atvinnuveganna eru rædd. Það er fjármagnsskorturinn. Ég held, að útvegsmenn hafi látið í það skína. Ég hygg, að forstöðumenn hraðfrystiiðnaðarins muni hafa sömu sögu að segja. Ég held, að iðnaðarmenn og forsvarsmenn þeirrar atvinnugreinar hafi þráfaldlega bent á þessa staðreynd. Og ég hygg, að forustumenn landbúnaðarins hafi líka látið það uppi sem eina af aðalástæðunum fyrir rekstrarörðugleikunum, það sé rekstrarfjár- og lánsfjárskorturinn. Þess vegna tel ég, að það sé fyllilega réttmætt, sem segir í þessari till., að það sé þörf á því að gera ráðstafanir til þess að tryggja atvinnuvegunum meira fjármagn. Það má vel vera, að einhver segi, að það sé ekki hægt. En á hverju höfum við þá ráð, Íslendingar, ef við höfum ekki ráð á því að reka undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar? Á hverju ætla Íslendingar þá

að lifa, þegar búið er að slá því föstu, að það sé ekki til meira fjármagn handa atvinnuvegunum, vegna þess að það þurfi að nota það í annað? Ég held, að það væri hyggilegt og ráðlegt fyrir þá, sem vilja ýta þessu vandamáli frá sér með einhvers konar rökstuddum dagskrám, að íhuga þessa spurningu.

Það eru fleiri ráðstafanir en sparifjárbindingin ein, sem torvelda viðskiptabönkunum að láta í té þá þjónustu, sem viðskiptamennirnir þurfa á að halda. Það hefur oft verið rakið hér, og ég skal ekki eyða löngum tíma í það. En það er alveg áreiðanlegt, að einhverju af því, sem gert er, verður fyrr að hætta heldur en að neita undirstöðuatvinnuvegunum um nauðsynlegt fjármagn.

Það er sagt, að verðbólgunni sé haldið niðri með þessu margnefnda hagstjórnartæki, sparifjárbindingunni. En hvernig hefur það tekizt? Er þörf á því í þessum umr. að fara að rekja þróun verðbólgunnar á Íslandi undanfarin ár? Það hefur oft verið gert, og ég held, að það sé óþarft að gera það einu sinni enn. En það er eitt, sem er áreiðanlega víst, að hafi það verið megintilgangurinn með þessari ráðstöfun, þá hefur hann mistekizt.

Hv. frsm. meiri hl. velti því fyrir sér hér áðan, hvað væri raunverulega lánsfjárskortur, og mér fannst, að hann vildi skilgreina það hugtak nánast þannig, að lánsfjárskortur væri í öllum tilfellum, þegar ekki væri hægt að fullnægja eftirspurn eftir fjármagni. Ég get vel fallizt á það með honum, að það verði seint, sem sálin prestanna fyllist að þessu leyti, og það muni lengi verða meiri eftirspurn eftir fjármagni en framboðið hér. En á þessu er náttúrlega reginmunur frá því, sem ástandið er hjá okkur í dag. Það er reginmunur á því, hvort fólk getur fengið lánsfé til allra þeirra hluta, sem því dettur í hug, og fólki mun lengi detta eitthvað í hug til þess að kaupa sér, ef það getur fengið fjármagn að láni, — á því er reginmunur frá því ástandi, sem nú er, þegar það er oft og einatt meginverkefni þeirra, sem reka atvinnurekstrinn og veita honum forstöðu, að bíða í bönkum og lánastofnunum eftir einhverri úrlausn. Á þessu er svo mikill munur, að ég tel algerlega ástæðulaust að eyða fleiri orðum að því að sanna það. Ég held því, að það sé ekki með neinu skynsamlegu móti hægt að halda því fram, að það sé ekki lánsfjárskortur í okkar þjóðfélagi í dag í þeirri merkingu, sem við báðir hljótum að leggja í það orð.

Það er alveg rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að útlánastarfsemi væri vandasöm. En ég tel, að það sé of langt gengið í því að létta þeim vanda af viðskiptabönkunum að taka það fjármagn, sem þeir ættu að geta haft til ráðstöfunar. Ef á annað borð er hægt að trúa mönnum til að reka banka, verður einnig að trúa þeim til að framkvæma sjálfum þetta val, sem þarna verður alltaf að fara fram, þegar fjármagnið er minna en eftirspurnin. Ef því, eins og ég vil segja, svo er ástatt, að framboð lánsfjár sé ekki nægilegt eða ekki hæfilegt, miðað við það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt, sem ég hef nú í eins stuttu máli og ég frekast treysti mér til reynt að leiða rök að, kemur hin spurningin, sem þessi till. vekur: Hvert á þá að snúa sér með óskir, — ekki ásakanir eða umvandanir, heldur óskir um það, að hægt sé að bæta úr þessu? Samkv. l. er það hlutverk Seðlabankans að vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Ég vil því segja, ef hv. alþm. í fyrsta lagi fallast á það, að rekstrarfjárskortur og lánsfjárskortur sé fyrir hendi í atvinnuvegum þjóðarinnar og þeir í öðru lagi vilja láta sig það einhverju skipta, hljóti þeir í þriðja lagi að draga þá ályktun, að það sé réttmætt að beina þessari ósk til Seðlabankans, að hann geri það, sem hann getur, til þess að bæta úr þessu ástandi.

Ég verð því að segja, að ég get ekki séð, að þessi till. sé óþörf eða ósanngjörn eða hún sé ranglát gagnvart Seðlabankanum. Þannig hef ég aldrei litið á hana, að hér væri um nokkra ásökun á hendur Seðlabankanum að ræða. Ég hef litið svo á, að það væri ríkisstj., sem réði stjórnarfarinu á Íslandi, en ekki starfsmenn Seðlabankans. Ef það er misskilningur hjá mér, mætti kannske fara að tala um einhverja ásökun á hendur Seðlabankanum. En frá minni hendi er þetta ekki þannig, heldur lít ég svo á, að hæstv. ríkisstj. sé húsbóndi á þjóðarheimilinu og það sé þess vegna hennar stefna, sem þurfi að endurskoða, og með hliðsjón af því hef ég lagt það til ásamt tveimur öðrum hv. þm., að þessi þáltill. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 100 samþ. með 19:16 atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins [12. mál] (A. 12).

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Sþ., 26. okt., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það mun hafa verið fyrir tæpum hálfum mánuði, að forsrh. birti hér í þinginu eins konar stefnuskrá af hálfu ríkisstj. Í þeim umr., sem fóru fram á eftir, játaði ráðh., að það væri nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna þriggja atvinnugreina, togaraútgerðarinnar, bátaútvegsins og frystihúsanna, vegna þess, hvernig afkomu þeirra væri komið. Ráðh. sleppti hins vegar að minnast á atvinnugrein, sem áreiðanlega býr við sízt betri afkomu um þessar mundir heldur en þessar þrjár, sem ég nú nefndi, en það er iðnaðurinn.

Hv. þm. hafa vafalaust lesið það bæði í blöðum og heyrt í útvarpi ýmsar frásagnir forustumanna iðnaðarins um það, hvernig málum hans nú er komið og hvernig að honum þrengir á margan hátt. Í sambandi við þá iðnaðarsýningu, sem hér var haldin á s. l. hausti, voru birtar margar slíkar lýsingar, og tel ég víst, að þær séu þm. enn í fersku minni. Það er þess vegna alveg víst, að það er ekki síður ástæða til þess nú að gera ráðstafanir til leiðréttingar iðnaðinum heldur en til þess að rétta hlut togaraútgerðarinnar, minni vélbátanna og hraðfrystihúsanna. Iðnaðurinn býr við mjög erfiða aðstöðu, eins og líka er meira að segja játað í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs, erfiða aðstöðu, sem hefur leitt af þeirri stjórnarstefnu, sem hefur verið fylgt í landinu á undanförnum árum. Það er ekki aðeins, að verðbólgan hafi þrengt að iðnaðinum eins og öðrum atvinnugreinum, heldur hafa til viðbótar komið stórfelld lánsfjárhöft og svo síðast, en ekki sízt stórfelldur innflutningur á erlendum iðnaðarvörum, án þess að iðnaðurinn væri undir það búinn að mæta slíkri samkeppni.

Ég álít það engan veginn óeðlilegt, að íslenzkur iðnaður sé látinn eiga í nokkurri samkeppni við erlenda framleiðslu, en það verður að gerast undir þeim kringumstæðum, að hann hafi aðstöðu til þess að heyja slíka samkeppni. En ég held, að það megi fullyrða, að íslenzkur iðnaður hefur aldrei haft erfiðari aðstöðu til þess að heyja slíka samkeppni en einmitt nú. Það er í fyrsta lagi að nefna hina miklu verðbólgu, sem hefur þróazt í landinu á undanförnum árum, það er að nefna hin stórfelldu lánsfjárhöft, sem iðnaðurinn hefur búið við, og síðast, en ekki sízt það, að íslenzk framleiðsla hefur á undanförnum missirum búið við stöðugt óhagstæðari gengisskráningu, sem hefur gert samkeppnisaðstöðu íslenzkrar framleiðslu erfiðari og aðstöðu erlendrar framleiðslu betri. Undir þessum kringumstæðum átti ekki að byrja þessa samkeppni. Það átti að byrja á því að laga aðstöðu íslenzks iðnaðar til þess að mæta þessari nýju samkeppni, áður en erlendu iðnaðarvörunum væri sleppt eins mikið inn í landið og raun ber vitni um.

En þrátt fyrir það, þó að hag iðnaðarins sé nú þannig komið og hann sé áreiðanlega sízt betri en hagur togaraútgerðarinnar, minni bátanna og frystihúsanna, eru ekki boðaðar neinar ráðstafanir af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að rétta hlut þessa atvinnuvegar. Og

skýringuna á því er að finna í þeirri ræðu, sem forsrh. flutti nýlega á flokksráðsfundi hjá sjálfstæðismönnum og birt var í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum. Þar kemur það alveg hiklaust fram, að það sé skoðun forsrh., að íslenzkur iðnaður sé slíkur atvinnuvegur, að hann sé alls ekki samkeppnishæfur við erlendan iðnað. Forsrh. segir þar orðrétt, að það geti verið rétt að halda iðnaðinum við, en það kostar, segir hann, að hafa hærra verðlag en ella. M. ö. o.: það er hans úrskurður og vafalaust allrar ríkisstj., að það sé ekki hægt að viðhalda íslenzkum iðnaði á annan veg en þann, að það auki dýrtíðina í landinu, það geri verðlagið hærra en ella. Ég vil mótmæla þessari skoðun forsrh. og ríkisstj. Íslenzkur iðnaður hefur á undanförnum árum sýnt það á mörgum sviðum, ef rétt er að honum búið, að hann getur verið fullkomlega samkeppnisfær við erlenda framleiðslu. Og það má nefna fjöldamörg dæmi þess, og það mun ég gera, ef þessu verður mótmælt. Ég tel, að það sé að öllu leyti rangt að bera saman aðstöðu iðnaðarins, eins og hún er í dag, við erlenda framleiðslu og draga ályktun af því, að íslenzkur iðnaður sé ósamkeppnishæfur, því að það er ekki rétt að gera slíkan samanburð, eftir að búið er að þrengja að íslenzkum iðnaði jafnstórfelldlega með stjórnaraðgerðum og gert hefur verið á undanförnu ári. Það er ekki rétt að gera þennan samanburð á þeim tíma, þegar stórkostleg verðbólga þrengir að íslenzkum iðnaði, miklu meiri en iðnaði annarra landa. Það er ekki rétt að gera þennan samanburð, þegar miklu stórfelldari lánsfjárhöft þjaka innlendan iðnað heldur en erlenda framleiðslu sambærilega. Og sízt af öllu er rétt að gera slíkan samanburð undir þeim kringumstæðum, þegar gengisskráningin er jafnóhagstæð íslenzkri framleiðslu og hún er í dag. Ef allt þetta væri hins vegar með felldu, er ég alveg sannfærður um það, að á fjölmörgum sviðum gæti íslenzkur iðnaður verið vel samkeppnisfær við erlenda framleiðslu.

Það er þess vegna hin mesta falstrú, sem forsrh. og ríkisstj. er að boða, þegar þessir aðilar halda því fram, að það sé ekki hægt að viðhalda íslenzkum iðnaði öðruvísi en að þjóðin verði að búa við hærra verðlag en ella, meiri dýrtíð í landinu en ella. En það er einmitt þessi vantrú á íslenzkum iðnaði, sem hefur stjórnað öllum aðgerðum hæstv. ríkisstj. í afstöðu hennar til iðnaðarins. Það skal játað, að hún hefur verið að gera smáaðgerðir að undanförnu iðnaðinum til stuðnings, en svo litlar, að þær hafa ekki vegið neitt á móti þeim stórfelldu þrengingaraðgerðum, sem hún hefur gert iðnaðinum til óþurftar, eins og verðbólgustefnunni, eins og lánsfjárhöftunum og eins og hinni röngu gengisskráningu, sem íslenzk framleiðsla býr nú við og er afleiðing þeirrar efnahagsstefnu, sem ríkt hefur í landinu á undanförnum árum.

Ég er þeirrar trúar, og hún styðst líka við staðreyndir, að ef íslenzkur iðnaður hefur sambærilega aðstöðu við erlenda framleiðslu hvað snertir þau atriði, sem ég hef nefnt hér á undan, eins og verðbólguþróunina, lánsfjáraðstöðuna og gengisskráninguna, er hann fullkomlega samkeppnisfær. Og það er í þeirri trú, sem ég og nokkrir fleiri flytjum þá till., sem hér liggur fyrir. Sú till. gengur í þá átt, að íslenzkur iðnaður skuli njóta jafnréttis við landbúnað og sjávarútveg hvað snertir kaup á framleiðsluvíxlum hjá Seðlabankanum. Það, að iðnaðinum hefur verið meinað um þetta, stafar eins og margt annað af því, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur minni trú á honum en öðrum atvinnugreinum í landinu og býr honum þess vegna lakari kjör. Það eru liðin 8 ár, síðan sú stefna var mörkuð hér samhljóða undir forustu vinstri stjórnarinnar, að iðnaðurinn skyldi í þessum efnum búa við sömu aðstöðu og landbúnaður og sjávarútvegur. En núv. ríkisstj. hefur vanrækt að framkvæma þetta, vegna þess að hún vanmetur iðnaðinn og telur þess vegna ekki nauðsynlegt að láta hann njóta jafnréttis við aðrar atvinnugreinar hvað þetta snertir.

Ég skal játa, að þó að þessi till. næði fram að ganga, er þar ekki um að ræða neina allsherjarlausn á málum iðnaðarins, en mundi þó styrkja hann talsvert frá því, sem nú er. Ég álít, að það sé ekkert mark, þó að það komi iðnaðinum að vísu til nokkurra hagsbóta, en í sjálfu sér er það hins vegar ekkert mark að ná í þessum efnum sömu aðstöðu og landbúnaður og sjávarútvegur, vegna þess að það er mín skoðun, að þótt þessar atvinnugreinar búi við betri aðstöðu hvað lánsfjármálin snertir en iðnaðurinn, sé hlutur þeirra stórkostlega fyrir borð borinn í þessum efnum vegna þeirrar lánastefnu, sem ríkisstj. hefur haldið uppi á undanförnum árum.

Eins og fram kom í umr., sem fóru hér fram fyrir viku, hafa af hálfu Seðlabankans, að sjálfsögðu vegna fyrirmæla ríkisstj., verið gerðar ráðstafanir til að koma á hinum stórfelldustu lánsfjárhöftum, sem hafa þrengt mjög aðstöðu atvinnuveganna á undanförnum árum. Það stendur að vísu svo í Seðlabankalögunum frá 1961, sem voru flutt og samþ. að frumkvæði núverandi ríkisstj., að það skuli vera eitt af meginverkefnum Seðlabankans að sjá atvinnuvegunum fyrir hæfilegu lánsfé, svo að framleiðslugeta þeirra nýtist til fulls. En hvernig hefur þetta orðið í framkvæmd? Til viðbótar þeim tölum, sem ég nefndi þá, ætla ég að nefna nokkrar fleiri, sem skýra þetta enn betur, hversu stórkostlega Seðlabankinn hefur vanrækt verkefni sitt í þessum efnum.

Árið 1960 nam verðmæti útflutningsframleiðslunnar 2541 millj. kr., og á því ári til jafnaðar námu endurkeyptir víxlar hjá Seðlabankanum 844 millj. kr. Á síðasta ári, 1965, eru þessar tölur hins vegar þannig, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar, sem Seðla-

bankinn lánar út á, námu á því ári 5563 millj. kr., en endurkeyptir víxlar Seðlabankans námu á því ári ekki nema 840 millj. kr. Í stuttu máli sagt: Verðmæti útflutningsframleiðslunnar hefur miklu meira en tvöfaldazt á þessu tímabili, en endurkeyptir víxlar hjá Seðlabankanum hafa hins vegar lækkað á þessu tímabili um 4 millj. kr. Það er með þessum hætti, sem Seðlabankinn hefur rækt það hlutverk, sem honum er á hendur falið í sjálfum Seðlabankal., að sjá atvinnuvegunum fyrir hæfilegu lánsfé, að á þeim tíma, sem verðmæti útflutningsframleiðslunnar miklu meira en tvöfaldast, verður samdráttur í endurkeyptum hráefnavíxlum hjá Seðlabankanum. Það er með þessum hætti, sem Seðlabankinn hefur rækt þetta verkefni sitt.

Ég held, að það sé erfitt að finna dæmi um það, að íslenzk stofnun hafi meira brugðizt hlutverki sínu en Seðlabankinn hefur gert í þessum efnum. Og sagan er ekki hér öll sögð, því að þetta er ekki nema hálf sagan. Síðari hluti sögunnar er sá, að Seðlabankanum hefur ekki þótt nóg að draga inn þau lán, sem hann hefur sjálfur veitt á þennan hátt, heldur hefur hann gert ráðstafanir til þess að þrengja stórkostlega aðstöðu viðskiptabankanna til þess að geta fullnægt atvinnuvegunum. Seðlabankinn hefur tekið upp þann hátt að binda verulegan hluta þess sparifjár, sem viðskiptabankarnir hafa fengið á þessu tímabili, með þeim afleiðingum að sjálfsögðu, að það hefur dregið úr möguleikum þeirra til að gegna þjónustustarfi sínu í þágu atvinnuveganna í landinu. Af þessu hafa að sjálfsögðu hlotizt ennþá stórfelldari lánsfjárhöft en ella. Því hefur verið haldið fram af hæstv. ráðh. í umr., sem hafa farið fram hér á þingi um þetta mál, að þessi binding hafi verið gerð til þess að koma upp gjaldeyrisvarasjóði. Þessu var þó ekki haldið fram á sínum tíma, þegar Seðlabankal. voru sett. Þá var því haldið fram, eins og glöggt kemur fram í grg. fyrir Seðlabankal., að það ætti með allt öðrum hætti að afla gjaldeyrisvarasjóða. Það var skýrt tekið fram þá af þeim talsmönnum ríkisstj., sem þá töluðu, að binding sparifjárins eða frystingin væri eingöngu tekin upp til þess að hafa taumhald á fjármagni því, sem væri í umferð í landinu á hverjum tíma.

Ég skal þessu til sönnunar aðeins lesa hér upp úr ræðu, sem viðskmrh. flutti þá, þar sem hann var að skýra og verja þetta ákvæði um sparifjárbindinguna. Ráðh. farast þar orð á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta, — þetta eru orð viðskmrh.:

„Hv. þm. spurði, hvers vegna slíkar reglur sem þessar væru settar" — þ. e. reglurnar um bindinguna. — „Um það mætti margt segja," segir ráðh., en ég skal ekki um það fjölyrða. Ég skal aðeins láta þess getið, að til þess liggja tvær meginástæður. Annars vegar eru slík ákvæði nauðsynleg, til þess að Seðlabankinn geti haft vald á peningamagninu í umferð." Þetta er önnur ástæðan, sem sagt, til þess að Seðlabankinn geti haldið uppi sparifjárhöftum. Ráðh. heldur áfram: „Það er eitt af meginhlutverkum seðlabanka, um það er ekki ágreiningur, að tryggja, að peningamagnið í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á skynsamlegan hátt." Þetta er önnur meginröksemdin fyrir því, að slíkar reglur séu nauðsynlegar. Hin er sú, að þær eru settar til þess að tryggja öryggi innistæðueigendanna í þeim innlánsstofnunum, sem gert er ráð fyrir að eigi vissar innistæður í Seðlabankanum.

Lengra þarf ég svo ekki að rekja, því að hér eru taldar upp þær tvær meginástæður, sem hæstv. ráðh. færði á þessum tíma fyrir frystingunni. Önnur var sú, að hún væri nauðsynleg, til þess að Seðlabankinn gæti haft taumhald á fjármagninu, gæti framkvæmt lánsfjárhöft, og hin ástæðan var sú, að þetta væri eðlilegt til þess að tryggja innistæður í viðskiptabönkunum. Hér er hvergi minnzt á það, að frystingin sé tekin upp til að stofna til gjaldeyrisvarasjóða, enda, eins og áður sagði, tekið fram í grg. fyrir frv. um Seðlabankann eða l. um Seðlabankann, að ætlunin væri sú að gera þetta með allt öðrum hætti eða með þeim hætti að láta þá eðlilegu aukningu, sem yrði á seðlaútgáfunni á hverjum tíma, verða til þess að skapa gjaldeyrisvarasjóð. Þessi röksemd er fundin upp eftir á, algerlega eftir á, að sparifjárfrystingunni eða lánsfjárhöftunum sé komið á til að tryggja gjaldeyrisvarasjóð, þegar það þykir ekki lengur heppilegt að vera eins hreinskilinn og hæstv. viðskmrh. var í sinni ræðu.

En ég verð líka að segja það, að ef til gjaldeyrisvarasjóðs á að stofna með þeim einum hætti, að það gengur út yfir atvinnuvegina í landinu, dreg ég það í efa, að sú framkvæmd sé rétt. Ég dreg það í efa, að það sé rétt, að í stað þess að efla íslenzka atvinnuvegi, í stað þess að auka framleiðni íslenzkra atvinnuvega, eigum við að fara að geyma sparifé erlendis, íslenzkt sparifé erlendis. Ég dreg það fullkomlega í efa, að það væri t. d. rétt framkvæmd að hafa sleppt því að byggja sementsverksmiðjuna og eiga heldur hlíðstæða innistæðu erlendis. Ég dreg það líka t. d. í efa, svo að ég nefni eitt dæmi, að það væri hagkvæmara fyrir landið, að t. d. mannvirki þau, sem Einar Guðfinnsson og synir hans eiga í Bolungarvík, væru ekki til, en í staðinn ættum við hliðstæða inneign erlendis. Ég skal fullkomlega játa, að það getur verið gott og gagnlegt að eiga gilda gjaldeyrisvarasjóði. En ég álít hins vegar, að annar varasjóður sé miklu tryggari og miklu betri fyrir þjóðina en þó gjaldeyrisvarasjóður, og það er sá varasjóður að eiga trausta og blómlega atvinnuvegi. Ég held, að í því felist miklu meira öryggi fyrir íslenzku þjóðina en þótt við eigum gjaldeyrisvarasjóð til 1—2 mánaða. Ég held, að það sé það megin-

takmark, sem við verðum að keppa að, ef við ætlum að njóta sæmilegra lífskjara í landinu, að leggja sem mest fjármagn í atvinnuvegina, stuðla að því, að þeir geti verið sem blómlegastir og þeir geti stöðugt verið vaxandi. En það er skilningur, sem hæstv. ríkisstj. skortir alveg. Þess vegna hefur það gerzt á undanförnum árum, þrátt fyrir hið mesta góðæri, sem nokkru sinni hefur verið á landi hér, að framleiðni atvinnuveganna hefur sama sem ekkert aukizt á þessum tíma. Þetta er játað m. a. í þeirri skýrslu, sem Efnahagsstofnunin hefur nýlega sent Hagráði, að hinn mikli hagvöxtur á undanförnum árum sé ekki nema að sáralitlu leyti að þakka aukinni framleiðni atvinnuveganna, heldur stafi af mikilli síldveiði, hækkandi verðlagi á útflutningsvörum og lengri vinnutíma en áður. Ég held, að þótt verðbólgan sé mikið alvörumál, þá sé þetta mesta alvörumálið, sem við horfumst í augu við í dag.

Síðustu 10 árin hafa á vissan hátt verið meiri byltingatími í sögu mannkynsins en allir tímar aðrir, og þetta liggur í hinni miklu tæknibyltingu og tækniframförum, sem hafa átt sér stað á þessu tímabili. Ég fullyrði alveg hiklaust, þó að það sé að vísu erfitt að benda á dæmi með áberandi rökum, að í þessum efnum hafa íslenzkir atvinnuvegir verið að dragast aftur úr öðrum atvinnuvegum hvað tækni og hagræðingu snertir. Tækniframfarir og hagræðingarframfarir hafa orðið stórfelldari í öðrum löndum á þessu 10 ára tímabili en nokkru sinni fyrr, svo stórfelldar, að við gerum okkur ekki grein fyrir því. En hins vegar er staðan hjá okkur þannig, að því er sjálf Efnahagsstofnunin játar, að hér hefur sáralítil eða engin framför átt sér stað hvað framleiðni atvinnuveganna snertir, og ég er alveg sannfærður um það líka, að næstu 10 ár munu verða miklu meiri byltingartími í þessum efnum en nokkrir tímar, sem mannkynið hefur áður lifað. Það verða stórfelldari framfarir hjá atvinnuvegunum, hvað snertir alla tækniþróun og hvað snertir aukna hagræðingu en nokkru sinni fyrr. Og sú mikla spurning, sem við stöndum frammi fyrir í dag, er sú, hvort okkur takist að halda þannig á okkar atvinnumálum, uppbyggingu okkar atvinnuvega, að við höldumst í hendur við þróunina, en höldum ekki áfram að dragast aftur úr, eins og átt hefur sér stað á undanförnum 10 árum. Og um það er ég sannfærður, að ef fylgt verður þeirri stefnu í lánamálum gagnvart atvinnuvegunum, sem gert hefur verið á undanförnum árum, munum við hiklaust dragast aftur úr. Þess vegna fullyrði ég, að þau lánsfjárhöft, sem ríkisstj. hefur tekið upp, eru þau verstu höft, sem hægt er að hugsa sér á tímum tækniframfara og hagræðingar, sem nú ganga yfir veröldina. Ég sé ástæðu til þess að ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir margt, en öllu öðru fremur ásaka ég hana þó fyrir það, að hún hefur ekki skilning á nauðsyn þess að auka framleiðni atvinnuveganna og styrkja grundvöll atvinnuveganna, svo sem mikilvægt er á þessum tímum, heldur lætur flest annað hafa forgangsrétt.

Mér fannst rétt að láta þetta koma hér fram almennt um atvinnuvegina, því að ég vil láta það koma alveg skýrt fram, að þó að ég telji það vissa leiðréttingu fyrir iðnaðinn, að hann búi við sama borð og sjávarútvegur og landbúnaður hvað endurkaup víxla snertir hjá Seðlabankanum, þá álít ég það engan veginn fullnægjandi lausn, því að ég tel, að það þurfi að gera viðtækar ráðstafanir til að bæta úr lánamálum allra atvinnuveganna frá því, sem nú er, og á meðan sú lánsfjárkreppa ríkir, sem nú á sér stað, á meðan þeim lánsfjárhöftum er viðhaldið, sem nú er haldið uppi, þá séum við ekki aðeins í þeirri hættu, heldur sé það raunveruleiki, að við séum að dragast aftur úr öðrum þjóðum hvað snertir tækni og hagræðingu hjá atvinnuvegunum, og það álít ég að sé það hættulegasta af öllu, sem fyrir okkur getur komið, jafnvel hættulegra en sjálf verðbólgan.

Ég skal svo láta þessi orð nægja, en vil leyfa mér að leggja til, að að umr. lokinni nú verði henni frestað og málinu vísað til allshn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns leiðrétta fullkominn útúrsnúning úr efni ræðu hæstv. forsrh., sem hv. 5. þm. Reykv. fór hér með áðan. Þessum hv. þm. er orðið svo gjarnt að snúa út úr ræðum og skrifum manna í blaði sínu, Tímanum, sem hann er þjóðfrægur fyrir, að hann kemst ekki úr þessum ham, þótt hann komi hér upp í ræðustólinn í þinginu og viti þó, að þm. gera meiri kröfur til málflutnings en svo.

Hann segir, að það sé úrskurður forsrh. í þessari ræðu og þar með úrskurður ríkisstj., að það sé ekki hægt að halda við iðnaði á Íslandi nema með hærra verði en annars staðar. Þetta er rangt. Það, sem hæstv. forsrh. sagði, var, þegar hann var að tala um verðbólguna innanlands, að þeir menn, sem vilja lækka verðið innanlands, verða að gera sér grein fyrir því, að þeir eru að vissu leyti að vinna á móti þessari löngun sinni til verðlækkunar, ef þeir standa sí og æ gegn því, að við getum flutt inn erlendar vörur, sem eru ódýrari en þær, sem við getum framleitt í landinu. Í þessu felst enginn úrskurður um það, að iðnaðurinn geti ekki á fjölmörgum sviðum og fleiri sviðum en í dag verið samkeppnisfær við erlenda vöru, og sá innflutningur, sem leyfður hefur verið á innlendri iðnaðarvöru á undanförnum árum, er í engum tilfellum, nema þar sem er gífurleg tollvernd á íslenzkum iðnaði. Það er því allt annar úrskurður hæstv. forsrh. og ríkisstj. um afstöðu okkar til iðnaðarins, sem raunverulegur er. En ég get í afskaplega fáum dráttum gert hv. þingheim grein fyrir því með því að vitna til þess, sem ég hef í þess-

um efnum gert grein fyrir hjá iðnrekendum sjálfum. Á aðalfundi þeirra á s. l. vetri tók ég saman í nokkrum liðum meginefni stefnu ríkisstj. í iðnaðarmálunum, og skal ég lesa, með leyfi hæstv. forseta, þessa fáu liði vegna þessa tilefnis, sem gafst í upphafi ræðu hv. 5. þm. Reykv. um þetta mál, en þar er svo:

„1) Stefnt er að því, að ríkja megi jafnrétti milli aðalatvinnuvega landsmanna, og jafnframt að því unnið, að hagsmunir einstakra atvinnugreina séu ekki fyrir borð bornir, ef það samrýmist hagsmunum almennings eða þjóðhagslegri framkvæmd.

2) Stefnt er að því að létta tollum af vélum og hráefnum iðnaðarins, samfara því að tollum sé almennt aflétt, til þess að veita almenningi ódýrara og betra vöruval og draga með því úr dýrtíð í landinu. Séð verður til þess, að iðnaðurinn njóti í þessu sambandi eðlilegs aðlögunartíma, og ráðstafanir gerðar í lánamálum og á annan hátt til að gera honum auðveldara að tileinka sér ýmsa tækni og aukna hagræðingu og framleiðni til eflingar þessari atvinnugrein í frjálsari viðskiptum.

3) Haldið verði áfram að efla iðnlánasjóð, svo að iðnaðinum skapist viðunandi stofnlánaaðstaða, jafnframt því sem gert er ráð fyrir, að aðstaða hans í bankakerfinu haldist til jafns við aðrar atvinnugreinar. Samtímis hefur verið sköpuð aðstaða til umbóta á sviði lánamála með lögum og reglugerð í samráði við bankana til að breyta lausaskuldum iðnaðarins í löng og hagkvæm lán.

4. Ríkisstj. hefur stuðlað að því, að hefjast megi í landinu nýjar atvinnugreinar á sviði iðnaðarins, þar sem horfur eru á, að verð og gæði standist erlenda samkeppni og þjóðhagslega mikilvægt, að slíkar atvinnugreinar eflist, svo sem innlend stálskipasmíði, samfara endurbyggingu gamalla og úreltra dráttarbrauta, og efling fiskiðnaðar, m. a. með niðursuðu og niðurlagningu síldar til útflutnings.

5) Sett hafa verið lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og þar með stóreflda rannsóknir á sviði iðnaðarins og á vegum tveggja stofnana hans: Í fyrsta lagi Rannsóknastofnun iðnaðarins, sem vinnur að rannsóknum til eflingar og hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu og rannsóknum vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu, rannsóknum á nýtingu náttúruauðlinda landsins í þágu iðnaðarins og veiti nauðsynlega þjónustu og kynni niðurstöður rannsókna í vísinda- og fræðiritum. Þetta er verkefni hinnar almennu stofnunar, en síðan er Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem vinnur að endurbótum í byggingariðnaði og lækkun á kostnaði við mannvirkjagerð, hagnýtum jarðfræðirannsóknum og vatnsvirkjunarrannsóknum, kynni niðurstöður rannsókna, veiti upplýsingar um byggingarfræðileg efni og aðstoði við eftirlit með byggingarefni og byggingarframkvæmdum.

6) Stefnt er að virkjun stórfljóta landsins, byggingu stórra raforkuvera, sem verði grundvöllur og orkugjafi fjölþættrar iðnvæðingar í landinu. Orkuver landsins séu eign Íslendinga, en til þess að virkja megi í stórum stíl og undir lántöku verði risið á sem hagkvæmastan hátt, er tryggi ódýrari raforku, og til þess að styrkari stoðum sé rennt undir atvinnulíf landsmanna, verði erlendu áhættufjármagni veitt aðild að stóriðju, ef hagkvæmt þykir skv. mati hverju sinni og landsmenn skortir fjárhagslegt bolmagn eða aðstöðu.

7) Ríkisstj. hefur leitað og mun leita samráðs og samvinnu við samtök iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna um hagsmunamál iðnaðarins og stefnir að því að efla samstarf þessara aðila við iðnmrn. og þær stofnanir iðnaðarins, sem undir það heyra, svo sem rannsóknastofnanir iðnaðarins og Iðnaðarmálastofnun Íslands.“

Í þessum 7 liðum er mörkuð meginstefna ríkisstj. í iðnaðarmálum.

Ég skal svo víkja nokkuð að þeirri till., sem hér liggur fyrir, um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins, og öðrum skyldum málum, sem fyrst og fremst snerta fjármál iðnaðarins.

Hv. þm. kemur ekki þessi till. ókunnuglega fyrir sjónir, og mikið á íslenzkur iðnaður gott að eiga svona góðan vin, sem ár eftir ár talar jafnhjartnæmum orðum um löngun sína til að styðja hann og efla eins og hv. 5. þm. Reykv. Einu sinni var hann að tala um, að hann ætti að njóta jafnréttis við landbúnaðinn, en mér heyrðist á honum áðan, að nú ætti iðnaðurinn að njóta miklu betri kjara en jafnvel landbúnaðurinn, og hefur hann ekki verið vændur um eða hans flokkur, að hann vildi ekki styðja þá atvinnugrein.

Þessi mál hafa áður verið rædd hér á þingi, að styrkja íslenzkan iðnað og draga úr lánsfjárörðugleikum hans eins og annarra atvinnugreina með endurkaupum á hráefnavíxlum. Það var, eins og fram kemur í grg., samþ. hér á Alþingi till. á sínum tíma frá Sveini Guðmundssyni alþm. um það að fela ríkisstj. að hlutast til um við Seðlabankann, að slík endurkaup geti komizt á á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verða, eins og þar stendur, með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar. Að þessu hefur verið unnið á undanförnum árum. En sannleikurinn er sá, sem oft hefur verið bent á og komið hefur fram hér í þingsölunum, að það er ekki mögulegt að setja slíkar endurkaupareglur með svipuðu sniði og á sér stað á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar, þannig að það komi iðnaðinum að verulegu gagni almennt. Þetta hef ég hiklaust sagt, bæði hér á þingi og í hópi iðnrekenda og iðnaðarmanna. En það er hægt fyrst og fremst með því að stuðla að og styrkja viss-

an stóriðnað á okkar mælikvarða í landinu. Þar sem er iðnaður, sem hefur mikla framleiðslu og dýra framleiðslu og safnar henni á dýra lagera og hefur einnig miklar vörubirgðir, annaðhvort í framleiðsluvörum eða í hráefnum til framleiðslu í landinu, þá er þetta að sjálfsögðu hægt, og að sjálfsögðu er þetta mjög auðvelt með iðnað, sem framleiðir til útflutnings, því að einn meginmismunurinn á sjávarútvegi í þessu sambandi og iðnaði er sá, að viðskiptabankarnir hafa eftir gömlum og grónum reglum veð í stórum birgðum sjávarútvegsins, í frystihúsunum í fiskvinnslustöðvunum og þar sem skreið er verkuð, og birgðir þessa fisks hafa verið seldar á ákveðnu verði fyrir fram yfirleitt til annarra landa, svo að þegar lánið fer fram af hálfu viðskiptabankanna og endurkeyptur er víxillinn af hálfu Seðlabankans, er vitað, að á tilteknum tíma er ákveðið verðmæti í þessari vöru, og þegar varan er greidd, greiðist hún öll í gegnum bankana. Þeir hafa þess vegna aðstöðu til þess. Þeir taka á móti andvirðinu og gera upp víxlana, viðskiptabankarnir, sem hafa lánað út á þessa vöru í formi endurkeyptra víxla Seðlabankans.

Hér er ekki neinu svipuðu saman að jafna á sviði iðnaðarins, eins og okkar iðnaður er byggður upp, að verulegu leyti sem smáiðnaður í fjölmörgum greinum, og þess vegna ekki á færi viðskiptabankanna að lána með þeim hætti að taka veð í framleiðslu, sem er ekki nema í smáum stíl, situr skamman tíma hjá fyrirtækinu og hráefni aldrei nema í litlu magni, sem fljótt er unnið úr og selt út um hvippinn og hvappinn.

Það, sem ég nú hef sagt, má ekki skilja svo, að ég telji ekki, að iðnaðurinn þurfi á betri rekstrarlánum að halda og meira rekstrarfé en hann hefur nú. Ég skal víkja að því seinna. Það þarf hann, og að því ber að vinna. Hins vegar hefur og ekki sízt nokkuð fyrir tilverknað ríkisstj. verið unnið að því af hálfu bankanna að koma á endurkaupum, þar sem þeim mætti við koma. Ég gerði grein fyrir þessu fyrir áramótin í fyrra hér í sölum Alþingis, og ég sagði þá frá meginreglum, sem Seðlabankinn var þá með í athugun og vildi fylgja við endurkaup á hráefnavíxlum og framleiðsluvíxlum iðnaðarins og hafði gert bönkunum grein fyrir. Það kom í ljós, að þessar reglur þóttu nokkuð þröngar, og Seðlabankinn lagði sig fram um að rýmka þessar reglur og gaf svo út til bankanna, þannig að þeim væri um það kunnugt, hvaða víxla af þessu tagi væri líklegt að hann vildi endurkaupa, — reglur, sem dags. eru 28. marz 1966. Það er ekki ástæða til þess fyrir mig hér á þessari stundu að lesa þessar reglur, en það eru meginreglur þess, sem Seðlabankinn vill framfylgja í sambandi við endurkaupin, og viðskiptabankarnir hafa átt ýtarlegar viðræður, — og þar get ég fyrst og fremst talað fyrir hönd Iðnaðarbankans, sem ég hef haft hönd í bagga með, — við Seðlabankann um að koma í kring endurkaupum á grundvelli þessara reglna. Þegar það liggur fyrir nú, að þær eru kannske í miklu minna mæli komnar í kring heldur en ég fyrir mitt leyti vildi gjarnan óska, er það vegna þess, að viðskiptabankinn hefur ekki getað lánað slíka víxla, sem uppfylla þetta form. Það eru þó, eins og ég segi, nokkur endurkaup komin á stað, og þau ættu að geta aukizt, a. m. k. á vissum sviðum og sums staðar verulega í framtíðinni, þó að það sé mín skoðun, að okkar íslenzka iðnaði, sérstaklega smáiðnaði, verði þetta ekki að verulegu gagni.

Til viðbótar við þessi endurkaup Seðlabankans, sem reglur voru settar um í marzmánuði s. l., þær seinustu, sem farið er eftir, hefur Seðlabankinn endurkeypt framleiðsluvíxla iðnaðarins, þegar Framkvæmdabankinn hefur lánað iðnfyrirtækjum, vegna þess að til stóð að leggja bankann niður og hann af öðrum ástæðum hafði ekki fjárreiður til öðruvísi en Seðlabankinn hlypi þar undir bagga. Mér þykir rétt að gera hv. þingi grein fyrir því, að það var í árslok 1964 samþykkt í bankaráði Framkvæmdabankans fyrir tilmæli ríkisstj. að heimila, að bankinn veitti stutt lán, eftir því sem aðstaða bankans leyfði, til þess að leysa úr lánsfjárskorti vélaiðnaðarins við framleiðslu frystivéla, véla og tækja í síldar- og fiskimjölsverksmiðjur og annarra hliðstæðra véla, þannig að íslenzki vélaiðnaðurinn gæti að þessu leyti talizt í eðlilegri samkeppnisaðstöðu við erlendan vélaiðnað, þar sem innflytjendum er heimilað að kaupa framangreindar vélar með gjaldfresti. Þá heimilaði bankaráðið bankastjóranum að lána slík lán, allt að 5 millj. kr., án afskipta bankaráðsins, svo að þetta gæti gengið fljótar fyrir sig. Seðlabankinn hafði svo, þegar til átti að taka, ekki fjárreiður til þess, er viðræður fóru fram um það, að Seðlabankinn endurkeypti þessa víxla. Hvernig átti hann að endurkaupa þessa víxla? Vélsmiðja hér smíðar frystivél, selur hana með jafnmiklum gæðum og erlent fyrirtæki og með samkeppnisfæru verði, en hún getur ekki lánað kaupandanum. Kaupandinn getur hins vegar keypt þessa vél frá einhverjum erlendum aðila og fengið svo og svo mikið lán. Hvernig átti nú að útbúa þessa víxla? Átti að taka veð í þessum vélum, — vélum, sem eru hér og hvar á landinu, keyptar í dag af einum manni, seldar til annars næsta dag, fluttar á milli frystihúsa jafnvel eða annarra atvinnustöðva á landinu? Til þess að koma þessu í kring undirbjó Framkvæmdabankinn sérstakt kerfi, tryggingakerfi á þessum víxlum, í samningi við tryggingarfélögin í landinu, og þannig skapaðist grundvöllur til þess að hafa þessa víxla nægjanlega tryggða. Það má vel vera, að sú reynsla, sem þarna hefur fengizt, geti gefið einhverja vísbendingu um tryggða víxla iðnaðarins, hráefnaiðnaðarins líka, með þessu formi hjá tryggingarfélögunum, sem gætu aukið möguleikana til

endurkaupa hjá Seðlabankanum. Síðan hefur þessi heimild bankaráðsins til bankastjórans um þessi lán verið aukin upp í 10 millj. kr. lán í slíku sambandi án þess að fá heimild bankaráðsins, og það mun núna vera búið að lána um 7 millj. kr. Og Seðlabankinn hefur tekið vel í það að auka endurkaupin þannig, að í veltunni geti verið þessar 10 millj. kr., til þess að skapa betri jafnréttisaðstöðu íslenzkra framleiðenda á þessu sviði við erlenda, þar sem fjármagnið er meira. En nú er ég ekki að segja, að þessar 10 millj. séu fullnægjandi, en sennilega verða þær að nægja fram að áramótum. Þegar Framkvæmdabankinn verður lagður niður um áramótin, verður að vera búið að mínum dómi að sjá fyrir því, hver á að taka við þessari fyrirgreiðslu og með hverjum hætti á að auka þessa fyrirgreiðslu, og að því verður að sjálfsögðu unnið.

Ég hef nú rétt vikið að tveimur þáttum endurkaupa Seðlabankans á afurða- og framleiðsluvíxlum iðnaðarins, sem auðvitað sanna það, að það fær engan veginn staðizt, þegar verið er að halda því fram, að ekkert hafi verið gert í þessum efnum. Nú geta menn sagt: Ósköp hefur þetta tekið langan tíma. — En þá verða menn einnig að hafa í huga, að á meðan á þessu hefur staðið, hafa verið gerðar stórkostlegar ráðstafanir aðrar á sviði lánsfjármála til iðnaðarins. En áður en ég vík að þeim, vil ég taka fram, að það eru þegar hafnar viðræður innan Seðlabankans og ég sem iðnmrh. hef átt viðræður við bankastjóra Seðlabankans um það, að vegna þess, hvað endurkaupaformið hentar illa þessari atvinnugrein, hefur verið reynt að finna nýtt form, þannig að Seðlabankinn geti í miklu ríkara mæli en fram að þessu stutt iðnaðinn með rekstrarlánum. Ég vænti þess, að þess sé skammt að bíða, að árangur náist af því, og það er auðvitað rétt, að Iðnaðarbankinn einn hefur, held ég, ef ég man rétt, eitthvað um 90 millj. kr. núna af bundnu fé í Seðlabankanum, og margir aðrir bankar hafa bundið fé, sem er líka frá iðnaðinum, og það er eðlilegt, að hluti af þessu fé sé hagnýttur til aukinna og nýrra lána, sem ekki hafa fram að þessu verið fyrir hendi, og þá á ég við: nýrra lána einmitt með tilstuðlan Seðlabankans sjálfs. Á þetta legg ég áherzlu, að það takist að finna nýtt lánaform af þeirri reynslu af tilraunum til að koma á endurkaupum frá Seðlabankanum, — nýtt lánaform, sem veiti iðnaðinum verulegan styrk af lánsfé, sem á einn eða annan hátt er fengið frá Seðlabankanum sjálfum.

Ég sagði: Það hefur margt skeð í lánamálum iðnaðarins á undanförnum árum, og menn mega ekki gleyma því, að fjárfestingarlánaaðstaða iðnaðarins hefur auðvitað tekið algerum stakkaskiptum á undanförnum árum. 1962 mun það hafa verið, að páverandi iðnmrh. skipaði nefnd til þess að endurskoða lögin um iðnlánasjóð, og þá voru samþykkt ný lög til breyt. á iðnlánasjóðslögunum, sem ég held að hafi upphaflega verið frá 1936, og gott ef þau eru ekki endurskoðuð 1952. En þá hefjast þáttaskipti í sögu iðnlánasjóðs, og það er þá fyrst og fremst iðnlánasjóðsgjaldið sjálft, sem veldur því, að hann fer að fá verulegar tekjur. Samhliða stuðlar ríkisstj. að því að veita iðnlánasjóði mjög verulegt lánsfé til þess að auka ráðstöfunarfé hans, og á þessu sviði eru svo mikil umskipti, að þegar hv. 5. þm. Reykv. var áðan að tala um það, að á tímum vinstri stjórnarinnar hefði verið mörkuð sú stefna, að iðnaðurinn skyldi njóta jafnréttis við aðrar atvinnugreinar, þá varð ég svolítið hissa, því að ég mundi eftir því og sé það af tölum, sem ég hef fyrir framan mig, að þá var ráðstöfunarfé iðnlánasjóðs eitthvað um 2 millj. kr. á ári. Ég held það hafi aukizt um 3500% síðan. Ráðstöfunarfé iðnlánasjóðs nú á þessu ári mun vera eitthvað nálægt 70 millj. kr. Það var á árunum 1956—59 2.2 millj. að meðaltali á ári, á árinu 1960 4.4 millj., 1961 9.7 millj., 1962 13.9 millj., 1963 38.8 millj., 1964 50.6 millj., 1965 58.3 millj. og eins og ég sagði áðan væntanlega eitthvað um 70 millj. á þessu ári. Á sama tíma hefur það einnig skeð, að Framkvæmdabankinn stórjók lánsfé sitt til iðnaðarins, vegna þess að mönnum var ljóst, að það þurfti að gera, vegna þess að iðnaðurinn stóð höllum fæti, og þar hafa verið veittar á undanförnum árum frá 25—40 millj. kr. á ári til iðnaðarlána, og meginhlutinn af öllu lánsfé Framkvæmdabankans til iðnaðarins er veittur á þessum árum, en eins og hv. þm. vita, var hann stofnaður 1952.

Það hefur einnig gerzt í þessu síðan, að á síðasta þingi voru samþ. ný lög um breytingar á iðnlánasjóði, þar sem ríkisframlagið var fimmfaldað, úr 2 millj. kr. upp í 10 millj. kr. árlega til iðnlánasjóðs, og það var fyrst og fremst gert til þess að gera honum fært að hagnýta sér ákvæði, sem þá voru sett inn í iðnlánasjóðslögin um, að sjóðnum var veitt lánsheimild allt að 100 millj. kr. til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar. Þá var það auðvitað alveg ljóst, að ef átti að lána iðnaðinum þessi hagræðingarlán og framleiðnilán, sem ég tel mjög mikils virði, og þau urðu að vera með betri kjörum en almennt gengur og gerist, hlaut að verða mismunur á því fé, sem iðnlánasjóður gat útvegað sér, og því, sem hann þurfti að lána út, og þennan mismun eða undirballans var iðnlánasjóði gert kleift að taka m. a. með því að auka beina ríkissjóðsframlagið upp í 10 millj. kr.

Reglugerð um hagræðingarlán iðnlánasjóðs var gefin út 7. júlí s. l., og iðnrekendum hefur verið kunnugt um þessa reglugerð að

sjálfsögðu síðan. Það hafa enn þá fáar umsóknir borizt um hagræðingarlán. En það er ósköp eðlilegt, það tekur iðnfyrirtæki nokkurn tíma að átta sig á því og gera sér grein fyrir því, með hvaða hætti þau geta hagnýtt sér þetta, en það mun, að mínum dómi, að sjálfsögðu ekki lengi á slíku standa.

En hefur þá ekkert verið gert, til að koma þessum hagræðingarlánum í framkvæmd? Ég verð að segja það, að á s. l. þingi gerði ég ekki ráð fyrir því, að þetta gæti gengið betur en svo, að það yrði fyrst á næsta ári, eftir að framlagið til iðnlánasjóðs væri aukið, sem þetta kæmist í framkvæmd. En ríkisstj. hefur viljað á þessu hausti stuðla að því, að þessar lánveitingar geti hafizt þegar í ár, og 14. okt. skrifaði ég Seðlabanka Íslands fyrir hönd ríkisstj. sem iðnmrh. eftirfarandi bréf, sem ég held að væri fljótlegast að lesa, með leyfi hæstv. forseta, en það er svo hljóðandi:

„Með lögum nr. 25 22. apríl 1966, um breyt. á l. nr. 45 frá 3. apríl 1963, um iðnlánasjóð, var sjóðnum heimilað, að fengnu samþykki ríkisstj., að taka allt að 100 millj. kr. lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar. Mega lán þessi vera með betri kjörum en lán sjóðsins almennt, svo sem lægri vöxtum og lengri lánstíma eða afborgunarlaus fyrst í stað, allt eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Jafnframt var árlegt framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs hækkað úr 2 millj. kr. í 10 millj. kr., m. a. til þess að mæta halla, sem sjóðurinn kynni að bíða af slíkum lánveitingum. Reglugerð um hagræðingarlán var gefin út 7. júlí þetta ár. Á fundi ríkisstj. þann 6. sept. s. l. var samþykkt, að iðnlánasjóður mætti byrja að nota heimild 2. gr. l. nr. 25 22. apríl 1966 nú á þessu hausti, og iðnmrh. og fjmrh. falið að taka málið upp við Seðlabankann í því skyni að aðstoða iðnlánasjóð við fjáröflun eða lánsútboð. Einn viðræðufundur hefur verið haldinn með ráðh. og dr. Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra. Stjórn iðnlánasjóðs hefur að fyrirlagi iðnmrh. undirbúið frumtill. um kjör á skuldabréfum, ef lán yrði boðið út. Það er nú orðið mjög aðkallandi, að þetta mál komist til framkvæmda, og er því Seðlabanki Íslands hér með beðinn að veita stjórn iðnlánasjóðs þá aðstoð, sem verða má, við lánsfjáröflun og ákvarða þau kjör á væntanlegu skuldabréfaláni, sem heppilegust þættu, t. d. að heildarupphæð 25 millj. kr. að þessu sinni".

Að þessu hefur svo verið unnið í Seðlabankanum í samvinnu við stjórn iðnlánasjóðsins, og ég geri mér vonir um, að mjög fljótlega geti slíkt lánsútboð farið fram, og tel mig hafa ástæðu til þess að ætla, að verulegt lánsfé sé reyndar tryggt í þessu sambandi á þessu ári. Hér hefur þess vegna verið opnuð ný hagræðingarlánadeild, framleiðnilánadeild í iðnlánasjóði, og gerðar ráðstafanir til þess að afla henni fjár til þess að gera íslenzkan iðnað samkeppnisfærari við erlendar iðnaðarvörur, sem kynnu að verða fluttar til landsins.

Við það, sem ég nú hef sagt, get ég svo bætt því, að það var ákveðið hér á þingi á sínum tíma, og hv. þm. Sveinn Guðmundsson ásamt fleirum, sem ég man nú ekki, hverjir voru, var flm. að því máli, að breyta lausaskuldum iðnaðarins í löng og umsamin lán. Það var 1964. Það var svo gefin út reglugerð um það atriði 10. maí 1965, og þótti dragast lengi að koma út þessari reglugerð. En löggjöfin, sem var flutt af þm., var eðlilega rammalöggjöf, sem þurfti mikilla útfyllinga í reglugerð, til þess að ætla mætti, að hún gæti orðið raunhæf. Og ég þurfti að hafa um það sem iðnmrh. ýtarlegar viðræður við bankana og vildi hafa samráð við þá, bæði Seðlabankann og viðskiptabankana, áður en reglugerðin yrði gefin út, til þess að tryggja kaup þessara banka með eðlilegum hætti af þeim vaxtabréfalánum, sem iðnlánasjóður í þessu sambandi kynni að þurfa á að halda. Þetta mál er nú í fullum gangi. Mér er ekki kunnugt um í dag, hve miklu af lausaskuldum hefur verið breytt í föst lán, en þó er það verulegt, og held ég, að mér sé óhætt að segja, að þess má vænta, að veruleg aukning geti orðið á því á næstunni, en allt hefur málið þurft nokkurn undirbúning. Þetta hefur óneitanlega bætt rekstraraðstöðu iðnaðarins.

Svo er hv. þm. einnig kunnugt um það, úr því að ég minntist á hagræðingarlán og framleiðnilán áðan, að hér á Alþ. hafa verið teknar ákvarðanir um hagræðingarstarfsemi í þágu íslenzkra atvinnuvega og ekki sízt iðnaðarins, og það hafa verið útskrifaðir fyrstu hagræðingarráðunautarnir, en Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur haft forgöngu um námskeið í hagræðingarmálum á undanförnum árum, sem ég hygg að hv. þm. sé fullljóst um, en á fjárl. á undanförnum árum hefur verið varið til þess að halda þessi hagræðingarnámskeið, kosta þessa hagræðingarráðunauta eða nám þeirra fyrir atvinnuvegina, 1964 2.2 millj. kr., 1965 2.4 millj. kr. og 1966 2.4 millj. kr., eða um 7 millj. kr. á þessum árum.

Ég hef ekki tíundað neitt af þessu til þess að gera mikið úr þeirri aðstöðu, sem iðnaðurinn hefur til fjárfestingarlána og rekstrarlána, en ég hef viljað segja þetta nú, og sumt af því hef ég sagt áður, til þess að kveða niður þann barlóm, að ekkert sé gert fyrir íslenzkan iðnað og íslenzka ríkisstj. vilji draga skóinn niður af fótum þessarar atvinnugreinar, því að það fær með engu móti staðizt.

Það er margoft sagt hér, að það sé hvert iðnfyrirtækið að loka á fætur öðru. Vill ekki

hv. 5. þm. Reykv. telja okkur upp þessi fyrirtæki, sem hafa verið að loka og sérstaklega eru að loka vegna illvilja núv. ríkisstj.? Ég veit, að eitthvað hefur dregið úr framleiðslu kexverksmiðjanna hér á landi. Ég veit, að fataiðnaðurinn á í erfiðleikum. Ég veit líka, að það er verið að vinna að því að bæta hag fataiðnaðarins með breytingum á tollum á hráefnum til fataiðnaðarins og með athugun á möguleikum á því að hefta þá óeðlilegu viðskiptahætti, að frá einu landi í Evrópu eru flutt hingað tilbúin föt, sem kosta lítið meira en efnið sjálft frá sama landi. Þarna á að minum dómi að beita undirboðstolli alveg skilyrðislaust til þess að stöðva þennan óheillainnflutning. Ég veit, að skóverksmiðjur hafa lokazt hér á landi, það er alveg rétt. En er alveg víst, að það sé umfram allt atriði fyrir okkur Íslendinga að framleiða skó? Þetta er afskaplega erfið framleiðsla og í hinum stóru og iðnþróuðu löndum talin vera ein erfiðasta framleiðslan, tízkuframleiðsla að verulegu leyti, öll framleiðsla á kvenskóm, og ég held, að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það geti verið alveg eins heppilegt, að fólk hér á Íslandi sé ekki að vinna í slíkri iðngrein, heldur í fiskiðnaði eða á öðrum sviðum iðnaðarins, sem hagkvæmari eru en slíkt. Við eigum ekki endilega að ganga á verri skóm eða borða lélegt kex, af því bara að það er framleitt í landinu. Við verðum að hafa meiri trú á sjálfum okkur og meta meira gildi iðnaðarins sjálfs, sem hefur sýnt sig, að þegar á þarf að halda, er hann virkilega samkeppnisfær, og það er fjöldamörg vara hér í búðunum í dag frá íslenzkum iðnaði, sem er fullkomlega samkeppnisfær við erlendan iðnað að gæðum og verði. Það sýndi hin merka iðnsýning á þessu hausti alveg greinilega. Og þá voru nógu margir, sem heimsóttu þá iðnsýningu, til þess að gera sér þetta ljóst.

Ég veit líka, að Norðurstjarnan í Hafnarfirði er lokuð, stórt og nýtt iðnfyrirtæki til þess að sjóða niður síld á erlendan markað. Skyldi það vera fyrir illvilja ríkisstj., að þetta fyrirtæki er lokað? Ég skipaði sérstaka n., eftir að ríkisstj. hafði haft málið til meðferðar í vetur, til þess að rannsaka aðstöðu þessa fyrirtækis, og í henni áttu sæti góðir menn: núv. ráðuneytisstjóri fjmrn., fulltrúi úr Seðlabankanum, Björgvin Guðmundsson, ef ég man rétt, og Einar Guðfinnsson útgerðarmaður í Bolungarvík, sem hlaut mikið lof hér áðan, eins og hann átti fyllilega skilið. Og það var þá sýnt, að stöðnuninni ollu ýmsar aðstæður, sem engum voru viðráðanlegar og fyrst og fremst hráefnisskortur, því að engin síld hafði veiðzt hér í Faxaflóa, frá því að fyrirtækið gat byrjað að taka við vöru, svo sem það byggði sínar áætlanir á, svo sem ýmiss konar óhöpp, íkveikja í verksmiðjunni, afköstin í byrjun ekki nógu mikil hjá íslenzku verkafólki, sem vafalaust stafar af óvana og mundi hafa lagazt, og svo getur vel verið, að of mikil bjartsýni hafi í upphafi verið í áætlunum eigenda þessa fyrirtækis.

Ríkisstj. tók þá ákvörðun í sambandi við þetta fyrirtæki, að það skyldi ekki greiða útflutningsgjald, heldur teljast til iðnaðar og greiða þá að vísu gjald til iðnlánasjóðs, sem er miklu lægra. Ríkisstj. hafði verulega hönd í bagga með, að þetta fyrirtæki fékk stofnlán í svo miklum mæli, að það gat ekki og var ekki búizt við af eigendunum, að það gæti fengið meiri stofnlán. Þegar gjaldþrot blasti þess vegna við af þessum óhöppum í sumar, ákvað ríkisstj. að forða þessu fyrirtæki frá gjaldþroti í sumar með það fyrir augum, að það sköpuðust möguleikar á þessu hausti, ef Faxaflóasíld kæmi og veiddist hér síld og aðrar aðstæður væru fyrir hendi, að það gæti haldið áfram rekstri sínum. Þetta varð ekki gert nema útvega því 3½ millj. kr. þegar á stundinni. Ríkisstj. hafði ekki þetta fé milli handanna. Iðnlánasjóður gat ekki lánað þessu fyrirtæki þetta fé, vegna þess að hann gat ekki fengið tryggingar hjá fyrirtækinu. Ég átti viðræður fyrir hönd ríkisstj. við Seðlabankann, sem lánaði iðnlánasjóði þessar 3½ millj. kr., og iðnlánasjóður lánaði þessu fyrirtæki þessar 3½ millj. kr. gegn fyrirheitum ríkisstj. um að afla sér heimildar til þess að ábyrgjast þetta lán fyrir þetta fyrirtæki, sem getur þá alveg eins farið svo, að sé vonarpeningur og tapað fé, ef ríkið tekur ábyrgð á því. En ríkisstj. á eftir að eiga um þetta viðræður við Alþ., að meta þessa aðgerð ríkisstj. Hún mun snúa sér til fjvn. með það og væntir þess, að vel verði undir þetta tekið, þegar að því kemur, bæði í hv. fjvn. og í þinginu, af því að það hefur verið talin viss þjóðarnauðsyn að gera þessa tilraun, til þess að fyrirtækið yrði ekki gert gjaldþrota í vor, og gera enn eina tilraun, til þess að það mætti halda áfram.

Það er alveg undir hælinn lagt, hvort þetta fyrirtæki fer undir hamarinn í dag eða á morgun eða þessa daga. Við sjútvmrh. vorum að ræða við formann fyrirtækisins fyrir nokkrum dögum, og ég veit ekki, hvort okkur tekst í ríkisstj. enn að halda þessu eitthvað gangandi. En ég vil aðeins, að menn geri sér grein fyrir því, að þarna eru miklir erfiðleikar í iðnfyrirtæki, sem menn höfðu tengt miklar vonir við. En að svo miklu leyti sem þetta iðnfyrirtæki kann e. t. v. ekki að komast á legg og þarf að gefast upp, sem væri mikil harmsaga, er það vissulega ekki íslenzkri ríkisstj. eða ráðstöfunum hennar að kenna.

Ég tel þess vegna, að af því, sem ég nú hef sagt, sé alveg tilgangslaus þessi till., sem hér er flutt. Hún hefur verið jafntilgangslaus á síðustu undanförnum árum. Alþ. samþykkti þessa till. á sínum tíma. Eftir henni var unnið. Það væri náttúrlega ágætt, ef hv. 5. þm. Reykv. tæki upp fleiri mál, sem sjálfstæðismenn hafa flutt á þingi, og flytti þau og gerðist talsmaður fyrir þeim. Ég mundi ekki harma það. Till. var flutt á síðasta

þingi, fór þá í n., en kom aldrei úr n. Ég veit ekki, hvort þm. Framsfl. í þeirri n., sem hafði málið til meðferðar, höfðu engan áhuga á að koma henni úr n. Það getur vel verið, að það hafi ekki verið hægt að fá meiri hl. fyrir henni, en þeir gátu gefið út minnihlutaálit til þess að marka afstöðu sína til málsins. En það kom ekki minnihlutaálit og ekkert álit. Það þurfti bara að flytja till., segja nokkur falleg orð, eins og hv. 5. þm. Reykv. sagði hér áðan í sambandi við flutning hennar.

Ég vil mega vona, að við getum sameinazt hér á þingi og þá í öllum flokkum um raunhæf úrræði og raunhæfari úrræði heldur en enn hafa verið á boðstólum fyrir hönd iðnaðarins. En ég vil mælast til þess, að við leggjum á hilluna sýndarmennskuna, sem iðnaðinum verður ekki til góðs, og þennan sífellda barlóm um, að þessi atvinnugrein sé á vonarvöl, sem ég hef oft áður sagt, að hefur ekkert gert annað en verða þessari merku og ágætu íslenzku atvinnugrein til stórtjóns.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) vék nokkrum orðum að mér í ræðu sinni hér áðan, og langar mig þess vegna til þess að leggja örfá orð í belg.

Hv. þm. sagði, að iðnaðurinn hefði búið og byggi við algerlega óeðlileg lánsfjárhöft. Því aðeins væri hægt að taka svona til orða, að það fé, sem bankakerfið hefur lánað til iðnaðarins undanfarið, væri hlutfallslega mun minna en numið hefur útlánaaukningu í heild eða því fé, sem bankakerfið hefur haft til ráðstöfunar til útlána. Hvernig eru staðreyndirnar um þetta efni? Frá 1. sept. 1965 til sama dags 1966 jukust útlán viðskiptabankanna til iðnaðarins um 23%. (Gripið fram í.) Nei, heildarútlánaaukningin nam einnig 23%. Útlánaaukningin til iðnaðarins er hlutfallslega nákvæmlega sú sama og útlánaaukningin í heild. Ef tekið er árið á undan, 1. sept. 1964 til 1. sept. 1965, var útlánaaukning til iðnaðarins 23½%, en heildarútlánaaukningin á því tímabili 12%. Þessar tölur taka af öll tvímæli um það, að ekki er ástæða til þeirra ummæla, sem hv. þm. viðhafði.

Ég verð að hafa fyrirvara um það, hvort það kann að vera rétt hjá hv. þm., að síldarverksmiðjurnar séu í þessum tölum. Ég sé það ekki alveg, en það er ekki útilokað, að svo sé. Það þyrfti ég að athuga betur. (Gripið fram í.) Sundurliðunin er ekki svo nákvæm, sem ég hef hér fyrir framan mig, að ég geti sagt um það. Auðvelt er að fá úr því skorið. Það er sjálfsagt að hafa það, sem sannara reynist í þessum efnum. (Gripið fram í.) Já, ég vildi bara hafa sagt þetta, því að ég sé það ekki á tölunum, sem ég hef fyrir framan mig.

Þá gerði hv. þm. samanburð á endurkeyptum víxlum hjá Seðlabankanum og útflutningsverðmætinu á nokkurra ára bili. Slíkur samanburður er alveg út í hött. Endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum miðast við og hafa alltaf verið miðuð við verðmæti birgða af útflutningsvöru. En síðan 1961 hafa reglur Seðlabankans um þetta efni verið algerlega óbreyttar, hlutfallstalan hvorki verið aukin né heldur minnkuð. Seðlabankinn hefur síðan 1961 lánað 55% út á verðmæti útflutningsbirgða. Áður var þetta hlutfall nokkru hærra og hafði komizt allt upp í 67%. En þess er þá að geta, að algerlega eðlilegt var að lækka þetta hlutfall 1961, m. a. vegna þess, að þá voru samþ. lög og hafin framkvæmd á breytingu stuttra lána til sjávarútvegs í löng lán, og á árunum 1961—1962 var hvorki meira né minna en 300 millj. kr. af stuttum lánum sjávarútvegsins breytt í samningsbundin, föst lán. Þess vegna er eðlileg afleiðing af þessu, að nokkur lækkun yrði á því hlutfalli, sem Seðlabankinn lánar út á útflutningsafurðir.

Í framhaldi af þessu langar mig til þess, og ég vona, að hæstv. forseti misvirði það ekki við mig, að skýra frá athugun, sem ég hef gert á mikilvægum ummælum hv. þm. í ræðu hér á miðvikudaginn var um mjög skylt mál, um hlutverk Seðlabankans í þágu íslenzks efnahagslífs og íslenzks fjármálalífs. Hann fór í ræðu sinni með tölur um endurkaup afurðavíxla Seðlabankans, hvernig þau hefðu breytzt á nokkrum undanförnum árum, bar nokkurra ára gamla tölu, sem hann tók, saman við tölu endurkaupa í árslok 1965, benti á, að þetta hlutfall væri mjög lágt og miklu lægra en næmi aukinni rekstrarfjárþörf atvinnuveganna á sama tíma, og lagði síðan út af þessu í tveimur ræðum. Ég hafði auðvitað ekki aðstöðu, sitjandi í mínum stól undir umr. og takandi þátt í umr., til þess að prófa sannleiksgildi þessara talna. Mér þótti þær satt að segja mjög undarlegar, en það vona ég að allir skilji, að meðan á ræðuhöldum stendur, er ekki aðstaða til þess að skoða frumgögn til þess að sannreyna, hvort rétt eða sanngjarnlega er á málum haldið. En þetta hef ég gert síðan, og hér er satt að segja um að ræða svo skýrt skóladæmi um óheiðarlegan málflutning, að mig langar til þess að gera nákvæma grein fyrir því, hvernig hv. þm. vann í þessu tilfelli og hvernig því miður hv. stjórnarandstaða allt of oft vinnur í sínum rökstuðningi og við meðferð einfaldra talna. Hér er um svo einfalt dæmi að ræða, að það má skýra það til botns á örfáum mínútum.

Hv. þm. er að leita að röksemd fyrir því, að Seðlabankinn og bankakerfið þjóni illa íslenzkum atvinnuvegum og þjónusta þeirra við íslenzka atvinnuvegi hefði versnað á undanförnum árum. Þetta er það, sem hann langar til þess að segja. Nú fer hann í skýrslu Seðlabankans, í Fjármálatíðindi, og leitar að röksemdum fyrir þessu. Þá gerir hann ekki það, sem hann hefði auðvitað átt að gera, að taka útlánaaukningu bankakerfisins alls í þágu atvinnulífsins í heild eða einstakra atvinnugreina á því árabili, sem hann hefur áhuga á. Það gerir hann ekki. Nei, hann

tekur eingöngu einn þátt málsins, þ. e. endurkaup afurðavíxla hjá Seðlabankanum, og gerir samanburðinn þar, sem er auðvitað ekki nein heildarmynd, eins og ég mun víkja nánar að á eftir. Hann flettir upp í Fjármálatíðindum, hver hafi verið endurkaup afurðavíxla í árslok 1965, þ. e. 1165 millj. kr. Svo vill hann fara aftur í tímann, og ef hann hefði verið sjálfum sér samkvæmur og sínum málflutningi svo að segja undantekningarlaust í öðrum efnum, hefði hann átt að bera saman við árslok 1958, þau árslok, þegar sú stjórn, sem við sameiginlega stóðum að, fór frá. En hann kemst ekki hjá því að lesa nokkrar tölur í kringum árið 1958, sérstaklega á eftir, og þær tölur, sem hann hlýtur að hafa rekið augun í í þessari skýrslu Fjármálatíðinda, eru þessar: Endurkaup afurðavíxla námu í árslok 1958 645 millj., í árslok 1959 857 millj. og 1960 737 millj. Hér hefur það m. ö. o. gerzt á þriggja ára tímabili, að mjög óvenjuleg breyting verður á endurkaupum afurðavíxla. Þau hækka frá 1958—1959 um meira en 200 millj. kr. Ef hann hefði litið nokkuð í kringum sig, eins og ég talaði um, hefði hann séð, að þetta er algerlega óvenjuleg breyting, sem þarna á sér stað, og hlýtur að eiga sér einhverjar alveg sérstakar skýringar. Hann gerir ekki það, sem hann er annars vanur að gera, að bera saman við árið 1958, því að ef hann hefði gert það, hefði hann komizt að raun um, að aukning afurðakaupa frá 1958—1965 er 81%. Aukning afurðakaupa frá 1958 til ársloka 1965 er 81%. Nei, það, sem hann gerir, er eins og óvandaðir og óheiðarlegir menn gera í málflutningi. Hann tekur hæstu töluna, sem hann finnur á þessu árabili, til þess að bera saman við töluna í árslok 1965 til að fá sem allra lægsta prósentuaukningu. Þannig fær hann prósentuaukninguna, sem hann var alltaf að hampa hér á miðvikudaginn var, 36%, og leggur út af í tveimur ræðum. Hugsið ykkur, hv. alþm., hugsið ykkur, þið, sem fáið að lesa fregnir af þessari ræðu minni: endurkaup afurðavíxla Seðlabankans hafa ekki aukizt á 6 árum síðan 1959 nema um 36%. Og þetta er miklu, miklu minna en sú aukning, sem hefur orðið á framfærslukostnaði og lánsfjárþörf atvinnuveganna. — En eins og ég segi, ef hann hefði tekið það ár, sem hann er vanur að taka til samanburðar, er aukningin 81%. Ef hann hefði tekið ári seinna, 1960, er aukningin 58%. En auðvitað tók hann og án nokkurra frekari skýringa árið 1959. Ég væni hann ekki um þá grunnhyggni að gera sér ekki grein fyrir því, að það er sérstök ástæða fyrir því, að endurkaupin vaxa á árinu 1959 alveg óvenjulega. Þá tekur hann auðvitað þá tölu, sem gaf honum frá hans sjónarmiði séð bezta útkomu, og lagði út af henni, þó að augljóst væri, að einhver sérstök ástæða lægi til grundvallar. Og hver er ástæðan fyrir því, að talan í árslok 1959 er alveg óvenjulega há, svo óvenjulega há, að hún lækkar á árinu 1960 um 120 millj. kr., hafði aukizt frá árinu áður um meira en 200 millj. og lækkar aftur um 120 millj. kr.? Hver er skýringin á þessum alveg óvenjulega toppi? Skýringarnar eru tvær: Eins og alltaf getur komið fyrir, voru birgðir í árslok 1959 alveg óvenjulega miklar. Þó er það ekki aðalskýringin, heldur hin algerlega óvenjulega skýring, sú, að um var að ræða verulegan hala af útflutningssjóði, sem um þessar mundir var einmitt verið að jafna út, og þessi hali á honum í þessu máli var yfir 200 millj. kr. Þannig stendur á því, að endurkaup afurðavíxlanna á árinu 1959 eru alveg óvenjulega há. Hér er auðvitað um að ræða tegund af málflutningi, sem er algerlega óheimill og algerlega óleyfilegur, og hefur þó ekki tekið nema tæpar 5 mínútur að sýna öllum, sem vilja vita hið sanna og hafa áhuga á heilbrigðum málflutningi, hvers konar óheilindi og hvers konar fölsun hér er í raun og veru um að ræða.

Hitt er svo annað mál, sem ég gat um áðan, að endurkaup afurðavíxlanna eru ekki nema örlítill þáttur af stuðningi bankakerfisins við útflutningsatvinnuvegina og atvinnulífið í heild, og það að bera saman breytingar á endurkaupunum einar frá frá ári til árs gefur enga heildarmynd. Það, sem auðvitað á að gera þarna, — hv. þm. var að ræða um aðstoð við sjávarútveg og landbúnað, — er auðvitað að bera saman, hvað heildarútlán bankakerfisins alls, ekki bara Seðlabankans, til þessara atvinnugreina hafa breytzt mikið á þessu tímabili. Ef maður tekur sama tímabil og hann var að tala um, er aukningin frá 1959—1965 63%, m. ö. o. næstum helmingi meiri en aukning afurðavíxlanna ein. Ef maður tekur aftur á móti heildarútlánaaukninguna á þessu sama tímabili, er hún 111%. En það sýnir ekki heldur, að sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn hafi ekki fengið eðlilegan hluta, af því að heildarútlánaaukningartalan til þessara atvinnugreina, 90 og 63%, mótast auðvitað af hinni háu grundvallartölu í árslok 1959. Ef við aftur á móti tökum þær tölur, sem hann er vanur að taka í öðrum umr., í árslok 1958, — þar er um sambærilegar tölur að ræða að þessu leyti, — er niðurstaðan sú þar, að heildarútlán bankakerfisins til sjávarútvegs og landbúnaðar hafa aukizt síðan í árslok 1958 til ársloka 1965 um 99%. En hver skyldi hafa verið heildarútlánaaukningin til allra atvinnugreina frá öllum viðskiptabönkunum? 96%. Ef maður gerir því það, sem þessi þm. er vanur að gera, ef hann fellur ekki fyrir freistingunni að verða sérstaklega óheiðarlegur í málflutningi, ef hann ber saman við árslokin 1958, hefur sjávarútvegur og landbúnaður fengið úr bankakerfinu í heild, þ. e. a. s. úr viðskiptabönkunum, svo að segja hlutfallslega alveg sömu aukningu og atvinnulífið yfirleitt eða ívið meiri, 99% aukningu miðað við 96% aukningu.

Ég hef rakið þetta svona til þess að sýna hv. þm. og öðrum dæmi um það, fyrir hvers konar freistingum hv. stjórnarandstæðingar

falla því miður allt of oft í málflutningi sínum. Það er ekki alltaf, að menn nenna að elta ólar við alla fjarstæðuna, sem frá þeim kemur, en hér fannst mér vera of langt gengið í blekkingum, svo að ég hafði fyrir því, sem raunar var mjög lítil fyrirhöfn, að rekja þetta og taldi rétt að sýna hv. þm. fram á, um hvers konar fjarstæðumálflutning og hvers konar beina fölsun hefur verið að ræða í tveimur ræðum hjá hv. þm. s. l. miðvikudag.

Að síðustu langar mig svo aftur til þess að víkja örfáum orðum að öðru atriði, sem fram fór í þessum umr. á miðvikudaginn var. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Helgi Bergs, sagði nokkur orð, og m. a. sagði hann, að ég hefði farið rangt með tölur um gjaldeyrisforða bankanna, ég hefði talið hann vera um 2000 millj. kr., en Helgi Bergs var með Fjármálatíðindin, eins og ég núna, þá hafði ég þau ekki í sæti mínu, og sagði: Þarna reiknar viðskmrh. rangt, gjaldeyrisforðinn er ekki nema 1800 millj. kr. Hann gleymdi að draga frá gjaldeyrisskuld skuldamegin í reikningi Seðlabankans. — Og að svo mæltu fór hann í sæti sitt.

Ég vildi engan veginn útiloka það, að mér kynni að hafa orðið eitthvað smávegis á við það að taka saman þær tölur, sem ég tók saman. Það getur auðvitað hent mig eins og alla aðra að skjótast yfir tölu í stórri talnaröð, svo að ég vildi ekkert um þetta segja, vildi heldur játa það, þó að seinna væri, að mér kynni að hafa skjátlazt, og þar með búið. Ég gáði samt að því rétt á eftir, hver sannleikurinn væri í þessu, og hann er því miður allt annar en hv. þm. vildi vera láta. Mín tala var rétt — ég segi ekki: hún var auðvitað rétt, — hún gat vel verið röng. Munurinn er ekki afskaplega mikill, en mín tala var rétt og hans tala röng, og ég fann á andartaki út, í hverju villa hans var fólgin. Það er rétt, að ég segi líka þessum hv. unga þm. til viðvörunar, að það er dálítið varhugavert fyrir menn, sem eru ekki mun kunnugri því, sem þeir eru að tala um, að líta í sæti sínu í flóknar skýrslur og rjúka síðan upp í ræðustól á hv. Alþ. og bera öðrum á brýn, að þeir fari rangt með tölur. Það er mjög einfalt að sýna fram á, í hverju þetta liggur. Þær tölur hef ég nú fyrir framan mig.

Efnahagsreikningur Seðlabankans er prentaður á bls. 78—79 í Fjármálatíðindum. Þar stendur: Erlendar eignir eignamegin, þetta er talan í júnílok, sem ég hafði verið með og hann sagðist líka vera með. Í júnílok eru taldar erlendar eignir 2221 millj. kr. En hann vill láta liggja að því, að ég hafi talið gjaldeyrisforðann ca. 2000 millj. kr. Hann lítur hinum megin á skuldaliðinn, og þar er liður, sem heitir erlendar skuldir, 394.6 millj. kr. M. ö. o.: hann dregur um 400 millj. frá 2200 millj. og segir: Nettógjaldeyriseignin er 1800 millj. Þess vegna hlýtur tala viðskmrh. að vera röng. — En ef ég hefði áttað mig á því, að þetta væri svona einfalt, hefði ég getað svarað þessu á stundinni, hefði ég haft tölurnar fyrir framan mig. En gjaldeyrisforðinn er meira en liðurinn erlend eign á reikningi Seðlabankans. Gjaldeyrisforðinn er líka gullforði Seðlabankans, sem er 43.7 millj. og gulleign Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem er 161.3 millj., svo að brúttógjaldeyrisforði landsmanna er 2426 millj. kr. Frá því dró ég að sjálfsögðu, eins og þm. gerði, erlendar skuldir bankans, 394.6 millj. kr., og þá er útkoman 2031.4 millj. kr. Þetta hafði ég kallað um það bil 2000 millj. kr. Vona ég, að þetta verði þessum hv. þm. til viðvörunar í framtíðinni.

Umr. frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 2. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja mjög þessar umr., enda sízt ástæða til þess af mér, þar sem ég er einn af flm. þessarar till. og hef að sjálfsögðu áhuga á, að hún komist sem fyrst til n. og fái afgreiðslu hér á þingi. Ég kemst hins vegar ekki hjá því, að svara nokkrum atriðum, sem komu fram á seinasta fundi í ræðum tveggja hæstv. ráðh. og þykir mér leitt, að annar þeirra skuli ekki vera hér viðstaddur til þess að heyra þau svör, sem ég hef fram að flytja við því, sem hann sagði.

Hæstv. iðnmrh. lét þau orð falla um þessa till., sem hér liggur fyrir, að hún væri sýndarmennska. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki íhugað það fyllilega, að hverjum hann beindi þessum orðum fyrst og fremst, því að eins og ég hef ekki farið leynt með, hef ég margoft bent á, að það var einn af hv. þm. Sjálfstfl., sem upphaflega gerðist flm. þessarar till. hér á Alþ., og án þess að ég sjái nokkra ástæðu til þess að vera sérstaklega að bera blak af honum, held ég, að honum hafi ekki gengið nein sýndarmennska til með því að flytja þessa till. Síðan þessi till. var samþ. hér á Alþ. og ekki hefur verið gert neitt til að framfylgja henni af hálfu hæstv. stjórnarvalda, hefur það hvað eftir annað gerzt, ekki einu sinni á ári, heldur oft á hverju ári, að samtök iðnaðarmanna, bæði Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, hafa krafizt þess, að Seðlabankinn endurkeypti framleiðsluvíxla iðnaðarins eftir sömu reglum og hann kaupir af landbúnaði og sjávarútvegi, og það er alveg víst, að þessum mönnum gengur ekki nein sýndarmennska til með því að gera kröfu um þetta. Þessi till. er borin fram hér á Alþingi bæði af þeim manni, sem upphaflega flutti hana, af mér og öðrum og af iðnaðarmönnum í landinu, vegna þess að það er fyllsta þörf fyrir þá úrlausn, sem hún gerir ráð fyrir.

Iðnmrh. var ákaflega upp með sér af því, sem ríkisstj. hefði gert fyrir iðnaðinn, og vildi, að því er mér heyrðist, halda því fram, að allt væri þar í fyllsta lagi, nóg lán, sem

iðnaðurinn fengi, og annað þar fram eftir götunum. Ég held, að verkin sýni bezt merkin í þessum efnum og vitnisburði iðnaðarfyrirtækjanna sjálfra sé meira að marka í þessum efnum heldur en það, sem hæstv. iðnmrh. var að bera hér á borð. En sá vitnisburður er á þá leið, að mörg iðnaðarfyrirtæki hafa orðið að draga stórlega saman starfrækslu sína á undanförnum árum og undanförnum mánuðum. Sum hafa alveg orðið að hætta. Og m. a. eitt stórt iðnaðarfyrirtæki, sem einn af hv. alþm. rekur, hefur orðið að draga verulega saman starfsemi sína síðustu mánuðina, eins og kunnugt er. Þetta stafar einfaldlega af því, hvað sem ráðh. segir, að ríkisstj. hefur ekki nægan skilning á málum iðnaðarins og vill ekki leysa úr þörfum hans á þann hátt, sem nauðsynlegt er.

Ég gaf líka skýringu á því á seinasta fundi, af hverju þetta skilningsleysi ríkisstj. stafar. Það er að finna í mjög svo merkilegri ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti, að því er mig minnir, á flokksráðsfundi hjá Sjálfstfl. fyrir nokkru, þar sem hann tekur það beint fram og það oftar en einu sinni, að íslenzkur iðnaður sé alls ekki samkeppnisfær við erlenda iðnaðarframleiðslu, og vegna þess að hæstv. iðnmrh. var að halda því fram, að ég hefði skýrt rangt frá ummælum hæstv. forsrh., finnst mér rétt að rifja þau hér upp, því að þau staðfesta fullkomlega það, sem ég hélt fram um þetta efni, og ég var ekki á neinn hátt að snúa út úr ummælum hæstv. forsrh. Í þessari ræðu kemst ráðh. þannig að orði um iðnaðinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Við skulum einnig horfa á iðnaðinn. Það gefur auga leið, að hinn íslenzki smáiðnaður á mjög erfitt með að standast samkeppni við erlenda fjöldaframleiðslu."

Er þetta ekki alveg skýrt, sem hann segir þarna? Það gefur auga leið, að hinn íslenzki smáiðnaður á mjög erfitt með að standast samkeppni við erlenda fjöldaframleiðslu. Svo heldur hann áfram:

„Menn verða að gera upp hug sinn um, hvort þeir styðji hinn íslenzka smáiðnað til þess að halda lífi gegn þessari erlendu fjöldaframleiðslu. En þá verður í fyrsta lagi að gæta þess, að jafnt iðnaður sem aðrir hafa gott af vissu aðhaldi. Hætt er við of miklum kostnaði, ef aðili verður aðhalds- eða samkeppnislaus. En ef við viljum, eins og gert hefur verið, veita innlendum iðnaði vernd, þá kostar sú vernd það, að við verðum að borga meira verð heldur en ella fyrir vöruna. Sumir, sem býsnast yfir verðbólgunni, segja, að verðbólgan sé að drepa iðnaðinn. En einmitt iðnaðurinn á sinn þátt í okkar háa verðlagi."

Er nú hægt að segja það öllu skýrar en þetta, að iðnaðurinn sé ekki samkeppnisfær við erlenda framleiðslu, og þess vegna, ef við viljum halda þessum iðnaði við í landinu eða vernda hann, eins og þarna er komizt að orði, getum við ekki gert það á annan hátt en þann, að við verðum að búa við meiri dýrtíð og hærra verðlag en ella? En það er ekki allt búið hjá hæstv. ráðh. Hann segir enn fremur í þessari ræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég segi það enn og aftur, að sjálfsagt er og eðlilegt að halda iðnaðinum við, en það kostar, að við hljótum að hafa hærra verðlag en ella. Við verðum að leggja á útflutningsframleiðslu okkar meiri byrðar hlutfallslega en aðrir, til þess að þetta verði gert."

Er þetta ekki alveg skýrt? Er þetta ekki fullkomlega staðfesting á því, sem ég sagði, að hæstv. forsrh. hefði haldið því fram, að íslenzkur iðnaður væri ekki samkeppnisfær við erlenda framleiðslu? Þess vegna getur hæstv. iðnmrh. ekki með neinu móti haldið því fram, að ég hafi verið að snúa eitthvað út úr orðum hæstv. forsrh. Ég vitnaði í þau eins og þau voru sögð, en því til staðfestingar hef ég lesið þessi ummæli forsrh. upp.

En ég vil í tilefni af þessu láta það koma enn fram til viðbótar því, sem ég hef áður sagt, að ég álít þessi ummæli ráðh. fullkomlega röng, vera hreinan sleggjudóm, byggðan á röngum forsendum. Forsrh. byggir þessi ummæli sín á því ástandi, sem er í dag, á því ástandi í efnahagsmálum, sem stjórnarstefnan er búin að skapa. En það er náttúrlega ekki sá rétti grundvöllur til að miða við í þessum efnum. Ástandið er þannig í dag vegna stefnu og aðgerða hæstv. ríkisstj., að innlend framleiðsla býr við mjög óhagstæða gengisskráningu. Innlendir atvinnuvegir búa einnig við stórfelldan lánsfjárskort, sem þekkist ekki í þeim löndum, sem við þurfum að keppa við, búa við miklu hærri vexti en í þeim löndum, sem við þurfum að keppa við, og til viðbótar þessu kemur svo sjálf verðbólgan. Undir þessu efnahagsástandi, sem núv. ríkisstj. hefur skapað, er algerlega rangt að gera samanburð á framleiðsluhæfni íslenzkra atvinnuvega og erlendra atvinnuvega. Ef hér væri hins vegar eðlilegt ástand og svipað efnahagsástand og í þeim löndum, sem við þurfum að keppa við, bæði hvað snertir verðbólguþróunina, hvað snertir lánsfjármöguleikana og hvað snertir vextina, er ég alveg sannfærður um það, að íslenzkur iðnaður í fjölmörgum greinum er fullkomlega samkeppnisfær, enda hefur hann sýnt það á margan hátt, þrátt fyrir þá aðstöðu, sem hann býr við núna, að hann er samkeppnisfær. En undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, er ekki hægt að ætlast til þess, að hann sé samkeppnisfær, enda er hann það ekki heldur nema að mjög takmörkuðu leyti. En ríkisstj. gerir sér ekki grein fyrir þessu. Hún er búin að lofa því að beita sér fyrir aðgerðum til þess að létta eitthvað aðstöðu bátaútvegsins, hraðfrystihúsanna og togaraútgerðarinnar, en hún hreyfir ekki legg né lið til að bæta neitt aðstöðu iðnaðarins í landinu, nema þá ef vera skyldi veiðarfæraiðnaðarins, en hyggst þó hins vegar gera það með þeim hætti, að það vekur hreina furðu, hverjar

fyrirætlanir ríkisstj. eru í þeim efnum, því að það á að gera það með því að leggja skatta á atvinnugreinar, sem ekki eru betur komnar en veiðarfæraiðnaðurinn, og sjá allir, að í þess háttar skattlagningu er ekki fólgin nein lausn.

Nei, þeirri staðreynd verður ekki á móti mælt, hversu oft sem hæstv. iðnmrh. kemur hingað upp og hælir sér af gerðum sínum í því starfi, að íslenzkur iðnaður býr í dag við mjög óhagstæða rekstraraðstöðu og hallarekstur á mörgum sviðum. Og það stafar fyrst og fremst af því, hvernig ríkisstj. hefur hagað efnahagsmálastefnu sinni.

Hæstv. iðnmrh. reyndi að blása það talsvert út, að Seðlabankinn hefði fyrir nokkru gefið út einhverja reglugerð um endurkaup á víxlum iðnaðarins. Ég held, að það sé alveg ástæðulaust fyrir hæstv. iðnmrh. að vera nokkuð að státa af þessu, vegna þess að það liggja fyrir alveg skýrar og ótvíræðar yfirlýsingar iðnaðarmanna sjálfra um, að þannig sé frá þessum reglum gengið, að þær komi iðnaðinum að sáralitlum eða engum notum.

Þá vildi hæstv. iðnmrh. halda því fram, að það væri ekki framkvæmanlegt nema í mjög litlum mæli að kaupa slíka víxla af iðnaðinum á sama hátt og landbúnaði og sjávarútvegi. Þetta er náttúrlega fullkomin fjarstæða. Ef vilji væri fyrir hendi, á ekki að vera neitt erfiðara að kaupa slíka víxla af iðnaðinum heldur en af landbúnaði og sjávarútvegi. Það er alveg hægt að setja fullgildar reglur um það eins og um endurkaupin af landbúnaðinum og sjávarútveginum. (**Dómsmrh.**: Vill ekki þm. nefna einhver dæmi?) Ég þarf ekki að nefna nein dæmi, vegna þess að þetta gildir svo að segja um allar tegundir iðnaðar, að það er alveg eins hægt að kaupa hráefnisvíxla og framleiðsluvíxla af þeim atvinnugreinum eins og af sjávarútvegi og landbúnaði. Ég held hins vegar, að það væri fróðlegt að heyra hæstv. ráðh. nefna einhver dæmi um, að það sé ekki hægt að kaupa slíka víxla af iðngreinum, sem á annað borð eru taldar nauðsynlegar og rétt sé að halda uppi í landinu.

Ég segi það enn og aftur, svo að ég noti setningu, sem annar merkur maður notar nokkuð oft, — ég segi það enn og aftur, að ríkisstj. hefur búið illa að iðnaðinum, búið þannig að honum, að hann býr nú við stórfellda rekstrarerfiðleika og hallarekstur, og þetta stafar af því, eins og ég áðan sagði, að ríkisstj. hefur ekki næga trú á þessari atvinnugrein.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri í tilefni af því, sem hæstv. iðnmrh. sagði, þó að það væri ástæða til þess að gera fleiri atriði, sem komu fram í ræðu hans, að umtalsefni.

Ég vil þá snúa mér að hæstv. viðskmrh. Hann kom hér upp og þóttist nú heldur betur geta sagt, að ég hefði farið með falskar tölur í sambandi við þann lánsfjárskort, sem sparifjárfrystingin hefur skapað. Ég ætla nú að rifja það upp, sem ég sagði í þeim efnum, að vísu í ræðu um annað mál heldur en þetta.

Ég sagði, að ef borin væru saman endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum í árslok 1959 og 1965, væri aukningin ekki nema 36%, þrátt fyrir það að rekstrarkostnaður fyrirtækja á þessum tíma hefði aukizt frá 150—170%. Þessar tölur voru að mínum dómi alveg nægar til þess að sýna, hversu stórfelldlega hefur dregið úr þjónustu Seðlabankans við atvinnuvegina á þessum tíma. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri alls ekki rétt að miða við árið 1959, og það þótti mér satt að segja skrýtið, því að ég hélt, að hann vildi ekki gera neitt lítið úr því, sem gerðist á því ári, því að það var árið, sem Alþfl. sat hér að völdum. En ástæðan til þess, að ég tók árið 1959, var sú, að það var líka árið, sem núv. ríkisstj. kom til valda, og þess vegna var ekki fjarri lagi að miða einmitt við þann tíma, sem ríkisstj. kom til valda, og svo aftur ástandið í dag. En hæstv. ráðh. vildi nú halda því fram, að það væri betra að miða við árið 1958 í þessum efnum. Og ég skal ganga að því við hæstv. ráðh., að það sé gert, þó að það sé að vísu nokkru hagstæðara fyrir Seðlabankann. Mér skilst, að eftir því sem hæstv. ráðh. reiknaði út, væri aukningin á endurkaupum Seðlabankans frá þeim tíma eitthvað í kringum 80%, en eins og ég áðan sagði, hefur rekstrarkostnaður atvinnufyrirtækjanna alltaf aukizt um 150—170% á þessum tíma og raunar meira, ef tekið er meðaltal af árinu 1968, og sjá þá allir, að þrátt fyrir það að þessi tala sé tekin, er hér um stórfellda samdrátt að ræða. En hæstv. ráðh. hefði einnig átt að taka árið 1960, vegna þess að það var síðasta árið, áður en þær reglur komu í gildi um endurkaup Seðlabankans, sem nú eru í gildi. Og ef við tökum það ár, verður niðurstaðan sú, að endurkaup Seðlabankans á árinu 1965 voru minni en á árinu 1960. En það er alveg sama: hvaða talnaleik sem við hæstv. viðskmrh. höfum frammi í þessum efnum, verður niðurstaðan alltaf sú sama, og það verður ekki hægt að hagga henni, að það hefur dregið stórkostlega á þessu tímabili úr þeirri þjónustu, sem Seðlabankinn veitir framleiðsluatvinnuvegunum. Og Seðlabankinn hefur gert meira en þetta. Hann hefur gert meira en að draga úr sinni eigin þjónustu við atvinnuvegina. Hann hefur líka með sparifjárfrystingunni þrengt stórkostlega að viðskiptabönkunum, að þeir geti veitt atvinnuvegunum eðlilega þjónustu. Og nú ætla ég að koma að þeim tölum, sem hæstv. ráðh. nefndi og sérstaklega áttu að sýna það, að ég hefði farið með rangt mál í þessum efnum.

Ég hélt því fram, og þær tölur styðjast við Fjármálatíðindin, að frá því í árslok 1959 og þangað til í árslok 1965 hefðu heildarútlán viðskiptabanka og sparisjóða aukizt um 111%. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri réttara af mér í þessum efnum eins og fleiru að miða við 1958, og það gerði hann líka. En hver var

svo niðurstaðan, sem hann kom með? Niðurstaða hans var sú, að frá því í árslok 1958 og þangað til í árslok 1965 hefðu heildarlán bankakerfisins til landbúnaðar og sjávarútvegs aukizt um 99% eða talsvert minna en þá tölu, sem ég greindi og ég nefndi hér áðan, þannig að þessi samdráttur í útlánum til atvinnuveganna hefur, eftir því sem sjálfur ráðherrann upplýsir, orðið enn meiri en ég hafði þó haldið fram. Og það gefur auga leið, hvaða þýðingu þetta hefur haft fyrir atvinnuvegina og atvinnureksturinn í landinu, þegar heildarlánin til undirstöðu-framleiðsluatvinnuveganna hafa ekki aukizt nema um 99%, á meðan sannanlegt er, að rekstrarkostnaður þeirra hefur alltaf aukizt um 150—170%. Svona stórfelldur samdráttur hlýtur einhvers staðar að koma niður, og hann sýnir sig líka glöggt um þessar mundir í hinum stórfelldu rekstrarfjárerfiðleikum, sem svo að segja allar atvinnugreinar í landinu þurfa að glíma við.

Ég tel, að með þessari frystingarstefnu eða samdráttarstefnu, sem ríkisstj. hefur látið Seðlabankann halda uppi, eigi hún stóran þátt í þeim erfiðleikum, sem atvinnuvegirnir eiga nú við að búa, og þetta sé stærsta ástæðan til þeirra vandræða, sem við er glímt, ásamt sjálfri verðbólgunni. Og í raun og veru á þetta líka sinn þátt í verðbólgunni, vegna þess að lánsfjárskortur verður þannig, að bæði verður rekstur fyrirtækjanna miklu óhagkvæmari en ella og auk þess eru skertir svo að segja allir möguleikar þeirra til þess að auka framleiðnina og gera reksturinn ódýrari á þann hátt, enda er það greinilega játað í því, sem Efnahagsstofnunin hefur sagt um þessi mál í skýrslu sinni til Hagráðs.

Mér finnst rétt að víkja enn einu sinni að þeirri afsökun, sem hæstv. ráðh. hafa stundum verið að reyna að færa fyrir sparifjárfrystingunni, en hún er sú, að hún hafi verið notuð til þess að koma upp gjaldeyrisvarasjóði. Þetta mál er samt þannig vaxið, að þegar hæstv. ráðh. voru á sínum tíma að mæla með Seðlabankal. hér á Alþ. og sérstaklega með ákvæðum Seðlabankal. um sparifjárfrystinguna, minntust þeir aldrei á það einu orði, að það ætti að taka sparifjárfrystinguna upp til þess að koma upp gjaldeyrisvarasjóði. Það var hins vegar sagt, og það má vitna í bæði ummæli hæstv. viðskmrh. í þeim efnum, ummæli Birgis Kjarans, ummæli Ólafs Björnssonar um það, að þetta væri eingöngu gert til þess að tryggja, að Seðlabankinn gæti haft taumhald á útlánastarfsemi í landinu, og það til þess að tryggja innistæður viðskiptabankanna, — aldrei einu orði minnzt á það þá, að sparifjárfrystingin væri gerð til þess að koma upp gjaldeyrisvarasjóði. Hins vegar var tekið fram í grg. fyrir frv., að það væri ætlunin að koma upp gjaldeyrisvarasjóði á allt annan hátt eða með því að nota, eins og það er orðað þar, þá eðlilegu aukningu, sem verði á seðlaútgáfunni, — vegna þess að verðmætaaukningin vaxi í landinu, eigi að nota hana til þess að koma upp gjaldeyrisvarasjóði. Ég verð líka að segja það og vík ekki frá því, að hversu nauðsynlegur sem gjaldeyrisvarasjóður kann að vera, álít ég enn þá nauðsynlegra og enn þá þýðingarmeira fyrir gjaldeyrisstöðu landsins, að það sé komið fótum undir atvinnuvegina á þann veg, að þeir geti borið sig og tekið framleiðslu í sína þjónustu í sívaxandi mæli.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að þessu sinni að hafa þessi orð mín öllu fleiri, vegna þess að ég vil líka flýta fyrir því, að málið komist í n. En ég vil að lokum segja það, að ég vænti þess, að þegar hæstv. ráðh. og fylgismenn þeirra hafa athugað þessi mál betur að nýju, sjái þeir, að það eru réttmætar kröfur, sem bæði Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna bera fram, þegar þessi samtök æskja þess, að iðnaðurinn fái að búa við sama borð í þessum efnum og sjávarútvegur og landbúnaður. En ég vil jafnframt taka fram, að ég álít þetta ekki fullnægjandi, vegna þess að ég álít, að bæði landbúnaður og sjávarútvegur búi við lánsfjárskort, sem eigi að bæta úr, og það eigi að bæta þeim það, jafnframt því sem iðnaðurinn fær bæði þessa lausn og enn betri í sambandi við lánamálin.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður gerði að umræðuefni orð, sem hann las upp úr ræðu, sem ég hélt á flokksráðsfundi sjálfstæðismanna ekki alls fyrir löngu. Af þessu tilefni þykir mér rétt, að sá kafli ræðunnar, sem hann las einstakar setningar úr, sé lesinn hér upp í heild, og geri ég það, með leyfi hæstv. forseta:

„Við skulum einnig horfa á iðnaðinn. Það gefur auga leið, að hinn íslenzki smáiðnaður á mjög erfitt með að standast samkeppni við erlenda fjöldaframleiðslu. Menn verða að gera upp sinn hug um, hvort þeir styðji íslenzkan smáiðnað til þess að halda lífi gegn þessari erlendu fjöldaframleiðslu. En þá verður í fyrsta lagi að gæta þess, að jafnt iðnaður sem aðrir hafa gott af vissu aðhaldi. Hætt er við of miklum kostnaði, ef aðili verður aðhalds- eða samkeppnislaus. En ef við viljum, eins og gert hefur verið, veita innlendum iðnaði vernd, þá kostar sú vernd það, að við verðum að borga meira verð heldur en ella fyrir vöruna. Sumir, sem býsnast yfir verðbólgunni, segja, að verðbólgan sé að drepa iðnaðinn. En einmitt iðnaðurinn á sinn þátt í okkar verðlagi.

Lítið samræmi er í því að segja, að erlend samkeppni sé að drepa iðnaðinn og þess vegna verði að gera ráðstafanir til þess að halda iðnaðinum við með því að halda verndartollum eða hækka þá, þ. e. veita honum sérréttindaaðstöðu til verðákvörðunar, og heimta jafnframt, að verðlagið lækki. Þeir menn, sem með þessu móti þykjast vera málsvarar

iðnaðarins, eru í raun og veru að berjast fyrir háu og hækkandi verðlagi í landinu, — að berjast fyrir verðbólgu, ef svo má segja. Jafnframt segi ég alveg hiklaust: Reynslan er búin að kenna okkur, að við verðum að hafa margs konar iðnað í landinu. Við lærðum það á millistríðsárunum, að atvinnuöryggi krefst þess, að hér sé margbreytilegur iðnaður. Þess vegna er mikið á sig leggjandi til þess að hafa iðnað. Við lærðum það líka á stríðsárunum, að það getur verið okkur lífsnauðsyn að hafa eigin iðnað. Við sjáum það einnig af tilteknum dæmum, að ef íslenzkur iðnaður fellur í rústir, hækka erlendir framleiðendur sína vöru, þannig að við verðum að borga meira en ella. Þess vegna er íslenzkur iðnaður einn þáttur í því að halda hér uppi sérstöku og sjálfstæðu þjóðfélagi. En hann kostar það, að við verðum að hafa hærra verðlag en ella. Mennirnir, sem annars vegar skamma ríkisstj. fyrir verðbólgu og segja hins vegar, að það sé verið að drepa iðnaðinn með erlendri samkeppni, heimta meiri verðbólgu, þeir heimta meiri verðhækkanir heldur en ríkisstj. hefur talið verjanlegar. Menn verða að gera sér grein fyrir afleiðingum þess, sem þeir halda fram. Ég segi það enn og aftur, að sjálfsagt er og eðlilegt að halda iðnaðinum við, en það kostar, að við hljótum að hafa hærra verðlag en ella. Við verðum að leggja á útflutningsframleiðslu okkar meiri byrðar hlutfallslega heldur en aðrir, til þess að þetta verði gert."

Þetta er sá kafli í minni ræðu, sem fjallaði um iðnaðinn. Nú skora ég á hv. þm. að sanna með rökum, að eitt einasta atriði í þessu sé rangt, og ég skora einnig á hann að sýna fram á, að þetta sé merki þess, að stjórnin sé iðnaðinum fjandsamleg eða vilji hann feigan. Ég segi þvert á móti, að ég telji íslenzkan iðnað vera þjóðinni lífsnauðsyn. Ég tel hann vera einn meginþátt sjálfstæðis þjóðarinnar.

En veit nú ekki hv. þm. jafnvel svo mikið um þau efni, sem hann stöðugt er að skrafa um, að það er ein meginástæðan fyrir þessum efnahagsbandalögum, bæði EFTA og Efnahagsbandalagi Evrópu, fyrir velgengni Bandaríkjanna og Sovét-Rússlands umfram ýmis smærri lönd, að þar hafa skapazt stórir markaðir, sem gera fjöldaframleiðslu tollalausa mögulega og gera þar með kleift að hafa verð á framleiðslunni miklu lægra en þar sem smár markaður er? Veit hv. þm. ekki t. d., að það hefur verið munur á löndum, ekki ólíkari en t. d. Danmörku og Svíþjóð, að ýmsar vörur hafa verið ódýrari í Svíþjóð, vegna þess að þar hefur verið hægt að koma við meiri fjöldaframleiðslu heldur en í Danmörku? Veit ekki hv. þm., að ein af ástæðunum til þess, að Bretar vilja ýmsir nú komast inn á Evrópumarkaðinn, inn í Efnahagsbandalagið, er sú, að þeir segja, að ef þeir gætu fengið þann stærri markað, sem þeim skapaðist þar með, gætu þeir framleitt vöruna ódýrari en þeir gera fyrir hinn brezka markað, og er þó brezki markaðurinn töluvert stærri t. d. en hinn íslenzki markaður?

Allt þetta eru svo augljós sannindi, að það sýnir gersamlega fávizku og blindu á eðli vandamálanna, sem við er að glíma fyrir litla þjóð með ríkar sjálfstæðishugmyndir, að hv. þm. skuli dirfast hér að reyna að fara að snúa út úr orðum mínum á þann veg, að þau sýni fjandskap ríkisstj. í garð iðnaðarins. Auðvitað er það því miður svo, að það er erfiðara og dýrara að framleiða fyrir smáan markað en stóran. Þess vegna er það sízt ofsögum sagt, að íslenzkur iðnaður á erfitt með að standast samkeppni við vörur, sem fluttar eru erlendis frá og hafa verið framleiddar í fjöldaframleiðslu. Íslenzkur iðnaður varð ekki svo mjög var við þetta, meðan innflutningshöft giltu og meðan mjög háir verndartollar eru. En eftir að innflutningshöftin eru úr sögunni og treyst er á verndartolla eina, verður þetta mun erfiðara fyrir iðnaðinn. Þetta gera allir menn sér ljóst. En þetta merkir ekki það, að við eigum að leggja niður íslenzkan iðnað. Þetta merkir einungis það, að við eigum að skilja, í hverju vandamálin eru fólgin, ekki að fjasa alltaf út í bláinn, tyggja ætíð upp sömu tuggu dag eftir dag, eins og þessi hv. þm. gerir, skilningslaust, eins og tæki, sem kennt hefur verið að segja nokkur orð, eða páfagaukur, sem hefur ekki nema tíu orða forða og heldur, að í honum sé öll lífsins vizka fólgin, heldur að menn reyni að nota þær gáfur, sem guð hefur gefið þeim og þessi hv. þm. hefur vissulega á borð við aðra, ef hann innsiglaði ekki fyrir og léti tunguna tala án þess að beita sínu góða viti. Þetta er öllum mönnum ljóst nema þessum hv. þm.

Því miður er það svo, og það er engin nýjung, að íslenzk tollalöggjöf er ekki fullkomin. Í mörgum efnum er efnivara óhagstætt tolluð miðað við fullunna vöru. Úr þessu er sjálfsagt að reyna að bæta og gera þar með hag iðnaðarins betri en ella. Þetta eru gamlar syndir, sem ég skal ekkert segja, hverjum eru að kenna. Núv. ríkisstj. er að reyna að láta leiðrétta þetta. Ég efast ekki um það, að hv. þm. mundi vilja leiðrétta þetta líka, ef hann fengi einhverju um það ráðið. Þetta getur létt fyrir iðnaðinum og orðið til þess að gera honum auðveldara að standast samkeppnina. Það er sjálfsagt, að þetta sé gert.

Samkeppnin verður auðvitað einnig auðveldari vegna fjarlægðarinnar. Það getur verið mörg vara þess eðlis, að fjarlægðin geri mögulegt, að það borgi sig eins vel eða betur að framleiða hana á Íslandi eins og flytja hana að. Þetta fer eftir aðstæðum hverju sinni. Þetta fer eftir okkar tækniþekkingu og dugnaði, eftir því, hvort komið verður við fullkominni fjöldaframleiðslu eða ekki, og það er fjöldaframleiðslan, sem ég er að tala um í þessum orðum.

En það hefur gengið svona illa að ráða við verðbólguna hér á landi, ekki einungis þessi síðustu ár, heldur allt frá 1940, — það hefur gengið svona illa að ráða við hana vegna þess, að menn hafa ekki fengizt til þess að skoða hvert vandamál út af fyrir sig og átta sig á því, í hverju sá vandi er fólginn, heldur haldið, eins og haft er eftir hv. þm., — töluröðin er horfin héðan af borðinu eða hefur ekki verið sett að þessu sinni, svo að ég bið afsökunar á því, að ég hef hana ekki í huga, — hv. 6. þm. Sunnl., ég sá haft eftir honum í einhverju blaði, að það væri í raun og veru ekkert annað en reikningsdæmi að leysa mikið af okkar þjóðfélagsvandamálum. Nú veit ég ekki, hvort þetta er rétt eftir haft. (Gripið fram í.) Nei, ekki alveg nákvæmt. En hann hefur gaman af því að leika sér með tölur, þessi hv. þm. Ég tek það fram, að ef hann er á þeirri skoðun, að þetta sé ekki reikningsdæmi, er ég honum sammála eða hann sammála mér, vegna þess að þessi mál eru miklu flóknari en svo, að þau verði leyst með einu reikningsdæmi. Það getur vel verið, að með því að reikna hvert dæmi út af fyrir sig sé hægt að komast nokkuð langt, en þetta eru bara ekki eingöngu fjármál.

Það eru ekki eingöngu fjármál, hvort við viljum láta íslenzkan iðnað lifa eða ekki. Og það er miklu hreinskilnara að gera sér alveg grein fyrir því, að þó að það borgaði sig betur að hleypa takmarkalaust inn erlendri vöru, viljum við ekki gera það. Við viljum taka á okkur kostnaðinn af því að hafa sjálfstæðan, allsterkan iðnað hér á Íslandi. En ef menn segja, að það sé hægt að gera þetta án meiri kostnaðar, án þess að þjóðin verði af því að taka á sig þá byrði, sem það raunverulega kostar, eru menn í fyrsta lagi að blekkja sjálfa sig og í öðru lagi að blekkja þjóðina og almenning, alla, sem eiga hlut að máli, að magna fyrir sér vandamálið, gera það erfiðara úrlausnar en það er í raun og veru. Þetta er kjarni málsins og það, sem öllu máli skiptir, að menn skilji. Það tjáir ekki, eins og kemur svo oft fram hjá hv. framsóknarmönnum núna, svo að segja í hverju einasta máli, að segja: Jú, víst viljum við, að öllum líði vel. Þeir vilja láta veiðarfæragerðina dafna, en það má bara ekki sá, sem á að hafa gagn af henni, sjávarútvegurinn, hann má ekki taka á sig neinn kostnað af því eða fyrirhöfn. Það á bara einhver annar að gera það, í þessu tilfelli sennilega ríkissjóður eða almenningur með almennum tollum. En svo á bara að greiða atkv. á móti því, þegar þar að kemur, að hækka skattana, sem þarf til þess að borga niður kostnaðinn við, að ríkissjóður hjálpi veiðarfæraiðnaðinum. Þá segja þeir: Það á að minnka ríkisbáknið. — Hæstv. landbrh. sýndi fram á alvöruna í því tali hér áðan, þegar hann benti á, að á þessum eina fundi leggja þessir hv. herrar til, að það séu skipaðir 38—39 menn í nýjar nefndir, bara á einum fundi. Hver verður þá arðurinn eftir allan veturinn, ef allar þær till. væru samþykktar? Nei, það er betra að hafa eitthvað örlítið samhengi í því, sem verið er að segja. Það er sjálfsagt að kanna til hlítar, eins og verið er að gera, hvað er hægt að leiðrétta í tollalöggjöf, þannig að hún bitni ekki á iðnaðinum, svo að hann verði fyrir harðari tollum en sá innflutningur, sem á sér stað. Hans örðugleikar eru ærnir, þó að þessar gömlu syndir frá Framsóknartímabilinu og öðrum fyrri tímum séu leiðréttar. Það er alveg rétt.

En það tjáir ekki heldur, eins og hv. þm. segir: hann segist vera á móti verðbólgu. En hver eru ráðin til þess að stöðva verðbólguna? Hann segir í sínu blaði og öðru hverju hér á þingi: Það á að hækka kaupið, það á að hækka landbúnaðarvörurnar! Hvað segja hinar opinberu skýrslur, að séu aðalorsakir verðhækkana síðustu árin, svo að við höldum okkur aðeins við tvö síðustu árin? Það eru fyrst og fremst kauphækkanir, og það eru hækkanir á landbúnaðarvörum. Hv. þm. telur, að hvorugt hafi verið nóg, þetta hefði átt að hækka enn þá meira. En, sem sagt, hann vill enn þá meiri verðbólgu, enn þá meiri verðhækkanir en ríkisstj. hefur þolað að yrðu. Svo hefur þessi hv. þm. geð í sér að koma hingað og þykjast vera sérstakur andstöðumaður verðbólgunnar.

Hann talar eins og það sé til þess að auka verðbólguna, að sparifé sé fryst, vextir séu hækkaðir. Getur hv. þm. nefnt mér eitt einasta land, þar sem barizt hafi verið á móti verðbólgu og annað hvoru þessara ráða eða báðum hafi ekki verið beitt? Getur hann bent mér á eitt einasta land? Og þegar hann talar um, að vextir séu hér hærri en í öðrum löndum og verið sé að sliga iðnaðinn með vöxtum, hefur hv. þm. þá kynnt sér í raun og veru, hverjir vextir það eru, sem iðnrekendur annars staðar verða að búa við? Hefur hann nokkra hugmynd um, hvað hann er að tala um? Hann vill berjast á móti verðbólgu með því að standa á móti öllum þeim ráðum, sem viðurkennd eru í baráttu gegn verðbólgu, og ýta undir allt, sem hækkar verðbólgu!

Hv. þm. ætti miklu frekar að segja, og það er alveg verjanleg afstaða að segja: Ég vil hafa innlendan iðnað, en þá skulum við leggja fram frá okkur það, sem þarf til þess að hafa innlendan iðnað. — Nei, hv. þm. segir þvert á móti: Það á að hafa innlendan iðnað, en það má ekki gera iðnrekendum sjálfum, þjóðinni og almenningi grein fyrir því, að Ísland á erfitt með að standast samkeppni við fjöldaframleiðslu. Þó viðurkennir hv. þm. þetta í öðru orðinu í verki. Þegar hann berst hatrammlega á móti inngöngu t. d. í Efnahagsbandalagið, þá gerir hann það vegna þess, að hann veit, að ef við kæmum þar og hefðum jafna aðstöðu við aðra aðila, mundi það verða til þess að drepa innlendan iðnað, og það er einmitt ein af ástæðunum til þess, að við hinir viljum ekki heldur ganga í Efnahagsbandalagið. En menn verða

að átta sig á, hvað felst í því, sem þeir eru að segja, og hvað leiðir af þeirra fullyrðingum. Hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hefur stundum sagt eitthvað á þessa leið, — og það er alveg rétt hjá honum: Það getur vel verið, ef menn litu eingöngu á efnahaginn, að þá væri hægt að freista sumra með því að ganga í Efnahagsbandalagið. En þetta er miklu viðtækara mál og verður að skoðast frá öðrum sjónarmiðum. Eins verður að skoða iðnaðinn. Það verður að skoða hann frá öðrum sjónarmiðum en því að telja mönnum trú um, að við hér með okkar mjög þrönga markað getum yfirleitt keppt við fjöldaframleiðsluna, þótt það geti, eins og ég segi, verið sérstök atvik, sem gera það mögulegt. Og auðvitað þar sem fjöldaframleiðsla kemur ekki til og þar sem hægt er að hafa gagn, ef svo má segja, af þeirri fjarlægð, sem við erum í frá öðrum, fyrir iðnrekendur, er mjög eðlilegt, að þeir séu samkeppnisfærir, og þá á að vera hægt að halda þannig á málum og greiða fyrir þeim, að þeir geti keppt við aðra.

Nú tala hv. þm., þessi og hans félagar, um það, að hér sé allt að falla í rúst í samdrætti og öðru slíku. Frá móðuharðindahjalinu hér fyrir rúmum 6 árum allt þangað til nú í haust hefur verið talað um það, að það væri allt of mikil atvinna, allt of mikill þrýstingur á öllu, óendanleg samkeppni um vinnuafl og þetta væri allt ríkisstj. að kenna. Nú, þegar nokkru meira jafnvægi er að komast á, að því er allir viðurkenna, er þetta aukna jafnvægi að kenna ríkisstj., og þá er um að gera að gera nú gagnráðstafanir, þannig að sú mikla spenna, sú mikla hætta, sem þessir hv. þm. í vor gátu aldrei nógsamlega talað um í sambandi við virkjun Þjórsár og byggingu álvers, sú hætta verði raunveruleg enn á ný. Sannleikurinn er sá, að í tali þeirra um verðbólguna, — og það er rétt, að við gerum það alveg upp, að í þeirra tali um verðbólguna eru svo mikil óheilindi, svo mikið ósamræmi, svo gagnstæðar fullyrðingar, að þeir hljóta að tapa á öllum umr. um þetta efni, enda skulu þeir ekki sleppa undan þeim á þessu þingi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að segja að þessu sinni, og skal aðeins binda mig við efni þáltill., sem er hér til umr., þ. e. a. s. um endurkaup á víxlum iðnaðarins.

Ég furða mig alveg stórlega á tali hv. 5. þm. Reykv. nú og reyndar á fyrri þingum um þessa margendurgengnu þáltill. um endurkaup Seðlabankans á afurða- eða framleiðsluvíxlum iðnaðarins, og það er vegna þess, að ég fellst á það með öðrum, að þessi hv. þm. sé öðrum mönnum ekki óskynsamari. En hvernig má þetta vera, að hann komi hér ár eftir ár og tali eins og hann talar um þessi mál? Ég hlýt að draga þá ályktun, að manninum sé með öllu óljóst efni þess máls, sem hann er að tala um, hann viti bókstaflega ekki um fyrirkomulag þessara lánsfjármála og eðli þeirra og hafi ekki á mörgum árum getað gert sér grein fyrir þeim. Hann segir, að reglur Seðlabankans um endurkaup afurðavíxla iðnaðarins frá því í marzmánuði í vor séu allt of þröngar, komi iðnaðinum að engu gagni. Þetta er ekki rétt, því að þær eru þegar farnar að koma honum að nokkru gagni, þótt ekki sé að miklu gagni. Og hann vitnar til ályktana funda iðnrekenda og iðnaðarmanna um það, að þeir vilji rýmka reglurnar, þeir vilji fá meiri lán. Það þýðir ekki að svara svona hérna. Hver er skoðun þessa hv. þm. á því, af hverju þessar reglur koma ekki að gagni? Hann segir, að það eigi að veita iðnaðinum endurkaupalán eins og sjávarútvegi. Ég bið hann að nefna einhver dæmi þess, að einhver íslenzkur iðnaður, og ég er þá ekki að tala um fiskiðnað, sé sambærilegur við sjávarútveg. Þess þarf ekki, segir hann. Ég endurtek þessa spurningu: Nefni hann bara eitt einasta dæmi. Sjávarútvegurinn er, eins og ég sagði, þannig vaxinn, að það liggja stórar birgðir í frystihúsum og fiskvinnslustöðvum, og það er hægt að hafa eftirlit með þessum birgðum. Það er vitað, hvað þessar birgðir kosta í erlendum gjaldeyri, og á tilteknum tíma kemur þessi erlendi gjaldeyrir inn í bankana og vörurnar eru veðsettar bönkunum og þeir geta tekið af þessum erlenda gjaldeyri sinn hlut, sem þeim var veðsettur. Hvað er sambærilegt í iðnaði við þetta?

Nei, hv. 5. þm. Reykv. nefndi ekkert dæmi. En ég nefndi dæmi þess, að það væri hægt að veita iðnaðinum aðstoð með endurkaupum á framleiðsluvíxlum, þó að það væri ekki sambærilegt við sjávarútveginn. Ég nefndi dæmi um þann iðnað, sem hefur mikla framleiðslu, hefur stóra lagera, sem eru mjög dýrir og hægt væri að hafa eftirlit með og veðsetja bönkunum, iðnað, sem framleiðir dýra vöru og á einnig framleidda vöru á dýrum lagerum, sem hægt er að fylgjast með af hálfu bankanna og taka veð í. Þannig er þetta hægt, og þannig hefur þetta verið gert. En þetta er ekki í mjög umfangsmiklum mæli í hinum víðgreinda íslenzka smáiðnaði. Og ég hef margsagt, að þetta kemur fyrst og fremst einstökum stóriðnaði að gagni og þess vegna ekki iðnaðinum í heild, og ég nefndi fleiri dæmi. Það má kannske finna aðrar aðferðir til endurkaupa fyrir iðnaðinn heldur en gilda hjá sjávarútvegi og landbúnaði, og ég nefndi það, að Framkvæmdabankinn hefði farið inn á þá leið til þess að aðstoða framleiðendur á vélum, frystivélum og öðrum vélum, vélaiðnaðinn. Þá hefði Framkvæmdabankinn keypt víxla, sem þessir framleiðendur hefðu lánað, sem svarar til nokkurs hluta af andvirði þeirra véla, sem Pétur og Páll kaupa í landinu, eru samþykkjendur að víxlunum og framleiðendurnir eru útgefendur. Þessar vélar eru kannske í dag hjá fyrirtæki Jóns Jónssonar, en eftir nokkrar vikur eru þær hjá öðru fyrirtæki annars manns. Og

það hefur ekki þótt fært í mörgum tilfellum að taka veð í slíkum lausafjármunum. En þarna fór Framkvæmdabankinn þá leið að taka upp samninga við tryggingafélögin að tryggja þessa víxla, og það hafa þau gert. Og þegar það form var komið á hjá Framkvæmdabankanum í sambandi við þessa víxla, endurkeypti Seðlabankinn þá. Þá var fengið að þessu leyti alveg nýtt form, sem hvergi þekkist á sviði sjávarútvegs eða landbúnaðar, en þó form, sem gerði það mögulegt, að Seðlabankinn gat endurkeypt þessa víxla. Þetta eru dæmi, sem ég hef nefnt, en hv. 5. þm. Reykv. á eftir að nefna dæmin, sem ég spurði hann um.

Svo vil ég að lokum leggja áherzlu á það, að ég sagði fyrir viku, þegar þetta mál var til umr., að reynslan virtist alveg staðfesta það, að þetta endurkaupaform á sama grundvelli og til sjávarútvegs kæmi ekki til með að gagna iðnaðinum og hefði ekki gagnað iðnaðinum í heild, og þess vegna væri Seðlabankinn að reyna að skapa og finna út nýjar lánareglur, sem gerðu honum mögulegt með sínu fjármagni að aðstoða iðnaðinn, sem hann getur ekki gert, af hve miklum vilja sem hann er gerður, í sama formi og á sér stað á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar.

Það þýðir ekki ár eftir ár að koma með till. eins og þessar út í bláinn. Aðalefni málsins er að reyna að gera sér grein fyrir því, að það er vilji ríkisstj. og hún hefur unnið að því á margvíslegan veg, sem ég lýsti hér fyrir viku, að efla lánsfjáraðstöðu iðnaðarins. fjárfestingarlán, rekstrarlán, breyta lausaskuldum í föst og umsamin lán, hefja endurkaup, að svo miklu leyti sem hægt er, með sérstöku formi frá Framkvæmdabankanum, og í samráði við Seðlabankann að finna raunverulega úrlausn þess máls, að iðnaðurinn geti vegna þess, hvernig hann er upp byggður, með öðrum ráðum fengið meiri rekstrarlán frá Seðlabankanum sjálfum en hann fram til þessa hefur fengið.

Umr. frestað.

Á 8. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 16. nóv., var enn fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég hafði aðallega ætlað mér að beina máli mínu að hæstv. forsrh., vegna þess að hann lét allmörg orð falla í minn garð, þegar þetta mál var hér seinast til umr., en meðan það dregst, að menn komi í salinn, get ég snúið máli mínu að hæstv. iðnmrh., sem einnig lét nokkur orð falla um þetta mál, þegar það var síðast rætt hér.

Hæstv. iðnmrh. reyndi einkum að færa það þessu máli til foráttu, að það væri erfitt í framkvæmd, og auglýsti eftir því, hvernig flm. þessa máls hefðu hugsað sér, að framkvæmdum væri háttað í þessum efnum. Ég held, að það sé einna fljótlegast að svara þessu með því að vísa til þeirrar grg., sem fylgdi þessari till., þegar hún var upphaflega lögð fyrir Alþ. af Sveini Guðmundssyni, hv. núv. 10. þm. Reykv. Í grg. fyrir till. segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 16. gr. l. nr. 63 frá 1957 segir svo: „Stjórn Seðlabankans ákveður að höfðu samráði við ríkisstj., eftir hvaða reglum Seðlabankinn kaupir afurðavíxla af viðskiptabönkum sínum.“ Í reglugerð Seðlabankans er þetta frekar skýrt, sbr. 30. gr. reglugerðarinnar. Það er gild regla Seðlabankans að endurkaupa afurðavíxla sjávarútvegs og landbúnaðar að ⅔ áætlaðs söluverðs til a. m. k. 6 mánaða. Slík regla mun einnig hafa verið tekin upp við framleiðslu áburðarverksmiðjunnar. Nauðsyn ber til, að aðrar framleiðslugreinar njóti sama réttar, m. a. sementsverksmiðjan, þegar hún tekur til starfa, svo og iðnaðurinn almennt.“

Ég held, að ég þurfi ekki að lesa meira en þetta úr grg. til að skýra það fyrir hæstv. iðnmrh., hvernig flm. þessa máls hafa hugsað sér, að þetta yrði framkvæmt, eða með þeim hætti, að það væri áætlað söluverð þeirrar framleiðslu, sem iðnaðurinn framleiðir, og lánað sé út á hana sem nemur ⅔ áætlaðs söluverðs til a. m. k. 6 mánaða. Þetta virðist vera sú aðalregla, sem flm. þessa máls hafa ætlað sér. Hitt er rétt, að í vissum tilfellum kann að þurfa að víkja eitthvað frá þessu, en þó þannig, að svipuðum tilgangi verði náð. Ég held, að með þessari tilvitnun í grg. hins upphaflega flm. sé því fullsvarað, hvernig menn hugsi sér þetta í framkvæmd, og það sé meira en framkvæmanlegt, ef vilji er fyrir hendi.

Ég vík þá að öðru atriði, sem kom fram hjá hæstv. iðnmrh. Hann var að fullyrða það, að hér væri um sýndartill. að ræða, það væri hrein sýndarmennska að vera að flytja þetta mál. Ég held, að ég geti bezt svarað þessu með því að vitna til þeirrar framsöguræðu, sem Sveinn Guðmundsson, hv. núv. 10. þm. Reykv., flutti, þegar hann mælti fyrir þessari till. hér á Alþ. upphaflega, en það vita allir, að þann hv. þm. brestur ekki kunnugleika á iðnaðarmálum og ætti því að geta gerst sagt um það, hvaða þýðingu þessi till. mundi hafa. En honum farast svo orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er fróðlegt að gera sér grein fyrir, á hvern hátt framborin þáltill. mundi verka í framkvæmd. Með framkvæmd till. mundi skapast hér myndarleg fjöldaframleiðsla á mörgum hlutum.“ — Ég vil aðeins skjóta inn, að það er fjöldaframleiðsla, sem hæstv. forsrh. virðist sérstaklega bera fyrir brjósti. Svo heldur áfram: „Framleiðendur mundu selja viðskiptabönkum sínum efnis- og framleiðsluvíxla, en viðskiptabankinn endurselja þá eftir þeim reglum, sem Seðlabankinn mundi setja í samráði við hæstv. ríkisstj. Hvað mundi svo þetta leiða af sér? Framleiðandinn hefði bolmagn til hagkvæmari innkaupa á efnivöru. Í stað þess að framleiða

vöru á dýran hátt í smáum stíl mundi hann að sjálfsögðu framleiða slíka vöru í fjöldaframleiðslu, og útkoman verður ódýrari vara, meiri framleiðsla, betri afkoma almennings. Sama má segja um verksmiðjuiðnaðinn almennt. Hann mundi fá möguleika til hagkvæmari rekstrar, fjölbreyttari framleiðslu, betri skipulagningar og jafnframt ódýrari framleiðslu. Sem sagt, stefnt í rétta átt til hagsældar fyrir alla. Þannig er hægt að taka dæmin viðs vegar úr íslenzkum iðnaði. Í dag takmarkast tæknin vegna fjárskorts."

Ég sé ekki ástæðu til að lesa þetta lengra, en ég held, að þessi ummæli hv. 10. þm. Reykv., sem er manna fróðastur um iðnaðarmál, sýni það, að hér sé ekki neitt sýndarmál á ferðinni, og til enn frekari áréttingar því, að svo sé ekki, vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr forustugrein, sem birtist í blaðinu Íslenzkur iðnaður, sem gefið er út af Félagi ísl. iðnrekenda, í októberhefti blaðsins þetta ár, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1958 samþykkti Alþ. till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins. Það er hins vegar ekki fyrr en á yfirstandandi ári, sem byrjað er á því að framkvæma þá viljayfirlýsingu, en þó í afar litlum mæli. Varðandi endurkaup afurðavíxla almennt er í þessu sambandi rétt að minna á, að ein meginforsenda innlánabindingar Seðlabankans er sögð vera, að með henni eigi að vega upp á móti endurkaupum Seðlabankans á afurðavíxlum. Innlánabindingin hefur hins vegar skert útlánagetu þess banka, sem einkum hefur að markmiði fjárhagslega fyrirgreiðslu við iðnaðinn, en fram til þessa hafa verið bundnar um 85 milj. kr. af fé Iðnaðarbankans í Seðlabankanum. Það skal viðurkennt, að innlánsbinding af hálfu Seðlabankans er eitt nauðsynlegra tækja hans til þess að draga úr eftirspurn og þenslu, en iðnaðurinn getur hins vegar ekki sætt sig við, að henni sé beitt til þess að draga frá honum eðlilega fjármagnsmyndun til þess að beina henni til annarra atvinnuvega. Því er ekki að leyna, að endurkaup hráefna- og framleiðsluvíxla iðnaðarins hafa strandað á mikilli tregðu Seðlabankans og því borið við, að framkvæmd þeirra væri afar erfið og flókin. Iðnaðurinn getur þó engan veginn sætt sig við, að úrlausn vandamála hans verði látin stranda á því. Sé það þannig, að framkvæmd endurkaupa hráefna- og framleiðsluvíxla sé svo flókin, er það krafa iðnaðarins, að leiðir verði fundnar, er jafngildi þeirri fyrirgreiðslu, sem endurkaup framleiðslu- og hráefnavíxla væru, næðu þau fram að ganga."

Ég held, að þessi ummæli, sem tekin eru nú alveg nýlega úr aðalmálgagni íslenzkra iðnrekenda, sýni það, að hér sé ekki um neitt smámál að ræða. Og það er eðlileg krafa þeirra, að ef ríkisstj. af einhverjum ástæðum eða umráðamenn Seðlabankans vilja ekki framkvæma þá leið, sem þessi till. fjallar um, verði a. m. k. í staðinn fundin önnur leið, sem tryggi iðnaðinum hliðstæðan ávinning. En á því hefur ekkert bólað af hálfu hæstv. ríkisstj. Hún hefur aðeins klifað á því, sem ekki er rétt, að þessi leið sé óframkvæmanleg, en ekki bent á neitt annað til þess að koma þar í staðinn, eða m. ö. o., hún vill viðhalda þeim lánsfjárskorti, sem iðnaðurinn hefur búið við hvað rekstrarlánin snertir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða meira við hæstv. iðnmrh., en ég get ekki látið hjá líða vegna ýmissa ummæla, sem hæstv. forsrh. lét hér falla, þegar þetta mál var hér til umr. í hv. þingi fyrir hálfum mánuði, að snúa mér að nokkrum þeirra.

Ég held, að ég víki fyrst að því, sem ráðh. sagði um verðbólguna. Hann talaði mjög mannalega um verðbólguna og kvaðst vera reiðubúinn til þess að ræða það mál við hvern sem væri og sem oftast. Og það er ekki nema gott um það að segja, því að það er þó „alltaf búningsbót að bera sig karlmannlega," en ég er ekki viss um það, að í raun og veru sé hæstv. ráðh. eins fús til að ræða um þessi mál og hann vildi vera láta. En það var tvennt, sem ráðh. lagði einkum áherzlu á í sambandi við það, sem hann sagði um verðbólgumálin. Í fyrsta lagi var það, að núv. ríkisstj. hefði eiginlega gert allt, sem hægt væri að gera, til þess að sporna gegn verðbólgu, og í öðru lagi, að stjórnarandstæðingar og þá ekki síst ég sem ritstjóri við eitt stjórnarandstöðublaðið hefðum gert allt til þess að reyna að spenna verðbólguna sem mest upp, og nefndi hann nokkur dæmi þess, sem ég skal koma að síðar.

Ég vil nú fyrst víkja að því, hvort hæstv. ríkisstj. hefur gert allt það, sem talið væri eðlilegt og nauðsynlegt og sjálfsagt til þess að vinna gegn verðbólgunni. Ég veit, að hæstv. ráðh. tekur það ekki gilt, þó að ég haldi því fram, að svo sé ekki. En mér finnst ekki úr vegi í þessu sambandi að vitna til manns, sem ég veit að hæstv. ráðh. tekur áreiðanlega alvarlega, því að það er einmitt sá maður, sem er hans leiðarljós í efnahagsmálum og hann trúir, að því er virðist, alveg blint á. Þessi maður er Jóhannes Nordal bankastjóri Seðlabankans. Um sama leyti og hæstv. forsrh. var að fullyrða hér í d., að ríkisstj. hefði gert allt, sem eðlilegt og skynsamlegt væri að gera til þess að halda niðri verðbólgunni, var þessi maður, sem er hans lærimeistari og átrúnaðargoð í efnahagsmálum, að halda ræðu á fundi iðnrekenda hér í bænum. Og Morgunblaðið birti þessa ræðu bankastjórans undir fyrirsögninni: „Nauðsyn miklu öflugri hagstjórnartækja", eða m. ö. o.: það var niðurstaða þessa manns, að það hefði hvergi nærri verið beitt nógu öflugum hagstjórnartækjum á undanförnum árum, þvert ofan í það, sem hæstv. ráðh. var að halda hér fram. Hagstjórnartækin, sem ríkisstj. hefði beitt, hefðu verið gengisfellingar, hækkandi skattar, einkum söluskattur, lánsfjárhöft og vaxtahækkanir. En Jóhannes

Nordal telur í sinni ræðu auðsjáanlegt, að þetta sé hvergi nærri fullnægjandi, heldur telur þörf enn þá miklu víðtækari hagstjórnartækja, eins og hann orðar það, og nefnir sérstaklega í því sambandi, að það sé eðlilegt að hækka skattana, að það eigi að takmarka stórlega framkvæmdir sveitarfélaga frá því, sem nú er, og það eigi að frysta sparifé fyrirtækja með því að leggja fé þeirra í sérstakan sjóð, sem þau eiga ekki að hafa sjálf umráðarétt yfir, heldur eigi það, eftir því sem manni skilst, að fara eftir vilja Seðlabankans hverju sinni, hvort fyrirtækin nota þetta sparifé sitt eða ekki. Sem sagt, þarna á að setja miklu strangari höft á einkarekstur í landinu en áður hefur þekkzt, nema kannske í stjórnartíð þeirra Emils Jónssonar og Bjarna Benediktssonar á árunum 1947—1949, þegar skömmtunarfarganið og annað slíkt var í fullum gangi.

Maður veit þá, hverju maður á von á eftir 1. ágúst n. k., þegar stöðvunin á að koma í gildi, sem hæstv. ráðh. stefnir að núna, þegar sá maður, sem hann trúir á í efnahagsmálum, boðar aðgerðir eins og þær, sem ég hef nú minnzt á. En þetta sýnir hins vegar alveg ljóslega, að þótt hæstv. ráðh. sé að halda því fram hér, að beitt hafi verið af hálfu ríkisstj. öllum skynsamlegum ráðum til þess að halda verðbólgunni niðri, þá er það síður en svo, að aðalsérfræðingur ríkisstj. og Sjálfstfl. líti svo á, að svo sé, heldur boða þeir, að það þurfi að grípa til miklu öflugri hagstjórnartækja en þeirra, sem nú er beitt.

Ég vil þá koma að því atriði, sem hæstv. ráðh. beindi sérstaklega að mér. Hann sagði, að ég hefði ásamt ýmsum stjórnarandstæðingum átt þátt í því að reyna að spenna verðbólguna upp og ætti því vafalaust minn þátt í því, ásamt þessum mönnum, hvernig komið væri. Og hvað var það, sem hæstv. ráðh. nefndi sérstaklega til sönnunar um þetta? Það er mjög fróðlegt að athuga það og rifja það upp, því að það sýnir, hvað það er, sem hæstv. ráðh. telur vera meginorsakir verðbólgunnar í landinu. Jú, hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði verið að ýta undir kaupkröfur og ýta undir það, að bændur krefðust hærri launa. Þá veit maður það, hvað er að dómi hæstv. ráðh. aðalorsök verðbólgunnar í landinu. Það er kaup verkamannanna, og það eru laun bændanna. En hvað segja nú staðreyndirnar um þetta efni? Hvernig er háttað launakjörum verkamanna í dag samkvæmt þeim kauptöxtum, sem eru í gildi? Þeim er háttað á þann veg, að Dagsbrúnarverkamaður, sem er á mánaðartaxta, en það þykir yfirleitt eftirsóknarvert að vera á þeim taxta, miklu eftirsóknarverðara en að vera daglaunamaður, — Dagsbrúnarmaður, sem er á hinum venjulega mánaðarkaupstaxta, hefur í dag árslaun upp á 113 þús. kr. En hvað segir svo vísitöluútreikningur hagstofunnar um framfærslukostnaðinn í landinu. Þessir útreikningar sýna það, að 4 manna fjölskylda þarf að hafa til umráða 117 þús. kr. til þess að mæta þeim kostnaði, sem leiðir af því að kaupa sér mat og klæðnað til að greiða skatta, þrátt fyrir það að þá sé búið að draga frá fjölskyldubæturnar. M. ö. o.: þessi árslaun Dagsbrúnarverkamanns hrökkva fyrir fæði og fatnaði og skattgreiðslum, vantar 4 þús. kr. á, og þá er alveg eftir það, sem hann þarf að borga vegna húsnæðis þess, sem hann býr í, hvort heldur það er leiguhúsnæði eða eigin húsnæði. En það vita allir, sem nokkuð fylgjast með málum, að þessi kostnaður er nú, ef menn eru í þótt ekki sé nema heldur lítilli leiguíbúð, þá fer hann alltaf upp í 60—70 þús. kr. á ári og raunar miklu meira, ef menn eru að basla við það af litlum efnum að eignast eigin íbúð. Ef Dagsbrúnarmaðurinn á í dag að geta verið í sæmilegu húsnæði, þarf hann að vinna fyrir því að öllu leyti í eftirvinnu eða aukavinnu, og ef hún fæst ekki, verður hann að þrengja kjörin með einhverjum hætti til þess að geta dregið fram lífið.

Ég held, að það sé ómögulega hægt að halda því fram, að þeir menn, eins og ég og fleiri, sem hafa talið eðlilegt, að laun þessara manna væru eitthvað hækkuð, við séum aðalverðbólguvaldarnir í landinu. Ég held, að það sé ekki með neinu móti hægt að halda því fram, að þeir menn, sem búa við þessa kauptaxta og þessi kjör, það séu þeir, sem eigi meginþáttinn í því, hvernig nú er komið efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég vísa því algerlega á bug, að þetta sé rétt fullyrðing hjá hæstv. forsrh.

Hvernig er það með bændurna? Er það kannske rétt hjá honum, að það sé bændastéttin, sem eigi þátt í því, hvernig komið er í þessum efnum? Hvað sýna hagskýrslur um kjör bændastéttarinnar. Hagskýrslur sýna það, að bændastéttin er sú stétt í landinu, sem býr við langsamlega lægstar tekjur í dag, minni árstekjur en nokkur önnur stétt í landinu. Halda menn virkilega, að þessi verðbólga, sem þjóðin hefur við að glíma, stafi af því, að þessar tvær stéttir, verkamenn og bændur, búi við of góð kjör? Nei, það er alveg víst, að þó að hæstv. forsrh. haldi því fram, eru það allt aðrar ástæður, sem valda því, hvernig nú er komið í okkar efnahagsmálum. Það stafar ekki af því, að verkamenn hafi knúið fram of háa kauptaxta eða bændur hafi krafizt of hárra launa. Orsakirnar eru allt aðrar. Orsakirnar eru þær, að ríkisstj. hefur látið braskið og spákaupmennskuna hafa alveg lausan tauminn í landinu á undanförnum árum. Það hafa verið hagsmunir þessara aðila, sem öllu hafa fengið að ráða, og þess vegna er komið í dag eins og komið er.

Ég vísa því algerlega á bug, að það sé vegna heimtufrekju verkamanna og bænda, hvernig nú er komið í efnahagsmálum þjóðarinnar. Og ég fullyrði alveg hiklaust, að það stafar af algeru þekkingarleysi forsrh. á þessum málum, þegar hann er að halda

því fram, að það sé kaup verkamannanna og bændanna, sem valdi því, hvernig nú er komið í efnahagsmálum þjóðarinnar. Orsakirnar eru þær, að braskið og spákaupmennskan hefur fengið að leika lausum hala og stjórnin hefur hvergi reynt til að hafa tök á þessum málum, þar sem fyrst og fremst hefur þurft að hafa tök á þeim.

Ástandið hér í þessum efnum hefur verið algerlega stjórnlaust. Stjórnin hefur alveg látið það afskiptalaust, hvernig braskið og spákaupmennskan hefur þróazt í landinu, heldur miklu fremur ýtt undir það, og það er meginástæðan til þess, að svo er komið sem komið er í efnahagsmálum þjóðarinnar nú eftir 5 ára samfellt góðæri, að þá eru flestir atvinnuvegir landsins reknir með stórfelldum halla. En ég vil vænta þess, að þessar umræður geti orðið til þess, að hæstv. forsrh. fari að íhuga þessi mál betur og hann geri sig ekki aftur beran að því þekkingarleysi að kenna verkamönnum og bændum um það, hvernig komið er í efnahagsmálum þjóðarinnar, og um þá stórfelldu verðbólgu, sem hér hefur verið að skapazt á undanförnum árum, því að þar er við allt aðra að sakast. Og ég skal alveg fullkomlega viðurkenna það, að ég hef verið því meðmæltur, að kjör þessara stétta væru bætt, og er það enn, og ég tel það fullkomlega hægt, án þess að það þurfi nokkuð að verða til þess, ef rétt er haldið á þessum málum, að auka dýrtíð og verðbólgu í landinu.

Ég skal svo láta útrætt um þennan þátt í því, sem hæstv. ráðh. hafði að segja um verðbólgumálin. En hann minntist hér nokkuð á sparifjárbindinguna og lánsfjárhöftin og varpaði fram þeirri spurningu, hvort ég þekkti eiginlega nokkurt land, þar sem ekki hefði verið gripið til hliðstæðra ráðstafana. Ég skal játa það, að ég þekki til ýmissa landa, þar sem hefur verið gripið til nokkurrar bindingar á útlánum undir vissum kringumstæðum. En það er yfirleitt í löndum, þar sem ástandið er á allt annan veg en hér á Íslandi. Hæstv. ráðh. verður að gera sér grein fyrir því, að t. d. flest þau lönd, sem eru næst okkur, eru gömul og gróin iðnaðarlönd, lönd, sem standa á gömlum merg, og sparifjársöfnun er þar þess vegna svo mikil, að þessar þjóðir eru miklu frekar veitandi en þurfandi í þessum efnum, þ. e. a. s., að þær hafa meira sparifé en þær sjálfar þurfa að nota og veita þess vegna öðrum þjóðum oft og tíðum lán til þess að koma sínum framkvæmdum áleiðis. Hjá okkur Íslendingum er þessu allt öðruvísi varið. Við erum miklu skemmra komnir á þróunarbrautinni en þessar þjóðir, sem þýðir það, að við þurfum á miklu meiri fjárfestingu að halda til þess að byggja upp okkar atvinnulíf. Þess vegna er eðlilegt, að sparifjársöfnun verði minni hjá okkur en þeim og meira að segja það lítil, að við þurfum á erlendu fjármagni að halda að meira eða minna leyti til að byggja okkar atvinnuvegi upp, og þar af leiðandi er ástandið í þessum málum allt annað hjá okkur en hjá þessum gömlu og grónu iðnaðarþjóðum í Vestur-Evrópu eða í Bandaríkjum Ameríku. En þrátt fyrir það, þó að hér sé um svo ólíkar aðstæður að ræða hjá okkur og þessum þjóðum, sem hæstv. ráðh. var að vitna í, verð ég að játa þá fáfræði mína, að ég þekki ekkert það land, þar sem seðlabankinn eða þjóðbankinn tekur 20% af því sparifé, sem viðskiptabankarnir hafa til umráða, og dregur það alveg út úr atvinnurekstrinum í landinu. Og ég hefði gaman af því og væri mjög þakklátur fyrir það, ef hæstv. ráðh. gæti upplýst mig um það, hvaða land annað en Ísland það væri, sem gengi jafnlangt í þessum efnum með frystingu sparifjár. Ég hef verið að reyna að afla mér upplýsinga um þetta, en ég hef enn ekki getað rekizt á neitt land, sem gengur jafnlangt í þessum efnum. Ég held, að það sé grundvallarregla hjá öllum þeim þjóðum, sem grípa til vissrar bindingar á sparifé eða setja vissa bindingu á útlán viðskiptabankanna, að þá sé það grundvallarregla, að þessi höft gangi ekki svo langt, að þau verði til þess að draga úr eðlilegum rekstri og aukinni framleiðni atvinnuveganna, eins og ákveðið er hér í Seðlabankalögunum. Ég held, að þessar frystingarráðstafanir í öðrum löndum séu yfirleitt við það miðaðar, að yfir þetta mark sé ekki farið. Hér hefur óumdeilanlega verið farið yfir þetta mark og miklu lengra gengið í þessu efni en annars staðar hefur heyrzt. Þess vegna er ekki hægt að neita því, hvað sem hæstv. ráðh. hafa um þetta að segja, að það er þessi stórfellda sparifjárbinding og lánsfjárhöftin, sem af henni hefur leitt, sem valda miklu um þá erfiðleika, sem atvinnuvegirnir hafa við að glíma í dag. En ég sem sagt endurtek þessa spurningu mína til hæstv. forsrh., hvort hann geti bent mér á nokkurt land, þar sem seðlabankinn eða þjóðbankinn hefur gripið til þess að festa um eða yfir 20% af því sparifé, sem kemur inn til viðskiptabankanna, og dregið fé úr atvinnurekstrinum sem þeirri upphæð svarar. Það væri fróðlegt að fá það upplýst.

Þá ætla ég að víkja að þeim þætti hjá hæstv. ráðh., sem fjallaði um samkeppnishæfni íslenzka iðnaðarins. Ráðh. var dálítið að reyna að klóra þar í bakkann. Þó komst hann ekki hjá því að lesa upp þau ummæli sín, sem ég var reyndar búinn að lesa upp áður, þar sem það var fullkomlega staðfest, að hann telur, að íslenzkur iðnaður geti ekki keppt við fjöldaframleiðslu, eins og hann orðar það, í hinum stóru löndum, og byggir þetta á því, að hér sé ekki um stóran markað að ræða. Það virðist sem sagt vera grundvallarskoðun hæstv. ráðh., að stór markaður sé frumskilyrði þess, að hægt sé að reka samkeppnisfæra atvinnuvegi. Ég skal játa það með ráðh., að það hefur að sjálfsögðu sitt að segja að hafa aðgang að stórum markaði. En það er margt fleira, sem kemur til greina í þessu sambandi og er miklu þýð-

ingarmeira en stórir markaðir. Það, sem er þýðingarmeira í þessum efnum, er að sjálfsögðu það, hvaða tækni eða verkkunnáttu menn hafa tileinkað sér og hvaða fjármagn menn hafa til þess að stunda viðkomandi atvinnurekstur. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef þeim skilyrðum er sæmilega fullnægt, enda eru fjöldamörg dæmi fyrir hendi, sem staðfesta það, þá getur íslenzkur iðnaður verið vel samkeppnisfær við þá framleiðslu, sem á sér stað úti í hinum stóra heimi. Og ég álít, að það sé hreinn sleggjudómur hjá hæstv. forsrh. að halda því fram, að með því að starfrækja iðnað í landinu, sem hann segist þó telja sjálfsagt, þá séum við dæmdir til þess að búa við hærra verðlag en ella. Um þetta mætti nefna fjöldamörg dæmi, og ég veit t. d., að ef hv. 10. þm. Reykv. kærði sig um, gæti hann nefnt fjöldamörg dæmi, sem afsönnuðu þessa fullyrðingu forsrh. Það, sem mestu máli skiptir í þessum efnum, er að hagnýta sér sem bezt tækni og verkkunnáttu og tryggja þessum atvinnurekstri hæfileg fjárráð, til þess að hann geti starfað með eðlilegum hætti.

En það er ekki aðeins í sambandi við iðnaðinn, heldur yfirleitt allar atvinnugreinar, sem starfræktar eru í landinu, sem þetta trúleysi hæstv. ráðh. kemur fram. Í þeirri frægu ræðu, sem hann hélt á flokksráðsfundi Sjálfstfl., tekur hann hvern atvinnuveginn fyrir af öðrum og kemst að þeirri niðurstöðu, að þetta séu allt saman hálfgerðir vandræðaatvinnuvegir og ekki samkeppnisfærir og að það sé fyrst og fremst þeim að kenna, en ekki ríkisstj., hvernig komið sé í efnahagsmálum þjóðarinnar í dag, það sé vegna þess, hvað þessir atvinnuvegir séu lélegir og ósamkeppnisfærir.

Ég ætla ekki að þessu sinni, því að það gefst vafalaust tækifæri til þess síðar, að ræða nánar um þetta mál við hæstv. forsrh., læt aðeins nægja að mótmæla þessari skoðun hans nú. En ég hef gaman af, í þessu tilefni, að rifja upp ummæli, sem einn af fyrrv. formönnum Sjálfstfl. hafði um þá menn, sem virðast hugsa svipað og hæstv. forsrh. um þessi mál. Það var á þeim tíma, þegar Jón Þorláksson sem ungur verkfræðingur, framgjarn og framsýnn, kom hingað til landsins, sem hann skrifaði í Lögréttu þá langbeztu grein, sem hefur verið skrifuð um íhaldsstefnuna hér á landi og ég er búinn að lesa mér mörgum sinnum til mikillar ánægju og finnst þó alltaf vera jafngóð. Ég held, að af þeim tveimur blaðagreinum, sem ég hef lesið, telji ég hana aðra þá beztu (Gripið fram í.) eða að hún komist næstum því í sama flokk og Stóra bomban eftir Jónas Jónsson. En það, sem Jón Þorláksson hafði þá að segja um menn, sem hugsa svipað um íslenzka atvinnuvegi og möguleika íslenzku þjóðarinnar til að lifa sæmilegu lífi hér í landinu, var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta eru eyrnamörk reglulegs afturhaldsflokks, hverju nafni sem hann kýs að nefna sig: Vantrú á landinu, að það svari arði, ef synir þess vilja kosta kapps um að vinna að því, og vantrú á þjóðinni, að hún sé fær um að nota sér þær lyftistengur á veginum til hagsældar og sjálfstæðis, sem aflmestar hafa reynzt annars staðar". Og með því að rifja upp þessi ummæli Jóns Þorlákssonar held ég, að hæstv. forsrh. geti séð, í hvaða flokki hann er.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Við, sem þekkjum hv. þm., sem nú var að ljúka máli sínu, af samstarfi hér á Alþingi, vitum, að hann er greindur maður, og þegar maður talar við hann, verður maður þess oft var, að hann er víðsýnn og vel lesinn, eins og hann staðfesti nú einnig sinn lestur og söguþekkingu í síðustu orðum sinnar ræðu. En þau kynni, sem menn þannig fá af hv. þm., verða manni sannast sagt þeim mun ánægjulegri sem þau eru ólíkari því, sem oft má ætla um hans eðli af hans ræðumennsku og skrifum. Ræðumennskan og skrifin auðkennast allt of mikið af þýðingarlausu pexi, af því að hann ímyndar sér, að hann hafi rétt fyrir sér eða sanni sitt mál með því að taka upp hálfar setningar af því, sem andstæðingarnir hafa sagt, fella hitt niður, túlka það svo sem þeirra skoðun og slá sig síðan til riddara á því að afsanna þá vitleysu, sem þannig hafi verið haldið fram. Þetta gæti verið skemmtileg iðja út af fyrir sig fyrir þann, sem hefur smekk fyrir það, en þetta er ósköp leiðigjarn málflutningur til lengdar og sannast sagt hv. Alþingi algerlega ósamboðinn og raunar hinum góðu hæfileikum þm. gersamlega ósamboðinn líka, vegna þess að hann getur gert miklu betur, eins og við vitum, ef hann vill leggja sína góðu greind fram. En þetta er ávani, sem færi miklu betur að hann vendi sig af, ekki einungis vegna þingsins, vegna þess, að menn eru orðnir leiðir á að hlusta á þetta hans stagl og lesa hans endurteknu blekkingar í blöðum, heldur vegna þess, að hann hefur hæfileika til þess að leggja miklu betur til mála en ætla mætti af þessum hans ummælum og verða að miklu meira gagni bæði fyrir alþjóð og raunar sinn málstað, sem vafalaust má færa ýmis rök fyrir, og ég trúi ekki öðru, — betri rök en hv. þm. gerir í þessum sínum pex- og staglræðum og ritum.

Hv. þm. var t. d. í orðaskiptum við hæstv. iðnmrh. að segja, að það væri nú síður en svo, að sín till. væri nokkur sýndartill., og vitnaði um það í 9 ára gömul ummæli hv. 10. þm. Reykv. Það er auðvitað töluvert annað, hvort till. var sýndartill., þegar hún var fyrst borin fram fyrir 9 árum og þá samþ. Síðan hefur hún fengið lögmæta meðferð hjá Seðlabankanum, og það hefur komið á daginn, að hún verður ekki, — við skulum segja því miður, — að því gagni, sem upphaflega var að stefnt. En þá segir hv. þm.: Við skulum líta á það, sem málgagn iðnrekenda segir um þetta nú. Nú vitum við, að það á jafnt

við um málgagn iðnrekenda eins og annarra, að slík einhliða málflutningsgögn eru nú ekki ætluð til þess að segja endanlega, hvað rétt er í öllum málum, heldur skýra þau frá hálfu málflytjandans. Það er eðli málsins, þó að þau að sjálfsögðu vilji hafa það eitt, sem er satt og rétt. En þá kom það einnig fram hjá hv. þm., að í þessu málgagni iðnrekenda eru a. m. k. einungis lín mótmæli gegn því, að till. sé ekki að öllu leyti framkvæmanleg á þann veg, sem til hafði verið ætlazt. Og þeir segja: Ef það er svo, eins og haldið er fram, ekki sízt af Seðlabankanum, á að leita annarra úrræða. Og það er einmitt það, sem gera þarf. Það þarf að leita annarra úrræða, og það er merkilegt, að hv. þm. skuli ekki viðurkenna, að það er verið að reyna að leita annarra úrræða. Ég hygg, að einmitt í þerri ræðu, sem hv. þm. vitnaði í, og sýndi þess vegna, að hann hafði lesið, eftir seðlabankastjórann Jóhannes Nordal, lýsir hann því berum orðum yfir, að nú sé verið að reyna að leita annarra úrræða, sem komi iðnaðinum að raunhæfara og almennara gagni en framkvæmd þeirrar till., sem var borin fram í góðum tilgangi og reynslan sýndi að leysti ekki allt þetta vandamál. Það má svo alltaf segja, að lausn málsins hafi tekið langan tíma, en að því hefur verið unnið og að því er unnið, og hv. þm. veit og felldi það undan, að það er verið að leita að raunhæfari lausn þessa máls en hér liggur fyrir í þeirri till., sem hann er nú að flytja. Hann sjálfur og við allir vitum, að endurtekinn flutningur hans á þessari till. er ekkert annað en sýndarmennska og leikur. Ég veit ekki, á hvern hann ætlar að leika með þessu, því að niðurstaðan verður sú, að hann leikur einungis á sjálfan sig. Þetta á hann að skilja.

Varðandi það, sem hv. þm. sagði, að það væri ekki rétt, sem ég hefði haldið fram, að ríkisstj. hefði beitt öllum skynsamlegum úrræðum í baráttunni við verðbólguna, sagði hann: Þetta er bara ekki rétt. Enn fremur segir hann: Ég skal ekki ætlast til þess, að ráðh. taki 5. þm. Reykv. gildan, en hann hlýtur þó að taka Jóhannes Nordal gildan. Nú er það að vísu alveg nýtt fyrir mig, að mér beri skylda til að trúa öllu því, sem Jóhannes Nordal gerir, eða ég hafi hann fyrir minn páfa eða guð. Ég hef aldrei vanizt þeim hugsunarhætti og frábið mér hann. Ég hlusta á það, sem Jóhannes Nordal segir, og les það, sem hann leggur til mála. Ef mér þykir það skynsamlegt, tek ég það til greina, og ég verð að játa, að hann segir óteljandi margt miklu skynsamlegra en hv. 5. þm. Reykv. Þar er mikill munur á. Þar með er ekki sagt, að ég taki allt gilt, sem Jóhannes Nordal segir. En um sumt getur líka verið fróðlegt að heyra, hvað hv. 5. þm. Reykv. segir og álítur. Og ég spyr nú: Álítur hv. 5. þm. Reykv., að þessi hagstjórnarráð, t. d. stórlega aukin frysting sparifjár, sem Jóhannes Nordal nú gerir að till. sinni og ég hef ekki heyrt hann í sama mæli gera að till. sinni áður, — hann hefur hreyft nokkuð svipuðu í minna mæli, en ég hef ekki heyrt hann í svo stórum mæli gera þetta að sinni till., það er sjálfsagt að athuga það betur, — en ég spyr: álítur hv. 5. þm. Reykv., að þessi till. og annað, sem Jóhannes Nordal telur vera ábótavant, sem sagt ekki nógu háa skatta og eitthvað það þriðja, — álítur hv. 5. þm. Reykv. þetta vera skynsamlegt? Já eða nei? (ÞÞ: Á ég að svara strax?) Já, já eða nei? (ÞÞ: Það er hiklaust nei.) Já, alveg hiklaust nei. En er það þá ekki rétt, sem ég hafði sagt, að við hefðum beitt öllum skynsamlegum ráðum? Það var einmitt það, sem ég sagði. Ég sagði, að við hefðum beitt öllum skynsamlegum hagstjórnarráðum, en ég hef ekki sagt, að við höfum beitt öllum hagstjórnarráðum, líka þeim óskynsamlegu. Ég læt hv. 5. þm. Reykv. eftir að beita þeim óskynsamlegu. Svona lenda menn strax í rökþrotum og andstöðu við sjálfa sig, þegar þeir eru að leika sér að blekkingum, eins og hv. 5. þm. Reykv. er að gera. Hann hefði ekki þurft að lenda í því að svara þessu svona og hrekja þar með sjálfur allt það, sem hann hafði verið að segja, ef hann hefði ekki ætlað að leika hér á þm., en eins og ég sagði áðan, hann bara endar með því að leika á sjálfan sig. Þetta er enginn málflutningur. Þetta er ekki hv. þm. samboðið. Hann á að skilja það, að hann skaðar sjálfan sig, hann skaðar sinn eigin málstað með því að standa stöðugt hér upp í Alþ. og vera með þennan leikaraskap.

Ég spyr enn og aftur: Hver eru þau skynsamlegu hagstjórnarráð, sem ríkisstj. hefur ekki beitt? Hv. þm. þarf ekki að svara því í dag, enda er hans ræðutími nú búinn, við höfum nógan tíma til að ræða þessi mál síðar í vetur. Ég óska einmitt eftir því, að hann athugi þetta og kynni sér málið. Það kom fram, að hann hafði verið að lesa um þessi mál og vill kynna sér þau. Ef hann lætur okkur fá óbjagað það, sem hann les og kynnir sér, er fróðleikur í því. Nú spyr ég hann: Hvað af skynsamlegum hagstjórnarráðum hefur ríkisstj. látið ónotuð til þess að berjast á móti verðbólgunni? Hvað af skynsamlegum hagstjórnarráðum? Um að gera fyrir hv. þm. að ætla sér nægan tíma til þess að lesa, og þá skulum við athuga það og íhuga, hvort þarna má betur gera. Ég er mjög fús til þess að gera það, ef á það er bent.

En hv. þm. segir, að ég bindi mig við það, að öll verðbólgan sé að kenna kaupgjaldshækkun og hækkun á landbúnaðarafurðum. Nú hef ég í sjálfu sér ekki færi á því eða næga starfsorku til þess að kanna þetta til hlítar. En ég eins og fleiri hv. þm. hef lesið skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs, og ég hef ekki séð því mótmælt með rökum, sem þar er sagt. Og þar er rækilega borið saman eða skýrt frá niðurstöðu á samanburði á vísitöluhækkunum eftir því, hvort fylgt væri núgildandi reglu eða hinni nýju vísitölu, sem till. komu fram um, og þar borin saman

áhrif hækkana hvorrar um sig frá því í maí, hygg ég, 1964 til jafnlengdar 1966. Niðurstaðan af þessari rækilegu grg., sem samin hefur verið, er sú, að það sé hækkun á landbúnaðarvörum og ýmiss konar þjónustu, en þar í leynist fyrst og fremst kaupgjald, sem er orsök þeirrar hækkunar, sem á vísitölunni hefur orðið þetta tímabil. Ef þetta er rangt, er sjálfsagt að sýna fram á það, og þá verður að sýna fram á það. En meðan ekki er sýnt fram á, að þetta sé rangt, verðum við að hafa þetta fyrir satt. Það kemur ekkert við málinu, hvort við teljum landbúnað vera góðan eða ekki góðan, viljum standa með verkamönnum eða ekki standa með verkamönnum. Tölurnar, rökin, sem fyrir okkur eru lögð og ekki hefur verið hnekkt af neinum, segja, að þetta séu orsakirnar fyrir hækkuninni þetta tímabil. Það er annars vegar hækkunin á landbúnaðarvörum og hins vegar hækkanir á þjónustu, þar sem meginuppistaðan er kaupgjald. Gegn þessu þýðir ekkert að vera að halda fram, að spákaupmennsku hafi verið sleppt lausri og ríkisstj. hafi ekki barizt nóg gegn henni. Hvernig kemst vanræksla ríkisstj. í þeirri baráttu inn í þetta reikningsyfirlit, sem þarna liggur fyrir og allir þm. geta kynnt sér? Ef þeir telja þetta ótrúlegt, ber þeim skylda til þess með sérfræðingum að sýna fram á, í hverju það er rangt. En þeir verða þá að sýna, í hverju það er rangt, hvað það er, sem þarna ber á milli.

Í upphafi þings spurði ég þá hv. þm., 3. þm. Reykv. og 1. þm. Austf., að því, vegna þess að þeir vildu halda því fram, að það væri verzlunargróði, sem aðallega væri orsök verðbólgunnar, og einkanlega er það hv. 3. þm. Reykv., sem stöðugt heldur því fram, — ég spurði: Sýnir útkoma KRON það, að verzlunargróðinn sé svo mikill hér hjá smákaupmönnum, að hann verki á þetta dæmi? Ég spurði hv. 1. þm. Austf., varaformann SÍS: Hefur stærsti innflytjandi landsins, SÍS, haft svo mikinn gróða s. l. ár, að það sé líklegt eða rök fyrir því, að gróðinn hjá heildsölum hafi orðið til þess að sprengja upp verðlagið? Hv. 3. þm. Reykv. leitaðist þó við að svara þessu, skýra málið frá sínu sjónarmiði, á þann veg nánast, að KRON væri rekið sem góðgerðarfyrirtæki, en ekki sem verzlun, og væri þess vegna ekki von, að það hefði grætt. En ég spyr þá: Selur KRON ódýrara en aðrir smákaupmenn hér í Reykjavík? (EOl: Já.) Selur það ódýrara? Af hverju hefur það þá ekki meiri viðskipti, og kemur þá ekki verðlag KRON fram í vísitölunni eða er það bara verðlagið hjá smákaupmönnunum, sem kemur fram í vísitölunni? Hv. þm. verður að svara þessu.

Hv. 1. þm. Austf. leitaðist ekki við að svara minni spurningu. Hann sagði, að ég hefði engan rétt til þess að krefja sig sagna um þessi efni, það var efni þess, sem hann sagði. En hv. 5. þm. Reykv. sagði skömmu síðar, ég held hér í þinginu frekar en í blaði sínu, og gaf með því vissar upplýsingar, að ég hefði verið að gotta mér yfir því, að SÍS væri illa statt og gengi illa, og verið með auglýsan ánægjusvip af því tilefni. Hann er þá meiri sálnanna lesari en ég hefði ætlað, ef hann hefur séð ánægjusvip minn af þessu. Ég sagði ekkert um, að SÍS væri illa statt. Ég spurði bara: Er hagur þess þannig, að hann sýni, að það sé mikill gróði hjá stærsta heildsalanum og innflytjandanum í landinu? En hv. 5. þm. Reykv. svarar: Andstæðingur SÍS er að gotta sér yfir því, að það sé illa statt. — Er það þá ekki þannig, að SÍS sé illa statt, af því að það hefur ekki haft þann gróða af verzluninni, sem látið er? En hvernig stendur á því, ef bæði stærsti smásalinn í Reykjavík er illa staddur og stærsti heildsalinn er illa staddur, að allir hinir stórgræði og hleypi hér upp verðbólgunni? Þessir hv. þm. eiga eftir að standa reikningsskil á þessu, þeir eiga eftir að koma saman sínum rökstuðningi, þannig að þetta liggi ekki allt saman eins og hráviði, þegar þeir eru búnir að reyna að byggja upp það, sem þeir ætla fólkinu að trúa. En ég segi: Ef það væri verzlunargróðinn, — sem hv. þm. hafa ekki sýnt minnstu viðleitni með öðru en innantómum fullyrðingum að halda fram, — sem hefði sprengt upp verðlagið, af hverju kemur það þá ekki fram í þessum reikningi Efnahagsstofnunarinnar? Af hverju fá ekki þessir hv. þm. sína sérfræðinga til þess að leiðrétta reikninga stofnunarinnar og sýna, að þarna vanti inn í verzlunargróðann, það sé hann, sem hafi hækkað verðlagið, en ekki kaupgjaldið og landbúnaðarvörurnar, um 40—50%?

Það er mjög ánægjulegt, að hv. 3. þm. Reykv. er hér viðstaddur og hlustar á mál mitt. Vonandi gerir hann betur grein fyrir þessu á eftir. Við sjáum, að hann metur Alþ. þó meira en stofnfund Alþb., þar sem hann hafði ekki tíma til þess að vera viðstaddur.

Svo segir hv. 5. þm. Reykv., að það sé algerlega rangt, sem honum sé borið á brýn af mér, að hann hafi sjálfur verið að ýta undir verðbólguvöxtinn. Hitt sé rétt, að hann hafi talið, að bæði verkamenn og bændur fengju of lítið í sinn hlut. Nú segi ég: Hann verður þá fyrst að sanna, að þessar skýrslur, bæði Efnahagsstofnunarinnar og allar aðrar skýrslur um áhrif kaupgjalds og landbúnaðarvöru, séu rangar, úr því að hann viðurkennir, að hann sjálfur hafi ýtt undir frekari kröfugerð, bæði af hálfu bænda og verkalýðs. Meðan þessi gögn eru óhögguð, sem ég hef vitnað til, er þar með sannað það, sem ég sagði. Hv. þm. verður að koma með gagnrök, en ekki innantómar fullyrðingar.

En er það þá rétt, sem hv. þm. segir, að hann hafi í raun og veru einungis verið hér óeigingjarn málsvari verkalýðs og bænda og viljað láta þá fá meiri hlut úr þjóðartekjum en við hinir? Hv. þm. vitnar í ýmsar tölur máli sínu til stuðnings. Nú veit hann að vísu ósköp vel, að þessar tölur um lífskostnað eða uppihaldskostnað fjögurra manna fjölskyldu

eru viðmiðunartölur, en ekki raunverulegar tölur. Þetta veit hann eins vel og ég, því að hann er áreiðanlega ekki, ef hann vill það viðhafa, minni hagfræðingur en ég, enda fór hann mörgum orðum um mína fákænsku. Jafnvel ég veit þetta, og hann hlýtur þá að vita það þeim mun betur. Látum það eiga sig. Auðvitað er það margt fleira, sem verkar á raunverulega afkomu almennings í landinu heldur en tímakaupið eitt. Og alveg óyggjandi gögn eru til fyrir því, að á tímabilinu frá 1958 og hvaða tíma sem tekinn er til síðar, — en við skulum taka tímabilið frá 1960—1965, — að á því tímabili eykst hlutur hinna svokölluðu verkalýðsstétta og þar með bænda í þjóðartekjunum frá því, sem áður hafði verið. Á þessu tímabili er talið, að þjóðartekjur á mann hafi vaxið um kringum eða allt að því 33%, einn þriðja. En þessar stéttir hafa bætt sinn hag á mann sem nemur 33—44%. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir einhverri afdrift í því, er það engu að síður öruggt, enda óhagganlegt, að þessar stéttir hafa raunverulega nú meira í sinn hlut af þjóðartekjunum en áður var. Auðvitað verður þá að taka tillit til alls. Það verður að taka tillit til skatta, það verður að taka tillit til fjölskyldubóta, það verður að taka tillit til almannatrygginga og alls annars, sem inn í dæmið fellur. Gegn þessu stoðar ekki að vitna eingöngu í það, að kaupmáttur tímakaups sé eitthvað minni, a. m. k. á vissum tímabilum, heldur en áður var, og menn geti ekki lifað á dagvinnutímanum einum. Hv. 5. þm. Reykv. þarf ekki annað en hvísla að sessunaut sínum, mínum góða vini, 3. þm. Vestf., og spyrja hann að því, hvaða álit hann hafi haft á því á sínum tíma hér á þinginu 1960, ef verkalýðurinn missti eftirvinnu. Þá taldi hv. 3. þm. Vestf. það eitt höfuðtilræði við verkalýðinn, sem ríkisstj. væri að gera, að við ætluðum að fara að hafa eftirvinnuna af verkalýðnum. Það yrði nú fyrst til þess að drepa hann alveg. Þá var eftir stjórnartíma vinstri herranna viðurkennt af okkar hreinskilna vini og mikla reiknimeistara, hv. 3. þm. Vestf., að það væri ómögulegt fyrir verkalýðinn að lifa án eftirvinnu, svo að það er ekkert nýtt. En síðan hefur stórbatnað hagur verkalýðsins eins og alls almennings í þessu landi. Það er með öllu óhnekkjanlegt, um það þarf ekki að deila. Eins og ég segi, það liggur nærri, að það sé 40% að meðaltali, sem hagur þessara stétta á mann hefur batnað á þessum fáu árum.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur hvað eftir annað sagt í sínu blaði og hv. 5. þm. Reykv. hefur hvað eftir annað sagt í sínu blaði og raunar einnig hér á Alþ., að verkalýðurinn hafi fært einhverja mikla fórn 1964, fórn, sem hafi orðið til einskis og farið út um þúfur vegna svika ríkisstj. um það að halda niðri verðlagi. Í fyrsta lagi vil ég taka fram, — og þar um skiptir engu máli, þótt einstakir stjórnarstuðningsmenn hafi skammað ríkisstj. fyrir það að halda ekki niðri verðlaginu, þeir geta haft rangt fyrir sér í því eins og aðrir, — ég vil taka fram, að ríkisstj. hefur aldrei lofað að halda niðri verðlagi eða halda verðlagi föstu. Í samningunum 1964 var ekkert slíkt loforð gefið, og einmitt vegna þess, að ríkisstj. treysti sér ekki til þess að halda föstu verðlagi, var fallizt á að taka upp verðlagsvísitölu að nýju. Ef verkalýðurinn hefði þá samið um, að verðlagi skyldi haldið föstu, var alveg út í bláinn að heimta verðlagsvísitöluna. Það var vegna þess, að menn sáu fyrir, að vissar verðlagshækkanir voru óhjákvæmilegar, sem verðlagsvísitalan var tekin upp aftur. Það er og síður en svo, að verkalýðurinn hafi fært nokkra fórn 1964. Það er öruggt og um það eru alveg óhrekjanlegar skýrslur og gögn fyrir hendi, að verkalýðurinn hefur aldrei gert sér hagkvæmari samninga en júní-samkomulagið 1964, — aldrei. Og þeir voru svo hagkvæmir sem raun bar vitni vegna þess, að þeir voru raunsærri en aðrir samningar, sem gerðir höfðu verið. Þeir miðuðu frekar en aðrir samningar við það, hvað væri framkvæmanlegt, undir hverju efnahagskerfið í landinu raunverulega gæti staðið. Þess vegna hafa þessir samningar orðið verkalýðnum heillarikari, hagsmunaávinningsmeiri en nokkrir aðrir samningar, sem gerðir hafa verið. Þegar hv. þm. er að tala um minnkun á kaupmætti tímakaups og hefur borið hér fram aðra þáltill. um rannsókn þess máls, er mjög fróðlegt fyrir hv. þm. að athuga það, að á tímabilinu frá 1964 þangað til í vor hefur kaupmáttur tímakaups hjá lægri flokkum Dagsbrúnar hækkað um 15, 17, 20 og yfir 20% á þessu stutta tímabili. Segja má, að það verði í raun og veru alger þáttaskil í þessum efnum 1964, vegna þess að þá er litið á þessi mál með meiri raunsýni en áður. En það voru vissir aðilar, sem voru algerlega andstæðir þessari samningsgerð, reyndu þá þegar og hafa reynt ætíð síðan að gera hana og aðra slíka samningsgerð sem allra tortryggilegasta. Þeir sitja þarna með einn ekki ræningja á milli sín og ekki heldur heilagan mann, en með hv. 3. þm. Vestf. sín á milli, þeir 3. og 5. þm. Reykv. Það eru þessir menn og þeirra fylgisveinar, sem hafa á allan veg reynt að gera samningsgerðina frá 1964 tortryggilega, telja verkalýðnum trú um, að þá hafi verið allt of linlega á málum haldið. Strax haustið 1964 byrjaði hv. 5. þm. Reykv. að ögra hv. 5. þm. Vestf. hér á þingi með því, að hann hefði samið af sér í júnísamkomulaginu. Hann hefur haldið þessu fram ætíð síðan. Eins og ég segi, hann hefur nú undanfarna mánuði hvað eftir annað látið segja og sagt í sínu blaði, að verkalýðurinn hafi þá fært einhverja fórn. Hv. 3. þm. Reykv. stóð að því, að það var gerð bein árás á þessa samningsgerð í Þjóðviljanum, með mildari orðum á árinu 1964, en enn hvatvíslegri á árinu 1965, þegar leitað var eftir að gera slíkan samning að nýju. Það eru þessir þm., sem hafa þarna beinlínis verið að berjast á móti hagsmunum verka-

lýðsins, sem vilja nota verkalýðsfélögin til einhliða pólitískrar baráttu gegn stjórnmálaflokkunum án tillits til hagsmuna verkalýðsins.

Hv. 5. þm. Reykv. viðurkennir þetta í raun og veru í sínu blaði. Ég hygg, að það sé í grein, sem þar stóð 25. ágúst s. l., sem hann segir: Það er ekki þess að vænta, að verkalýðsfélögin, stéttarfélögin, sætti sig við að semja um lausn sinna mála við núv. ríkisstj., af því að þessir aðilar eru á móti stjórnarstefnunni. Það er ekki fyrr en stjórnarstefnunni verður breytt, sem hægt er að ætlast til þess, að þessi stóru stéttarfélög semji skynsamlega við ríkisstj. — Með þessu er efnislega sagt — og það er efnið, sem ég hér rek, ég hef ekki tilvitnunina fyrir augunum, en efnislega er það rétt, sem ég segi, — með þessu er efnislega sagt, að það séu stéttarfélögin, sem eigi að ráða hinni pólitísku og efnahagslegu stefnu landsins án tillits til þess, hvað kjósendur ákveða í landinu. Ríkisstj. er ekki að gera annað en framkvæma það, sem kjósendur að meiri hl. hafa lagt fyrir hana að gera. Við lögðum okkar stefnu fyrir kjósendur 1959, hlutum þá góðan meiri hl. Við lögðum hana aftur fyrir kjósendur 1963. Þá var reynsla komin á okkar gerðir. Við hlutum enn ríflegri meiri hl. þá. Sveitarstjórnarkosningarnar í vor sýndu það, eftir því sem hægt er að komast næst, að eins og þá stóð, höfðu stjórnarflokkarnir enn milli 53 og 54% af kjósendum landsins á bak við sig. Við vitum ekki, hvernig fer í vor. En þegar sagt er og því beinlínis haldið fram, að það sé óeðlilegt, að stéttarfélögin semji við slíka stjórn sem nú er, er þar með sagt, að einstakir hópar í landinu eigi að taka völdin af meiri hl. kjósenda.

Hv. þm. skal ekki ætla, að hann sleppi frá þessum málflutningi. Kjósendum verður gerð grein fyrir honum. Hann sleppur ekki heldur frá því með innantómu hjali um þjóðstjórn nú, þar sem hann er að biðla til samstarfs við þann flokk, sem þeir herrar fyrir nokkrum árum sögðu að æðsta gæfa þjóðarinnar væri undir því komin, að við værum settir til hliðar og gerðir áhrifalausir. Nú geta þeir ekki hugsað sér og dettur ekki einu sinni í hug að halda því fram, að vinstri stjórn geti leyst vandann. Nei, nú á þjóðstjórn ein að geta komið til og leyst þennan vanda. Auðvitað getur vel staðið þannig á í íslenzku þjóðfélagi, að það sé nauðsynlegt að hafa þjóðstjórn. Allra sízt dettur mér í hug að bera á móti því. Það hefur raunar enn aldrei tekizt að skapa möguleika til þess, og þegar mest hefur á riðið og það var næst komið, að slíkt tækist, stóð á Framsfl., að úr þeim möguleika yrði í framkvæmd. En ég hef bent á, að þótt þjóðstjórn geti vel komið til greina í einstökum tilfellum til þess að leysa bráðan vanda, er vandi íslenzks efnahagslífs allt annars eðlis en svo, að það verði ráðið fram úr honum með þjóðstjórn, sem sitji skamma hríð. Þá yrðu menn að sætta sig við og stefna að því, að allra flokka stjórn yrði hér um áratugi, vegna þess, eins og ég sýndi glögglega fram á í þeirri ræðu, sem hv. 5. þm. Reykv. hefur hér hvað eftir annað gert að umræðuefni, — eins og ég sýndi þar glögglega fram á, eru þau vandamál, sem við er að glíma og ýmsir reyna að fela á bak við slagorðið um verðbólgu og skýra allan vandann með því, svo margþætt og langæ, að það tekur áratugi að leysa þau til hlítar. Þar verður engri skyndilækningu komið við. Enda mundi reynslan verða sú, að þeir, sem hefðu þvingað sig inn í ríkisstj. með því, að þeir hefðu gert svo mikið illt fyrir utan ríkisstj., eins og pólitík hv. 5. þm. Reykv. nú stefnir að, mundu auðvitað hafa öxina yfir meiri hl. og segja: Ef þú lætur mig út úr stjórninni, hegða ég mér eins og óþokki aftur, svo að það er betra að hafa mig í ráðherrastólnum. — Ég veit ekki, hvað þjóðin verður hrifin af slíkum tilboðum frá þessum herrum. Við eigum eftir að sjá það.

Hv. þm. sagði, að það væri rétt, að frysting sparifjár væri víða notuð til þess að berjast á móti verðbólgu. Á móti því gat hann ekki borið, en sagði hins vegar, að í þeim löndum stæði allt öðruvísi á en hér, vegna þess að þar væri yfir miklu meira fé að ráða en hér. Nú er út af fyrir sig ekki um það efni að ræða hér, heldur hitt, — og ég játa, að það stendur yfirleitt allt öðruvísi á í þessum löndum en hér, — en munurinn er sá, að frysting sparifjár er fyrst og fremst notuð til þess að standa á móti ofþenslu, til þess að koma í veg fyrir of miklar framkvæmdir, sem keppi um vinnuafl og þar með auki kostnað. Þetta er notað jafnvel í þeim löndum, þar sem er um mikið atvinnuleysi að ræða. Og sannleikurinn er sá, að í þeim nágrannalöndum, þar sem hv. 5. þm. Reykv. hefur nú kynnt sér, að þessu hagstjórnarráði er beitt, þar er um verulegt atvinnuleysi að ræða. Við skulum líta til beggja handa, annars vegar til Englands og hins vegar til Bandaríkjanna. Í Bandaríkjunum er ástandið þannig, að þar eru milli 3 og 4% landsfólksins atvinnulaus. Atvinnuleysið hefur eitthvað minnkað. Sumir hagfræðingar halda því meira að segja fram þar, jafnvel þeir, sem eru í opinberri þjónustu, að það sé ómögulegt að forðast verðbólgu nema 3—4% atvinnuleysi sé fyrir hendi. Það mundi svara til þess, að við hefðum milli 6 og 7 þús. manns atvinnulausa. Í Bretlandi hefur verið atvinnuleysi undanfarið, vegna þess að brezk framleiðsluvara er orðin svo dýr, að þeir telja sig ekki geta keppt. Og af því að þeir hafa misst inneignir erlendis og eru í gjaldeyrisvandræðum, telja þeir sig verða að fá verðlag niður, og til þess að fá verðlagið niður, er markvisst með frystingarráðstöfunum og öðru slíku stefnt að því að auka atvinnuleysi, bæta við í atvinnuleysingjahópinn, að því er ég hygg, sem mundi á Íslandi svara til, að við stefndum að því að skapa 1400—2500 manns atvinnuleysi.

Ég segi það alveg hiklaust, að svo mikils sem ég met fast gildi peninganna og baráttu á móti verðbólgu, met ég meira lífshamingju fólksins, sem býr í landinu. Ég met meira, að almenningur eigi þess kost að vinna fyrir sér og vera ekki háður styrkjum og bónbjörgum, jafnvel þó að atvinnuleysisstyrkir séu kallaðir. Ég met það meira að halda við fullri atvinnu í landinu, þó að einhver hætta sé á verðbólgu, heldur en beita því hagstjórnarráði að skapa vísvitandi atvinnuleysi. En það er einmitt það, sem sósíalistíska stjórnin í Bretlandi gerir. Hún beitir m. a. lánsfjárhömlum og ýmsum öðrum harðræðum til þess að skapa atvinnuleysi, til þess þar með að hafa hemil á kaupgjaldinu, af því að hún veit um áhrif kaupgjaldsins á verðbólgu, eins og auðvitað hv. 5. þm. Reykv. ósköp vel veit, þó að hann láti öðruvísi.

Hér á landi höfum við, sem betur fer, allt aðrar aðstæður, vegna þess að hér er skortur á vinnuafli. Hérna þurfum við þess vegna ekki í náinni framtíð að óttast almennt atvinnuleysi, þó að einhver samdráttur verði, og það er ómögulegt að hafa hemil á verðbólgunni eða koma í veg fyrir, að hún geri stórkostlegan skaða, nema því aðeins að hemill sé á henni hafður m. a. með þessum úrræðum. Auknar lánveitingar mundu óhjákvæmilega og geta ekki verið til annars ætlaðar en að auka á framkvæmdir í landinu, og ég spyr: Hvar á að taka vinnuaflið til þess að standa í þeim framkvæmdum? Hvar á að taka vinnuaflið til þess? Mundi það ekki óhjákvæmilega leiða til uppboðs á vinnuafli, til aukinnar þenslu, til aukinnar verðbólgu? Ef hv. þm. skýrðu samhengi hlutanna fyrir kjósendum og segðu: Þetta er það, sem við erum að berjast fyrir, það er aukin verðbólga, væru þeir virðingarverðir. En þegar þeir þykjast vera að berjast á móti verðbólgunni, en heimta úrræði, sem hljóta að leiða til aukinnar verðbólgu, eru þeir ekki virðingarverðir, þó að við verðum að kalla þá hv. alþm.

Og hv. alþm. spurði og sagði: Getur hæstv. forsrh. bent á nokkurt land, þar sem dregið hefur verið jafnmikið fé út úr atvinnurekstri með frystingu sparifjár og hér hefur verið gert? Spurningunni verður auðsvarað, vegna þess að hún byggist á fölskum forsendum. Það er ekki verið að draga út úr atvinnulífinu á Íslandi fé, sem Seðlabankinn tekur til sín. Með þessu fé er verið, — og hv. þm. játaði það í sinni ræðu, — er verið að gera mögulegt að kaupa framleiðsluvíxlana. Hann sagði og vitnaði einmitt í það sem eitt af því, sem iðnrekendur segja: Það má ekki draga fé frá okkur til þess að lána öðrum. Þar með viðurkennir hann, að það er ekki verið að draga fé út úr atvinnurekstrinum. Það er verið að tryggja það, að útflutningsatvinnuvegirnir og landbúnaðurinn geti staðizt, og til viðbótar þessu er verið að tryggja það, að við getum haft svipaða gjaldeyrissjóði og við höfum nú safnað og fyrir liggja. Er nokkur maður, sem í raun og veru leggur það til, að dregið sé úr framleiðsluvíxlunum? Er nokkur maður, sem í raun og veru vill, að við köstum frá okkur þeirri miklu tryggingu, sem felst í vænum gjaldeyrissjóðum? En þeir menn, sem vilja taka af Seðlabankanum möguleikana til þess að standa undir þessu, stefna að þessu. Ég segi enn: Það væri virðingarvert, ef þeir segðu þetta berum orðum. En þeir láta, eins og það sé hægt að gera allt fyrirhafnarlaust, að það sé hægt að standa undir öllu, án þess að það komi nokkurs staðar við nokkurn mann. En lífið er nú ekki einu sinni þannig. Menn þurfa ætíð að gjalda eitthvað, ef þeir vilja ná einhverju.

Það væri hægt að taka mörg fleiri dæmi úr baráttusögu Framsóknar, sem sýna fram á þennan skollaleik, þar sem verið er að telja fólki trú um, að það geti fyrirhafnarlaust fengið einhver gæði, sem vitanlega fást ekki fyrirhafnarlaust, heldur verða menn að leggja eitthvað í sölurnar til þess að ná þeim. Til þess eru stjórnendur að meta, hvað mest er um vert, og ég játa það hreinlega, að ég tel svo mikils um vert að reyna að hafa hemil á verðbólgunni, að geta tryggt, að framleiðslan gangi, með framleiðsluvíxlum, að hafa gjaldeyrisvarasjóð, að þó að það kosti einhverja frystingu á sparifé, svipað og aðrar þjóðir verða að gera í mismunandi ríkum mæli, sé sjálfsagt að gera það, á meðan þetta leiðir ekki til atvinnuleysis. Þá er meira unnið en þau óþægindi, sem lögð eru á menn við að geta ekki framkvæmt meira en nú er framkvæmt, á meðan allir viðurkenna í hinu orðinu, að of mikið sé af framkvæmdum í landinu, of mikil eftirspurn eftir vinnuafli, og er þá skemmst að minnast umræðna frá s. l. vori um Búrfellsvirkjun og álbræðsluna í Straumsvík.

Ég hygg, að ég hafi þá svarað að efni til þeim efnisathugasemdum, sem hv. 5. þm. Reykv. gerði við mína ræðu. Aftur á móti má segja, að það sé naumast svara vert, þegar hv. þm. er að halda því fram, að ég sé sérstakur boðberi vantrúar á landið og íslenzka atvinnuvegi. Sannleikurinn er sá, að ég hef reynt að gera mér grein fyrir, í hverju vandi íslenzkra atvinnuvega og íslenzks þjóðlífs væri fólginn með samanburði á íslenzkum atvinnuvegum og íslenzku þjóðlífi við það, sem með öðrum þjóðum gerist. Það er og engin nýjung, sem ég segi. Það gilda að sumu leyti aðrar reglur á Íslandi en í öðrum löndum, eins og jafnvel framsóknarmenn hafa oft viðurkennt og sagt: Vegna þess að það eru aðrar reglur, þýðir ekki að taka hér upp sömu hagfræðikenningar og gilda í stórum iðnaðarlöndum og ætla að beita þeim á Íslandi. Jafnvel í þessum þeirra málflutningi kemur fram játning þeirra á þeim séraðstæðum, sem á Íslandi eru og allir þekkja, sem hafa kynnt sér annars vegar Ísland og hins vegar önnur lönd. Þetta er sem sagt engin nýjung. Það er til vísupartur jafnvel frá því seint á 18. öld, eftir séra Gunnar

Pálsson, þar sem hann ber saman annars vegar Ísland og hins vegar Holland og hversu auðveldara væri að lifa, ef Ísland hefði náttúrugæði Hollands, heldur en þau náttúrugæði, sem það hefur. Þetta er engin vantrúaryfirlýsing á Ísland. Þetta er raunsæi. Þetta er skilyrði þess, að við skiljum þau viðfangsefni, sem við erum að fást við.

Því fer svo fjarri, að ég geri lítið úr arðbæri íslenzkra atvinnuvega, að ég segi þvert á móti: Það er eitt af undrum veraldar, — og Íslendingar nútímans skilja ekki, hvað hefur verið gert á þessu landi, ef þeir vita það ekki og átta sig á því, — það er eitt af undrum veraldar, sem hér hefur gerzt á þessari öld, að þessi fátæka þjóð, í þessu allsrúna landi, eins og landið var, þegar Íslendingar fengu sjálfsforræði, — að þessi fámenna, fátæka, allslausa þjóð skuli hafa byggt allt upp, sem gert hefur verið á þessu landi. Mér kemur ekki til hugar að þakka það einum flokki frekar en öðrum, þegar litið er yfir þetta í heild, — a. m. k. hafa allir reynt að leggja sitt bezta fram, mér kemur ekki annað til hugar. En þetta er eitt af undrum veraldar. Þetta er eitt af því, sem aðrir menn skilja ekki að hafi verið mögulegt að gera á þessu landi, án þess að við fengjum til þess stórkostlega styrki eða hjálp annars staðar að. Við vitum, að það er ekki það, sem hefur ráðið úrslitum eða haft yfirleitt nokkra þýðingu að marki. Það eru náttúrugæðin, það er dugnaður fólksins, það er skilningur þess á viðfangsefnunum, þó að margt hafi farið aflaga, sem hefur gert þetta, ég vil segja: fullkomna kraftaverk. Og aldrei hefur þó munað hraðar áfram en einmitt á allra síðustu árum. Það má skamma okkur fyrir margt, okkur hefur margt mistekizt, en það verður aldrei af okkur skafið, að þetta er örasti vaxtartími íslenzkrar velmegunar í allri sögu þjóðarinnar, tímabilið frá árslokum 1958.

Eðlilegt er, að á slíkum tíma fari ýmislegt öðruvísi en skyldi. Þá er að átta sig á því, hverjar eru orsakir þess. Þær eru m. a. óvissa íslenzkra atvinnuvega. Það er gamall íslenzkur máisháttur, sem segir: „Svipull er sjávarafli.“ Heldur hv. 5. þm. Reykv., að ég, alinn hér upp í Reykjavík, nákunnugur sjómönnum, þekkjandi þá frá blautu barnsbeini, kominn af sjómönnum langt fram í ættir, — heldur hann, að ég vanmeti þýðingu sjávarafla fyrir Reykjavík, fyrir Ísland? Nei, vissulega ekki. Ég veit, að án sjávaraflans, án framlags sjómannanna, án framlags útgerðarmannanna, væri Reykjavík ekki til, þá væri íslenzkt sjálfstæði ekki til. En þetta merkir ekki það, að við þurfum ekki að fá aðrar og öruggari og fleiri stoðir undir okkar sjálfstæði eða að það sé nokkurt vit, eins og hv. framsóknarmenn vilja, að láta auðsuppsprettur eins og stórfljót landsins renna óbeizluð til sjávar enn um áratugi. Slíkt væri fullkomið glapræði. Auðlegð landsins er svo mikil, að þess vegna hefur verið hægt að gera hér stórvirki. Eitt af því, sem skapar þessa óvissu og þessar sveiflur, er, að þegar síldin gengur vel, — og við vitum, að hún hefur bæði gengið vel og illa, — þegar síldin gengur vel, er þar meiri auðsuppspretta en nokkurs staðar annars staðar er hægt að fá í þessu landi og jafnvel stórfljótin nokkurn tíma geta malað. En þau eru öruggari, þau endast lengur. Og jafnvel nú, þegar síldveiðin er meiri en áður, svo ævintýralega mikil, að við hefðum ekki trúað því fyrir fáum árum, að slíkt gæti skeð, þá eru vegna þess, hvar síldin veiðist, sumar síldarverksmiðjur að verða gjaldþrota eða í stórkostlegum vandræðum. Fram hjá þessum vanda komumst við ekki. Það er ekki verðbólgan, sem skapar þann vanda, það er eðli atvinnuveganna, og allt tal um lausn á verðbólgunni er ómögulegt, nema menn skilji eðli íslenzkra atvinnuvega, þá stórkostlegu möguleika, sem eru í þeim fólgnir og hafa gefið okkur möguleika til að byggja upp þetta land, en líka skapað erfiðleikana, sem við erum að glíma við, sem ég efast ekki um að hv. 5. þm. Reykv. vill leysa eins og við, og hann getur hjálpað til að leysa, ef hann vill leggja sig fram, ef hann hættir að snúa út úr, ef hann hættir að halda, að það sé gaman eða einhver upphefð í því að vera að pexa, rífast, að reyna að ná höggi á andstæðingi, af því að hann hafi talað af sér. Ef hann vill leggja sig fram um heilbrigðan málflutning, nota sína góðu greind til heilla þjóðarinnar, mundi hann verða tekinn í ríkisstj., ekki vegna þess, að hann væri svo mikill óþokki, að hann gæti gert meiri skaða utan hennar, heldur af því, að menn mundu segja: „Batnandi manni er bezt að lifa.“

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er búið að tala töluvert um þessa till. Hún hefur verið hér á dagskrá áður, og síðast var það fyrir hálfum mánuði, 2. nóv. Þá flutti hæstv. forsrh. einnig alllanga ræðu eins og nú. Þá las hann m. a. upp kafla úr ræðu, er hann hafði flutt á fundi flokksráðs Sjálfstfl. 14. okt. í haust. Það er sagt frá þessari ræðu í blaðinu Vísi, og eftir því sem þar segir, hafði hann sagt á þeim fundi um iðnaðinn m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„En ef við viljum, eins og gert hefur verið, veita innlendum iðnaði vernd, kostar sú vernd það, að við verðum að borga meira verð heldur en ella fyrir vöruna.“

Og nokkru síðar í sömu ræðu sagði hæstv. ráðh.:

„Við sjáum það einnig af tilteknum dæmum, að ef íslenzkur iðnaður fellur í rústir, hækka erlendir framleiðendur sína vöru, þannig að við verðum að borga meira en ella.“

Þarna koma fram þær kenningar hjá hæstv. ráðh., að ef við viljum veita innlenda iðnaðinum vernd, þurfum við að borga meira en ella fyrir vöruna, og ef iðnaðurinn falli í rúst, þurfum við líka að borga meira en

ella. Það er dálítið erfitt að botna í þessu. En helzt skilst manni það vera skoðun ráðherrans, að alls ekki verði undan því komizt að borga meira verð fyrir iðnvarninginn, hvort sem hann er framleiddur hér heima eða erlendis. Ja, nú er það svart maður, má um þetta segja.

Hæstv. ráðh. sagðist telja íslenzkan iðnað nauðsynlegan. Ég er honum sammála um það. En þá þarf iðnaðurinn að hafa lífsskilyrði í þjóðfélaginu. M. a. þarf að búa sæmilega að honum með lánsfé, eins og um er rætt í till., sem hér liggur fyrir. Og að sjálfsögðu kemur fleira til álita. Í flokksráðsfundarræðunni, sem hér er vitnað til, sagði hæstv. forsrh., að það muni lengi þykja í frásögur færandi, að nokkrir menn skyldu snúast á móti virkjun Þjórsár og byggingu álbræðslu. Þarna fór illa fyrir hæstv. forsrh. Það er nefnilega rangt hjá honum, að nokkrir menn hafi snúizt á móti virkjun Þjórsár. Merkilegt, að hann skyldi leyfa sér að segja ósatt um þetta. Hitt er aftur rétt hjá honum, að menn voru á móti álbræðslunni, en það er allt annað en virkjun Þjórsár. Um álbræðsluna sagði hæstv. ráðh. m. a., að með henni væri ruddur vegurinn. Svo er nú það. Væntanlega ætlast ráðherrann ekki til þess, að sá ruddi vegur sé eingöngu fyrir útlendinga. Íslenzkir iðnrekendur hljóta að hafa leyfi til þess að fara þann rudda veg. Hagur íslenzkra iðnfyrirtækja mun vafalaust vænkast að mun, ef þau fá að njóta sömu kjara og álbræðslan, að því er varðar undanþágur frá sköttum. Þeir eru ákaflega margir skattarnir, sem álbræðslan sleppur við að greiða. Forsrh. ætti að láta athuga það, hvernig innlendu fyrirtækin yrðu á vegi stödd, ef eins vel væri búið að þeim í skattamálum og álbræðslunni. Eða hví skyldu Íslendingar búa við lakari kjör í sínu eigin landi en útlendingar, sem þar setjast að með sinn atvinnurekstur? Ég vil ógjarnan trúa því, að hæstv. forsrh. ætli þeim það.

Í ræðu sinni um þessa till. 2. nóv. talaði hæstv. ráðh. einnig um verðbólguna. Hann minntist á sparifjárfrystingu og vaxtahækkun, sem stjórnin hefði notað í því skyni að vinna gegn verðbólgu og séu viðurkennd ráð til þess. Og hæstv. ráðh. spurði, hvort hægt væri að nefna sér eitt einasta land, þar sem barizt hafi verið á móti verðbólgu og öðru hvoru þessara ráða eða báðum hafi ekki verið beitt. Á flokksráðsfundinum 14. okt. ræddi hæstv. ráðh. líka um verðbólguvandann. Hann sagði, að stjórnin hefði reynt flest þau úrræði, „sem hvarvetna annars staðar eru talin frumskilyrði fyrir því, að við verðbólgu verði ráðið", „og það er víst, að án þeirra verður ekki við hana ráðið", bætti hann við. Og hann sagði, að barizt hefði verið á móti verðbólgu með beinum stjórnaraðgerðum. „Við höfum átt þátt í vaxtahækkun, við höfum átt þátt í bindingu sparifjár", sagði hæstv. ráðh., o. s. frv. Í sömu ræðunni sagði hann enn fremur, eftir því sem Morgunblaðið hermir, með leyfi hæstv. forseta: „Vandinn verður heldur ekki leystur með einum fjármálaráðstöfunum, sem hagfræðingarnir sí og æ tala um." Ég endurtek þetta: „Vandinn verður heldur ekki leystur með einum fjármálaráðstöfunum, sem hagfræðingarnir sí og æ tala um." En síðan bætir hann við: „Þær eru alveg óhjákvæmilegar og eru forsenda þess, að vandinn verði leystur."

En nokkru síðar í flokksráðsfundarræðunni kemur þó setning hjá hæstv. ráðh., sem bendir til þess, að loks sé að læðast að honum grunur um, að ekki sé öruggt, að ríkisstj. hafi verið hér á réttri leið. Hann sagði: „Spyrja mætti, hvort það sé rétt, sem andstæðingar okkar hafa stundum sagt, að efnahagslögmál þróaðra iðnaðarríkja eigi ekki við hjá okkur. Það getur verið nokkuð til í þessu." Það getur verið nokkuð til í þessu, sagði hæstv. ráðh. Það er einmitt það, það er áreiðanlega mikið til í þessu. Ýmsar fjármálaaðgerðir, sem þykja nothæfar í stóru löndunum, eiga ekki við hjá okkur. Þetta hefði hæstv. forsrh. átt að hugleiða miklu fyrr. Við skulum athuga t. d. vaxtahækkunina, sem ríkisstj. beitti sér fyrir í upphafi og hefur haldið dauðahaldi í fram að þessu samkv. kenningum hagfræðinganna. Vaxtahækkunin átti að þeirra sögn að verða til þess að draga úr eftirspurn eftir lánsfé. Þeir segja, að sú aðferð sé nú víða notuð í öðrum löndum með þeim árangri, og líklega er það rétt. En þó að þetta geti átt við hjá fjölmennum og fjármagnsríkum þjóðum, gildir allt annað hjá okkur. Það mátti stjórnin og hennar hagfróðu ráðunautar vita, enda hefur reynslan sannað þetta áþreifanlega. Eftirspurnin eftir lánsfé hefur ekkert minnkað hér á landi undanfarið, þrátt fyrir vaxtahækkunina. Biðraðir þeirra manna, sem sækja um lán hjá bankastjórunum, eru jafnvel stærri en nokkru sinni áður. Og þetta er vel skiljanlegt. Hin stórkostlega dýrtíðaraukning, sem háu vextirnir hafa m. a. átt sinn þátt í að skapa, hefur valdið því, að atvinnuvegirnir þurfa miklu meira af lánsfé nú í seinni tíð en áður. Og þegar lánsfjárskorturinn sverfur svo mjög að þeim sem hann gerir nú, er ekki spurt um vextina. Iðnaðarmaðurinn, sem er t. d. í vanda staddur með sitt fyrirtæki, vegna þess að hann vantar fé til þess að halda rekstri þess áfram, spyr ekki um það, hvort vextirnir séu tveimur eða þremur hundraðshlutum hærri eða lægri. Hann reynir að ná í lánsféð, sé þess nokkur kostur. Og þetta er vel skiljanlegt, því að hann er að tefla um lífið og dauðann fyrir sitt fyrirtæki. Og sama gildir um fleiri atvinnurekendur, svo sem útgerðarmenn og forstöðumenn viðskiptafyrirtækja. Sparifjárfrystingin, sem hæstv. ríkisstj. kom einnig á eftir hagfræðinga ráði, hefur líka gert það að verkum, að bankar og sparisjóðir geta langtum síður fullnægt þörfum manna fyrir lánsfé en vera mundi án frystingarinnar. Og vitanlega eru það fleiri en iðnaðarmenn, út-

vegsmenn, bændur og kaupsýslumenn, sem ekki spyrja um vaxtaprósentuna, þegar þeir leita eftir lánum. Menn hafa séð sér hag í því að taka lán, væri þess nokkur kostur, og leggja fé í húsbyggingar eða kaup á fasteignum, þrátt fyrir háu vextina, því að þeir hafa getað hagnazt á því. Því veldur verðbólgan, sem alltaf hefur verið í fylgd með núv. hæstv. ríkisstj. og vel má nefnast systir hennar. Það liggur þannig ljóst fyrir, að háu vextirnir hafa alls ekki orðið til þess að draga úr eftirspurninni eftir lánsfé, eins og þeim var ætlað. En hafa þeir þá ekki haft áhrif í þá átt að auka sparifé? Ég hygg, að lítið sé gerandi úr því, og það er vegna þess, að verðbólgan hefur étið af sparifénu meira en sem vöxtunum hefur numið. Þeir, sem hafa átt sparifé í bönkum og sjóðum, hafa tapað, ekki aðeins öllum vöxtunum, heldur einnig ríflegum hluta af höfuðstólnum í verðbólguhítina. Þannig hefur verið að þeim búið. Stórum betra hefði verið fyrir þá að fá lægri vexti, ef verðbólgueldurinn hefði ekki eytt innstæðum þeirra.

Hæstv. forsrh. talar um, að menn verði að gera sér grein fyrir vandamálunum. Þetta er mikið rétt. Sú yfirlýsing, sem hæstv. ráðh. gaf í byrjun þessa þings um, að haldið yrði sömu stjórnarstefnu og áður, bar þó ekki vott um, að hann hefði gert sér vandann nógu ljósan, því miður. En örskömmu eftir að hann lýsti þessu yfir á Alþingi, hélt hann ræðu á fundi flokksmanna sinna í Reykjavík. Tveimur dögum fyrir fundinn var hann auglýstur í Morgunblaðinu, og þar var sagt, að ræðutexti ráðherrans mundi verða: „Á vegamótum velgengni og vandræða". Á vegamótum velgengni og vandræða. Þetta bendir til þess, að hæstv. forsrh. væri ljóst orðið, að hann og hans stjórn væru þó a. m. k. mjög nærri vandræðaveginum, enda er það mála sannast, að stjórnin hefur verið á þeim vegi. Ýmsar efnahagsráðstafanir hennar, svo sem vaxtahækkunin og sparifjárbindingin, hafa orðið til þess að gera atvinnuvegunum mjög erfitt fyrir. Reynslan hefur sannað, að slíkt á ekki við hjá okkur, þótt það geti þótt hentugt hjá fjölmennari og ríkari þjóðum. Þessar og fleiri stjórnarráðstafanir ásamt verðbólgunni, sem hefur fylgt hæstv. ríkisstj. eins og skugginn, hafa valdið því, að aðalatvinuvegirnir eru nú í þrengingum þrátt fyrir góðæri frá náttúrunnar hendi. Þeir eru á vandræðavegi, og stjórnin hefur átt mikinn þátt í að leiða þá þangað. Ræðufyrirsögn eins og ég gat um og auglýst var í Morgunblaðinu 15. okt. gæti bent til þess, að sú hugsun hefði þá verið farin að læðast að hæstv. forsrh., að stjórnin væri ekki með málefni þjóðarinnar á þeirri braut, sem leiðir til velgengni. Og orðin, sem féllu hjá hæstv. ráðh. á flokksráðsfundi sjálfstæðismanna 14. okt., þau sem ég vitnaði í áðan, að það gæti verið nokkuð til í því, að efnahagslögmál þróaðra iðnaðarríkja eigi ekki við hjá okkur, benda til þess sama, að sá grunur sé farinn að sækja að honum, að hann og hans ríkisstj. séu ekki á heppilegri leið. Þess væri óskandi, að sá grunur yrði sem fyrst að vissu hjá honum, þegar hann sjálfur fer að gera sér betri grein fyrir vandanum, eins og hann segir réttilega að menn þurfi að gera. Ef svo fer, ætti hann að manna sig upp og breyta um stefnu, hverfa frá ýmsum stjórnarráðstöfunum, sem hafa gefizt illa, en taka upp ný vinnubrögð, sem yrðu hollari fyrir atvinnuvegina. Eitt meðal annars, sem hann ætti að gera þeim til hagsbóta, væri að veita þeim ekki lakari kjör í skattamálum en útlendingunum í Straumsvík er ætlað að búa við. Það er margt, sem hægt er að gera til eflingar atvinnulífinu hjá okkur án þess að fá útlendinga til atvinnurekstrar hér, ef nægur skilningur, áræði og dugnaður er til staðar hjá valdhöfunum.

En ef til vill er hæstv. forsrh. orðinn of þreyttur til þess að geta hafið sig þannig upp. Mér virðist, að komið hafi fram þreytumerki í málflutningi hans í seinni tíð. Hann talar um smæð þjóðfélagsins og hvað það sé dýrt og erfitt að halda hér við sjálfstæðu ríki, hver Íslendingur þurfi að leggja meira til opinberra þarfa en einstaklingar hjá fjölmennum ríkjum. Hins er þó ekki getið, að við borgum þó ekki stórfé til vígbúnaðar eins og margir aðrir. Hæstv. ráðh. talar um, að atvinnuvegir okkar séu fáir og einhæfir og háðir stórkostlegum sveiflum. Og í ræðunni, sem hann var að ljúka við rétt áðan, talaði hann um það allsrúna land, sem okkar land hefði verið, þegar Íslendingar fengu sjálfsforræði. Það „allsrúna land", Ísland með öllum gögnum og gæðum, það var að hans dómi allsrúið land fyrir nokkrum árum. Og hann er farinn að taka sér í munn fræg ummæli starfsbróður síns í stjórnarráðinu, hæstv. menntmrh., um litlu kænuna á heimsins ólgusjó. Eitt af mörgu, sem hann sagði, þegar hann var að tala við hv. 5. þm. Reykv. áðan, var það, að hann segist ekki hafa færi á því eða starfsorku til að kanna til hlítar eitthvert atriði, sem hann var þá að tala um. Ég held, að þetta sé mála sannast, að hann vanti færi og starfsorku og hans stjórn yfirleitt til að kanna vandamálin til hlítar og taka skynsamlega á þeim. Ég held, að það væri hyggilegast fyrir þjóðina að afskrá þessa menn og fela öðrum að stýra skipinu.

Umr. frestað.

Á 11. og 15. fundi í Sþ., 23. nóv. og 7. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

2. Héraðsdómaskipan.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um athugun á bættri héraðsdómaskipan [15. mál] (A. 15).

Á 6., 7., 8., 10. og 12. fundi í Sþ., 26. okt., 2., 9., 16. og 30. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 7. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Á þskj. 15 flytjum við 4 þm. Framsfl. hér í sameinuðu þingi till. til þál. um athugun á breyttri héraðsdómstólaskipan. Till. er á þessa leið:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa á árinu 1966 5 manna n. til þess að kanna, hvort ekki sé rétt að breyta héraðsdómaskipan í landinu með það fyrir augum m. a. að stækka verulega umdæmi dómstóla og dómendum verði yfirleitt ekki fengin önnur störf en þau, sem varða dómsmál. N. sé þannig skipuð, að hæstiréttur, lagadeild háskólans, Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands tilnefni einn mann hver aðili, ríkisstj. skipi fimmta manninn og sé hann formaður n. Kostnaður við framkvæmd till. greiðist úr ríkissjóði."

Hér er mál á ferðinni, sem af ýmsum, a. m. k. í þrengra hópi, hefur verið íhugað og rætt um hríð. Till. fjallar um efni, sem er bæði viðkvæmt og mjög vandasamt í meðferð. Um er sem sagt að tefla einn af hornsteinum þjóðfélagsins, dómsvaldið og framkvæmd þess. Þessa undirstöðu verður því að treysta ævinlega sem bezt má verða, en ekkert það aðhafast, sem getur veikt. Við flm. álítum rétt og tímabært að hreyfa málinu á hv. Alþ. Við vissum fyrir, að það ætti hljómgrunn víða, bæði innan þings og utan. Till. þessa fluttum við fyrst á síðasta þingi, en hún komst eigi til umr. Hins vegar vék hæstv. forsrh. að efni hennar í ræðu sinni um annað mál. Taldi hann till. athyglisverða og tímabæra, að því er ég bezt man. Þessi umsögn ráðh. þótti mér mikils virði og góðs viti um framgang till., a. m. k. að efni til. Ákváðum við tillögumenn að bera fram till. að nýju á þessu þingi og gerðum það þegar í upphafi þess.

Ekki þarf um það að efast, að réttarfar og skipan dómstóla hér á landi hefur lengi verið á traustum grunni í höfuðatriðum og verið fylgt meginreglum vestrænnar löggjafar. Þarflegar breytingar hafa verið gerðar á ýmsum tímum, en þó fæstar mjög róttækar. Okkur ber að sjálfsögðu að fylgjast, á þessu sviði sem öðrum, vel með þeirri þróun, sem á sér stað hjá nágrannaþjóðum okkar. Breyttir þjóðhættir hér og ýmsar aðstöðubreytingar í þjóðfélaginu reka jafnan og eðlilega á eftir endurskoðun í mörgum efnum, og vissulega er það ekki hvað þýðingarminnst, að fast sé fylgt eftir í þessu efni, svo að fyllsta réttaröryggis og sem mestrar hagkvæmni sé gætt á vettvangi dómsmála. En vegna margs konar sérstöðu okkar er þess auðvitað von, að um aðstöðu við dómskapaframkvæmd og í aðbúnaði dómsmála sé okkur nauðsyn að ýmsu leyti að sníða okkar eigin stakk. Hinn ytri aðbúnaður skiptir verulegu máli við úrlausnir dómsmála, og að því leyti er einnig rétt og nauðsynlegt að koma á sem fyllstum og beztum umbótum, ef auðið er.

Með till. okkar höfum við flm. stefnt fyrst og fremst að því að opna leið til vandlegrar íhugunar um þetta mál. Aðeins sérfróðum og reyndum mönnum þótti okkur ætlandi að fjalla um það og láta uppi ýtarlegt og rökstutt álit, hvort og þá hvernig ætti að breyta í þessu efni, svo að leiða mætti til viðhlítandi niðurstöðu. Meginefni till. er tvenns konar. Í fyrra lagi, að athugun sé miðuð við það, að dómendum verði yfirleitt ekki fengin önnur störf í hendur en þau, sem varða dómsmál, og í öðru lagi, að stækkuð verði jafnframt, ef svo sýnist rétt, umdæmi dómstóla, eftir því sem aðstæður leyfa. Það er fyrra höfuðefnið, en hið síðara leiðir meira af hinu fyrra. Í kjölfarið ættu svo að koma margs konar umbætur í réttarfarsmálum.

Því er alveg óhætt að halda fram, að í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar byggt á vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þyki eigi vel fara saman, að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil umboðsstörf. Þess vegna hefur sú stefna verið ríkjandi mjög í grannríkjum okkar að hverfa smám saman frá hinum fyrri háttum og flytja umboðsstörfin á aðrar hendur og skapa dómstólum þannig sem óháðasta aðstöðu. Þegar hinu gamla bæjarfógetaembætti Reykjavíkur var skipt árið 1917, var skipting starfa þess m. a. á þá leið að skilja dómsstörf frá umboðsstörfum, og enn frekar var þó að gert við síðari breytingar á dómaskipan þar. Hið gamla embætti var orðið afar annasamt og flókið og breytingin því talin aðkallandi. Ég held, að það megi halda því fram með öruggri vissu, að um mörg bæjarfógetaembætti á landinu og a. m. k. sum sýslumannsembætti gegni líku. Af mörgum er því haldið fram, að hin ólíku og margþættu störf dómenda veiki fremur það traust, sem öllum á þó að bera saman um að dómstólar þurfi að búa við af hálfu almennings, einnig að það valdi dómendum ýmsum vandkvæðum oft og tíðum að sinna, svo sem þeir bezt vildu, þessum einum hinum mikilvægasta og þýðingarmesta þætti embættisins, meðferð og afgreiðslu dómsmála. Hin daglega önn í hinum ýmsu fjárhagsmálefnum embættanna og öðrum umboðsstörfum hlýtur vissulega að gera mjög erfitt um vik. En ég vil geta þess og leggja á það megináherzlu, að það er ekki um það að efast, enda fullvíst, að dómsmál hafa að jafnaði farið vel úr hendi hjá þessum embættismönnum. En það verður ekki ætíð þakkað eðlilegri eða hentugri aðstöðu, síður en svo, heldur oft og tíðum dómendun-

um sjálfum, sem hafa verið sér meðvitandi um hið ábyrgðarmikla starf, sem þeir höfðu á hendi, sem var vinna að dómsmálum, og hafa þá yfirleitt unnið þau störf af hinni mestu kostgæfni og beztu þekkingu. Hin vandasama undirbúningsvinna, sem meðferð dómsmála krefst, er oftast nær unnin, þegar hinum svokallaða venjulega starfstíma er lokið. Og dómendum, sem hafa eigi að staðaldri til meðferðar dómsmál, hlýtur ætíð að vera nokkuð mikill vandi á hendi, þegar meiri háttar mál ber að, og kennir þá kannske fyrst og fremst skorts á æfingu í meðferð og afgreiðslu dómsmála og svo líka og ekki síður nauðsynlegu tómi til að afla sér þekkingar við lestur bóka um þessi málefni og til annarrar athugunar að því er þau varðar. Hér þarf vissulega mikillar sérhæfingar við, ef vel á að fara. Þessu munu dómendur sjálfir kunnugastir og gerst vita.

Hin margvíslegu, ólíku viðskiptastörf embættanna leiða að sjálfsögðu til hvers konar viðskipta við íbúa umdæmisins, sem oft og tíðum kunna lítt að samrýmast skiptum dómenda við sömu aðila síðar í dómsmálum. Eins og ég drap á áður, eru umboðsstörfin allumfangsmikil mörg hver og taka mikinn tíma. Þau eru innheimtustörf af ýmsu tagi, sem aukast með hverju árinu. Tryggingaumboðsstörfin eru yfirleitt á hendi embætta dómenda utan Reykjavíkur. Þau eru geysilega annamikil, þau störf, og mjög mikið um það, að einstaklingar komi til embættismanna og ræði við þá að nokkru leyti einkamál í sambandi við útfærslu á óskum og beiðnum í sambandi við bætur og annað slíkt. Þá er lögreglustjórn. Hún er víða orðin nokkuð tafsöm og mjög mikils virði, að hún fari vel úr hendi, og margir dómenda leggja mjög kapp á það að hafa hana í sem beztu lagi. Og þá eru það ekki síst málefni sýslufélaga, sem dómendur margir hverjir hafa með að gera. Þau eru oft nokkuð stórfelld og varða mjög fjárhag umdæmisins og þess vegna lagt töluvert kapp á það af hálfu embættismannanna að láta slík mál fara sem bezt úr hendi, en þau eru oft ærið flókin og taka upp mikinn tíma. Og svona gæti ég haldið áfram að rekja hin ýmsu mál, sem heyra undir þessi embætti, eins og er í dag.

Margir líta þannig á og það hefur komið fram við umr. hér á þingi í fyrra, að dómendur ættu að standa fyrir utan erjur allar og átök í stjórnmálum og félagsmálastarfi yfirleitt, það væri bæði embættunum og málsaðilum og öllum almenningi fyrir beztu. Nú vil ég ekki halda því fram, að slíkt hafi komið hingað til verulega að sök, ekki svo að ég viti. En það mætti segja mér, að mörgum dómanda hefði það ekki allténd verið neinn leikur að sigla milli skers og báru í þessum efnum. Og kannske mætti halda því fram, að það væri fremur grikkur en góðsemi við slíkan embættismann að veita honum tækifæri til þess að standa í slíkum erjum.

Í stjórnarskrá okkar, 34. gr., er ákvæði þess efnis, að þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi, séu ekki kjörgengir við alþingiskosningar. Nú mun vera svo hjá okkur, að það eru einungis dómendur í hæstarétti, sem falla undir þetta ákvæði stjórnarskrárinnar.

Nú vil ég leyfa mér að taka fram í sem styztu máli aðeins örfá atriði af fjölmörgum, sem til greina koma og hliðsjón ætti að hafa af við könnun þessa máls.

Þá er það fyrst, að umboðsleg störf verði að mestu eða öllu skilin frá dómsstörfum, í öðru lagi, dómstólum fækkað og umdæmi þeirra stækkuð. Þetta er vissulega mikið matsatriði og margs að gæta. Margar skoðanir eru uppi að sjálfsögðu um svæðaskiptingu umdæma og margar íhugunarverðar. Á þessu frumstigi vil ég ekki gera tilraun til tillögugerðar um umdæmaskipun að þessu leyti. Það tel ég, úr því sem komið er, vera í verkahring mþn., sem þegar hefur verið sett á laggirnar um þessi mál og fleiri, þegar n. hefur aflað þeirra gagna og þeirra upplýsinga, sem með þarf og til staðar þarf að vera, áður en lengra sé haldið. Þá er eitt, að sami dómstóll getur e. t. v. farið víða með hvort tveggja, sakamálin og einkamálin, þó að hins vegar mætti hugsa sér skiptingu að þessu leyti, ef aðstæður reyndust þannig vera. Svo er eitt, að dómendur kynnu þá að falla undir 34. gr. stjórnarskrárinnar almennt um kjörgengismissi. Dómþingsstaði og dómsstarfatíma verður að sjálfsögðu hvort tveggja að velja sem hentuglegast fyrir almenning á umdæmissvæðinu. Það er töluvert atriði. Þá þarf að sjálfsögðu á allan hátt — og það er mjög mikilvægt atriði — að gæta þess, að svo verði að dómendaembættum búið, að við hæfi sé á hverjum tíma handhöfum dómsvalds. Þar undir heyra að sjálfsögðu launakjör, bæði dómenda og starfsfólks þeirra. Ég held, að ég fari rétt með, þegar ég segi, að í kjarasamningum opinberra starfsmanna sé héraðsdómendum skipaður sess, en ekki öðrum handhöfum ríkisvaldsins eða umboðsmönnum handhafa ríkisvaldsins. Þetta er atriði, sem ég vildi aðeins hafa drepið á.

Um leið og þessi fáu atriði, sem ég þegar hef talið upp, eru virt, er sú hugsun að baki áliti okkar flm., að með því móti að breyta umdæmaskipun dómenda verði einnig stuðlað að hraðari meðferð og skjótari úrslitum dómsmála, ef verða má. Við flm. erum þess fullvissir, að með vandlega yfirveguðum breytingum með hliðsjón af aðstöðu allri megi enn auka réttaröryggið í landinu, og það er höfuðatriðið, og gera alla dómsmálaþjónustu fullkomnari á ýmsa lund. Í skýrslu þeirri, sem hæstv. dómsmrh. flutti hér í næsta dagskrármáli á undan, kemur m. a. fram, að hann hefur þegar hafizt handa um ráðstafanir þær, sem í þáltill. okkar er lagt til, að meginefni. Við flm. erum að sjálfsögðu þakklátir ráðh. fyrir, hve vel hann hefur vikizt við till., og við vonum og treystum því fastlega, að allar frekari aðgerðir af opinberri hálfu leiði til

enn betri og samræmdari hátta, miðað við nútímaaðstæður, í meðferð dómsmála og skipan dómstóla. Skýrsla dómsmrh. veitir margvíslegar og fróðlegar upplýsingar, og í umsögnum margra dómenda eru mikilsverðar ábendingar fyrir þá, sem eiga að vinna að þessum málum. Og ég vil nota tækifærið og þakka dómsmrh. fyrir framtak hans í þessu efni, að afla þessara skýrslna, sem liggja nú fyrir, og ég tel, að það megi reiða sig á, að þær séu yfirleitt vel og samvizkusamlega gerðar, og eftir þeim upplýsingum, sem þar eru gefnar, megum við vel rekja okkur áfram til samningar betri reglna, starfsmeðferðar og starfsskilyrða fyrir dómendur og aðra þá, sem vinna að dómsmálum í landinu. Þannig er þetta mál þá komið á góðan og æskilegan rekspöl að minni hyggju.

Nefnd sú, sem hæstv. dómsmrh. hefur þegar skipað fyrir nokkru til þess að athuga þetta ásamt öðrum atriðum og gera skal till. um breytingar á löggjöf og framkvæmd varðandi meðferð dómsmála almennt, þessi n. mun brátt taka til starfa. Hennar verkefni er vissulega margþætt, og eins og ég hef áður drepið á, eru þessi mál öll vandmeðfarin, og það hlýtur að taka nokkurn tíma vissulega að virða og meta hin fjölmörgu atriði, sem til greina koma. En ég hygg, að n. ætti að geta unnið þannig að málum að taka fyrst í sambandi við meðferð dómsmála þau atriði, sem vera mætti að væri unnt að vinna nokkuð hratt að, og skila þeim af sér, en láta svo hitt fremur bíða og þá jafnvel héraðsdómaskipunina, vegna þess að það er mjög viðurhlutamikið mál. En allt um það þarf mjög að vanda til hverrar þeirrar breytingar, sem þykja kann þörf, og gæta þess, svo sem unnt er, að hagsmunum þjóðfélagsins, alls almennings og allri réttarskipan verði sem tryggilegast borgið.

Herra forseti. Að lokum þykir mér rétt að leggja til, að till. verði að lokinni þessari fyrri umr. vísað til síðari umr. og til allshn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil einungis staðfesta það, sem hv. 1. flm., 4. þm. Sunnl., sagði hér áðan, að ég lét uppi þá skoðun mína á síðasta þingi, að það mál, sem hér er hreyft, sé með hinum merkustu málum, sem fyrir Alþ. liggi, og þurfi rækilegrar athugunar. Auðvitað er það svo, að höfuðvandamálið, það að skapa dómarastétt í landinu, sem sinni ekki öðrum störfum, verður ekki leyst eins og fram kemur í till. og málflutningi hv. þm. nema með því að stækka mjög dómhéruðin frá því, sem nú hefur verið um langa hríð. Menn hafa gert sér þess grein áratugum saman og e. t. v. lengur, að sú skipun, sem við höfum, að blanda saman dómarastörfum og framkvæmdastörfum með þeim hætti, sem gert er, er síður en svo æskileg. En ástæðan til þess, að menn hafa ekki viljað taka upp það, sem formlega og réttarlega er öruggast, að láta dómarana einungis sinna dómarastörfum, eins og víðast hvar annars staðar er, — ástæðan til þess er sú, að það mundi leiða til þess, að dómarastöðurnar mundu að mestu eða öllu hverfa úr strjálbýli og til hinna þéttbýlli staða, vegna þess einfaldlega, að úti í strjálbýlinu er ekki nóg starf fyrir þann dómarafjölda, sem nú er. Og sannast að segja, eins og skýrslurnar, sem nú liggja fyrir og voru hér til umr. áður, auðveldlega sýna fram á, er mikill fjöldi, yfirgnæfandi fjöldi allra dómsstarfa í landinu unninn hér í Reykjavík. En engum gæti komið til hugar, að það væri út af fyrir sig æskilegt eða hægt að gera umsvifalaust að flytja alla dómstóla í landinu hingað og láta dómsstörfin þar vera einungis einhverja grein frá dómstólum, sem staðsettir eru hér. Málið er miklu flóknara en svo, að hægt sé að velja þá einföldu aðferð. En e. t. v. má finna þarna einhver millistig, eins og þessi till. bendir á, þó að ekki sé sýnt fram á, hvernig þau eigi að finnast.

Nú er það að vísu svo, og það er gott fyrir okkur að rifja það upp, að þegar við tölum um það, að víðast hvar annars staðar í vestrænum löndum sinni dómarar ekki öðru en dómarastörfum, eru þetta e. t. v. nokkrar ýkjur, og við gerum meira úr þessu en vert er, vegna þess að víða, t. d. í hinum brezka heimi, sem hefur verið talinn til fyrirmyndar í þessum efnum, er heill hópur ólöglærðra dómara. Venjulegir borgarar, sem til þess eru valdir, — þeir eru stundum kallaðir friðardómarar og stundum öðrum nöfnum, — þeir hafa verulegan hluta dómsstarfa með höndum, þannig að hin fastskipaða dómarastétt fjallar ekki nema um hin vandamestu mál, sem nánar eru tilgreind. Okkur hættir þannig stundum til að gera meira úr þessum mun heldur en vert er. Dómsstörf eru þess vegna, þótt með öðrum hætti sé en hér á landi, víða í höndum manna, sem hafa fleiri störf með höndum en dómarastörfin ein, þó að það séu ekki störf í ríkisins þágu eða sem umboðsmenn ríkisvaldsins á þann veg, sem við þekkjum.

Eins hygg ég, og ég vil láta það koma fram út af því, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan út af skýrslu hæstv. dómsmrh., að þó að það sé rétt og staðfest í þeirri dómsmálaskýrslu, sem nú hefur verið lögð fram, að hér er töf á meðferð ýmissa mála og þau taka lengri tíma en við teljum æskilegt, þá er slíkt engan veginn neitt sérstakt íslenzkt fyrirbæri. Þetta þekkist í öllum löndum, sem ég hef spurnir af, að kvartað er undan því, að dómsmál gangi of seint. Það er sumpart af sömu ástæðum og hér, að það er ekki til æfður mannafli til þess að fjalla um máin. Ýmsar undirbúningsrannsóknir taka langan tíma. Menn muna t. d. eftir því, — það er handhægt dæmi að rifja þetta upp, — að fyrir nokkrum árum lentu íslenzkir skipverjar í máli, sem var sagt frá í blöðum vestanhafs, urðu þar vitni og var um tíma óttazt, að þeir yrðu hafðir fyrir sökum. Við sáum af meðferð þess máls, sem virtist þó tiltölulega einfalt, að það tók missiri, ef ekki tvö

ár, er mér nær að halda, að meðhöndla það fyrir undirrétti í borg vestanhafs, þannig að ég hygg, að það sé nær alls staðar, hvar sem skoðað er, kvartað undan þessu sama, að dómsmálin taki of langan tíma, og við megum ekki halda, að það sé vegna okkar sérstaka slóðaskapar. Hitt er svo allt annað mál, að þó að þetta gangi alls staðar seint, eigum við ekki þar með að vera ánægðir með, að það gangi seint hjá okkur. Ég er ekki að halda því fram. En alla hluti verður þó að bera saman við það, sem gerist þar, sem þeir eru taldir til fyrirmyndar. Segja má, að a. m. k. bæði í norrænum löndum og í enskumælandi löndum er meðferð dómsmála talin til fyrirmyndar, en einnig þar er talað um það, að mál tefjist um of. — Það er rétt, að ég endurtaki, úr því að hv. þm. er kominn inn, að ég sagði, að ég hefði nokkuð við hans málflutning að athuga, að það er ekkert sérstakt íslenzkt fyrirbæri, að það sé kvartað undan því, að dómsmál gangi of seint, það má segja, að slíkt eigi sér stað alls staðar.

Varðandi annað, sem ég vil minnast á og hann gat um, að það kæmi ekki skýrt fram, hversu margar sakir hefðu fyrnzt, er það rétt. Ég hygg, að þessar skýrslur sýni það ekki. Ég hygg þó, að það megi sjá af skýrslunum, að það séu yfirleitt mjög lítilvægar sakir, sem hafi fyrnzt. Það er gerð grein fyrir því bæði hér í Reykjavík og á Akureyri, þar sem mestur málafjöldinn er. Ef meiri háttar sakir fyrnast, er þar um hrein embættisglöp að ræða, sem ekki er hægt að segja beinlínis um þessar minni háttar sakir, vegna þess að ástæðan til þess, að þær fyrnast, er yfirleitt sú, að erfitt er að hafa upp á þeim, sem fyrir sökum eru hafðir, og ekki er leggjandi í, ef brotið er mjög smátt, að hafa of mikinn kostnað í frammi til þess að elta manninn uppi, mann, sem kann að hafa gerzt sekur um eitthvert smábrot á Akureyri eða í Reykjavík, t. d. að láta bifreið sína standa á röngum stað, hjóla með öðrum hætti en skyldi og annað slíkt. Þetta eru auðvitað mál, sem eru kærð, en það sjá allir, að það eru viss takmörk fyrir, hversu langt er verjandi að ganga í að elta þá menn uppi, sem gerast ekki sekir um meiri afbrot en þessi. Þegar það hins vegar hefur komið fyrir, að dómsmrn. hafi orðið þess áskynja, að meiri háttar brot hafi fyrnzt, hefur ætíð verið gerður sérstakur reki að því og það tekið sem mjög alvarlegt skyldubrot hjá þeim embættismanni, sem um það hefur orðið sekur. Ég vil þess vegna fullyrða, að það sé út af fyrir sig ekki alvarlegur skavanki við okkar réttarfar.

Eins og ég segi, tel ég þessa till. mjög merkilega og benda á alvarlega ágalla á okkar réttarfari, sem þó verður seint lagaður til fulls, vegna þess að ég hygg, að landsmenn uni því seint, að allt dómsvald verði flutt hingað til Reykjavíkur, eins og gera þyrfti í ríkum mæli, ef dómarastéttin ætti ekki að sinna öðru en dómsstörfum einum. Hitt tel ég sannast að segja vera meiri ágalla, sem er nokkuð skyldur þessu, en það er, að enn skuli haldast, að sami maður skuli vera ákærandi í máli, rannsóknardómari og kveði upp dóm. Þetta hefur helgazt af okkar sérstöku staðháttum hér á landi, en þarna er verulegur misbrestur á réttaröryggi. Fram hjá því komumst við ekki. Menn hafa hingað til hopað frá því að leiðrétta þetta. Ég var með þær hugmyndir á sínum tíma, að það væri ástæða til að reyna að bæta úr þessu með því að koma upp kviðdómi og gera þannig almenning einnig meira virkan í meðferð dómsmála en verið hefur. Tveir ágætir menn könnuðu það mál, Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari og Þórður Björnsson, nú yfirsakadómari í Reykjavík. Þeir leggja á móti því, að kviðdómar verði teknir upp. Ég get út af fyrir sig fallizt á þeirra rök fyrir því, en það breytir ekki hinu, að meginvandamálið er eftir, að skilja þarna betur sundur en gert hefur verið, og það er vel hægt að láta almenning taka meiri þátt í meðferð dómsmála, þó að menn vilji ekki beinlínis taka upp kviðdóma, með því að hafa fjölskipaða dóma, eins og við nú þekkjum þegar úr nokkrum málaflokkum. Það er hægt að minna á mál, þar sem sjódómur kemur til, verzlunardómur og annað slíkt. Þetta hygg ég, að ætti einnig að koma til athugunar við þá endurskoðun dómaskipunar, sem efnt er til.

Ég er sammála hv. 1. flm. um, að þetta er mjög vandasamt mál, viðurhlutamikið og erfitt að finna á því viðhlítandi lausn. En það er einmitt mikilsvert, að menn, sem þekkja vel til í framkvæmd þess, koma úr strjálbýlinu, eins og hv. 1. flm., skuli benda á þá nauðsyn, sem er á betri skipan þessara efna en nú er.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að það er náttúrlega ekki meining okkar flm. þessarar till., að allt dómsvald verði flutt til Reykjavíkur. Það er rétt, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. og eins líka hjá hæstv. dómsmrh., að hér í Reykjavík er málafjöldinn yfirgnæfandi, og er það út af fyrir sig eðlilegt, því að hér verða sjálfsagt málsefni og ágreiningsefni flest. En sú er líka orsök til þess, eins og kemur fram í þessari skýrslu, sem hér var rædd áðan, að það er mikill fjöldi mála utan af landi, sem er fluttur til Reykjavíkur og þar farið með málin og þau dæmd þar. Ég hygg, að þetta byggist á tvennu. Annars vegar á því, að það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að dómara úti á landi skortir oft reynslu í meðferð dómsmála, og ég hygg, að þeir vilji fremur en hitt, að málin séu flutt frá þeim og þeir séu lausir við þau. Hin ástæðan er sú, að langflestir lögmanna eru búsettir hér í Reykjavík og þeir telja sér þægilegast, að það sé farið með málin á þeim stað, sem þeir eru búsettir á. Ég held, eða það er a. m. k. meining mín eða það, sem fyrir mér hefur vakað með þessari till., ef breyting væri gerð á og dómarar auðvitað þá færri, því að það

er öllum ljóst, að auðvitað verða umdæmin að stækka, og þau gerð að hreinum dómaraumdæmum, færu ekki með önnur mál en dómsmálin, að draga mundi úr flutningi mála til Reykjavíkur. En ég álít það í sjálfu sér óheilbrigða þróun, þó að þessar ástæður liggi til þess, sem ég drap á áðan, að málin séu flutt í jafnríkum mæli og raun ber vitni til Reykjavíkur.

Þetta vildi ég aðeins taka fram, til þess að það yrði ekki túlkað svo, að við værum að ýta hér af stað máli, sem miðaði að því, að allt dómsvald yrði flutt til eins höfuðdómstóls hér í Reykjavík. Það er ekki meining okkar. En vitaskuld hljóta dómsumdæmin að stækka. En jafnframt og skilið er á milli dómsmálanna og stjórnsýslumálefnanna, býst ég við, að það komi á daginn, að þau gömlu umdæmi megi í mörgum tilfellum haldast, að því er tekur til stjórnsýslumálefna, því að sannleikurinn er sá, að flestir þeirra manna, sem í þessum embættum sitja, hafa ærið að starfa við þau málefni, sem tilheyra stjórnsýslunni og lögreglustjórn. Ég er ekki að segja, að það séu ekki undantekningar frá því, og ég er ekki að segja, að það komi ekki til greina einhverjar breytingar, það kemur n. til með að athuga, en ég get tekið undir það með hæstv. forsrh. og hv. 1. flm. till., að hér er vissulega um mikið vandamál að ræða og engin ástæða til að flýta sér mikið í þessu efni, heldur athuga það allt gaumgæfilega.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Jarðakaup ríkisins.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um jarðakaup ríkisins o. fl. [16. mál] (A. 16).

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 19. og 26. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 2. þm. Sunnl. flyt ég á þskj. 16 till. til þál. um endurskoðun laga um jarðakaup ríkisins o. fl. Till. gerir ráð fyrir því, að Alþ. kjósi hlutfallskosningu 7 manna n. til þess að endurskoða lög nr. 92 frá 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins, og önnur gildandi lagaákvæði, sem varða kaup, meðferð og sölu ríkisjarða, og gera svo fljótt sem verða má till. um lagabreytingar og ný lagaákvæði, sem miði að því: Í fyrsta lagi að auðvelda þeim, sem hætta verða búskap vegna aldurs eða annarra orsaka, að koma eignum sínum í verð, og skapa jafnframt skilyrði fyrir betri skipulagningu, með því að ríkið kaupi eyðijarðir og jarðir, sem ella færu í eyði, svo og aðrar jarðir, sem ekki eru nytjaðar með eðlilegum hætti. Í öðru lagi að efla þá starfsemi Landnáms ríkisins, sem lýtur að því að gera heildarskipulag fyrir landbúnaðarbyggðirnar samkv. l. nr. 75 frá 1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Í þriðja lagi að tryggja sem bezt umráðarétt og eignarrétt bænda á jörðum og opinber aðstoð við eigendaskipti, m. a. með stórauknu lánsfé til jarðakaupa, svo að þeim, sem vilja leggja stund á búskap, sé gert sem auðveldast að eignast jörð eða fá hana til erfðaábúðar, og jafnframt séu athugaðir á því möguleikar, að ríkisjarðir, sem felldar hafa verið inn í heildarskipulag byggðarinnar, séu seldar með hagkvæmum kjörum þeim, sem vilja þær til ábúðar í samræmi við staðfest skipulag. Í fjórða lagi að tryggja sjálfseignarbændum eðlilegt öryggi um verðgildi eigna sinna og jafna aðstöðu þeirra og leiguliða í þeim efnum. Og í fimmta lagi, að um leið verði settar reglur um mat á jarðeignum til kaups og sölu í því skyni að skapa meiri festu í verðlagningu slíkra verðmæta. Það er gert ráð fyrir því, að n. leiti aðstoðar þeirra embættismanna og sérfræðinga, sem um þessi mál fjalla, og einnig Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda og kostnaður, sem verður af störfum n., sé greiddur úr ríkissjóði.

Till. gerir sem sagt ráð fyrir því, að gildandi löggjöf um þessi efni verði endurskoðuð með hliðsjón af því að auðvelda þeim, sem vilja hætta búskap, að koma eignum sínum í verð, og auðvelda þeim, sem vilja hefja búskap, að geta fengið jarðnæði og aðstöðu með sem hagkvæmustum hætti, og í þriðja lagi að efla skipulagsstarfsemina á vegum Landnámsins mjög frá því, sem verið hefur. Það eru, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, mikil brögð að því, að jarðir fari í eyði, og hefur verið um skeið svo.

Með grg. frv. er prentaður sem fskj. útdráttur úr skýrslu Landnámsins um lögbýlisjarðir í landinu, ábúð þeirra og eyðijarðir í fardögum 1964. Þessi skýrsla er þannig orðin tveggja ára gömul, og nýjustu tölur kunna að vera eitthvað lítið eitt aðrar en þær, sem hér koma fram. En það mun ekki vera meira en svo, að þetta, sem hér kemur fram, gefur rétta hugmynd af því, hvernig þessum hlutum er háttað. Það kemur þar fram, að lögbýli í landinu, að meðtöldum kauptúnum og kaupstöðum, en að undanskilinni Reykjavík, eru 7242, eða voru það í fardögum fyrir tveimur árum. Af þeim eru 5438 jarðir í ábúð, en eyðijarðir 1804 eða réttur fjórðungur lögbýlisjarða samkv. þessum tölum. Það kemur enn fremur

fram í þessari skýrslu, að af 1686 eyðijörðum, sem könnuð hafa verið eignarumráð yfir, eru langflestar í einkaeign eða 1097, hreppseignir eru 81, ríkiseignir 201 og liðlega 300, þar sem eignarumráð eru óviss. Það kemur einnig fram í þessari skýrslu, að mikið af eyðijörðunum í landinu eru ekki taldar hæfar til endurbyggingar af Landnáminu. Af þessum 1686 jörðum telur Landnámið, að 853 eða rúmlega helmingurinn séu ekki hæfar til endurbyggingar, á hinn bóginn eru 451 eða rétt rúmur fjórðungur taldar endurbyggilegar, en ófullnægjandi upplýsingar eru um tæpan fjórðung.

Þessi þróun, sem verið hefur að eiga sér stað um alllangt árabil, á að öðrum þræði rót sína að rekja til þeirrar atvinnubyltingar, sem hér hefur átt sér stað og á sér stað eins og annars staðar. Þetta er öðrum þræði afleiðing aukinnar tækni og þá um leið forsenda vaxandi velmegunar. En þegar að því er gáð, að það eru ekki bara afskekktar jarðir og kotjarðir, sem fara í eyði, heldur eru þess einnig dæmi um kostajarðir í miðjum búsældarsveitum, má það verða okkur áminning um það, að hér er á ferðinni þróun, sem æskilegt er, að þjóðfélagið láti ekki afskiptalausa og stýri á þann hátt, að sem minnstum slysum valdi, bæði þjóðfélaginu og einstaklingum, og að þessi þróun gerist á þann hátt, sem þjóðfélagsheildinni er til minnst tjóns og hagkvæmast. Það er í rauninni ekki sæmilegt heldur fyrir okkur að haga málum þannig, að fullorðnir bændur, sem hafa unnið á jörðum sínum langa ævi, verði að lokum að ganga frá þeim og skilja eignir sínar og ævistarf eftir. Og það er á þessu máli einnig önnur hlið. Það eru vafalaust ýmsir, sem stunda búskap einmitt af því, að það eru ekki tök á því fyrir þá að losna við eignir sínar með eðlilegum hætti. Slíkur búskapur er að sjálfsögðu tæpast hagkvæmur eða æskilegur. Bæði þyrftu þessir menn að geta verið frjálsir menn eins og aðrir, og einnig frá sjónarmiði þjóðfélagsins er það ekki eðlilegt, að menn telji sig vera í hálfgerðri þvingunaraðstöðu að þessu leyti.

Það er af þessum ástæðum, sem gert er ráð fyrir því í 1. lið till., að endurskoðun löggjafarinnar miði að því, að ríkið kaupi eyðijarðir og jarðir, sem þannig er ástatt um, að þær eru að fara í eyði. Það er þó rétt að geta þess, að samkv. ákvæðum í ábúðarlögum hafa sveitarfélögin nokkurn rétt í þessu efni, en möguleikar þeirra munu þó vera takmarkaðir. Það er eðlilegt, að það komi til athugunar, að hve miklu leyti væri hægt að ná svipuðum tilgangi með því að styrkja sveitarfélögin til þess að neyta þessa réttar. Sjálfur er ég nokkuð vantrúaður á, að sveitarfélögin valdi þessum verkefnum. En það er líka æskilegt af öðrum ástæðum, að ríkið nái fullum umráðarétti yfir ónotuðu landi, nefnilega til þess að geta tryggt hagkvæmt skipulag landsins og sem bezta nýtingu þess í framtíðinni.

2. tölul. till. lýtur að þessu og gerir ráð fyrir að efla skipulagsstarf Landnáms ríkisins. Samkv. 28. gr. l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum skal landnámsstjóri, eftir því sem við verður komið, láta gera heildaruppdrætti að byggð landsins og á grundvelli þeirra í samráði við hreppsnefndir og félagsstjórnir gera till. um skipulag byggðarinnar, hvernig hagkvæmast sé að þétta byggðina með skiptingu jarða og hvaða lönd séu hentug til afnota fyrir byggðahverfi. Á þessu sviði hefur Landnámið að undanförnu unnið allmikið starf, sem þó hefur einkum beinzt að takmörkuðum hluta þess vandamáls, sem hér er um að ræða, nefnilega því, sem hér er sérstaklega talað í lagagreininni um byggðahverfi. Að vísu mun Landnámið hafa unnið nokkuð meira starf á þessu sviði, m. a. kortagerð á ýmsum svæðum, en þessi viðleitni hefur að sjálfsögðu takmarkazt nokkuð af öðrum aðkallandi verkefnum þessarar stofnunar. Það er enginn vafi á því, að á þessu sviði er mikið og vandasamt verk fyrir höndum, og þá er að sjálfsögðu hagkvæm nýting landsins til landbúnaðar aðalatriðið, þó að fleira komi til athugunar. Nýting landsins í framtíðinni til landbúnaðarframleiðslu þarf að mótast í samræmi við mótaða framleiðslustefnu, sem gerð yrði í samráði við stéttarsamtök bænda og yrði grundvöllur þess skipulagsstarfs, sem unnið væri. En það er fleira, sem hafa þarf í huga í þessu sambandi. Það þarf sífellt meira land til ýmissa annarra nota þjóðfélagsins, fyrir vaxandi þéttbýlismyndun, fyrir iðnað, og einnig þarf að hafa í huga þarfir vaxandi fjölda bæjarfólks fyrir eðlilega og heilbrigða útivist o. fl. Útivistarþörf þéttbýlisfólksins má ekki verða til þess, eins og ýmis dæmi eru um, að hlunnindajarðir hafa verið keyptar og notaðar í öðrum tilgangi en eðlilegast væri talið, og þarf að hafa þau vandamál í huga einnig í sambandi við þessi skipulagsstörf.

Nú er það í sjálfu sér ekki keppikefli, að ríkið haldi áfram að eiga jarðir. En þegar kæmi að því að ráðstafa þeim aftur, eftir að ríkið hefði eignazt þær samkv. því, sem um ræðir í 1. tölulið þessarar till., og þær hefðu verið til meðferðar hjá Landnáminu með tilliti til skipulags, kemur að því að ráðstafa þeim á nýjan leik, og þá er að sjálfsögðu nokkur vandi á höndum. Margir óttast þá hættu, sem fólgin er í því, ef slík jörð yrði seld, að kaupandi mundi ekki nýta hana með eðlilegum hætti, heldur færi hún að ganga kaupum og sölum í gróðaskyni, og gildandi löggjöf ber nokkurn svip af þessum ótta, sem á að sjálfsögðu nokkurn rétt á sér, a. m. k. meðan sveitirnar eru skipulagslausar. En með skipulagningu sveitanna mundi að sjálfsögðu draga nokkuð úr þessari hættu, því að þá fylgdu að sjálfsögðu ákveðnar kvaðir um nýtingu jarðar, sem seld yrði eða seld kynni að vera.

Í bæjunum fer fram skipulagsstarf, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt. Það er ákveðið af skipulagsyfirvöldum og bæjaryfirvöldum,

hvað megi gera við hverja ákveðna lóð og landssvæði, og eigendur þessara lóða og landssvæða verða að sætta sig við þær ákvarðanir, sem þessi yfirvöld taka. Það er ekki hugmynd okkar flm. að svo stöddu að gera ráð fyrir því, að slíkar kvaðir verði lagðar á jarðir úti um landsbyggðina, sem eru í einkaeign og nýttar af þeim aðilum, sem þær eiga, heldur aðeins að ríkið skipuleggi og leggi eðlilegar kvaðir á þær jarðir og þau lönd, sem það sjálft eignast. Nú verður að gera ráð fyrir því, að í ýmsum tilvikum geri skipulagið ekki ráð fyrir því, að jörð verði byggð að nýju í fyrirsjáanlegri framtíð, og þá mundi það að sjálfsögðu gera ráð fyrir, að hún yrði notuð í einhverjum öðrum tilgangi, og þá væri eðlilegt, að henni yrði ráðstafað í samræmi við þann tilgang með einhverjum hætti, lögð nágrannajörðum til eða undir þéttbýli eða undir afrétt, undir skógrækt, undir útivistarsvæði, eftir því sem við á. Og í slíkum tilfellum yrði slík jörð eða jarðarhluti aðeins seld nágrannabónda til nýtingar, væri ella í opinberri eign, annaðhvort sveitarfélags eða ríkisins áfram.

4. liður till. gerir ráð fyrir því, að haft verði í huga við þessa endurskoðun að tryggja sjálfseignarbændum eðlilegt öryggi á verðgildi eigna sinna og jafna aðstöðu þeirra og leiguliða um þau efni. Það er ekki æskilegt, að það sé eftirsóknarverðara að vera leiguliði en sjálfseignarbóndi. Leiguliðar hafa æðimikið öryggi um eignir sínar. Réttur þeirra til bóta fyrir þær endurbætur og eignaaukningar, sem þeir gera á ábúðarjörð sinni, er allvel tryggður, og er það í sjálfu sér eðlilegt, einkum og sér í lagi ef þær endurbætur eru gerðar með vilja og vitund landsdrottins, og í sambandi við þetta kemur í rauninni til athugunar staða ríkisins sem landsdrottins.

Loks gerir till. ráð fyrir því, að settar verði reglur um það, hvernig jarðir skuli metnar til kaups og sölu, enda talin á því nauðsyn, að festa sé sköpuð um það efni í sambandi við löggjafarstarf af þessu tagi. Nú er að vísu að koma nýtt fasteignamat innan skamms, og má vera, að í sambandi við það skapist lausn á þessum vanda.

Það upplýstist í haust, að bændasamtökin hafa náð samkomulagi við ríkisstj. um ráðstafanir, sem að einhverju leyti hníga í svipaða átt og 1. liður þeirrar till., sem hér liggur fyrir, og vonandi má vænta um það frv. frá hæstv. ríkisstj. innan skamms. Mér er að sjálfsögðu ókunnugt í einstökum atriðum um, hvað gera megi ráð fyrir að verði efni þess frv., en skv. þeim fréttum, sem dagblöð hafa flutt, virðist sem þær nái til eins þáttar þessa máls, sem hér liggur fyrir, en þessi till. gerir ráð fyrir athugun, sem sé allmiklu viðtækari, og teljum við flm. því eftir sem áður ástæðu til að taka þetta mál til skoðunar á þeim viðtæka grundvelli, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir.

Ég skal svo ekki að svo stöddu hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í dag eru að venju nokkrar þáltill. á dagskrá. Ég er hér með í höndunum 6 þáltill., sem hv. framsóknarmenn hafa flutt. Með þessum till. er gert ráð fyrir að skipa nefndir og í þessum n. er ætlazt til að verði alls 38 menn. Ég vil vekja athygli á því, að þetta eru aðeins till., sem eru á dagskrá í dag, en hvað margar n. hv. framsóknarmenn ætlast til að séu skipaðar með þeim till., sem þeir flytja á Alþingi yfirleitt, þessu þingi, er eftir að telja saman. Sennilega mun það skipta hundruðum, þar sem það eru 38 menn á einum degi. En þetta kann að vera einn þátturinn í því að draga úr ríkisútgjöldunum, gera ríkisbáknið léttara, eins og hv. framsóknarmenn tala nú oft um.

Hv. 6. þm. Sunnl. gerði hér grein fyrir till., sem hann flytur ásamt tveimur öðrum hv. framsóknarmönnum um mál, sem hafa verið á dagskrá hjá bændasamtökunum að undanförnu, og flest af því, sem í þessari till. er, er nú komið vel á veg með samvinnu milli ríkisstj. og bændasamtakanna. Hv. framsóknarmenn fluttu sams konar till. á síðasta þingi, eftir að bændasamtökin höfðu rætt sumt af þessu, sem í till. er. Ég veit ekki, hvort þeir hafa verið beðnir um að flytja till., ég held ekki, en þessi mál hafa verið til umr. nú í 2 ár á milli ríkisstjórnarinnar og bændasamtakanna, og ég hefði nú haldið, að eftir að það varð ljóst, að meginkjarni þess, sem er í þessari till., hefur komizt í höfn, hefði ekki þótt ástæða til að flytja þessa till. aftur.

Fyrsti liður þessarar till. fjallar um það að auðvelda þeim, sem hætta búskap vegna aldurs eða annarra orsaka, að koma eignum sínum í verð. Það er kunnugt, að það hefur verið gert ráð fyrir á þessu þingi, að flutt verði frv. um jarðakaupasjóð ríkisins, sem hefur það verkefni að meginhluta til, sem í þessum lið felst. Það eru 3—4 ár síðan bændur fóru að tala um að stofna jarðakaupasjóð í þessu skyni, jafnt framsóknarbændur og sjálfstæðisbændur, þetta er áhugamál þeirra. Það má þess vegna segja, að það sé ágætt, að þessi ósk bændanna er nú þegar orðin að samkomulagsmáli, og gera má ráð fyrir, að það verði flutt frv. nú í vetur, sem væntanlega verði að lögum um þetta efni. Ég ætla ekki að fara nánar út í það, ég veit, að hv. þm. mun flestum vera kunnugt um það, hvert meginefni þessa frv. er, það hefur verið skrifað um það, og þarf því ekki að rekja það hér nánar.

Annar liður þessarar till. er um að efla starfsemi Landnáms ríkisins. Starfsemi Landnáms ríkisins hefur verið efld, og þau lög, sem Landnám ríkisins starfar eftir, eru rúm og heimildir ýmiss konar fyrir Landnámið og nýbýlastjórn til að nota, og ég sé ekki, að þessi liður till. sé á nokkurn hátt nauðsynlegur, miðað við þann tilgang, sem lesa má út úr þessu máli. Hitt má svo vel vera, að

það sé eðlilegt að endurskoða þessi lög, og hefur það oft komið til tals meðal bænda, að þessi löggjöf gæti kannske gegnt öðru og viðtækara hlutverki.

Þá er þriðji liðurinn að tryggja umráðarétt bænda og greiða fyrir eigendaskiptum á jörðum með stórauknu lánsfé. Hér er vitanlega átt við það að efla veðdeild Búnaðarbankans. En það vona ég, að hv. flm. viti, að það þarf enga lagabreytingu til þess að efla veðdeild Búnaðarbankans. Það, sem veðdeildina vantar, er fé, og fé getur hún fengið, án þess að lögum um veðdeild bankans verði breytt. Lengi var það, að heimilt var fyrir veðdeildina að lána 35 þús. kr. út á jörð vegna eigendaskipta. Þrátt fyrir það, þótt hámarkið væri ekki hærra en þetta, hafði deildin ekki fé fyrir hendi til að fullnægja þessum heimildum. En það var, að mig minnir, 1963, sem heimilað var að hækka þessa upphæð upp í 100 þús. kr., og það er vitanlega mikil hækkun úr 35 þús. í 100 þús. En það reyndist eigi að síður of lítið, og í haust var ákveðið að afla fjár til veðdeildarinnar, þannig að hún geti eftirleiðis lánað allt að 200 þús. Ég veit ekki, hvort hv. flm. telja, að það sé verið að stórauka lánsfé veðdeildarinnar með þessu, það er ef til vill vafasamt. Það má vel hugsa sér, að þeir telji, að þetta sé of smátt skammtað. En það verður ekki hjá því komizt að minna á, að á árunum 1957—1958 var annað árið ekki lánað úr veðdeildinni til jarðakaupa nema 600 þús. og hvert lán á hámarki 35 þús. Þá vantaði veðdeildina fé. Einnig hefði verið þörf á að auka lánsféð, en það reyndist ekki mögulegt. Það var ekki af viljaleysi þeirra manna, sem höfðu með þessi mál að gera. Þeir sögðu einfaldlega: Það er ekki fé fyrir hendi. — Að vísu hefur ýmislegt verið gert nú síðari árin, sem var talið ómögulegt þá, en jafnvel þó að við séum stórtækari nú, byggjum meira nú, framkvæmum meira nú og lánum meira nú, útvegum opinberum sjóðum meira fé til ráðstöfunar nú en þá, margfalt meira fé, þótt miðað sé við verðlagsbreytingarnar, skulum við eigi að síður vera sammála um, að það eru takmörk fyrir öllu. Ég skal samþykkja, að það væri æskilegt að gefa veðdeildinni heimild til þess að hafa lánin hærri en í frv., og vitanlega þarf að hugsa sér þann möguleika að færa sig þannig stig af stigi, eftir því sem möguleikar leyfa. En gagnvart þessum lið till., 3. lið, ætla ég, að í bili sé því fullnægt, sem till. fer fram á.

Skv. 4. lið till. er talað um að tryggja sjálfseignarbændum eðlilegt öryggi um verðgildi eigna sinna og jafna aðstöðu þeirra og leiguliða um þau efni. Ég hef ekki alveg gert mér grein fyrir því, hvernig ætti að framkvæma þetta. En með því að jarðakaupasjóður er stofnun, sem ætlað er það hlutverk fyrst og fremst að kaupa þær jarðeignir, sem sízt eru seljanlegar, held ég, að þeir, sem eiga jarðeignir, sem vel eru í sveit settar, þurfi ekki að kvíða því, að jarðir þeirra lækki í verði, þannig að öryggi þeirra eignalega séð ætti að vera tryggt með þeirri vissu, að íslenzkt land, sérstaklega það, sem er vel í sveit sett, hlýtur að hækka í verði, — það hlýtur að stórhækka í verði, og allt land hlýtur að stórhækka í verði, því að að því kemur, að aukin þörf verður fyrir þetta land, og landið er verðmæti, sem hægt er að auka með því að bæta það með ræktun, og einnig vegna þess, að þörfin fyrir að nota það fer stöðugt vaxandi í fjölgandi þjóðfélagi.

Þá er það 5. liðurinn, að settar verði reglur um mat á jarðeignum til kaups og sölu í því skyni að skapa meiri festu í verðlagningu slíkra verðmæta. Ég veit ekki betur en nú standi yfir fasteignamat. Fasteignanefndir eru starfandi í öllum sýslum landsins, og það er verið að gera nýtt fasteignamat. Ég veit ekki, hversu langt því er komið, en ég hygg, að því mati sé langt komið. Og það er beinlínis talað um það og held ég ákveðið í reglum, sem hreppsnefndirnar fara eftir, að meta landið eftir því, hvernig það er í sveit sett og hvernig það er sett gagnvart samgöngum og möguleikum til afurðasölu o. s. frv. Og fasteignamatið á að miðast, eftir því sem við verður komið, við líklegt söluverð. Ég veit ekki, hvað væri hægt að gera í bili fram yfir þetta til þess að ná því, sem flm. ætlast til skv. 5. lið till.

Nú vil ég ekki, að hv. flm. misskilji mig á þann hátt, að ég telji út af fyrir sig óeðlilegt, að fluttar séu till. um ýmis mál, sem eru á dagskrá, sem menn eru að hugsa um og velta fyrir sér. Það út af fyrir sig er allt saman eðlilegt, og það getur alltaf verið gagn að því að ræða af hófsemi um málin, jafnvel þó að málin séu að því komin að komast í höfn, að svo miklu leyti sem hugsanlegt er að koma þeim um sinn. Og það má segja líka, að það sé saklaust að gera till. um nefndarskipun til þess að athuga mál, ef menn reikna með því, að það komi ekki til, að það þurfi að skipa þessar n. En það væri alveg voðalegt, ef allar þessar till. yrðu samþykktar og öllu því nefndafargani komið á, sem þessi tillöguflutningur hefur í för með sér.

Ég sé ekki þörf á því að ræða meira um þessa till. Hv. þm. hafa hana á borðinu hjá sér og hafa lesið hana, og ég ætla, að þegar menn hafa áttað sig á þessu, komist menn að raun um, að miðað við það, sem þegar hefur verið gert í þessu máli og ákveðið er að gera, er út af fyrir sig þessi tillöguflutningur ekki nauðsynlegur. Og það er eðlilegt, að ef breyta þarf löggjöf landbúnaðarins, komi forustumenn bændastéttarinnar, Stéttarsambands bænda og aðrir forustumenn, því á framfæri við alþm. og ríkisstj. En sem betur fer get ég sagt það, að forustumenn bænda ræða þessi mál oft og iðulega við mig, þau, sem koma þarf í framkvæmd, og það hefur, sem betur fer, oft tekizt að verða við óskum bænda, bæði um breytingar á löggjöfinni og breyt. á framkvæmd löggjafar innan þeirra heimilda, sem fyrir hendi eru.

Ég sé ekki ástæðu til að samþ. þessa till.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera ræðu hæstv. landbrh. mikið að umtalsefni, vegna þess að það voru ekki mörg atriði, sem þar komu fram, sem gefa í rauninni tilefni til andsvara.

Ráðh. virtist efnislega vera hlynntur þeim skoðunum, sem fram koma í till., og hlýt ég að fagna því. Hins vegar taldi hæstv. ráðh., að hann hefði nú þegar komið í framkvæmd veigamesta atriði till. og annarra atriða hennar væri lítil þörf. Ég sé ekki ástæðu til að fara að munnhöggvast við hæstv. ráðh. um það, hve mikil þörf er einstakra atriða þessarar till. Skoðun okkar flm. er sú, að á því sé full þörf á að skoða þessi mál, sem till. fjallar um, á breiðari grundvelli en gert hefur verið með undirbúningi þess frv., sem hæstv. ráðh. boðaði, og kanna þau atriði, sem till. fjallar um, í fullu samhengi. Ég skildi líka hæstv. ráðh. þannig, að meginatriði í andstöðu hans við þessa till. væri það, að honum fannst, að það væri óeðlilegt að bæta við einni nefnd enn til þess að skoða mál eins og þetta. Um þetta er ég hæstv. ráðh. ekki heldur sammála. Ég tel, að skipaðar hafi verið n. af minna tilefni en að skoða mál eins og þessi á þann hátt, sem till. gerir ráð fyrir. Hæstv. ráðh. hefur haft í undirbúningi frv. til l., sem fjallar um einn þátt af því, sem þessi till. fjallar um. Skyldi hann ekki hafa skipað n. til þess, og skyldi hann ekki jafnvel hafa skipað fleiri en eina til þess?

Mér finnst það ekki í sjálfu sér vera tilefni til andstöðu við þessa till., þó að mönnum finnist þörf á því að takmarka nefndafjölda. Hér eru á hverju einasta þingi lögð fram stjfrv. í tugatali, sem nær alltaf eða a. m. k. mjög oft eru samin af n., og þó að n. væri skipuð til að fjalla um efni eins og hér er um að ræða, sýnist mér, að það hafi oft verið skipuð n. af minna tilefni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en ítreka till. mína um, að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Námslaun o. fl.

Á deildafundum 17. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um námslaun, greiðslu skóladvalarkostnaðar o. fl.** [23. mál] (A. 23).

Á 5. og 6. fundi í Sþ., 19. og 26. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessa till., sem hér er á dagskrá, flyt ég ásamt hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) og hv. 4. þm. Austf. (PÞ). Þessi till. var einnig flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Ég vil leyfa mér að lesa tillgr., eins og hún er orðuð:

„Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag námslauna, eflingu námslánasjóðs og greiðslu skóladvalarkostnaðar nemenda, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. Nefndin skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi. Ber nefndinni m. a. að hafa samráð við Lánasjóð íslenzkra námsmanna, stúdentaráð Háskóla Íslands, Félag íslenzkra stúdenta erlendis, Alþýðusamband Íslands og Stéttarsamband bænda. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Almenn viðurkenning er að fást á því, sem ýmsir hafa bent á í ræðu og riti undanfarin ár, að menntakerfi þjóðarinnar þarf rækilegrar endurskoðunar við. Í því sambandi er nauðsynlegt að taka til nýrrar athugunar allt námsstyrkjakerfið, þær reglur, sem gilda um aðstoð hins opinbera við námsmenn. Opinbera námsaðstoð þarf að efla sem óhjákvæmilegan lið í framtíðaruppbyggingu og nýskipan skóla- og menntamála. Á því verður að fást full viðurkenning bæði almennings og opinberra aðila, að námsaðstoð verður að fara vaxandi, og hún er í senn réttlætismál gagnvart námsmönnum og vandamönnum þeirra og beinlínis arðbær fjárráðstöfun fyrir ríkið.

Till. sú, sem hér er til umræðu, er borin fram í þeirri fullvissu, að námsaðstoðarkerfið sé enn ófullkomið miðað við nútímaaðstæður og þurfi því að breytast. Eins og kunnugt er, er námsaðstoð í öllu verulegu bundin við háskólastúdenta. Nemendur annarra skóla hér innanlands fá hvorki lán né styrki af ríkisfé. Því má einnig bæta við, að námslán eru mjög mismunandi eftir námsgreinum og m. a. miðað við það, hversu auðvelt er fyrir stúdenta að vinna með námi. Yfirleitt er gert ráð fyrir því og þykir sjálfsagt hér á landi, að háskólastúdentar vinni með námi og sjái sér þannig efnalega farborða, meðan á námi stendur, enda er vinna með námi alger forsenda þess, að stúdentar almennt geti stundað nám sitt. Ýmislegt hefur verið fært því til ágætis. En slíkt fyrirkomulag er þó engan veginn annmarkalaust. Án efa dregur vinna með námi úr námsárangri og námsástundun og lengir námstímann, og þetta eru allt miklir ókostir, sem æskilegt er að draga úr eftir föngum. Mér virðist einsýnt, að þjóðhagslegur ávinningur yrði að því að stytta þann árafjölda, sem stúdentar verja í nám. En eins og nú háttar högum stúdenta er erfitt að koma því við. Skólanámið er fyrir mörgum alger aukavinna og langflestir, ef ekki allir, meira

eða minna háðir því að vinna fyrir daglegu brauði, enda há hundraðstala stúdenta fjölskyldumenn. Stúdentar þurfa því mjög á því að halda, að námsaðstoð til þeirra verði aukin.

Við, sem að flutningi þessarar till. stöndum, höfum ávallt haft það sjónarmið í huga, að nauðsynlegt sé að stefna að því, að allir, sem stunda langskólanám og annað dýrt nám erlendis, eigi þess kost að fá svo ríflega námsaðstoð, að hún svari eðlilegum námskostnaði. Aðstoð þessi getur bæði verið í formi beinna námslauna og námslána. Þarf smám saman að móta kerfið í þá mynd, að námslaunin sem slík fari vaxandi, enda mun ekki líða langur tími, áður en full viðurkenning fæst á nauðsyn þess og réttmæti, þó að nú örli e. t. v. á þeirri skoðun hjá ýmsum, að hér sé um ofrausn að ræða í garð háskólastúdenta, sem þeir eigi tæplega skilið og þjóðfélagið hafi ekki efni á að láta í té. Raunar verður lengst af um það deilt, hvað þjóðfélagið hafi efni á að gera og hvað það hafi ekki efni á að gera, og við því er ekkert að segja. Hitt er aftur háskalegt, ef miklar deilur þurfa að verða um nauðsyn þess að efla vísindalega og hagnýta menntun í landinu. Um það á nefnilega ekki að þurfa að deila. Eitt hið brýnasta samtíma- og framtíðarverkefni þjóðarinnar er nýskipan menntakerfisins, efling almennrar menntunar, aukin iðnfræðsla og tækniþekking og síðast, en ekki síst efling háskólamenntunar, bæði hagnýtrar og vísindalegrar. Í þjóðfélagi, þar sem iðnbyltingar velta yfir á fárra ára fresti að kalla og viðhorfin breytast hraðar en nokkurn gat grunað fyrir nokkrum áratugum, í slíku þjóðfélagi eru engin grið gefin hvað snertir aðlögun að breytingum. Sú þjóð, sem ekki reynir að fylgjast með og er á verði um það, sem er að gerast, dregst einfaldlega aftur úr. Við skulum því ekki ímynda okkur, að það dugi einhver smásmygli, þegar við hefjumst handa um endurskipulagningu menntakerfisins, allt neðan frá og upp úr. Það getur vel verið, að við þurfum að leggja á okkur auknar fjárhagsbyrðar, það er raunar einsýnt, og við verðum að herða eitthvað að okkur á öðrum sviðum.

Eitt þeirra nýmæla, sem hreyft er með till. þessari, er það, að settar verði reglur um greiðslu skóladvalarkostnaðar þeirra nemenda, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. Án efa er það sanngjörn og raunhæf leið ásamt fleiru til þess að jafna námsaðstöðu í landinu, að hið opinbera greiði kostnað, sem leiðir af óhjákvæmilegri dvöl nemenda utan heimila sinna. Ég neita því ekki, að verulegur nýr útgjaldaliður yrði þarna til á fjárl. En ég sé ekki, að undan honum verði vikizt, því að fyrr eða seinna verður þessi leið valin til þess að draga úr þeim mikla mun, sem er á menntunarskilyrðum í landinu. Það vita auðvitað allir, að nemendur í héraðsskólum og menntaskólum, svo að dæmi séu tekin, sem sækja skóla um langan veg, e. t. v. í aðra landsfjórðunga, verða fyrir beinum og stórfelldum fjárútlátum vegna þess, að þeir þurfa að vista sig mánuðum saman utan heimila sinna. Aðstaða slíkra nemenda er gerólík aðstöðu hinna, sem dvalizt geta hjá foreldrum sínum og sótt skóla heiman að frá sér. Ég skal að vísu ekkert um það fullyrða, hversu mjög þessi aðstöðumunur verður til þess að leggja stein í götu þeirra, sem vilja læra, um það hef ég engar tölur eða beinar sannanir. Og ég get fúslega viðurkennt, að fjöldinn allur af ágætum mönnum hefur ekki látið slíkar hindranir aftra sér frá því að sækja skóla. M. a. geri ég ráð fyrir, að margir, sem eru í þessum sal, geti státað af því að hafa stundað margra ára menntaskólanám án þess að valda foreldrum sínum beinum fjárútlátum eða að þeir hafi orðið fyrir alvarlegum töfum af því, að skólinn var ekki í sjónhendingu frá heimilum þeirra. Það ráð hefur löngum verið tiltækt að vinna á sumrin fyrir skólavistinni, og einhvern veginn hefur það blessazt. En á þessu máli er þó önnur hlið. Hún er sú, að fjöldinn allur af skólanemendum á þess ekki kost að dveljast heima hjá sér á sumrin og vinna þar fyrir vetrardvöl í skóla. Þeir verða einnig að sækja sumarvinnu sína til fjarlægra staða og koma því ekki heim til sín nema sem gestir endrum og eins. Þetta á fyrst og fremst við um nemendur úr sveitum, þar sem fjáraflavon er lítil, miðað við það, sem gerist í uppgripavinnu við sjávarsíðuna. Þangað leita unglingar, sem eðlilegt er. Heimilin missa af þessum sökum dýrmætan liðsafla við bústörfin, og börn og foreldrar verða fyrr viðskila hvort við annað en ella mundi.

Ég vil ekki í þessu sambandi láta undir höfuð leggjast að minnast á þann kostnað, sem sveitaheimili verða fyrir af því að þurfa að vista börn sín og unglinga til náms í heimavistarskólum. Sá kostnaður er sannarlega ekki óverulegur, einkum þegar um barnmargar fjölskyldur er að ræða. Þar er um útgjöld að ræða, sem leggjast þyngra á sveitaheimili en önnur heimili í landinu. Ég hygg, að þessu þurfi að gefa sérstakan gaum, og tel, að hér sé um mikið hagsmunamál að ræða fyrir bændastéttina. Má vera, að því megi ráða til lykta með öðrum hætti en þeim að greiða beinan námskostnað, t. d. með sérstakri skattaívilnun. En augljóst er, að jafnréttisaðstaða í fræðslumálum er enn allfjarlæg, meðan þetta ástand er fyrir hendi. Af þessum sökum höfum við flm. þessarar till. sett fram ákvæði um athugun á því, hvernig haga beri greiðslu námsdvalarkostnaðar þeirra nemenda, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna.

Vert er að geta þess, að reglur um námsaðstoð hafa verið til endurskoðunar í sumum nágrannalöndum okkar. Svíar hafa tekið upp mjög víðtækt kerfi námsaðstoðar, sem felst í öflugri lánafyrirgreiðslu og beinum námslaunum. Allir skólanemar þar í landi, bæði háskólastúdentar og aðrir, sem orðnir eru 16

ára, fá einhvers konar námsaðstoð í formi beinna launa og lána. Hvað stúdenta snertir, fá þeir nú 175 kr. sænskar á mánuði í 10 mánuði á ári, eða 1750 á ári í námslaun, og auk þess 5000 kr. á ári í námslán, ef þeir eru einhleypir og barnlausir, en mun meira, ef þeir eiga fyrir fjölskyldu að sjá. Þessi upphæð er talin nægja fyrir eðlilegum námskostnaði. Í Noregi hefur stjórnskipuð nefnd lagt til, að námsaðstoðarkerfið verði aukið stig af stigi á 10 árum og stefnt að því að létta námskostnaðarbyrði nemenda á nær öllum skólastigum frá barnaskóla og upp úr, m. a. með greiðslu ferðakostnaðar og aukaútgjalda, sem leiðir af námsdvöl utan heimila. Norska nefndin leggur til, að stúdentar fái aukin námslán og fái endurgreiddan ákveðinn hluta af námskostnaði að loknu námi. Þá leggur nefndin einnig til, að það fé, sem ríkissjóður veitir til námsmannaaðstoðar, verði ekki fastbundið á fjárl., heldur hafi stjórn námslánasjóðsins óbundnar hendur um upphæðir, sem varið er til námsaðstoðar. Í Sovétríkjunum og öðrum kommúnistaríkjum eru stúdentum greidd námslaun, og mættum við hér á landi og í fleiri löndum nokkuð af því læra.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þessa till. að sinni. Við flm. teljum núverandi reglur um námsaðstoð ófullkomnar og ekki nægilega viðtækar. Þær hæfa ekki lengur okkar tímum og því þjóðfélagi, sem við lifum í. Þess vegna þarf að endurskoða þær frá rótum ásamt flestu öðru, sem varðar skóla- og menntamálin. Um till. hafa verið ákveðnar tvær umr., og vil ég leyfa mér að leggja til, að henni verði vísað nú að lokinni þessari umr. til síðari umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri hl. allshn., á þskj. 476, var útbýtt 14. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Skipulagning strandferðanna.

Á deildafundum 17. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um kosningu milliþn. til að gera tillögur um endurnýjun strandferðaskipaflotans og skipulagningu strandferðanna [24. mál] (A. 24).

Á 5., 6., 7., 8. og 10. fundi í Sþ., 19. og 20. okt., 2., 9. og 16. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Við 4 af þm. Framsfl. höfum leyft okkur að bera fram þáltill. á þskj. 24, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna mþn. til að gera till. um endurnýjun strandferðaflotans og skipulagningu strandferðanna. Skal n. haga störfum með tilliti til þess, að hægt sé að leggja till. fyrir Alþ. 1967. Skal að því stefnt, að hægt sé að veita landsbyggðinni sem hagkvæmasta þjónustu og reksturinn verði sem ódýrastur, miðað við veitta þjónustu. Á meðan nefndarstörfum er ólokið, leggur þingið að gefnu tilefni áherzlu á, að ekki verði dregið úr strandferðaþjónustunni frá því, sem verið hefur að jafnaði undanfarin ár."

Þessi till. er að meginmáli samhljóða þeirri, sem við sömu þm. bárum fram í strandferðamálum á síðasta þingi. Breyt. á þeirri till. svo og grg., sem henni fylgdi, eru afleiðingar þess, að málið fékk þá ekki afgreiðslu, og einnig vegna þess, sem gerzt hefur í strandferðamálunum, síðan síðasta þingi lauk.

Það er vitað, að hæstv. ríkisstj. hefur löngum á liðnum árum barmað sér yfir hinum óvefengjanlega rekstrarhalla Skipaútgerðarinnar, sem komið hefur fram í síauknum mæli hin síðari ár. Flestir þeir, sem þekkt hafa til málanna, hafa ekki þurft að fara í grafgötur með að sjá orsakirnar. Þær hafa legið ljósar fyrir. Er þá fyrst að nefna óðaverðbólguna, sem sífellt hefur geisað í æ ríkari mæli, eftir því sem árin hafa liðið, og að algerlega hefur verið vanrækt að gera Skipaútgerðinni léttara um vik að mæta verðbólgunni með því að bæta rekstraraðstöðu hennar, t. d. með umbótum á afgreiðsluaðstöðu hér í Reykjavík, sem er og hefur verið að mörgu leyti neðan við allar hellur, og enn fremur, að algerlega hefur verið vanrækt að endurnýja skipaflotann, fá í stað hinna gömlu og úr sér gengnu skipa ný og hentug skip, sniðin eftir nútímaþörfum og kröfum, sbr. og þar um grg. okkar, sem fylgir till.

Hin augljósa staðreynd í máli þessu er, að bókstaflega ekkert hefur verið gert til þess að bæta rekstraraðstöðu Skipaútgerðarinnar, svo að meiri líkur mættu verða til þess, að hún yrði fremur en áður megnug þess að mæta rekstrarhalla vegna verðbólgu og annarra slíkra erfiðleika. Það er vitað, að Skipaútgerð ríkisins hefur löngum verið hálfgert olnbogabarn núverandi ráðamanna. Það sýndi sig strax glögglega við afgreiðslu fjárl. 1959. Þá var rekstrarframlag ríkissjóðs lækkað um rúmlega þriðjung frá fjárl. 1958 og þar með girt fyrir allar umbætur á afgreiðsluaðstöðu útgerðarinnar, t. d. hér við höfnina. Næsta ár var rekstrarframlagið á fjárl. hækkað nokkuð, en var strax lækkað aftur árið á eftir niður í ca. ⅔ af því, sem veitt hafði verið á fjárl. 1958. Þessi niðurskorna fjárveiting til

Skipaútgerðarinnar stóð svo óbreytt til fjárl. 1964, og komst þá fyrst dálítið upp fyrir það, sem hafði verið veitt til rekstrar útgerðarinnar áður. Það má segja, að hér hafi verið um hálfgerðan skrípaleik ráðamanna að ræða, því að öllum var kunnugt um rekstrarfjárþörf útgerðarinnar, og mönnum var líka kunnugt um, að nokkru áður var sú eina tekjulind, sem tilheyrði Skipaútgerðinni, vélskipið Þyrill, tekin og seld. Auk þess var vitað, að það var óhjákvæmilegt að greiða raunverulegan rekstrarhalla, sem til féll á hverju ári, enda hefur svo verið gert, þó að fjárlög hafi ekki verið á þessum árum, sem ég minntist á, ríflegri en raun bar vitni.

En ráðamönnum mun þó hafa að lokum þótt áferðarbetra að láta það heita svo, að kvaddir væru einhverjir eða einhver til ráðuneytis og tillagna um úrlausn þessa vandamáls, Skipaútgerðarinnar. Þá mun hafa átt sér stað, að leitað var til norsks sérfræðings, sérfræðings í rekstri strandferða innan norska skerjagarðsins, og það er talið, að verkefni hans hafi átt að vera að gera till. um endurbætur á rekstri strandferðanna hér, en eingöngu með tilliti til gömlu skipanna. Það er ekki vitað, að nokkur árangur hafi orðið af störfum þessa norska manns, en ýmsar sögur hafa gengið um till. hans. Er ein sú, að hann hafi lagt fram nýja till. um strandferðaáætlun byggða á tímaáætlun fyrir hvert skip, sem sagt, klukkan þetta þennan dag hefur ákveðið strandferðaskip viðkomu í tilgreindri höfn og fer svo þaðan á tilgreindum klukkuslætti sama dag. Mér er sagt, að ráðamenn hafi þótzt hafa himin höndum tekið, þegar þeir fengu þessar till. og það hafi ekki liðið langur tími, þar til eitt strandferðaskipið sigldi úr höfn hér í Reykjavík með slíka tímaáætlun innanborðs. En það fylgir sögunni, að skipið hafi ekki verið komið nema eitthvað áleiðis á Vestfjörðum, þegar allt var komið úr reipunum, og skipið sigldi án þessarar áætlunar áfram um Vestfirði, Norðurland og Austfirði, án þess að á þessa tímaáætlun væri litið, en skipshöfnin hafði gert að sjálfsögðu allt, sem hún gat, til þess að hraða ferðinni, um leið og hún gerði það, sem unnt var, til þess að fullnægja þeirri þörf, sem var fyrir hendi á hverjum viðkomustað um afgreiðslu og viðkomu. Það er sagt, að það hafi stytzt nokkuð í veru þessa norska sérfræðings eftir þessa reisu, og mun engum hafa þótt slíkt furðulegt, heldur frekar hitt, að ráðamenn skyldu ekki í upphafi hafa kvatt sér til ráðuneytis og aðstoðar í málinu kunnuga innlenda menn, t. d. meðal annarra þrautreynda strandferðaskipstjóra, sem höfðu siglt jafnvel um áratugi farsælum siglingum með ströndum landsins. Þessi tilraun mun því hafa farið út um þúfur og árangurinn ekki orðið annar en eðlilegur kostnaður, sem leiddi af dvöl þessa sérfræðings.

En rekstrarhalli Skipaútgerðarinnar óx ár frá ári, og virðist ekki vera hægt við að gera. Þá var skipuð að sögn fjögurra manna ráðgefandi nefnd innlendra manna, og er sagt, að tveir nm. séu skrifstofumenn hér í Reykjavík, en aðrir tveir af einu landshorninu. Ég veit ekki til, að þessi n. hafi enn skilað nokkrum till. um framtíðarstrandferðir. Þær vanhugsuðu og tillitslitlu framkvæmdir í strandferðamálunum, sem nú er verið að framkvæma, munu því ekki vera runnar undan rifjum þessarar fjögurra manna n., enda slíkt ótrúlegt, heldur verða þær framkvæmdir að skrifast á reikning hæstv. ríkisstj., sem ástæða er því miður til að ætla að hafi látið ráða meir tilraunir til sparnaðar um rekstur strandferðanna, hvað sem líður hagsmunum dreifbýlisfólksins og hvað sem líður mótmælum og kvörtunum fólksins úti á landi, sem þegar eru fram komnar og hljóta að verða því meiri og háværari sem betur sannreynist, við hvað dreifbýlinu er ætlað að búa á næstunni í þessum málum. Og hin fyrirsjáanlega og fyrirhugaða stórskerðing á strandferðaþjónustunni, sem nú blasir við mönnum, kemur í kjölfar þess, að hlutaðeigandi ráðh. hafði að sögn í lok síðasta þings lýst því hátíðlega yfir fyrir þingheimi, að í strandferðamálunum yrði ekkert gert, sem gengi í þá áttina að draga úr strandferðaþjónustunni við fólkið úti á landi.

Það, sem nú liggur opinberlega fyrir, er, að seld hafa verið 2 af gömlu strandferðaskipunum, þ. e. Skjaldbreið og Hekla, og mætti skjóta því að, að eftir fregnum er Hekla, glæsilegasta farþegaskip, sem hefur þjónað hér við ströndina, seld fyrir minna en andvirði eins fiskibáts. Svo mikið liggur við að losa sig við þessi skip, áður en nokkuð viðhlítandi kemur í staðinn. En eftir höfum við samt elzta strandferðaskipið, þ. e. Esju, ekki fyrir það, að hún hafi ekki líka verið boðin út til sölu, heldur fyrir það, að enginn fæst kaupandinn að henni. Þessar söluráðstafanir eru gerðar á haustnóttum, þegar vetur er fram undan og allra veðra er von og strandsiglingar geta af þeim sökum mjög tafizt eða jafnvel hindrazt um lengri eða skemmri tíma, sbr. hafísinn við strendur landsins s. l. vetur og stundum áður. Í stað þessara tveggja skipa, sem búið er að farga eða á að farga á næstunni, kemur eitt leiguskip til 6 mánaða. Það skip er ekki búið frystilest og leysir því ekki flutningsþörf á frosnum matvælum né að flytja beitusíld milli hafna, sem bráðaðkallandi er, fyrst og fremst á vetrarvertíð. Nauðsyn á flutningum á frosnum vörum með ströndum fram flesta tíma ársins hefur löngum verið viðurkennd svo mikil, að öll gömlu strandferðaskipin eru búin frystilestum. Og það hefur sýnt sig, að slíkt hefur reynzt rekstrarlega hagkvæmt fyrir ríkisskipin, því að reynslan hefur sýnt, að það eru frystilestirnar, sem hafa nýtzt tiltölulega bezt. En fyrirsjáanlegar þrengingar fólksins í sambandi við strandferðaþjónustuna, sem ráðamenn ætla því a. m. k. fyrst um sinn að búa við, eru hér með ekki allar taldar. Nú hefur það óhapp skeð, að Herðubreið hefur orðið

fyrir svo alvarlegu áfalli, að ósennilegt er talið, að hún komi aftur til starfa á ströndinni. Nú sem stendur virðist því eiga að láta duga til strandferðanna 1 af 4 eldri skipanna og svo hið fyrrnefnda leiguskip, sem auk þess að það er að ýmsu leyti vanbúið til að fullnægja nauðsynlegum strandferðum, þá er það þegar komið í ljós og mun enn betur sannast, að það skip er víðs fjarri því að geta fullnægt þörfum smærri hafnanna og þeim, sem búa við lökust hafnarskilyrði. Gömlu skipin smærri hafa getað lagzt við bryggju á flestum eða öllum viðkomustöðum. En það er vitað, að þetta leiguskip, sem er ekki byggt fyrir íslenzkar aðstæður, heldur grænlenzkar, hefur ekki getað það og mun ekki gera það fremur en verkast vill. Þarf ekki að fjölyrða um afleiðingarnar. Afgreiðsla á bátum úti á rúmsjó er dýr og oft útilokuð í misjöfnum veðrum. Er því fyrirsjáanlegt, að skipið kemur víða að stopulum notum í hinum strjálu ferðum, sem því er ætlað að halda uppi við strendur landsins.

Það er vissulega ekki afsakanlegt, að ráðamenn skuli hafa fækkað svo strandferðaskipunum í fyrstu lotu, að ekki sé borð fyrir báru, þótt óhapp, sem mætti Herðubreið, kæmi fyrir. Það óhapp er ekki annað en ætið verður að gera ráð fyrir að geti hent í skipaútgerð. Og svo aumar sem strandferðirnar voru ætlaðar, því vonlausari verða þær til bjargleg árangurs, þegar bæði Herðubreið og Skjaldbreið eru samtímis úr leik og ekkert viðhlítandi kemur í staðinn.

Hvað sýnir svo reynslan um flutningaþörfina með ströndum fram? 1965, síðasta árið, sem til eru þar um skýrslur, voru fluttar vörur með skipum Skipaútgerðarinnar sem námu um 45 þús. smál., og þar af á fjarlægari hafnir nálægt 35 þús. smál., eðlilega mest til hafna á Norður- og Austurlandi. Það mun sennilega koma í ljós, að heildarvöruflutningar með ríkisskipunum reynast mun meiri á þessu ári en 1965, sem stafar að miklu leyti af hinum óvenjulegu fóðurbætisflutningum s. l. vetur, sem raunar voru svo miklir, að Skipaútgerðin gat ekki annað þeim. Vonandi kemur slík flutningaþörf ekki fyrir á næstunni aftur. En vissulega þarf ekki mikið út af að bera í þessu efni, þegar 2 skip móti 4 áður eru í strandferðum.

1965 var farþegaflutningurinn tæplega 21 þús. manns þrátt fyrir alla bíla og flugvélar. Af þessum farþegafjölda munu hin 4 almennu strandferðaskip hafa flutt um helming eða 10½ þús. manns til og frá höfnum víðs vegar úti um land og sennilega mest til og frá höfnum, þar sem bílar og flugvélar náðu minnst til.

Þessar staðreyndir um þarfir fólksins á strandferðum sýna, að þær eru ekki neitt smáræði eða hégómamál fyrir fjarlægari landshluta. Norðurland, Austurland og Vestfirðir hljóta að gera skilyrðislausar kröfur til ríkisvaldsins um viðhlítandi strandferðaþjónustu, sem geri fólkinu mögulegt að haldast við í heimabyggðum sínum. Slík þjónusta hefur ætíð kostað og mun ætíð kosta hið opinbera allmikið fé, sem ekki hæfir frekar að draga úr nú en áður fyrr. Hitt er svo annað mál, að skylt er að hafa í huga að sýna hvort tveggja í senn, hagsýni í rekstri strandferðanna, jafnframt því að þjónustan komi sem bezt að notum þeim, sem hennar eiga að njóta. Að slíku viljum við tillögumenn stefna með þáltill. okkar á þskj. 24. Við leggjum þar til, að kosin verði 7 manna nefnd í málið. Gefst þar með öllum þingflokkum tækifæri til að eiga þar einn eða fleiri fulltrúa, og gerum við ráð fyrir, að þingflokkarnir velji í n. menn víðs vegar að af landinu, sem skilyrði hafa til að gerþekkja þarfir landsbyggðarinnar allrar og hvar skórinn kreppir að í þessu máli í hinum dreifðu byggðum og hvað gera þarf til að tryggja viðunandi og sem hagkvæmasta strandferðaþjónustu með sem minnstum tilkostnaði af hálfu þess opinbera. Framkvæmdir í framtíðarskipulagi strandferðanna þola enga bið, og er því þess vænzt, að væntanleg nefnd hraði störfum og hæstv. ríkisstj. fái sem fyrst umbótatill. í sínar hendur frá henni, ef það m. a. gæti orðið til þess, að hún væði ekki lengur en orðið er í villu og svíma um það, hvað gera þarf í málinu.

Ég hef nú lauslega vikið að meðferð þessa máls í höndum hæstv. ríkisstj. á undanförnum árum, og verður hverja sögu að segja eins og hún gengur, þótt ekki sé fögur. Leynir sér þar ekki hin furðulega vanræksla og áhugaleysi um að leysa aðkallandi og mikilvægt vandamál, sem alþjóð varðar. Hefur ekki heldur orðið vart við sérstakan áhuga um að flýta fyrir afgreiðslu þessarar þáltill. hér á hv. Alþ., þar sem nú er liðið langt á árið, síðan hún var fyrst lögð fram, og hefur nú loksins fengið byrjunarafgreiðslu, þannig að vænta má, að hún komist til meðferðar í n. Hvað sem líður þessu og öðru slíku, er þegar augljóst og vitað, að þessi till. hefur fengið nokkurn hljómgrunn innan stjórnarliðsins, og því hefur stjórnarherrunum þótt hyggilegt og rétt að sýna nú einhverja framkvæmdatilburði í málum Skipaútgerðarinnar. Þess vegna hafa þau góðu tíðindi gerzt á síðustu dögum, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð sér annað fært en leyfa stjórnarnefnd Skipaútgerðar ríkisins að undirbúa kaup á tveimur strandferðaskipum eða afla tilboða í slík skip. Þessu ber vissulega að fagna. En forsaga málsins hræðir og því vart að treysta hröðum framkvæmdum ráðamanna til farsællar lausnar málinu. Forstjóri Skipaútgerðarinnar og aðstoðarmenn hans munu aðeins hafa fengið leyfi til að afla tilboða í eldri og yngri skip, svo og skipasmíði, og má segja, að slíkt sé út af fyrir sig þakkavert, eins langt og það nær. Ég geri ráð fyrir, að hinn áhugasami forstjóri ásamt stjórnarnefnd sinni muni ekki liggja á liði sínu að hraða framkvæmdum um öflun tilboða varðandi ný strandferðaskip, þegar loksins hann hefur fengið það leyfi. En hver getur treyst því, sem hugsar til þess, sem gerzt hefur, að

hinir áhugalitlu ráðamenn sofi ekki enn um skeið á málinu, eftir að það aftur er komið í hendur þeirra frá Skipaútgerðinni? Mér virðist því alveg augljóst, að það er ekki síður þörf en áður. að hv. Alþ. kjósi þá nefnd í málið, sem þáltill. okkar fjórmenninganna gerir ráð fyrir. Slík n., kosin af Alþ. á breiðum grundvelli, er líklegur ráðunautur hæstv. ríkisstj., til þess að málinu verði sem farsælast og skjótast ráðið til lykta.

Eins og ég hef vikið að, hefur sífelldur dráttur orðið á því, að Alþ. gæfist kostur á að afgreiða þetta mál. Loksins bjarmar fyrir því, að málinu verði vísað í n. Má búast við, ef dæma má eftir reynslu, að nokkur töf verði um afgreiðslu málsins úr n., og þá er eftir að fá lokaafgreiðsluna hér á hv. Alþ. Það má því gera ráð fyrir, að það verði liðið nokkuð á þetta þing, áður en það fær þá afgreiðslu, sem við flm. gerum ráð fyrir. Við vorum bjartsýnni, þegar till. var lögð fram, en aðgerðarleysi í málinu síðan um afgreiðslu sýnir, að ástæða er til að óttast, að málið fái enn að hvílast um stund.

Með tilliti til þessa viðhorfs er það persónuleg skoðun mín, að komið gæti til mála að breyta till. þann veg, að sú n., sem kosin yrði, hefði umboð til að starfa með hæstv. ríkisstj. að framgangi málsins, vegna þess, hve þetta er allt síðbúið og ákvörðunum í málinu þarf að hraða. Hún gæti þannig orðið ráðgefandi í sambandi við ákvarðanir hæstv. ríkisstj. Ég tel þetta út af fyrir sig ekki mjög æskilega leið, en ef hún gæti orðið til að flýta fyrir því, að Alþingi tæki þetta á einhvern hátt til fastari meðferðar og afgreiðslu en nú horfir við, tel ég það fyllilega athugandi. Ég óttast sem sé, og dreg það af því, sem skeð hefur, að ef hæstv. ríkisstj. hefur málið ein til meðferðar, — óttast ég annaðhvort framkvæmdaleysi eða framkvæmdaslys af hennar hálfu.

Ég vil svo, herra forseti, ljúka máli mínu og vil stinga upp á, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til síðari umr. og til hv. fjvn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þar sem hæstv. sjútvmrh. er ekki hér viðstaddur, finnst mér rétt að segja hér nokkur orð um þessa till. og þá ræðu, sem hér var flutt áðan, enda snertir þetta mál einmitt að vissu leyti mitt ráðuneyti, því að það hefur fallið í þess hlut að greiða þann geysilega halla, sem hefur orðið á Skipaútgerð ríkisins, og í sameiningu hlutuðust þessi tvö ráðuneyti til um það, að settir voru tveir meðráðamenn með forstjóra útgerðarinnar á s. l. ári til þess að íhuga úrræði til að koma þessum málum á heilbrigðari grundvöll en verið hefur að undanförnu og draga úr hinum stórkostlega halla, sem hefur verið á rekstri Skipaútgerðarinnar, en á þann hátt, eins og hæstv. sjútvmrh. lýsti hér yfir í fyrra, að stefnt væri að því, að Skipaútgerðin eða strandferðirnar gætu áfram veitt viðunandi þjónustu fyrir landsmenn víðsvegar um landið. Það hefur því verið stefnan í þessu máli, sem hv. 1. flm. þessarar till. einnig vék að í sínu máli, að reyna að reka þessa starfsemi með sem mestri hagsýni og eyða ekki í hana meira af fé þjóðfélagsborgaranna en brýn nauðsyn krefði og hins vegar að tryggja, að þessi þjónusta gæti orðið með viðhlítandi hætti.

Hv. þm. sagði, að í þessu efni hefði verið sýnt dæmalaust fyrirhyggjuleysi og stefnuleysi og það væri í rauninni örþrifaráð að flytja þá till., sem hér er flutt, til þess að reyna að kippa þessu í lag. Hann hafði miklar áhyggjur af því, hvað þessi till. hefði þvælzt hér lengi í þingi, og kynnu að verða einhver óhöpp, ef ekki væri hægt að gera sérstakar ráðstafanir til að koma þessari n. á laggirnar. Sannast sagna skil ég ekki, að jafnglöggur maður og hv. þm. skuli ekki hafa gert sér betri grein fyrir eðli þessa máls og því, sem í því hefur gerzt, en svo, að hann haldi þessu hér fram. Till. hans hefur vitanlega ekki nokkur áhrif á, hvað gerist í þessu máli. Og það hafa verið gerðar alveg ákveðnar ráðstafanir til að marka stefnuna í málinu. Af hálfu ríkisstj. hefur verið starfandi nefnd til þess að gera till. um framtíð Skipaútgerðar ríkisins, og tillagna þessarar nefndar er að vænta nú alveg á næstunni, og raunar hefur hún þegar lokið störfum. Í sambandi við fjárlagafrv., þegar það var lagt fyrir Alþingi, var jafnframt mörkuð slík stefna í málinu, enda þótt till. milliþn. lægi þá ekki endanlega fyrir, en þar er beinlínis heimilað að verja andvirði hinna seldu skipa Skipaútgerðarinnar og að taka lán eða leggja fram viðbótarfé úr ríkissjóði til þess að endurnýja annars vegar skipakost útgerðarinnar og hins vegar að bæta aðstöðu hennar við Reykjavíkurhöfn, sem er hin bágbornasta og m. a. kemur fram í því, að hallinn á vöruafgreiðslu félagsins hér skuli vera um 7 millj. kr., sem sýnir, hvað það er bágborin skipulagning á þessu. Og það er sannarlega ekkert nýtt mál. Það er gamalt vandamál, áratugagamalt. Skal ég ekki út í það frekar fara, þó að freistandi væri hér að ræða skipulagsmál Skipaútgerðarinnar í þessu sambandi.

Það var því þegar áður en till. hv. þm. og meðreiðarsveina hans var flutt ákveðið af hálfu ríkisstj. að undirbúa vissar aðgerðir í þessu efni og þær aðgerðir, sem hefur komið í ljós að eru í nánu samræmi við þær hugmyndir, sem uppi eru hjá þeim mönnum, sem hafa endurskoðað þessi mál, að nauðsynlegt sé að endurnýja alveg skipakost útgerðarinnar og taka til nota skip, sem eru á allt annan veg en þau skip, sem notuð hafa verið. Það er því engin ástæða til að halda, að neitt frekar gerist í þessu efni, hvað sem verður um till. þá, sem hv. þm. hér mælti fyrir, vegna þess að allt þetta mál er í fullum gangi og með eðlilegum hraða og á þann veg, að einmitt er hugsað fyrir því tvennu, að það verði auðið að veita viðhlítandi þjónustu og jafn-

framt að kostnaðinum við hana verði haldið innan hóflegra marka.

Varðandi þá sölu skipa, sem hefur átt sér stað, á það ekki að þurfa að hafa nein úrslitaáhrif á að skapa vanda í þessum efnum þann tíma, sem kann að líða, áður en hægt er að endurnýja þennan skipakost. Hv. þm. gat um, að það hefði þegar verið leigt eitt skip, sem að mörgu leyti er hagkvæmt. Það er rétt, að það hentar ekki fyrir allar smáhafnir, en það er mun hagkvæmara í rekstri en bæði Esja og Hekla, þannig að miklu munar. Óhappið með Herðubreið varð að sjálfsögðu ekki séð fyrir, og það hefur hingað til ekki verið neinn varaskipakostur til reiðu, þó að einhver slík óhöpp hafi orðið. En það er auðvitað opið mál að leigja skip um stundarsakir til þess að koma í skörðin, ef eitthvert slíkt vandamál skapast tímabundið, og einmitt um það hefur verið hugsað. Og það er ljóst, að það er miklum mun hagkvæmara en að starfrækja þessi skip, eins og gert hefur verið.

Esja og Hekla eru skip, sem er algerlega útilokað að starfrækja lengur. Kostnaðurinn við útgerð þeirra skipa og allt skipulag þeirra, mannahald og annað er með þeim hætti, að það er óviðunandi að starfrækja þessi skip, og þarf því að endurnýja þau. Ástæðan til þess, að Hekla var fremur seld en Esja, er vitanlega sú, að það er miklum efa bundið, að það sé nokkur leið að selja Esju, vegna þess, hve gömul hún er orðin, og það sé því í rauninni betra að láta hana ganga sér til húðar heldur en að missa það tækifæri, sem bauðst til að selja Heklu á mjög skaplegu verði, miðað við það verð, sem er á gömlum skipum.

Með því, sem þegar hefur verið gert í þeim efnum, hefur skipaútgerðarþjónustan ekki verið neitt rýrð. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, að hún er nú þegar orðin með miklu hagkvæmari hætti en áður var, þannig að það eru miklar líkur til, að hallinn á henni lækki mjög verulega, og tel ég það mikinn ávinning.

Við vitum allir, að aðstaða Skipaútgerðarinnar hefur breytzt geysilega mikið á síðustu árum. Hinar bættu samgöngur á landi og í lofti hafa valdið því, að Skipaútgerðin hefur búið við sífellt lakari rekstraraðstöðu, og á hana eru vissulega lagðar miklar kvaðir, sem er eðlilegt að hafi sinn kostnað í för með sér. En það er líka nauðsynlegt að endurskoða þessar kvaðir, því að þótt það sé brýn nauðsyn að halda uppi sem fullkomnastri þjónustu, eru því auðvitað takmörk sett, hvað er hægt að halda uppi skipakosti fyrir einstaka staði, þar sem kemur í ljós við rannsókn, að er í rauninni ekki um nokkurn flutning að ræða, þannig að það má telja farþegana á fingrum sér, jafnvel yfir árið, og flutningar eru sáralitlir eða næstum engir. Þetta vitanlega verður að athuga með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

Það er sama vandamálið, sem við stöndum andspænis með flóabátana. Þetta allt saman þarf að athuga í samhengi. Bættar samgöngur hafa valdið því, að notkun þeirra fer sífellt minnkandi, þannig að suma mánuðina hafa sumir þeirra ekki nokkurt verkefni. Bílflutningar með vörur hafa vaxið stórlega, ekki aðeins að sumarlagi, heldur meginhluta vetrar eða allan tímann, sem bílfært er, og sömuleiðis er, eins og mönnum er kunnugt, mjög vaxandi skipakostur annarra skipafélaga, sem ganga á hafnir víðs vegar um landið, og allt þetta hefur leitt til þess, að starfsskilyrði Skipaútgerðarinnar hafa stórum minnkað.

Ég held, að það geti ekki talizt nein goðgá og það sé ekki sæmandi að blása það upp sem eitthvert fjandskaparmál við strjálbýlið, þó að ríkisstj. hlutist til um að endurskoða þennan rekstur og reyna að koma honum í hagkvæmara horf. Og í sambandi við það finnst mér það ekki sérstaklega stórmannlegt að reyna að efna til ástæðulausra æsinga í því efni. Stefnan er sú að halda uppi viðhlítandi þjónustu við landsbyggðina með sem hagkvæmustum hætti, og þeirri stefnu verður fylgt í þeirri uppbyggingu Skipaútgerðarinnar, sem væntanleg er. Menn hafa ekki talið það mögulegt, þó að þær raddir hafi stundum heyrzt frá forstjóra Skipaútgerðarinnar, sem ég er ekkert að lasta, að Skipaútgerðinni væri beinlínis veittur einkaréttur á flutningum. Þetta hafa menn ekki treyst sér til að gera, og ég býst ekki við, að það séu ýkjamargir talsmenn raunverulega fyrir því. En ef á að láta þróunina ganga eins og hún hefur gert, með síminnkandi flutningum, sífækkandi farþegum, þó að það að vísu hafi verið alveg sérstakt mál, sem gerðist á þessu ári, sem hv. þm. vék að, þá held ég, að það sé ekki annað en raunveruleg skylda ríkisstj. að stokka spilin upp og gera sér grein fyrir, hvort ekki er hægt að leysa þetta viðfangsefni með happasælla hætti.

Sú n., sem hér er lagt til að skipa, hefur sem sagt ekki nokkur áhrif í þá átt. Það hefur þegar verið hafizt handa — og ekki aðeins hafizt handa, heldur er nú þegar lokið till. um framtíðarskipan Skipaútgerðarinnar, sem væntanlega verða lagðar fyrir Alþingi nú innan skamms, og í annan stað hefur þegar verið hafizt handa, eins og hv. 1. flm. till. vék að, um það að undirbúa smíði nýrra skipa, og á meðan millibilsástand kann að vera í því efni, er það áreiðanlega engum vandkvæðum bundið að leysa tímabundna erfiðleika, sem kunna að rísa upp vegna þess, að við sérstök samgönguvandamál verður að stríða um einhvern tíma. Það hefur stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar fullkomlega haft í huga og miðar sínar till. við, að þeim vanda verði hægt að mæta með viðhlítandi hætti.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki hafa uppi langt mál sem svar við ræðu hæstv. ráðh., þess gerist ekki þörf. Hann afsannaði ekkert. Hann vefengdi ekkert af þeirri sögu, sem ég sagði um ástandið í strandferðamálunum, en hins vegar kom út

af fyrir sig fram fróðleg yfirlýsing. Hún var á þá leið, að það breytti engu, þó að svona till. kæmu fram á hv. Alþ., ríkisstj. mundi fara sínu fram í þessu máli, eftir því sem hún teldi hagkvæmast og bezt fyrir ríkissjóð.

Hæstv. ráðh. tilkynnti, að það væri til n. í þessum málum, sem væri nú starfandi. Þetta eru nú ekki miklar fréttir, því að það er búið áður að kveðja svo marga til sem ráðgefandi aðila í málinu, að það eru svo sem ekki stórtíðindi, þó að einni silkihúfunni sé bætt ofan á, og það hefur sýnt sig, að ýmist hafa till. nefndarmanna eða ráðgefandi manna ekki verið hafðar að neinu eða að till. hafa orðið að athlægi eða ekki verið taldar neins virði.

Hæstv. ráðh. talaði um, að það væri sjálfsagt að selja Esju og Heklu, þar sem þær hentuðu ekki nútímastrandferðum. Þetta þarf ekki að segja okkur flm. Okkur var það ljóst, að þar er umbóta þörf, og ef litið er á grg., sem fylgir till. okkar, ræðum við þar ýtarlega um, að það sé augljóst, að miklu þurfi að breyta, fá ný og hagkvæm skip og þar fram eftir götunum. En þetta hefur ekki verið gert. Það hefur verið byrjað á öfugum enda. Gömlu skipunum hefur verið fargað, án þess að nokkuð kæmi í staðinn annað en eitt leiguskip, sem hentar ekki á nokkurn hátt, sérstaklega ekki smærri höfnunum. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. láti sig það engu skipta, þó að samgöngur leggist niður á smærri hafnirnar. Forsjá hæstv. ríkisstj. mun þá beinast að því að útvega fólkinu utan af landi lóðir og bústaði innan Stór-Reykjavíkur, þegar allar bjargir virðast vera bannaðar um, að það geti haldizt við í heimabyggðum sínum. Og það getur vitanlega liðið að því, að fólkið víða um landið verði að flýja sínar stöðvar úti á landi. Því virðist þar flest bannað af yfirvaldanna hálfu. Það er staðið á móti því að veita fé til vega, enn fremur allt of lítið gert af öðrum samgöngubótum, og svo á þetta að bætast ofan á, að það á að fara eftir hentugleikum hæstv. ríkisstj., hve mikið verður gert í strandferðamálunum.

Svo segir hæstv. ráðh., að það eigi ekki að rýra þjónustuna við strandferðirnar. Þetta er þá í annað skipti, sem það gerist, að ráðh. lýsir slíku yfir. Slíkt er einu sinni búið að ske á s. l. vori, en hefur ekki verið staðið við það. Það hefur náttúrlega hent ráðh. þessarar ríkisstjórnar fyrr að standa ekki við sínar yfirlýsingar, en þetta er þá í annað skipti í þessu máli, að hæstv. ráðh. einn lýsir því yfir, að það eigi ekki að rýra samgöngurnar á sjó, en slíkt loforð svikið.

Hæstv. ráðh. gat þess réttilega og staðfesti það, sem ég sagði, að aðstaðan hér í Reykjavík, sem ræður miklu um, hvað rekstrarhallinn er mikill hjá ríkisskipunum, hefur ekki verið bætt. 1958 var nokkur fjárveiting til þess að byrja á þessu. Það var ekki framkvæmt það ár. En fjárveitingin var svo skorin niður 1959, í fyrsta sinni, sem þessi hæstv. ríkisstj. eða ráðamenn hennar höfðu vald á hlutunum. Þá var fjárveitingin lækkuð niður í 10 millj. til Skipaútgerðarinnar úr 15.7 millj. árið 1958. Það var lausn málanna, um leið og fram undan var stórkostleg gengislækkun og verðbólga.

Hæstv. ráðh. biðja um, að menn haldi ekki á lofti neinni fjandsemi af hálfu ríkisstj. til fólksins úti á landi. En ef saga þessa máls er sögð eins og hún er sönnust, býst ég við, að hæstv. ráðh. finni, að það er fjandskapur, sem kemur fram í aðgerðarleysi ríkisstj. öll hennar ár, og það er hún, sem ber ábyrgð á því, hvernig komið er, en hvorki við flm. till. né aðrir, sem fordæmum það aðgerðarleysi, sem átt hefur sér stað í strandferðamálunum.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að þeir væru að baksa við að koma málum ríkisskipanna á heilbrigðan grundvöll. Þetta er nú nokkuð óljóst. En vissulega á að stefna að því og hefur, hygg ég, fyrrum einatt verið stefnt að því, að reksturinn væri eftir atvikum á heilbrigðum grundvelli. En ef heilbrigður grundvöllur hjá ríkisstj. táknar aðeins það að þurfa ekki að leggja fram nauðsynlegt fé til starfrækslunnar, hygg ég, að það verði ekki allir sammála um, að það sé heilbrigður grundvöllur, sem ríkisstj. stefnir að í þessu máli, enda er það í raun og veru sjáanlegt, að svo er ekki. Það er frekar peningasjónarmiðið, að hægt sé að klípa eitthvað af eðlilegum og óhjákvæmilegum rekstrarkostnaði Skipaútgerðarinnar, það er líklega það, sem heitir á máli hæstv. ríkisstj. heilbrigður rekstrargrundvöllur.

Ég hef í raun og veru ekkert meira um þetta að segja og get látið mér nægja það, sem ég hef sagt í málinu. Það hefur ekkert verið rengt eða vefengt af þeirri sögu, sem ég sagði um ófremdarástand þessa máls öll þessi mörgu ár hæstv. ríkisstj., og það spáir ekki góðu, eins og nú horfir við. Ég skal aðeins víkja í lokin að því, að hæstv. ráðh. vék að því, sem ég drap á, að þetta leiguskip væri óhentugt. Ég var ekki að dæma það óhentugt til allra hluta, en það er óheppilegt til strandferða, þar sem það er þegar fengin reynsla fyrir því, að það sinnir ekki afgreiðslu á smærri höfnunum, sem eiga í raun og veru allar sínar samgöngur, a. m. k. að vetrarlagi, þar í húfi. Og svo er það staðreynd, sem ekki var heldur hnekkt af hálfu hæstv. ráðh., eins og ekki var við að búast, að það er fleira en eitt athugavert við þetta skip. Það hefði einhvern tíma þótt tíðindum sæta, að ekki væri nema eitt skip í strandferðum með frystilest, þegar fram undan er vetrarvertíð og nauðsynlegur stórflutningur á beitusíld á milli hafna, svo að maður tali nú ekki um flutninga á matvælum, sem hæstv. ríkisstj. þykir nú sennilega ekki skipta miklu máli.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

6. Sumarheimili kaupstaðabarna í sveit.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um sumarheimili kaupstaðabarna í sveit [28. mál] (A. 29).

Á 5., 6., 7. og 8. fundi í Sþ., 19. og 26. okt., 2. og 9. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 29 ásamt tveim öðrum hv. þm. till. til þál. um, að Alþ. feli ríkisstj. að skipa 5 manna mþn. til þess að gera till. um stofnun sumarheimila í sveitum fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum. Sams konar till. fluttum við í fyrra, en hún var þá ekki útrædd. Okkur flm. finnst þó, að hér sé hreyft málefni, sem þannig er vaxið, að rétt sé að ganga úr skugga um það, hver sé vilji hv. alþm. í því efni, sem till. fjallar um. Þess vegna höfum við flutt till. á ný og vonumst til þess, að hún fái eðlilega afgreiðslu.

Ég mun ekki hafa hér langa framsögu um þetta mál. Ég get að mestu látið nægja að vísa til þeirra orða, sem ég sagði í fyrra um sama málefni, en vil þó leyfa mér að rifja aðeins upp aðalefnið í örfáum orðum.

Tilefni þessa tillöguflutnings eru þær breytingar, sem orðið hafa á íslenzku þjóðlífi á síðustu áratugum. Hér áður, þegar ég og mínir jafnaldrar vorum að alast upp, var það og löngum áður háttur kaupstaðabúa að koma börnum sínum í sumardvöl á sveitaheimilum. Slíkar sumardvalir voru mjög eftirsóttar og þóttu hollar og þroskavænlegar fyrir börnin. Á þennan hátt komust þau í tengsl við náttúru landsins og lærðu að umgangast dýrin og kynnast framleiðslustörfunum í sveitunum sjálfum sér til gagns og þroska og fólkinu þar yfirleitt til ánægju. Tengsl fólksins héldust og styrktust, þess, sem bjó í sveitunum og hins, sem heima átti við sjávarsíðuna, og tilfinningin jókst fyrir því, að allir værum við Íslendingar með sameiginleg hagsmunamál. Á þeim tíma, sem mér er minnisstæðastur í þessu sambandi, voru ástæður þannig, að sæmilegir möguleikar voru til þess í sveitunum að veita þessum sumardvalargestum viðtöku. Hlutföllin milli búsetu í sveitum voru allt önnur þá en þau eru nú. Núna er þetta allt gerbreytt, eins og við allir vitum. Möguleikar sveitaheimilanna til slíkrar starfsemi eru alveg hverfandi hjá því, sem áður var. Sveitaheimilum hefur farið fækkandi undanfarin ár, en auk þess hefur fólki á þeim heimilum, sem enn eru fyrir hendi, fækkað mjög, m. a. vegna aukinnar vélvæðingar í landbúnaði. Það er því ekki lengur fyrir hendi sá vinnukraftur, sem nauðsynlegur er til þess að sinna þörfum aðkomubarna. Afleiðing þessa verður sú, að þeim börnum, sem eiga kost á sumardvöl í sveit, fer sífellt fækkandi. En þörf kaupstaðabarna er þó alls ekki minni en áður var. Þvert á móti vex hún hröðum skrefum með auknum fólksflutningum til þéttbýlissvæðanna. Í Reykjavík einni eru nú búsett um 80 þús. manns, og á Faxaflóasvæðinu búa yfir 100 þús. manns, og víðar er þéttbýli en hér. Sveitabýli eru hins vegar um 5600—5700 á öllu landinu. Þessar tölur sýna, hve langur vegur er frá því, að sveitaheimilin geti leyst allan þann vanda, sem hér er gerður að umtalsefni. Hér þurfa nýjar aðgerðir til að koma, ef kaupstaðabörn eiga að fá að halda áfram að njóta sveitadvalar að sumrinu.

Ýmis félagasamtök í landinu hafa á virðingarverðan hátt leitazt við að bæta nokkuð úr þörfinni og orðið talsvert ágengt í því efni. Skylt er að viðurkenna það. Í þessu sambandi má t. d. nefna Kristilegt félag ungra manna og kvenna hér í Reykjavík. Þessi samtök hafa haldið uppi sumardvalarstarfsemi í Vatnaskógi og Vindáshlíð, og mörg börn héðan hafa notið dvalar á þessum stöðum. Þarna er þó aðeins um stuttan tíma að ræða fyrir hvert barn, eina og í hæsta lagi tvær vikur. Þá má nefna Rauðakrossinn og heimili hans að Laugarási, Silungapolli og reyndar víðar. Þjóðkirkjan hefur á síðari árum haldið uppi slíkri starfsemi og fleiri samtök, sem hér yrði of langt upp að telja og óþarft. Alls eru þeir aðilar, sem Reykjavíkurborg t. d. hefur styrkt í þessu skyni, 9 talsins. Þessir 9 aðilar geta tekið á móti 980 börnum með 30 þús. dvalardaga, en aðrir aðilar, svo sem KFUM og þjóðkirkjan, sem ekki eru styrktir sérstaklega af Reykjavíkurborg, geta látið í té um 50 þús. dvalardaga.

Sameiginlegt öllum þessum heimilum er, að þar er enginn búskapur rekinn, en það tel ég og við aðrir flm. þessarar till. mikinn galla. Það er skoðun okkar, eins og fram kemur í till., að stefnt skuli að því, að á slíkum sumarheimilum hafi börnin viðfangsefni, er geti orðið þeim að sem mestum andlegum og líkamlegum þroska, þ. á m. ræktunarstörf, gæzla húsdýra og umgengni við þau, svo að eitthvað sé nefnt. Á þann hátt teljum við, að þessar sumardvalir verði líkari því, sem þær áður voru og við teljum að reynzt hafi vel og hafi meira uppeldisgildi.

Þá er kannske rétt að geta þess, að í Reykjavík hefur verið starfræktur undanfarin sumur vinnuskóli fyrir unglinga, 12—15 ára, sem á s. l. ári tók á móti 542 unglingum til vinnu um takmarkaðan tíma. En í hverjum af þessum árgöngum, sem vinnuskólinn nær yfir, þ. e. 12—15 ára, munu nú vera um 1600 unglingar hér í bænum.

Hvort tveggja þetta, sem ég hef nú nefnt, Vinnuskóli Reykjavíkurborgar og sumardvalarstaðir annarra aðila, er að sjálfsögðu góðra gjalda vert, en það leysir ekki nema að mjög takmörkuðu leyti það viðfangsefni, sem hér er við að fást. Um ráðstafanir annarra sveitarfélaga en Reykjavíkur er mér minna kunnugt. Þess vegna hef ég aðallega beint máli mínu að því, sem hér er gert. En ég veit þó, eða þykist vita, að einnig þar séu víðast hvar ófullnægjandi ráðstafanir gerðar í þessu máli. Af þessu leiðir auðvitað, að foreldrar í kaupstöðum og öðru þéttbýli hafa neyðzt til að koma börnum sínum til starfa á hinum almenna vinnumarkaði þann tíma, sem þau eru ekki í skóla, eða láta þau ganga iðjulaus og í hálfgerðum vandræðum með sig, en slíkt iðjuleysi er ungmennum áreiðanlega ekki hollt og getur hæglega leitt til óæskilegra hluta.

Að vísu er ég þeirrar skoðunar, að hæfileg vinna sé hverju ungmenni holl og margfalt betri en iðjuleysi. En því er þó ekki að neita, að barnavinna getur boðið margvíslegum hættum heim, og þess eru dæmi, að börn hafa verið sett til þeirra starfa, sem verða ekki talin þeim hættulaus, hvorki andlega né líkamlega. Að áliti okkar flm. er því hér um tvöfalda hættu að ræða: Annars vegar þá, að kaupstaðabörn missa af þeim skóla, sem sveitin og sveitalífið hefur verið íslenzkum börnum allt fram undir þetta. Hins vegar, að þau ráðast til þeirra starfa við sjávarsíðuna, sem jafnvel geta orðið þeim viðsjárverð, eða þá að þau hafa engin sérstök viðfangsefni við að fást, sem e. t. v. er þó allra verst. Hér sýnist því vera verkefni, sem þarfnast úrlausnar.

Ég tel eðlilegt, að sú n., sem skipuð verður, ef þessi till. verður samþ., hafi samráð við þá aðila, sem mest hafa að málum þessum unnið, og þess vegna eru í till. okkar nefndir þessir aðilar: borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnir annarra kaupstaða landsins, sveitarstjórnir kauptúna, hreppa og barnaverndarráð. Það má vel vera, að þessi upptalning sé ekki tæmandi, og kæmi þá til athugunar í n. að bæta því við, sem teldist á skorta.

Það er að sjálfsögðu mikið verkefni að koma upp nægilega mörgum dvalarheimilum í sveitum fyrir kaupstaðabörn, þannig að viðhlítandi verði fyrir þessum málum séð, og lausn þess verður eflaust talsvert kostnaðarsöm. En hér er líka mikið í húfi. Við segjum oft, að æska landsins sé dýrmætasti þjóðarauðurinn, og ekkert verkefni er þá verðugra en það, sem stuðlar að auknum þroska æskunnar. Því verður að ætla, að skilningur allra, sem hér eiga hlut að máli, Alþingis, bæjar- og sveitarstjórna og foreldra, á þessari þörf reynist svo mikill, að ekki verði í það horft, þótt framkvæmdirnar kosti nokkurt fé, og þess vegna verði fljótlega hafizt handa í þessum efnum. En okkur flm. er ljóst, að málið þarf athugunar við og mikið veltur á því, að skipulega sé að því unnið. Þess vegna höfum við nú gert ráð fyrir því, að skipuð verði n. til þess að athuga málið, áður en til frekari framkvæmda kemur.

Okkur flm. er kunnugt um það, að þeir eru ýmsir, sem telja opinber afskipti af þessum málum óþörf, utan hvað styrkir kunni að vera góðra gjalda verðir, en meginstefnan eigi að vera sú, að einstökum stofnunum verði falin forsjá þessara mála, muni á þann hátt nýtast sá mikli sjálfboðaliðskraftur, sem þessar stofnanir og félög hafa yfir að ráða. M. a. hefur biskup landsins sent mér bréf, þar sem hann lýsir sig andvígan þeirri till., sem ég er hér að mæla fyrir, og telur, að farsælla muni verða að hafa sama hátt á þessum málum og verið hefur. Það er vissulega skylt að viðurkenna hið mikla og góða starf, sem margir einstaklingar hafa unnið á þessum vettvangi. Það er síður en svo ætlun okkar flm. að gera á nokkurn hátt lítið úr því, enda hef ég bæði nú og við sams konar tilefni í fyrra lagt ríka áherzlu á þetta atriði. En okkur flm. þessarar till. finnst, að þessar ráðstafanir séu ekki nægar, það sé tilviljanakennt, hvaða börn eiga kost á sumardvöl í sveit og hver ekki, og þess vegna sé það rétt, að rækileg athugun fari fram á þessu máli, bæði til að kanna þörfina og til þess að gera till. um ráðstafanir, er til úrbóta mættu verða. Þar með er á engan hátt sagt, að það sé meining okkar, að öllum afskiptum félaga og áhugamanna skuli tafarlaust hætt. Þvert á móti hefur jafnan af okkar hendi verið lögð áherzla á mikilvægi þessarar sjálfboðaliðavinnu. En við teljum, að vandamálið sé of stórt til þess, að hægt sé að ætlast til, að það sé leyst með áhugastarfi einu saman.

Ég skal vekja athygli á því, að hér er ekki lengur aðeins um að ræða ungbörn eða smábörn, heldur jafnframt og ekki síður stálpaða unglinga, og það er nauðsynlegt að hugsa fyrir verkefni fyrir þessa unglinga þá daga, sem þeir dvelja í sveitinni, en ekki láta þá vera í algeru iðjuleysi, og mér finnst, að það sé tæplega hægt að ætlast til þess, að áhugafélög geti risið undir þeim kostnaði, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af slíku.

Ég skal, herra forseti, ekki lengja þessar umr. að svo stöddu, aðeins leggja til, að till. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn. og síðari umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 345, var útbýtt 14. marz, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

7. Þyrlur til strandgæzlu.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um þyrlur til strandgæzlu, björgunar- og heilbrigðisþjónustu [29. mál] (A. 30).

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6., 7. og 8. fundi í Sþ., 26. okt., 2. og 9. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 5 öðrum hv. þm. af Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum að flytja þáltill. um þyrlur til strandgæzlu, björgunar- og heilbrigðisþjónustu. Efni þessarar till. er, að Alþ. skorar á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að landhelgisgæzlan fái hið fyrsta tvær nýjar þyrlur og verði önnur þeirra notuð í þágu strandgæzlu, björgunar- og heilbrigðisþjónustu við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og í Húnaflóa, en hin á Norðausturlandi og Austfjörðum. Skal stefnt að því, að þessi tæki verði að jafnaði staðsett í þeim landshlutum, sem þau eiga að þjóna.

Íslenzka landhelgisgæzlan á nú eina litla þyrlu, sem talin er hafa reynzt mjög vel. Þessi þyrla landhelgisgæzlunnar hefur verið staðsett í Reykjavík, en hún getur lent á þilfari tveggja varðskipanna. Enn fremur mun gert ráð fyrir því, að hið nýja varðskip, sem hafizt verður handa um að byggja í byrjun næsta árs, verði einnig þannig útbúið, að þyrla geti lent á þilfari þess.

Það er alkunna, að flugtækni fleygir nú á öllum sviðum mjög fram og þá ekki hvað sízt að því er varðar smíði þyrla eða helikoptera. Þessar flugvélar verða stærri, langfleygari og öruggari og í fjölmörgum löndum meðal margra þjóða fer notkun þeirra mjög í vöxt í margvíslegu skyni. Það er skoðun Péturs Sigurðssonar forstjóra landhelgisgæzlunnar, að þyrlur muni í framtíðinni gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki við strandgæzlu og björgunarstörf hér á landi. Enn fremur er auðsætt, að slík tæki geta bætt verulega úr þeim vanda og þeim erfiðleikum, sem læknaskorturinn hefur haft í för með sér víðs vegar hér a landi og þó sérstaklega í strjálbýlustu héruðunum. Gefur auga leið, að það væri ómetanlegt hagræði að þyrlum til sjúkra- og læknaflutninga, ekki sízt eftir að fyrirhugaðar læknamiðstöðvar hafa verið settar á stofn í hinum ýmsu landshlutum, eins og gert er ráð fyrir í nýsettri löggjöf um læknaskipunarmál. Það er alkunna, að öryggisleysi fólksins í strjálbýlinu, sem býr við læknaskortinn, er hið hörmulegasta, og einskis má láta ófreistað til þess að bæta úr þeim vandkvæðum, sem að almenningi steðja af þessum sökum.

Þyrlur er einnig hægt að nota til ýmislegra annarra flutninga. Þær hafa þegar komið að verulegum notum hér á landi, t. d. þegar snjóþyngsli hafa lokað samgönguleiðum. Átti þetta sér t. d. stað á Austfjörðum á s. l. ári, þar sem þyrla var notuð til flutninga á milli fjarða og Héraðs, er snjóalög tepptu samgöngur milli þessara byggðarlaga.

Það er því skoðun okkar flm. þessarar till., að brýna nauðsyn beri til þess að afla slíkra tækja og hafa þau að jafnaði staðsett í þeim landshlutum, sem þau eiga að þjóna. Hugsanlegt væri að hætta rekstri minnstu varðbátanna, sem eru mjög dýrir í rekstri, en ná þó ekki tilgangi sínum, hvorki sem varðskip né björgunarskip. Það er ekki víst, að rekstur og kaup þessara nýju tækja þyrftu að hafa í för með sér tilfinnanlegan aukakostnað fyrir landhelgisgæzluna og ríkissjóð. Á það má minna í þessu sambandi, að landhelgisgæzlan hefur fyrir alllöngu tekið flugið í þjónustu sína. Fyrst var keyptur Katalínubátur, sem notaður var við gæzlu- og björgunarstörf, og síðan Skymasterflugvél, sem mikil og góð not hafa af orðið, sérstaklega við landhelgisgæzluna, en einnig við ýmiss konar þjónustu í þágu landsmanna.

Ég tel þess ekki þörf, herra forseti, að hafa fleiri orð til rökstuðnings þessari þáltill. Ég hygg, að hér sé um merka nýjung að ræða, sem óhjákvæmilegt sé að taka í vaxandi mæli í senn í þjónustu landhelgis- og björgunarstarfa og til almennrar heilbrigðisþjónustu í landinu. Ég tel, að reynsla annarra þjóða hafi sannað það, að af þessum tækjum megi hafa slík not, og það er því von okkar flm. till., að henni verði vel tekið, og ég heyrði það raunar á ræðu hæstv. dómsmrh., sem mælti hér nýlega fyrir frv. til l. um Landhelgisgæzlu Íslands, heildarlöggjöf um það efni, að hann hafði mikinn áhuga á einmitt þessum nýju tækjum, og það hefur verið í undirbúningi af hálfu landhelgisgæzlunnar að hefjast handa um frekari aðgerðir á þessu sviði, en eins og kunnugt er og ég sagði áðan, hefur landhelgisgæzlan þegar eignazt eina litla þyrlu, sem reynzt hefur mjög vel og bent fram í tímann um það, sem koma skal.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, að þessari einu umr. um till. verði frestað og henni síðan vísað til hv. allshn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég tel næsta eðlilegt, að fram komi hugmyndir þm. eins og þær, sem felast í þessari þáltill. um þyrlur til strandgæzlu, björgunar- og heilbrigðisþjónustu. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja í sambandi við þessa umr. málsins.

Í frv. til laga um Landhelgisgæzlu Íslands, sem komið er til n. í Nd., er m. a. mótað nokkru nánar en áður hafði verið verkefni landhelgisgæzlunnar og þá sérstaklega í 1. gr. g-lið. Þar stendur m. a., með leyfi hæstv.

forseta: „að aðstoða við framkvæmd almannavarna, almennrar löggæzlu, lækna-, toll- og vitaþjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega.“ Nú má segja, að það sé ekki mikið nýtt í þessu, því að landhelgisgæzlan hafði raunverulega verið rekin út fyrir hið þrengsta svið strandgæzlu eða landhelgisgæzlu. En hér er þó vikið sérstaklega að aðstoð við lækna-, toll- og vitaþjónustu, og á síðari árum er það nú svo, að það hefur slitnað nokkuð sambandið, finnst mér, á milli vitaþjónustunnar og landhelgisgæzlunnar, sem ég hygg að ætti að athuga betur að taka aftur upp eitthvað svipað og áður var eða þannig, að vita- og strandgæzluskipin hafi meiri styrk hvert af öðru en þau hafa haft allra síðustu árin.

Það kom einnig fram í fyrra hér í þinginu, þó að það næði ekki afgreiðslu, till. um, að Alþ. skoraði á ríkisstj. að láta endurskoða almannavarnir í því skyni að fella inn í þá löggjöf fyllri ákvæði að því er varðar hættur af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, eldgosa og hafíss, sem kynni að loka siglingaleiðum umhverfis land eða einstökum höfnum eða svæðum. Og í framhaldi af þessu hefur verið flutt í Ed. af hálfu ríkisstj. frv. til l. um breyt. á l. um almannavarnir, eins og hv. þm. er kunnugt um.

Ég vil einnig geta þess, að af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar hafa verið í athugun að undanförnu möguleikarnir á því að hagnýta meir til heilbrigðisþjónustunnar flugtæknina heldur en verið hefur. Þessar hugmyndir komu fram í till. þeirra manna, sem undirbjuggu frv. til nýrra læknaskipunarlaga, sem fyrir tveimur árum voru afgr. hér á Alþ., og landlæknir hefur haft forgöngu um viðræður bæði við landhelgisgæzluna, við Björn Pálsson og aðra aðila, sem hvað mesta reynslu hafa hér á landi í sambandi við sjúkraflug. Þess vegna er mjög eðlilegt, að fram komi sú hugmynd hjá þm. að reyna að tengja í ríkari mæli allt þetta saman, sjálfa landhelgisgæzluna eða strandgæzluna og svo ýmis önnur þjónustustörf, aðstoð við almenning, sjúkraflug og annað slíkt, sem hér er fjallað um.

Það er til athugunar að breyta nokkuð skipulagi landhelgisgæzlunnar frá því, sem nú er, eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Vestf., e. t. v. leggja niður rekstur minni skipanna, sem er mjög dýr og réttilega er bent á að kannske nær ekki þeim tilgangi, sem ætlazt er til, og hefur nokkuð breytt um svip á síðari árum, einnig vegna hins nýrri og stærri skipaflota okkar sjálfra, sem m. a. leiðir af því, að þau geta meira hjálpað hvert öðru en áður, fiskiskipin, og einnig hafa tryggingafélögin tekið nokkuð í sínar hendur að gera út skip til aðstoðar fiskiflotanum.

Forstjóri landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, er einmitt nú um þessar mundir í Skandinavíu til þess að kanna þá reynslu, sem bæði Norðmenn og Danir ekki sízt hafa fengið af nokkuð stórum þyrlum við sína strandgæzlu. Og spurningin verður þá að lokinni þeirri könnun, hvað ætla mætti, að slík þyrla mundi kosta, hvað mikla getu slík stærri þyrla mundi hafa og hvað væri hægt annað að spara í rekstri landhelgisgæzlunnar eða bera saman rekstur á slíkri þyrlu og þann rekstrarsparnað, sem yrði af að hætta rekstri ýmissa minni báta og tækja, sem við höfum núna. Þetta ætti að geta legið nokkuð fljótt fyrir og a. m. k. það fljótt, að það geti komið til athugunar hjá þeim n., sem hafa þessa þáltill. og önnur lagafrv. hér að lútandi til meðferðar á þinginu núna. Stærri þyrla, sem ég vék að áðan, er töluvert mikið tæki, annars eðlis en sú litla þyrla, sem landhelgisgæzlan á núna, kynni kannske að kosta eitthvað um það bil 40 millj. kr., ég veit það ekki nákvæmlega á þessu stigi málsins. Þessi litla þyrla kostaði eitthvað um 3½ millj., en hún getur engu að síður komið í góðar þarfir og hefur komið í góðar þarfir. Og það er auðvitað eitt veigamikið atriði í sambandi við rekstur á þyrlunum, ef þær eiga að gera viðtækara gagn en við strandgæzluna bara og landhelgisgæzluna, að þær séu ekki staðsettar á einum stað, staðsettar í Reykjavík, eins og litla þyrlan er núna, heldur hafi aðstöðu til þess að vera staðsettar víðar, helzt í öllum landsfjórðungum eftir atvikum. Það mundi að vísu kosta flugskýli og einhverja aðstöðu meiri en við höfum enn.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að hafa um þetta fleiri orð, en vildi láta þessar aths. koma fram og tel, að það sé mjög eðlilegt, að þessi þáltill. fái mjög gaumgæfilega athugun, og það ætti einnig að vera hægt að fá fyllri upplýsingar en nú liggja fyrir frá landhelgisgæzlunni, áður en meðferð slíks máls lyki í þinginu.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Réttur til landgrunnsins.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rétt Íslands til landgrunnsins [32. mál] (A. 33).

Á 6., 7., 8. og 10. fundi í Sþ., 26. okt., 2., 9. og 16. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á þskj. 33 höfum við 5 framsóknarmenn leyft okkur að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að kjósa 7 manna n. til að vinna ásamt ríkissti. að því að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins, svo sem stefnt var að með lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948. sbr. ályktun Alþ. frá 5. maí 1959 og yfirlýsingu ríkisstj. í auglýsingu nr. 4 frá 1961."

Á síðasta Alþ. fluttum við sams konar till., en hún náði því miður ekki afgreiðslu á því þingi. Frá því í fyrra hefur ekkert gerzt, svo að mér sé kunnugt, sem geri samþykkt þessarar þáltill. síður nauðsynlega nú en þá. Þess vegna höfum við leyft okkur að flytja hana nú á ný á þessu Alþ.

Þegar þessari þáltill. er fylgt úr hlaði, væri vissulega freistandi að gera nokkuð almennt grein fyrir horfi þjóðaréttarins til landhelgi, bæði fyrr og nú, svo og því, hverjar reglur hafa gilt um landhelgi hér við land frá fornu fari. Ég skal þó ekki reyna mjög á þolinmæði hv. þm. í því efni, enda skilst mér, að fundartíminn sé nú orðinn frekar naumur, þó að ég vilji segja um leið, að það mál, sem hér er um að ræða, er ekki þess háttar, að sæmi að mínum dómi að setja það á neinn krókbekk. En ég vil aðeins leyfa mér að nefna nokkur atriði í því sambandi.

Það er auðvitað svo, að landhelgi varðar fyrst og fremst miklu í þjóðaréttinum, vegna þess að takmörk landhelginnar segja til um takmörk yfirráðasvæðis hvers ríkis. En samt er það nú svo, að í þjóðaréttinum hafa ekki verið og eru ekki enn fastákveðnar, viðurkenndar reglur um það, hversu landhelgi skuli vera breið eða stór eða ná langt á haf út. Þó hafa á liðnum öldum hvað eftir annað verið gerðar tilraunir til þess af hálfu fræðimanna að setja fram kenningar um það, hversu breitt þetta belti sævarins, sem landinu á að fylgja, skuli vera. Þar má telja elzta þá kenningu, að landhelgin skuli vera svo sem skotlengd eða ná svo langt á haf út sem fallbyssa dregur. Sú kenning var sett fram í byrjun 18. aldar, en var reyndar þá strax gersamlega úrelt. Samt var það svo, að um skeið var nokkuð miðað við þetta. En seinna meir reyndu svo fræðimenn að breyta þessari reglu í ákveðna vegalengd, og var þá sett fram kenningin um þriggja sjómílna landhelgi, og um skeið var óneitanlega allmikið stuðzt við þá kenningu í þjóðarétti, enda höfðu siglingaþjóðir heims að þeirri reglu og tóku hana upp, sem skiljanlegt er, því að það var sjónarmið þeirra, að þetta belti skyldi yfirleitt vera sem stytzt og frjálsræði úthafsins sem mest. En alltaf hafa verið margar þjóðir, sem játuðust ekki undir þessa reglu, og þess vegna hefur það alltaf verið nokkuð óvíst, hver regla gilti um þetta efni. Þess vegna hafa m. a. bæði alþjóðafélög þjóðréttarfræðinga reynt að setja fram ákveðnar reglur um þetta, og eins hafa verið kvaddar saman hvað eftir annað alþjóðlegar ráðstefnur til þess að fjalla um þetta efni og til þess að reyna að komast að niðurstöðu um það, hversu landhelgi skuli vera stór. Þá sögu skal ég ekki rekja hér, en vil aðeins nefna það, að árið 1930 var kvödd saman ráðstefna í Haag, að tilhlutan gamla þjóðabandalagsins, og eitt af þeim verkefnum, sem sú ráðstefna átti að fjalla um, var einmitt landhelgin. Sú ráðstefna var sótt af 45 ríkjum. Því miður tókst henni ekki að komast að neinu samkomulagi um breidd landhelginnar, en hún var samt engan veginn þýðingarlaus, vegna þess að þá var aflað mjög mikilla gagna frá ýmsum löndum um þetta efni, og þá kom fram, hver sjónarmið þjóðanna voru á þeim tíma til þessa efnis. Svo var það næst, að kvödd var saman sjóréttarráðstefna í Genf 1958, en þá var það á undan farið, að 1950 hafði Ísland einmitt gert till. um það á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna skyldi taka þetta málefni, landhelgina, til meðferðar í sambandi við það málefni, sem n. var falið að setja reglur um, úthafið. Þjóðréttarnefndin starfaði og aflaði mikilla upplýsinga og skilaði áliti 1956, en henni tókst ekki að komast að niðurstöðu um það, hversu landhelgin skyldi vera breið. Hins vegar komst hún að þeirri niðurstöðu, að það væru ekki til neinar fastar alþjóðlegar reglur um þetta efni, og kollvarpaði þess vegna þeirri kenningu, sem hafði verið haldið fram, m. a. af Bretum og mörgum öðrum stórum þjóðum, að það væri alþjóðaregla, að landhelgi skyldi ekki vera nema 3 sjómílur. En hins vegar setti þjóðréttarnefndin fram það álit sitt, að landhelgi mætti þó ekki vera lengri en 12 sjómílur. En vitaskuld er það eingöngu álit þeirra fræðimanna, sem þá n. skipuðu. Þetta mál kom svo til Sameinuðu þjóðanna, en því lauk þar með því, eins og ég áðan sagði, að þar var samþykkt að kveðja saman þessa sjóréttarráðstefnu í Genf 1958. Niðurstaðan af þeirri sjóréttarráðstefnu varð, eins og öllum er kunnugt, sem hér eru, á þá lund, að þar fékkst ekki samkomulag um það, hversu breið landhelgin skyldi vera, eða réttara sagt, það náðist ekki tilskilinn meiri hluti fyrir samþykkt um það efni, og enn var málinu vísað til Sameinuðu þjóðanna, og þar lauk svo á sömu lund og fyrr, að ákveðið var að kalla saman nýja sjóréttarráðstefnu. Hún var kvödd saman í Genf 1960, en lauk á sama veg og áður, að ekki náðist niðurstaða, þó að mjóu munaði, vegna þess að þar munaði í raun og veru ekki nema einu atkv. og þó tæplega það, til þess að samþykkt væri gerð um þetta efni, og má segja, að eins og á stóð, hafi það líklega farið vel, að ekki tókst þó þá að gera þá samþykkt, sem þar stóð til að gera. Þannig stöndum við enn í dag, að það eru ekki til fastar alþjóðareglur um þetta efni, landhelgina.

Hvert hefur þá verið horf íslenzka ríkisins til landhelgi á umliðnum árum? Það má í stuttu máli segja, að áður fyrr var landhelgisbeltið við Ísland talið breitt. Frá því á 17. og á 18. og fram yfir miðja 19. öld var landhelgi hér við land talin frá 24 sjómílum niður í 16 sjómílur. Árið 1812 var gefinn út kon-

ungsúrskurður um landhelgi við Danmörku og Noreg og þar ákveðið, að landhelgi skyldi vera 1 dönsk míla eða 4 sjómílur. Sá konungsúrskurður var ekki talinn hafa gildi hér á landi, enda var honum ekki ætlað það. Hélzt því sama regla hér og fyrr. Síðan gerist það, að 1859 spyrst flotamálaráðuneytið fyrir um það til danska dómsmálaráðuneytisins, hversu víða landhelgi skuli verja hér við land. Þá var svar danska dómsmrn. á þá lund, að þó að landhelgi hafi hér verið áður lengri og konungsúrskurðinum hafi ekki beint verið ætlað hér að gilda, þá hafi þó í framkvæmdinni verið látið nægja nú um skeið að meina öðrum þjóðum að veiða hér á 4 sjómílna belti, og sagt, að við það skuli haldið og að utanrrn. hafi verið beðið að tilkynna það öðrum þjóðum. Síðan var það eftirleiðis þannig, að miðað var við 4 sjómílur í þessum efnum. En landhelgisgæzlan hér við land þótti mjög slæleg, og hvað eftir annað kom til kasta Alþingis, hins ráðgefandi þings, og það samþykkti hvað eftir annað bænaskrár um bætta landhelgisgæzlu, og það varð m. a. til þess, að 1872 var gefin út tilskipun um fiskveiðar útlendinga hér við land. Og þar er gert ráð fyrir því, að útlendingum séu bannaðar fiskveiðar innan þeirra marka, sem landhelgi eru ákveðin í hinum almenna þjóðarétti, eða eins og hún kunni að verða ákveðin í samningum Íslands við aðrar þjóðir.

Eins og ég hef rakið hér áður, var ekki til nein alþjóðaregla um þetta, og var því að þessu leyti til byggt á falskri forsendu í þessari tilskipun. Svo gerðist það, sem hér þarf ekki að hafa mörg orð um og öllum háttv. alþm. er kunnugt, að árið 1901 var gerður samningur við Breta um þessi efni, og í þeim samningi var fiskveiðilögsagan gagnvart Bretum ákveðin 3 mílufjórðungar og í framkvæmd var því fylgt einnig gagnvart öðrum þjóðum, að því er virðist. Það stóð svo allar götur til 1951, að þessi samningur við Breta rann út. Að vísu var þá ekki á stundinni hafizt handa um stækkun landhelginnar, heldur látið bíða nokkuð og beðið eftir úrslitum í máli því, sem þá stóð yfir milli Norðmanna og Breta um landhelgismál. Þegar úrslit þess máls lágu fyrir, var hafizt handa um stækkun landhelginnar 1952.

Þetta eru í stuttu máli, alveg örstuttu máli, aðaldrættirnir í því, hvernig þessum málum er háttað og hefur verið háttað að þjóðarétti inum og hvernig þeim málum hefur verið háttað hér hjá okkur. En áður en landhelgin var færð út 1952, hafði það gerzt, eins og rakið er í grg., að lögin nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, höfðu verið sett, sem ég mun hér í máli mínu á eftir til hægðarauka nefna landgrunnslögin.

Landgrunnslögin voru byggð á þeirri hugsun, eins og sagt er í grg. með þessari þáltill., að Íslendingar eigi rétt til landgrunnsins alls og að þeir fari þar einir með lögsögu og full yfirráð. Sú hugsun er í sjálfu sér forsenda laganna. Það er að vísu ekki skilgreint í lögunum sjálfum, við hvað sé átt með landgrunni, enda er í sjálfu sér kannske dálítið erfitt að skilgreina það nákvæmlega, því að sannleikurinn er sá, að landgrunnið er ekki miðað við neinn tiltekinn mílufjölda á haf út, heldur endar landgrunnið eðli málsins samkvæmt þar, sem snögg breyting verður á og grunnsævið kringum landið endar og snardýpkar út að úthafi. Í athugasemdum þeim, sem fylgdu frv. að landgrunnslögunum, var þó tekið fram, að landgrunnið væri greinilega afmarkað á 100 faðma dýpi, og má vel vera, að svo sé hér, um það skal ég ekki segja. En rétt er um leið að geta þess, að á sjóréttarráðstefnunni í Genf árið 1958 var gengið út frá því, að mörk landgrunnsins væru miðuð við 200 m dýpi, og er ekki ólíklegt, að við það verði aðallega miðað í framtíðinni.

Með setningu landgrunnslaganna var hafizt handa um útfærslu fiskveiðilögsögunnar til friðunaraðgerða á landgrunninu, en það var þá ljóst orðið, að slíkar aðgerðir voru sérstaklega nauðsynlegar, og undanfarið höfðu komið fram margar raddir um það og m. a. verið samþykktir um það gerðar og till. um það fluttar hér á Alþ. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þá sögu hér, en nefni það aðeins og undirstrika það, án þess þó að fara að lesa upp landgrunnslögin, að þau geyma mjög víðtæka heimild til handa reglugerðargjafanum til ákvörðunar á fiskveiðitakmörkum og til þess að gera friðunaraðgerðir á landgrunninu. Þau hafa verið skilin í framkvæmd á þá lund, og það hefur ekki verið gerð nein aths. út af fyrir sig við þá framkvæmd, að þau veiti sjútvmrn. heimild til útfærslu fiskveiðilandhelgi. Hafa allar reglugerðir um útfærslu til þessa, þ. e. a. s. reglugerðin frá 1950 um útfærslu fyrir Norðurlandi, reglugerðin 1952 um almenna útfærslu og reglugerðin 1958 og svo núgildandi reglugerð, verið byggðar á eða verið settar með tilvísun til landgrunnslaganna, eins og alkunnugt er. Það er skoðun mín að vísu, að það hefði verið hentugra að ákveða landhelgina með lögum eða a. m. k. með forsetaúrskurði, og það er skoðun mín, að það sé óheppilegt, að eitt ráðuneyti hafi jafnóskorað vald í þessum efnum eins og er eftir lögunum frá 1948. En út í það skal ég ekki fara nánar hér. Ég skal ekki heldur fara neitt út í aðdraganda að setningu þessara reglugerða hverrar fyrir sig, og ég ætla heldur ekki að fara hér neitt út í landhelgisdeilu þá við Breta, sem hófst í sambandi við eða eftir að þessar reglugerðir höfðu verið settar.

Þó að landhelgisreglugerðirnar séu allar byggðar á landgrunnslögunum og settar með tilvísun til þeirra, og þó að það sé auðvitað frá sjónarmiði okkar Íslendinga alveg sjálfsagt réttlætismál, að landgrunnið með öllum þess gögnum og gæðum, þar með talin fiskimiðin á landgrunninu, tilheyri Íslandi og Íslendingum, hefur sú regla, að strandríki hafi einkarétt til fiskimiða landgrunns þess, ekki enn náð viðurkenningu sem þjóðréttarregla því miður. Það tókst ekki að fá þá reglu við-

urkennda á sjóréttarráðstefnunni 1958 þrátt fyrir viðleini íslenzku fulltrúanna í þá átt. Reyndar er enn tiltölulega skammt síðan hin svokallaða landgrunnskenning var sett fram og hún hefur, eins og sagt var, ekki enn náð viðurkenningu sem þjóðréttarregla. Það hefur Alþ. verið ljóst, því að 5. maí 1959 samþ. Alþ. þáltill. um landhelgismálið, sem er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar landhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan 4 mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem slíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþ. yfir, að það telur Íslendinga eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi heldur en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Þessi till. var á sínum tíma flutt af utanrmn. og var á Alþ. samþ. samhljóða. Eins og ljóst er af henni, telur Alþingi Íslendinga eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, þ. e. a. s. að sú landhelgisákvörðun sé í fullu samræmi við þjóðréttarreglur, eins og nú mun nokkuð almennt viðurkennt. Hins vegar gerir Alþ. ráð fyrir því, að réttur landsins til landgrunnsins alls eða utan 12 mílna markanna sé ekki jafnskýlaus að alþjóðalögum, en lýsir yfir þeim vilja sínum, þeim ásetningi sínum, að afla beri viðurkenningar á rétti landsins til landgrunnsins alls, eins og stefnt var að með landgrunnslögunum frá 1948. Í viljayfirlýsingu Alþingis felst auðvitað áskorun til ríkisstj. um að reyna að afla þeirrar viðurkenningar. Í samningnum við Breta um lausn fiskveiðideilunnar frá 1961, sbr. auglýsingu nr. 4 frá 1961, segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara, og ríki ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins."

Hér áskilja Íslendingar sér að vísu rétt til einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar, hvort heldur er til landgrunnsins alls eða til tiltekinna svæða þess, svo sem stefnt var að með ályktun Alþ. frá 5. maí 1959 og landgrunnslögunum frá 1948. En út frá því er jafnframt gengið, að slík útfærsla sé ekki andstæð þjóðarétti, því að báðir aðilar samþ. að skuldbinda sig til að hlíta úrskurði Alþjóðadómstólsins um lögmæti útfærslunnar, ef til ágreinings skyldi koma.

Það er alkunnugt, sem ég fer ekki út í hér, að um þennan samning urðu miklar deilur á Alþ., bæði um þetta „obligatoriska" ákvæði um málskot til Alþjóðadómstólsins og eins ákvæði um tilkynningarskyldu, sérstaklega gagnvart Bretum, en út í þær deilur fer ég ekki neitt hér og rek ekki þá sögu hér.

Hverjar svo sem skoðanir manna kunna að vera á þessum samningi og hver svo sem þau atriði hans eru, sem mönnum eru sérstaklega þyrnir í augum, þá er það víst, að fram hjá honum verður ekki gengið, og meðan samningurinn er í gildi, verður auðvitað eftir honum að fara, hvernig svo sem afstaða manna hefur verið til samningagerðarinnar á sínum tíma. Þó að Íslendingar geti eftir sem áður fært út landhelgina með einhliða ákvörðun, verða þeir að vera við því búnir, að Bretar geri kröfu um, að sú ákvörðun sé lögð undir úrskurð Alþjóðadómstólsins. Gagnkvæmt gildir það auðvitað, að Íslendingar geta samkvæmt þessu ákvæði krafizt þess, að slík deila verði lögð undir úrskurð Alþjóðadómstólsins, ef Bretar ætluðu sér t. d. að beita hervaldi eins og síðast. Alþjóðadómstóllinn segir þá til um það, hverjar hömlur þjóðarétturinn setur ákvörðunarvaldi einstakra ríkja í þessu efni. Er af því ljóst, að möguleikar Íslands til frekari landhelgisútfærslu og til friðunaraðgerða á landgrunninu eru mjög undir því komnir, hver þróun þjóðaréttar verður í þessu efni og á þessu sviði. Það skiptir því mjög miklu máli, að fylgzt sé sem allra bezt með réttarþróuninni í þessum efnum og reynt sé á allan hátt, eftir því sem hægt er, að stuðla að þeirri réttarþróun, sem okkur er hagstæð.

En það leikur ekki á tveim tungum, að á undanförnum árum hefur þróun þjóðréttarreglna um landhelgi verið okkur Íslendingum í vil, bæði um viðáttu eiginlegrar fiskveiðilandhelgi og rétt ríkja yfir landgrunninu, en nú mun af þjóðarétti viðurkenndur umráðaréttur ríkja yfir hafsbotninum á landgrunninu, hvort heldur er til rannsóknar eða nýtingar náttúruauðlinda þar. Um það efni var gerð alþjóðasamþykkt á Genfarráðstefnunni 1958, og mun sú alþjóðasamþykkt nú hafa tekið gildi. En sérstaklega þýðingarmikil í því sambandi var yfirlýsing sú, sem Truman Bandaríkjaforseti gaf á sínum tíma árið 1945 um það, að náttúruauðæfi á hafsbotni landgrunnsins kringum Bandaríkin skyldu tilheyra þeim, sem gefin var í tilefni af olíulindafundi, sem þar átti sér stað.

Eins og ljóst er af því örstutta yfirliti, sem ég gaf áðan um þróun þjóðréttarreglna um þetta efni, var það svo, að mjög víða var landhelgin talin 3 sjómílur, og kom fram á ráðstefnunni í Haag 1930 t. d., að það voru mjög margar þjóðir þeirrar skoðunar, að landhelgin ætti að vera sú. En nú hafa hins vegar fjölmörg ríki, jafnvel þau, sem áður aðhylltust 3 sjómílna landhelgi, fært út sína landhelgi og eru mjög mörg komin með 12 sjómílna landhelgi og sum jafnvel stærri landhelgi, eins og t. d. Suður-Ameríkuríkin, sem hafa helgað sér landgrunnið allt, og t. d. ríki eins og Argentína, Equador, Chile, Perú telja

landhelgi sína 200 sjómílur á haf út og þar með landgrunnið allt, og raunar 3 hin síðasttöldu án tillits til þess, hvort þarna er um landgrunn að ræða. Það er að vísu ekki hægt að segja, að þetta hafi verið viðurkennd þjóðréttarregla enn, en samt er það svo, að þessum ákvæðum hefur verið beitt í framkvæmd. T. d. er það kunnugt og þekkt dæmi, þegar Perúmenn árið 1954 tóku rétt innan við þessi mörk hvalveiðiflota gríska skipakóngsins Onassis, sem sigldi undir Panamafána, og færðu skipin til hafna með vopnavaldi, og þeim skipum var ekki þaðan sleppt, fyrr en borguð hafði verið sú sekt, sem þau höfðu verið dæmd til að greiða, um 3 millj. Bandaríkjadollara. Það er þess vegna í stuttu máli augljóst, að á síðari árum og sérstaklega á þeim árum t. d., sem liðin eru frá síðari heimsstyrjöld, hafa orðið alger þáttaskil í þessum efnum, og það hefur átt sér stað mikil þróun í rétta stefnu að okkar dómi á þessu sviði, þannig að ríki geti nú talið sér víðari landhelgi en áður.

Nú kynni einhver að álíta, að Íslendingar, sú fámenna þjóð, gætu ekki haft mikil áhrif í þessu efni, hver þróun þjóðaréttarins verður og hver þróun verður á alþjóðavettvangi í þessum efnum. En sú ályktun er ekki rétt. Ef litið er til sögunnar, sést það einmitt, að það er hafið yfir allan vafa, að með staðfastri baráttu sinni í landhelgismálinu á undanförnum árum hafa Íslendingar átt drjúgan þátt í þessari þróun, sem orðið hefur, og skal ég ekki endurtaka það, sem ég hef þegar um það sagt, að Íslendingar áttu á sínum tíma á allsherjarþinginu 1950 þátt í því, að þjóðréttarnefndin tók þetta mál til meðferðar og að þessar tvær sjóréttarráðstefnur í Genf 1958 og 1960 fjölluðu um málið, komust að vísu ekki að ákveðinni eða endanlegri niðurstöðu, en það kom þó glögglega fram á þessum ráðstefnum, að reglunni um 3 sjómílna landhelgi var algerlega kollvarpað og sú regla, sem átti mestu fylgi að fagna á þessum ráðstefnum, var 12 sjómílna landhelgin. Það má enn fremur nefna það, að á þessari ráðstefnu 1958 var gerð samþykkt um fiskveiðar og verndun lifrænna auðæfa hafsins, eins og hún hefur verið nefnd. Og í 7. gr. þeirrar samþykktar er sagt, að strandríki geti gert einhliða ráðstafanir um takmarkaðan tíma til verndar fiskstofnum á landgrunni utan landhelgislínu. Þær ráðstafanir verða þó að vera reistar á vísindalegri niðurstöðu, þeirra verður að vera greinilega þörf, og þær mega ekki skapa nein forréttindi til handa fiskimönnum einstaks strandríkis.

Það þarf ekki hér að minna á þær ráðstafanir, sem Íslendingar gerðu, eftir að ljóst var, að landhelgisráðstefnan 1958 var árangurslaus að þessu leyti til, að þar fékkst ekki nein ákveðin regla. Þá var landhelgin færð hér út, eins og kunnugt er, í 12 sjómílur, og síðan hefur sem sagt þróunin hjá öðrum ríkjum stefnt í þá átt að færa út sína fiskveiðilandhelgi. Aðrar þjóðir, eins og t. d. Norðmenn, hafa þar komið á eftir. Það þarf ekki að rekja það nánar, en það er alveg auðsætt, í hvaða átt þróunin hefur stefnt. Og það er líka alveg fullvíst, eins og ég sagði áðan, að Ísland hefur átt sinn mikla þátt í þeirri þróun með baráttu sinni í landhelgismálunum. En hvað sem um það er, er það ljóst, að eftir þessar alþjóðaráðstefnur í Genf er ekki fyrir hendi nein alþjóðasamþykkt eða alþjóðasamningur um víðáttu landhelgi. Þar af mega menn vitaskuld ekki draga þá ályktun, að þjóðarétturinn setji hér engar skorður og að hverju ríki sé algerlega í sjálfsvald sett að fara svo langt sem það kýs. Kom það raunar fram í áliti þjóðréttarnefndarinnar, sem ég vitnaði til áðan. En í því sambandi má líka minna á dóm Alþjóðadómstólsins í deilumáli Breta og Norðmanna 1951, sem er afskaplega þýðingarmikill dómur um þessi efni, vegna þess að sú grundvallarregla kemur fram í þeim dómi, að það verði að meta eftir heildarmati á fjölmörgum atriðum, hversu langt ríki megi teygja sín yfirráð út. Það verði að taka tillit til bæði sögulegra ástæðna, landfræðilegra ástæðna, efnahagslegra ástæðna, líffræðilegra ástæðna o. s. frv. Og sú grundvallarregla er auðvitað sérstaklega mikilsverð fyrir okkur Íslendinga, auk þess sem þá var staðfest hið svokallaða grunnlínukerfi, sem er afar þýðingarmikið. En á meðan ekki eru fyrir hendi neinar alþjóðlegar samþykktir eða fastar alþjóðavenjur, staðfestar af alþjóðadómi, um þetta efni, er ríkjandi nokkur réttaróvissa á þessu sviði. Og á meðan er einmitt fyrir hendi verulegt svigrúm til að vinna að réttarreglu í þá átt, sem við teljum okkur hagstæða, eða réttarþróun í þá átt, sem við teljum okkur hagkvæma. Auðvitað er sá möguleiki einnig fyrir hendi, á meðan svo stendur, að þróunin gangi í öfuga átt. Enginn getur að vísu sagt um það, en ég held þó, að þróunin muni fremur stefna í þá átt, að viðurkenndur verði ríkari réttur einstakra ríkja í þessu efni til landgrunnsins, og finnst mér ýmislegt á síðari tímum benda til þess, m. a. það, sem fram hefur komið á alþjóðaráðstefnum um það efni. Meðan þetta svigrúm er fyrir hendi, er þess vegna um að gera fyrir okkur að nota tímann og vinna að þessari réttarþróun, því að það er alveg víst, að þó að mikið hafi áunnizt og enginn geri lítið úr því, sem á vannst með útfærslu landhelginnar bæði 1952 og 1958, fer því fjarri, að framtíðarhagsmunum íslenzkrar þjóðar á þessu sviði sé þar með fullnægt. Það verður stöðugt ljósara, að þar verður ekki fullur sigur unninn, fyrr en viðurkenndur hefur verið réttur þjóðarinnar yfir fiskimiðum landgrunnsins, svo að hún geti sett þar þær reglur um fiskveiðar og friðunaraðgerðir, sem þörf er á til verndunar fiskstofnum og til varnar gegn ofveiði. En það mun nú samdóma álit allra, sem bezt þekkja til, að veiðar á uppeldisstöðvum fiskstofnanna á landgrunninu utan landhelgislínu gangi langt úr hófi fram og jafnvel svo, að lífshagsmunum þjóðarinnar sé stefnt í

voða. Nútímaveiðitækni hefur auðvitað stóraukið þá hættu. Rannsóknir hafa sýnt, að Íslendingar veiða ekki nema örlítið brot af þeim ungfiski, sem þar er um að ræða. Í því sambandi og því til sönnunar má sérstaklega vitna til skýrslu Jón Jónssonar, sem birt var s. l. vetur, í marz að ég ætla, í tímaritinu Ægi, en Jón Jónsson var formaður í nefnd fiskifræðinga, sem falið var það verkefni að gera skýrslu um ástand þorsk-, ýsu-, ufsa- og karfastofnanna við Ísland, Færeyjar og Austur-Grænland. Þessi skýrsla er mjög athyglisverð. Ég veit, að hv. alþm. hafa kynnt sér hana. Það er þess vegna ekki ástæða til að fjölyrða um það efni, en þó vil ég aðeins til áherzlu taka upp örfá atriði úr þeirri skýrslu. Þar segir m. a.:

„Á árunum 1960—1964 var samtals landað af Íslandsmiðum 575 millj. þorska. Eru Íslendingar og Bretar stórtækastir á veiðinni, en það skiptir mjög í tvö horn með stærðina á þeim fiski, sem þessar þjóðir afla. Á þessu tímabili nam heildarveiði Breta 254 millj. þorska eða 44% af heildarafla, en sá fiskur var aðallega 40—70 cm langur og mest af honum á aldrinum 3—5 ára og svo til allur ókynþroska. Heildarafli Íslendinga á sama tíma nam 261 millj. fiska, en þeir voru aðallega 70—100 cm langir, aldurinn 7—12 ára og svo til allir kynþroska og höfðu a. m. k. 30% hrygnt einu sinni eða oftar."

Og enn fremur segir í þessari stórmerku skýrslu:

„Það er enn fremur mjög athyglisvert að athuga, hve mikill hluti afla hinna einstöku þjóða er fiskur undir 70 cm eða óþroska. Í heildarafla Íslendinga voru um 18% undir þessari stærð, en 82% í veiði útlendinga." Enn fremur segir: „Íslendingar taka einungis 18 af hverjum 100 óþroska fiskum, sem landað er á Íslandsmiðum. Hitt taka útlendingar, aðallega Bretar. Veiðisvæði þeirra eru vel þekkt fyrir Norðaustur- og Norðvesturlandi, og má segja, að fiskur sá, sem þeir afla, sé nokkuð staðbundinn, þar til hann verður kynþroska og leitar í heita sjóinn til hrygningar."

Í þessari skýrslu leggur Jón til, að vissar ráðstafanir séu gerðar. Þær ráðstafanir eru sjálfsagt réttmætar út af fyrir sig, og dreg ég það ekki í efa. En þó að þær séu gerðar, þá dregur það ekki úr nauðsyn þess, sem öllum ætti að vera augljóst eftir lestur þessarar skýrslu, að Íslendingar helgi sér landgrunnið allt, til þess að þeir geti sett þar þær reglur um veiðarnar, sem við eiga. Það er augljóst, að til þess er rík nauðsyn. Og eftir lestur þessarar skýrslu verður auðvitað skiljanleg sú ördeyða, sem verið hefur fyrir Norðurlandi undanfarin ár. Það var ofur eðlilegt, að síðasta fiskiþing léti þetta málefni til sín taka og gerði það líka myndarlega. Það var samþykkt þar samhljóða svofelld ályktun, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskiþing leggur ríka áherzlu á, að unnið verði markvisst að því, að allt landgrunnið verði innan fiskveiðilögsögu Íslands."

Herra forseti. Ég skal nú fara að stytta mál mitt. Í þessari þáltill. felst það, að kosin skuli 7 manna nefnd til að vinna að þessu máli ásamt ríkisstj. Það er nauðsynlegt, að undirbúningur þessa máls sé sem vandaðastur. Um undirbúning að landhelgisútfærslu 1952 og 1958 má kannske deila, að því er varðar einstök atriði. En ég hygg, að allir séu sammála um það, að í höfuðdráttum hafi undirbúningur að þeim ákvörðunum verið með vönduðum hætti og vel hafi verið að þeim unnið og staðið. Og ég býst við því, að það þurfi að vinna að þessu máli eitthvað á svipaðan hátt og þá var gert. Það þarf að kynna öðrum þjóðum sem rækilegast ástæður Íslendinga og málstað þeirra í þessu máli, og það verður að fylgjast með réttarþróuninni og kynna sér hana og hvað er að gerast í þessum efnum og reyna alls staðar, þar sem hægt er, að stuðla að þeirri réttarþróun, sem við teljum æskilega í þessum efnum, sem sé þeirri, að réttur ríkis hvers til landgrunns síns, og fiskimið þar með talin, verði viðurkenndur. Það er sérstök þjóðarnauðsyn, að um þetta mál verði sem allra mestur einhugur innanlands. Þess vegna er einmitt lagt til í þessari þáltill., sem við höfum hér lagt fram, að Alþ. kjósi 7 manna nefnd til þess að hafa forustu í málinu, en með þeim hætti ætti að vera tryggð samstaða í því, svo sem bezt verður gert. En það þarf, eins og ég sagði, að hafa undirbúninginn í þessu máli allan sem vandaðastan, og það þarf að leggja höfuðáherzlu á að afla allra þeirra gagna, sem fáanleg eru í þessu efni og eru til þess fallin að vekja skilning útlendra manna á þeirri nauðsyn, sem hér er um að ræða fyrir íslenzka þjóð. Það má sjálfsagt búast við því, að róðurinn í þessum efnum verði þungur, þar til fullur sigur er unninn. En ég tel ekki tímabært á þessu stigi að vera með neina spádóma um það efni, hversu langan eða skamman tíma það muni taka að vinna að fullum sigri Íslands á þessu sviði, það fer eftir atvikum. En eins og ég sagði áðan, er það trú mín, sem ég að vísu byggi á nokkrum sólarmerkjum, að þróunin muni á næstu árum ganga í þá átt, að það muni vera grundvöllur fyrir því að fá viðurkenndan rétt ríkis til landgrunnsins, ekki aðeins til botnsins og náttúruauðæfa þar, eins og raunar þegar er gert, heldur til fiskimiðanna yfir landgrunninu. En hvað sem um það er, legg ég höfuðáherzlu á það í þessu sambandi, að þetta mál þolir ekki neina bið og þess vegna verður að hefja sókn í því sem allra fyrst. Og um það finnst mér, að allir landsmenn ættu að geta verið sammála, og allir landsmenn ættu að geta verið sammála um að fara þessa leið, sem hér er gert ráð fyrir, en með henni er mörkuð sú höfuðstefna, að að þeirri stefnu, sem tekin verður í málinu, standi allir stjórnmálaflokkar landsins, en það er að mínum dómi heppilegast, ef þess er nokkur kostur. Og auðvitað á þetta mál ekki að

vera sérmál neinna stjórnmálaflokka eða ríkisstjórnar. Þess vegna hef ég líka hagað mínum málflutningi hér á þá lund, að ég hef ekki farið út í deilur um fortíðina, ég hef látið þær liggja á milli hluta. Það þýðir ekki það, að þær séu gleymdar. Þær eru vitaskuld geymdar, en það er ekki ástæða til þess að vera að rifja þær upp í þessu sambandi, vegna þess að ég tel það mikilsverðast, að allir standi saman um framtíðaraðgerðir í málinu.

Ég skal svo ljúka máli mínu, en leyfi mér að leggja til, að till. sé vísað til 2. umr. og vísað í millitíðinni á milli umræðna til utanrmn. til athugunar.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi tillaga á þskj. 33 er samhljóða annarri, sem flutt var á síðasta þingi, að mestu leyti af sömu mönnum. Tillögunni á síðasta þingi var vísað til utanrmn., og hún skilaði áliti um tillöguna. Hún klofnaði að vísu og skilaði tveimur álitum, frá meiri hl. og minni hl., þar sem meiri hl. lagði til, að málinu yrði vísað til ríkisstj., en minni hl. lagði til, að tillagan yrði samþykkt. Það er nú ekki svo langt síðan þetta gerðist, það er kringum missiri, því að nál. utanrmn. komu fram í maímánuði s. l., það eru um það bil sex mánuðir síðan þetta gerðist. En þingi var að ljúka, þegar till. utanrmn. bárust þinginu, og komust þær þess vegna ekki til afgreiðslu. Ég held þess vegna, að það sé ekki mikil ástæða til þess að fara frekar út í málið en gert var á síðasta þingi, en ég skal gjarnan í stuttu máli lýsa afstöðu minni þá, en hún var á þá leið, að ég taldi, að með þessari nefndarskipun væri mjög lítið unnið á þessu stigi málsins. Ég lýsti mig samþykkan því, sem segir í grg. till., með leyfi hæstv. forseta, að setja þarf kunnáttumenn til að kynna sér mál þessi öll og réttarþróunina sem rækilegast, svo og til að kynna öðrum þjóðum málstað Íslands og stuðla með öllum tiltækum úrræðum að þeirri réttarþróun um mál þetta og allar framkvæmdir og að um allar ákvarðanir sé sem allra mest samstaða stjórnmálaflokka. Ég get, eins og ég lýsti þá yfir líka, alveg fallizt á, að nauðsynlegt er og það er frumatriði í málinu, að íslenzka þjóðin og stjórnmálaflokkarnir hafi samstöðu um málið og geri það, sem hægt er, til þess að koma því fram. En hitt getur náttúrlega verið ágreiningur um og er það í þessu tilfelli, hvaða leið yrði farin og hvaða leið væri líklegust til þess að ná beztum árangri. Ég fyrir mitt leyti tel, að beztur árangur náist með því, að sá háttur verði hafður, sem í grg. segir og ég var að enda við að lesa upp, að kunnáttumenn verði fengnir til þess að kynna sér mál þessi öll frá sem flestum sjónarmiðum. Nefnd hefur raunverulega ekki, að mér finnst, neitt verkefni til að taka til meðferðar, fyrr en málið hefur verið rannsakað af þessum kunnáttumanni eða mönnum og niðurstöður frá honum eða þeim liggja fyrir.

Nú hefur það skeð í málinu, að ríkisstj. hefur tryggt sér þann kunnáttumann íslenzkan í þessu máli, sem ég tel færastan til þess að fara með það og kynna sér það sem allra bezt, það er Hans Andersen ambassador í Osló, sem hafði með landhelgismálið að gera allt á fyrra stigi og er öllum hnútum þar manna kunnugastur. Hann hefur tekið að sér að kanna öll atriði í sambandi við þetta mál, og það er einmitt í hans skipunarbréfi, að hann eigi að kynna sér það frá bíólógísku sjónarmiði, frá efnahagslegu sjónarmiði og frá lagalegu sjónarmiði og leggja niðurstöður sínar að þessari athugun lokinni fyrir ríkisstj., sem þá mundi leita eftir samstöðu við aðra flokka um, hvernig frekar skyldi staðið að málinu. Ég held, að þetta sé sú aðferð, sem hljóti að gefa bezta raun, því að þótt sjö menn skjótist saman, sinn úr hverju horni, til þess að ræða málið, þá er það ekki gott fyrir nefndina og er raunverulega ekki mögulegt fyrir nefndina að hafa á þessu skoðun, fyrr en hún hefur fengið þær upplýsingar frá sérfræðingnum, sem hann getur veitt eftir að hafa tekið málið til athugunar.

Raunverulega er þetta það, sem ég hef um málið að segja. Það er að mínu viti ekki líklegasta leiðin til að afla því framgangs að setja saman þessa nefnd, heldur að sérfræðingurinn, sem ráðinn hefur verið, hafi frumkvæði í málinu og kannske með aðstoð annarra, því að hann hefur fengið heimild til þess að hafa samband við og ráðfæra sig við alþjóðasérfræðinga á þessu sviði, og þess vegna geta þar fleiri komið til en hann. En allt verður það að vegast og metast frá sérfræðings- og vísindamannssjónarmiði fyrst og fremst.

Ég held, að ég þurfi ekki frekar um þetta að segja. Skoðun mín á málinu hefur ekki breytzt frá því í vor, enda, eins og ég sagði, ekki nema missiri, síðan málið var hér síðast til umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þau orð, sem hæstv. utanrrh. sagði, gefa mér ekki tilefni til langrar ræðu. Ég verð þó að harma, hve daufar mér þóttu undirtektir hans við málið. Það var eitt megininntak hans ræðu, að mér skildist, að það væri svo skammt síðan um þetta mál hefði hér verið fjallað og í utanrmn., þar sem skoðanir hennar hefðu komið fram, sem voru á þá lund, að meiri hl. n. vildi vísa málinu til ríkisstj., en minni hl. vildi samþykkja till., og hann taldi, að því er mér virtist, hvorki líklegt, að utanrmn. hefði skipt um skoðun síðan í vor, né heldur að það væri þörf á því að brydda upp á málinu nú eftir svo skamman tíma. Nú er það svo, að alltaf geta menn skipt um skoðun, og stundum skipta menn um skoðun til hins betra, og það verður oft að reyna að hafa áhrif á menn í þá átt. Og í annan stað er

það, að hv. utanrmn. er ekki meðal þeirra nefnda, sem eru skjótastar til afgreiðslu mála, og því má vera, ef svo fer, sem ég veit að muni verða, að þessu máli verði til hennar vísað, að enn líði nokkur tími, þangað til hún skilar áliti um þessa þáltill., svo að ég býst við, að henni gefist enn nokkurt ráðrúm til þess að endurskoða sína afstöðu og athuga það með nokkurri gaumgæfni, hvort það hafi verið skynsamleg afstaða, sem hún tók á s. l. vori, en ég fæ nefnilega ekki séð, að svo hafi verið, og ég fæ ekki séð, að það komi heim við þær skoðanir, sem hæstv. utanrrh. var að leggja hér áherzlu á áðan og hann vildi telja sínar, því að hann féllst alveg á það og undirstrikaði það rækilega, að hann teldi það mikilsvert í þessu máli, að samvinna um það væri sem bezt milli allra stjórnmálaflokka og að sem mestur einhugur næðist milli þeirra um það. En þá spyr ég: Er það leiðin til að skapa þann einhug að vísa málinu til ríkisstj.? Er það tryggt með þeim hætti, að samráð sé haft við aðra flokka? Eru þeir starfshættir tíðkanlegir hjá hæstv. ríkisstj.? Ég held ekki. Og að vissu leyti var það ánægjuleg upplýsing, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan, að sérstökum, ágætum manni hefði verið fengið erindisbréf upp á það að vinna að þessu máli. En ég spyr: Var haft samráð við aðra stjórnmálaflokka um þá aðgerð, um þá einu aðgerð í þessu máli, sem hér hefur verið gerð? Það hefði verið eðlilegt. Ég er ekki að segja, að aðrir stjórnmálaflokkar hafi neitt að athuga við þessa aðgerð. Ég er ekki að segja, að þeir mundu hafa haft neitt við hana að athuga. En ef að þessu máli á að vinna í þeim anda, sem hæstv. ráðh. taldi þó út af fyrir sig rétt vera, hefði einmitt átt að hafa samráð við aðra stjórnmálaflokka, og ríkisstj. hefði með þeim hætti átt að sýna í verki þann vilja, sem hæstv. ráðh. segir að sé hennar.

Það er vissulega, eins og ég sagði, út af fyrir sig ánægjulegt, að hæstv. ríkisstj. hefur nokkuð vaknað í þessu máli og hafizt handa um það að skipa þennan ágæta mann til þess að afla upplýsinga í málinu. En hingað til hefur ekki, að því er virðist, mikið verið annað jákvætt í því aðhafzt. Hæstv. utanrrh. lýsti því hér við umr. um málið í fyrra, að hans forveri, fyrrv. utanrrh., hefði á sínum tíma mætt hjá utanrmn., þegar fjallað var um þáltill. um útfærslu landhelgi fyrir Vestfj., og þá hefði hann lýst því, hæstv. fyrrv. utanrrh., að á meðan landhelgissamningurinn við Breta var í gildi, þá hefði lítið verið hægt að gera, en ríkisstj. hefði samt notað tækifærið til þess að kynna stefnu Íslands og skoðanir á erlendum vettvangi, eftir því sem tækifæri hefðu gefizt til, og í því sambandi var minnt á ráðstefnu um fiskveiðimál, sem haldin hefði verið þá nokkru áður í London, en þar hefðu fulltrúar Íslands skýrt og skilmerkilega skýrt frá því, að 12 mílna landhelgi væri ekki lokatakmark Íslendinga og þeir mundu halda áfram að vinna að landhelgismálinu á þeim grundvelli, að Ísland fengi yfirráðarétt yfir öllu landgrunninu. Ekki hefði þó gefizt tækifæri til þess að koma þessum skoðunum á framfæri á öðrum alþjóðaráðstefnum en þessari. Þetta var nú þá.

Nú er nokkur tími liðinn, síðan samningurinn við Breta var úr gildi genginn, og síðan hafa gefizt einhver tækifæri á alþjóðaráðstefnum til þess að koma þessu sjónarmiði Íslendinga á framfæri, og það er ekki úr vegi að minna á það hér, að nokkur gagnrýni hefur komið fram um það, t. d. í íslenzkum blöðum, að hæstv. utanrrh skyldi ekki í þeirri ræðu, sem hann hélt á þingi Sameinuðu þjóðanna, vekja athygli á þessu sjónarmiði Íslendinga í þessu máli. Nú efast ég ekkert um, að hæstv. utanrrh. hefur sjálfsagt einhverjar sérstakar ástæður fyrir því, að hann hefur ekki talið það heppilegt, eins og á stóð. En þá verð ég að segja það, að það er ekki til mikils ætlazt, að hann geri Alþ. grein fyrir því, hverjar þær ástæður hafi verið. Það væri mjög æskilegt að fá þær ástæður hér fram.

Ég get ekki verið hæstv. ráðh. sammála um þá starfshætti, sem á að viðhafa í þessu máli. Hann telur, að eigi að fara þessa leið, sem ríkisstj. hefur nú horfið að, að fela einum manni, ágætum manni, sem ætla mætti, að væri störfum hlaðinn, því að satt að segja fer maður nú að efast um nauðsyn þess að hafa sendiherra á þeim stað, sem hann situr, ef hægt er að fela honum svona mál, sem er náttúrlega langsamlega stærsta mál, sem íslenzka þjóðin á við að fást, og fela honum það sem eitthvert hjáverkastarf frá annasömu sendiherraembætti, ekki í einu landi, heldur fleiri. Ég hefði satt að segja haldið, að það veitti ekki af einum manni, sem gæti gefið sig alveg að svona máli. Ég hefði haldið, að það væri lágmarkskrafa, og það verð ég að segja, að það er kostað til ýmislegs, sem síður skyldi, heldur en þess, þó að ráðinn væri einn maður, sem ekki væri ætlað neitt annað starf, til þess að sinna þessu máli.

Hæstv. ráðh. taldi, að það væri þýðingarlítið eða þýðingarlaust að vera að skipa nefnd stjórnmálaflokkanna. Fyrst yrði að kanna málið og afla upplýsinga, því að nm. hefðu ekki til þess möguleika, eins og sakir stæðu, að hafa skoðun á þessu, að hafa skoðun og mynda sér skoðun í málinu, fyrr en upplýsingar lægju fyrir. Ekki get ég á þetta fallizt. Það hafa vissulega allir Íslendingar skoðun í þessu máli. Við vitum, að hverju við viljum vinna í þessu máli. Við ætlum að vinna að ákveðnu marki, og það, sem um er að ræða, er bara, hvaða starfsháttum og starfsaðferðum á að beita og er heppilegast að beita til þess að komast að því marki. Um hitt, að hvaða marki við ætlum að stefna, erum við allir sammála. Engar upplýsingar, sem fram kunna að koma, munu hafa áhrif á þá stefnu okkar. Og ég held satt að segja, að einmitt þessir starfshættir ríkisstj., sem þegar eru hafnir í málinu, að fela þannig einum manni án samráðs við aðra stjórnmálaflokka að vinna að málinu, bendi til þess, að ríkisstj. ætli sér ekki og óski ekki eftir, þrátt fyrir fögur orð

hæstv. ráðh., að hafa samráð við aðra flokka um þetta. Það er ekki hægt að taka mark á orðum einum, þegar athafnirnar eru ekki í samræmi við orðin, en það eru athafnirnar, sem hér gilda. Hæstv. utanrrh. hefði getað sagt, að það væri lítil þörf á skipun þessarar nefndar, vegna þess að það væri fyrir hendi nefnd, sem ætlað væri að fylgjast með störfum ríkisstj. í utanríkismálum. Hann hefði getað vísað til þess, að hér er utanrmn. til, en það gerði hann ekki, og það er af því, að hæstv. ráðh. er mjög skynsamur maður og hefur séð, að það mundi ekki vera hyggilegt, þar sem öllum er kunnugt um það, að utanrmn. er haldið utan við svo að segja öll utanríkismál, sem máli skipta. Það er nú ekki einasta hneyksli, heldur er það skýlaust lögbrot, því að samkv. þingskapalögunum á að bera undir utanrmn. ekki aðeins lagafrv., sem snerta utanríkismál og til meðferðar eru hér í þinginu, heldur á að bera undir hana utanríkismál almennt, jafnt um þingtímann og milli þinga. Hvenær er það gert?

Það var verið að skýra frá því í fréttum núna í dag, tók ég eftir, að það hafi farið fram á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna athyglisverðar atkvgr., atkvgr., sem veitt er athygli um allan heim. Og þar hefur það m. a. vakið athygli, á hvern veg Ísland greiddi atkv. Ég ætla ekkert hér að fara að segja neitt um það, hvað sé rétt í því efni eða ekki. Ég ætla ekkert að fara að segja mína skoðun á því. En atkvgr. Íslands í þessu efni vekur athygli af því, að það skar sig úr og fylgdi ekki Norðurlöndunum í þessum atkvgr. En Norðurlöndin hafa einmitt haft sérstaka samvinnu og samstöðu um afstöðu til mála á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Og áður en hvert allsherjarþing er haldið, koma utanrrh. Norðurlandanna saman og fjalla um þau málefni, sem þar eiga að vera tekin fyrir, og leitast eftir að ná sem mestri samstöðu um afgreiðslu þeirra mála. Hefði nú ekki verið eðlilegt, að mál sem þetta hefði verið borið undir utanrmn., áður en atkv. væru greidd, og væri það t. d. ekki lágmarkskrafa, að utanrrrh. kæmi á fund utanrmn., áður en haldinn er þessi sameiginlegi utanríkisráðherrafundur Norðurlandanna, þar sem tekin er ákvörðun um það, hvern veg Norðurlöndin skuli snúast við þeim málefnum, sem upp kunna að koma og vitað er að upp muni koma á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, — væri það ekki lágmarkskrafa, að utanrrh. kæmi þá áður á fund utanrmn. og gerði henni grein fyrir þeim málum? Nei, það gerir hann ekki. Utanrmn. er algerlega — ja, það má eiginlega segja það, algerlega óstarfhæf n. hér, og það er að mínum dómi ákaflega illa farið og ákaflega illa fallið til þess að skapa þá samstöðu í utanríkismálum, sem æskilegt er að sem mest sé. Og af þessari staðreynd, að svona er nú þessu háttað með utanrmn., var það auðvitað ljóst, að hæstv. ráðh. gat ekki vísað til þess, að þessi nefndarskipun, sem um er fjallað í þessari þáltill., væri óþörf af þeirri ástæðu, að fyrir hendi væri utanrmn.

Ég tel nú sem sagt, að það eigi að vinna að málinu á þann veg, að allir stjórnmálaflokkarnir eigi að hafa þegar í upphafi aðstöðu til þess að koma á framfæri sínum sjónarmiðum um starfshættina og slík n. sem þessi eigi í samráði við ríkisstj. að leggja línurnar um þau efni. Undir hennar yfirstjórn og yfirstjórn ríkisstj. eiga svo auðvitað starfsmenn — sérfræðingar — að starfa og afla þeirra upplýsinga, sem unnt er að fá, gefa þau ráð, sem þeir geta, og vinna að því eftir þeim línum, sem slík n. leggur, að afla málstað Íslendinga fylgis hjá öðrum þjóðum. Þetta er ekkert feimnismál. Það þarf ekki að vera nein sérstök leynd yfir þessu máli. Aðrar þjóðir eiga og mega vita um það, hvert við Íslendingar ætlum að stefna í þessu máli. Það þarf ekki að vera að skipa neinn einstakan mann með neinni sérstakri leynd til þess að vinna að þessum málum eða senda hann eitthvað þannig, að það megi helzt enginn vita um það, að hann er sendur. Það mundi einmitt vekja athygli, ef Alþingi Íslendinga undirstrikaði sínar fyrri viljayfirlýsingar í þessu efni með því að kjósa slíka n. sem hér er lagt til. Það mundi undirstrika það, að í þessu máli eru allir stjórnmálaflokkarnir sammála og þeir ætla að standa saman í þessu máli. Hitt, að fara þá leið, sem meiri hl. utanrmn. lagði til og hæstv. utanrrh. var hér enn á, — að fara tvær götur í málinu, að stjórnarflokkarnir vilji bara vísa málinu til ríkisstj., treysti henni einni til að fjalla um það, afþakki, að svo komnu máli a. m. k., aðild stjórnarandstæðinga í málinu, það er að mínum dómi ekki fallið til þess að undirstrika með öðrum þjóðum, hvílíka áherzlu við viljum allir í raun og veru leggja á þetta mál, heldur er það miklu fremur fallið til þess að vekja efasemdir og tortryggni hjá öðrum þjóðum um, að það sé ekki alveg 100% einhugur í þessu máli.

Ég vil þess vegna vænta, að þegar hæstv. utanrrh. gefst nú nokkur viðbótartími við þá 6 mánuði, sem hann hefur haft frá því í vor, að fjallað var um þetta á fundi utanrmn., muni hann nú komast að þeirri niðurstöðu, að það sé réttara að fara þá leið, sem lagt er til í þessari þáltill., og ég vænti þess, að hann muni að athuguðu máli geta skipt um skoðun í þessu efni, og það er vissulega engin goðgá að breyta um skoðun. Og ekki væri það ólíklegt, að t. d. þessi útsendi sendiherra hefði einhverja skoðun á þessu máli um það, hvernig ætti að vinna að því. Það væri ekki ófróðlegt að fá að heyra álit Hans G. Andersens, sem ég tel alveg ágætan mann og efalaust eins og stendur Íslendinga fróðastan um um málið, fá álit hans á því, hvort hann telur heppilegra, að hann vinni að þessu máli eingöngu á vegum ríkisstj. eða hann vinni í umboði n., sem allir stjórnmálaflokkar standi að. Það væri fróðlegt að fá hans álit á því. En hitt vil ég svo enn undirstrika, að þó að hann sé manna fróðastur um þetta mál,

finnst mér það ekki stórmannlegt hjá ríkisstj. að ætla honum að hafa þetta lífshagsmunamál þjóðarinnar í hjáverkum.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. og 1. flm. þessarar till. kom að því oftar en einu sinni í sinni ræðu, að víst væri þessi maður, sem við höfum fengið til þess að vinna að undirbúningi málsins, Hans G. Andersen, hæfur og góður maður. En sitt hvað var þó við hann að athuga hjá þessum hv. þm. Í fyrsta lagi vildi hann gera þetta tortryggilegt með því að telja, að það væri verið að gera þetta að hjáverki hjá honum að kanna málið, þar sem hann væri sendiherra okkar í Noregi og hefði þar öðrum hnöppum að hneppa, og í öðru lagi hefði ekki við útnefningu þessa manns verið haft samráð við hina flokkana. Ég minnist nú þess, að viðurkenning þessa hv. þm. á Hans Andersen var nú ekki meiri en það í vor, þegar um þetta mál var rætt, að ég man ekki betur en hann hefði þar orðað og viljað hafa þann hátt á, að velja nokkra unga menn til þess að alast upp í málinu, kynna sér, — ja, læra fyrst, skildist mér þá, hvernig þeir ættu að standa að því, og á eftir að taka það að sér til þess að vinna við það. Ég held, að það sé engum blöðum um það að fletta, að Hans Andersen er sá færasti og sá langfærasti allra Íslendinga í dag til þess að mynda sér skoðun í þessu máli og hafa um það forustu í allri grein. Hann er meira en færasti maður okkar Íslendinga, hann er „átóritet" á heimsmælikvarða. Og það er alveg sama, hvernig þessi hv. þm. veltir þeim hlutum fyrir sér, því verður ekki um þokað. Ég taldi það þess vegna svo sjálfsagt, að þegar hann var fenginn og gaf kost á því að taka þetta mál að sér, yrði það ekki vefengt eða dregið í efa af neinum og þar með væri þessum hluta málsins skipað á þann bezta veg, sem hægt væri að gera. Ég held, þrátt fyrir það að hann sé okkar sendiherra í Osló, þurfi það ekki að rekast á við störf hans að undirbúningi landhelgismálsins, en ef svo færi, þá er auðvelt að fá mann til Oslóar, því að starfið þar er ekki eins þýðingarmikið og þetta mál, eins og raunar kom líka fram hjá hv. síðasta ræðumanni.

Ég held þess vegna, að það hafi ekki verið neitt unnið að þessu máli í þá áttina, að samkomulag við aðra flokka gæti ekki orðið gott, þó að ekki væri samkomulag um ráðningu þessa manns. Svo sjálfsagt var það.

Ég held, eins og ég sagði, að nefndarskipunar á þessu stigi sé ekki þörf og geri lítið gagn. Það er alveg rétt, sem hv. flm. sagði, að allir Íslendingar hafa svipaða skoðun á málinu og þeir vilja, að landgrunnið komist í hendur Íslendinga. En þeir geta ekki haft skoðun á því, hvernig eigi að vinna að því, að þetta verði gert. Það er það, sem málið á stendur. Og það þarf að kynna sér bæði frá lagalegu sjónarmiði og vísindalegu sjónarmiði, hvernig bezt verður að því staðið. Við erum nú ekki, Íslendingar, einir í heiminum, og til þess að ná þessu í gegn verðum við að hafa til fylgis við okkur meiri hluta allra þjóða. Og hvernig verður bezt að því unnið?

Hv. þm. lét að því liggja, að ég hafi staðið mig heldur illa á þessum fundi Sameinuðu þjóðanna, þar sem ég hefði ekki tekið þetta mál til meðferðar þar. Það er nú svo. Ég gerði það, gerði það ekki að vísu á þann hátt, sem hann eða hans blað, Tíminn, töldu, að réttast væri að gera, með því að segja: Hér er ég frá Íslandi og vil hafa mitt landgrunn. — Ég taldi þetta óhyggilegt. Ég taldi miklu fremur rétt að reyna að fá samvinnu sem flestra þjóða í heiminum í baráttunni gegn hungri og fyrir verndun fiskstofnanna. Það er staðreynd í dag, að ýmsar þjóðir í heiminum svelta heilu hungri og alveg sérstaklega vegna próteinskorts, sem fiskurinn gefur. Ég taldi þess vegna vera réttast þar að benda á þetta atriði og reyna að fá sem flesta til þess að fá samúð með því að tryggja þeim þjóðum, sem eru í svelti, það fiskmeti, sem þær þurfa. Og það gerði ég. Og ég varð var við það, að þetta hafði samúð margra manna á þinginu, alveg sérstaklega þeirra, sem skortinn líða. Ég held þess vegna, að það hafi verið miklu skynsamlegra að byrja átök í þessu máli með því að reyna að ná samúð um það, heldur en vekja andúð á því, því að auðvitað hefði það vakið andúð og ég vil segja á þessu stigi kannske mikla andúð, að við færum að undirstrika það, að við ættum nú eiginlega þetta allt saman og það væri heilög skylda þeirra að hjálpa okkur til þess, að þetta eignarhald næðist.

Ég skal náttúrlega ekki meta, hvort sjónarmið þessa hv. þm. um það að taka strax landgrunnssjónarmiðið í fyrstu atrennu sem aðalatriði málsins sé affarasælla en hitt, að reyna að vekja samúð um það að vernda fiskstofnana í hafinu.

Ég get til viðbótar þessu sagt, að skömmu síðar var borin fram till. á þingi Sameinuðu þjóðanna um rannsókn á auðæfum hafsins, en þar var ekki í till., eins og hún kom fyrst fram, gert ráð fyrir, að verndun fiskstofna yrði þar tekin með. Fyrir atbeina íslenzku sendinefndarinnar, sem gerðist meðflm. að málinu með því skilyrði, að þetta væri tekið inn í till., var það gert. Og nú hefur verið samþ. í annarri n. hjá Sameinuðu þjóðunum till., sem fer í þá átt að rannsaka auðæfi hafsins og verndun fiskstofna. Ég veit ekki, hvernig hægt verður að þoka málinu þessa leið, en ég held, að það sé hægara að þoka málinu áfram þessa leiðina en vaða beint áfram með landgrunnssjónarmiðið og eiginhagsmunasjónarmiðið strax í upphafi.

Þetta mál eða þessi till., sem hefur verið samþ. í nefnd hjá Sameinuðu þjóðunum og væntanlega kemur fyrir hjá þinginu sjálfu núna mjög bráðlega, er að mínu viti mjög líkleg til þess að geta hjálpað okkur um þá afgreiðslu málsins, sem getur komið okkur að gagni. Og ég vil benda á meira, að till. þessi, sem samþ. hefur verið, gerir ráð fyrir

því, að aðalritari Sameinuðu þjóðanna skipi n. sérfræðinga til þess að vinna að þessu máli, og íslenzka sendinefndin hefur fengið fyrirmæli um það að leitast við, að við fengjum fulltrúa í þessari n., og það tel ég mjög þýðingarmikið, ef það tekst, og ég er ekki frá því, að það takist, eftir því sem útlitið er nú, að því er mér er sagt. Sem sagt, ég nefni þetta vegna þess, að hv. þm. fann ástæðu til að finna að þeim hætti, sem ég hefði haft á um að koma málinu af stað. En ég fullyrði, að það er ekki líklegt, eða ég meina það a. m. k. og vil leyfa mér að hafa þann hátt á *matinu*, að það er ekki líklegt, að það hefði gengið öllu betur, þótt við hefðum strax farið að ræða um okkar landhelgi og okkar eiginhagsmuni.

Hv. þm. taldi, að þó að ríkisstj. eða kannske nánar tiltekið ég í þessu tilfelli hefðum haft falleg orð um samstöðu í *málinu*, væru athafnirnar þannig, að þær staðfestu ekki þessa umsögn mína eða ríkisstj. Athafnirnar gilda, sagði hv. þm., og þær eru öðruvísi en mátt hefði vænta eftir þeim orðum, sem um þetta hafa verið höfð. Ég held nú, að þetta sé langt frá því að vera rétt. Orðin, sem við höfum haft um þetta mál, eru þau, að við viljum láta kanna málið mjög ýtarlega, og það er vandasamt mál og það viðurkenna allir, og leggja það síðan gjarnan fyrir samstarfsnefnd allra flokka eða á annan hátt þannig, að allir stjórnmálaflokkarnir fái tækifæri til þess að kynna sér það, til þess að meta þær leiðir, sem lagt er til að farnar verði, og til þess að yfirleitt gera sér grein fyrir málinu í öllum atriðum. Að athafnirnar í þessu máli séu þess vegna öðruvísi en við höfum haft orð um, það tel ég ekki rétt og hafi ekki við neitt að styðjast. Við erum nefnilega mjög háðir því í þessu máli, hvernig aðrar þjóðir taka undir. Við getum ekki komið saman í 7 manna nefnd hér uppi á Íslandi og sagt: Við Íslendingar teljum, að við eigum landgrunnið, og við viljum gjarnan fá það og fá afnot af því fyrir okkur eingöngu, en við viljum ekki, að aðrir komi þar nálægt. — Ég er ekki alveg viss um það, að meiri hlutinn af þjóðum heims muni hoppa inn á svona athafnir. Væri ekki skynsamlegra að fara þá leið að markinu að kynna sér fyrst eftir lagaleiðum, *eftir persónulegum samtölum* við aðila þeirra ríkja, sem fulltrúa eiga hjá Sameinuðu þjóðunum, *og á allan annan hátt, sem* möguleg*ur* er, á hvern hátt möguleikar væru til þess *að þoka málinu fram*, og þá fyrst, þegar sérfræðingurinn eða sérfræðingarnir eru komnir að niðurstöðu um það, hvernig þetta skuli gert og hvernig það megi bezt takast, komi n. saman? Þetta er það eina, sem ég hef sagt um málið, bæði við umr. í vor, þegar þetta mál var til meðferðar hér, og ég er sömu skoðunar enn, og mér þykir leitt, að ég þarf að hryggja hv. þm. með því, að ég hef ekki skipt um skoðun og ég tel mjög litlar líkur fyrir því, að ég geri það.

Þá kom hann inn á annað atriði, sem vissulega er athyglisvert og ég er honum sammála um að þarf að breytast, og það er um stöðu utanrmn. hér í hinu háa Alþ. Það er alveg rétt, að það eru miklu færri mál borin undir utanrmn. en vert væri og sennilega rétt væri. En það er af því, að fyrrv. utanrrh. taldi, að hann hefði orðið þannig fyrir barðinu á utanrmn., að hann gæti ekki trúað henni fyrir málum. Ég held, að mér sé óhætt að segja það eftir honum, að trúnaðarmál, sem n. hafi verið sagt frá, hafi verið borin út og komið í blöðunum, og þess vegna vildi hann ekki fyrir sitt leyti, að henni væru fengnar allar þær upplýsingar, sem annars hefði verið rétt, að n. fengi. Ég skal ekkert segja um þetta, ég þekki það ekki svo vel. En hitt vildi ég gjarnan og það hef ég sagt við utanrmn., að það væri hægt að komast að — ég vil segja samkomulagi við n. um það, að það væri hægt að hafa það samband við hana, sem eðlilegt er, þ. e. a. s. það væri hægt að trúa henni fyrir öllum málum, sem þar ættu að ræðast, og hægt væri að taka upp við hana samband um þetta. Ég hef nú ekki haft tækifæri til þess að hafa þetta samband við utanrmn. nema mjög stutt. En ef eitthvert framhald yrði á því, sem kannske verður nú ekki, skal ég gjarnan lýsa því yfir, að ég vildi gjarnan hafa það samband við utanrmn., sem ég tel að eðlilegt væri, þ. e. a. s. henni væri hægt að trúa fyrir öllum utanríkismálum eins og þau legðu sig. Það er það eðlilega, og það er það rétta. Ég held svo, að ef það tækist að koma málum í það horf, væri nú enn þá minni nauðsyn til að setja þessa 7 manna n., sem hv. þm. vilja setja samkv. þessari till.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð í bili. Ég veit, að þetta mál er vandmeðfarið, og það vitum við sjálfsagt allir. Og þess vegna megum við ekki blanda í það pólitík. Það vona ég, að ég hafi ekki gert, og ég held, að það væri ekki æskilegt, að það yrði gert, heldur að reynt yrði að vinna að því í sátt og samlyndi, án þess að reyna að koma þar að sjónarmiðum, sem að mínu viti eiga þar ekki heima. Ég tel að vísu að sjálfsögðu rétt, að þetta fari aftur til utanrmn., a. m. k. formsins vegna, því að málið þarf að afgreiðast hér. Þó að hún hafi látið í ljós álit sitt á því í fyrra, er kannske ekki alveg fræðilega öruggt, að hennar skoðun sé sú sama í dag. Ég skal ekkert um það segja, ég hef ekki kannað það, en mér þykir ólíklegt, að á því hafi orðið nokkur veruleg breyting. En samt sem áður, af því að nál. voru ekki tekin til meðferðar hér í vor, er sjálfsagt, að þau fái möguleika til eðlilegrar afgreiðslu nú.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði í þeirri ræðu, sem hann var að ljúka við, að fyrrv. utanrrh. hefði sagt, að hann hefði ekki getað haft samband við utanrmn. á eðlilegan máta, vegna þess að hann hefði einhvern tíma trúað henni fyrir einhverjum málum, sem ættu að vera trúnaðarmál og hefðu lekið út. Þar sem ég hef

nú verið nokkurn tíma í utanrmn., minnist ég þess ekki, að slíkt hafi komið fyrir, og það væri bezt að fá það nánar upplýst, hvað fyrrv. utanrrh. hefur átt við með þessu. Það, sem maður gæti trúað, að helzt lægi næst að álíta, að utanrrh. hefði fundizt og þeir, sem verið hafa nú um nokkurn tíma, um 15 ára skeið, að ekki væri hægt að trúa utanrmn. fyrir, eru mál viðvíkjandi því, sem snertir Ísland sem hernaðaraðila, eftir að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið. En eins og kunnugt er, var eftir að það gerðist gerð sú breyting á l. um þingsköp, að það var sett sérstök undirnefnd, leyninefndin svokallaða, 3 manna n., undirnefnd í utanrmn., sem átti að fjalla um þau mál, sem þættu þess eðlis, að það væri ekki hægt að trúa allri utanrmn. fyrir þeim. Og menn skilja auðvitað, af hvaða orsökum það var. Þeir utanrrh., sem hafa starfað, meðan þessi ákvæði voru, — mig minnir, að það sé búið að afnema þau nú, — sem hafa starfað meðan þessi ákvæði voru í l. um þingsköp, höfðu þess vegna aðgang að þessari leyninefnd, og ef ég veit rétt, ég a. m. k. hef staðhæft það áður hér á Alþ. og því hefur ekki verið mótmælt, var þessi leyninefnd aldrei kölluð saman. Ég held, að ég fari þar með rétt mál. A. m. k. hef ég spurt að því hér á Alþ. og þá menn, sem hafa verið í henni, og spurt hér úr þessum ræðustól, og enginn hefur viljað kannast við það, að hún hafi nokkurn tíma verið kölluð saman. Og ef hæstv. fyrrv. utanrrh. hefur þess vegna haft einhver sérstök trúnaðarmál, sem snertu t. d. Ísland sem voldugan hernaðaraðila, býst ég við, að hann hlyti þó að hafa kallað slíka leyninefnd fyrir sig. Það væri þess vegna mjög gott að fá upplýsingar um, hvað það er, sem átt er við með þessu.

Ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um það og vil eiginlega mega taka hans síðustu orð, sem hann sagði hér í ræðustólnum áðan, þannig, að hann vilji taka upp nýja hætti í þessum efnum, sem væri ákaflega heilbrigt fyrir okkur. Við vitum það, sem starfað höfum lengi hér á Alþ., að utanrmn. var ein þýðingarmesta n. Alþingis, og t. d. öll stríðsárin voru mjög tíðir fundir í utanrmn. og utanrmn. tók mjög veigamiklar ákvarðanir á þessum tíma, bæði hafði sjálf framtak um slíkt, og fjallaði um slíkt, og það voru haldnir stöðugir fundir í utanrmn. uppi í stjórnarráði. Í því herbergi, sem forsrh. og utanrrh. hvað lengst höfðu til umráða, þ. e. því herbergi, þar sem ríkisstjórnarfundir eru venjulega haldnir, þar voru fundir haldnir í utanrmn. og það mjög tíðir og um mjög þýðingarmikil mál. Það er raunverulega einn þáttur í því, hvernig er verið að lítillækka Alþ., hvernig er verið að taka meira og meira af þess verksviði og þess valdi yfir til ríkisstjórnarapparatsins, ríkisstjórnartækisins, hvernig búið er að fara með utanrmn. nú um langt skeið, og þar hefur ágreiningurinn í Alþ. um Atlantshafsbandalagið verið notaður sem átylla, því að sannleikurinn er sá, að líka öll önnur mál, sem alls ekki snerta okkar ágreining margra flokka hér á þinginu í sambandi við Atlantshafsbandalag og annað slíkt, hernámið og þess háttar, ótal önnur mál eru ekki heldur rædd í utanrmn., þar sem ekki væri hætta á neinu, sem snerti mismunandi skoðanir sérstaklega í sambandi við mál, sem væru eins þýðingarmikil og valda eins miklum átökum eins og við skulum segja afstaðan til hernaðarbandalagsins.

Við skulum segja t. d. danska þingið, utanrmn. þess fjallar um öll þau mál, sem snerta Sameinuðu þjóðirnar. Flokkarnir í danska þinginu útnefna sjálfir menn til þess að vera í sendinefnd Danmerkur hjá Sameinuðu þjóðunum. Alveg eftir þeirra styrkleikahlutfalli kjósa þeir menn til þess. Svo náttúrlega í viðbót við það ákveður utanrrh., eins og eðlilegt er, að sérfræðingar og aðrir slíkir skuli vera þarna með. Hér er það þannig með sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, að þetta er notað meira og minna til þess eiginlega að skiptast á í sendiferðum og skemmtiferðum jafnvel stundum og heilir flokkar á þinginu eru algerlega skildir þar hjá, rétt eins og væri verið að senda á fund Atlantshafsbandalagsins, þar sem ekki er hins vegar af minni hálfu verið að finna að því, þó að einstakir flokkar séu settir hjá. Ég held þess vegna, að þarna þyrftum við að gera verulegar breytingar á. Það væri það eðlilega, að þarna tækjum við upp alveg nýja starfshætti, einmitt í samræmi við það, sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert.

Ég held þess vegna, að það væri mjög heppilegt, að það kæmi fram, hvað það er, bara sögunnar vegna, sem fyrrv. utanrrh. hefur fundizt hann verða fyrir trúnaðarbroti af hálfu alþm. Yfirleitt var það mín skoðun, meðan sá hæstv. utanrrh. var, að Alþ. yrði frekar fyrir trúnaðarbroti frá hans hálfu en hann frá hálfu alþm. En látum það vera. Sagan verður að dæma hans afstöðu jafnt sem annarra, þegar þar að kemur. En hitt aftur á móti vil ég undirstrika, og þykir mér vænt um, að hæstv. núv. utanrrh. er sammála um, að á þessu þarf að verða breyting. Við komum bókstaflega ekki fram sem fullvalda ríki, á meðan við ekki í utanríkismálum okkar förum að hafa betri hátt á en við nú höfum. Við höfðum þetta um tíma, og við eigum að taka þetta upp aftur.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr., sem hafa orðið um þá till., sem hér liggur fyrir. Ég álít, að þess sé síður en svo þörf, því að flm. hennar hefur skýrt það mál svo vel og haldið vel á því. En það eru hins vegar nokkur atriði, sem snerta málið óbeint og hafa komið fram hjá hæstv. utanrrh., sem ég vildi segja nokkur orð um.

Ég vildi eiginlega í tilefni af því, sem hann sagði hér áðan, spyrjast fyrst fyrir um það, hvort það sé orðin stefnubreyting hjá ríkisstj. í landhelgismálinu og hún fylgi orðið fram

annarri stefnu en þeirri, sem var mörkuð í þáltill. frá 1959. En þar er sú stefna ákveðið mörkuð, gerð samhljóða á Alþ., að unnið skuli að því að afla viðurkenningar á rétti Íslands til alls landgrunnsins. Og í samræmi við það voru málin svo flutt af Íslands hálfu, a. m. k. næstu ár. Virðist mér af því, sem hæstv. utanrrh. sagði um sína ræðu á þingi Sameinuðu þjóðanna og þær skýringar, sem hann gaf á henni, að ríkisstj. sé eiginlega komin inn á það að framfylgja annarri stefnu í þessum efnum og vinna að framgangi þess máls eftir öðrum leiðum. Ég vildi þess vegna beina þeirri fsp. til ráðh. og fá alveg glöggt svar hjá honum um það, hvort það sé virkilega svo, að ríkisstj. sé horfin frá þessari stefnu að vinna að viðurkenningu á landgrunninu og búin að taka upp einhverja aðra stefnu, því að ef svo er, er hér að sjálfsögðu um mjög mikilvæga og e. t. v. örlagaríka breytingu að ræða fyrir þetta mál, sem ég vildi aðeins segja í fáum orðum að þessu sinni, að ég tel, að ekki stefni í rétta átt.

Það vildi ég svo segja í sambandi við þetta mál, að ég held, að það sé mikill misskilningur hjá ráðh., að hann hafi þurft að óttast það, að hann mundi hljóta mikla andúð á þingi Sameinuðu þjóðanna, ef hann hefði túlkað sérstöðu Íslands þar og haldið fram þeim rétti, því *tilkalli*, sem Íslendingar gera til landgrunnsins. Ég hef verið nokkrum sinnum á þeim vettvangi, þegar þessi mál hafa verið þar rædd, og ég held, að það megi segja það, að þegar kannske 2—3 þjóðir hér í Vestur-Evrópu eru undanskildar, hafi málstaður Íslands í þessum efnum yfirleitt átt miklum skilningi og samúð að fagna. Og ég trúi því ekki, að það hafi neitt breytzt við það, þó að þar hafi fjölgað þjóðum, bætzt við þjóðir, sem hafa sloppið undan nýlenduoki eins og við. Ég gæti miklu frekar trúað, að okkar málstaður ætti nú á þessum vettvangi enn meiri skilningi og samúð að fagna en þó var áður fyrr. Og þess vegna skil ég satt að segja ekki þessa afstöðu ráðh.

En það, sem varð þess fyrst og fremst valdandi, að ég kvaddi mér hljóðs, var það, sem hæstv. ráðh. sagði um utanrmn., og það, sem hann sagði, að væri *ástæða* til þess, að n. hefði ekki starfað með eðlilegum hætti á undanförnum árum. Hann kvað ástæðuna vera þá, að fyrirrennari sinn í þessu embætti hefði sagt sér, að það hefði komið fyrir í n. og að því er mér skildist oftar en einu sinni, að nm. hefðu gert sig seka um trúnaðarbrot. En það var alveg rétt gert hjá hæstv. núv. ráðh. að telja sig ekki hafa, að því er mér skildist, beinar heimildir fyrir þessu eða tilgreina ákveðin dæmi, heldur aðeins óákveðin ummæli fyrrv. utanrrh. um þessi mál. Ég vil alveg hiklaust halda því fram á þessum stað, að þetta er ósatt hjá hæstv. fyrrv. utanrrh. Ég get fullyrt það til frekari áherzlu um þetta, að t. d. síðan ég tók sæti í utanrmn. á þingi 1959 hefur ekki verið lagt fyrir n. neitt, sem hægt er að kalla trúnaðarmál, og þar af leiðandi nm. ekki getað gert sig seka um neitt slíkt, hvað þetta snertir, vegna þess að það hefur verið fylgt þeirri reglu af hálfu ríkisstj. á þessum tíma að leggja ekkert fyrir n., sem hægt er að nefna því nafni. Ég þori líka að fullyrða það, að á þeim tíma, sem á undan er genginn, þegar Guðmundur Í. Guðmundsson var utanrrh., hefur ekkert það gerzt í n., sem er þannig lagað, að það sé hægt að saka nm. um trúnaðarbrot. En ég tel hins vegar, að þetta mál sé það mikilsvert og hér séu bornar svo þungar sakir á þá menn, sem hafa verið í utanrmn., að það væri mikil ástæða til þess, að það væri *sett* í þetta sérstök rannsóknarnefnd samkv. ákvæðum stjskr., til þess að fá þetta upplýst, því að það eru engar smásakir, sem eru bornar á utanrmn. með því að halda þessu fram.

En jafnframt því, sem ég segi þetta, vildi ég fagna þeirri yfirlýsingu, sem kom hér fram hjá hæstv. ráðh., að hann vildi gjarnan taka upp önnur vinnubrögð í þessum efnum og taka upp fullt samstarf við n., sem ég að sjálfsögðu tel eðlilegt að sé gert á þeim grundvelli, eins og er í lögum margra annarra þjóða, að það sé beint tekið fram, að nm. séu bundnir trúnaðarheiti um þau mál, sem er þá sérstaklega fram tekið af hálfu ráðh. í n., að hann óski eftir að sæti þeirri meðferð. Ég álít, að það væri kannske eðlileg leið til lausnar þessu máli, að nú í sambandi við athugun þingskapanna, sem fram fer, verði gengið mjög greinilega frá þessu atriði.

En það er ekki eingöngu um þau mál, sem séu þannig eðlis, að það sé hægt að kalla þau trúnaðarmál, sem ríkisstj. hefur ekki viljað hafa samráð við n. Ég vil t. d. rifja það upp, fyrst farið er að ræða um þessi mál, að núna í þingbyrjun, á fyrsta fundi utanrmn., fórum við tveir nm. fram á það, að utanrrh. kæmi á fund n. og skýrði henni frá helztu málum, sem lægju fyrir þingi Sameinuðu þjóðanna, og viðhorfi ríkisstj. til þeirra. Formaður n. lofaði að koma þessum tilmælum á framfæri við ráðh., og ég trúi ekki öðru en hann hafi gert það, en þennan fund er ekki enn þá farið að halda. Ég vildi mega vænta þess, að yfirlýsing ráðh. nú þýddi það, að slíkur fundur yrði haldinn og það yrði þá upphaf að því samstarfi, sem hann var að tala um að hann vildi vinna að því að kæmist á á milli ráðh. og n. Það eru ýmis mál eftir enn á þingi Sameinuðu þjóðanna, sem er fróðlegt og gagnlegt fyrir utanrmn., þá flokka, sem þar eiga sæti, en ekki eiga sæti í ríkisstj., að fylgjast með. Sum mál viðurkenni ég, að eru þannig vaxin, að það er eðlilegt, að þau séu trúnaðarmál. Mér skilst t. d., að það muni vera eftir á þinginu að kjósa menn í alþjóðadóminn. Það skiptir miklu máli fyrir Ísland. Er það búið? Það er þá misskilningur hjá mér, að það *sé eftir*, það mun vera búið, en það gæti eigi að síður verið fróðlegt að fylgjast með því, hvernig Ísland hefur greitt atkv. í því sambandi, þó að ég skilji vel, að með það yrði að fara sem trúnaðarmál.

Umr. frestað.

Á 15. og 22. fundi í Sþ., 7. des. og 8. febr., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið svo langt síðan umr. fóru fram um þetta mál, að það er varla, að maður muni, hvar endað var. En mig minnir þó, að það, sem síðast gerðist og var rætt um málið, væri það, að ég skýrði frá því, að fyrrv. hæstv. utanrrh. hefði tjáð mér, að hann hefði ekki getað sýnt utanrmn. fullan trúnað og þess vegna ekki getað gefið henni þær upplýsingar, sem óskað hafði verið eftir. Þetta var, ef ég man rétt, dregið nokkuð í efa, að rétt væri með farið, svo að ég hef leitað í fundargerðum utanrmn., hvernig þetta hefur borið að, og mér þykir rétt, til þess að ekkert fari á milli mála, að ég lesi upp það, sem bókað er. En það er frá fundi, sem haldinn var þriðjudaginn 4. febr. 1964. Þar er til umr. fiskimálaráðstefnan í London. Bókað er þannig:

„Þórarinn Þórarinsson óskaði upplýsinga um tvær till., sem komið hefðu fram á fundum þeim, sem nýverið hefðu verið haldnir í London, til þess að ræða um fiskimál. Guðmundur Í. Guðmundsson svarar þessu nokkuð fyrst, en segir síðan: Frekari upplýsingar um þetta kvaðst ráðh. ekki geta gefið. Í upphafi ráðstefnunnar hefði verið ákveðið, að hún skyldi haldin fyrir lokuðum dyrum og farið með það, sem þar gerðist, sem trúnaðarmál. Þeim trúnaði kvaðst ráðh. bregðast, ef hann skýrði utanrmn. frekar frá því, sem fram hefði farið á ráðstefnunni. Það hefði að vísu verið venja áður fyrr að skýra utanrmn. í trúnaði frá málum sem þessum, en á tímum landhelgismálsins hafi stjórnarandstaðan tekið upp þau vinnubrögð að birta viðstöðulaust í blöðum sínum allt, sem fram fór í n., og kveðst ráðh. áður hafa vakið athygli n. á því, að slík trúnaðarbrot leiddu til þess, að ekki væri unnt að ræða trúnaðarmál í n. Þessa afstöðu sína kvað ráðh. óbreytta og vildi hann ekki taka áhættuna af því, að birt yrði í blöðum frásögn af málefnum þeim, sem fara ætti með sem trúnaðarmál."

Næstur tók til máls í n. Þórarinn Þórarinsson, sem andmælti þessari fullyrðingu ráðh. og sagðist ekki kannast við, að rofinn hefði verið sá trúnaður, sem ætti að gilda um mál, sem utanrmn. ræddi, a. m. k. hefði hann og flokkur sá, sem hann væri fyrir, ekki gerzt sekur um trúnaðarbrot.

Þá tekur utanrrh. aftur til máls og sagði, að Þórarinn Þórarinsson hefði vitnað til þess, að á Norðurlöndum mundi það tíðkast, að utanrmn. fái ýtarlega skýrslu um sömu málefni og það, sem hér er til umr. Hann sagði, að það mætti vel vera, að það væri rétt, en menn yrðu að hafa í huga, að á Norðurlöndum væri farið með þau málefni, sem utanrmn. fengi upplýsingar um í trúnaði, sem trúnaðarmál og nm. hlypu ekki með þær í blöð sín. Hér væri reynslan allt önnur. Fyrir nokkrum árum hefði stjórnarandstaðan tekið upp þau vinnubrögð í utanrmn. að bregðast trúnaði og birt í blöðum nákvæmar fundargerðir utanrmn., þar sem trúnaðarmál væru rædd. Þetta gilti fyrst og fremst um Þjóðviljann, en flokkur Þórarins Þórarinssonar væri ekki eins saklaus og hann vildi vera láta.

Það er svo eftirtakanlegt, hvernig Einar Olgeirsson svarar þessu í n. Einar Olgeirsson sagði, að öll blöð reyndu að fá fréttir eftir þeim aðferðum, sem þeim væri mögulegt, og diplómatíið hefði þá ekki aðrar aðferðir en að dementera, en slíkt væri í rauninni oft staðfesting á því, að fréttirnar í blöðunum væru réttar. Þetta segir Einar Olgeirsson og þó nokkuð fleira.

Um þetta spunnust svo nokkrar umr., en ég vildi bara koma þessu hér á framfæri, til þess að það stæði, sem ég sagði við fyrri umr. um málið, að utanrrh. fyrrv. hefði fullyrt þetta og haft til síns máls sjálfsagt þau rök, sem hann taldi gild, og nú hefur útskrift úr fundargerðarbók utanrmn. staðfest þetta.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er rétt, eins og hæstv. utanrrh. sagði, að það er svo langt um liðið síðan umr. fóru fram um þetta mál, að þráðurinn í þeim hefur að nokkru leyti slitnað, og ég geri ráð fyrir því, að margir séu búnir að gleyma ýmsu af því, sem fram kom í þeim umr. á sínum tíma. En þá hafði ég hripað hjá mér nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. utanrrh. og ég vildi gera nokkrar aths. við, þar sem mér fannst gæta nokkurs misskilnings hjá honum, og ég vildi því ekki með öllu láta fara hjá óleiðréttan. Og ég ætla aðeins, þó að langt sé um liðið, að drepa á þessi atriði. En ég vil þó fyrst lýsa alveg sérstakri ánægju yfir þeirri yfirlýsingu utanrrh., sem fram kom í þeim umr., og var á þá lund, að hann vildi framvegis taka upp aðra starfsháttu varðandi utanrmn. en að undanförnu hefðu tíðkazt og hann væri allur af vilja gerður að hafa fullt samráð við utanrmn. Þessari yfirlýsingu vil ég sérstaklega fagna, vegna þess að þeir starfshættir, sem tíðkazt hafa í þessu efni, eru vægast sagt leiðinlegir og óviðunandi. Og þar sem hæstv. utanrrh. hefur gefið slíka yfirlýsingu, er þess að vænta, að þetta breytist hér á eftir, þar sem hér er einskis annars þörf til að breyta í þessu efni en vilja utanrrh. Vilji hans er allt, sem þarf í þessu efni. Ef hann hefur vilja til þess að láta utanrmn. fylgjast með málum, svo sem gera ber að lögum, er það auðvelt. Hann þarf þar ekki undir neinn annan að sækja, þannig að ef vilji og alvara fylgja þessum orðum hans, má vænta þess, að á næstunni verði upp teknir nýir starfshættir í utanrmn.

Hitt skal ég ekki fara langt út í, sem hann gerði þó að nokkru atriði í sinni ræðu og talaði alveg sérstaklega um hér áðan, þ. e. a. s.

réttlætingu á því, að sá háttur hefði verið á hafður, að utanrmn. hefði ekki verið kvödd saman. En þá ástæðu vill hann færa fram til réttlætingar þeim vinnubrögðum, að fyrrv. utanrrh. hafi lýst því yfir, að utanrmnm. hafi gerzt sekir um trúnaðarbrot. Ég skal að sjálfsögðu ekkert um það dæma, hvað til er í þeim staðhæfingum. Ég kem þar ekki við sögu. En hitt vil ég nú segja, að sú staðhæfing utanrrh. getur náttúrlega á engan hátt samnazt með því, sem hæstv. utanrrh. las upp hér fyrir þingheimi, vegna þess að þar var ekki um neina sönnun að ræða, heldur aðeins staðhæfingu hæstv. fyrrv. utanrrh., sem var í rauninni alveg órökstudd af einstökum dæmum, aðeins talað almennt um það, að trúnaður hefði verið brotinn í sambandi við umr. um landhelgismál, og raunar naumast skiljanlegt af því, sem hann las, í sambandi við hvaða landhelgismál það var, sem slíkt hefði átt að gerast, því að í sömu andránni er í bókuninni talað um það, að þetta hafi gerzt fyrir nokkrum árum, en í hinni andránni var talað um það, að sérstaklega Þjóðviljinn og jafnvel Tíminn hafi gerzt sekir í þessu efni, að manni skildist þá skömmu áður. Slíkar staðhæfingar sem þessar er ekki hægt að taka alvarlega og í rauninni alveg óframbærilegt að koma fram með þær, nema styðja þær alveg ákveðnum dæmum, þar sem hér er um mjög alvarlegan áburð að ræða, þar sem því er haldið fram, að einstakir utanrmnm. hafi rofið trúnað, sem þeim var sýndur. En aðalatriðið er, að hvað sem þessu líður og hvað sem rétt er í þessu efni, er það vitaskuld svo fjarri öllu lagi, jafnvel þó að eitthvað slíkt hefði skeð fyrir nokkrum árum, að ætla að veifa því framvegis sem einhvers konar refsivendi yfir utanrmn. Slíkt nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það er svo óviðeigandi sem mest má verða, og eftir að nýir menn eru komnir til sögu, bæði í utanrmn. og í sæti utanrrh., vil ég vona, að hæstv. utanrrh., eins og reyndar yfirlýsing hans síðast bar vitni um, láti þetta ekki standa í vegi fyrir sínum góðu áformum um það að taka upp góða samvinnu við utanrmn.

Það er auðvitað sjálfsagt, og það vita allir, að um viss utanríkismál þarf að varðveita trúnað, og það er sjálfsagt, að utanrmnm. geri það. En hitt er líka jafnsjálfsagt, að í hvert eitt skipti, sem þann trúnað á að viðhafa, lýsi utanrrh. því yfir á fundi utanrmn. og láti bóka það, að þetta sé sagt í trúnaði, því að það er svo, að það eiga að koma fyrir utanrmn. fjöldamörg mál, sem mörg hver eru alls engin trúnaðarmál og engin ástæða til að krefjast þess, að trúnaður sé sýndur um þau.

Ég skal svo láta útrætt um þetta atriði, sem segja má að sé algert aukaatriði í sambandi við það mikla mál, sem hér er um að ræða, en hefur spunnizt inn í það.

Ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um það, að spurningin um landgrunnið og um það, hvort hægt sé að færa landhelgina út, er að sjálfsögðu mikið vandamál, og ég tók það skýrt fram í minni framsögu um málið hér í öndverðu. Og einmitt af því, að hér er í senn um lífshagsmunamál þjóðarinnar að ræða og sérstaklega vandmeðfarið mál, er einmitt að mínum dómi ástæða til að viðhafa þá starfsaðferð í þessu efni, sem gert er ráð fyrir í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir til umr. Ég er algerlega sammála hæstv. utanrrh. í því, sem hann sagði, að þessu máli, landgrunnsmálinu, eigi að halda, ef unnt er, utan og ofan við flokkspólitískar deilur. En þá er bara spurningin þessi: Hvernig verður það bezt gert? Hvernig verður því markmiði bezt náð? Verður það bezt gert með þeirri aðferð, sem mér skilst, að hæstv. utanrrh. vilji viðhafa, að stjórnarflokkarnir og þeirra trúnaðarmenn fari einir með málið, fyrst um sinn a. m. k., kynni sér það, sem kynna þarf í málinu, safni þeim gögnum, sem þörf er á, og kynni öðrum þjóðum og trúnaðarmönnum annarra þjóða þær skoðanir og stefnur, sem hér eru uppi í þessu efni, en láti stjórnarandstöðuflokkana ekki fylgjast með í þessu efni, komi svo til þeirra eftir á og eftir dúk og disk og segi þeim þá, hvað gert hefur verið í þessu máli, hvað áunnizt hefur og hvaða ákvarðanir nú eigi að taka? Ég held, að þessi aðferð sé ekki heppileg til þess að skapa þá æskilegu og ég vil segja nauðsynlegu samstöðu um þetta mál. Þá held ég, að sú aðferð, sem stungið er upp á í þessari þáltill., sé heppilegri, sem sé sú, að nú á frumstigi málsins sé kosin n. allra flokka til þess að fylgjast með því í öllum atriðum ásamt ríkisstj. og hafa á hendi ásamt ríkisstj. eins konar forstöðu og forustu í þessu máli, svo að það verði þannig tryggt frá öndverðu, að stjórnarandstöðuflokkarnir verði í raun og veru samábyrgir stjórnarflokkunum í þessu máli frá öndverðu. Þetta held ég, að sé sú rétta og heppilega aðferð, ef menn eru á þeirri skoðun, sem hæstv. ráðh. lét í ljós, að vilja halda þessu máli utan og ofan við flokkspólitískar deilur.

Mergurinn málsins er sem sagt sá, að við erum algerlega öll sammála um markmiðið í þessu máli, en greinir á um starfsaðferðir, og það er það, sem menn þurfa að gera upp við sig, hvor starfsaðferðin er heppilegri, að allir standi saman frá öndverðu í þessu máli, að allir eigi fulltrúa til þess að fylgjast með í málinu frá öndverðu eða að stjórnarflokkar, hverjir svo sem þeir eru á hverjum tíma, fari einir með þetta mál, en komi svo seint og síðar meir til stjórnarandstöðunnar, þegar ráðið hefur verið, hvaða ákvarðanir í því skuli teknar. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti að athuguðu máli fallizt á þau rök, að það sé heppilegra að hafa þá starfsaðferð í þessu máli, sem ég hef hér lagt til.

Hæstv. ráðh. var eins og dálítið sár yfir því, að ég hefði gert lítið úr ræðu hans á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Það er alger misskilningur. Ég gerði ekki á neinn hátt lítið úr þeirri ræðu, og það var alls ekki meining mín á neinn hátt. Hins vegar bað ég um skýringu á því, hvers vegna hæstv.

utanrrh. hefði ekki í svo mikilli ræðu á svo merkum vettvangi gert grein fyrir stefnuyfirlýsingu Alþ. og ríkisstjórnar í þessu þýðingarmikla máli. Sú skýring er fengin, hæstv. utanrrh. gaf hana. Hann taldi, að það hefði ekki verið vel til fallið að vekja máls á þessu — á stefnu Íslands í þessu máli — á þessum þjóðavettvangi. Það hefði ekki orðið til þess að vekja samúð með málstað Íslands að vekja athygli á stefnu Alþ. og ríkisstj., heldur hefði það þvert á móti, að mér skildist, getað orðið til þess að vekja upp óánægju og andúð á málstað Íslands í þessu efni.

Þessi skýring ráðh. á því, hvers vegna hann í sinni annars ágætu ræðu vék ekki að þessu málefni, er þannig fengin, og má segja, að hann hafi að því leyti gert hreint fyrir sínum dyrum. Ég álít það eðlilegt, að hann skuli nú hafa gert það og þar með skýrt Alþ. frá því, á hverju hann byggði svo mikilsverða ákvörðun, að ræða ekki eða minnast ekki sérstaklega á þetta mál á þessum vettvangi. Hitt er svo annað mál, hvort menn fallast á eða eru sammála þeim sjónarmiðum, sem þessi skýring hæstv. utanrrh. byggist á. Ég hef enga aðstöðu til að meta, hvað bezt á við á slíkum vettvangi sem þessum, og mér er það fullljóst, að þar verður að haga sér eftir aðstæðum á ýmsan hátt. En ég get þó ekki fallizt á það, að hér sé um að ræða neitt feimnismál, og ég held, að það sé ekki vænlegt fyrir framgang stefnu okkar í þessu máli, ef við teljum okkur ekki á alþjóðavettvangi geta talað tæpitungulaust um það, hver er okkar stefna og hver er okkar vilji í þessu efni. Það er enginn að tala um það, að hæstv. ráðh. hefði átt að fara að berja í borðið á þessum stað. En ég efast ekki um það, að hæstv. ráðh. hefði getað hagað orðum sínum um þetta efni á þann diplómatíska hátt, sem við á á þeim stað. En ég býst við því, að það verði seint, sem okkur verður færður heim sigur í þessu máli á einhverju silfurfati, án þess að við sjálfir berum fram stefnu okkar og vilja í því efni.

Það var vissulega ágætt hjá hæstv. ráðh. á þessu þingi að vekja athygli á fiskinum sem fæðutegund, og vissulega var það ágætt, að það skyldi vera samþ. á þessu allsherjarþingi ályktun um að rannsaka auðæfi hafsins og fiskstofnana, og það er ánægjulegt út af fyrir sig, að Íslendingur skuli hafa fengið sæti í þeirri n. Ég vil á engan hátt gera lítið úr þeirri samþykkt, sem þar var gerð. Hún getur e. t. v. og vonandi orðið undanfari einhverra friðunaraðgerða. En í því sambandi má þó minna á það, að þegar áður hefur verið gerð samþykkt á sjóréttarráðstefnunni í Genf 1958, 7. gr., þar sem það er sagt, að strandríki geti gert einhliða ráðstafanir um takmarkaðan tíma til verndar fiskstofnum á landgrunninu utan landhelgislínu. Þær ráðstafanir verða að vísu að vera reistar á vísindalegum niðurstöðum og þeirra verður að vera greinilega þörf og þær mega ekki skapa nein forréttindi til handa fiskimönnum strandríkis. Þessi samþykkt hefur, að því er ég bezt veit, verið fullgilt af nægilegum fjölda ríkja, þannig að hún er út af fyrir sig í gildi. Það er því til grundvöllur að vissu leyti fyrir friðunaraðgerð með þessum hætti. En því drep ég aðeins á þetta og tek þetta fram í sambandi við þessa samþykkt, sem allsherjarþingið gerði á sínu síðasta þingi um rannsókn á auðæfum hafsins og vernd fiskstofnanna, — ekki til þess á nokkurn hátt að gera lítið úr þeirri samþykkt, heldur þvert á móti, heldur aðeins til að undirstrika það, að þar er um allt annað mál að ræða en það, sem hér er um að tefla, — það, hvort landgrunnið eigi að tilheyra hlutaðeigandi ríki. Það eru alveg tvö mál, gerólík og má þess vegna ekki blanda þeim saman á neinn hátt. Samþykkt allsherjarþingsins leysir því ekki á neinn hátt þetta vandamál okkar, sem við erum að fjalla um, hvernig Ísland geti fengið fullan yfirráðarétt yfir landgrunninu. En þrátt fyrir það getur hins vegar þessi ályktun eða samþykkt, sem allsherjarþingið gerði, verið á allan hátt góðra gjalda verð og getur haft ýmislegan gagnlegan árangur.

Þá get ég ekki látið hjá líða að leiðrétta annan misskilning, sem mér virtist koma fram í ræðu hæstv. utanrrh., þegar þetta mál var rætt hér fyrir áramót. En hann var á þá lund, að hann lét að því liggja, að mér skildist, að ég hefði gert lítið úr Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingi. Þetta er fjarri öllum sanni og alger misskilningur, sem ég vil ekki láta ómótmælt, því að ég fór einmitt mjög miklum viðurkenningarorðum um Hans G. Andersen í ræðu minni og sagði þá og ég get sagt enn, að ég tel engan efa á því, að Hans G. Andersen er fróðastur allra íslenzkra manna um þessi efni, og ég efa það ekki, að af þeim mönnum, sem nú er völ á, sé hann færastur og hæfastur til þess að fjalla um þessi mál. Ég fæ þess vegna ekki með neinu móti skilið, að þetta sé hægt að leggja svo út, að ég hafi gert lítið úr honum. Hins vegar lýsti ég þeirri skoðun minni, að það hefði einmitt ekki verið úr vegi þrátt fyrir það, þó að allir séu sammála um ágæti þessa ágæta manns, að hafa samráð við aðra flokka og hafa samráð við utanrmn., áður en honum var falinn sá starfi, sem utanrrh. skýrði frá, að honum hefði verið fenginn. En mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið haft neitt samráð við stjórnarandstöðuna í því efni. Ég geri ekki ráð fyrir, að það hefði orðið neinn ágreiningur um þetta atriði. En ef menn vilja, að höfð sé samstaða í þessu máli, var eðlilegt, að atriði eins og þetta væri borið undir utanrmn. eða fulltrúa flokka. Hitt get ég ekki fallizt á, að það sé á neinn hátt gert lítið úr Hans G. Andersen, þó að ég legði það til eða benti á, að það gætu verið heppileg vinnubrögð í þessu máli að fá nú til unga menn eða ungan mann til þess að setja sig alveg sérstaklega inn í þessi mál og kynna sér þau alveg sérstaklega og gera þau að sínu viðfangsefni og lífsstarfi, því að það er nú svo, að það þarf mikið til til

þess að verða „átoritet“ í þessum efnum og „átoritet“ í þjóðarétti og það verða menn ekki og geta ekki orðið, nema þeir veljist til þess á ungum aldri og helgi sig þessu algerlega. Og þetta er svo mikið mál fyrir okkur, að ég held, að það væri ástæða til þess að sinna því með þeim hætti að fá ungan mann eða unga menn til þess að undirbúa sig alveg sérstaklega í þessum málum og reyna að ná þeirri stöðu í þeim að verða viðurkenndir kunnáttumenn, ekki aðeins hér og ekki aðeins kannske í næstu löndum, heldur meðal þjóða. Það er erfitt mark og það er ekki víst, að því yrði náð, þó að tilraun yrði gerð til þess, því að mér vitanlega er nú ekki hægt að tala um og hefur aldrei verið hægt að tala um t. d., að Norðurlandaþjóðirnar ættu neitt „átoritet“ í þjóðarétti á heimsmælikvarða.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vil aðeins segja það að lokum, að það getur að sjálfsögðu verið mismunandi trú á gagnsemi þessarar nefndarskipunar, sem fjallað er um í þessari þáltill. Við skulum láta það liggja milli hluta. En ég spyr aðeins: Hverju gæti slík nefndarskipun spillt í þessu máli? Ég geri ráð fyrir því, að þessi n. mundi starfa kauplaust, þannig að það ætti ekki að vera að stofna til neinna útgjalda fyrir ríkissjóð eða aukinna útgjalda í þessu sambandi. Hverju getur það þá spillt, að allir flokkar fái að vera með í því í byrjun og fylgist með því frá öndverðu, hvernig á máli þessu er haldið, hvernig stefnt er að því marki, sem við erum allir sammála um, að Ísland fái og eigi að fá viðurkenndan fullan yfirráðarétt yfir öllu landgrunninu? Ég get ekki séð, að stjórnarflokkunum sé nein hætta búin af slíkri nefndarskipun. N. er þannig saman sett, að þeir hafa fullt vald á málinu eftir sem áður í þessari n. Stjórnin og stjórnarflokkarnir og þeirra talsmenn segja stundum, að stjórnarandstæðingarnir snúist gegn öllum málum, sem stjórnin komi með, hvort sem góð eru eða hvernig sem þau eru úr garði gerð. En ég held, að það geti verið hollt fyrir hv. stjórnarmenn að íhuga það þá, hvernig þeir snúast við, stjórnarflokkamenn, þegar stjórnarandstaðan býður upp á samvinnu um mál, sem er ekki ómerkara en þetta mál, sem hér er um að ræða.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Fyrst aðeins nokkur orð um það, sem var tilefni til þess, að ég fór að ræða málið hér á ný, þ. e. a. s. fundargerð utanrmn. frá 1964.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hér var að ljúka máli sínu, taldi, að sú staðhæfing, sem kemur fram í fundargerð n., sé ekki nægilega rökstudd, og ég skal ekki fara út í að ræða það frekar. En það, sem fyrir mér vakti, var aðeins að sanna það, að ég hafði sagt rétt frá, — það er ekkert annað, sem fyrir mér vakti, — að fyrrv. utanrrh. hefði virkilega lýst þessu yfir um stjórnarandstöðuna í n., og ástæðan til þess, að hann skýrði ekki n. frá trúnaðarmálum, væri þessi, sem ég greindi frá. Og það tel ég að komi alveg skýrt og greinilega fram í fundargerðinni.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að þeim efnisatriðum, sem hv. síðasti ræðumaður hér, hv. 3. þm. Norðurl. v., minntist á. Hann taldi og var mér sammála um það, að mjög æskilegt væri, að meðferð þessa máls, þessa þýðingarmikla og kannske þýðingarmesta máls okkar, landhelgismálsins, væri ópólitísk, og ég er því fyllilega samþykkur. En þá er spurningin, hvaða hátt á að hafa, til þess að þessi málsmeðferð geti komið til framkvæmda. Till., sem hér liggur fyrir til umr., er um að kjósa 7 manna n. hlutfallskosningu til þess, eins og í till. stendur. „að vinna ásamt ríkisstj. að því að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins, svo sem stefnt var að með l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, sbr. ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 og yfirlýsingu ríkisstj. í auglýsingu nr. 4 frá 1961.“ Þetta er lofsverður tilgangur, og sjálfsagt finnst mér að taka undir hann. En það, sem var ástæðan til þess, að ég taldi það ekki beinlínis nauðsynlegt að kjósa þessa n., er það, að ef samstarf tekst við utanrmn., höfum við þar nákvæmlega sömu n. sem hér er stungið upp á. Og það vona ég, að geti komið til. Við höfum 7 manna n. Það eru 7 menn, sem ganga saman í utanrmn. og ræða þar saman. Þar eru allir flokkar, og þeir eru þar í sömu hlutföllum og mundi verða í nýrri 7 manna n., þannig að ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að ætla, að þessi 7 manna n. mundi vinna nokkuð meira en utanrmn. getur gert, ef á annað borð tekst gott samstarf á milli hennar og ríkisstj., sem ég vil vona. Og ef ekki tekst gott samstarf á milli ríkisstj. og utanrmn., er ekki heldur að búast við, að það verði neitt sérstaklega gott samstarf á milli þessarar nýju 7 manna n. og ríkisstj., þannig að mér sýnist það alveg koma út á eitt, hvort þessi 7 manna n. verður kjörin og henni fengin málin til meðferðar eða utanrmn.

Þá minntist hv. síðasti ræðumaður á þá ræðu, sem ég hafði flutt á þingi Sameinuðu þjóðanna, og endurtók það, sem hann sagði hér fyrir jólin, að ég hefði átt að leggja meiri áherzlu á kröfu Íslendinga til landgrunnsins. Nú vil ég í fyrsta lagi benda á, að þessar umr., sem ég tók þátt í, voru almennar umræður eða eldhúsdagsumræður, það voru ekki umr. um sérstakt mál, heldur almennar pólitískar umr., og þess vegna meiri ástæða til að tala um málið almennt, en taka upp sérstök mál til meðferðar þar. En það, sem fyrir mér vakti við þá umr., var að undirstrika þá almennu þýðingu á því, að fiskstofnarnir yrðu varðveittir, og hvaða þýðingu það hefði, sérstaklega fyrir þær mörgu nýju þjóðir, sem voru orðnar meðlimir Sameinuðu þjóðanna, sem eru í fisksvelti, sem eru í prótein-svelti og ég held, að það hafi haft nokkra þýðingu, a. m. k. varð ég nokkuð var við það. Og ef hægt er að gera þessar þjóðir „interessaðar“ í því, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til

verndunar fiskstofnanna, er mikið unnið. Og það var það, sem ég lagði áherzlu á í þeim orðum, sem ég fór um þetta fyrir jólin, og ég taldi þetta ekki óheppileg vinnubrögð á fyrsta stigi málsins. Á öðru stigi málsins, þegar till. kom frá annarri n. þingsins um kosningu n. til að rannsaka auðæfi hafsins og á hvern hátt þau yrðu varðveitt og komið í veg fyrir eyðileggingu þeirra, tók fulltrúi okkar til máls og tók einmitt þetta atriði til greina um afstöðu okkar til landhelgismálsins, og ég held, að það sé gagnlegt til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að ég lesi það, sem hann sagði þar. Það er svo, með leyfi forseta, — hann er búinn að halda þó nokkurn ræðustúf áður, en segir svo, — þá var einmitt til umræðu þetta, hvort ætti að kjósa nefnd til rannsóknar og varðveizlu á auðæfum hafsins, og hann segir:

„Allir, sem hér eru, vita, að ráðstefnurnar í Genf árin 1958 og 1960 gerðu sér fyllilega grein fyrir forgangsrétti strandríkis á sviði fiskveiða og verndarráðstafana. Það mál er ekki hér til umræðu að þessu sinni. En sendinefnd Íslands vill leggja áherzlu á það, að ráðstafanir af hálfu strandríkisins beri að taka með í yfirliti því, sem ráðgert er. Að öðrum kosti mundi yfirlitið verða algerlega óraunhæft. Að því er Ísland varðar, er það grundvallaratriði í stefnu ríkisstj. að halda áfram að vinna að þessum málum á grundvelli laganna um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, þ. e. innan þess svæðis, sem nokkurn veginn svarar til landgrunnsins. Af Íslands hálfu hefur með hlýjum hug verið metinn hinn vaxandi skilningur á þessari nauðsyn að því er Ísland varðar og einnig að því er tekur til annarra landa, þar sem ný löggjöf varðandi fiskveiðitakmörk hefur verið sett eða er í undirbúningi. Á Íslandi samþykkti Alþingi ályktun árið 1959 þess efnis, að ríkisstjórn Íslands mundi gera allt, sem í hennar valdi stæði, til að afla viðurkenningar annarra þjóða á nauðsyn þess að framkvæma landgrunnslögin. Rétt og nauðsynleg framkvæmd þeirra laga byggist á þróun þjóðaréttar. Við vonum, að hin nýju ríki taki þátt í þeirri þróunarviðleitni og vissulega standi þar fremst í flokki."

Ég þarf ekki að lesa meira en þetta, til þess að hv. 3. þm. Norðurl. v. sannfærist um, að það hafi ekki verið óheppileg vinnubrögð að ræða málið fyrst almennt og gera grein fyrir, hvað í húfi var fyrir heimsbyggðina bókstaflega alla, ef fiskstofnarnir minnkuðu og drægjust saman, og síðan, þegar málið var að koma úr annarri nefndinni og till. um nefndarkosninguna, væri gerð sérstök grein fyrir áhugamálum Íslands og hvernig Íslendingar hugsuðu sér að reka málin. Það má náttúrlega sí og æ deila um það, hvað sé heppileg aðferð, hvað sé heppilegur málflutningur í þessu efni. En ég held, að þessi málflutningur, sem við höfðum uppi hjá Sameinuðu þjóðunum í haust sem leið, hafi ekki verið óheppilegur, og alveg sérstaklega sá árangur, sem náðist, þegar nefndin í fyrsta lagi gat komið rannsókn á fiskstofnunum inn í verkefni þessarar rannsóknarnefndar, og síðan, að við gátum fengið Íslending í nefndina, Íslending, sem er mjög mikið „átoritet" á sínu sviði, þá held ég, að málunum hafi verið þokað eins vel áfram á þessum vettvangi og þá var mögulegt.

Það var, þegar við töluðum áður um landhelgismálið, viðurkennt, að það gæti tekið tíma og það gæti tekið langan tíma að koma þessu máli í framkvæmd. Það verðum við að gera okkur ljóst, og það er líka viðurkennt af öllum. En ég held, að þessi byrjun, sem komst af stað núna hjá Sameinuðu þjóðunum, sé gagnleg og miði verulega í rétta átt. Sameinuðu þjóðirnar eru að mínu viti alveg ákjósanlegur vettvangur til þess að taka þetta mál upp, eins og reyndist áður, með sinni meðhöndlun í laganefndinni, alþjóðalaganefndinni, og á þeim fiskveiðiráðstefnum, sem um þetta mál voru haldnar, svo að ég held, að Sameinuðu þjóðirnar séu örugglega sá vettvangur, sem við eigum að halda okkur að, a. m. k. fyrst í stað og raunar framvegis líka, af því að það, sem gildir í þessu máli, er að fá alþjóðlega viðurkenningu á því, að það þurfi fiskstofnanna vegna að vernda landgrunnið. Það er ekki nóg að segja, eins og hv. síðasti ræðumaður kom nú nokkuð inn á, að ég hefði sagt áður, það er ekki nóg að koma og segja: Ég vil eigna mér þetta hafsvæði, sem er yfir landgrunninu, og allt, sem í því er. — Hitt er að mínu viti miklu vænlegra til árangurs, ef við getum komið og sýnt fram á, að það sé fræðileg nauðsyn — og meira en fræðileg, það sé raunveruleg nauðsyn til þess, að fiskstofnarnir verði varðveittir, og það verði ekki gert nema með því að færa landhelgina út.

Hv. þm. vildi gera greinarmun á þessu tvennu, á verndun fiskstofnanna og yfirráðum yfir landgrunninu, og sagði raunar eitthvað á þá leið, að þetta væru tvö aðgreind mál, sem mér skildist að hann vildi halda fram að væru nánast óskyld. En það álít ég, að sé mikill misskilningur, því að ég álít, að rakanna fyrir því, að við fáum yfirráðin yfir landgrunninu og fáum okkar fiskveiðilandhelgi færða út, þeirra raka sé fyrst og fremst að vænta frá þeim líffræðilegu rannsóknum, sem fram hafa farið og fara enn á fiskstofnunum og þeim möguleikum, sem séu til þess að viðhalda þeim. Þess vegna held ég, að það sé alveg óvefengjanlegt, að þessi tvö mál séu skyld og að annað málið styðji hitt eða að þau styðji hvort annað gagnkvæmt.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, í öllum aðalatriðum erum við, skilst mér, sammála. Það getur verið einhver blæmunur á því, hvaða aðferð er höfð, en ég er á því, að sú aðferð, sem við höfum enn þá haft uppi í þessu máli, sé heppileg, og að mínu viti líklegust til að bera árangur. Það hefur nú á örstuttum tíma tekizt að fá 12 mílna landhelgina viðurkennda um — ég vil segja allan heim og af öllum þeim, sem um þessi mál

fjalla. Hins vegar koma svo lönd í Suður-Ameríku með ótrúlega landhelgi fyrir utan sín lönd, en á því tekur enginn mark, og þess vegna held ég, að sú undirbygging, sem við þurfum að hafa, sé einmitt sú undirbygging, sem fæst í starfi þessarar n., sem kosin var til að rannsaka og tryggja verndun auðæfa hafsins.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en ég vík að því atriði, sem varð þess sérstaklega valdandi, að ég kvaddi mér hljóðs, finnst mér rétt að segja örfá orð um það mál, sem hér liggur fyrir, en þó ekki beint um það. En það, sem ég vildi um það segja, er í stuttu máli, að ég dreg í efa, að við fáum nokkru um þokað í landhelgismálinu, fyrr en við erum búnir að losa okkur undan því oki, sem á okkur var lagt með brezka landhelgissamningnum 1961. Alveg eins og við þurftum að segja upp brezka landhelgissamningnum frá 1901 til þess að gera þær útfærslur, sem farið var í 1954 og 1958, óttast ég, að það verði reyndin, að nýjar útfærslur á fiskveiðilandhelgi Íslands geti ekki átt sér stað, fyrr en við erum búnir að leysa okkur undan oki þessa nýja samnings. Að vísu er svo háttað um þann samning, ólíkt öllum öðrum samningum, sem Ísland hefur gert, að í honum er ekkert uppsagnarákvæði. Hins vegar má mikið vera, hvort það getur ekki verið okkur til stuðnings í þeim efnum, að í sambandi við stofnun Sameinuðu þjóðanna var sú hefð sköpuð, að ef í samningi er ekkert, sem bannar uppsögn hans, eða leyfir uppsögn hans, sé hún eigi að síður leyfileg. Í sáttmála Sam. þj. eru engin ákvæði um það, sem leyfa ríki að ganga úr Sameinuðu þj., en hins vegar var sú lagaskýring veitt á þessu ákvæði í sérstakri n., sem um málið fjallaði, að úrganga úr Sameinuðu þjóðunum ætti að teljast heimil undir vissum kringumstæðum, vegna þess að það væri ekkert ákvæði í sáttmálanum, sem bannaði úrgöngu úr Sameinuðu þjóðunum, þó að hún væri ekki heldur leyfð. Og það má mikið vera, hvort þetta ákvæði eða það fordæmi, sem hér var skapað, getur ekki síðar orðið okkur að gagni til þess að losa okkur undan oki brezka landhelgissamningsins. En það er atriði, sem ég álít, að mjög eigi að koma til greina í sambandi við meðferð þessara mála, hvernig við getum losnað við brezka landhelgissamninginn frá 1961, því að ég óttast það, eins og ég áðan sagði, að hann reynist það helsi á okkur, að það verði lítið um aðgerðir í landhelgismálunum, fyrr en við höfum losnað við hann.

Ég ætla þá að víkja sérstaklega að því atriði, sem gaf mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs, en það var sú ásökun fyrrv. utanrrh., að utanrmn. hafi í tíð hans gert sig seka um trúnaðarbrot.

Mér þótti vænt um það, að hæstv. núv. utanrrh. vildi ekki á neinn hátt gera þessi ummæli fyrrv. utanrrh. að sínum orðum, heldur vitnaði eingöngu í það, sem hann hafði sagt í utanrmn. fyrir nokkrum árum og þá var mótmælt af mér og fleiri nm.

Það er vitanlega mesti misskilningur, að það sé bannað að segja frá öllu því, sem gerist í utanrmn. Sú regla hefur aldrei gilt og sú regla gildir ekki heldur um slíkar n., sem ég þekki til. Það gerist fjöldamargt í störfum utanrmn. sem er þannig vaxið, að það er ekkert óeðlilegt og ekkert, sem bannar það, að frá því sé sagt. Það eitt, sem óeðlilegt og rangt er að sagt sé frá í störfum utanrmn., er það, sem ráðh. eða einhver einstakur nm. kann að óska eftir að farið sé með sérstaklega sem trúnaðarmál. Og ég vil fullyrða það, að a. m. k. á þeim tíma, sem ég átti sæti í utanrmn. í tíð fyrrv. utanrrh., hafi nm. ekki gert sig brotlega um það atriði að segja frá einhverju því, sem ráðh. eða einhver annar í n. hefur óskað eftir að væri farið með sem trúnaðarmál. Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt um þetta atriði, að ég álít það rangt og ósatt hjá fyrrv. utanrrh., að þetta hafi átt sér stað.

Í sjónvarpsviðtali, sem blaðamenn áttu við núv. hæstv. utanrrh. fyrir nokkrum kvöldum, vék hann að því, að því er mér heyrðist, að það mundi hafa verið sérstaklega á árunum 1960 og 1961, sem trúnaðarbrot hefðu átt sér stað í utanrmn. skv. frásögn fyrrv. utanrrh. Mér finnst rétt í tilefni af því að rifja upp í örstuttu máli það, sem gerðist á fundum utanrmn. á þessum starfstíma hennar. Þetta er á árunum 1960 og 1961, — var það ekki rétt? — það, sem ráðh. sagði í sjónvarpsviðtalinu, var 1960 og 1961. Ég vil þá fyrst skýra frá þeim fundum, sem haldnir voru í utanrmn. á árinu 1960.

Fyrsti fundurinn í utanrmn. á því ári er haldinn 14. marz 1960. Hann er haldinn í tilefni af því, að hér er þá stödd n. frá þjóðfrelsishreyfingu Nýasalands, sem sneri sér til ríkisstj. og stjórnmálaflokkanna með tilmælum um það, að Ísland kærði Breta fyrir brot á mannréttindasáttmála Evrópu, vegna þess að dr. Banda og fleiri forustumenn þessara samtaka hefðu verið hnepptir í fangelsi, að því er þeir töldu alveg ranglega. Í mínum flokki var samþykkt að verða við þessari beiðni frá þjóðfrelsishreyfingu Nýasalands, og þess vegna óskuðum við, fulltrúar flokksins í utanrmn., eftir því, að það yrði haldinn sérstakur fundur um málið. Og það gerðist ekki annað en það, að utanrrh. taldi, að nauðsynlegt væri að afla frekari gagna um málið, áður en nokkuð frekara væri gert, og fundinum lauk með þeirri niðurstöðu. Ég get ekki séð, að hér hafi verið neitt trúnaðarmál á ferðinni, og áreiðanlegt, að utanrrh. þáv. óskaði ekki neitt eftir því, að það, sem hann sagði um þetta mál, væri meðhöndlað eins og um trúnaðarmál væri að ræða.

Annar fundur í utanrmn. á árinu 1960 er svo haldinn 8. apríl að ósk fulltrúa Alþb. í n., Finnboga R. Valdimarssonar. Og tilefnið var það, að hann er að óska eftir upplýsingum um ýmsa málsmeðferð af Íslands hálfu í sam-

bandi við fiskveiðiráðstefnuna, sem þá stóð fyrir dyrum að halda í Genf eða kannske verið hafin þá. Sá ráðh., sem mætti á þessum fundi og varð fyrir svörum af hálfu ríkisstj., var hæstv. núv. utanrrh., vegna þess að Guðmundur Í. Guðmundsson var þá staddur erlendis. Og ég minnist þess ekki, — og ráðh. getur þá gert grein fyrir því, ef svo er, — ég minnist þess ekki, að það hafi á þeim fundi verið gefnar neinar þær upplýsingar, sem hægt hafi verið að telja beinlínis trúnaðarmál eða ráðh. hafi óskað eftir að væri farið með sem trúnaðarmál.

Næsti fundur í n., sá þriðji á árinu, er haldinn 22. apríl í tilefni af því, að ég hafði borið fram ósk um það, að hann yrði haldinn. Tilefnið var það, að forsrh. hafði þá farið snögglega til London. Þetta var á þeim tíma, þegar Genfarráðstefnan stóð yfir, og mönnum þótti þetta ferðalag hans kannske grunsamlegt og gæti staðið í sambandi við það, að hann ætti í sérstökum samningum við brezku stjórnina, og það var það, sem ég spurði um á þessum fundi. Á þeim fundi varð hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, fyrir svörum og kvað sig geta upplýst það, að forsrh. hefði farið í þetta ferðalag eingöngu í einkaerindum. Frá þessu var að sjálfsögðu sagt á eftir, en ég held, að enginn hafi þá litið svo á, að það væri neitt sérstakt trúnaðarmál eða trúnaðarbrot, þó að það væri upplýst, sem hafði komið fram á þessum fundi, að ríkisstj. teldi, að forsrh. hefði farið til London í einkaerindum.

Fjórði fundur í n. á þessu ári er haldinn 25. apríl til þess að ræða um þróun framvindu mála á Genfarráðstefnunni, og það var hæstv. núv. utanrrh., sem gaf þá skýrslu af hálfu ríkissstj. vegna fjarveru Guðmundar Í. Guðmundssonar. Reyndar tók hann það strax fram, að það væru engar nýjar upplýsingar, sem hann gæti gefið á þessum fundi, því að áður en hann var haldinn, sama dag, hafi verið gefin skýrsla af ríkisstj. hálfu um málið á opnum fundi í Sþ., og þar taldi hann að hefðu komið fram allar þær upplýsingar, sem einhverju máli skiptu.

Fimmti fundurinn í utanrmn. á þessu ári er haldinn 18. maí, en það er til þess að ræða um þingmál, eða þáltill., sem ég og nokkrir aðrir þm. höfðum flutt um endurskoðun á skipan utanríkisþjónustunnar. Að sjálfsögðu kom ekki neitt fram í sambandi við það efni, sem ætti að telja til trúnaðarmála.

Sjötti fundur n. á þessu ári er haldinn 13. júlí um sumarið að beiðni Hermanns Jónassonar, og er tilefnið það, að brezkir togarar höfðu gert sig seka um margvíslegan yfirgang á fiskimiðunum, m. a. oft og tíðum innan fiskveiðimarkanna nýju, og mörgum þótti, að stjórnin stæði sig allslælega í þessum viðskiptum við brezku togarana og gerði lítið að því að halda uppi rétti landhelgisgæzlunnar í skiptum sínum við þessa landhelgisbrjóta. Fundurinn var haldinn til þess að krefjast þess, að ríkisstj. gengi röggsamlegar fram í þessum málum en átt hefði sér stað að undanförnu. Ég held, að hæstv. dómsmrh. þáv., núv. forsrh., hann mætti líka á þessum fundi, og ég held, að í svörum þeirra við þessum ásökunum hafi lítið eða ekkert komið fram, sem hægt er að kalla trúnaðarmál, og áreiðanlega óskuðu þeir ekki heldur eftir því, að það væri farið með það á þann veg. Það bar á góma á þessum fundi fsp. um það, hvort ríkisstj. hugsaði sér að hefja nokkra samninga við Breta um landhelgismálið, vegna þess að þá gekk orðrómur um það. Þáv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, gaf um þetta mjög ákveðna yfirlýsingu, sem hann óskaði ekki á neinn hátt eftir að væri farið með sem trúnaðarmál, en mér finnst rétt sögulega séð að greina frá henni hér, vegna þess að það var líka sagt opinberlega frá henni þá, en kannske ekki eins ýtarlega, en samkv. bókun utanrmn. fórust ráðh. orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá tók ráðh. fram, að engar samningaviðræður hefðu farið fram milli ríkisstj. Bretlands og Íslands um þessi mál. Hins vegar hefði það oft komið fram hjá Bretum, að þeir legðu áherzlu á að taka upp viðræður við Íslendinga um málið. Afstaða ríkisstj. væri sú sama og fyrri ríkisstj., að hafna tilmælum Breta um samningaviðræður, þar eð ekkert væri við Breta að semja um víðáttu fiskveiðilandhelgi við Ísland."

Sem sagt, á þessum fundi var þarna af hálfu utanrrh. gefin sú skelegga yfirlýsing, að öllum samningaviðræðum við Breta hefði verið hafnað og mundi að sjálfsögðu verða hafnað, því að það væri ekkert við Breta að tala af Íslands hálfu um víðáttu fiskveiðilandhelgi við Ísland. Það gerðist svo tæpum mánuði síðar, eða 10. ágúst, að haldinn er 7. fundurinn í utanrmn., og þá var til hans boðað af utanrrh. og tilefnið að tilkynna það, að íslenzka ríkisstj. hefði fallizt á að hefja samningaviðræður við Breta um landhelgismálið. Það var ekki óskað eftir því, að með þessa tilkynningu væri farið sem neitt trúnaðarmál, enda voru blöðin búin að fá tilkynningu um, að þessar viðræður ættu að hefjast, voru búin að fá tilkynningu um það, áður en fundurinn var haldinn í utanrmn. Þetta eru allir fundirnir, sem haldnir voru í n. á þessu ári. Og þá vík ég að þeim fundum, sem haldnir voru í n. árið 1961. Fyrsti fundurinn í n. það ár er haldinn 27. jan., og hann er eingöngu haldinn til þess að kjósa n. formann, og það var vitanlega ekki neitt trúnaðarmál.

3. marz er svo haldinn annar fundur í n. á árinu, og hann er haldinn eingöngu til þess að fjalla um brezka landhelgissamninginn, sem þá lá fyrir Alþ. til samþykktar, og að sjálfsögðu var fjallað um hann í n. eins og hverja aðra þáltill. eða lagafrv., sem fyrir liggja á Alþ., og ekkert kom fram í þeim umr., sem hægt er að telja trúnaðarmál eða óskað var eftir, að væri farið með sem trúnaðarmál.

3. fundurinn í n. á þessu ári, 1961, er haldinn 26. apríl, og er efni hans að ræða um hand-

ritamálið við Dani, og þar er það menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sem skýrir frá gangi þess af hálfu ríkisstj., og hefur engin ádeila komið frá honum um það, að trúnaðarbrot hafi átt sér stað í sambandi við þann fund.

4. fundur n. á þessu ári er haldinn 2. júní og er haldinn að frumkvæði viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, til að gefa skýrslu um markaðsbandalögin, Efnahagsbandalagið og EFTA, og hefur ekkert komið fram um það, að í sambandi við þann fund hafi neitt trúnaðarbrot átt sér stað, enda hygg ég, að ekki hafi verið þar skýrt frá neinu, sem hægt hafi verið að færa undir sérstök trúnaðarmál.

5. fundur í n. á þessu ári er svo haldinn 15. júlí að ósk utanrrh. til þess að gera grein fyrir því, að hafnar séu viðræður við Vestur-Þjóðverja um svipaðan landhelgissamning og búið sé að gera við Breta og það séu einnig hafnar viðræður eða hugsanlegt, að hafnar verði viðræður við Færeyinga í tilefni af ósk þeirra að mega stunda handfæraveiðar innan íslenzku fiskveiðilandhelginnar.

6. fundur n. á þessu ári er svo haldinn fáum dögum seinna, eða 25. júlí, og hann er eingöngu haldinn til þess að ræða um þessi tilmæli Færeyinga um handfæraveiðar innan fiskveiðilandhelginnar. Ég var að vísu ekki á þessum tveimur fundum, en mér sýnist það á fundargerðum utanrmn., að ótrúlegt sé, að nokkuð hafi komið fram á þeim, sem ætti að færa undir trúnaðarmál.

7. fundurinn á árinu í n. er svo haldinn 27. okt., eingöngu til þess að kjósa n. formann.

Síðasti fundurinn er svo haldinn 30. nóv. þetta ár og er haldinn til þess að ræða um þál. um staðfestingu á þýzka landhelgissamningnum, sem ríkisstj. hafði þá undirritað við Vestur-Þjóðverja, og þar kom að sjálfsögðu ekkert fram, sem hægt var að færa undir trúnaðarmál, því að það var fjallað um þessa till. eins og venjulegt þingmál.

Þetta er allt það, sem hefur gerzt í utanrmn. á þessum tveimur árum, og ég fullyrði það alveg hiklaust, a. m. k. á öllum þeim fundum sem ég var staddur á, að það hafi ekki verið óskað eftir af hálfu ríkisstj., að farið væri með nokkurt atriði, sem hún bar fram, eða upplýsingar, sem hún gaf, sem neitt sérstakt trúnaðarmál. Og ég held ekki, a. m. k. kemur ekki annað fram í fundargerðabókum utanrmn., að nokkurt atriði eða nokkrar upplýsingar hafi þar verið gefnar, sem megi færa undir það, að um trúnaðarmál sé að ræða. Ég tel samkv. þessu og öðru, sem ég hef sagt um þetta mál, að sú fullyrðing hæstv. fyrrv. utanrrh., að nm. í utanrmn. hafi gert sig seka um trúnaðarbrot í hans stjórnartíð, sé með öllu röng og það sé ósatt hjá honum, sem hann segir um þessi efni. En mér finnst hins vegar rétt, að hér sé ekki látin standa fullyrðing á móti fullyrðingu, vegna þess að hér er um alvarlega ásökun að ræða, og þess vegna hef ég ákveðið það í samráði við flokksbróður minn, sem á sæti í utanrmn., að það verði óskað eftir því, að samkv. stjórnarskránni verði skipuð sérstök rannsóknarnefnd til þess að rannsaka þá ákæru á hendur nm. í utanrmn., sem fyrrv. utanrrh. hefur borið fram. Og ég vil vænta þess, að sú till. fái góðar undirtektir, þegar hún kemur fram, því að það hljóta allir að sjá, að hér er um svo stóra ásökun að ræða á hendur þeim, sem fyrir henni verða, að það er sjálfsagt, að þetta mál verði upplýst til hlítar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. vék hér nokkrum orðum að okkur í Alþb. og fulltrúum okkar í utanrmn. og vitnaði líka nokkuð í það, sem ég hafði sagt á einum fundi. Mér skilst á hæstv. utanrrh., að hann vilji gjarnan taka upp eðlilegt samstarf, eins og vera ber lögum samkv., af hálfu utanrrh. við utanrmn., en það standi eins og kökkur í hálsi hans, að fyrrv. utanrrh. hafi, eins og hann nú hefur vitnað í, sagt vissa hluti 1964, og ég skil það vel, að hæstv. núv. utanrrh. á bágt með annað en trúa þeim utanrrh., sem áður var. En það, sem ég er hræddur um að komi í ljós, eins og hv. 5. þm. Reykv. nú þegar hefur nokkuð rakið, er, að það, sem fyrrv. utanrrh. hefur sagt í þessum efnum, hafi ekki við staðreyndir að styðjast. Ég mundi skýra þetta þannig sálfræðilega, að árið 1964 hafi hæstv. fyrrv. utanrrh. verið orðinn svo taugaveiklaður út af alls konar meðferð á utanríkismálum, að hann hafi verið farinn að ímynda sér það og þyrfti þess vegna að fá einhverjar átyllur til þess að þurfa helzt ekki að hafa með utanrmn. að gera og hafi þess vegna slengt þessu fram. Hann segir það beinlínis, að fyrir nokkrum árum hafi stjórnarandstaðan tekið upp þau vinnubrögð í utanrmn. að bregðast trúnaði. Það er náttúrlega alveg gefið mál, að svo framarlega sem þetta hefði gerzt, hefði utanrrh. þá, þ. e. fyrir nokkrum árum, sem mun líklega eiga við árin 1960, 1961 eða frá 1959—1961, meðan landhelgismálin voru mest á dagskrá, því að það er vitnað í þau seinna, þá hefði hann auðvitað komið fram með þetta þá strax. Við skulum segja, að blað eins og Þjóðviljinn eða kannske blað eins og Tíminn hefði skýrt frá einhverju, sem hann hefði beðið fyrir sem trúnaðarmál, þá hefði utanrrh. náttúrlega komið fram með það undireins á þinginu og tilkynnt: Nú hafa þessi blöð brotið trúnaðarheit, nú get ég ekki haft svona samstöðu með utanrmn. — Það gerir hann ekki, heldur kemur hann nokkrum árum seinna, sem sé 1964, og fer þá að afsaka sig með þessu.

Hvernig hefur þetta raunverulega verið? Hér er búið að rekja nokkuð af hv. 5. þm. Reykv. einstök mál í þessum efnum. Sannleikurinn er sá, að fyrrv. utanrrh. vildi helzt aldrei hafa neitt með þn. að gera í þessum efnum, hann vildi sniðganga þingið að öllu leyti, og hann vildi hafa utanríkismálin sem sín einkamál svo að segja, og í hve ríkum mæli þetta var, skal ég færa nokkrar sönnur á.

Núna stendur svo í l., þ. e. í lögum um utanríkismálanefnd, eins og þau eru núna 1965: „Utanrmn. starfar einnig milli þinga, og skal rn. ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga". Þarna er alveg ótvíræð lagaskylda, sem ekki verður undan skorazt, nema eitthvað sérstakt liggi við, og skal rn. ávallt bera undir hana utanríkismál, líka á milli þinga. Það er bein fyrirskipun í l., svo að allt annað er lögbrot. En svona var þetta í gamla daga líka, en eftir 1953 var þingsköpunum nokkuð breytt. Eftir hernámið 1951 var þingsköpunum breytt og það var þá gert vafalaust með tilliti til þingflokks Sósfl., af því að hann átti fulltrúa í utanrmn., að þáverandi hernámsflokkar vildu ekki hafa hann í þeirri n. Þá hljóðaði ákvæðið um utanrmn. svona:

„Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. Utanrmn. kýs úr sínum hópi með hlutfallskosningu 3 menn til ráðuneytis ríkisstj. um utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir þá slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma."

Þetta var þessi svonefnda leyninefnd, sem átti að vera leyninefnd hernámsflokkanna og átti að geta fjallað sérstaklega um þau mál, sem snertu hernaðarleyndarmál eða eitthvað, sem við kom Íslandi vegna hernámsins. Ég hef tvívegis staðhæft það hér áður og því hefur ekki verið mótmælt, að þessi n. hafi aldrei verið kölluð saman, þessi undirnefnd hafi aldrei verið kölluð saman. Hvað sýnir það? Það sýnir, að utanrrh. á þessu skeiði og meiri hl. þess tímabils, sem um er að ræða, þ. e. frá 1956, er Guðmundur Í. Guðmundsson varð utanrrh., hefur hann ekki kært sig um að hafa neitt samband við kjörna fulltrúa Alþ., hve örugglega sem þar væri gengið frá því, að þeir menn væru honum sammála, í veigamiklum pólitískum málum. Hann hefur ekki viljað hafa neitt samneyti við þingkjörna nefnd í þessum efnum, ekki heldur þó að í gegnum alls konar krúsidúllur væri búið að útiloka þá menn, sem voru á annarri skoðun en hann. Það er alveg greinilegt, að það, sem þarna hefur verið um að ræða, er mótvilji þáv. utanrrh. að hafa nokkurt samband við þingkjörna n. Hann hefur viljað ganga fram hjá þessum n., og síðan 1964 fer hann að nota þetta sem átyllu, og þegar hæstv. núv. utanrrh. tekur við, segir hann þetta við hann. Þetta er orðið ástand, sem er alveg óþolandi. Utanrmn. var ekki svona áður fyrr. Frá 1942 var utanrmn. með mikilvirkustu n. Alþ. Þegar þetta kom fyrir 1964, — ég var mættur á þeim fundi, ég var þá víst orðinn aðalmaður frá hálfu Alþb. í utanrmn., og hæstv. ráðh. las upp fyrri partinn af því, sem ég hafði sagt, — ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það allt:

„Einar Olgeirsson sagði, að öll blöð reyndu að fá fréttir eftir þeim aðferðum, sem þeim væri mögulegt, og diplómatíið hefði þá ekki aðrar aðferðir en að dementera, en slíkt væri raunar oftast staðfesting á því, að fréttirnar í blöðunum væru réttar. Honum fannst það óþolandi ástand, að utanrmn. gæti ekki rætt þýðingarmikil mál í trúnaði. Áður fyrr hefði þetta alltaf verið gert, en svo hefði viðhorfið breytzt. Nú væri nauðsynlegt að innleiða á ný, að hægt væri að ræða þýðingarmikil mál í n. Hann vildi mjög gjarnan taka þetta mál til nánari meðferðar."

Ég undirstrikaði þarna, að þetta væri alveg ófært, að utanrmn. væri sett í þessa aðstöðu, sem þáv. utanrrh. hafði bæði sett hana í og undirn. hennar, sem sé að sniðganga Alþ. og sniðganga n. Alþingis. Hins vegar viðvíkjandi því, hvað kæmi í blöðum, er það vel upplýst, hvernig þau mál hafa legið fyrir 1960—1961, eftir því sem hv. 5. þm. Reykv. hefur upplýst hér úr fundargerðum utanrmn. Hitt aftur á móti er alveg vitað mál, að öll blöð reyna alltaf að fá upplýsingar um það, sem er að gerast í alls konar n. og líka bak við tjöldin. Og ég get sagt alveg hreinskilnislega, ég hef líka um skeið verið ritstjóri Þjóðviljans og líka. þegar við höfum ekki átt neina menn í utanrmn. Það hefur verið venjulega þægilegast fyrir okkur að geta sagt frá málunum, þegar okkur hefur ekki verið trúað fyrir neinu í trúnaði. Ef okkur hafði verið trúað fyrir einhverju, vorum við bundnir. En hitt gat maður verið nokkurn veginn öruggur um, að væru einhver leyndarmál á döfinni og maður kæmi hvergi þar nærri, síuðust þau þannig út, að maður næði þeim í snakkinu hér í bænum eftir nokkra daga, í hæsta lagi 1—2 vikur. Og það hefur líka sýnt sig. Þess vegna held ég og ég ætla nú, að hæstv. ríkisstj. hafi tekið upp á því, t. d. í sambandi við alúmínmálið, að hafa miklu heldur þann hátt á, að vigja stjórnarandstöðuna inn í málið, láta hana fylgjast með því. Hitt er vitað, að hér er það svo, að menn komast alltaf í þessa hluti. Ég skal bara minna á t. d., þegar Framsókn og Alþfl. voru hér í ríkisstj. 1935, þá var gerður samningur, sem átti að vera mikill leynisamningur, við Þýzkaland. Við birtum þennan samning þá í Verkalýðsblaðinu. Við náðum honum orðréttum. Við vorum ekki á þingi og höfðum enga aðstöðu, en við birtum samninginn orðréttan í Verkalýðsblaðinu nokkru seinna. Blöð reyna að ná í svona hluti. Það hefði verið erfitt, ef við hefðum átt sæti í utanrmn. og samningurinn hefði verið lagður fyrir sem trúnaðarmál, þá hefði maður ekki getað gert það. En með því að vera utan við var þetta sem sé hægt. Ég vil þess vegna taka fram, að það dugir ekki, þó að einn utanrrh., eins og fyrrv. utanrrh., sé eitthvað „irriteraður" yfir því, að blöð í landinu reyni að ná sér í upplýsingar, það gera öll blöð í heiminum og birta þær. Hann hefði kannske getað komizt hjá ýmsu, sem hefði verið birt þannig, ef hann hefði trúað mönnum fyrir því. Þess vegna vil ég ítreka það, sem ég sagði á þessum fundi 1964: Þetta ástand er algerlega óþolandi. Ég álít, að hvorki við Alþb.-menn né aðrir fulltrúar hér á Alþ. hafi brotið neinn trúnað við fyrrv. utanrrh. Ég held miklu frek-

ar, og það mætti gjarnan athuga það, þegar farið væri að rannsaka þessi mál öll saman betur, eins og nú kemur fram till. um, hvort sá hæstv. utanrrh. hefur ekki nokkuð oft brotið trúnað við Alþ. Og hitt er alveg ótvírætt, að um lagabrot hefur hann gerzt sekur á hverju einasta Alþ. með því, hvernig hann hefur gengið fram hjá utanrmn., fram hjá þeirri n., sem hann átti að leggja ýmis veigamikil mál fyrir.

Þetta var sem sé tilraun frá hálfu þess utanrrh. til að gera utanríkismál Íslands að sínum einkamálum, og það er óþolandi ástand. Utanríkismál Íslands eru mál þjóðarinnar og Alþ., og einn utanrrh., sem reynir að gera þessi mál að sínum einkamálum, er raunverulega að brjóta bæði lög og stjórnarskrá. Þess vegna held ég, að við ættum alveg að hætta því að deila um afstöðu þess utanrrh. nú meir og reyna hins vegar að taka upp það að hafa eðlilegt og sjálfsagt samstarf í þessum málum, eins og tíðkaðizt á þeim tíma, sem utanrmn. var einna mikilvirkust hér á Alþ., frá 1942—1949, og eins og ég þykist hafa hugmynd um, að hæstv. núv. utanrrh. vilji að sínu leyti gjarnan, og hefur raunar sagt, að hann vilji að sínu leyti mjög gjarnan taka þann hátt upp.

Við skulum í þessu sambandi alveg sérstaklega athuga eitt þýðingarmikið mál, og það eru öll þau mál, sem koma fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Yfirleitt er ekkert af þeim málum þannig, að það séu einhver sérstök trúnaðarmál. Það eru mjög opinber mál, sem ber að athuga og undirbúa sem bezt hér á Alþ., og ég held, að við gætum haft forgöngu um svo margt fleira í þeim efnum en við gerum nú þegar á þingi Sameinuðu þjóðanna, og ég held, að það væri mjög lítill vandi fyrir hæstv. núv. utanrrh. að skapa mjög heilsteypt þing á bak við sig í ýmsum þeim málum, sem við þar gætum flutt. Og Sameinuðu þjóðirnar eru því, eins og ég held, að hann hafi einmitt sagt í ræðu sinni áðan, hæstv. ráðh., mjög ákjósanlegur vettvangur fyrir okkur, og ég held, að við ættum að hafa samtök hjá okkur um það að fara að gera þær að slíkum vettvangi og framkvæma þá um leið þær ákvarðanir, sem eru í þingsköpum, sem eru í l. um, að ráðuneytið skuli alltaf bera undir utanrmn. öll utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga, og þá náttúrlega tala ég ekki um líka á þingum, öll þau mál skulu koma fyrir utanrmn. Öll þau mál, sem á t. d. að leggja fyrir Sameinuðu þjóðirnar, eru allt saman mál, sem á að ræða í utanrmn. Ég vildi því vonast til þess, að við gætum alveg brotið við blað í þessum efnum. Ég vil undirstrika, að það væri alveg sérstaklega nauðsynlegt, að það gæti gerzt nú á þessu ári. Það eru framundan einhver allra erfiðustu mál fyrir Ísland að ráða fram úr, sérstaklega t. d. á því ökonómíska sviði, þar sem er afstaðan til EFTA og til Efnahagsbandalagsins, og við skulum segja, ef það kæmi til t. d. um nánari norræna samvinnu á þeim sviðum, mál, sem fara að krefjast af okkur ákvarðana, en þær ákvarðanir krefjast í raun og veru áraundirbúnings, þar sem allir hinir beztu menn legðu sína þekkingu sem bezt fram. Sömuleiðis yrði kannske meiri hl. þingsins meira sammála, ég skal ekkert um það fullyrða. Sömuleiðis verður nú á næsta kjörtímabili afstaða tekin til, hvort við eigum að halda áfram í Atlantshafsbandalaginu eða ekki, þannig að þetta er hvert stórmálið á fætur öðru. Hvernig sem menn annars vilja líta á þau og á ýmsum þeirra munu menn ekki hafa mjög fastar skoðanir, þá geta menn ekki frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar haft á móti því, að þessi mál verði rædd sem allra bezt og undirbúin, ekki aðeins í stjórnarráðinu sjálfu og utanrrn., heldur einmitt af hálfu Alþ. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að einmitt þessar umr., sem nú hafa orðið, mættu verða til þess, að hér yrði alveg brotið við blað og Alþ. gæti nú hafið þau samskipti við hæstv. utanrrh., sem bæði Alþ. og ríkisstj. er nauðsyn á og Alþ. og ríkisstj. höfðu áður, meðan bezt var ástatt fyrir okkur í þinginu.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Þessi ummæli, sem hæstv. fyrrv. utanrrh. hafði um meðlimi utanrmn., féllu árið 1964, og þá var þeim að vísu mótmælt af einum nm., en Einar Olgeirsson, hv. 3. þm. Reykv., hafði ekki annað svar við þeim þá en blöðin reyndu að ná sér í fréttir á sem allra víðtækastan hátt, og hann endurtekur það enn nú. Ef þetta hefði sært þeirra tilfinningar þá, finnst mér, að þeir hefðu átt að rísa upp og krefjast skýrra svara. Það er ekki þar fyrir, það er ekkert of seint að gera það nú, en eðlilegast hefði verið, að þeir hefðu gert það strax, en bíða ekki í 3 ár eftir að taka málið upp. En ég skal ekki deila um það frekar. En það, sem er kjarni þessa máls alls, er það, að það þarf að takast betra samkomulag við n., og ég er á því. Og ég vona það einmitt, að þessi umr. hér geti orðið til þess, að það verði gert.

Mér er sagt, ég veit ekki um sönnur á því, og bezt að tala nú varlega, að sú n., sem sé að athuga þingsköpin, hafi uppi till. um það að setja ákveðnar reglur fyrir utanrmn. og um það, að utanrmn. skuli þá sýna sérstakan trúnað, því að það verður að fylgja með, því að það er óhjákvæmilegt, og það geta verið mál, sem ekki er eðlilegt, að komist út, þó að þau séu rædd í utanrmn. Þó að hv. 5. þm. Reykv. hafi tekizt að finna þarna 2 ár, þar sem ekki var neitt svo mikið trúnaðarmál, að það þyrfti að takast fram, þá er alveg örugglega mikið af málum hjá utanrmn., sem þarf að fara með sem trúnaðarmál. Og þó að það sé gott og blessað út af fyrir sig, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði á utanríkismálafundinum 1964, að blöðin birti kannske það, sem þau mega ekki birta og diplómatíið komi svo á eftir og dementeri, er það oftast til þess að staðfesta það, sem sagt hefur verið, segir hv. þm. En þá er búið að birta það, sem ekki átti að birta. Og þess vegna held ég, að það

væri ákaflega æskilegt að geta tekið upp önnur vinnubrögð, geta sýnt n. fullan trúnað og hún sýni þá utanrrh. og þeim, sem með honum starfa, fullan trúnað líka og birti ekki. Hvort þessi breyting á þingsköpum, sem ég minntist á, kemur fyrir nú eða ekki, þá breytir það út af fyrir sig ekki því, að það á að vera hægt að taka þetta mál upp, ef það er gert á þeim grundvelli, sem ég nú hef sagt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 22. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til utanrmn. með 32 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. og meiri hl. utanrmn., á þskj. 383 og 457, var útbýtt 6. og 12. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

9. Kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu.

Á 6. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á kaupmætti tímakaups verkamanna í dagvinnu [39. mál] (A. 41).

Á 7. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 10., 11., 12., 15. og 20. fundi í Sþ., 9., 16., 23. og 30. nóv., 7. des. og 1. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (**Þórarinn Þórarinsson**): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er á þá leið, að Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að fela kjararannsóknarnefnd athugun á orsökum þess, að kaupmáttur tímakaups í dagvinnu hefur ekki aukizt, heldur í sumum tilfellum minnkað síðan 1959, þrátt fyrir meiri þjóðartekjur nú en þá, og að kappkostað sé, að þessari athugun sé lokið sem fyrst.

Það er vafalaust öllum þingheimi kunnugt, að svo að segja í öllum löndum er nú stefnt að því að stytta vinnutímann og jafnframt að því að bæta afkomu verkafólks, og það eru ekki aðeins verkamennirnir eða launþegarnir sjálfir, sem hafa áhuga á þessu, heldur líka atvinnurekendur í mörgum tilfellum, vegna þess að þeim er ljóst, að langur vinnutími verður oft og tíðum til þess, að vinnuafköstin verða lakari en ella. Auk þess er vaxandi skilningur atvinnuveitenda á því, að það sé ekki aðeins hagur launþeganna sjálfra, heldur líka atvinnuveganna, að það fólk, sem við þá starfar, njóti sem beztrar afkomu. Öruggasta leiðin til að ná þessu marki, að stytta vinnutímann, en bæta þó jafnframt afkomuna, er að sjálfsögðu sú að auka kaupmátt tímakaupsins í dagvinnu. Með því er það tvennt tryggt í senn, að menn geta stytt vinnutímann, a. m. k. losnað við ýmsa eftirvinnu, sem þeir hafa áður unnið, og eins það, að afkoman getur batnað. Sú hefur líka orðið raunin í langflestum nágrannalöndum okkar, ég held það sé óhætt að segja: í öllum Evrópuríkjum. Á undanförnum árum hefur náðst verulegur árangur í þessum efnum, kaupmáttur tímakaupsins hefur aukizt, vinnutíminn hefur þar af leiðandi víða stytzt og launþegarnir þó búið við batnandi afkomu. Þetta hefur verið hægt að gera, án þess að því fylgdi nokkur sérstök verðbólga, vegna þess að þjóðartekjurnar hafa farið vaxandi í þessum löndum og launþegarnir hafa fengið eðlilega hlutdeild í þeim.

Ísland er hins vegar alger undantekning í þessum efnum. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða það, að eina landið í Evrópu, þar sem kaupmáttur tímakaups í dagvinnu hefur ekki aukizt á undanförnum árum, sé Ísland. Það hefur leitt til þess, vegna þess að kröfur um bætt lífskjör hafa aukizt hér eins og annars staðar, að menn hafa reynt að bæta sér þetta upp með því að lengja vinnutímann alltaf meira og meira, og því er hér komið þannig í mörgum tilfellum, að vinnutíminn er orðinn óeðlilega langur, ekki aðeins til tjóns og óhagræðis fyrir þá, sem vinna, heldur líka þá, sem vinnunnar eiga að njóta, því að það liggur í augum uppi, að löngum vinnutíma fylgja í mörgum tilfellum minnkandi afköst, og eru þess áreiðanlega mörg dæmi hér á landi.

Það er rétt að geta þess, að það hefur að vísu nokkuð verið deilt um það, hvort kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu hafi aukizt eða rýrnað á þessum tíma eða ekki, og hafa verið birtir um það allmargir útreikningar, og m. a. hafa verið birtir nokkrir útreikningar frá Efnahagsstofnuninni, útreikningar, sem eru mjög villandi. Nú vill svo til, að fyrir atbeina Alþ., má ég segja, þá var á sínum tíma sett hér á laggirnar sérstök kjararannsóknarnefnd, þar sem bæði fulltrúar launþega og atvinnurekenda eiga fulltrúa, og þessi nefnd hefur tekið sér fyrir hendur að finna út, hver hafi verið kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu á undanförnum árum, og í þessari nefnd hefur náðst algert samkomulag um það á milli fulltrúa verkalýðssamtakanna og fulltrúa atvinnurekenda, hvernig eigi að reikna kaupmáttinn út, og niðurstaðan á þessu samkomulagi og þessum útreikningum var birt nú um áramótin. Og þessi útreikningur, sem er að finna í fréttabréfi kjararannsóknarnefndar, sem hefur verið gefið út í des. 1966, er í stuttu máli

á þann veg, að sé reiknað með því, að kaupmáttur í almennri vinnu hjá Dagsbrúnarmönnum hér í bæ hafi verið 100, eða vísitalan 100 á árinu 1959, hafi hann í síðustu árslok ekki verið nema 97,7%, svo að þar er um rúmlega 2% rýrnun að ræða, sem kaupmáttur tímakaupsins í almennri verkamannavinnu er nú minni en hann var á árinu 1959. Það kemur hins vegar í ljós, að hjá þeim verkamönnum, sem hafa færzt verulega til um flokka, eins og hafnarverkamenn, er útkoman nokkuð önnur. Hjá þeim, sem vinna í fiskvinnu og hafa færzt til um nokkra flokka, er niðurstaðan sú, að kaupmáttur tímakaupsins í dagvinnu hjá þeim er nokkurn veginn hinn sami nú og hann var á árinu 1959.

Ég held, að það hljóti öllum að vera ljóst, að hér sé um mikla ófugþróun að ræða, miðað við það, sem hefur átt sér stað í öðrum löndum, því að þjóðartekjurnar hafa sízt vaxið minna hér á landi en þar. Ég held, að það sé þvert á móti óhætt að fullyrða, að aukning þjóðartekna hafi verið tiltölulega meiri hér á landi á þessu tímabili en í flestum löndum öðrum, vegna hagstæðra aflabragða og hagstæðs verðlags á útflutningsvöru, og þetta hefði átt að leiða af sér, að hægt hefði verið að auka kaupmátt tímakaupsins verulega frá því, sem var á árinu 1959, en samt hefur niðurstaðan orðið á þennan veg.

Mér finnst ekki úr vegi í þessu sambandi að minnast hér nokkuð á hið svokallaða júnísamkomulag, sem gert var á vegum ríkisstj., verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda 1964, sérstaklega vegna þess, að í umr., sem áður hafa farið fram hér í þinginu, ekki í sambandi við þessa till., heldur í sambandi við skyld mál, hefur stundum verið vikið að mér þeim ásökunum, að ég hafi verið óþarflega gagnrýninn á þetta samkomulag á sínum tíma, og því hefur verið haldið fram af ýmsum aðilum, bæði af hálfu ríkisstj. og fleiri aðila, að þetta samkomulag hafi verið sérstaklega hagstætt og þess vegna hafi verið óeðlilegt, að það hafi verið gagnrýnt á sínum tíma. Þess vegna er ekki ófróðlegt að athuga það, hvað þessi skýrsla kjararannsóknarnefndar hefur um þetta samkomulag að segja. Ég hef alltaf viðurkennt það, að í sambandi við júnísamkomulagið 1964 náðist verulegur ávinningur að því leyti, að aftur voru teknar upp vísitölubætur á kaupgjald. En ég tel, að þar hafi þó ekki verið um neina nýjung að ræða, síður en svo, því að hér var um rétt að ræða, sem launþegar voru búnir að njóta um 20 ára skeið, en hafði verið tekinn af þeim af núv. ríkisstj., en svo látinn aftur af hendi í sambandi við þessa samninga, þannig að hér gerðist ekki annað en það, að launþegar voru aftur að vinna rétt, sem núv. ríkisstj. hafði ranglega af þeim tekið, en eigi að síður er það ávinningur, sem rétt er að viðurkenna. Það náðist svo einnig fram í sambandi við þetta samkomulag, að ríkisstj. lofaði að gera vissar umbætur í húsnæðismálum, en lét þó hins vegar þann böggul fylgja skammrifi, að lánin yrðu vísitölutryggð, eins og það er kallað, með þeim afleiðingum, að þau hafa farið sífellt hækkandi og eru þeim, sem þau fá, orðin af þeim ástæðum sérstaklega óhagstæð, enda er nú svo komið, að það er viðurkennt af forsvarsmönnum verkalýðssamtakanna, að í þessum efnum hafi þeir samið af sér.

En hvert var svo innihald júnísamkomulagsins að öðru leyti? Það getum við séð á þessari skýrslu kjararannsóknarnefndar, sem hér liggur fyrir. Hún skýrir frá því, að á árinu 1964, þegar júnísamkomulagið er í gildi, hafi kaupmáttur tímakaups í almennri verkamannavinnu verið 86.7% af kaupmætti ársins 1959. Það, sem var m. ö. o. samið um, var það, að verkamenn vildu sætta sig við 13—14% minni kaupmátt tímakaupsins á árinu 1964 en þeir höfðu haft á árinu 1959. Mér fannst þetta á sínum tíma ekki vera þannig, að það væri sérstök ástæða til að fagna yfir því, og ég gagnrýndi það, og fyrir það man ég, að í umr. hér á Alþingi hlaut ég bæði aðkast frá hæstv. forsrh. og fleiri aðilum, og það var talað um, að með því að gagnrýna þetta væri ég með óþarfleg yfirboð og ábyrgðarleysi og þar fram eftir götunum. En það hefur samt farið svo, að á þetta ábyrgðarlausa tal hefur verið hlustað og eftir þessum yfirboðum, sem svo voru kölluð, hefur verið tekið, því að frá þessum tíma hefur þó sá árangur náðst, að kaupið hefur nú hækkað svo, að kaupmáttur dagvinnutaxtanna er nokkurn veginn orðinn hinn sami í mörgum tilfellum og var 1959. Ég held, að þetta sýni það, að þessi gagnrýni, sem ég var áfelldur fyrir á júnísamkomulaginu 1964, hafi ekki verið ástæðulaus. Og það er meira að segja svo komið, að þegar forsrh. er að telja það fram, sem hann álítur, að sinni stjórn sé einna mest til gildis, er það, að núna tvö seinustu árin hefur orðið nokkur hækkun á kaupmætti tímakaupsins, sem sagt, að það hefur verið fallizt á þessi yfirboð, sem hann og fleiri voru að gagnrýna mig fyrir hér á Alþingi haustið 1964. En ég verð að segja það, án þess að ég ætli að deila á einn eða annan, að mér finnst það að sumu leyti leiðinleg útkoma fyrir þá, sem á sínum tíma urðu þess valdandi, að vinstri stjórnin féll, og töldu þá ekki viðunandi að sætta sig við það, að kaupmáttur launa væri nokkuð svipaður og hann var á árinu 1959, og hafa svo orðið að semja við aðra ríkisstjórn sex árum seinna um kaupmátt launa, sem var 13—14% lægri en hann var á þeim tíma, þegar vinstri stjórnin fór frá völdum.

Það má segja, að þetta sé útúrdúr í sambandi við þessa till. En vegna þess að hér er oft verið að gagnrýna mig fyrir það eða áfellast mig fyrir það, að ég hef gagnrýnt júnísamkomulagið 1964, hefur mér þótt rétt að láta þetta koma fram.

Það kunna ýmsir að segja og það ekki að ástæðulausu, að það sýni, að verkalýðshreyfingin sé ekki nógu sterk, að á þessum góðærisárum, sem hér hafa að undanförnu verið, hefur henni ekki tekizt meira en rétt að

tryggja nú að lokum nokkurn veginn sama kaupmátt launa og árið 1959, á sama tíma sem kaupmáttur dag- og tímakaupsins hefur farið stórvaxandi í löndunum kringum okkur. En ég álít, að þegar betur sé að gætt, sé ekki rétt að áfellast verkalýðshreyfinguna fyrir þetta, heldur sýni þetta það, að í þessum málum sé vald verkalýðshreyfingarinnar takmarkað, því að það er ekki nægilegt að knýja alltaf fram meiri og meiri kauphækkanir, þegar að völdum situr ríkisstj., sem gerir þessar kauphækkanir jafnóðum að engu með því að magna verðbólguna. Þetta m. ö. o. sýnir það, að eigi að komast stjórn á þessi mál, sem verkalýðurinn eða launþegarnir geta sætt sig við, sé ekki aðeins nægilegt að hafa góð tök á verkalýðshreyfingunni, þá sé það þó enn þá mikilvægara að hafa sæmileg tök á Alþingi og ríkisstj., því að það er á þeim stöðum, sem þessi mál eru endanlega til lykta leidd, og það ætti að vera mönnum áminning í sambandi við þá reynslu, sem hér hefur hlotizt. Það, sem m. ö. o. skiptir langsamlega mestu máli fyrir launþegana, er að styðjast við vinveittan þingmeirihluta og að styðjast við vinveitta ríkisstjórn. Vegna þess að launþegarnir hafa ekki gert það á undanförnum árum, hefur útkoman orðið hér á allt annan veg en í öllum öðrum löndum í kringum okkur, þannig að kaupmáttur tímakaupsins hefur farið minnkandi og stendur nú rétt aðeins í stað hjá sumum, en öðrum ekki, á sama tíma sem hann hefur stóraukizt í öllum nágrannalöndum okkar. Svona dýrt er það fyrir launþegana að búa við óvinveitta ríkisstj. En það er líka segin saga og það mættu atvinnurekendur festa sér vel í minni, að sú ríkisstj., sem er óvinveitt launþegunum, er líka oftast óvinveitt atvinnuvegunum, vegna þess að stjórn, sem vill vinna fyrir hagsmuni launþeganna, gerir sér ljóst, að til þess að geta tryggt þessa hagsmuni skiptir ekkert meira máli en það, að atvinnuvegirnir í landinu dafni og séu vaxandi og búi við sem bezta aðstöðu. Þennan skilning hefur núv. ríkisstj. alveg skort, eins og sést á hennar framkomu í lánamálum, vaxtamálum og mörgu fleiru, og þess vegna er nú komið atvinnulífinu í landinu eins og raun ber vitni um og oft hefur verið rakið hér og ég sé ekki ástæðu til að rekja öllu nánar að sinni.

Það, sem er megintilgangur þeirrar till., sem hér liggur fyrir, er að fá úr því skorið með ýtarlegri rannsókn, hvað valdi því, að á undanförnum góðærisárum skuli þróunin hafa orðið önnur hjá okkur en hjá öðrum þjóðum í þessum efnum, þ. e. að kaupmátturinn skuli hafa staðið í stað eða jafnvel dregizt saman, gagnstætt því, að hann hefur farið vaxandi hjá öðrum þjóðum. Slík athugun gæti einnig orðið til að leiða í ljós, að það væri ef til vill hægt með einhverjum öðrum ráðum en beinum kauphækkunum að knýja fram aukinn kaupmátt launa. En það, sem að sjálfsögðu skiptir launþegana mestu máli, er, að kaupmátturinn verði aukinn, en ekki, með hvaða aðferðum það verði gert, hvort það verður gert með beinum kauphækkunum eða einhverjum öðrum ráðstöfunum. Aðaltakmarkið þarf að vera það, að við þokumst í þá átt til samræmis við aðrar þjóðir, að hér fari kaupmáttur tímakaupsins í dagvinnu vaxandi, að við getum losað okkur við þá miklu og óeðlilegu eftirvinnu, sem nú á sér stað og áreiðanlega í mörgum tilfellum er jafnóhagstæð atvinnurekendum og verkamönnum sjálfum. Að þessu eigum við markvisst að stefna, og með þeirri athugun, sem hér er rætt um, ættu að skapast nokkru betri möguleikar til þess að glöggva sig á því, hvernig þetta verði gert.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni, en leyfi mér að leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til allsherjarnefndar.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja það þegar í upphafi, að mér finnst þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, með furðulegustu plöggum, sem útbýtt hefur verið á þingi því, sem nú situr, og jafnvel þó að lengra væri farið aftur í tímann, og undrar mig satt að segja á því, að svo góðir og gegnir menn sem flm. þessarar till. þrátt fyrir allt eru skuli leggja sig niður við áróður af þessu tagi. Í þessu felst þó ekki, að ég telji ekki eðlilegt, að hér á hv. Alþ. komi fram óskir og till. um rannsókn á einstökum þáttum efnahagsmála, og væri ég reiðubúinn til þess að styðja hverja skynsamlega till. af því tagi, af hverjum svo sem hún væri borin fram. En þeirri till., sem hér liggur fyrir, tel ég ekki unnt að fylgja, nema þá í algerlega breyttri mynd.

Útreikningur á kaupmætti launa er vissulega mörgum vandkvæðum háður og koma þar til álita margvísleg matsatriði, sem erfitt er að skera úr þannig, að allir verði sammála um. En hvað sem öðru líður, verður ekki úr þessum vafaatriðum skorið með ályktun Alþ., svo sem hér er lagt til, að gert verði. Slíkt er ekki samboðið virðingu Alþingis og minnir óneitanlega á hina frægu Egilsstaðasamþykkt, sem gerð var um árið, þess efnis, að ekki væri halli á fjárl. En margt fleira fáránlegt felst í till. þessari og grg. með henni, svo sem nú skal nokkru nánar rakið, og skal ég þá fyrst víkja að almennum atriðum, sem fram koma í grg., en því næst að mjög óvandaðri meðferð þeirra talna um kaupmátt launa, sem hér er vitnað í frá Efnahagsstofnuninni.

Því er haldið fram, að þjóðartekjur hafi síðan á árinu 1959 aukizt um 40%. Þetta mun að vísu vera nokkuð vel í lagt. A. m. k. ef miðað væri við aukningu þjóðartekna á mann, mun hún varla vera meira en rúmlega 30% á þessu tímabili, en það er aukaatriði. En þá verður spurningin þessi: Ef það væri nú rétt, að þjóðartekjur á mann hafi aukizt um 40%, til hverra hefur þá þessi aukning þjóðarteknanna runnið? Það gefur auga leið, að sú aukning þjóðarteknanna, sem á sér stað, hlýtur þó að renna í skaut einhverjum aðilum í þjóð-

félaginu, annaðhvort einstaklingum, opinberum aðilum eða félögum eða félagasamtökum, en samkv. skoðun hv. flm. á kaupmáttur verkamannalauna að hafa rýrnað, og vafalaust telja þeir einnig, eins og kom fram í framsöguræðu hv. 1. flm., að sama eigi við um aðra launþega, og ekki hefur lýsing hv. framsóknarmanna að undanförnu á afkomu atvinnuveganna verið með þeim hætti, að ætla megi, að þeir telji, að hinar auknu þjóðartekjur hafi komið fram í auknum gróða þeirra. En hvernig á að fá þetta dæmi til að ganga upp? Þess má í þessu sambandi geta, að hv. 3. þm. Reykv. gerði þó á dögunum tilraun til þess að fá dæmið til að ganga upp, þar sem hann benti á hinn óhóflega verzlunargróða. Í þessu er þó að því leyti nokkur sannleikskjarni, að það verður alltaf þannig, þegar þjóðartekjur aukast, að dreifingarkostnaður vex meira en í hlutfalli við aukningu þjóðarteknanna. Að mínu áliti eru þó ekki líkur á, að það sé nema lítill hluti hinna auknu þjóðartekna, sem fer í það, en þessi mál voru rædd svo mikið hér á hv. Alþ. fyrir jólin, að ég geri þeim ekki frekari skil hér, og eins og kunnugt er, hafa hv. framsóknarmenn alls ekki tekið undir kenninguna um hinn mikla verzlunargróða. En þá spyr ég aftur: Hvernig fá þeir dæmið til að ganga upp, hvert hefur þessi aukning þjóðarteknanna runnið, ef hún hefur hvorki runnið til launþega né atvinnurekenda? — og vænti þess, að hv. flm. séu reiðubúnir að gera nokkra grein fyrir þessu atriði.

Þá vil ég leyfa mér að leiðrétta þá blekkingu, sem í því felst, þegar gerður er samanburður á föstu kaupi verkamanna og útgjöldum samkv. þeim vísitölugrundvelli, sem notaður er, og þetta talin sönnun þess, hve óviðunandi hlutur verkamanna sé. Hér kemur í raun inni fram að mínu áliti alger misskilningur á því, hver er tilgangurinn með því að reikna út vísitölu framfærslukostnaðar. Það er stundum skrifað um þetta í hv. blöðum stjórnarandstæðinga á þann veg, að vísitölugrundvöllurinn gefi til kynna þær lágmarkstekjur, sem verkamenn þurfi til þess að geta lifað. Þetta er alger misskilningur. Hagstofan eða kauplagsnefnd, sem nú ber ábyrgð á útreikningi vísitölunnar, hafa mér vitanlega aldrei stofnað til neinnar rannsóknar á því, hvað sé það lágmarkskaup, sem verkamenn þurfa til þess að geta lifað á, enda ógerningur að komast að nokkurri niðurstöðu í því efni. Ég býst við, að t. d. ef hér á hv. Alþ. væri stofnað til skoðanakönnunar meðal alþm. um það, hvað fjölskylda af einhverri tiltekinni stærð þyrfti mikið kaup til þess að geta lifað, yrðu úrlausnirnar jafnmargar og hv. þm. eru, eða 60 alls. Slíkt er algerlega ógerningur, enda er sá ekki tilgangurinn með vísitölugrundvellinum, heldur eingöngu hinn, að fá viðmiðun eða úrtak, sem hægt er að leggja til grundvallar áætlunum um það, hvað meðalverðlag hafi hækkað mikið. Og í þessu sambandi má vekja athygli á því, að það þarf engan að furða á því, þó að laun verkamanna séu að jafnaði nokkru lægri en útgjöldin samkv. vísitölugrundvellinum. Það stafar af því einfaldlega, að þær athuganir, sem vísitölugrundvöllurinn byggist á, eru upplýsingar um útgjöld ýmissa fjölskyldna úr mismunandi launþegahópum. Þar eru teknir með iðnaðarmenn, sjómenn, opinberir starfsmenn og ýmsir aðrir, sem hafa hærra kaup en verkamenn, og svo lengi sem sú aðferð er viðhöfð, gefur það auga leið, að það hlýtur alltaf að vera þannig, að tekjur verkamanna verða undir þessum heildarútgjöldum, þar sem ýmsir aðilar aðrir eru með, sem hafa hærri tekjur en verkamenn. Það leiðir aðeins af þeirri aðferð, sem er notuð við þennan útreikning, og segir ekki neitt.

Þá kem ég að því að rekja í örstuttu máli meðferð hv. flm. á þeim tölum, sem þeir nota um þróun kaupmáttar launanna. Í fyrsta lagi vildi ég nú á það benda, að að mínu áliti er algerlega óraunhæft í þessu efni að miða við árið 1959, bæði vegna þess að kaupmáttur launa var þá óeðlilega hár vegna þess mikla halla, sem þá var á viðskiptum við önnur lönd, sem var ástand, sem auðvitað gat ekki verið varanlegt. Í öðru lagi hlýtur það að mínu áliti að gefa réttari mynd af þróun kjara verkamanna að miða við núverandi vísitölu framfærslukostnaðar í heild, en ekki verðlagsvísitöluna. Það, sem gert var einmitt með efnahagsráðstöfununum 1960, var það, að lækkaðir voru skattar, hækkaðar fjölskyldubætur o. s. frv., til þess að bæta upp á þann hátt að nokkru leyti a. m. k. þær verðhækkanir, sem urðu af völdum gengislækkunarinnar, þannig að þegar sýna á fram á þróun kjaranna, er það auðvitað fráleitt að taka eingöngu með verðhækkanirnar, en sleppa því, sem gert var til þess að bæta verkamönnum og öðrum þessar verðhækkanir upp.

Í öðru lagi vil ég leyfa mér að vekja á því athygli, vegna þess að það gefur nokkra mynd af þeim aðferðum, sem hér eru notaðar, að í grg. er nefnt, að samkv. töxtum Iðju í Reykjavík hafi kaupmátturinn þann 1. júní s. l. ekki verið nema 97.1%, en þessi tala er tekin úr skýrslu, sem Efnahagsstofnunin mun hafa látið í té á s. l. sumri, þegar samningar stóðu yfir. Ég hef nú þessa töflu fyrir framan mig. Það er rétt með þessar tölur farið, en það er langlægsta talan, sem fyrir kemur í þessari töflu. Maður skyldi nú yfirleitt ætla, að réttara væri að miða við meðaltöl en lægstu eða hæstu töluna, hvort sem er. En það er langlægsta talan, sem hér hefur verið tekin. Á það má benda, því að ég hef fengið upplýsingar um það, að þetta gefur þó algerlega ranga mynd af þeirri þróun, sem orðið hefur á kjörum iðnverkafólks á þessu tímabili, því að einmitt í þessari sömu töflu er það upplýst, að iðnverkakonur hafa aukið kaupmátt launa sinna um 25.2% á þessu sama tímabili. En samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá stjórn Iðju, munu verkakonur vera um ¾ meðlima þess félags. En ástæðan til þess, að þessi taxti er svo tiltölulega lágur, mun vera

sú, að á árinu 1965 samdi Dagsbrún um allmiklar tilfærslur í flokkum, sem juku náttúrlega kaupmátt launa Dagsbrúnarmanna, svo að hann er allmiklu hærri en þetta, en í Iðju kom þetta ekki að sama skapi til góða. Þar hafa launabæturnar meira verið í annarri mynd, t. d. í aukinni akkorðsvinnu með hærri töxtum, en það kemur ekki fram í þessu.

Þá halda hv. flm. því fram, eins og segir í grg. þeirra, með leyfi hæstv. forseta, að tímakaup það, sem Efnahagsstofnunin miði við, sé byggt á ákveðnum hlutföllum dag-, eftir- og næturvinnu og gefi því ekki rétta mynd af kaupmætti sjálfs dagvinnukaupsins. Ef það væri tekið eitt sér, segja hv. flm., sem réttara er, mundi rýrnun kaupmáttarins verða enn meiri. Um þetta hefur Efnahagsstofnunin látið hæstv. forsrh. í té nokkra grg., þar sem segir svo um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í grg. er því haldið fram, að kaupmáttur dagvinnukaups hljóti að hafa þróazt óhagstæðar en þróun meðalkaups dag-, eftir- og næturvinnu í föstum hlutföllum. Þessu er þó engan veginn svo farið. Árið 1959 var eftirvinnuálag í samningum verkamanna 50% og næturvinnuálag 100%. En orlof á yfirvinnu miðaðist við dagvinnutaxta, þannig að með orlofi var álagið 47.2% og 94.3%. Árið 1961 hækkaði eftirvinnuálagið í 60% og skerðing orlofs var afnumin, þannig að með orlofi var álagið 60% og 100%. Með júnísamkomulaginu var álagið aftur fært niður, svo að álagið er 50% og 91%, hvort sem er með eða án orlofs. Niðurstaðan er sú, að tímakaup í dagvinnu hefur hækkað svo til nákvæmlega jafnmikið frá 1959 og samvegnir taxtar. Miðað við 1959 sama og 100 voru Dagsbrúnartaxtar innifaldir í útreikningum Efnahagsstofnunarinnar orðnir sem hér segir hinn 1. marz 1965: Störf, sem eru í sama taxta í dagvinnu 166.4%, samkv. samvegnum töxtum 166.2%, það munar þarna 0.2%, en störf færð milli taxta voru í dagvinnu 175.8%, en samkv. samvegnum töxtum 175.6%, aftur munar þar aðeins 0.2%, svo að af þessu er ljóst, að það er röng ályktun, sem dregin er í grg., að það geri í þessu sambandi mun, hvort miðað er við dagvinnukaupið eitt eða hina samvegnu taxta."

Þá er því haldið fram í grg. og vitnað þar í sérstaka skýrslu Efnahagsstofnunarinnar, að samkv. töxtum Dagsbrúnar hafi kaupmátturinn verið 106.6% hinn 1. júlí s. l. miðað við 100 á árinu 1960. Um þetta segir Efnahagsstofnunin: „Hér er beinlínis rangt með farið. Tilvitnaður útreikningur, sem birtur er í viðauka við töflu 8 í skýrslu Hagráðs frá því í sumar, á ekki við um kaupmátt tímakaups í dagvinnu, heldur eru, eins og þar segir, sýndar vísitölur kauptaxta Dagsbrúnarverkamanna og vísitölur kaupmáttar miðað við, að áhrif kauphækkunar svarandi til fullrar styttingar dagvinnutíma séu ekki meðtalin." M. ö. o. er stytting dagvinnutímans ekki talin með til kjarabóta, en það er allt annað mál en kaupmáttur tímakaups í dagvinnu út af fyrir sig. Eða m. ö. o., þær tölur, sem hér er um að ræða og vitnað er í, eru reiknaðar á þeim grundvelli, að vinnutími hefði raunverulega stytzt svo sem um var samið, en svipuð eftirvinna og áður, þá verður kaupmáttaraukningin þessi, 106.6%, en þá er sleppt að taka tillit til þess, sem vissulega væru raunhæfar kjarabætur, að vinnutíminn hefði þá verið styttur sem samsvaraði þessum 3—4 klukkutímum, sem um var samið.

Með tilliti til þess, hve er orðið áliðið fundartímans, mun ég ekki fjölyrða öllu meira um þetta, en vil aðeins segja það að lokum, að þó að mál þetta sé samkv. því, sem ég tel mig hafa gert grein fyrir, lagt fyrir á mjög villandi hátt af hv. flm., sker það þó ekki úr um það, hvort ástæða væri til þess að framkvæma rannsókn þá, sem hér er gert ráð fyrir. Það mun þó vera erfitt — en það leiðir af því, sem ég þegar hef gert grein fyrir — að framkvæma hana á þann veg, að von sé ótvíræðra og óumdeilanlegra niðurstaðna, og önnur spurning kemur auðvitað fram í sambandi við þetta, en hún er sú, hvort Alþ. getur út af fyrir sig sagt kjararannsóknarnefnd, sem er samstarfsstofnun vinnuveitenda og launþega, fyrir verkum í þessu efni. Að vísu má færa rök fyrir því, að ef verðbólgan hefði undanfarin ár verið minni en raun er á, hefðu þjóðartekjur orðið meiri og verkalýðnum auðvitað borið sinn skerfur af því. En þá er komið inn á þá mjög umdeildu spurningu, sem of langt mundi auðvitað leiða að ræða hér, hverjir eigi sök á því, að verðbólguþróunin hefur átt sér stað. Álít ég, að rannsókn á því, hvað hægt sé að gera í framtíðinni í þessum efnum, sé raunhæfari en rannsókn á fortíðinni, þó að hið síðarnefnda geti vissulega átt rétt á sér.

Hv. flm. talaði mikið um það, hver bagi það væri launþegunum, að við völd sæti óvinveitt ríkisstj., eins og hann orðaði það. Slíkar fullyrðingar eru út af fyrir sig ódýru verði keyptar. En nokkurt ósamræmi er þó í því að telja annars vegar, að ríkisstj. ráði öllu í þessum efnum og geti gert það, sem henni sýnist til þess að bæta kjör launþeganna og allt slíkt hljóti að bera árangur, ef aðeins sé ekki til að dreifa illvilja af hennar hálfu, og svo hins vegar, þegar því er haldið fram, að sú aukning þjóðarteknanna, sem hafi átt sér stað, stafi einvörðungu af utanaðkomandi ástæðum, það sé hækkað verð á afurðum, góður síldarafli og fram eftir þeim götunum. Að mínu áliti liggur sannleikurinn þarna mitt á milli. Það er engin ástæða til þess að vanmeta þann þátt, sem það hefur átt í aukningu þjóðartekna okkar, að aflabrögð hafa verið góð og hagstætt verð á útfluttum afurðum fram á s. l. ár. En að mínu áliti hefði þó árangurinn í þessum efnum orðið til muna minni og vöxtur þjóðarteknanna minni, ef ekki hefði verið beitt þeim hagstjórnartækjum, sem beitt hefur verið einmitt fyrir forustu hæstv. núv. ríkisstj. Ástæðan til þess, að kaupmáttur launa óx litið á tímum vinstri

stjórnarinnar, var ekki sú að minu áliti, að ríkisstj. væri launþegunum óvinveitt og hefði ekki viljað gera það, sem í hennar valdi stóð með góðu móti, til þess að bæta hag þeirra. Ástæðan var hins vegar fólgin í hinu, að það var beitt óskynsamlegum úrræðum í efnahagsmálum, sem voru framförum fjötur um fót frekar en hið gagnstæða.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það kom mér dálítið á óvart, að hv. síðasti ræðumaður, sem oft hefur fengið orð fyrir að vera fremur samvizkusamur vísindamaður, skyldi fara um þessa till. jafnstórum orðum og hann gerði í upphafi, kalla hana furðulegt plagg og öðrum slíkum nöfnum. En það fannst mér þó eiginlega enn þá furðulegra, að eftir að hann var búinn að nota þessi stóru orð um till., virtist mér það ekki koma neins staðar fram í ræðu hans, að hann færði þessum orðum sínum stað eða skýrði það, að hvaða leyti þessi till. væri furðuleg. Mér finnst, að þá skýringu vanti enn þá hjá honum. Hitt skal ég fullkomlega viðurkenna, að það má vel vera með þá rannsókn, sem till. gerir ráð fyrir, eins og yfirleitt allar rannsóknir í efnahagsmálum, að það verði aldrei komizt að þeirri niðurstöðu, sem allir sætta sig við og telja alveg óumdeilanlega. En hitt tel ég víst, að ef slík athugun færi fram og sú, sem felst í þessari till., mundi hún vafalítið leiða sitt hvað í ljós, sem mundi skýra þetta mál betur og auðvelda lausn þess, að kaupmáttur tímakaups verkamanna yrði aukinn, þó að það yrði gert e. t. v. þá eftir ýmsum öðrum leiðum en beinni kauphækkun. — Ég sé, að hv. þm. hefur vikið sér aðeins frá, en það verður sennilega ekki nema um stundarsakir, og skal ég því hinkra við, þangað til hann kemur, því að ég vildi gjarnan láta hann heyra það, sem ég hef um hans ræðu að segja að öðru leyti.

Ég ætla þá að víkja að nokkrum atriðum, sem komu fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns varðandi grg. frv. Þessi grg. virðist vera talin æðimerkileg í stjórnarherbúðunum og meira að segja svo merkileg, að hæstv. forsrh. hefur farið fram á það við Efnahagsstofnunina að semja um hana sérstakt álit. Því miður hef ég nú ekki átt kost á því að sjá þetta álit Efnahagsstofnunarinnar, en fæ það vafalaust síðar. Hv. 8. þm. Reykv. var að vitna í nokkur atriði í því, en þau eru hins vegar þannig upp tekin, að það er erfitt að gera sér grein fyrir þeim í fljótu bragði, en ég held, að það hafi þó komið fram hjá honum, að hann taldi, að allar þær tölur, sem við flm. hefðum tekið upp í grg. og vitnað til úr plöggum frá Efnahagsstofnuninni, væru rétt með farnar, en hins vegar vilji hún túlka þær einhvern veginn á aðra leið. Ég vildi aðeins í stuttu máli segja það um Efnahagsstofnunina, að mér virðist, að hún leiki nokkuð einkennilegt hlutverk í þessum efnum. Hún er látin annast alls konar útreikninga að beiðni hinna og þessara ráðh. til þess að reyna að láta hlutina líta út eins og ríkisstj. vill láta þá líta út. Og í mörgum tilfellum, þó að ég sjái ekki ástæðu til að rekja það hér, en get gert það síðar, af því að ég hef þau gögn ekki við höndina, hefur Efnahagsstofnunin orðið uppvís að því að fara með hreinar og beinar blekkingar. Og ég verð að segja, að þetta eru einkennileg vinnubrögð hjá ríkisstofnun, sem á að treysta til hlutleysis, á að vinna eins og hrein embættisstofnun, en ekki sem pólitísk stofnun. En það hefur hún hins vegar því miður gert í mörgum tilfellum, að hún hefur hreinlega unnið sem pólitísk stofnun og komið með útreikninga, eins og stjórnin hefur helzt kosið að væri, en ekki eins og staðreyndirnar sjálfar væru í þessum efnum. Nú vill svo vel til, að það liggur hér fyrir álit aðila, sem eru miklu dómbærari á þessi mál en þeir menn, sem eru hjá Efnahagsstofnuninni. Og ég vitnaði til þess aðila í minni ræðu hér áðan. Kjararannsóknarnefnd, þar sem eiga sæti bæði fulltrúar atvinnurekenda og vinnuveitenda, hefur komið sér saman um það, hvernig eigi að finna út, hver kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu í raun og veru sé. Og ég álít, að því verði ekki hnekkt, að þar sé um að ræða þann langfullkomnasta grundvöll, sem hefur verið fundinn í þessum málum fram að þessu og mest sé þess vegna að byggja á og ekki sízt mikilvægt vegna þess, að báðir aðilar, launþegar og atvinnurekendur, sætta sig við þessa niðurstöðu og telja hana vera það næsta, sem hægt sé að komast um það, hver útkoman eigi að vera varðandi þetta efni. Og þessi niðurstaða kjararannsóknarnefndar staðfestir fullkomlega það, sem kemur fram í grg. fyrir þessari till., sem sagt það, að í sumum tilfellum sé kaupmáttur tímakaupsins hjá verkamönnum minni nú en hann var 1959, en í vissum tilfellum, þegar um verulegar tilfærslur milli launaflokka er að ræða, sé kaupmátturinn svipaður og í einstaka undantekningartilfellum aðeins meiri. Ég tel, að þetta sé sá dómur, sem ég og hv. flm. verðum að sætta okkur við. Ég tel, að hér hafi sá aðili kveðið upp dóminn, sem sé hæfastur til þess að fella hann. Ég tel, að hjá n., þar sem bæði atvinnurekendur og launþegar eiga sæti með aðstoð sérfróðra manna, hafa kynnt sér þessi mál og komizt að ákveðinni niðurstöðu, þar sé um miklu merkari úrskurð að ræða en þann, sem ríkisstj. og hin pólitíska hjálparstofnun hennar, Efnahagsstofnunin, kunna að kveða upp um þessa hluti.

Ég er líka sannfærður um það og vil bæta því við í sambandi við Efnahagsstofnunina, að ég er alveg sannfærður um það, að engin hliðstæð stofnun úti í heimi, sem vildi telja sig óháða, væri að rjúka til, þó að einhver ráðh. væri að biðja hana um gögn til að hnekkja einhverjum atriðum, sem honum eru óþægileg í þeim málflutningi, sem andstæðingar hans kunna að viðhafa. Ef á að fara að láta Efnahagsstofnunina vinna þannig, er beinlínis farið að nota hana sem pólitískt tæki í hinni pólitísku baráttu, og ég verð að lýsa

hreinni undrun minni yfir því, að þeir menn, sem ráða hjá Efnahagsstofnuninni, skuli láta nota sig á slíkan hátt, því að þeir eru opinberir starfsmenn, en ekki pólitískir starfsmenn. En í sambandi við deilu okkur þm. varðandi það, hver kaupmáttur tímakaups verkamanna sé í dagvinnu, skiptir að sjálfsögðu langsamlega mestu máli sá úrskurður, sem kjararannsóknarnefndin hefur fellt, vegna þess að þar er um að ræða úrskurð, sem báðir aðilar, launþegar og atvinnurekendur, hafa fellt sig við og talið réttastan, eftir að hafa kynnt sér þessi mál ýtarlega með aðstoð hinna beztu sérfræðinga. Og sú niðurstaða er í fullu samræmi við það, sem segir í grg. till.

Þá var hv. ræðumaður að vitna nokkuð í það, sem segir í grg. um þjóðartekjurnar, og taldi, að þær kynnu að fara að verða of hátt áætlaðar. En það er að sjálfsögðu deiluatriði eins og annað, og ég skal játa það, að varðandi það atriði eru okkar gögn, sem úr er að vinna, svo ófullkomin, að það verður ekki fullyrt neitt endanlega um þetta og getur þess vegna skipt verulega til og frá. En það er hins vegar ekki deiluatriði, að mikil aukning hefur orðið á þjóðartekjunum á þessu tímabili. Ég hef aldrei haldið því fram, sem mér virtist koma í ljós hjá hv. síðasta ræðumanni, að launþegar hafi ekki fengið einhverja hlutdeild í aukningu þjóðartekna á þessum tíma. Því hef ég aldrei haldið fram. Þvert á móti er í grg. bent á það, að með því að lengja vinnutímann verulega frá því, sem verið hefur, hafi launþegar bætt kjör sín á þann hátt. En það stendur óhaggað, að þessi aukning þjóðarteknanna hér á landi hefur ekki komið fram á þann hátt hjá launþegum, að kaupmáttur tímakaupsins hafi aukizt og þeir af þeim ástæðum getað stytt vinnutímann eins og í öðrum löndum. Þvert á móti hefur niðurstaðan orðið sú á þessu tímabili, að kaupmáttur tímakaupsins í dagvinnu hefur heldur minnkað og þess vegna hafa launþegar orðið að bæta aðstöðu sína með stórlega aukinni eftirvinnu, og það er það, sem ég tel hið óheilbrigða í þessum efnum og það, sem við eigum að vinna á móti. Við eigum að stefna að því, að launþegar hér á landi fái aukna hlutdeild í auknum þjóðartekjum með því að kaupmáttur dagvinnukaupsins vaxi, en ekki á þann hátt, að þeir þurfi að lengja vinnutíma sinn. Við eigum í þessum efnum að fara að á nákvæmlega sama hátt og aðrar þjóðir hafa gert, sem er fólgið í því, að launþegar njóti vaxandi þjóðartekna á þann hátt, að kaupmáttur dagvinnukaupsins aukist, og þetta gæti þess vegna orðið til þess að stytta vinnutímann, því að það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, er það, að vinnutíminn er orðinn óhæfilega langur og það verður að stefna markvisst að því að stytta hann án þess að skerða þó kjör launþega, og það verður aðeins gert með því að auka kaupmátt dagvinnukaupsins, eins og ég hef margoft áður vikið hér að.

Þá þótti ræðumanni það ekki rétt hjá mér að vera að vitna sérstaklega í árið 1959 til samanburðar. Ég geri það af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að það var síðasta árið, áður en viðreisnarstjórnin kom til valda, og þess vegna ekki óeðlilegt, að það sé notað til samanburðar, en svo einnig af því, að á því ári skarst ríkisvaldið sjálft í leikinn og lækkaði kaupið og færði í það horf, sem það taldi, að væri eðlilegt. Hv. þm. man vafalaust eftir því, hann átti víst þátt í því eins og aðrir þm. stjórnarflokkanna, að kaupið var lækkað með lögum á árinu 1959 og fært í það horf, sem hagfræðingarnir töldu þá að væri eðlilegt, og það var síður en svo, að þá væri talið, að kaupið væri of hátt, heldur var það einmitt með lögbindingunni fært í það horf, sem hagfræðingarnir töldu þá, að væri eðlilegt kaupgjald.

En í allri ræðu hv. síðasta ræðumanns kom mér það mest á óvart, sem hann sagði í sambandi við framfærsluvísitöluna. Hann sagði, að það væri ekki rétt að gera samanburð á því kaupi, sem verkamenn fengju fyrir dagvinnu, og því, sem gert væri ráð fyrir að fjögurra manna fjölskylda þyrfti að hafa samkv. framfærsluvísitölunni. Þetta lægi í því, að í framfærsluvísitölunni væru teknir með ýmsir hátekjumenn, og þess vegna væri eðlilegt, að hún væri kannske að einhverju leyti fyrir ofan þá neyzlu, sem verkamenn hefðu eða þyrftu að hafa. En hver er sú neyzla í framfærsluvísitölunni, sem gert er ráð fyrir í dag, að fjögurra manna fjölskylda eigi að hafa? Það er gert ráð fyrir því og til þess er vitnað í grg., að fjögurra manna fjölskylda þurfi að hafa og fá 117 þús. til að greiða allar neyzluvörur, mat og fatnað og aðra þjónustu, annað en húsnæði, og til þess að greiða skatta. Það er reiknað með, að í þetta fari 117 þús. kr., þegar búið er að draga fjölskyldubæturnar frá. Heldur nú hv. þm., að þessi upphæð sé of há? Heldur hann, að verkamenn geti komizt af með minni upphæð en þessa til þess að framfleyta fjögurra manna fjölskyldu og borga með því allt, sem fer til matar, fatnaðar, í hitun, rafmagn og annað þess háttar? Ég held því miður, að það sé leitun á þeirri fjögurra manna fjölskyldu, sem treystir sér til þess að komast af með þetta í dag, og þetta sé því síður en svo of mikil upphæð til þess að nota í þessum tilgangi. En þrátt fyrir það kemur sú skoðun hér fram hjá einum hv. þm. Sjálfstfl., að það sé allt of hátt ásætlað að gera ráð fyrir því, að 4 manna verkamannafjölskylda noti 117 þús. kr. á ári til þessara þarfa, það sé verið að reikna með hátekjumönnum, sem geti veitt sér mikla eyðslu, þegar reiknað sé með tölu eins og þessari. Af öllu því, sem fram kom í ræðu síðasta ræðumanns, varð ég langsamlega mest undrandi á þessu atriði hjá honum. Ég hélt satt að segja, að það væri ekki til maður, sem teldi, að 4 manna fjölskylda gæti komizt af með minna í þessa eyðslu en 117 þús. kr., eins og nú er gert ráð fyrir í framfærsluvísitöl-

unni. Nei, sannleikurinn er sá, að þessi tala í framfærsluvísitölunni er í dag orðin allt of lág, hún er ekki aðeins orðin of lág fyrir hátekjumenn, heldur orðin allt of lág fyrir verkamenn eða þá, sem lægri tekjur hafa, enda mun það vera svo, að það mun vera búið að ganga frá grundvelli nýrrar framfærsluvísitölu, þar sem er gert ráð fyrir miklu hærri útgjöldum en þessum. Neyzlan er komin á allt annað stig nú en var á þeim tímum, þegar þessi framfærsluvísitala var reiknuð út, og ef væri reiknað með neyzlustiginu í dag, þyrfti þessi tala að vera miklu hærri. Ég held, að hv. síðasti ræðumaður hljóti að komast að raun um það, ef hann athugar þessi mál í ró og næði og lætur vísindamannslegt sjónarmið sitt ráða, þá muni hann komast að þeirri niðurstöðu, að það sé í raun og veru ekki hægt að segja neitt öllu furðulegra en það, að það sé til of mikils ætlazt, að 4 manna verkamannafjölskylda hafi 117 þús. kr. til þess að lifa fyrir hvað snertir fatnað, fæði, hita og aðra þjónustu en húsnæði. Ég held, að hann muni miklu frekar komast að raun um það, að þessi upphæð sé allt of lág og þess vegna síður en svo um að ræða, að það sé rangt gert af okkur flm. að nota þessa tölu til samanburðar, þegar við erum að gera samanburð á því, sem meðalfjölskylda þarf að hafa til ráðstöfunar, og því kaupi, sem verkamenn hafa nú fyrir dagvinnuna eina saman.

Ég vil svo gera mér vonir um það, af því að ég hef kynnzt oft allt annarri hlið á hv. síðasta ræðumanni en þeirri, sem kom fram hjá honum áðan, að hann endurskoði þessi mál að nýju og þar láti hann meira vísindalegt sjónarmið sitt ráða en hið pólitíska, og þá er ég viss um, að hann kemst að þeirri niðurstöðu, alveg sérstaklega þeirri niðurstöðu, að það var rangt hjá honum, sem hann var hér að segja í sambandi við framfærsluvísitöluna og í raun og veru í sambandi við hans málflutning allan, því að ég trúi ekki öðru en það sé skoðun hans, þegar hann lítur á þessi mál með sanngirni, að við eigum að stefna að því, að vaxandi þjóðartekjur notist á þann veg, að kaupmáttur tímakaupsins í dagvinnu vaxi og vinnutíminn geti þess vegna stytzt, en hann verði hins vegar ekki til þess að lengja vinnutímann stórkostlega, eins og átt hefur sér stað hjá okkur á undanförnum árum, og hér sé þess vegna um allt aðra þróun að ræða í þessum efnum hjá okkur en öðrum þjóðum.

Varðandi það, sem hv. ræðumaður var að segja, að ég hefði verið að hallmæla ríkisstj., ætla ég að sleppa að svara því að sinni. Ég á nú frekar von á því, að fyrst hæstv. forsrh. hefur talið þessa till. og grg. svo merkilega, að hann hefur fengið Efnahagsstofnunina til þess að semja um hana sérstakt álit, fái maður að heyra frá honum sjálfum í þinginu, hvert þetta álit er, og það gefist þá tækifæri til þess að ræða öllu nánar um þátt ríkisstj. í þessum efnum.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til leiðréttingar á ýmsu því, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ), og verð ég þar þó að stikla aðeins á þeim atriðum, sem mér finnst nauðsynlegast, að andmæli komi gegn, og þá er það í fyrsta lagi fullyrðingar hans í garð Efnahagsstofnunarinnar, sem ég verð að telja algerlega ómaklegar, eða þær, að í grg. Efnahagsstofnunarinnar gæti hlutdrægni, þannig að niðurstöður hennar verði alltaf að vera í samræmi við það, sem ríkisstj. er hagkvæmast hverju sinni. Ég vil mótmæla þessu algerlega, enda tel ég, að hv. 5. þm. Reykv. hafi ekki fært fram fyrir þessu nein frambærileg rök, og ég vil leyfa mér að upplýsa það hér, vegna þess að ég hef átt sæti í Hagráði, sem er stofnun, sem allir hv. alþm. kannast við og skipuð er fulltrúum bæði stjórnmálaflokka, ríkisstj., hinna ýmsu stéttarsamtaka o. s. frv., að þó að ýmis atriði í þeim skýrslum, sem Efnahagsstofnunin hefur lagt fyrir Hagráð, hafi að vísu verið gagnrýnd, eins og eðlilegt er, af því að svo mörg matsatriði koma til greina við samningu slíkrar skýrslu, þá minnist ég þess ekki að hafa heyrt nokkurn, sem þar hafi átt sæti, — og eiga þar þó sæti jöfnum höndum stjórnarandstæðingar og stjórnarstuðningsmenn, — halda því fram, að skýrslur Efnahagsstofnunarinnar væru yfirleitt hlutdrægar, þó að hitt og annað í þeim, eins og ég sagði, hljóti að vera álitamál.

Hv. 5. þm. Reykv. vitnaði í samkomulag, sem orðið hefði í kjararannsóknarnefnd um það, hvaða aðferðum skyldi beita við útreikning á kaupmætti launa. Mér er kunnugt um, að þetta samkomulag hefur orðið, en ég tel, að sú viðmiðun, sem þessir aðilar hafa komið sér saman um í kjararannsóknarnefnd, skeri engan veginn úr um það, að þær tölur, sem nefndar eru í grg. fyrir þessari þáltill., gefi ekki villandi mynd af þróun kjaranna, vegna þess að það er hægt að skilgreina kaupmátt launa á marga vegu, og má segja, að aðalatriðið sé þar að finna einhverjar reglur til þess að fara eftir. En sé þeirri reglu fylgt, sem samkomulag hefur orðið um í kjararannsóknarnefnd, gefur það auga leið, að þróun kaupmáttar launa getur ekki orðið neinn mælikvarði á þá breytingu, sem verður á lífskjörunum frá einum tíma til annars. Þar er ekki tekið nema að mjög litlu leyti tillit t. d. til beinna skatta, en það er augljóst mál, að auðvitað er það þýðingarmikið atriði fyrir kjör launþeganna, hve mikið þeir koma til með að greiða í beina skatta af því, sem þeir vinna sér inn, þó að það sé ekki látið hafa áhrif á kaupmátt launanna samkv. þessari reglu.

Svo vil ég að síðustu aðeins minnast á það, sem vakti furðu mína, að hv. 5. þm. Reykv. túlkaði ummæli mín þannig, að ég teldi, að verkamönnum væri ekki of gott að lifa af þeirri fjárhæð, sem vísitölugrundvöllurinn gerir ráð fyrir. Ég hef aldrei sagt neitt í þá átt. Ég benti aðeins á það sem staðreynd, að

í fyrsta lagi væri tilgangurinn með vísitölugrundvellinum alls ekki sá að gefa til kynna, hvað verkamenn þurfi minnst til þess að lifa á. Hann er byggður á athugunum, sem gerðar hafa verið á neyzluútgjöldum fólks, en í honum felst ekki neitt mat á því, hvað fólk þurfi minnst til að lifa. Ég sagði, að um það mætti lengi deila. Ég viðhafði einmitt þau orð, að ef stofnað væri til skoðanakönnunar um slíkt hér á hv. Alþ., mundu niðurstöðurnar vafalaust verða jafnmargar og þm. Slíkt verður ávallt mikið álitamál. Hitt benti ég aðeins á sem staðreynd, að vegna þess að þarna er um að ræða hópa með allmismunandi tekjur, hlýtur að leiða af því, að þeir, sem lægstar tekjurnar hafa og þar af leiðandi lægst neyzluútgjöldin, hljóta alltaf að verða undir þessu meðaltali. Það væri auðvitað hægt að taka upp þá reglu, að vísitölugrundvöllurinn væri eingöngu byggður á útgjöldum verkamannafjölskyldna, og þá kæmi þetta auðvitað til þess að fylgjast að. En ég hugsa, að öllum hv. þm. sé það ljóst, að með því mundu kjör verkamanna ekki verða bætt, þó að ákveðið væri, að vísitölugrundvöllurinn ætti eingöngu að miðast við útgjöld þeirra.

Það var margt fleira í ræðu hv. 5. þm. Reykv., sem í sjálfu sér mundi gefa tilefni til aths., en ég verð að sinni að láta þetta nægja.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Húsnæðismál.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um húsnæðismál [41. mál] (A. 43).

Á 7. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 10., 11., 12., 15., 20., 21., 22., 23. og 24. fundi í Sþ., 9., 16., 23. og 30. nóv.. 7. des., 1., 2., 8., 15. og 22. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 43 till. til þál. um húsnæðismál. Er efni till. það, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að láta heimildarákvæði gildandi laga um húsnæðismálastofnun ríkisins um byggingar hagkvæmra, vandaðra og staðlaðra íbúða, sem láglaunafólk í verkalýðsfélögunum hafi forkaupsrétt að með sérstökum lánskjörum, koma til framkvæmda hvarvetna utan Reykjavíkur, þar sem þörf er aukinna íbúðabygginga og viðkomandi sveitarfélög og samtök verkafólks tryggja, að ákvæðum og skilyrðum laga um gerð íbúðanna og hagkvæmar byggingarframkvæmdir sé fullnægt.

Forsaga þeirra heimildarlaga, sem hér er rætt um, er í stuttu máli sú, að við gerð kjarasamninga verkalýðsfélaganna á Suðvesturlandi, eða nánar tiltekið í Reykjavík, og vinnuveitenda sumarið 1965 var gefin um það yfirlýsing af hálfu ríkisstj. og borgarstjórnar Reykjavíkur, að þessir aðilar skuldbyndu sig til að standa að byggingu 1250 íbúða, sem reistar yrðu í Reykjavík á 5 árum. En láglaunafólk í verkalýðsfélögum skyldi eiga forkaupsrétt að íbúðum þessum og njóta í því sambandi sérstakra kjara hvað lán og lánstíma snerti. Skyldu lánin nema 80% af kostnaðarverði íbúða og lánstíminn vera 33 ár og lánin afborgunarlaus fyrstu 3 árin. Framhaldið var svo það, að ríkisstj. beitti sér fyrir breytingu á l. um húsnæðismálastofnun ríkisins, sem fól í sér heimild henni til handa til að láta byggja, eins og í l. segir, hagkvæmar, ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög og veita láglaunafólki í verkalýðsfélögunum þau lánskjör til kaupa á íbúðunum, sem heitið var í yfirlýsingu ríkisstj. En lög um þetta efni voru samþ. á Alþ. í des. 1965. Síðan hafa framkvæmdir samkv. gefnum yfirlýsingum og heimildarlögum verið í undirbúningi hér í höfuðborginni. Þær hafa að vísu tekið nokkru lengri tíma en ráð var fyrir gert, en víst mun þó talið nú, að smíði 350 íbúða muni hefjast innan tíðar. Hins vegar sér þess enn ekki merki, að ríkisstj. hafi uppi áform um að nota heimildarákvæði til hliðstæðra framkvæmda utan höfuðborgarinnar.

Í sambandi við kjarasamninga verkalýðssamtakanna og samtaka vinnuveitenda bæði 1964 og 1965, var farið inn á þær brautir að fjalla um ýmis fleiri hagsmunaatriði en hið beina kaupgjald, og voru húsnæðismálin þar efst á blaði bæði árin og það af mjög auðskiljanlegum ástæðum, sem sé þeim, að samningsaðilum var ljóst, að lítt bærilegur húsnæðiskostnaður láglaunafólks var og er ein af aðalástæðunum fyrir sívaxandi tekjuþörf þess. Um leið og verkalýðssamtökin hurfu að því ráði að reyna kjarasamninga á grundvelli minni kauphækkana en áður og að því er ætlað var á grundvelli verðbólguhömlunar, var það rökrétt og eðlilegt, að þau lögðu áherzlu á endurbætur á húsnæðismálakerfinu og freistuðu þess að ná fram aðgerðum, sem miðuðu

að því að lækka þennan mikilvæga þátt framfærslukostnaðar. Með samkomulaginu um byggingu 1250 íbúða í Reykjavík fyrir láglaunafólk í höfuðborginni með þeim kjörum, sem í því sambandi eru fyrirhuguð, eygir umtalsverður fjöldi heimila þar í fyrsta skipti raunhæfa möguleika á því að eignast sæmilegt húsnæði, sem líklegt er, að það fái risið fjárhagslega undir. Hitt er þó ekki síður mikilvægt, að slíkur íbúðafjöldi sem hér kæmi til á íbúðamarkaðinum við væntanlega hagstæðu verði og sérstaklega aðgengilegum lánskjörum, miklu aðgengilegri lánskjörum en áður hafa þekkzt, er næsta líklegur til þess að hafa lækkunaráhrif og þau kannske veruleg á húsnæðismarkaðinn, breyta honum í heilbrigðara horf, lækka byggingarverðlag almennt á höfuðborgarsvæðinu. Á hinn bóginn virðist það á engan hátt réttlætanlegt, að slíkar umbætur sem hér er um að ræða séu einskorðaðar við höfuðborgina og láglaunafólk annars staðar á landinu verði með öllu afskipt um þau sérstöku lánskjör og hagkvæmni í byggingarframkvæmdum, sem ætlunin er, að upp verði tekin. Húsnæðisvandamálin eru engan veginn takmörkuð við höfuðborgina, heldur er þar um að ræða vanda, sem steðjar raunverulega að hverjum láglaunamanni, sem þarf að byggja yfir sig húsnæði og sig og sína, hvar sem er á landinu. Og sú þörf er fyrir hendi að meira eða minna leyti í flestum kaupstöðum og kauptúnum í landinu. Það skal þó ekki úr því dregið, að þörfin á úrbótum og framkvæmdum sé brýnust hér á höfuðborgarsvæðinu, og því verður að teljast eðlilegt, að þyngst áherzla sé lögð á sérstakar ráðstafanir þar. En hinu má þó ekki heldur gleyma, að jafnvægi og jafnræði í þessum efnum milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar verður að vera ríkjandi regla, ef nokkurt hald á að reynast í átaki eins og því, sem hér er fyrirhugað. Forréttindi og misrétti mundi aðeins enn á ný ýta á þá þróun, að landsmenn þjappi sér enn frekar saman en áður á þéttbýlissvæðinu í og við höfuðborgina og hún aftur gera takmörkuð átök í húsnæðismálunum að engu, áður en langt um liði, og í raun og veru vil ég segja, að þetta sjónarmið sé að nokkru leyti a. m. k. viðurkennt með því að heimildarlögin ná til landsins alls, eins og ég hef áður getið um. Ég álít, að öll skilyrði, sem heimildarlögin setja fyrir því, að ákvæðin um hin sérstöku lánskjör séu notuð, séu nú fyrir hendi víða um land, sérstaklega í hinum stærri kaupstöðum, þar sé víða um verulega aukningarþörf í byggingarframkvæmdum að ræða og þar séu góð skilyrði og ég vil segja jafnvel fullt eins góð skilyrði og í Reykjavík eða betri til þess að byggja hagkvæmar og staðlaðar íbúðir og þar sé einnig víða fyrir hendi vilji sveitarfélaga og verkalýðsfélaga til nauðsynlegrar samvinnu um framkvæmdir, ef möguleikar til þeirra eru opnaðir af hálfu ríkisstj.

Af hálfu verkalýðssamtakanna hlýtur að vera lögð á það þung áherzla, að hinar sérstöku ráðstafanir komi láglaunafólki til góða hvarvetna úti um land, þar sem unnt er að uppfylla eðlileg skilyrði og þar sem húsnæðisskortur er fyrir hendi, og eftir að svo hefur verið frá lögunum gengið sem gert hefur verið, verður að teljast í alla staði óeðlilegt, að slíkt jafnréttismál þyrfti t. d. að gera að nýju samningamáli í sambandi við hugsanlega eða væntanlega kjarasamninga. Í þessu sambandi minni ég t. d. á ályktun, sem gerð var um þetta efni á þingi A. S. Í., sem haldið var seint á s. l. ári, í nóv. s. l., þar sem þess var krafizt, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess að útfæra umræddar aðgerðir í húsnæðismálum til landsbyggðarinnar allrar.

Ég læt svo að lokum í ljós þá von, að hv. Alþ. fallist á að samþykkja þessa till., sem hér liggur fyrir, og sýni með því ótvíræðan vilja sinn um það, að sami réttur verði tryggður láglaunafólki um allt land til þeirra úrbóta í húsnæðismálum, sem hér ræðir um og ríkisstj. hefur fullar heimildir til að beita sér fyrir.

Ég legg til, herra forseti, að umr. verði nú frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Tillögur U Þants til lausnar á styrjöldinni í Víetnam.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um samþykki Alþingis við tillögur U Þants til lausnar á styrjöldinni í Víetnam [43. mál] (A. 45).

Á 7. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 10., 11., 12., 15., 20., 22., 23., 24. og 28. fundi í Sþ., 9., 16., 23. og 30. nóv., 7. des., 1., 2., 8., 15. og 22. febr., 8. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 15. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur hér, hv. 5. þm. Reykn., 5. landsk. og ég, að flytja till. til þál. um sam-

þykki Alþ. við till. U Þants til lausnar á styrjöldinni í Vietnam. Ég mun hér ræða þetta mál á þann hátt, að ég mun fyrst reyna að gera nokkra grein fyrir því, hvað ég álít í rauninni, að væri söguleg skylda Alþ. Íslendinga að gera hvað snertir Vietnam, ef við vildum breyta í samræmi við okkar sögulegu erfð og reynast trúir þeirri stefnu, sem við Íslendingar mörkuðum í okkar eigin sjálfstæðisbaráttu. Síðan mun ég ræða þá till., sem við hér flytjum, og hún gengur hins vegar alls ekki eins langt og eðlilegt væri, að við Íslendingar treystum okkur til þess að ganga í þessu máli, en hún er hins vegar raunsæ miðað við það, sem hugsanlegt er að fá í gegn eins og Alþ. Íslendinga er skipað.

Það væri eðlilegt, að við Íslendingar stæðum með Vietnamþjóðinni í þeirri baráttu, sem hún nú heyr, og ég vil minna á það, að þó að oft sé deilt á ýmislegt, sem okkur þykir miður fara í utanríkispólitík Íslands, hefur það komið fyrir áður, að Ísland hefur og stundum meira að segja eitt sér af þeim þjóðum, sem eru í Atlantshafsbandalaginu, staðið með frelsisbaráttu nýlenduþjóðar á móti bandalagsríki Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Svo var það t. d. í sambandi við Alsír. Þar var um að ræða nýlendu Frakka, sem stóð í 7 ára nýlendustríði við þá, og allan þann tíma tók Ísland afstöðu með Alsír, aleitt af öllum þeim ríkjum, sem í Atlantshafsbandalaginu voru. Ég veit, að frönsku stjórninni þótti þetta þá löngum eins konar samningsrof. Þeim þótti það hart, að íslenzki fulltrúinn skyldi taka slíka afstöðu. En ég efast ekki um, að nú sjái menn það, að Ísland var að gera þar með það, sem var Frakklandi líka fyrir beztu, og það kom að því, að slík frönsk stjórn tók við, að hún veitti Alsír það frelsi, sem það hafði barizt fyrir í 7 ár, og Frakkland varð í krafti þeirrar breyttu stefnu, sem það þá tók upp, eitt af virtustu stórveldunum í augum þróunarþjóðanna.

Það er þess vegna engum efa bundið, að forsaga okkar í þessum efnum gefur okkur vissulega tilefni til þess að athuga, hvort það væri ekki fyllilega rétt, að Ísland nú tæki beinlínis afstöðu með frelsisbaráttu Vietnambúa. Hins vegar er það svo hér, að það eru Bandaríkin, sem eiga hlut að máli, og ég býst við, að okkar hæstv. ríkisstj. og mörgum hennar fylgjendum finnist máske viðurhlutameira að taka harða afstöðu gegn Bandaríkjunum en mönnum þótti hér áður að taka afstöðu gegn Frakklandi. En það er rétt fyrir okkur að athuga það, að raunverulega höfum við sömu skyldu nú að taka alveg drengilega afstöðu með Vietnamþjóðinni og þora að segja Bandaríkjunum til syndanna, þegar þau eru nú tekin við því hlutverki, sem Frakkland einu sinni hafði gagnvart þeirri nýlenduþjóð. Og seinna meir býst ég við, að sú stjórn í Bandaríkjunum, sem mundi leysa þetta mál, mundi kunna að meta það við okkur, hvort sem núverandi stjórn mundi gera það eða ekki. Það er þess vegna rétt, að við rifjum rétt upp fyrir okkur sögu þessarar kúguðu þjóðar, sem nú er að berjast fyrir frelsi sínu við voldugasta stórveldi heimsins.

Vietnamþjóðin er gömul þjóð, sem lengi hefur haldið sínu þjóðerni og löngum barizt fyrir sínu sjálfstæði. Hún var frá því á 1. öld fyrir Krist og þar til um það leyti, að við stofnuðum Alþingi hér úti á Íslandi, alveg þangað til í byrjun 10. aldar, hins vegar kínverskt skattland, en hélt allan tímann sínu þjóðerni og sinni þjóðmenningu. Hún hefur þurft að heyja samsvarandi baráttu og við, vera öldum saman nýlenduþjóð, þar sem reyndi á það, hvort hún gæti virkilega haldið sér við sem þjóð og haldið sinni þjóðmenningu, sínu þjóðerni þrátt fyrir alla kúgunina. Um 938 varð þessi þjóð sjálfstæð, hratt af sér því kínverska oki þá og hefur alltaf síðan verið ein þjóð, allan tímann bændaþjóð, þar sem hefur verið landsdrottnayfirstétt og mandarínaembættismannastétt og konungsvald, en þar sem bændurnir samt sem áður allan tímann hafa haldið mjög miklu lýðræði, mjög miklu sjálfstjórnarvaldi, en verið fátækir, verið undirokuð stétt. Það er 1884, sem franska nýlenduveldinu tekst að ná tökum á þessari þjóð. Það er konungurinn þar, sem bíður verndar franska nýlenduveldisins, og það er hann, sem notar mandarínastéttina, embættismannastéttina, sem eins konar umboðsmann sinn og nær tengslum við landsdrottnana og gerir við þá bandalag um blóðuga kúgun bændastéttarinnar. Og á árabilinu frá því að Frakkland náði þarna tökum og þangað til 1910 gekk á sífelldum bændauppreisnum í þessu landi, vegna þess að þjóðin vildi ekki sætta sig við þá kúgun, sem hún þar með var orðin undirorpin. Eftir að Kína verður lýðveldi og eftir að rússneska byltingin gerist, taka þarna eins og víðar í Asíu að rísa upp alþýðuflokkar, sem berjast um leið fyrir þjóðfrelsi þessara landa, og í Vietnam, sem er eitt ríkasta landið í því gamla Indó-Kína, í þeirri gömlu, stóru, frönsku nýlendu, var þessi barátta alveg sérstaklega hörð. Og þar myndast samstarf í þeirri sjálfstæðisbaráttu, þar sem standa saman kommúnistar, sósíalistar, þjóðernissinnar í einni sameiginlegri fylkingu, sem ber nafnið, sem við oft heyrum nú, Vietminh. Og þetta sjálfstæðisbandalag í Vietnam er það, sem nær fylgi yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar og heyr frelsisbaráttuna gegn Frökkum á sínum tíma og síðar gegn Japönum, þegar þeir leggja landið undir sig. Japanir settu þarna, eins og kunnugt er, þann 9. marz 1945 keisara, og þegar þeir svo falla þarna, verður Vietnam sjálfstætt í ágúst 1945. Það fara fram kosningar í Vietnam 6. jan. 1946, og þar verður þetta sjálfstæðisbandalag, Vietminh, í yfirgnæfandi meiri hluta hjá þjóðinni, og í marz 1946 er gerður samningur á milli þessara sjálfstæðishreyfinga, sem hefur yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig, í frjálsum kosningum, þá er gerður samningur milli Vietminh og frönsku stjórnarinnar, þar sem Vietnam er viðurkennt sem sjálfstætt

lýðveldi. Það, sem síðar gerist, er, að franska herveldið svíkur þennan samning, og í nóv. 1946 ráðast Frakkar á þessa þjóð. Í Hanjong eru drepnir um 6 þús. manns með því, að frönsk herskip skjóta á borgina, og þar með byrjar það stríð, sem verður frelsisstríð Vietnams á móti Frökkum. Sá maður, sem nú er aðalforinginn fyrir þjóðfrelsisher Vietnams, er sá sami sem þá hafði forustuna á hendi, í þeim her, sem þá var myndaður í Vietnam til þess að heyja frelsisbaráttuna á móti Frökkum, maður, sem er kennari og doktor í lögfræði.

Þetta stríð var frá sjónarmiði Frakka raunverulega tapað 1950. En það var haldið áfram af þrjózku enn þá í 4 ár í því trausti að geta murkað lífið úr þessari þjóð. En endanlega biðu Frakkar þarna ósigur þann 7. maí 1954 við Dien Bien Phu, eins og kunnugt er í sögunni. Og daginn eftir tekur Genfarráðstefnan að ræða einmitt þessi mál, hvernig leysa skuli vandamálin í Vietnam. Allan þennan tíma, sem Frakkar standa þarna í 7 ára svívirðilegri styrjöld til þess að reyna að kúga þessa þjóð eftir að hafa rofið við hana samninga, eru það Bandaríkin, sem veita þeim fé, og það eru þau, sem bera um 70% af hernaðarútgjöldum Frakka á þessum tíma. Og ég hef, ef á þyrfti að halda, hér alveg upplýsingar um þennan herkostnað, sem Bandaríkin þá lögðu í. Það var talað um það á þessum tíma, að það væri jafnvel rétt, að Bandaríkjamenn ættu að senda eitthvað af hermönnum líka til Vietnams til að hjálpa Frökkum, þegar verst stóð. Því var harðlega mótmælt, og meðal þeirra manna, sem mótmæltu því, var einn öldungadeildarþm., Lyndon B. Johnson, sem nú er forseti Bandaríkjanna. Hann sagði þá í bandaríska þinginu:

„Ég mótmæli því, að bandarískir hermenn séu sendir til Indó-Kína til að skríða þar í aur og fórna lífi sínu til að viðhalda nýlendustefnunni og arðráni hvíta mannsins í Asíu.“

Þetta voru orð núverandi forseta Bandaríkjanna, á meðan einhver tilfinning var til hjá valdamönnum Bandaríkjanna fyrir sóma þeirrar þjóðar, fyrir erfð þeirrar þjóðar, sem einu sinni átti George Washington og einu sinni háði sjálf samsvarandi frelsisstyrjöld eins og þá, sem nú er háð í Vietnam. Það var þess vegna þá látið sitja við það, að Bandaríkjamenn kostuðu styrjöld Frakkanna þar, og Frakkar biðu síðan ósigur. Í Genf var síðan samið um þetta land. Til bráðabirgða var ákveðið að skipta því, en það var greinilega tekið fram í Genfarsamningnum, að sú skipting skyldi aðeins vera til bráðabirgða og innan tveggja ára skyldu fara fram kosningar í öllu landinu, vegna þess að Vietnam væri aðeins eitt land, og það var bannað í þessum samningi að flytja inn nokkurn her til þessa lands. Og Bandaríkin, sem að vísu undirskrifuðu ekki sjálf þennan samning, lofuðu því hátíðlega, og þá yfirlýsingu hef ég hér, ef á þarf að halda, að þau skyldu ekki beita valdi í sambandi við Vietnam á þessum tíma.

Það má líka minna á það í þessu sambandi, að þeir menn, sem bezt hafa skilið þetta allt saman og bezt hafa staðið þar á verði fyrir því, sem bezt er í erfð Bandaríkjanna, hafa lagt alveg sérstaka áherzlu á þetta. Ef utanrmn. eða hæstv. utanrrh. vill kynna sér það, sem Fulbright segir í sinni bók, The arrogance of power, þegar hann talar um þetta á bls. 116, þá tekur hann alveg sérstaklega fram, að 17. breiddargráðan hafi verið skoðuð aðeins sem bráðabirgðalandamæri og mætti á engan hátt skýra það sem sérstök pólitísk landamæri, og minnir á, að þessu gái þeir menn ekki að, sem segi, að Norður-Vietnam sé gripið í árás á erlent land frekar en í því að styðja uppreisnartilhneigingu innanlands. Þetta er eitt og sama ríkið, og það var viðurkennt líka af Bandaríkjamönnum þá, þegar Genfarsamningurinn var gerður.

Það, sem síðan gerðist strax á eftir, er, að Bandaríkin beita sér fyrir því að koma þarna upp leppstjórn í Suður-Vietnam og láta þá stjórn brjóta alla þá samninga, sem átti að gera, láta hana byrja á að kúga þjóðina þar, koma upp fangabúðum, beita pyntingum og starfa á annan hátt eins og fasistískar stjórnir gera, bregðast síðan því að láta fram fara þær kosningar, sem þarna áttu fram að fara, og síðan gengur á því, að hverjum leppnum er steypt á fætur öðrum. Sá, sem lengst sat og Bandaríkjamenn fyrst tóku, var myrtur 1. nóv. 1963, og Bandaríkjamenn verða síðan að taka að sér að beita hverjum leppnum á fætur öðrum fyrir sig í þessu landi og að lokum nú þeim manni, sem talinn er þar forsrh., Ky hershöfðingja, sem hefur lýst því yfir, að hann eigi sér aðeins eina hetju, sem sé Hitler, þ. e. hrein fasistísk stjórn með Hitler sem fyrirmynd.

Bandaríkin hafa síðan sokkið meira og meira á kaf í því feni, pólitíska feni, sem þau eru lent þarna í, og það, sem liggur fyrir okkur að athuga, þegar við íhugum, hvernig þarna er komið, er, hvernig stendur á þessu. Hver er ástæðan til þess, að Bandaríkin eru að skipta sér af svona fjarlægu landi, þar sem manni virðist, að þau ættu ekki sjálf að hafa neinna beinna hagsmuna að gæta? Það er rétt, þegar við reynum að grafast fyrir um þessar ástæður Bandaríkjamanna, að athuga, hvað þeir hafa sjálfir sagt um þessi mál. Eisenhower Bandaríkjaforseti segir, þegar hann ræðir um þessi mál 1953, 4. ágúst, með leyfi hæstv. forseta:

„Segjum, að við missum Indó-Kína. Þá mundi margt gerast samtímis. Skaginn, eins og hann er, mundi þá vart vera verjanlegur. Þetta svæði gæti ekki lengur látið okkur fá tin og wolfram, sem við metum mjög mikils. Þegar Bandaríkin þess vegna veita 400 millj. dollara styrk til þessa stríðs, er það ekki neitt, sem við erum að gefa burtu. Það er ódýrasti mátinn, sem við getum gert til þess að hindra ástand, sem væri mjög hættulegt fyrir Bandaríkin og fyrir okkar öryggi og fyrir okkar vald og fyrir okkar aðstöðu til þess að út-

vega okkur þá hluti frá hinum ríku landsvæðum Vietnams og Suðaustur-Asíu, sem við þurfum að fá.“

M. ö. o.: Eisenhower þáv. forseti viðurkennir í þessari ræðu sinni 4. ágúst 1953, að Bandaríkin séu beinlínis að viðhalda þarna her, fyrst að kosta franskan her og seinna meir viðhalda þar her til þess að ná sér í auðæfi þessarar þjóðar, auðæfi, sem þarna eru í landinu, og til þess að skapa sér hernaðarlega aðstöðu þar. M. ö. o.: það er enginn réttur, sem þau hafa þarna, heldur aðeins hitt, að þau vilja sölsa undir sig auðæfi, sem aðrar þjóðir eiga. Hvernig stóð á, svo fremi sem frjálsar kosningar hefðu verið látnar fara fram á þessum tíma? Hvert var álit manna um, hvernig þær mundu fara? Eisenhower Bandaríkjaforseti segir þar í endurminningum sínum, sem út komu 1964, þegar hann er að ræða um, hvernig farið mundi hafa, svo fremi sem frjálsar kosningar hefðu farið fram í Indó-Kína, — Eisenhower segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef ekki hitt neina persónu með neinn skilning á indó-kínverskum málum, sem ekki var á þeirri skoðun, að ef kosningar væru látnar fara fram á þeim tíma, sem enn þá var barizt, mundu líklega 80% af þjóðinni hafa greitt atkv. með Ho-Chi-Minh, þ. e. núv. forseta Norður-Vietnams, sem var talinn aðalleiðtogi þjóðfrelsishreyfingarinnar. Og John F. Kennedy, hinn látni forseti Bandaríkjanna, sagði nokkrum mánuðum eftir að Eisenhower sagði þetta:

„Þrátt fyrir alla óskhyggju í aðra átt, var það greinilegt, að þær vinsældir og þau áhrif, sem Ho-Chi-Minh hefur í öllu Indó-Kína, mundu leiða annaðhvort til skiptingar eða samstjórnar í ríkinu, sem kommúnistarnir mundu ráða yfir.“

Það var alveg greinilegt, að allir þeir, sem þekktu eitthvað inn á ástandið á þessum tíma, voru á því, að svo framarlega sem þessi þjóð fengi sjálf að kjósa sína forustumenn, mundi hún kjósa þessa, sem forustu höfðu haft í hennar þjóðfrelsisbaráttu, og þá, sem þá stóðu saman, kommúnista, sósíalista og þjóðfrelsissinna aðra. Það var þess vegna greinilegt, að þarna var um tvennt að ræða fyrir Bandaríkin, annars vegar að sölsa undir sig viss auðæfi í þessum löndum og að skapa sér hernaðaraðstöðu og hins vegar að hindra, að þessi þjóð fengi á lýðræðislegan hátt að kjósa sér þá stjórn, sem hún helzt vildi hafa. Þegar Bandaríkin fara að blanda sér inn í þessa styrjöld eða blanda sér inn í þróun málanna þarna, gera þau sér vafalaust upphaflega hugmynd um það, að þau með sínu mikla valdi muni fljótt geta skakkað þarna leikinn. Hermálaráðherra Bandaríkjanna lofaði því t. d. fyrir 4 árum, að það yrði hægt að kalla alla ameríska hermenn heim 1965, en það, sem þeir reka sig á, er, að þegar þeir eru komnir út í að skipta sér svona mikið af þessu, sjá þeir, að það eru þeir og þeir svo að segja einir, sem eru að berjast gegn allri þjóðinni og verða þess vegna í sífellu að bæta fleiri og fleiri við af hermönnum, þannig að þeir eru nú brátt komnir upp í ½ milljón manna þar. Enda er það álit flestra þeirra, sem yfirleitt ræða um þessi mál, að í árslok 1962 hafi þjóðfrelsisherinn ráðið yfir 80% af Deltasvæðinu þar syðra, sem svo er kallað, þar sem um 10 millj. manna búa, og um 90% af sveitalandssvæðunum, þannig að þetta var ekki nema Saigon og hringurinn þar í kring og borgirnar, sem Bandaríkjaherinn og fasistastjórnin, sem þeir studdu, gátu raunverulega þá ráðið yfir. Það, sem svo síðan hefur gerzt og sérstaklega á þessum síðustu tveimur árum, er, að Bandaríkin eru lent þarna í einni hræðilegustu styrjöld, sem háð hefur verið. Þessi styrjöld er verri en flestar aðrar styrjaldir hvað það snertir, að af sumum er talið, að fyrir hvern hermann, sem þar er drepinn, séu drepnir um 10 óbreyttir borgarar. Hún er ægilegri fyrir þjóðina sjálfa en flestallar aðrar styrjaldir. Og núna eru Bandaríkjamenn farnir að beita í þessari styrjöld hernaðaraðferðum, sem eru bannaðar í öllum þeim sáttmálum, sem til eru um stríð. Það er beitt þessum hræðilegu napalmsprengjum gagnvart alþýðu manna, fólkið bókstaflega brennt upp. Það er beitt eiturgasi til þess að eyðileggja gróðurinn, og það, sem nú þegar er búið að beita af slíkum vopnum í þessari styrjöld, getum við e. t. v. gert okkur nokkra hugmynd um af eftirfarandi tölum. Washington Post segir frá því 11. febr. 1966, og Business week segir frá því 5. marz 1965, að það sé búið að beita 85 millj. samstæðna af skotfærum, sem sé léttum vopnum, mánaðarlega í styrjöldinni, þar sem þá er komið, að það sé beitt um 10 millj. samstæðum af skotfærum í fallbyssur á ári, að það sé beitt 2 millj. flugvélasprengjum á ári, að eldflaugarnar séu tæpar 5 millj., að sprengikúlurnar séu tæpar 7 millj. Þetta er sem sé í ársbyrjun 1966, sem þessi útreikningur er.

New York Times skýrir frá því eftir Mac Namara hermálaráðh. 21. apríl 1966, að þá hefði sprengjumagnið verið komið upp í 50 þús. tonn á mánuði. Sprengjumagnið í Kóreustyrjöldinni var 17 þús. tonn á mánuði. Sprengjumagnið í síðari heimsstyrjöldinni í Evrópu og Afríku samanlagt var 48 þús. tonn á mánuði. Sem sé, á þessa einu litlu, fátæku þjóð, sem er að berjast fyrir frelsi sínu, er hent mánaðarlega núna meira sprengjumagni en hent var á alla Evrópu og Afríku á mánuði í heimsstyrjöldinni síðari. Það rignir þannig bókstaflega frá voldugasta herveldi heims yfir þessa litlu þjóð meira sprengjumagni en allar þær þjóðir urðu fyrir, sem köstuðu sprengjum hver á aðra í síðustu heimsstyrjöld á mánuði hverjum. Það er þess vegna ljóst, að það, sem þarna er um að ræða, er ekki einu sinni neitt venjulegt stríð. Menn treysta sér ekki til þess, sem hafa ráðizt á þessa þjóð, að berjast maður við mann um, hvor eigi að ráða í landinu. Það, sem verið er að gera, er, að það er sagt við þessa þjóð

með verkunum: Þú skalt verða drepin, ef þú ætlar að ráða landi þínu sjálf. — Það, sem Bandaríkjamenn eru að framkvæma þarna, er þjóðarmorð. Það er það, sem þýzku nazistaforingjarnir voru dæmdir fyrir til dauða eftir síðustu styrjöld, að útrýma heilli þjóð í krafti þess, að menn hafi slík tök með vopnum sínum, að þeir geti gert það. Enda er svo komið, að ýmsir fremstu menntamenn veraldarinnar beita sér nú þegar fyrir því samkvæmt þeim lögum, sem Bandaríkin og bandamenn þeirra sömdu í stríðslok, að ákæra Lyndon B. Johnson og aðra leiðtoga Bandaríkjanna sem stríðsglæpamenn fyrir alþjóðlegum stríðsglæpadómstóli.

Hvað er það nú, sem rekur Bandaríkin til þess að gera svona nokkuð? Það er í fyrsta lagi ímynduð barátta gegn kommúnismanum. Við sjáum á þessu dæmi, sem þarna er að gerast, hvað þessi hugmyndalega krossferð getur leitt eina þjóð út í ægilegar ógöngur og ægilegt æði. Það er þetta, sem raunverulega er rætt um allan tímann. Í hvert skipti sem Bandaríkin tala um þetta, segja þau bara: Við erum að berjast á móti kommúnistum. — Að ætla að heyja slíka hugmyndalega styrjöld er náttúrlega alveg fjarri lagi, og þeir menn, sem af mestu viti hugsa um þetta í Bandaríkjunum nú, leggja líka áherzlu á það, að slíkt nái ekki nokkurri átt. Fulbright öldungadeildarþm. segir í þeirri bók sinni, sem ég hef oft vitnað hér í, á bls. 111:

„Höfuðatriði sorgleiksins í Víetnam er sú staðreynd, að þar er á ferðum ein voldugasta þjóðernissinnahreyfingin í nokkru landi, og hún er undir forustu kommúnista.“ Síðan heldur hann áfram: „Ho-Chi-Minh er ekki agent fyrir kommúnistískt Kína, enn þá síður fyrir alþjóðlegt kommúnistískt samsæri, eins og við heyrum svo mikið um. Hann er sanntrúaður þjóðernissinnaður byltingarmaður, forustumaður í uppreisn þjóðar sinnar gegn franskri nýlendustefnu, en hann er líka kommúnisti, og það er aðalástæðan til þess, að hann síðan 1950 er álitinn óvinur af Bandaríkjunum.“

Fulbright rekur síðan í þessari bók sinni hvað eftir annað, hvílíka vitleysu Bandaríkin séu að gera með þessu. Í staðinn fyrir að semja einmitt við Víetnam, semja við Ho Chi-Minh, gætu þau skapað sér vináttu við þjóð, sem að vísu mun að öllum líkindum velja sér kommúnistíska forustu, en síður en svo hafi eitthvað á móti því að vera vinveitt Bandaríkjunum. Og ég held, að þeir þm., sem fyrst og fremst vildu gjarnan taka tillit til þess, sem forustumenn Bandaríkjanna segja í þessum efnum, ættu að kynna sér til fullnustu þessa bók Fulbrights, sem ég veit, að margir þeirra hafa hlustað á, þegar hann kom hingað. Hann leggur áherzlu á það, að það sé ekki aðeins í sambandi við alla erfð Bandaríkjanna, alla þeirra gömlu andstöðu gegn nýlendustefnu, minningarnar um þeirra eigin gamla frelsisstríð, heldur líka út frá þeirra núverandi pólitík, sé það eina vitið að semja við Víetnam, og hann leggur áherzlu á það sérstaklega á bls. 126 í þessari bók sinni, að allt sambandið milli austurs og vesturs, allt það batnandi ástand, sem gerzt hafi, þar með líka spurningin um framtíð Þýzkalands, það fari allt saman eftir því, hvernig það gangi nú í Víetnam, því að ef þar fari illa, gæti það leitt til eyðileggingar einmitt á því tiltölulega góða andrúmslofti, sem skapazt hafi milli stórveldanna í austri og vestri. Það er þess vegna alveg ljóst, að það að heyja þetta stríð af hálfu Bandaríkjanna sem almenna baráttu á móti kommúnismanum í staðinn fyrir að líta á þetta sem hverja aðra þjóðernislega frelsisbaráttu, sem að vísu sé að mjög miklu leyti undir forustu kommúnista, það er greinilegt, að aðeins með því að skoða þessa styrjöld þannig er mögulegt að komast að skynsamlegri niðurstöðu um hana, og þeir menn Bandaríkjanna, sem skynsamlegast hugsa í þessum efnum, berjast fyrir því, að þetta sé gert.

Og við ættum einmitt, þegar við kynnum þetta mál hér heima og ræðum þetta mál, að taka tillit til þess, hvað einmitt þessir menn segja. Við skulum muna eftir því, að Bandaríkin hafa áður, þegar þau hafa sjálf lent í árásarstyrjöld við þjóð, átt menn, sem höfðu dirfsku til þess að tala á móti sínum eigin valdhöfum. Þegar Bandaríkin ráðast á Mexíkó á sínum tíma, er það Abraham Lincoln, sem rís upp í Bandaríkjaþinginu og ræðst á ríkisstj. fyrir að gera sig seka um slíka árás.

Í öðru lagi: þær ástæður, sem Bandaríkin hefðu til þess að vera að heyja þetta stríð, sem sé það, sem Eisenhower kom inn á, baráttan um auðæfi jarðarinnar, það er ekkert eins fjarri lagi og ætla að reyna að rökstyðja þessa styrjöld með því. Bandaríkjaþjóðin er 6% af íbúum jarðarinnar, en þessi Bandaríkjaþjóð ræður yfir 60% af öllu auðmagni heimsins. Ætti því þessi þjóð að gera kröfu til þess, að einmitt þarna, svo að segja lambi fátæka mannsins verði hún að bæta við allan sinn auð? Það er ekki hægt að flytja fram þær röksemdir fyrir neinn sem réttlætingu fyrir þessu stríði, að Bandaríkin væru svo fátæk, að þau þyrftu endilega að ná í auðæfi þessarar Víetnamþjóðar.

En það er önnur og þriðja ástæðan fyrir þessu stríði, sem er e. t. v. sú ískyggilegasta, en sú sanna, og það er, að gróðinn af hergagnaframleiðslu er orðinn bezti „bisnessinn“ í Bandaríkjunum núna, að það að framleiða hergögn og hagnýta þau og stofna þess vegna til styrjalda er bezti gróðavegurinn fyrir auðmannastétt Bandaríkjanna. Það stafar af því, að það er orðið mjög dýrt að drepa menn nú á tímum. Þess vegna er hægt að eyða mjög miklu fé í styrjöld, og það er ríkið, sem borgar útgjöldin í styrjöld, en það eru einstök gróðafélög, sem framleiða hergögnin og græða á styrjöldinni. Ameríkur maður hefur athugað það, hvað það kostaði að drepa einn hermann í styrjöld. Það voru ekki nema nokkur amerísk cent á tímum Cesars. Það voru 23

þús. dollarar, sem kostaði að drepa einn hermann í fyrri heimsstyrjöldinni. Það kostar í síðari heimsstyrjöldinni 50 þús. dollara að drepa hvern hermann. Núna í Vietnam kostar það 175 þús. dollara að drepa hvern hermann. Það er því mikill „bisness" fyrir stærstu hergagnaframleiðendur Bandaríkjanna, að þau geta eytt 7½ millj. ísl. kr. í að drepa hvern skæruliða, sem þau drepa í Vietnam, fá þannig ágætismarkað fyrir sín hergögn og láta ríkið, ameríska ríkið, borga. 7½ millj. kostar það að drepa hvern af þessum fátæku bændum og öðrum hermönnum, sem þarna eru að berjast. Það er meiri upphæð en þessir menn sjá í öllu sínu lífi. Ef Bandaríkin vildu eyða því, sem þau eyða í dag í að drepa menn í Vietnam, gæti Vietnam verið með fremstu velferðarríkjum heims, þannig að frá hreinu fésýslusjónarmiði, ef Bandaríkin væru að hugsa um það, hvað væri praktískast upp á að fá þessa þjóð til þess að vera vænkæra og rólega, þá væri vafalaust betra að hjálpa henni til þess að verða velmegandi velferðarríki en reyna að murka úr henni lífið, eins og nú er verið að gera.

En sú ægilega mynd, sem þetta hins vegar dregur upp fyrir okkur, er það, að Bandaríkin treysta sér ekki til þess fyrst og fremst sjálf að vera ríkið, sem hjálpi og miðli og gefi öðrum þjóðum heims af sínum miklu auðæfum, en þess forustumönnum finnst betra að láta Bandaríkin verða í raun og veru hernaðarríki, láta þau verða svo að segja herferðarríki, en ekki velferðarríki í slíkum efnum.

Þetta er hættulegur hlutur. Hergagnaframleiðsla og hernaður er að verða svo stór þáttur í öllu lífi Bandaríkjamanna, að ekki aðeins Vietnam, heldur öllum heiminum stafar ógn af því, stafar hætta af því. Það eru 55 milljarðar dollara, sem er árlega eytt í þjóðvarnir, þ. e. til hermála Bandaríkjanna á ýmsan hátt. Það eru 7½ millj. manna, sem starfa í einhvers konar hervörnum, og það eru 6—9 millj. manna og það áður en Vietnamstríðið náði því hámarki, sem það nær nú, sem vinna í einhverri vinnu, sem þessar hervarnir skópu. Það er talið, að af þeim 78 millj. manna, sem eru vinnufærir í Bandaríkjunum, séu ýmist atvinnulausir, það er 8%, eða þá menn, sem eru í her eða hervinnu eða í framleiðslu, sem er tengd hernum, 20—24 millj. manna. Ástandið er orðið þannig, að að áliti vissra voldugra manna í Bandaríkjunum er stríð einhvers staðar í heiminum nauðsyn fyrir bandarískra þjóðarframleiðslu.

Við vitum, að Hitler afnam atvinnuleysið í Þýzkalandi með því að leggja út í hergagnaframleiðslu í stórum stíl og leggja síðan út í stríð. Það er sama lögmálið, sem er að verki hjá auðmannastétt Bandaríkjanna. Strax 1957 var hermálaráðuneyti Bandaríkjanna voldugasta „organisasjón" í veröldinni, frá hvaða sjónarmiði sem séð var. Hermálaráðuneyti Bandaríkjanna réð þá yfir jörð, sem var um 128 millj. km², og yfir 10 millj. km² í öðrum löndum. Það réð yfir verðmæti, sem var 160 milljarðar dollara. 1960 var það svo, að 100 stærstu auðfélögin í Bandaríkjunum fengu ¾ hluta af þeim 21 milljarði dollara, sem fóru beint í vopnaframleiðslu. Og þessi sömu fyrirtæki, þessi sömu hundrað stærstu auðfélög Bandaríkjanna sem fyrst og fremst græða á þessari hergagnaframleiðslu, höfðu þá í sinni þjónustu um 1400 fyrrv. liðsforingja, sem voru hærri í tign en majór, og 260 hershöfðingja. M. ö. o.: sambandið milli hergagnaframleiðslunnar, sem er í höndum einkaauðvaldsins í Bandaríkjunum, og herforingjanna í Bandaríkjunum er þannig, að jafnóðum og herforingjarnir hætta einhvern tíma að vera herforingjar, koma þeir inn í stjórnir þessarar hergagnaframleiðslu, og meðan þeir eru sjálfir í hernum, hafa þeir hagsmunina af því og samböndin við þessa stóru hergagnaframleiðendur. Þannig er búið að tvinna algerlega saman vopnaframleiðsluna í Bandaríkjunum og hershöfðingjavaldið og það í svo ríkum mæli, að þegar t. d. Eisenhower, sem sjálfur var herforingi og talaði þó þessi orð löngu áður en Vietnamstríðið kom til, þegar hann heldur sína kveðjuræðu sem forseti Bandaríkjanna, aðvarar hann Bandaríkin við þessu hernaðarlega og iðnaðarlega tæki, þar sem þess vald sé orðið svo mikið, að menn taki eftir því og verði varir við það í hverjum bæ, í hverri opinberri byggingu og í hverri einustu stjórnarskrifstofu, og hann segir: Hættan er og heldur áfram að vera, að það verði ægilegur vöxtur valdsins á röngum höndum. — Eisenhower sá sjálfur ástæðu til þess í sinni kveðjuræðu, þegar hann kvaddi sem forseti Bandaríkjanna, að vara við því, hvaða vald þarna væri að vaxa upp, sem, eins og við skiljum allir, mundi bjóða í raun og veru öllu lýðræði byrginn. Hermálaráðuneytið eitt hefur í sinni þjónustu 3½ millj. manna. Þar af er helmingurinn óbreyttir borgarar, og launalisti þessa ráðuneytis er 11 milljarðar dollara. Þannig mætti lengi rekja. Tíundi hluti alls verkafólks í Bandaríkjunum starfar í hergagnaiðnaðinum.

Það, sem ég vil reyna að sýna fram á með þessu, er, að það sé komið upp vald á hendur fárra manna í Bandaríkjunum, þar sem nokkrir stóriðjuhöldar og hershöfðingjar sameiginlega, án tillits til alls, sem sé skynsamlegt frá sjónarmiði þjóðarinnar sjálfrar og annarra þjóða, geti ráðið sínum ráðum og geti stofnað til annarra eins skelfinga og nú er stofnað til í Vietnam.

Kennedy heitinn forseti sagði 1959, að nú væri svo komið, að ein einasta B-52 flugvél gæti borið meiri sprengjumátt en notaður hefði verið í öllum fyrri stríðum til samans. Þróunin í framleiðslu hergagnanna, í mætti sprengnanna og í burðarþoli flugvélanna er slík, að það er svo að segja orðið alveg ótrúlegt, hvað hægt er að valda miklu tjóni og miklu böli með því að senda þessar flugvélar til þess að ausa sínum hræðilega farmi út yfir saklaust fólk. Sú hörmulega þróun, sem við

upplifum, er því sú, að Bandaríkin eru orðin að stríðsríki, sem er rekið til þess að því er virðist af hagsmunum helztu valdamanna þar að leggja í hverja styrjöldina á fætur annarri og verða þannig bölvaldur bláfátækra nýlenduþjóða, sem eru að berjast af hetjumóði fyrir sínu frelsi. Það er hörmulegt hlutskipti, að einmitt Bandaríkjaþjóðin skuli lenda í þessu, sú þjóð, sem hóf svo að segja frelsisstyrjöld nýlenduþjóðanna fyrir tæpum 200 árum og sigraði fyrst í þeim fyrir 190 árum. Og það má minna á það, þegar þessi sorgarleikur gerist, að þegar Vietnam lýsti yfir sjálfstæði sínu 2. sept. 1945, byrjaði það einmitt með tilvitnun í frelsisyfirlýsingu Bandaríkjanna um, að allir menn væru fæddir jafnir o. s. frv., sem við könnumst allir saman við. Og næst á eftir sinni frelsisstyrjöld lentu Bandaríkin sjálf í því að heyja innbyrðisstyrjöld fyrir rúmum 100 árum, þar sem Norðurríkin og Suðurríkin börðust. Ho-Chi-Minh stendur nú í þeirri aðstöðu, sem Abraham Lincoln stóð í þá. Bandaríkin hefðu ekki verið sérstaklega ánægð yfir því, sem þá var talað um þá nokkurn tíma, þegar Stóra-Bretland og Frakkland hótuðu því að fara að viðurkenna Suðurríkin sem sjálfstætt ríki og senda þeim her til aðstoðar. En nú upplifa Bandaríkin það, að nú eru það sjálf þau, sem ráðast þarna inn í suðurríkin og standa nú orðið ein í baráttunni við þjóðina sjálfa, þannig að einmitt í sjálfri sögu Bandaríkjanna og alls þess, sem er glæsilegast úr henni, eru dæmin hvað gleggst, sem ættu að vara Bandaríkjamenn við að halda áfram í þessum efnum. Enda er það svo, að einmitt öldungadeildarþm. Bandaríkjanna hver á fætur öðrum, sem risið hafa upp til þess að reyna að leiðbeina þjóð sinni í þessum efnum, hafa vitnað í það, hvernig Bandaríkin séu þarna að brjóta á móti öllu því, sem þau hafi sjálf álitið bezt í sinni sögu.

Í Vietnamstríðinu hafa Bandaríkin sokkið dýpst, unnið glæp gegn mannkyninu, glæp, sem um leið er tortímingartilraun við allt, sem var gott í þeirra eigin söguerfð. Það, sem Bandaríkin eru að gera í dag í Vietnam, er í algerri andstöðu við allt, sem þeirra beztu menn, George Washington, Benjamín Franklín eða Abraham Lincoln hafa verið að gera. Það, sem Íslendingar hefðu átt að segja við Bandaríkin á þessum tíma, var eitthvað svipað og það, sem Stephan G. Stephanson sagði við Breta, þegar þeir réðust á Búa:

> Og allt, sem varstu og vonum enn,
> og verða munir, stóra þjóð,
> og fyrir þína miklu menn
> og mannkyns gagn, sem af þeim stóð,
> þá áttu helga heimting á
> um höfuðglæp þinn níð að fá.

Það hefði átt að rista þeim níð fyrir það, sem Bandaríkin eru að gera í dag. Stephan G. Stephansson hafði andlegan mátt til þess að gera slíkt í kvæði sínu gagnvart Bretum þá og var hann þá sjálfur í brezku landi. Ég veit, að Alþ. Íslendinga hefur því miður ekki í dag þann siðferðisþrótt, sem þyrfti til þess að rísa þannig upp og þora að segja þessu voldugasta herveldi heims sannleikann um, hvað það er að gera. En hitt aftur á móti vildi ég, að kæmi fram héðan úr ræðustól Alþ., að það er til samúð með frelsisbaráttu þessarar þjóðar, eins ægilega erfitt og hún á í þeirri baráttu í dag.

Þess vegna hef ég og þeir félagar mínir, sem flytja með mér þessa þáltill., ekki farið fram á, að Alþ. Íslendinga tæki afstöðu til að fordæma þessa árásarstyrjöld Bandaríkjanna. Það, sem við förum fram á, er, að við tökum undir þær till., sem U Þant framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur flutt fram til lausnar á styrjöldinni í Vietnam. Þessar till. hans eru í þremur liðum: Í fyrsta lagi, að Bandaríkin hætti loftárásum sínum á Norður-Vietnam. Í öðru lagi, að styrjaldaraðilar í Suður-Vietnam dragi úr hernaðaraðgerðum sínum. Í þriðja lagi, að þjóðfrelsishreyfing Suður-Vietnams sé viðurkennd samningsaðili og allir aðilar fallist á að setjast að samningsborði.

(**Forseti:** *Mætti ég spyrja hv. ræðumann, hvort* hann ætti mikið eftir af máli sínu? Af sérstökum ástæðum þarf fundur að hætta fljótlega.) Nei, ég get alveg lokið á 5 mínútum, það er allt í lagi, ég skal stytta það.

Þessar till. móta ekki afstöðu í þessum efnum. Þær fordæma ekki Bandaríkin eða taka afstöðu með hinni hrjáðu Vietnamþjóð. En þær eru að mínu áliti og okkar fleiri eitt það praktískasta, sem fram hefur komið enn, og hafa margar till. komið fram um að reyna að binda endi á þessa hræðilegu styrjöld.

U Þant hefur sjálfur lýst þessu, og menn hafa heyrt það áður, og þegar hann kom hér í heimsókn, varð maður líka var við það, að hann var í raun og veru að leita hófanna um það, — þá var hann óviss í því enn þá, hvort hann mundi taka að sér að verða aðalritari Sameinuðu þjóðanna áfram, — hvernig menn tækju í hans sáttatill., m. a. vegna þess, að hann hefði vart tekið að sér að halda áfram að vera aðalritari, hefði hann ekki haft einhverja von um, að það gæti tekizt að koma á friði í Vietnam. Og undir þessa till. hans hefur verið tekið ákaflega víða, m. a. á Norðurlöndum. T. d. segir Jens Otto Krag, forsrh. Dana, í grein, sem hann reit: „Með mér leynist enginn efi um það, að U Þant kom að kjarna í Vietnam-vandamálinu, þegar hann lagði fram hina þrískiptu till. sína fyrir tæpu ári. Við komumst ekki fram hjá þeirri staðreynd, að leiðin til samningaviðræðna verður ekki greidd nema með stöðvun loftárásanna á Norður-Vietnam né heldur án gagnkvæms samdráttar hernaðaraðgerða og þátttöku þjóðfrelsishreyfingarinnar í viðræðum. Meðan stríðsaðilar vilja ekki viðurkenna burðarþol þessarar friðarásetlunar, er að mínu áliti lítil von um, að sá friður náist, sem Vietnam og heimurinn þarfnast svo brýnt. Slíkt væri mikill harmleikur."

Við vitum, að bæði í t. d. dönsku og norsku

ríkisstj., eða yfirleitt hjá ríkisstj. Norðurlanda hefur orðið allmikið vart við samúð með þessum till., og það hefur meira að segja komið fram hér heima. Ég man eftir t. d., að í leiðara Vísis 13. febr. þessa árs voru sögð þessi orð: „Till. U Þants um leið til lausnar deilunnar í Víetnam virðast sanngjarnar og skynsamlegar.“ Hvar sem þessar till. hafa verið ræddar, hefur verið vel í þær tekið. Við álítum þess vegna, að Alþ. Íslendinga ætti nú að taka undir þessar till. Það er það minnsta, sem við getum gert til þess að reyna að binda endi á hræðilega styrjöld og til þess að gefa þjóð, sem hefur orðið að ganga gegnum annað eins og Víetnamþjóðin, tækifæri til þess að fá sjálf að útkljá sín innanlandsmál og ráða því sjálf, hvernig hún hagar sínu stjórnarfari. Ég vil þess vegna leyfa mér að mælast til þess við hv. þm., að þeir samþykki þessa þáltill. okkar, og mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. verði nú frestað, ef ekki eru fleiri, sem kveðja sér hljóðs, og till. vísað til utanrmn., af því að það er aðeins ein umr. um þessa till.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Fyrir nokkru var þessi till. tekin fyrir í hv. Alþ. og 1. flm. hélt um hana ræðu nokkra, sem ég aðeins mun þó minnast á síðar, en skal reyna að svara nokkrum orðum.

Styrjöldin í Víetnam er ömurleg og hryggileg staðreynd, um það eru allir sammála, raunar bæði um þessa styrjöld og allar aðrar styrjaldir. Hroðalegar sögur eru sagðar um særða og deyjandi menn, grimmilega meðferð fanga, brenndar borgir og flýjandi fólk, sem hvergi hefur höfði sínu að halla. Hitt eru menn svo ekki eins sammála um, hverjum þetta sé allt að kenna í Víetnam og hvaða leiðir megi fara til að binda endi á þennan ófagnað. Flm. þessarar till. telja, að hér sé á ferð, eins og það er orðað í grg. till., hræðileg árásarstyrjöld hins volduga bandaríska stórveldis gegn fátækri og frelsisunnandi þjóð Víetnams. Bandaríkjamenn hafa aftur á móti aðra sögu að segja. Fastafulltrúi þeirra hjá Sameinuðu þjóðunum sagði m. a. eitthvað á þessa leið á fundi í Sameinuðu þjóðunum í haust, þar sem ég var viðstaddur, — hann sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Víetnam er skipt í dag með landamerkjalínunni, sem samþ. var í Genf 1954. Fyrir norðan þá línu liggur Norður-Víetnam og fyrir sunnan hana liggur Suður-Víetnam. Þessi tvö lönd eru stjórnmálalegar staðreyndir á alþjóðavettvangi, þótt þar sé í raun og veru um tímabundna ráðstöfun að ræða, þar til ákvörðun um friðsamlega sameiningu Víetnams sé tekin með sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar. Fyrirmæli Genfarsamningsins, sem kvað á um landamerkjalínuna, eru skýr og ákveðin í því efni að banna algerlega öll hernaðarafskipti hvors aðila af málefni hins. Jafnvel óbreyttum borgurum er bannað að ferðast um hlutlausa svæðið. Árið 1962 voru einnig allir herflutningar inn í Víetnam í gegnum Laos bannaðir. Þrátt fyrir þessi ákvæði eru þegar allmörg ár síðan árásarstyrjöld var hafin gegn Suður-Víetnam. Að þeirri styrjöld stóðu liðsveitir, sem stjórnað var úr norðrinu og fengu þaðan birgðir sínar og styrktarfé. Þetta lið telur nú 17 herfylki úr Norður-Víetnamhernum. Yfirlýst markmið þessara árása er að þvinga Suður-Víetnamþjóðina til þess að taka sér stjórnarhætti, sem hún mundi ekki hafa kosið sér á nokkurn friðsamlegan hátt.“

Þetta sagði fastafulltrúi Bandaríkjanna á þingi Sameinuðu þjóðanna í haust, og þessi tala um herlið Norður-Víetnams er miðuð við þann tíma. Bandaríkjamenn halda því líka fram, að þeir hafi verið beðnir um aðstoð af Suður-Víetnamstjórninni og þeir hafi orðið við þeirri beiðni samkv. samningi. En fleira hafði líka komið þar til. Ástralíumenn, Ný-Sjálendingar, Filipseyjabúar, Suður-Kórea og Thailand, öll þessi ríki hafa tekið þátt í að aðstoða Suður-Víetnamstjórnina. Þessi ríki öll komu saman til fundar í Manila á Filipseyjum í októbermánuði s. l. Forsetar þeirra og forsrh. tóku þátt í fundinum ásamt fulltrúum Bandaríkjanna. Í yfirlýsingu fundarins kemur fram, að löndin munu halda áfram að styðja ríkisstj. Suður-Víetnams, en vilja samt kanna sérhverja leið, er leitt gæti til friðar. Það eftirtektarverðasta við tilkynningu fundarins er sú yfirlýsing þeirra, að allt herlið þessara landa allra, sem nú er í Víetnam, muni dregið til baka, eins fljótt og unnt er og ekki síðar en 6 mánuðum eftir að hinn aðilinn dregur sitt lið til Norður-Víetnams. Það er einnig yfirlýst stefna bandamanna Suður-Víetnams, að sameining Víetnams verði ákveðin þannig, að þjóðir bæði Suður-Víetnams og Norður-Víetnams velji í frjálsum kosningum þá stjórn, sem þeir óska eftir, og þar eigi engin utanaðkomandi öfl að hafa áhrif á. Hver sem úrslitin verða, muni þessar þjóðir eindregið fylgja þeim.

Fjöldamargar tilraunir hafa verið gerðar til þess að koma á stöðvun vopnaviðskiptanna í Suður-Víetnam. Páfinn hefur reynt þetta, stjórnir ýmissa vestrænna landa, Englands, Frakklands, Ítalíu, Kanada og margar fleiri, hafa einnig haft uppi tilraunir í þessa átt, að ógleymdum aðalritara Sameinuðu þjóðanna, U Þant, en hann hefur lagt sig mjög fram í þessu efni, og það eru till. hans, sem hér liggja fyrir til umr.

Allar þessar tilraunir hafa þó hingað til verið árangurslausar. Mér er vel kunnugt um það, að U Þant hefur lagt sig allan fram til þess að reyna að koma vopnahléi á og sættum, m. a. af viðræðum við hann sjálfan, þegar hann dvaldi hér á landi s. l. sumar. Hann hafði þá og hefur raunar alltaf haft einlægan áhuga á að ná árangri í þessu máli. En ég held, að ég megi fullyrða, að hann teldi þá litla möguleika á, að samkomulag næðist um

till. hans, en þær voru þessar, eins og fram kemur í till. þeirri til þál., sem hér liggur fyrir, — till. hans eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Að Bandaríkin hætti loftárásum sínum á Norður-Vietnam, að styrjaldaraðilar í Suður-Vietnam dragi úr hernaðaraðgerðum sínum og í þriðja lagi, að þjóðfrelsishreyfing Suður-Vietnams verði viðurkenndur samningsaðili og allir aðilar fallist á að setjast að samningaborðinu."

Eins og þessar till. bera með sér, beinast þær fyrst og fremst að Bandaríkjunum um, að þau hætti loftárásum sínum á Norður-Vietnam og að styrjaldaraðilar í Suður-Vietnam dragi úr hernaðaraðgerðum sínum. Hins vegar er engum slíkum tilmælum beint að Norður-Vietnam, og það er einmitt það, sem Bandaríkin hafa borið fyrir sig, þegar rætt hefur verið við þau um þessar till. Hins vegar hafa þau lýst því yfir, að þau væru reiðubúin til þess að hætta sínum árásum, ef Norður-Vietnamar svöruðu því með því að draga úr sínum árásum. Ég teldi því rétt að beina þeim tilmælum til þeirrar hv. n., sem fær málið til athugunar, sem væntanlega verður utanrmn., hvort ekki væri rétt að bæta við þessar till. U Þants þeim till., að Norður-Vietnam taki undir þær með því að draga úr sínum hernaðaraðgerðum, um leið og styrjaldaraðilarnir í Suður-Vietnam draga úr sínum aðgerðum. Það hefur verið talið ekki óeðlilegt, að þegar tveir aðilar eigast við, verði báðir að leggja nokkuð á sig til þess að fá sættir og koma friði á.

Nú hefur það skeð, síðan þessar till. U Þants, sem hér liggja fyrir, voru lagðar fram, að hann hefur borið fram aðrar till., og mér skilst einmitt, að í þeim till. sé farið nokkuð inn á þessa braut, að hann beini einnig tilmælum til Norður-Vietnama um, að þeir dragi úr sínum hernaðaraðgerðum á sama tíma og Suður-Vietnamar draga úr sínum. Og það finnst manni eðlilegast, ef till. eru bornar fram í þeirri veru að reyna að ná sættum og koma friði á. Hins vegar, ef aðeins er um áróður að ræða í þessu efni, er náttúrlega auðskilið, hvers vegna aðeins er skorað á annan aðilann. Með þessari viðbót virðist mér einsýnt, að meiri líkur ættu að vera á því að ná friðsamlegri lausn, ef vilji er fyrir hendi til þess af hálfu beggja aðila. Ég er því hins vegar samþykkur, að till. verði vísað til n. og hún athugi, hvort ekki væri rétt að samþykkja till. með einhverri slíkri viðbót, sem líkur væru til, að báðir aðilar gætu þá kannske fallizt á.

Um ræðu hv. 3. þm. Reykv., 1. flm. till., að öðru leyti skal ég ekki segja mikið. Hún var afar einkennileg með vægu orði, ofstopafullur áróður á Bandaríkin og einhliða ásakanir á þau. Og það, sem mér þótti athyglisverðast í ræðu hans, var, að ég gat ekki skilið annað en hann teldi, að það væri einn aðalatvinnuvegur Bandaríkjanna að drepa menn. Og þó að það kostaði 7½ millj. kr., — held ég að það hafi nú verið, — að drepa hvern einn Vietnama, væri þetta samt sem áður atvinnuvegur, sem sumir í Bandaríkjunum teldu borga sig. Þjóðin yrði að borga kostnaðinn við þetta, en hergagnaframleiðendurnir hefðu þessa atvinnu og mundu sennilega halda henni áfram. Í þessum hergagnaframleiðendaherbúðum væru að starfi uppgjafaherforingjar, sem segðu til, hvernig að þessu mætti fara, og réðu því, að þessi ágæti atvinnuvegur yrði stundaður áfram. Svona tal vildi ég alveg mega leiða hjá mér og mun þess vegna ekki fara frekar út í ræðu hv. þm. En ég vildi bara segja það, að ef það er einlægur vilji hjá honum og öðrum, sem líkt hugsa, að koma sættum á í þessari deilu, hlýtur sú sáttaumleitun að byggjast á því, að báðir aðilar taki nokkurt tillit hvor til annars.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur nú rætt nokkuð þær till., sem við höfum lagt hér fyrir. Ég ætla rétt að minnast á það, sem hann skaut inn hjá sér síðast. Ég er hræddur um, að hann hafi ekki kynnt sér til fullnustu, hvernig atvinnuástand Bandaríkjanna er sem stendur. Ég færði fram í minni ræðu mjög greinilegar tölur um, hve mikill þáttur í allri framleiðslu Bandaríkjanna vopnaframleiðslan er, og sýndi fram á, að vopnaframleiðslan er um leið einhver mesti og öruggasti gróðavegur, sem stóriðjufyrirtæki Bandaríkjanna nú stunda, öruggur gróðavegur vegna þess, að það er í þessu tilfelli alltaf ríkið sjálft, sem er kaupandinn og borgar hergögnin og borgar þau háu verði, og því meira sem eytt er af þessum hergögnum, því betra fyrir hergagnaframleiðendurna. Og það er satt að segja ekki neitt nýtt, þó að þetta hafi aukizt alveg ægilega í Bandaríkjunum. Þetta er satt að segja hlutur, sem utanrrh. flestra landa hafa kynnt sér og þekkja tiltölulega vel, hve geigvænleg þau áhrif eru, sem vopnaauðvaldið í hinum ýmsu löndum hefur, og ein af þeim mestu hættum, sem alltaf hafa vofað yfir, hvað styrjöld snertir, það er, að þessir menn hefðu áhuga á því að koma styrjöld af stað og halda styrjöld við af hreinum gróðaástæðum. Og ef við ætlum að ræða þessi mál ýtarlega, gæti ég bent hæstv. utanrrh. á mjög ýtarlegar skýrslur, sem til eru um þetta, líka bandarískar bækur, þar sem allt atvinnulíf Bandaríkjanna er alveg sérstaklega skilgreint frá þessu sjónarmiði. Þetta er satt að segja ekkert nýtt. Þetta er hlutur, sem við erum búnir að búa við alla þessa öld. Eftir að það fór að verða svona stórfellt gróðafyrirtæki að framleiða hergögn í fyrri heimsstyrjöldinni, var samstarf allan tímann á milli vopnaframleiðsluhringa Bandaríkjanna eða bandamanna og vopnaframleiðsluhringa miðveldanna. Það var svo náið samstarf, að þegar eftirlitsskipum bandamanna, Frakka í þessu tilfelli, varð það á að taka flutningaskip, sem voru að fara með farm af mjög dýrmætum málmi til Hamborgar, sem hefði gert það að verkum, —

þetta var seint á árinu 1916, ef ég man rétt, — að Þjóðverjar hefðu ekki getað haldið áfram styrjöldinni, ef þeir hefðu ekki fengið þennan farm, og eftir að búið var að taka þetta skip og fara með það inn til Cherborough í Frakklandi, kom eftir nokkurn tíma skipun um að sleppa skipinu og láta það halda áfram, vegna þess að Þjóðverjar hefðu ekki getað haldið áfram stríðinu, svo framarlega sem þeir hefðu ekki fengið þann málm, sem í þessu skipi var. Ég get bent hæstv. ráðh. á einn kunnasta blaðamann aldarinnar, sem hefur skrifað eftirtektarverðar bækur um þessi mál.

Sambandið á milli vopnahringanna var svo náið í allri fyrri heimsstyrjöldinni, að það var ekki aðeins, að þeir hjálpuðu hver öðrum á þennan máta með því að útvega þá hluti, sem þeir þurftu til þess að geta haldið áfram að framleiða vopnin, heldur var það svo, að allt stríðið 1914—1918 voru t. d. Krupp-verksmiðjurnar í Rínarhéruðunum aldrei „bombarderaðar". Það er svo kaldranaleg staðreynd, að það eru því miður fæstir, sem trúa henni, fyrr en þeir hafa kynnt sér þetta til fullnustu, að ríkustu og voldugustu menn í stóriðju veraldarinnar skuli geta rekið manndrápin sem stórkostlegasta gróðafyrirtæki, sem til er. Þetta er staðreyndin. Svona var þetta í fyrri heimsstyrjöldinni, og svona er þetta í dag í ríkara mæli en þá, miklu ríkara mæli. Það er miklu gróðavænlegra núna að framleiða hergögn og það þarf miklu meira af slíkum hergögnum en þurfti þá. Ég sný ekki aftur með það og skal, ef við ættum að fara í langar umr. um það, leggja fram allar upplýsingar, að því miður er það svo, að ein gróðavænlegasta framleiðslugrein stóriðjunnar í Bandaríkjunum er hergögnin og það, sem þau snertir. Þess vegna eru hagsmunir bandarísku auðvaldsins af því að framleiða hergögn svo miklir, að þeir reyna að hafa þau áhrif að sjá um, að stríðum sé komið á og stríðum sé haldið áfram. Ef mönnum út af núverandi Bandaríkjaforseta skyldi detta í hug, að það sé harla einkennilegt, þar sem hann var kosinn í baráttunni við Goldwater á þeirri forsendu, að hann væri einmitt friðarins maður, þar sem Goldwater mundi verða ófriðarseggur, ef hann kæmist til valda, þá átti ég tal við bandarískra stjórnmálamenn, þegar þessi kosning fór fram eða þegar kosningabaráttan stóð yfir, og spurði þá um þeirra álit. Og þeir sögðu við mig: Það, sem því miður hefur gerzt í sambandi við þetta framboð nú, er, að voldugir stóriðjuhöldar, sem allt til þessa hafa alltaf stutt Republikanaflokkinn, hafa nú tekið afstöðu með Johnson. Og Johnson mun þess vegna í baráttunni við Goldwater vinna stórkostlegan sigur. En það verður honum dýrt, vegna þess að hann mun koma til með að neyðast til að framkvæma pólitík þessara stóriðjuhölda. — Við vitum, að það var svo áður fyrr, að Demókrataflokkurinn þótti alltaf í Bandaríkjunum vera sá flokkur, sem á vissan máta hélt aftur af a. m. k. hluta af auðvaldinu þar norður frá. Og það er af þessum undarlegu ástæðum, að Demókrataflokkurinn er til kominn á þann undarlega hátt, að annars vegar stendur að honum sá gamli jarðeignaaðall í Suðurríkjunum, sem beið ósigur í borgarastyrjöldinni, og hins vegar verkalýðshreyfingin í Norðurríkjunum, í staðinn fyrir að Republikanaflokkurinn var frá upphafi flokkur burgeisastéttarinnar í Norðurríkjunum, flokkur stóriðjunnar, sem háði borgarastyrjöldina eða stóð óbeint að því að hefja þá styrjöld, sem háð var gegn þrælaeigendunum í Suðurríkjunum, og tryggja þannig samheldni alls ríkisins. Þess vegna þótti Demókrataflokkurinn löngum vera það róttækur, að hann héldi oft aftur af auðvaldinu í Bandaríkjunum, eins og er til í honum einhver afturhaldssamasti hluti þess fólks, sem í Bandaríkjunum lifir, og svo leifar þess gamla stóreignaaðals í Suðurríkjunum. Við munum t. d. eftir, einmitt á tímum Roosevelts, að Roosevelt var raunverulega skoðaður næstum því sem kommúnisti af Republikanaflokknum og æpt á móti honum þannig. Og það, sem gerðist í síðustu kosningum, var, að voldugir aðilar, sem fram til þessa höfðu stutt Republikanana áratugum saman, tóku afstöðu með Johnson, og það, sem gerðist á eftir, er það, að Johnson er látinn framkvæma pólitík Goldwaters, þá pólitík, sem Goldwater háði kosningabaráttuna upp á. Það var að heyja stríð í Vietnam. Og sú pólitík, sem Johnson forseti er að framkvæma nú, er einmitt sú pólitík, sem Goldwater tapaði á 1964, ef ég man rétt, þegar kosningabaráttan var háð. Þess vegna er það svo, að það stóriðjuvald, sem einmitt sérstaklega hefur hagsmuni af hergagnaframleiðslunni, hefur nú tökin á Bandaríkjaforseta og lætur hann framkvæma sína pólitík. Og þess vegna er ástandið þannig í Demókrataflokknum, að mjög voldugir menn þar hafa risið upp á móti þessari pólitík, m. a. menn úr Kennedy-fjölskyldunni, vegna þess að þeir sjá, að það er verið að þverbrjóta allar þær venjur, sem raunverulega hafa einkennt Demókrataflokkinn í afstöðu hans í bandarískri pólitík.

Það er þess vegna ekki rétt af hæstv. utanrrh. að tala um þennan hlut eins og einhvern fráleitan hlut, því miður. Það er staðreyndin í dag, að voldugustu aðilar í Bandaríkjunum, stór hluti af voldugasta hringavaldinu í Bandaríkjunum hefur hagsmuni af, að það sé alltaf verið að reka styrjöld einhvers staðar. Og þetta eru hlutir, sem við þekkjum ósköp vel frá okkar eigin lífi. Þið þurfið ekki annað en að hugsa til Hitlers. Á hverju er það, sem Hitler útrýmir atvinnuleysinu í Þýzkalandi, eftir að hann kemur til valda? Á því að setja hergagnaframleiðsluna á fullan kraft. Og þegar menn setja þannig hergagnaframleiðsluna á fullan kraft, fara menn á eftir í stríð, því að það er ekki hægt að láta hergagnaframleiðsluna ganga bara upp á það að láta sum hergögnin verða gömul og úrelt og henda þeim. Það verður að nota

þau. Þess vegna eru Bandaríkin eitt hættulegasta valdið í heiminum núna hvað það snertir að stofna til styrjaldar, hafa, eins og ég orðaði það harðvítuglega, manndráp að atvinnu. Sá voldugi auðjötunn Bandaríkjanna vill nú hafa, eins og þursarnir forðum daga, menn í mál.

Ég skal ræða þessa hluti betur, ef hæstv. utanrrh. ber frekar brigð á þetta. Þetta er ein kaldranalegasta staðreyndin í okkar heimi, sú staðreynd, sem við vitum ósköp vel að getur grandað öllu mannkyninu hvenær sem vera skal. Líf okkar allra á jörðinni hangir í einum þræði, við skulum ekki vera að gera okkur neinar grillur um það. Það þarf ekki nema einn eða tvo vitlausa herforingja til þess að hleypa af stað styrjöld nú, kjarnorkustyrjöld, og öll kjarnorkuveldin séu komin svo í hár saman, að það er efasamt, að þau geti stöðvað það sjálf, þótt þau vilji. Það er því rétt, að menn geri sér almennt ljóst, hvaða hættur það eru, sem vofa yfir í þessum hlutum. Við skulum ekki tala lengur eins og við lifðum ekki á atómöld, á öld kjarnorkusprengjunnar. Það væri ekki mikil hætta fyrir alla heimsbyggðina í þessum hlutum, ef menn væru að berjast enn þá með sverðum eða gamaldags byssum. En það, að menn skuli hafa í fórum sínum sprengjur, sem geta 15 sinnum tortímt öllu mannkyninu og kannske oftar, ef þess væri þörf, það er sú staðreynd, sem skapar þá ægilegu hættu, sem nú vofir yfir. Og styrjöld eins og í Vietnam getur orðið til þess að hleypa slíkri heimsstyrjöld af stað. Það eru vitlausir menn í Bandaríkjunum nú þegar í þeirra herforingjaveldi, sem heimta, að kjarnorkusprengjur séu notaðar. Ég man ekki betur en Goldwater hafi alveg nýlega gert það. Og Goldwater fékk um 40% atkvæða síðast í Bandaríkjunum, þannig að hættan á, að þessi styrjöld geti orðið heimsstyrjöld og kjarnorkustyrjöld þá og þegar, er yfirvofandi.

Menn skulu ekki halda, þó að ástandið sé þannig enn þá, að aðrar þjóðir séu ekki farnar að grípa þarna inn í, Vietnambúum sjálfum og Norður-Vietnam til hjálpar, að það verði þannig endalaust. Það getur orðið hvenær sem er, þegar Bandaríkin siga leppríkjum sínum í Asíu á þá þjóð, Vietnama, sem er að berjast fyrir frelsi sínu, og þá er ógæfan skeð. En við upplifum það hins vegar, að það er haldið áfram af hálfu Bandaríkjahers að vinna þarna eitt versta níðingsverk, sem unnið hefur verið í veraldarsögunni, að kasta úr flugvélum öllum þeim svívirðilegustu vopnum, sem upp hafa verið fundin, líka vopnum, sem bönnuð eru í öllum þeim samningum, sem gerðir hafa verið um, hvernig heyja skuli stríð, vopnum, sem talið er að drepi oft og tíðum 10—15 saklausa aðila á móti hverjum einum hermanni eða skæruliða, sem þau granda.

Bandaríkin nota þarna eiturefni til þess að eyða öllum gróðri, til þess að reyna að svelta fólkið. Þar eru notuð vopn eins og það, sem Bandaríkjamenn með óhugnanlegum húmor kalla „lata hundinn", annað eins ægilegt, sársaukafullt drápsvopn og það er. Menn þekkja úr blöðunum lýsingar á því, hvað þarna er að gerast og hve ójafn leikur á sér stað. Vietnambúar þar niðri á jörðinni, sem eru að berjast fyrir að fá sjálfir að ráða ættjörð sinni, og Bandaríkjamenn uppi í loftunum hins vegar, með sprengjuflugvélar fljúgandi daglega, kastandi sprengjum á sjúkrahús, á verksmiðjur, á íbúðarhverfi og að því er þeir sjálfir segja á stöðvar, sem þeir ætla að hafi einhverja hernaðarlega þýðingu. Holdsveikraspítalar og hvað annað hafa þarna orðið fyrir barðinu á Bandaríkjamönnum. Það á auðsjáanlega að reyna að hræða þessa þjóð til uppgjafar. Það eru aðferðirnar, sem við þekkjum frá tímum Hitlers, sem þarna er beitt. Og Bandaríkin eru þarna árásaraðili. Það eru Bandaríkjamenn, sem hófu árásir á Norður-Vietnam. Og Bandaríkin eru í þessu landi, eins og ég sýndi greinilega fram á í minni framsöguræðu, til þess að ræna þetta land. til þess að halda þarna sérstökum hráefnalindum, sem Eisenhower forseti sagði, að Bandaríkin þyrftu að hafa. Bandaríkin eru þarna til þess að tryggja sér sérstakar hernaðarbækistöðvar, þannig að þau eru þarna til að reyna að drottna yfir landi, sem þeim kemur ekkert við. Fólkið í þessu landi átti sjálft að fá að útkljá um örlög sín, um það var samið í Genfarsáttmálanum, og Bandaríkin skárust úr leik, undirskrifuðu hann ekki, en lofuðu hins vegar að skipta sér ekki með vopnavaldi af þessum löndum og sviku það loforð. Bandaríkin standa þarna sem sá ótvíræði árásaraðili, og með hverjum deginum sem líður verður það blóðbað, sem Bandaríkin og forseti Bandaríkjanna valda þarna, ægilegra og voðalegra og siðferðilega ábyrgðin, sem á þeim hvílir, voðalegri.

Frá hálfu íbúanna í Vietnam, hvað Suður-Vietnam snertir, er þarna um að ræða það, sem almennt mundi vera kallað borgarastyrjöld. Það er um að ræða, eins og ég lít á það, að alþýða manna og þjóðfrelsissinnar eru að berjast á móti stjórn, sem þeir skoða sem fasistíska leppstjórn Bandaríkjanna. Hvað Norður-Vietnam snertir, er um að ræða varnarstríð þeirra gegn þeim árásum, sem Bandaríkin í febr. 1965 hófu með flugvélum sínum á Norður-Vietnam. Það, sem einmitt gerði, að ég ræddi eins mikið og ég gerði um eðli þessa stríðs, var einmitt að undirstrika það, að þetta væri styrjöld, þar sem við Íslendingar ættum eðlilega að hafa samúð með íbúum Vietnams, vegna þess að þarna væri um að ræða þjóð, sem hefði áður öldum saman verið eins konar hjálenda eða nýlenda og hefði svo um allmarga áratugi frá því í lok 19. aldarinnar, — 1886 held ég það hafi verið, — og þar til að lokinni heimsstyrjöldinni verið frönsk nýlenda, orðið frjálsir í lok heimsstyrjaldarinnar, en verið sviknir í tryggðum af Frökkum og ráðizt á þá, orðið að heyja 7 ára stríð við Frakka, eftir að hafa áður sigrað Japani, og sigrað að lokum í því stríði, —

stríði, sem jafnvel núverandi Bandaríkjaforseti áleit þá svívirðilegt nýlendu- og árásarstríð af hálfu Frakka, þó að Bandaríkin kostuðu það að 70%. Síðan hefur svo þessi þjóð orðið að standa í því stríði, árásarstríði, sem Bandaríkin hófu gegn henni. Þessi þjóð hefur þannig á undanförnum 20—30 árum orðið að berjast þannig við þrjú stórveldi heimsins, Japan, Frakkland og Bandaríkin, til þess eins að fá sjálf að ráða landi sínu.

Öll þessi stórveldi hafa á mismunandi tímum notað leppstjórnir í þessum ríkjum, en að lokum hefur fólkið sjálft í landinu alltaf sigrað. Og það mun svo fara enn. Þegar heil þjóð tygist vopnum til að berjast fyrir frelsi sínu, er einvörðungu hægt að sigra hana með einu einasta móti, og það er að drepa svo að segja hvern einasta mann, þ. e. með þjóðarmorði. Og það er það, sem maður fær alltaf öðru hverju hugmynd um nú, að Bandaríkin muni geta hugsað sér. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að gera okkur þetta eðli styrjaldarinnar ljóst, því að það er eingöngu þetta eðli styrjaldarinnar, sem gerir þessum mönnum, sem þarna berjast af hálfu Víetnambúa, mögulegt að heyja þessa styrjöld. Það þarf allan þann eldmóð til, sem einungis kemur fram í slíkum þjóðfrelsisstríðum, til þess að halda út annað eins og það, sem þessi þjóð verður að þola nú, til þess að halda út þetta sífellda sprengjuregn, halda út þessi ægilegu vopn, sem þarna er beitt.

Þegar Bandaríkjamenn háðu sína frelsisstyrjöld, áttu þeir líka oft erfitt, og það leit ekki vel út fyrir þeim suma veturna í því 7 ára stríði. Og fyrirmyndirnar frá þeim skæruliðum Bandaríkjanna, sem þá að lokum sigruðu enska herinn, enska atvinnuherinn, þær fyrirmyndir hafa líka lifað, eins og í því frelsisstríði, sem Víetnam heyr nú. En það eru hins vegar hryggileg örlög, að sjálf Bandaríkjaþjóðin skuli verða að lifa það að standa nú í þeirri aðstöðu, sem ensku kúgararnir stóðu í 1776 og árin þar á eftir, og það gagnvart einni af fátækustu þjóðum heimsins, þeir sjálfir orðnir ríkasta þjóð veraldar. Þess vegna vildi ég undirstrika þá hluti, þannig að það væri alveg ljóst hjá okkur hér, hvernig þessari styrjöld væri háttað, hvers konar styrjöld hún væri. Og þess vegna sagði ég, að raunverulega ættum við fyrst og fremst að lýsa okkar samúð með þjóð Víetnams í þessu stríði gegn Bandaríkjunum, árásaraðilanum. En fram á það fór ég ekki. Það, sem ég var að fara fram á, var hins vegar aðeins, að við tækjum afstöðu með tillögum U Þants.

Það er rétt og ég varð líka var við það í því samtali, sem ég átti við U Þant svo að segja að tilhlutan hæstv. utanrrh., þegar hann var hér, að hann hefur ákaflega einlægan áhuga á að reyna að leysa þetta mál. Og það er ef til vill alveg sérstök gæfa, að einmitt maður frá Burma, frá einu af nágrannalöndum Víetnams, skuli hafa valizt sem aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hann skuli hafa haldið áfram að taka það að sér að vera framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, þegar þessi hryllilega styrjöld stendur þarna. Hann þekkir manna bezt, hvernig þarna er öllu til háttað, hann þekkir líka forustumennina þarna. Hann þekkir, eins og hann sagði mér, þá persónulega og hafði við þá talað, og það er engum efa bundið, að hans tilraunir eru ákaflega einlægar í þessum efnum. Og sú till., sem hér liggur fyrir og hann gerði til þess að reyna að fá a. m. k. vopnahléi komið á þarna og friðarsamninga upp tekna, það er mjög skynsamleg till. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh., hann hefur gert aðra till. seinna, þar sem hann er að reyna ofurlítið að vita, hvort ekki sé hægt að fá Bandaríkin til að hverfa frá þessari harðvítugu afstöðu, sem þau hafa tekið í þessum efnum.

Afstaða Bandaríkjamanna er raunverulega þessi: Þeir segjast halda áfram að henda sprengjum á Víetnam og Norður-Víetnam, þangað til raunverulega Norður-Víetnamar viðurkenni, að þeir séu eins konar árásaraðili. Þeir virðast sem sagt ætla að pína þá með manndrápum til þess að játa það, sem þeir segja sjálfir að komi ekki til greina að þeir játi, vegna þess að það sé ósatt. Það minnir mig á þá aðferð, sem Bandaríkjastjórn hafði gagnvart Rosenberg-hjónunum, þegar þau voru ákærð fyrir 13 árum, held ég hafi verið, opinberlega ásökuð fyrir njósnir, dæmd til dauða í rafmagnsstólnum. Þeim var heitið lífi, svo framarlega sem þau vildu játa það, að þau hefðu stundað njósnir. Þær undarlegu aðfarir eru að hóta sem sé að hætta við að drepa menn, hvort sem það eru Rosenberg-hjónin eða alþýða manna í Norður-Víetnam, svo framarlega sem menn játa það, sem hinn aðilinn er að saka þá um og þeir segjast vera saklausir af og deyja frekar heldur en játa á sig sekt, sem ekki er þeirra.

Þess vegna eru þessar sprengjuárásir Bandaríkjanna á Norður-Víetnam um leið tilraun frá hálfu Bandaríkjanna til þess að fá Norður-Víetnama til að játa á sig glæp, sem þeir hafa ekki drýgt. Og þess vegna er stjórnin í Víetnam svona harðvítug í þessum hlutum. Það er sjálfur heiður manna í veði, þegar um slíkt er að ræða, og menn kjósa heldur að berjast áfram og deyja en játa á sig glæp eða níðingsverk, eða hafa drýgt verk, sem þeir hafa ekki framið. Þess vegna er það svo, að meðan Bandaríkjamenn halda áfram þessum loftárásum, eru hverfandi lítil líkindi til þess, að hægt sé að koma einu sinni vopnahléi á. Að vísu þykist ég vita, að eitt atriði geti breytt afstöðu Bandaríkjanna hvað þetta snertir. Því nær sem dregur kosningunum í Bandaríkjunum, næstu forsetakosningum, því meira fara þessir tveir flokkar, sem þar keppa um völd, að óttast um sinn hag eða spekúlera í afstöðu almennings. Það hefur nú þegar orðið vart við það, og ýmsir helztu stjórnmálafréttaritarar Bandaríkjanna hafa þegar komið inn á það, svo fremi sem þessi styrjöld haldi áfram, þangað til kosningabarátta þeirra nálgast af fullum krafti, þá kunni svo að fara, að Repu-

blikanaflokkurinn hagnýti sér friðarlöngun almennings í Bandaríkjunum til þess að bjóða fram forsetaefni, sem vilji beita sér fyrir friði. Við þekkjum slíkt dæmi, bara fyrir rúmum áratug, í sögu Bandaríkjanna. Slíkt hefur verið notað. M. ö. o.: það gæti hugsazt, ef kæmi að því, að þeir tveir stóru bandarísku flokkar færu að nota hvað sem vera skal í sínum innbyrðisátökum, þá þætti kannske Johnson praktískara að semja frið eða koma á vopnahléi í Víetnam, heldur en að vera svo að segja öruggur með að falla í kosningunum. En það er hart, ef valdabrask tveggja stórra flokka í Bandaríkjunum kynni að vera það eina, sem gæti bundið endi á þær hörmungar, sem alþýða manna í Víetnam verður nú að búa við.

Ég er á því eins og hæstv. ráðh., að þetta mál fari til utanrmn., eins og ég lagði til, og að við athugum þetta mál þar og sjáum til, hvort við getum orðið sammála um nokkrar breyt. á þessu, eða einhvers konar ályktun, sem sýndi það, að Alþingi Íslendinga og íslenzka þjóðin láti sér þær hörmungar ekki vera óviðkomandi, sem fátæk, en frelsisunnandi þjóð verður að þola þar í Suðaustur-Asíu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Listasöfn og listsýningar.

Á 7. fundi í Sþ., 2. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur [48. mál] (A. 52).

Á 12., 15., 20., 21., 22., 23. og 24. fundi í Sþ., 30. nóv., 7. des., 1., 2., 8., 15. og 22. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þáltill. þá, sem hér er til umr., um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur, flyt ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafi Jóhannessyni.

Efni till. er það, að kosin verði n. til að gera till. um stofnun og starfrækslu opinberra listasafna utan Reykjavíkur og jafnframt gera till. um það í samráði við samtök myndlistarmanna, hvernig stuðla mætti að því, að haldnar verði fleiri myndlistarsýningar en nú er utan höfuðborgarinnar. Hér er um brýnt mál að ræða, sem ég skal leitast við að færa sönnur á í stuttu máli.

Telja má, að alhliða framfarasókn Íslendinga hefjist ekki að marki fyrr en á árunum fyrir síðustu aldamót. Til þeirra ára er fyrst og fremst að leita upphafsins að þeim þjóðfélagsbreytingum, sem orðið hafa á þessari öld og telja má til meiri háttar umbyltinga á atvinnu- og menningarháttum, sem kunnar eru í sögu einnar þjóðar á síðari tímum. Sú saga skal ekki rakin hér í neinum smáatriðum, enda gerist þess ekki þörf. Byltingin í atvinnulífinu er ekki hið eina, sem við blasir, þegar litið er yfir sögu síðustu 6—7 áratuga. Hér hefur einnig orðið stórkostleg menningarlífsbreyting, sem ekki er síður umtalsverð og þess virði, að henni sé gaumur gefinn. Snar þáttur þeirrar breytingar er sú mikla gróska, sem orðið hefur í ástundun fagurra lista, m. a. í tónlist og myndlist, sem íslenzka þjóðin hefur lengst af farið á mis við, miðað við flestar Evrópuþjóðir. Allt á það sína eðlilegu skýringu í sögulegum og þjóðfélagslegum aðstæðum hér á landi, m. a. einangrun og fátækt auk menningarlegrar þröngsýni og afturhaldssemi ráðandi þjóðfélagsafla um aldaraðir, ekki síst kirkjuyfirvaldanna. Íslenzk myndlist fyrri alda er þó eigi að síður merkur þáttur í menningarsögu þjóðarinnar, en því miður stórlega vanrækt sem sögulegt viðfangsefni og almenningi allt of lítið kunn. Nefna má nokkra einstaklinga, sem lærðu til myndlistar og sönnuðu hæfileika sína í ýmsum verkum, sem geymzt hafa, og nokkrir alþýðumenn, sem engrar tilsagnar nutu og ekki áttu kost á að kynnast erlendri myndlist nema *af orðspori*, eru þekktir fyrir listiðju, sem bendir til eðlislægra hæfileika.

Einn slíkra manna var Arngrímur Gíslason frá Skörðum í Reykjahverfi, sem andaðist árið 1887. Hann bar kenninafnið málari og naut mikillar virðingar samtímamanna sinna á Norðurlandi fyrir myndlist sína, sem vissulega var ófullkomin vegna menntunarleysis listamannsins. En um hitt efast nú enginn, að hann var listamannsefni og listamannssál. Ógæfa hans var sú ein að vera fæddur nokkrum áratugum of snemma. Um það leyti, sem Arngrímur málari dó, voru eftirfarandi orð höfð eftir Valdimar Ásmundssyni, ritstjóra Fjallkonunnar: „Hér á landi hafa oft fæðzt listamenn, þótt lítið eða ekkert hafi orðið úr þeim, af því að listir geta ekki þróazt hér á landi.“

Þannig var ástandið nokkru fyrir 1890. En upp úr því verða umskipti. Einar Jónsson sigldi til myndlistarnáms 1893, Þórarinn B. Þorlákssson hóf listnám 1895 og Ásgrímur Jónsson 1897. Þessir menn sneru ekki heim fyrr en þeir voru fullnuma listamenn, og það varð hlutskipti þeirra að ryðja nýjar brautir í menningarlífi þjóðarinnar. Svo ólíkir sem þeir annars voru í listsköpun og að skapferli,

áttu þeir það sameiginlegt að vera miklir listamenn og trúir köllun sinni. Við höfum síðar eignazt marga listamenn, sem gert hafa garðinn frægan, en íslenzka þjóðin stendur í meiri þakkarskuld við þessa þrjá brautryðjendur en flesta eða alla aðra. En við getum ekki staðnæmzt við brautryðjendur eina. Þeim eigum við þakkarskuld að gjalda, og okkur ber að rækja minningu þeirra. Það verður ekki einasta gert með því að hlaða þeim lof og bautasteina. Minningu þeirra rækjum við bezt með því að hlúa að skapandi listastarfsemi í landinu og áframhaldandi þróun í listum. Engri stofnun er það skyldara en Alþ. að láta sín getið á þeim vettvangi og gera sitt til þess, að listamenn fái sem bezt notið hæfileika sinna, m. a. með því að styrkja þá og félagsskap þeirra með beinum fjárframlögum og með því að veita þeim verkefni við sitt hæfi í þágu þjóðarinnar í nútíð og framtíð. Sparnaður á þessu sviði þjónar hvorki brýnum fjármálalegum né efnahagslegum tilgangi. Það hefur engin áhrif á ríkisbúskapinn, þótt skorin séu við nögl framlög til listmenningar. Þau verða aldrei svo mikil, að það skeri úr um afkomu ríkissjóðs. Það eru allt aðrir þættir, sem ávallt munu ákvarða ágóða eða halla í ríkisbókhaldinu. Af þeim sökum er sízt ástæða til að óttast óviðráðanlegan ofvöxt fjárframlaga til listastarfseminnar. Slíkt er tæpast hugsanlegt. Hitt er aftur nauðsynlegt, að Alþ. veiti meira fé til þessara mála og því sé varið þannig, að það komi að sem beztum notum, bæði fyrir listamennina sjálfa og þjóðina, sem á að njóta listaverkanna.

Þrátt fyrir mikla grósku í myndlist undanfarna áratugi, sem ég hef áður minnzt á, er ástæða til að leiða athygli að þeirri staðreynd, að listmenningin er tæplega nein alþjóðareign hér á landi, meðan svo háttar, að myndlistarsýningar og listkynning er nær eingöngu bundin við einn stað á landinu, þ. e. Reykjavík. Listasöfn eru tæplega til úti um land. Dálítill vísir að listasöfnum er að vaxa upp á 2—3 stöðum, en allt er það smátt í sniðum. Undantekning má það heita, ef bitastæð listsýning er haldin utan höfuðborgarinnar. Þó kemur það fyrir með margra ára millibili á einstöku stað. En hér í höfuðborginni líður ekki sú vika að kalla allan veturinn, að ekki sé eitthvað að gerast á þessu sviði. Það er efnt til sýninga einstakra málara, yngri sem eldri. Samsýningar eru haldnar og yfirlits- og minningarsýningar á verkum fremstu listamanna þjóðarinnar og nú síðast á verkum Þórarins B. Þorlákssonar. Þar er einnig listasafn ríkisins, og þó að það kunni að vera laklega að því búið í núverandi húsakynnum, er það þó betra en ekki neitt. Nýlega var hafin listkynning í skólum með farandsýningum myndlistar, en sú starfsemi er einskorðuð við reykvíska skóla. Á hverju ári eru haldnar sýningar á verkum íslenzkra myndlistarmanna erlendis. Nú í haust og síðari hluta fyrra árs voru haldnar minningarsýningar á verkum Ásgríms og Júlíönu Sveinsdóttur í Kaupmannahöfn. 6 íslenzkir málarar höfðu samsýningu í Stokkhólmi. Verk ungra listmálara voru nýlega til sýnis í Louisanasafninu í Danmörku. Íslenzkur málari sýndi verk sín á listahátíð í Edinborg. Og íslenzkir listamenn hafa í vetur átt verk á norrænni myndlistarsýningu í Kanada. Þetta er mér kunnugt um, að gerzt hefur á síðustu mánuðum, en sennilega mætti nefna fleiri sýningar á verkum íslenzkra málara erlendis. Þetta ber síður en svo að lasta. Þetta er einmitt ánægjulegur vottur um gróandann í myndlist Íslendinga og sýnir, að við erum vel hlutgengir á þessu sviði. En má það þó ekki teljast nokkuð kaldhæðnislegt, að á sama tíma sem verk íslenzkra myndlistarmanna fara land úr landi og hljóta þar lof, þá skuli það teljast viðburður, ef landsfólkinu utan höfuðborgarinnar gefst kostur á að sjá verk sinna beztu listamanna? Hér er mikið verkefni framundan, sem bíður úrlausnar. Það þarf að mynda samtök um það, að þjóðin öll geti orðið raunverulegur hluttakandi í að njóta þeirrar fegurðar og göfgandi áhrifa, sem góð list hefur að færa. Myndlistin á ekki að vera neitt einangrað fyrirbæri, sem einn fær notið, en annar ekki. Myndlist og önnur skapandi list er ekki tilgangslaus og ekki án markmiðs. Henni er ætlað að þroska manninn andlega og þá fyrst og fremst fegurðarskyn hans í víðustu merkingu þess orðs. Það er menningarauki, að sem flestir fái notið góðrar listar, og það ætti að vera þjóðfélaginu keppikefli að stuðla að því með tiltækum ráðum, að svo megi verða.

Því miður hefur þróunin orðið sú, jafnframt því sem menningar- og menntalífi hefur fleygt fram í heild, að á ýmsum mikilvægum sviðum hefur skapazt menningarlegur ójöfnuður í landinu. Þessi þróun er ekki hættulaus. Það hlýtur að hafa sín alvarlegu áhrif, ef menningarskilyrði eru að verulegum mun lakari á einum stað en öðrum. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir þessari staðreynd og leitast við að hamla á móti slíkri þróun, enda um nýtt fyrirbæri að ræða í íslenzku þjóðlífi. Telja má með réttu, að löngum hafi menningarlegur jöfnuður verið aðall íslenzku þjóðarinnar. Lista- og bókmenntaáhugi var sameign allra manna, hvort sem þeir áttu mikið eða lítið undir sér, og menningarskilyrði voru almennt lík í landshlutunum, þó að þau kunni að hafa verið fábreytt á nútímavísu. Íslenzk alþýða hefur ávallt verið fús til fróðleiks og mennta. Þjóðin er listelsk í eðli sínu og næm fyrir áhrifum listaverka, hvort sem þau eru ritað orð eða tjáning í myndum og tónum. Listnjótendur hér á landi hafa löngum verið óháðir þjóðfélagsaðstöðu eða búsetu. Áhugi á hvers kyns listum er fyrir hendi í sveitum og kaupstöðum víðs vegar um landið, og þann áhuga má glæða og veita fullnægingu með skynsamlegri listkynningu og stofnun listasafna svo víða

sem kostur er. Slíka starfsemi þarf að undirbúa svo vel, að við verði unað um langa framtíð. Fjárhags- og skipulagsgrundvöllur verður að vera traustur og veita svigrúm til eðlilegrar þróunar. Slík söfn eiga aðeins að sækjast eftir hinu bezta í listum, vera á landsmælikvarða. Þau eiga að gefa sem sannasta mynd af listmenningu þjóðarinnar. En héraðslistasöfn ættu einnig að sinna þeirri listsköpun, sem kann að eiga sér stað innan héraðs eða safnumdæmisins. Mundi þá koma í ljós betur en ella, hvers virði slík list er í raun og veru.

Annað aðalatriði þessarar till. er, að ráð verði fundið til þess að fjölga myndlistarsýningum utan höfuðborgarinnar, og e. t. v. er slík starfsemi nauðsynlegur undanfari stærri aðgerða, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni. Fjölgun myndlistarsýninga úti um landsbyggðina er áreiðanlega auðleyst verkefni. Sýningaraðstæður eru yfirleitt góðar, ef þær væru nýttar sem kostur er, og raunar sízt verri en hér í höfuðborginni. Vandinn er sá að sameina þá krafta, sem hér gætu helzt orðið að liði, nefnilega yfirstjórn menntamála, listamenn sjálfa og áhugamenn heima í héraði.

Herra forseti. Ég vænti þess, að till. þessi hljóti góða afgreiðslu hér í þinginu, og legg til, að henni verði vísað til 2. umr. og allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Afnám fálkaorðunnar.

Á deildafundum 3. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um afnám fálkaorðunnar [51. mál] (A. 55).

Á 8. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11., 12., 15. og 24. fundi í Sþ., 23. og 30. nóv., 7. des. og 22. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 55 till. um afnám fálkaorðunnar.

Fálkaorðan mun verða 46 ára gömul á þessu ári. Vorið 1921 kom konungur vor, Kristján X, hingað til lands. Með honum var drottning hans, Alexandrína, og annað föruneyti. Í þeirri för gaf hans hátign út konungsbréf um stofnun hinnar íslenzku fálkaorðu. Bréfið var gefið út í Reykjavík 3. júlí 1921 af konunginum og Jóni Magnússyni forsrh. Það er prentað í Stjórnartíðindunum. Upphaf bréfsins er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér, Christian hinn Tíundi af guðs náð, konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, gjörum kunnugt:

Oss hefur þótt það rétt, til þess að geta veitt þeim mönnum og konum, innlendum og útlendum, sem skarað hafa fram úr öðrum í því að efla heiður og hag fósturjarðarinnar að einhverju leyti, opinbera viðurkenning, að stofna íslenzka orðu, sem Vér viljum að sé nefnd „Íslenzki fálkinn“, og viljum Vér setja um hana þessa reglugjörð“ o. s. frv.

Það vekur athygli í bréfinu, eins og það er prentað í Stjórnartíðindunum, að orðið guð er með litlum upphafsstaf, en vér með stórum. Og í bréfinu eru konur ekki taldar með mönnum, heldur sérstaklega.

Með þessu konungsbréfi hefst saga fálkaorðunnar. Strax sama daginn, sem bréfið var gefið út, hófust orðuveitingar. Í Stjórnartíðindunum er alltaf skýrt frá því, hverjir fá orðurnar. Mér telst svo til, að á fyrsta árinu, 1921, hafi alls 61 menn verið sæmdir fálkaorðunni. Af þeim eru 33 innlendir, en 28 útlendir. Af þeim innlendu voru 16 embættismenn eða opinberir starfsmenn. Í hópi þeirra innlendu voru aðeins 2 konur, og eru þær nefndar ekkjufrúr á skránni. Af hinum 28 útlendingum, sem fengu fálkaorðuna 1921, voru líka aðeins 2 konur. Önnur þeirra er nefnd hoffröken, en hin var hennar hátign Lovísa ekkjudrottning í Kaupmannahöfn, þá komin á efri ár með alllangan starfsdag að baki. Hún átti sjötugsafmæli um haustið þetta ár, 1921, síðasta dag októbermánaðar, og fékk fálkaorðuna á afmælisdaginn, blessunin.

Tímar liðu fram og að því kom, að konungsríki var lagt niður hér á landi, lýðveldi var stofnað 1944 og forseti þess kjörinn. Þá var ekki lengi látið bíða að gefa út forsetabréf um fálkaorðuna. Það var gefið út 11. júlí 1944. Í 1. gr. bréfsins segir:

„Orðunni má sæma þá menn, innlenda og útlenda, og þær konur, sem öðrum fremur hafa eflt hag og heiður fósturjarðarinnar eða unnið afrek í þágu mannkynsins.“

Enn er mönnum skipt í tvo hópa, menn og konur, eins og á kóngsins tíð, og enn á sú regla að gilda samkv. bréfinu, að orðan á að veitast þeim, sem öðrum fremur hafa eflt hag og heiður fósturjarðarinnar.

Ég hef ekki athugað, hverjir fengu orðuna

ár hvert síðan í árslok 1921. En í svonefndri Ríkishandbók, sem út var gefin 1965, er birt skrá yfir alla orðuhafa í lok októbermánaðar 1964. Á skránni er sægur af útlendum mönnum. Ég þekki þá ekki og enn síður veit ég, hvað þeir hafa gert til að efla hag og heiður Íslands og Íslendinga, en ég vil gera ráð fyrir, að það sé sómafólk allt það fólk. Ég hef talið saman innlenda fálkaorðuhafa samkvæmt skránni í októberlok 1964, en samkv. reglunum á að skila aftur orðum þeirra, sem látnir eru, og má því gera ráð fyrir, að skráin sýni aðeins þá, sem voru á lífi eða svo nýlátnir, að ekki var búið að skila heiðursmerkjum þeirra. Við talninguna fékk ég út 414 innlenda orðumenn, þar af 376 karla, en 38 konur aðeins. Á skránni ber langmest á embættismönnum og öðrum opinberum starfsmönnum, þáverandi og fyrrverandi. Af 376 körlum eru í þeim flokki manna 143. En þar með eru taldir fáeinir íslenzkir ræðismenn búsettir utanlands. Næst koma forstjórar fyrirtækja, stórkaupmenn og smásalar, samtals 40, þá bændur 24 að tölu, skipstjórar eru 19, en aðeins 1 ber titilinn sjómaður. Rithöfundar, skáld og listamenn eru 19, hreppstjórar 16, útgerðarmenn 13, bankastjórar þáv. og fyrrv. 12 og smiðir og rafvirkjar líka 12, alþm. og fyrrv. alþm. 11, háskólagengnir menn, sem ekki eru í opinberri þjónustu, 10, starfsmenn bæjarfyrirtækja eru 8, söngvarar, söngstjórar og hljóðfæraleikarar líka 8, en forsetar ýmissa félaga 6. Eru þá ótaldir 35 karlar úr ýmsum stéttum og starfsgreinum. Af þeim 38 innlendu konum, sem voru orðuhafar í októberlok 1964, voru 9 ráðherrafrúr og sendiherrafrúr, þáv. og fyrrv., 7 ríkisstarfsmenn, 6 ekkjur embættismanna. Á skránni er 1 kona, sem lengi var formaður í verkalýðsfélagi, og þar eru 2 húsfreyjur í sveitum.

Ég þekki nokkuð margt af því innlenda fólki, sem er á skránni, meira og minna. Þar á meðal eru margir mannkostamenn, sem hafa unnið þjóðinni gagn og eru virðingarverðir. En þegar litið er á hópinn í heild, er ekki hægt að segja, að þar séu þeir saman komnir, sem hafa öðrum fremur eflt hag og heiður fósturjarðarinnar, sem þó hefði átt að vera samkv. forsetabréfinu frá 1944.

Það er mjög eftirtektarvert, að af þeim 414 mönnum innlendum, sem höfðu fálkaorðuna fyrir 2 árum, voru aðeins 38 konur eða því sem næst 1 af hverjum 10 orðuhöfum. Alkunnugt er, að konur vinna mjög þýðingarmikil störf í þjóðfélaginu. M. a. má nefna mikil fórnarstörf þeirra á ýmsum sviðum. Við þekkjum t. d. margar konur, sem eiga fjölda af börnum og verja öllum kröftum sínum til að annast þau og heimilin. Þær uppfylla þarfir barnanna, meðan þau eru að öllu ósjálfbjarga. Þær halda í hendur þeirra, þegar þau stíga fyrstu skrefin, þær sauma og prjóna föt handa þeim og gefa þeim mat að borða. Þær kenna þeim bænir og vers, svæfa þau á kvöldin, signa þau og breiða ofan á þau. Þær rísa fyrstar heimilismanna úr rekkju á morgnana og ganga síðast til hvílu á kvöldin. Þeir, sem stjórnað hafa orðuveitingunum, þjóðhöfðingjarnir og orðunefndarmenn, segja, að margir aðrir menn séu þessum konum fremri í því að efla hag og heiður fósturjarðarinnar. Ég segi, að dómur þeirra sé rangur, og það, að konurnar eru svo mjög sniðgengnar við veitingu fálkaorðunnar, hefur ekki sízt orðið mér hvöt til að flytja till., sem hér liggur fyrir.

Nokkurn kostnað hefur ríkið af orðuframleiðslunni, því að menn fá þær ókeypis. Er að því vikið í grg. með till., að með afnámi orðunnar mætti spara nokkur útgjöld. Að vísu skal viðurkennt, að þetta er lítill hluti af ríkisútgjöldunum, og ef til vill segir hæstv. fjmrh., að þess gæti lítið í svo mikilli mjólk. En það er svo um þann hæstv. ráðh. og ýmsa fylgismenn hans, að þeir eru búnir að klæða sig úr sparnaðarbuxunum, sem þeir gengu í fyrir nokkrum árum.

Ég er ekki svo mikill þjóðnýtingarmaður, sem það er kallað, að ég sjái nokkra ástæðu til þess, að ríkið reki framleiðslu á fálkaorðum, og mér finnst óviðfelldið og jafnvel óviðeigandi að láta sjálfan þjóðhöfðingjann, herra forsetann á Bessastöðum, vera afgreiðslumann í þessari ríkisverksmiðju. Ríkið á að mínu áliti að leggja niður krossaverksmiðjuna, þar getur hið frjálsa framtak einstaklinganna komið til sögunnar og notið sín fullkomlega. Ef mig skyldi langa til að eignast skrautmun til að hengja á mig, vildi ég miklu heldur kaupa hann sjálfur en að láta ríkið gefa mér hann. Ef einkaframtakið kemur hér í stað ríkisrekstrar, yrði valfrelsi manna líka miklu meira en nú er. Hér eru til hugmyndaríkir og dverghagir gull- og silfursmiðir og þeir geta framleitt ýmsar gerðir af skrautmunum, en í framleiðslu ríkisverksmiðjunnar vantar fjölbreytnina.

Fyrir Alþingi mun nú liggja frv. um að leggja niður eina ríkisstofnun, Viðtækjaverzlun ríkisins. Ég tel sízt minni ástæðu til að leggja niður krossaverksmiðju ríkisins. Hún hefur alltaf verið fjárhagsleg byrði á ríkinu, en aldrei gefið svo mikið sem einseyring í tekjur. Hér á hinu háa Alþingi eru margir menn, sem telja sig andvíga svonefndri þjóðnýtingu eða ríkisrekstri. Hér gefst þeim tækifæri til að votta þeirri stefnu sinni hollustu í verki með því að greiða atkv. með till. minni um að leggja niður krossaverksmiðjuna. En ef svo skyldi fara, mót von minni, að meiri hl. hv. alþm. séu svo harðir ríkisrekstrarmenn, að þeir megi ekki heyra annað nefnt en að ríkið haldi áfram að framleiða þá skrautmuni, sem fálkaorður nefnast, og vilji láta úthluta þeim með sama hætti og gert hefur verið, vil ég benda á, að óhjákvæmilegt er að gefa út nýtt forsetabréf um orðuna nú þegar, en fella gamla bréfið úr gildi. Í því nýja bréfi ætti ekki að nefna heiður og hag fósturjarðarinnar, en þar ættu að vera fyrirmæli um, að orðuna skuli einkum veita embættismönnum og þá sérstaklega þeim,

sem eru tíðir gestir í veizlum stórhöfðingja innanlands og utan. Þetta er alveg nauðsynlegt, til þess að bréfið verði í einhverju samræmi við framkvæmdina og framkvæmdin í nokkru samræmi við bréfið.

Áður hef ég bent á, að í Stjórnartíðindunum er getið allra þeirra manna, sem fá fálkaorðuna. Í Stjórnartíðindum er líka birt konungsbréfið og forsetabréfið um orðuna, þar sem fram er tekið, að hana beri að veita þeim, sem hafa skarað fram úr öðrum í því að efla hag og heiður fósturjarðarinnar. Seinni tíma menn hafa því mátt líta svo á, að í frásögnum Stjórnartíðindanna af orðuhöfum megi sjá það, hverjir hafi verið öðrum fremri í því efni. En þetta er ekki rétt. Með framkvæmd orðuveitinganna og opinberum skýrslum þar um hefur verið skráð villandi saga. Það er ekki sæmandi að halda þannig söguritun áfram. Mál er að hætta slíku og hefði átt að vera búið að því fyrir löngu. Þess vegna þarf að gefa út ný fyrirmæli um orðuveitingarnar, eins og ég áðan sagði, ef menn vilja ekki fallast á till. mína um afnám orðunnar.

Eins og um getur í grg. með till., er þessi orðutízka innflutt hingað frá nágrannaþjóðum okkar og þau ríki munu enn halda uppi þeirri starfsemi að veita heiðursmerki af þessu tagi. En eitt er það ríki, sem ekki veitir neinar slíkar orður. Það eru Bandaríki Norður-Ameríku. Þau munu að vísu veita stríðshetjum sínum heiðursmerki, því að það er víst venja hjá þeim þjóðum, sem hafa her, en aðrir menn í því ríki fá engar orður, og Bandaríkjamenn banna embættismönnum sínum að taka við heiðursmerkjum frá öðrum ríkjum. Í veizlum þjóðhöfðingja og annarra stórmenna eru ambassadorar og sendiherrar margra ríkja skjóttir af orðuglingri, en þar mæta sendiherrar Bandaríkjastjórnar skrautlausir með öllu. Vafalaust eru þeir þó menn mjúkklæddir, eins og segir í Heilagri ritningu, því að menn geta verið þokkalega til fara án þess að vera með orðudót utan á sér. Ein Evrópuþjóð mun fylgja sömu reglu og Bandaríkjamenn í þessu efni. Það eru Svisslendingar. Ég tel, að við Íslendingar ættum að taka Bandaríkin til fyrirmyndar í þessu efni og losa okkur við þennan hégóma.

Herra forseti. Það má víst telja eðlilegt skv. siðvenjum, að till. fái athugun í n., og líklega ætti það að vera allshn. Sþ. Ég vil því leggja til, að þegar forseta þykir henta, verði gert hlé á umr. og till. vísað þangað, og ég vil vænta þess, að till. eigi góðum skilningi að mæta hjá þeirri virðulegu þingnefnd.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, aðeins lesa till., það tekur ekki langan tíma, hún er stutt. Tillgr. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að öll ákvæði um hina íslenzku fálkaorðu og orðunefnd verði numin úr gildi. Þó skulu þeir, sem hafa hlotið fálkaorðuna, halda þeim heiðursmerkjum.“

Grg. er líka fáorð, og hún er þannig:

Hér er farið fram á það að fella niður orðuveitingar og spara útgjöldin, sem til þess fara.

Orðan barst frá okkar grönnum, eins og fleira þarflaust tildur. Þeir eru vanir þessu, t. a. m. Danir. Og sagt er, að Rússar sæmi ýmsa svona skrauti. Það er hengt á vildarvini valdhafanna í heiðursskyni.

Þó að sumir þrái krossa, þá munu fleiri mæla, að enginn Íslendingur ætti að dýrka þannig glingur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti.

Hér er bæði merkt og mikið mál á ferðum,
hugsjón glæst í heiminn borin.
Herör djarfleg upp er skorin.

Upp frá þessu ei skal nýjar orður veita.
Hér er hin sanna framsókn falin.
Frelsisást það líka er talin.

En því vill flutningsmaður þessa þarfa máls síns
láta orður áfram lafa
á þeim, sem þær núna hafa?

Skyldi hann eiga einhvern vin, sem yrði hryggur,
ef hann mætti ekki sína
orðu láta á brjósti skína?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

14. Uppbygging sjónvarps.

Á deildafundum 7. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um, að hraðað verði framkvæmdum við uppbyggingu íslenzks sjónvarpskerfis [52. mál] (A. 56).

Á 8. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11., 12., 15., 21., 22., 23. og 24. fundi í Sþ.,

23. og 30. nóv., 7. des., 2., 8., 15. og 22. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Við höfum hér fjórir þm. Alþb. leyft okkur að flytja þáltill. um, að hraðað verði framkvæmdum við uppbyggingu hins íslenzka sjónvarpskerfis. Gengur till. okkar út á það, að hv. Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum, að framkvæmdir verði svo hraðar, að sjónvarp nái til sem næst allra landsmanna á árinu 1969 eða einu ári fyrr en 5 ára áætlun sjónvarpsnefndar gerði á sínum tíma ráð fyrir og þrem árum fyrr en 7 ára áætlun sömu n. ráðgerði. Við leggjum til, að ný framkvæmdaáætlun verði gerð í samræmi við þetta markmið.

Nú er það svo, að áætlanir þær, sem sjónvarpsnefnd gerði í till. sínum frá því í marz 1964, hafa ekki formlega verið samþykktar af Alþingi eða ríkisstjórn, þó að menn hafi yfirleitt fram til þessa reiknað með því, að framkvæmdahraði yrði ekki minni en þar var ráð fyrir gert. Er því út af fyrir sig full nauðsyn, að réttir aðilar geri í aðalatriðunum a. m. k. upp við sig, hversu rösklega verði að verki gengið í þessum efnum, svo að allur almenningur megi gera sér ljóst, hvers hann má vænta um svo mikilsverða sameign þjóðarinnar sem sjónvarpið er eða hlýtur að verða. Enn brýnni er svo þörfin á því, að Alþingi og ríkisstjórn geri hreint fyrir sínum dyrum í framkvæmdamálum sjónvarpsins, þegar haft er í huga, að mjög hefur örlað á þeirri stefnu í málinu að láta eigin fjármagnsgetu sjónvarpsins á hverjum tíma alfarið eða svo til alfarið ráða ferðinni um framkvæmdir, en sú aðferð er t. d. vel þekkt og að mínu viti ekki að góðu úr sögu útvarpsins eða hljóðvarpsins, eins og það nú heitir, og hafa þrír áratugir ekki dugað til að skapa jafnan rétt landsmanna til þess að njóta þess, sem það hefur að bjóða. Af slíkri fyrirmynd eru menn að vonum ekki mjög hrifnir, a. m. k. ekki þeir, sem ætlað er að bíða. Þessi stefna kom m. a. glögglega fram snemma á þessu þingi í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh., en hann sagði þar: „Leggja verður á það ríka áherzlu, að útgjöld sjónvarpsins í framtíðinni verði takmörkuð við tekjur þess af afnotagjöldum og auglýsingum, svo sem verið hefur um hljóðvarpið.“ Hér er að vísu ekki alveg með berum orðum fortekið, að önnur stefna eigi að gilda um stofnkostnað en rekstrarkostnað, en ákaflega nærri liggur, að álykta svo af þessum tilfærðu ummælum, að þar megi ekki ganga hraðar fram en svo, að aðflutningsgjöldin dugi til hverju sinni, enda lauk hæstv. fjmrh. hugleiðingum sínum um fjármál hljóðvarps og sjónvarps að þessu sinni með því að segja, að dreifbýlisfólk ætti nú eðlilega kröfu til sæmilegs hljóðvarps, eftir að þéttbýlið hefði einnig fengið sjónvarp. Kröfuharðari var þessi hæstv. talsmaður ríkisstj. ekki fyrir hönd dreifbýlismanna að því sinni.

Framkvæmdir í sjónvarpsmálinu hefur alloft borið á góma á yfirstandandi Alþingi, í sambandi við 3 fsp. og í sambandi við breyt. á l. um ríkisútvarpið. Hefur í þeim umr. orðið mjög greinilega vart áhuga landsbyggðarmanna fyrir því, að framkvæmdum verði hraðað, eftir því sem kostur er, en talsmaður ríkisstj. hefur farið undan í flæmingi, vil ég segja, og gefið heldur óljós svör um fyrirhugaðan framkvæmdahraða, þó að það skuli játað, að svör hans hafa verið því jákvæðari sem málið hefur oftar borið á góma. Í fyrstu svörum hæstv. menntmrh. við fsp. um sjónvarp til Norðurlands kom t. d. ekkert fram, sem til þess benti, að ríkisstj. hygðist taka upp stefnu hraðari framkvæmda en þá, sem óhjákvæmilega leiddi af þeirri ætlun að taka ekki lán til stofnkostnaðarframkvæmda. Síðar leiddi greinileg óánægja og tillögugerð þm. úr öllum flokkum til þess, að fest var í lög heimild til nokkurrar lántöku, sem að flestra eða allra dómi er þó algerlega ófullnægjandi, og í kjölfarið komu svo nokkru jákvæðari upplýsingar en áður höfðu verið gefnar um byggingu Skálafellsstöðvar, Vaðlaheiðar-, Fjarðarheiðar- og Stykkishólmsstöðvanna, þ. e. a. s. aðaldreifistöðvanna, og því lýst yfir, að ríkisstj. hefði hinn fyllsta hug á að reisa þær svo fljótt sem kostur væri á og tæknilega væri framkvæmanlegt.

Það má víst segja, að veruleg breyting í rétta átt hafi orðið á afstöðu hæstv. ríkisstj. frá því í þingbyrjun og frá því við undirbúning fjárlaga, þegar hún hafði enn ekki heimilað neinn undirbúning að byggingu Skálafellsstöðvarinnar, gagnstætt till. sjónvarpsnefndar, og enn síður hinna aðalstöðvanna. En í fjárlagafrv. var, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, ekki gert ráð fyrir neinum af þessum framkvæmdum. En þrátt fyrir þessa breyt. er enn fullljóst, að framkvæmdir verða strax í upphafi verulega seinni en ráð var fyrir gert í 7 ára áætlun sjónvarpsnefndar og það þrátt fyrir miklu betri fjárhagsútkomu en gert var ráð fyrir. Hvorki Skálafells- né Vaðlaheiðarstöð verða komnar upp á árinu 1967, eins og sjónvarpsnefnd gerði ráð fyrir, bæði í 5 ára áætlun sinni og í 7 ára áætlun sinni, og ekkert liggur fyrir um það, að hinar tvær höfuðstöðvarnar, í Stykkishólmi og á Fjarðarheiði, komi í gagnið á næsta ári. Um smærri stöðvarnar ríkir þó enn meiri óvissa.

Sú spurning hlýtur að vakna, hvers vegna ekki hafi þegar á s. l. ári — ég vil segja mjög snemma á s. l. ári — verið gengið frá því, að Skálafells- og Vaðlaheiðarstöðin yrðu reistar og þær boðnar út — tæki til þeirra — svo tímanlega, að að þeim yrðu full not fyrri hluta þess árs, sem nú er byrjað, eins og menn almennt höfðu ástæðu til að vonast eftir skv. till. sjónvarpsnefndarinnar. En það er staðreynd, að það var ekki fyrr en málið

hafði verið tekið upp hér á Alþingi og rætt hér margsinnis, að ríkisstj. gaf leyfi til þess, að í þessar framkvæmdir yrði ráðizt, og ber fjárlagafrumv. eða fyrsta gerð þess greinilegt vitni um þetta. Ástæðan til þess arna getur naumast verið önnur en sú, að lántaka í sambandi við framkvæmdir í sjónvarpsmálunum hafi verið bannorð, þangað til þungi almenningsálitsins knúði ríkisstj. til nokkurs undanhalds í þessu máli og hún féllst á það, að smávægileg heimild yrði samþ. til byggingar stöðvanna í Stykkishólmi og á Fjarðarheiði.

Það er því skoðun mín og okkar flm., að þrátt fyrir þær afstöðubreytingar, sem hafa orðið í málinu, sé nú kominn tími til þess, að Alþingi taki af allan vafa um það, hvort þessi stefna á að vera ráðandi áfram, — þessi stefna, sem óhjákvæmilega leiðir framkvæmdir í sjálfheldu, ef ekkert lán má taka, og leiðir til þess, að mikill hluti landsmanna þarf að bíða árum saman, ég vil segja jafnvel í heilan tug ára, eftir sjónvarpinu og það algerlega að ástæðulausu, eða hvort það er talið einhvers virði, að allir landsmenn, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir, eigi sama rétt til að njóta þeirra — við skulum segja lífsþæginda og menningarauka, sem við allir vonumst eftir að sjónvarpið hafi að bjóða, svo fljótt sem tæknilega og fjárhagslega er mögulegt. Eigi síðarnefnda stefnan að ráða, ber að sjálfsögðu að gera nýjar framkvæmdaáætlanir, eins og gert er ráð fyrir í þessari till., svo að í engar grafgötur þurfi að fara um það, hvers vænta megi.

Ég tel ekki vera fjarri lagi að athuga gildi þessara tveggja stefna, í fyrsta lagi frá tæknilegu sjónarmiði, í öðru lagi fjárhagslegu, í þriðja lagi út frá menningarlegu viðhorfi og í fjórða lagi út frá þeirri forsendu, að það sé a. m. k. æskilegt, að landsmenn búi við jafnan rétt í þessu máli sem öðrum og að ekki sé aukið á þann menningarlega aðstöðumun, sem þegar er fyrir hendi eftir búsetu í landinu. Um tæknilega hlið málsins er það fljótsagt, eftir því sem ég bezt veit, að engin tæknileg vandkvæði eru á því að byggja upp dreifikerfi í landinu á mjög skömmum tíma. A. m. k. er það fullvíst, að ekkert slíkt kemur fram í hinu ýtarlega áliti sjónvarpsnefndarinnar frá því í marz 1964. Og það, sem síðar hefur komið fram í þeim efnum af vandkvæðum, hygg ég að sé mjög smávægilegt og muni ekki á nokkurn hátt hindra það, að ef nægilegu fjármagni væri beitt til framkvæmda, sé það ekki fyllilega mögulegt. Það má að vísu vera, að það sé skortur á fagkunnáttumönnum við uppbygginguna. En það eru mörg fyrirtæki í heiminum, sem mundu vera þess albúin að taka að sér svo stórt verkefni sem byggingu dreifikerfis á Íslandi, svo að ekki ætti að þurfa á því að standa, enda næsta líklegt, að útboð kerfisins í heild skv. fyrirframgerðri áætlun til stórra og viðurkenndra fyrirtækja mundi reynast bæði öruggasta leiðin tæknilega séð og einnig ódýrust í framkvæmd og örugglega fljótvirkust. Fjárhagslega verður ekki betur séð en sú ein leið sé á viti byggð að hraða svo sem verða má uppbyggingu dreifikerfisins, vegna þess að á þeirri uppbyggingu byggist fjárhagsafkoma sjónvarpsins algerlega. Áætlaður stofnkostnaður alls dreifikerfisins var 1964 skv. áætlun sjónvarpsnefndar 150 millj., hún kann að vera orðin nokkru hærri núna, en þessi upphæð, sem upphaflega var gert ráð fyrir, svarar til aðflutningsgjalda af um 20 þús. sjónvarpstækjum. En væri dreifikerfið til staðar, væri meir en líklegt, að aukning tækjafjölda frá því, sem nú er, færi langt upp fyrir þá tölu, sem flytja þyrfti inn af tækjum, til þess að fullnægt væri fjárþörfinni, eins og gert var ráð fyrir henni í till. sjónvarpsnefndarinnar. Afnotagjöld á ári af slíkri sölu tækja, t. d. 20 þús. tækjum, yrðu líklega ekki undir 50 millj. á ári — og ekki undir 37.5 millj., ef miðað væri við 15 þús. tæki. Margra ára bið eftir dreifikerfinu er því að mínu viti hin mesta fásinna út frá rekstrarsjónarmiði sjónvarpsins séð og getur aldrei orðið til annars en stórkostlegs fjárhagslegs tjóns, auk þess sem hún leiðir til þeirrar grátbroslegu sjálfheldu, að uppbyggingin bíði eftir tekjum, sem geta hins vegar ekki skapazt, fyrr en framkvæmdirnar hafa átt sér stað. Það er því, held ég, alveg ómótmælanlegt, að mjög hröð uppbygging dreifikerfisins er óhjákvæmileg forsenda fyrir traustri fjárhagsafkomu sjónvarpsins. Seinagangs- og kotungsaðferð er hér ekki fremur en annars staðar vænleg til hagnaðar. Í þessu tilviki mundi hún auk þess lama hina nýju stofnun strax frá upphafi og gera hana slakara og lélegra menningartæki en vera þyrfti, ef séð væri nokkurn veginn frá upphafi sæmilega fyrir þeim grundvelli, þ. e. a. s. dreifikerfinu, sem hún á að hvíla á fjárhagslega. Með þeim hætti verður hún síðar og síður sjálfbjarga menningarstofnun.

Það er því skoðun okkar flm. þessarar till., að það sé mikil glámskyggni, þótt fjármálahliðin ein sé höfð í huga, að tefja uppbyggingu dreifikerfisins á þeirri forsendu, að eigið fé stofnunarinnar sé ekki fyrir hendi við upphaf framkvæmda. Sé svo, teljum við, að sjálfsagt sé að taka nokkurt framkvæmdalán, þar sem öruggt virðist, að framkvæmdirnar sjálfar muni skapa stofnuninni tekjur, sem standi fyllilega undir þeim lántökum, sem nauðsynlegar eru eða kunna að reynast, og jafnframt stórauka hinar beinu rekstrartekjur, sem standa eiga undir hinni daglegu starfsemi og gera hana öflugri, betri og menningarlegri, þ. e. a. s. tekjur af afnotagjöldum og tekjur af auglýsingum.

Það er þegar orðið ljóst, að landsmenn utan þéttbýlissvæðanna á Suðvesturlandi og Suðurlandi ef til vill munu ekki taka því með þegjandi þögninni, að þeir verði jafnvel árum saman, jafnvel í heilan áratug, eins og manni virðist helzt vera meiningin, afskiptir að því er til sjónvarpsins tekur, og það er

raunar sízt að furða, þar sem þeir eru þess albúnir að greiða úr eigin vösum allt það fjármagn, sem til uppbyggingar dreifikerfisins þarf, þ. e. a. s. að kaupa þau tæki, sem eiga að borga stofnkostnaðinn. Og nú þegar hafa heyrzt mjög skorinorðar kröfur í þessum efnum. Ég nefni sem dæmi kröfur bæjarstjórnar Akureyrar og samtaka sveitarfélaga á Austurlandi og fleiri. En þær raddir eiga þó áreiðanlega eftir að verða fleiri og ákveðnari, ef hér á að fara seinagangsleiðina. Í þessu sambandi munu mörgum ekki heldur gleymast þær staðreyndir, að þeir, sem ætlað er að bíða rólegir, eiga í flestum eða öllum menningarlegum efnum miklu færri kosta völ en þeir, sem njóta sjónvarpsins einir. Auðvitað mun sjónvarpið engan veginn jafna þann aðstöðumun, sem þegar er fyrir hendi, en það mundi draga nokkuð úr honum, ef vel er á haldið. Sjónvarpið getur fært ýmsar greinar listar til fólksins í hinum strjálu byggðum landsins og miðlað því nokkru af þeim menningarverðmætum, sem fólkið í þéttbýlinu, í og við höfuðborgina, hefur nú einkarétt á að njóta. Sjónvarpið getur orðið að miklum notum í skólum landsins, og sú aðstoð, sem það getur veitt í kennslumálum, mundi ekki sízt bæta úr brýnum þörfum á dreifbýlissvæðum landsins. Og enn skyldi það munað, að sjónvarpið er á margan hátt til þess fallið að draga úr einangrunarkennd þess fólks, sem býr við ófullkomnar samgöngur og fásinni hvers konar einangrunar, og til þess að veita því skemmtun og í betra fallinu menntun innan veggja heimilanna. Það gæti því orðið öflugt hjálpartæki til þess, að dreifbýlisfólk yndi hag sínum betur en áður, og þannig stutt að byggðajafnvægi, þótt þar þurfi auðvitað margt annað að koma til. A. m. k. er fullvíst, að langvarandi mismunun í þessum efnum hlyti mjög að auka á þá tilfinningu fólksins í dreifbýlinu, að á það væri litið af hálfu stjórnarvalda landsins sem annars flokks borgara í þjóðfélaginu, og slíkri afstöðu stjórnarvalda mun það ekki una til lengdar, enda ástæðulaust með öllu.

Hvort sem um þetta mál er rætt lengur eða skemur, hlýtur niðurstaðan að verða hin sama. Það er fjárhagslega óhagkvæmt að velja tregðu- og seinagangsleiðina varðandi uppbyggingu sjónvarpskerfisins. Það er fyllilega framkvæmanlegt tæknilega og fjárhagslega að ljúka uppbyggingu á skemmri tíma en ráð hefur verið gert fyrir til þessa. Það er í alla staði óréttlátt og óskynsamlegt að mismuna landsmönnum um langt árabil eftir búsetu í máli eins og þessu. Þess vegna er eina rétta leiðin nú sú að endurskoða frá grunni allar áætlanir um uppbyggingu sjónvarpskerfisins í þeim tilgangi og með því markmiði, að henni verði lokið á þeim tíma, sem skemmstur getur orðið út frá tæknilegum sjónarmiðum, og séu þau sjónarmið ráðandi, er sú till., sem hér er flutt, sízt of róttæk að dómi okkar flm. Þess ber því að vænta, að þessari till. okkar þm. Alþb. verði vel tekið hér á hv. Alþingi og að hún hljóti greiða og jákvæða afgreiðslu. Geti hæstv. ríkisstj. mót von okkar ekki fallizt á hana, ber henni rík skylda til að leggja fram og það áður en langir tímar líða sína eigin áætlun, svo að ljóst verði, hvern hlut hún ætlar landsbyggðinni í þessu máli, því að um svör við því verða rétt stjórnarvöld krafin alveg skilyrðislaust.

Ég læt ræðu minni lokið að sinni, herra forseti, og legg til, að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

15. Loftpúðaskip.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um loftpúðaskip [54. mál] (A. 60).

Á 10. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 15. og 21. fundi í Sþ., 30. nóv., 7. des. og 2. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 5. þm. Sunnl., Sigurði Ó. Ólafssyni, leyft mér að flytja á þskj. 60 till. til þál. um loftpúðaskip. Hljóðar till. þannig, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka, hvort loftpúðaskip muni ekki henta við íslenzkar aðstæður til samgöngubóta.“

Loftpúðaskip eru ný samgöngutæki, og hafa á undanförnum árum verið gerðar ýtarlegar tilraunir varðandi sjóhæfni þeirra og notagildi. Ýtarlegastar tilraunir með skipið munu hafa verið gerðar við strendur Bretlands og einkum á Ermarsundi, og bendir sú reynsla, sem við þessar tilraunir hefur fengizt, mjög til þess, að hér sé um framtíðarfarartæki að ræða, bæði til mannflutninga og flutninga á bifreiðum af venjulegri gerð, enda eru loftpúðaskip tekin í notkun víða um heim, þó

mest við strendur Bretlands, en einnig annars staðar, þ. á m. á Norðurlöndum.

Til viðbótar því, sem kemur fram í grg. með till. um notagildi þessara skipa, skal ég geta þess, að ég hef fengið upplýsingar um, að brezka strandgæzlan sé með hugmyndir um og athugun á að taka skip af þessari gerð til afnota fyrir sig til gæzlu- og eftirlitsstarfa við strendur Bretlands. Eins og einnig kemur fram af grg. með till., er talið, að skip af svonefndri SRN-6-gerð muni bezt henta við aðstæður hér á landi. Ég tel þó, að þetta þurfi að athugast nánar, sérstaklega vegna þess, að eftir að till. sú, sem hér er til umr., var lögð fram á Alþ., hafa borizt upplýsingar um, að hið brezka fyrirtæki, sem byggir þessi skip, muni nú vera með í smíðum skip af heldur stærri gerð, sem full ástæða er til að ætla, að betur muni henta hér á landi. Mér þykir rétt að kynna Alþ. lauslega grg., sem frá fyrirtækinu hefur borizt og umboðsmönnum þess hér á landi varðandi þessi skip, og hún hljóðar svo í stórum dráttum:

Fyrsta loftpúðaskipið, sem sett var í reglulega framleiðslu í heiminum, var SRN-5, og er það skip enn þá í fjöldaframleiðslu. Þetta skip flytur 18 farþega eða 2 tonn af varningi með 62 hnúta hraða á sléttum sjó og hefur 370 km eldsneytisbirgðir. Þetta loftpúðaskip, sem er bæði hraðskreitt og ódýrt í rekstri, hefur verið notað með góðum árangri bæði sem farþega- og flutningaskip í mörgum löndum, svo sem Noregi, Bandaríkjunum, Þýzkalandi, Japan og einnig hjá brezka hernum og bandaríska sjóhernum. SRN-6 er fyrst og fremst gert fyrir farþegaflutninga, og er það tiltölulega ódýrara í rekstri en SRN-5. SRN-6 hefur verið notað stöðugt sem farþegaferja með mjög góðum árangri og öryggi. Það flytur auðveldlega 35 farþega og má breyta í flutningaskip. Hraði yfir sléttum sjó er 55 hnútar, og eldsneyti er fyrir 370 km vegalengd, og með 40 hnúta hraða í öldum 1.5—2 m háum flytur það með tveggja manna áhöfn 35 farþega. Verð á SRN-6 er um það bil 14.2 millj. ísl. kr. auk varahluta. Bæði SRN-5 og SRN-6 eru til afgreiðslu með fjögurra mánaða fyrirvara, eftir að gengið hefur verið endanlega frá samningum.

Nýtt loftpúðaskip, SRN-7, er farið í framleiðslu til þess að brúa bilið milli SRN-6 og SRN-4. Getur SRN-7 borið 145—165 farþega eða 6 bíla og 60—70 farþega. — Ég skal geta þess, að það skip, SRN-4, sem þarna er talað um, er af það miklu stærri gerð, að það mun ekki koma til greina hér á landi og ekki henta við íslenzkar aðstæður. — Mjög athyglisverður kostur við loftpúðaskip auk hins mikla hraða er hinn stutti tími, sem tekur að snúa því við á endastöðvum. Byrjunarkostnaður loftpúðaskipa er örlítið hærri en venjulegra skipa, en styttri tími vegna meiri hraða og skemmri viðstöðu vegna þess, hve auðvelt er að snúa þeim við, eins og ég sagði áðan, mun fjölga ferðum þess á þeim leiðum, sem það er sett inn á. Stöðugur ferjurekstur milli Portsmouth og Wright á Englandi flutti rúmlega 302 þús. farþega á fyrsta rekstrarári skipa, sem þar gengu. Athyglisverðast við þennan rekstur var það, að langmestur hluti af þessum farþegafjölda var fluttur með sama skipinu. Þannig hefur það reynzt, að SRN-6 getur haldið uppi reglubundnum ferðum dag eftir dag með framúrskarandi öryggi í rekstri.

Þetta var grg. þess fyrirtækis, sem framleiðir skip af þessari tegund, og kemur þar fram sú reynsla, sem hefur fengizt af þessum skipum á þeim stöðum, þar sem þau hafa verið tekin í reglubundnar ferðir. Kostur þessara skipa er, eins og fram kemur einnig í grg., m. a. sá umfram önnur skip, að þau þurfa engin hafnarmannvirki til að athafna sig við, hvorki við brottför né lendingu, ef um sæmilega slétta strönd er að ræða, þar sem þau af eigin vélaafli lyfta sér upp á ströndina og á flot aftur. Einnig má sigla þessum skipum um árósa og upp eftir ám, þó að straumharðar séu, ef aðrar tálmanir eru ekki fyrir hendi.

Það kemur fram í grg. till., að Vestmanneyingar hafa nokkuð fylgzt með þróun þessara mála sem hugsanlegri samgöngubót fyrir sig, og er þá gert ráð fyrir, að skipið gengi yfir sundið milli lands og Eyja, þ. e. a. s. stytztu leið frá Eyjum til meginlandsins, og þá bæði með farþega og einnig smærri bifreiðar. Ég tel það mjög eðlilegt, að íbúar þessa staðar hafi sérstakan áhuga á tilkomu þessara skipa. Kemur þar að sjálfsögðu til sú sérstaða Vestmannaeyja, að þær eru algerlega slitnar úr sambandi við þjóðvegakerfi landsins. Í Vestmannaeyjum eru nú búsettar rúmlega 5 þús. manns, og á vissum tímum árs munu vera þar allt að 7 þús. manns. Kaupstaður af þessari stærð og með þá miklu framleiðslu, sem þar er, krefst þess að sjálfsögðu að vera í daglegu sambandi við þjóðvegakerfi landsins og höfuðstað landsins, ef þess er nokkur kostur. Ég skal viðurkenna, að samgöngur við Eyjar hafa batnað hin síðari ár mjög mikið, bæði við tilkomu þeirra flugbrauta, sem þar hafa verið byggðar, og einnig við, að sérstakt skip, Herjólfur, var fyrir nokkrum árum sett í fastar ferðir, þó aðallega til vöruflutninga, milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, og fer hann 1—2—3 ferðir á viku eftir aðstæðum. Hitt er annað mál, að þó að samgöngur við Eyjar hafi batnað mjög frá því, sem áður var, eru þær enn mjög ótryggar, sérstaklega að því er flugið varðar. Á vetrum hamla oft stormar og hörð veður, að hægt sé að halda uppi flugsamgöngum milli Eyja og Reykjavíkur eða annarra staða, og á sumrin hafa flugsamgöngur oft lagzt niður í nokkuð langan tíma, allt að viku eða 10 daga í einu, þó að gott veður hafi verið og aðstaða til flugs að öðru leyti, en þoka og lágskýjað hefur verið þar úti.

Ef athuguð er aðstaða Vestmanneyinga í sambandi við samgöngur á sjó, liggur fyrir, að leiðin milli Reykjavíkur og Eyja er um

120 sjómílur, og leiðin liggur fyrir Reykjanes, eins og kunnugt er, sem talin er ein af verri sjóleiðum hér við strendur landsins. Sigling þessa leið tekur venjulega 8—10—12 klukkutíma, eftir því að sjálfsögðu, með hvað hraðskreiðu skipi er farið, en getur oft tekið allt upp í einn sólarhring eða heilan sólarhring, ef hvassviðri er eða brim í sjó, eins og oft er að haustinu eða vetrinum. Það er því eðlilegt, að Vestmanneyingar leggi áherzlu á að tryggja samgöngur sínar hvað fólksflutninga fyrst og fremst snertir, eins og kostur er á og aðstæður frekast leyfa.

Í þessu sambandi hefur einnig nú hin síðari ár skapazt nýtt vandamál, en það er flutningur á fólksbifreiðum milli lands og Eyja. Bifreiðum hefur fjölgað mjög hin síðari ár, og munu nú vera skráðar þar milli 500 og 600 fólksbifreiðar. Hér er að langmestu leyti um að ræða nýjar og vandaðar bifreiðar, sem eigendum þeirra er að sjálfsögðu ekki sama, hvernig fer um, ef þeir þurfa að flytja þær með sér frá Eyjum eða heim aftur. Fram að þessu hafa bifreiðar eingöngu verið fluttar á þilfari þeirra skipa, sem annast vöruflutninga til og frá Eyjum, annaðhvort leiðina fyrir Reykjanes eða í sumum tilfellum að sumrinu til yfir Þorlákshöfn. Hér er um mjög kostnaðarsama flutninga að ræða, auk þess sem alltaf er hætta á, eins og ég sagði áðan, að þær skemmist við flutninga á skipum, bæði við að þær sjóblotni og einnig við að þær laskist, þegar verið er að taka þær um borð eða láta þær í land.

Eins og ég sagði áðan, er sjóleiðin milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur um 120 sjómílur, og tekur það eftir aðstæðum 8—24 tíma að sigla þessa leið. Hins vegar er stytzta leiðin milli lands og Eyja innan við 8 sjómílur, og ég vil segja, þó að ekki væri unnt að fara þessa allra stytztu leið, liggur alveg í augum uppi, að alveg yrði um gerbyltingu að ræða í samgöngumálum Vestmanneyinga, ef hægt væri að finna farartæki, sem siglt gæti upp að hinni hafnlausu strönd Suðurlandsundirlendisins og hentaði til farþegaflutninga og flutninga á bifreiðum af venjulegri stærð. Mundi sú leið ábyggilega verða mjög fjölfarin af fleiri en þeim, sem úti í Vestmannaeyjum búa, og kæmi að því leyti að gagni og notum fyrir aðra en Vestmanneyinga sjálfa. Að því er séð verður, er hægt að telja verulegar líkur fyrir því, að hin svokölluðu loftpúðaskip af vissri stærð mundu geta leyst þennan vanda í sambandi við samgöngumál þessa staðar.

Ég tel, að þetta geti ekki talizt eingöngu sérmál Vestmanneyinga. Það eru margir fleiri staðir á landinu annars staðar, þar sem mjög kæmi til greina, að þessi skip yrðu notuð og hentuðu betur en önnur farartæki, sem fram að þessu hafa verið til afnota, og það er af þeirri ástæðu, að þetta mál er flutt hér inn á hv. Alþ. Ég tel, að það, sem þyrfti fyrst og fremst að rannsaka, sé það, hvort hugsanlegt væri að fá eitt skip með einhverju móti hingað til lands til þess á þann hátt að sannprófa á raunhæfan hátt, hvort hugmynd mín og annarra um notagildi þessara skipa geti ekki orðið til verulegra samgöngubóta hér á landi. Eftir því sem í ljós hefur komið, síðan farið var að ræða þetta mál opinberlega, hefur áhugi vaknað á þessu farartæki víðar en þá leið, sem ég hef hér rætt aðallega, og ef eitt skip af hentugri stærð fengist hingað til lands, mundi fást endanlega úr því skorið, hvort hér gæti verið um raunverulegt tæki til samgöngubóta að ræða eða ekki.

Ég vil leyfa mér, herra forsesti, að leggja til, að umr. um málið verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

16. Skólaskip.

Á 8. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um skólaskip og þjálfun sjómannsefna [55. mál] (A. 61).

Á 10. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 15., 21., 22., 23. og 24. fundi í Sþ., 30. nóv., 7. des., 2., 8., 15. og 22. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Við höfum hér nokkrir þm. leyft okkur að flytja till. til þál., sem fjallar um skólaskip og þjálfun sjómannsefna. Till. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að vinna að því í samráði við sérfróða menn, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna, m. a. með rekstri hentugs skólaskips, eins eða fleiri, eftir því sem tiltækt þætti."

Þess er að geta, að sjómennska er ein mikilvægasta undirstöðugrein íslenzks þjóðarbúskapar, og má segja, að hún sé ein af lífstaugum þjóðarinnar. Og hér gildir hið fornkveðna, sem Rómverjar höfðu um orð, „að sigling sé nauðsyn". Það má ekki henda, að ekki verði nægilegt framboð af vöskum mönnum, sem vilja gefa sig að sjómennsku. Fari svo, er meira en lítil ástæða til að óttast um

tilveru þjóðernis okkar og fullveldis. Ég held, að þjóðin fái ekki staðizt, án þess að hún eigi yfir að ráða nægilega fjölmennri innlendri sjómannastétt. Það er nauðsyn — og raunar lífsnauðsyn, að sjómannastéttin sé fjölmenn og einnig vel mennt. Það er nauðsyn að búa þannig um hnútana af þjóðfélagsins hálfu, að ungir menn sækist eftir því að gera sjómennsku að ævistarfi. Það verður því að launa sjómönnum vel störf þeirra og gera aðbúnað þeirra sem beztan. En hitt er einnig nauðsyn, eins og till. þessi gerir ráð fyrir, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna, m. a. með rekstri sérstaks skólaskips, eins eða fleiri. Eins og þróunin er í þjóðfélaginu nú, er sú hætta fyrir hendi, að framboð á sjómönnum og sjómannsefnum verði ekki nægilegt. Það, sem ég óttast sérstaklega í þessu sambandi, er sú staðreynd, að það unga fólk, sem nú er að vaxa upp í bæjum og borg, sé á ýmsan hátt viðskila við þennan frumþátt atvinnulífsins. Það þekkir sjómennsku lítið sem ekkert af eigin reynd, né heldur af beinni snertingu innan síns umhverfis, svo að sjómennskan verður því næsta fjarlæg, og má segja, að það sé tæpast eðlilegt, að það gerist sjómenn, enda ólíku saman að jafna og þegar um er að ræða börn eða unglinga, sem alast upp við sjómennsku og við sjó alveg frá blautu barnsbeini. Unglingur í sjávarþorpi, sem daglega hefur fyrir augunum sjó og skip og sjómenn og sjóvinnu, er með allt öðrum hætti búinn undir það að verða sjómaður en sá unglingur, sem elst upp utan slíks umhverfis og án veruleikatengsla við þessa atvinnugrein. Það er ekki endalaust hægt að treysta á, að sveitirnar og sjávarþorpin leggi fram lið til íslenzku sjómannastéttarinnar. Það er nauðsyn að vekja áhuga sem allra flestra unglinga á sjómennsku, og þá þarf ekki síður að ná til unga fólksins í hinum ört vaxandi bæjum og hér í borginni.

Sú till., sem hér er til umr., miðar að því, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna í miklu ríkara mæli en hingað til. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar í þessa átt, bæði í Reykjavík og víðar á landinu, en þær hafa verið framkvæmdar við ófullkomnar aðstæður, og þó hafa þær gefið góða raun. Nú er nauðsyn að stíga stærri skref og koma á fastri sjómannsþjálfun. Sjómannsstörf eru margþætt og sum erið vandasöm. Ýmislegt af því, sem að sjómennsku lýtur, má læra í landi, en mikilvægast í sambandi við sjómannsþjálfunina hlýtur það að vera, að tiltækt sé hentugt skólaskip, sem búið sé þeim vélum og tækjum og öðrum búnaði, sem almennt tíðkast á skipum. Slík skip eru nú auðfáanleg, hvort heldur til kaups eða leigu. Það er skoðun okkar flm., að með starfrækslu slíks skólaskips og jafnframt sjóvinnukennslu í landi sé gerlegt að vekja áhuga fjölmargra unglinga, sem ella kæmust aldrei í beina snertingu við sjómennsku og mundu því aldrei gera hana að ævistarfi. Hér yrði því um mikið þjóðnytjastarf að ræða, sem fljótt skilaði beinum arði.

Í sambandi við þeta mál þykir mér rétt að geta þess, að þó að ég hafi lagt höfuðáherzlu á nauðsyn skipulegrar þjálfunar sjómannsefna eða unglinga, sem vildu leggja sjómennsku fyrir sig, ber einnig að minnast á þá nauðsyn, að stýrimannaskólinn fái sitt skólaskip til afnota vegna þjálfunar og menntunar skipstjórnarmanna. Á grundvelli þeirrar till., sem hér er til umr., er að sjálfsögðu kostur að taka það mál upp, enda gert ráð fyrir því í till., að hæstv. ríkisstj. vinni að framkvæmd málsins í samráði við sérfróða menn. Við tillögumenn teljum okkur hvorki bæra né heldur færa um að segja fyrir um skipulag þessara mála í smáatriðum, þar verður að kalla til sérfróða menn. En með till. þessari höfum við viljað vekja athygli á nauðsyn þess, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna og hafinn rekstur skólaskips, eins eða fleiri í einu eða öðru formi, eftir því sem kunnáttumönnum teldist heppilegast og mest aðkallandi.

Ég vil leggja til, herra forseti, að umr. um þetta mál verði nú frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

17. Lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans.

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans [57. mál] (A. 63).

Á 10. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15., 21., 22., 23. og 24. fundi í Sþ., 7. des., 2., 8., 15. og 22. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. þm. Reykn. að flytja hér þáltill., sem hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að dráttarvextir í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans verði lækkaðir úr 1% á mánuði í ¾% á mánuði eða sem svarar 9% á ári."

Það er nú bæði, að það er þunnskipað í d., og eins hitt, að það er búið að ræða þetta mál nokkuð hér undanfarna daga, það hefur verið komið inn á þessi atriði, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að vera mjög langorður, enda tekin fram í grg. helztu atriðin. En málið er þannig vaxið, að árið 1960 voru vextir hækkaðir í stofnlánadeildunum úr 4% í 6½% og dráttarvextir hækkaðir í 12%. Þá voru víxlavextir hækkaðir úr eitthvað 7½ og upp í 12%, og dráttarvextir af víxlum voru þá að mig minnir 16%. Síðar var þessu breytt. Vextir hafa verið lækkaðir í tveimur áföngum og hækkaðir aftur um 1%, en nú munu dráttarvextir af víxlum vera 12%. Föstu vöxtunum í stofnlánadeildunum hefur ekki verið breytt, þeir eru 6½% enn þá og dráttarvextir hafa ekkert verið lækkaðir. M. ö. o.: það er búið að lækka dráttarvexti af víxlunum og lækka vexti af víxlum, en þessir dráttarvextir hafa ekkert verið lækkaðir af stofnlánunum, og þeir eru allt að helmingi hærri en vextirnir eru af lánunum, ef greitt er á réttum gjalddögum. En aftur á víxlunum munar það miklu minna. Ég held því, að þetta miði að því að samræma eðlilega dráttarvexti í bönkunum, að færa þetta niður í 9%, mætti gjarnan færa þetta niður í 8%. Auk þess ber þess að gæta, að til stofnlánadeildanna eru viðkomandi aðilar skattlagðir. Bændurnir borga 1% af brúttótekjum sínum til stofnlánadeildarinnar, og sama er um fiskveiðasjóðinn að segja, þannig að það er ekkert óeðlilegt, að vextir séu eitthvað lægri í stofnlánadeildunum heldur en af lausaskuldum í bönkunum.

Mér kom það því dálitið á óvart, þegar sjútvmrh. lýsti því yfir hér um daginn, að það mundi valda ósamræmi í vaxtagreiðslum bankanna að lækka þetta. Það sýnir bara algert skilningsleysi þeirra manna, sem með þessi mál fara, að halda þessu fram. Ég innti hann eftir því þá, hvað hann áliti um þetta, því að hann er nú yfirmaður í sjávarútvegsmálum. Hann svaraði því engu hér í ræðu, en ég hitti hann hér niðri í þinghúsinu og spurði þá um þetta, sagðist vilja fá að vita það, og þá sagði hæstv. ráðh. mér, að hann áliti dráttarvextina of háa.

Nú er það þannig, að það er búið að taka af þinginu völdin um að ákveða vexti, en ég leit svo á, að það væri leyfilegt að bera fram auðmjúk tilmæli um það að fá einhverju breytt, að það væri ekki orðið lakara en það var hjá Magnúsi lagabæti, þegar hann sendi Loðinn lepp hér, þá leyfði Loðinn það, að bændur færu auðmjúklega fram á breytingar, ef þeim líkaði eitthvað illa, er þeir væru búnir að samþykkja þetta, og ég hélt, að það væri leyfilegt.

Við komum með þessa till. í fyrra, við hv. 4. þm. Reykn., og hún var aldrei afgreidd í n. Henni var vísað til fjvn., en aldrei afgreidd. Formaður fjvn. sagði mér, að hún hefði verið rædd á tveimur fundum, og mér skildist, að það væri ekki andstaða gegn henni, enda er dálítið erfitt að verja það. En hún var bara aldrei afgreidd, sennilega eftir fyrirmælum frá ríkisstj. að afgreiða ekki slíkar till., það væri móðgun sennilega við hátignina í Seðlabankanum að vera nokkuð að impra á svona hlut. Það er eins með okkur og Frakka, þegar þeir höfðu Napóleon, að hann vissi allt og gat allt.

En það, sem ég óskaði eftir, var, að ég vildi fá till. afgreidda, að hún kæmi inn í þingið, og þá sýndi það sig bara við atkvgr., hver væri á móti og hver með. Við erum vanir því í stjórnarandstöðunni, að það séu ekki samþ. frá okkur till. En mér finnst bara ekki rétt þingræðisleg aðferð að salta mál, sem eru jafnaugljós og þetta, og þess vegna flytjum við þessa till. aftur. Ég vil fá það fram, hverjir eru með þessu og hverjir eru á móti því, og ég álít, að þm. eigi heimtingu á því að fá mál afgreidd í n. Það á náttúrlega enginn heimtingu á því, að menn samþykki hana, nema þeir áliti það rétt, þegar í þingið er komið, en það á ekki að afgreiða mál þannig að senda það til n. og afgreiða það aldrei, allra sízt mál, sem eru jafnaugljós og þetta. Ef þetta væri ákaflega flókið mál, sem væri erfitt fyrir þm. að taka afstöðu til, væri náttúrlega hægt að afsaka það, og þeir ættu þá alltaf að geta afgreitt það með dagskrá, sem gæti hljóðað eitthvað á þá leið, að við ættum alls ekkert að vera að tala um neina vexti hér í þinginu, það væri Seðlabankans mál, og þá hefðum við það.

Nú vil ég óska eftir því, að umr. um þessa þáltill. verði frestað, henni verði vísað til fjvn., og vænti þess að fá að heyra eitthvað frá þeirri hv. n., áður en þingi er slitið. Ég get tekið það fram í þessu sambandi, að þessi bátanefnd, sem starfaði, leggur til, að þetta sé gert, þessir vextir séu lækkaðir í þetta, sem við stingum upp á hér, og þar er maður úr hverjum flokki, þannig að ég hygg, að það sé ekkert álitamál í flokkunum um þetta. En svo koma aftur þessi skilaboð í gegnum hæstv. sjútvmrh., að bankinn telji þetta ósamræmi í vöxtum og það megi ekkert eiga við það. Nú eru þetta ekki neinir aular þarna í bankanum, þó að þeir séu náttúrlega ekki vanir landbúnaðarstörfum eða sjávarútvegi eða slíku, og þeir ættu að skilja prósentureikning. Þá getur það ekki verið af því, að mennirnir séu svo blindir, að þeir sjái ekki, að það er ósamræmi í þessu, því að vextir af stofnlánunum eru lægri en af óreiðuvíxlum og af víxlum, og því ættu þá dráttarvextirnir ekki líka að vera lægri? Það er ekki það, heldur hitt bara, að þessir

herrar vilja alls ekki, að þingið láti neitt vilja sinn í ljós um þessa hluti. Þess vegna vil ég fá það fram, hvort það er yfirleitt leyfilegt, að þingið láti óskir í ljós um þetta. Er það orðið svo, er búið að taka það mikil völd af þinginu, að það megi ekki einu sinni óska eftir breytingum?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

18. Skipan heilbrigðismála.

Á deildafundum 28. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um, að skipan heilbrigðismála verði endurskoðuð [71. mál] (A. 83).

Á 12. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23., 25. og 27. fundi í Sþ., 15. og 24. febr., 1. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Á þskj. 83 flyt ég till., er svo hljóðar:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka frá grunni meðferð heilbrigðismála í landinu og endurskoða gildandi lagaákvæði um stjórn þeirra. Sérstaklega verði kannað, hvort ekki sé hagkvæmt að koma á fót sérstöku heilbrigðismálaráðuneyti, endurskipuleggja landlæknisembættið og sameina þætti heilbrigðisþjónustunnar undir eina yfirstjórn. Athugun þessari skal hraðað. Að henni lokinni skal álitsgerð og till. lagðar fyrir Alþingi.“

Í grg., er fylgir þessari till., er þeirri skoðun haldið fram, að hið mesta öngþveiti ríki raunverulega í allri meðferð heilbrigðismála í landinu og yfirstjórn þessara mála sé í raun og veru engin til. Ég get ýmissa atriða í grg. til stuðnings þessari skoðun og skal ekki endurtaka margt af því, sem þar er sagt. Hins vegar vil ég drepa á örfá atriði, er sýna mætavel að mínum dómi, hvernig ástandið er í þeim efnum, og ég hygg, að segja megi, að þannig sé ástandið í öllum efnum á sviði heilbrigðismálanna.

Að sjálfsögðu má marka stöðu heilbrigðismála af mörgu. Eitt af því er löggjöf landsins. Hún sýnir nokkuð vel, að ég hygg, hverja rækt hinir vísu feður, löggjafarnir, leggja við þessi mál. En eftir höfðinu dansa limirnir. Nú er það til, að góð lög séu illa framkvæmd. Það þekkjum við og er alls ekki óalgengt. En hitt ber víst nokkuð sjaldan við, að léleg löggjöf skili góðum árangri. Íslenzka löggjöfin um heilbrigðismál er ekki mikil að vöxtum, en sá, sem rennir augum yfir hana, hlýtur að staldra við víða í lestrinum, því að margt er þar harla furðulegt. Ég skal drepa á örfá atriði. Það er þá fyrst, að flest lögin eru áratugagömul, og það eitt út af fyrir sig er athyglisvert á tímaskeiði mikilla og skjótra breytinga á sviði heilbrigðismála. Ýmsir sjúkdómar, sem áður voru mannskæðir, eru nú horfnir með öllu úr landinu eða orðnir meinlitlir. En aðrir sjúkdómar halda velli eða færast jafnvel í aukana. En löggjöfin okkar er ekki að fást um slíka smámuni. Þannig eru nú í gildi hvorki meira né minna en þrenn lög um sjúkdóm, sem löngu er horfinn, en um einn alvarlegasta sjúkdóm nútímans, geðveikina, eigum við alls enga löggjöf, og er hennar þó knýjandi þörf.

Það skal viðurkennt, að farsóttir eru hinn mesti vágestur, enda eru til um þær tvenn lög. Ég er ekki að finna að því, en hitt finnst mér öllu lakara, að nokkur mikilvægustu ákvæði þeirra stangast algerlega á og gæti af hlotizt tjón, ef til alvörunnar kæmi. Um sanngildi þessara orða minna geta menn sannfært sig með því að lesa og bera saman farsóttalög og sóttvarnalög. Hið daglega heilbrigðiseftirlit í landinu er að sjálfsögðu mjög stórt hlutverk og brýnt. Um það gilda lög, sem að meginstofni til eru um 30 ára gömul og löngu orðin á eftir tímanum. Auk þess hafa þessi lög þann ágalla, sem frá upphafi hefur torveldað farsæla framkvæmd þeirra. Á þetta hafa kunnugir menn margsinnis bent opinberlega, og skal ég því ekki fara nánar út í það nú. Síðast var það gert af einum fulltrúa borgarlæknisins í Reykjavík. Það er þessum lögum að kenna, að um reglubundið heilbrigðiseftirlit er ekki að ræða í fjölmörgum byggðarlögum landsins.

Þá eru til lög, sem mismuna borgurum landsins á herfilegasta hátt, og hef ég þá sérstaklega í huga lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Í þeim er sjúklingum gert mishátt undir höfði eftir heiti þess sjúkdóms, sem örkumlun veldur, og einnig eftir því, hvort þeir neyðast til dvalar á þessu hælinu eða hinu. Þyngst bitnar þetta ranglæti á sjúkum gamalmennum og er eitt dæmi af mörgum um meðferðina á þeim. Sjúkrahúsalögin hafa það sér til ágætis, að þau eru ný af nálinni. Í þeim er því slegið föstu, að á Íslandi beri engum skylda til að reisa og reka sjúkrahús, og finnst ýmsum það harla merkilegt og það merkilegasta við þessi lög. Leyfi má að vísu veita að uppfylltum vissum skilyrðum, en um skyldu nokkurs

aðila er ekki að ræða. Þá má benda á, að í heilbrigðismálalöggjöfinni úir og grúir af ákvæðum, sem aldrei eru framkvæmd. Sum eru að vísu úrelt og ómerkileg, og er þá bættur skaðinn, en um hirðuleysi vitna þau samt sem áður. Önnur eru mikilvæg í heilbrigðislegu tilliti og mannúðarlegu, og eru mér þar efst í huga ýmis þörf ákvæði, er snerta velferð fávita og aldrei hafa verið framkvæmd, svo og ákvæði um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Þannig er fjöldi lagaákvæða á þessu sviði sniðgenginn með öllu. Önnur lög eru að vísu framkvæmd, en svo gamaldags orðin, að helzt minnir á 18. öldina. Þar til nefni ég ákvæði um, að lögreglustjórar skuli stjórna eftirliti með hollustuháttum, að þeir hafi vald til að hindra embættislækni í farsóttarvörn og tollstjóri og bæjarfógetar skuli fara með framkvæmdastjórn sóttvarna. Í þessum tilvikum skipa héraðslæknarnir í hvívetna hinn óæðri sess, og þó bera þeir alla ábyrgðina. Það mun vera fágætt, að heil lög um heilbrigðismál komi ekki til framkvæmda, en þó er dæmi þess og get ég þar nefnt lög um manneldisráð frá 1945.

Ég skal láta þetta nægja um löggjöfina og er þó freistandi að ræða hana nánar. Ég lít á löggjöfina sem spegilmynd þess ástands, sem ríkir í heild á sviði heilbrigðismálanna. Löggjöfin er sem gamalt, slitið og götótt fat, bætt á stöku stað og af handahófi. Þannig staðfestir löggjöfin fyrir sitt leyti þá kenningu, að yfirsýn og heildarstefna sé engin til á sviði heilbrigðismálanna.

Þá vil ég fara örfáum orðum um landlæknisembættið. Landlæknir er ráðunautur ráðh. um allt það, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmd þeirra mála fyrir hönd ráðh. samkv. lögum, venjum og reglum, sem þar um gilda. Þannig segir í lögum um verksvið landlæknis: Hann er ráðgjafi og hann er framkvæmdastjóri og getur því bæði haft frumkvæði að nýmælum og fylgt eftir því, sem gera skal. Þetta lítur ekki ólaglega út á pappírnum, en veruleikinn er bara allur annar og miklu lakari. Landlæknisembættið minnir mig einna helzt á eyðisker, leifar lands, er eitt sinn var og hét. Það stendur eitt sér og einangrað án tengsla við umheiminn. Ástæðan til niðurlægingar þessa embættis er fyrst og fremst sú að mínum dómi, að ráðh. hefur aldrei haft áhuga á heilbrigðismálum. Þau hafa verið honum framandi og því ógeðfelld, og með þeim hætti hefur hann ætíð reynzt dragbítur á þessu sviði. Viðleitni landlæknis er, þegar þannig er í pottinn búið, mætt með tómlæti og ráða hans sjaldan leitað. Ef ráðh. felur honum verkefni, er eins líklegt, að úrlausn hans verði að engu höfð. Ég minnist lagafrumv., er landlæknir samdi fyrir hæstv. ríkisstj., þá er nú situr. Í nokkur ár lá það og rykféll í dómsmrn., unz því var fleygt og annað frv. sama efnis, en mun lakara, lagt fyrir Alþ. Þetta er aðeins eitt dæmi af mýmörgum hliðstæðum.

Landlæknir hefur eftirlit með embættisfærslu lækna, safnar saman skýrslum og gefur þær út. Auk þess á hann sæti í ótal stjórnum og nefndum, og hljóta þau störf að taka mikinn tíma. Fleira mun honum á hendur falið, en þó sízt það, sem helzt skyldi, en það er áætlanagerð og önnur skipulagning heilbrigðismála ásamt forsögn um tilhögun þeirra og meðferð í stórum dráttum. Það er víst og áreiðanlegt, að landlæknisembættið hefur ekki fengið að þróast í samræmi við kröfur tímanna og því orðið utanveltu. Hver ágætismaðurinn af öðrum í þessu embætti fær ekki notið sín að því er virðist, og er engu líkara en á þá leggist farg, þegar í embættið er komið. Landlæknir er áhrifalítill, svo að furðu gegnir. Það getur tæpast svo lítinn karl í dóms- og kirkjumrn., að hann megi sín ekki meira til neikvæðra hluta á sviði heilbrigðismála en landlæknir til jákvæðra. Skipan embættisins er löngu úrelt. Guðmundur Hannesson, síðar prófessor, benti þegar á það 1903 og lagði þá til, að skipað væri fast læknaráð, sem í ættu sæti auk landlæknis tveir Reykjavíkurlæknar og tveir sveitalæknar. Síðan eru liðin 64 ár og sams konar gagnrýni oft verið uppi höfð, en árangur enginn til þessa dags. Ástæðan er áreiðanlega ekki þarfleysi breytingar, heldur er hér eingöngu um skeytingarleysi að ræða, sinnuleysi um mikilvægt vandamál. Ég lít svo á, að staða landlæknis sé talandi tákn um þá óreiðu, sem ríkir hvarvetna á sviði þessara mála.

Sjúkrahúsmálin eru að sjálfsögðu snar þáttur í heilbrigðisþjónustunni og því girnileg til fróðleiks, þegar dæma skal um ástandið. Þeim málum eru flestir meira eða minna kunnugir, og því get ég þar stiklað á stóru. Skortur sjúkrahúsa er hér tilfinnanlegur og hefur háð mjög allri læknisþjónustu frá upphafi vega. Er víst um það, að margur maðurinn hefur misst lífið fyrir þennan skort. Engum aðila í landinu ber skylda til að reisa sjúkrahús, og engar athuganir eða áætlanir eru gerðar um þarfir landsmanna í þessu efni. En skorturinn blasir hvarvetna við. Það vantar hæli handa geðveiku fólki og fávitum, og spítaladeildir handa langlegusjúklingum eru tæpast til. Í sjúkrahúsunum eru möguleikar mjög takmarkaðir til þess að veita slösuðum viðeigandi hjálp og aðstaða til endurhæfingar fatlaðra engin. Fjöldi sérgreina á ýmist hvergi inni í spítölum eða býr þar við mjög frumstæð kjör, og nefni ég sem dæmi augnasjúkdóma, eyrnasjúkdóma, húðsjúkdóma og kvensjúkdóma. Bygging sjúkrahúsanna í Reykjavík á síðari árum hefur mörgum orðið umhugsunar- og umtalsefni og það að vonum. Á því máli eru ýmsar hliðar, en allt sýnir það eins og í stækkunargleri handahófið og óreiðuna, sem allsráðandi er. Fyrirhyggja er engin né skipulag og fjármunum varið eins og verkast vill.

Ég skal í þetta sinn í sambandi við þetta mál rétt minnast á eina hlið þess, af því að hennar hefur hvergi verið getið áður. Hér

á landi er ekki til sjúkrahús, sem nálgast það að vera 1. flokks á mælikvarða t. d. frændþjóða okkar. Það er í sjálfu sér mjög slæmt, en verra er þó hitt, að við eigum þess *engan kost*, við *munum engan kost* eiga þess að eignast slíkan spítala í fyrirsjáanlegri framtíð, og verst af öllu er, að þetta skuli vera sjálfskaparvíti. Fyrsta flokks sjúkrahús verður að hafa vissa lágmarksstærð og fjölþætta deildaskiptingu með náinni innbyrðis samvinnu. Það er og skilyrði, að byggðin, sem sjúkrahúsið þjónar, sé nægilega fjölmenn, og mega íbúarnir vart vera undir 200 þús. Einn spítali af þessari gerð nægir þannig öllu landinu. Fyrir 15—20 árum var þess kostur að reisa fullkomið sjúkrahús af þessu tagi. En um það var ekki hirt. Þess í stað var ráðizt í byggingu þriggja spítala, sem allir áttu að verða 1. flokks, en geta aldrei orðið það eðli málsins samkv. Í stað eins stórs spítala þeirrar tegundar, sem við þörfnumst, fáum við þrjá, og hlutskipti þeirra verður óhjákvæmilega 3. eða 4. gæðaflokkur.

Við getum harmað mistök eins og þessi, en sökin er okkar sjálfra og engra annarra. Þau eru ásamt öðrum *skyldum yfirsjónum* afleiðing þess, að heildarstjórn sjúkrahúsmála er engin til og hefur aldrei verið. Það er einn ljóðurinn á ráði okkar, einn ljóðurinn af mörgum á ráði okkar í heilbrigðismálunum.

Um læknisþjónustuna innan sjúkrahúsa og utan hefur allmikið verið rætt og ritað að undanförnu. Löngum hafa læknar hér unnið við frumstæð skilyrði án þess að mögla. En nú fá þeir ekki lengur orða bundizt. Læknafélögin hafa tekið þessi vandamál til nákvæmrar athugunar og gert till. um úrbætur, en að jafnaði átt litlum skilningi yfirvalda að fagna. Fyrir tæpum 6 árum hugðust starfandi læknar í Reykjavík þannig knýja fram endurbætur á starfsskipan. Viðleitni þeirra var svarað með nauðungarlögum, er félmrh. setti í skyndingu að kröfu sjúkrasamlagsins. Vitanlega hafði þessi ráðh. enga raunrétta hugmynd um, hvað hann var að gera. Hann var aðeins leiksoppur þeirra stjórnleysisafla, sem heilbrigðismálin hrjá til þessa dags.

Nokkru betur vegnaði landsspítalalæknum, þegar þeir á s. l. ári háðu harða baráttu fyrir bættum starfskjörum og starfsaðstöðu. Einhverra hluta vegna treysti ríkisstj. sér ekki til nauðungarráðstafana í það sinn, en sárt sveið henni. Um það vitnaði ræða hæstv. fjmrh. í haust sem leið.

Það er í rauninni alveg nýtt fyrirbæri, að læknar hér á landi gagnrýni hástöfum heilbrigðisstjórnina, en þetta hefur nú loksins gerzt. Einnig það segir sína sögu um ástandið. Það er stuggað við sofandi yfirvöldum, og í svefnrofunum láta þau illa. Ég vona samt, að viðbrögð þeirra séu aðeins svefnrof. Ég vona, að þau hætti fljótlega þeim gráa leik að gera *læknastéttina tortryggilega og óvinsæla* í augum almennings, því að það getur aldrei leitt til neins góðs fyrir þjóðina. Hitt yrði heilladrýgra, að ríkisstj. landsins vaknaði til fullrar meðvitundar um vandamálið og léti taka það til athugunar, en geymdi sér brigzlin þar til niðurstöður lægju fyrir.

Á s. l. hausti flutti einn af forustumönnum lækna ræðu um heilbrigðismál og komst m. a. svo að orði, að allt læknisþjónustu- og heilbrigðismálakerfi okkar væri í mikilli upplausn og hreint öngþveiti ríkti við lausn ýmissa aðkallandi vandamála. Svipuð eru ummæli annarra lækna, sem gerst þekkja til þessara mála. Á síðasta aðalfundi Læknafélags Íslands voru heilbrigðismál sérstakur liður á dagskránni. Þar var gerð einróma samþykkt um að fela félagsstjórninni að beita sér hið fyrsta fyrir því, að hafinn verði undirbúningur að heildarskipulagi heilbrigðismála í landinu. Ég þekki Læknafélagið og veit, að þegar það gerir slíka samþykkt, er það sízt að tilefnislausu. Sjálfsagt má sitt hvað að samtökum lækna finna, en um framhleypni verða þau ekki vænd.

Hvernig sem á þetta stóra mál er litið og þá frá hvaða hlið sem það er skoðað, blasir sama staðreynd við augum. Hún er þessi: Í heilbrigðismálum örlar hvergi á heildarstjórn, er hafi frumkvæði og forsögn um þarfir og geri samræmdar áætlanir um framkvæmdir.

Það er rétt að taka það fram, og raunar liggur það í hlutarins eðli, að engin ein ríkisstj. verður sökuð um allt, sem aflaga fer í stjórn heilbrigðismála. Áhugaleysið er þeim öllum sameiginlegt, og engin þeirra hefur getað komið auga á eða skilið vandamálið, sem þó vex jafnt og þétt. Þannig ber hæstv. ríkisstj., sú er nú situr, ábyrgðina aðeins að sínum hluta og mun í því tilliti almennt talað hvorki verri né betri en fyrri ríkisstj. Þó tel ég, að hæstv. ríkisstj. hafi nokkra sérstöðu, — sérstöðu, sem leggur henni á herðar aukna ábyrgð. Vandi heilbrigðismálanna hefur aldrei orðið meiri en hann er nú, og valdhöfum hefur aldrei verið jafnrækilega bent á þennan vanda sem nú. Sú stétt, sem bezt þekkir til mála, hefur risið upp, gagnrýnt og krafizt endurbóta. Fyrri ríkisstj. fengu að sofa á heilbrigðismálunum meira og minna í friði, en hæstv. núv. ríkisstj. fær ekki frið til þess. Þetta er sérstaða hennar, hvernig sem hún kann nú að bregðast við. Hún getur að sjálfsögðu tekið þann kost að berjast til þrautar fyrir óbreyttu ástandi eða valið þá leið að fylgja hollum ábendingum um nýskipan þjóðinni til gagns og sjálfri sér til vegsauka, Hún á tveggja kosta völ, en hvorn ætlar hún að taka? Ég verð að segja, þótt mér þyki það leitt, að byrjunin lofar því miður ekki góðu. Hæstv. ríkisstj. rís öndverð gegn læknastéttinni, þegar hún krefst aukinnar og endurbættrar heilbrigðisþjónustu. Hún úthrópar lækna meðal almennings, beitir þá þvingun með lagaboði og nærri tryllist, ef læknar fá einhverju framgengt, sbr. áðurnefnda ræðu hæstv. fjmrh. Slík hafa viðbrögð hæstv. ríkisstj. verið til þessa, og þó er ótalið

síðasta afrekið, þegar hópur lækna var sviptur málfrelsi. Það gerðist hinn 2. marz 1967 fyrir tilverknað dóms-, kirkju- og heilbrmrh. landsins. Er atburðurinn að mínu áliti sannarlega þess verður, að þingsagan geymi hann.

Stjórnandi útvarpsþáttar, en nefnist Þjóðlíf, hafði gert sér ferð í Slysavarðstofuna í Reykjavík og átt þar til við þrjá lækna. Síðan hafði hann talað við tvo lækna Landspítalans, en sjötti maðurinn í samtalsþættinum var fulltrúi í stjórnarráðinu, Gunnlaugur Þórðarson dr. juris. Þátturinn var hljóðritaður og skyldi fluttur í ríkisútvarpinu að kvöldi hins 2. marz, en það fór á aðra leið. Hæstv. dómsmrh. skarst í leikinn og fékk því til vegar komið, að meiri hl. útvarpsráðs lagði blátt bann við flutningi þáttarins. Ástæðan til þessa einkennilega uppátækis hæstv. ráðh. virðist vera röng hugmynd hans um viðræðuefnið, og er það von mín sannarlega, að annað verra hafi ekki legið að baki. Samkv. grg. hæstv. ráðh. í Morgunblaðinu 4. marz frétti hann á skotspónum, að ræða ætti í útvarpinu um kjaramál lækna. Og hann bætir við orðrétt: „Ég var strax þeirrar skoðunar, að kjaramál lækna væru viðkvæmari en svo, að þau ættu að ræðast í slíkum útvarpsþáttum.“ Hæstv. ráðh. tekur það m. ö. o. þegar gilt, sem hann fréttir á skotspónum. Óstaðfest lausafregn nægir honum til að varna mönnum máls á opinberum vettvangi. Ekki sýnist það bera vott um mikla virðingu fyrir málfrelsi né ást á lýðræðinu.

Nú er skemmst af því að segja, að kjaramál, þ. e. a. s. launamál, voru ekki á dagskrá þessa þáttar, nema hvað lögfræðidoktorinn, fulltrúinn úr stjórnarráðinu, spurðist fyrir um laun lækna og fékk þau svör, að launin væru nú viðunanleg. Ekkert annað um þau mál. Í gær, 7. marz, birtist í dagblöðunum yfirlýsing vegna stöðvunar þáttarins Þjóðlífs 2. marz, undirrituð af læknunum 5, þeim Árna Björnssyni, Frosta Sigurjónssyni, Helga Þ. Valdimarssyni, Snorra P. Snorrasyni og Sverri Bergmann, ásamt stjórnarráðsfulltrúanum, Gunnlaugi Þórðarsyni. Vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa stutta kafla úr þessari yfirlýsingu til skýringar málstað læknanna, sem múlbundnir voru, svo og til stuðnings máli mínu í heild. Í þessari yfirlýsingu segir svo m. a.:

„Í þættinum lýstum við á hlutlausan hátt því ástandi, sem nú ríkir í heilbrigðismálum þjóðarinnar, hvaða hættum það býður heim, hversu áríðandi það er, að úr verði bætt tafarlaust, og með hverjum hætti það skuli gert. Við teljum okkur hafa nokkra raunsanna þekkingu á þessum málum, og ef staðreyndir þessara mála eru árásir á þá aðila, sem áður eru upp taldir, eru heilbrigðismál þjóðarinnar greinilega og því miður í enn alvarlegra ástandi en við höfðum þó haldið. Við lýstum viðhorfum ungra lækna. Okkur er legið á hálsi fyrir vanrækslu og vanþakklæti gagnvart eigin þjóð. Við lýstum á faglegan hátt og með áróðurslausum rökum þeim raunverulegu ástæðum, er til þess liggja, að ungir læknar fást ekki heim, vilja ekki fara út í héruð o. s. frv. Hér er ekki um óleysanlegt vandamál að ræða, og við bentum á lausn þess, sem byggist á aðstöðu lækna til að nýta þekkingu sína og fylgjast með hinum öru framförum á sviði læknisfræðinnar. Þetta varðar alla þjóðina og er hvorki harkaleg gagnrýni né árás. Andsvör yrðu væntanlega fá af hálfu leikmanna, enda óþörf og yrðu af vanþekkingu einni framsett. Við fórum vitanlega ekki dult með það, að einhver hlyti að vera ábyrgur fyrir því vandræðaástandi, sem skapazt hefur. Við viljum ekki líta svo á, að þjóðinni sé svo vanstjórnað, að enginn sé ábyrgur. Við viljum vekja athygli á því, að allir þeir aðilar, sem við erum taldir gagnrýna svo harkalega, hafa haft aðstöðu til að koma sjónarmiðum sínum í þessum málum á framfæri á opinberum vettvangi og hafa gert það og hreint ekki hirt um, þó að enginn væri til andsvara af hálfu lækna. Læknar hafa svo sannarlega mátt þola óvægilegar yfirlýsingar og túlkanir af hálfu þessara aðila, og nægir þar að benda á síðustu fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. Fullyrðingar misstórra spámanna um heilbrigðismál á opinberum vettvangi eru orðnar æðimargar og sumar hæpnar. Það er vanrækslusynd læknanna að hafa ekki sjálfir fyrir löngu tekið af skarið og sagt frá hlutunum eins og þeir eru, en þegar það gerist, er skrúfað fyrir þá.“

Þetta segir í yfirlýsingu þeirra sexmenninganna, og í henni er einnig að vissu marki farið viðurkenningarorðum um hæstv. núv. heilbrmrh., og undir þau ummæli vildi ég taka, þó að ég lesi þau ekki upp hér. En yfirlýsingunni lýkur með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta, en þau orð vil ég um leið gera að mínum lokaorðum að þessu sinni, — yfirlýsingunni lýkur þannig:

„Við erum ekki þeirrar skoðunar, að alger þögn um heilbrigðismálin, aðstöðu og viðhorf, muni hjálpa ráðamönnum bezt. Miklu fremur mætti ætla, að umræður þeirra, sem gerst þekkja af eigin raun, yrðu þeim vopn í baráttunni. Við teljum því, að frestun þáttarins, vegna þess að enginn var til andsvara, sé misskilinn greiði við þá, sem verja átti, og heilbrigðismálum þjóðarinnar sízt til gagns.“

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er ekki nema gott eitt til þess að vita, þegar þm. vilja bera fram till. til úrbóta á sviði mikilvægra mála, eins og heilbrigðismálin að sjálfsögðu eru. Það örlaði ekki mikið á slíkum till. frá flm. þeirrar þáltill., sem hér er til umr. Ég ætla ekki að elta ólar við allar hinar staðlausu staðhæfingar þessa hv. þm. og sleggjudóma um heilbrigðismálin. Ég hef heyrt það sagt, að flokkur hans treysti sér ekki til að bjóða hann fram áfram í næstu þingkosningum í vor, og þessi

ræða verður ásamt ýmsu öðru, sem hann hefur hreytt úr sér á sviði heilbrigðismála annarra, viðeigandi og virðulegur svanasöngur hans hér í þinginu.

Að sjálfsögðu má margt betur fara og ýmissa umbóta þörf á sviði heilbrigðismála, og ég skal víkja að því. En ég fullyrði, að það er dæmalaust að hlusta á lækni hér í þinginu tala um, að hér sé allt saman í óstjórn og upplausn, miðað við það, sem á sviði þessara mála hefur verið gert á undanförnum árum og ég skal víkja að. Það er rétt, að mannafli er ekki mikill í yfirstjórn heilbrigðismálanna. Það má segja, að í dómsmrn. séu það þrír menn, þar sem er ráðh., ráðuneytisstjóri og deildarstjóri í heilbrigðismálum, sem þar hvílir mest á. Í landlæknisembættinu, en landlæknir á samkv. lögum að vera ráðunautur ráðh., er landlæknir sjálfur og hálfur læknir í viðbót, þ. e. skólayfirlæknir, sem að nokkru leyti starfar hjá landlækni, fyrir utan eitthvert skrifstofufólk. Það hefur líka verið að vefjast fyrir mér nauðsyn þess að breyta skipan þessara mála, og mundi sú breyting að sjálfsögðu fyrst og fremst miða að því að fá miklu meiri mannafla til þess að stjórna þessum mikilvægu málum heldur en fram að þessu hefur verið.

Ég hef sjálfur sett fram hugmyndir um, að það væri ástæða til að setja upp sérstakt heilbrmrn. Ég gerði það í Læknablaðinu, og þá vakti m. a. fyrir mér, að það yrðu fleiri menn en áður og meiri mannafli til að stjórna þessum málum. En málið er alls ekki eins einfalt og menn skyldu halda, og við nánari umhugsun þessara mála hef ég komizt að raun um, að margt fleira komi til athugunar en það eitt, að það héti svo, að hér væri sérstakt heilbrmrn. Þar undir mundi í öðru lagi koma, að landlæknisembættið væri stórum eflt sem sjálfstæð stofnun, að vísu undir heilbrmrh. eða yfirstjórn ríkisstj. Í þriðja lagi kæmi til álita sameining heilbr.- og félmrn. með tveimur sameinuðum sterkum stofnunum, landlæknisembætti og Tryggingastofnun með endurskoðuðu fyrirkomulagi sjúkratrygginga sérstaklega. Við þau kynni, sem ég hef haft af stjórn þessara mála, er það skoðun mín, að á því sviði sé nauðsyn sterkrar embættismannastjórnar, sem yrði, eins og ég sagði áðan, að vísu undir yfirstjórn ríkisstjórnar á hverjum tíma.

Það er mikill misskilningur, sem komið hefur fram á opinberum vettvangi, jafnvel frá læknum, að það sé einsdæmi hér á landi, að það sé ekkert heilbrmrn. til. Sannleikurinn er sá, að allar frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa skipað þessum málum með sérstakri yfirstjórn ákveðinna stofnana, sem hafa svo og svo mikla sjálfstjórn út af fyrir sig, þó að þær endanlega heyri eins og ýmsar stofnanir hjá okkur undir yfirstjórn ríkisstjórnar. Í Noregi og Svíþjóð heyra þessi mál undir félmrn., en í Noregi er hið svokallaða Helsedirektorat, sem er mjög sjálfstætt í sínum störfum, og í Svíþjóð Kungliga medicinalstyrelsen. Í Danmörku er Sundhedsstyrelsen, sem er mjög sjálfstæð stofnun, en heyrir endanlega undir innanríkisráðuneytið. Í Finnlandi er Medisinalstyrelsen, sem heyrir einnig undir innanríkisráðuneytið í því landi. Það, að ég hef hneigzt meira að þeirri hugmynd, að hér væri e. t. v. skynsamlegra að hafa nokkuð sterka embættismannastjórn eða sterka stofnun með töluverða sjálfstjórn, er af því, hversu þessi mál eru flókin og erfitt fyrir ráðh., sem koma inn í ríkisstj. og eru þar oft skamman tíma, að henda reiður á öllu því völundarhúsi, enda sannaðist það bezt á síðustu ræðu hv. flm. að þessari till., að lítið skildi hann í þessum málum, svo sem mun koma fram síðar í mínu máli.

Ég get ekki með nokkru móti fallizt á staðhæfingar og sleggjudóma flm. þessarar till., sem fram koma á þskj. 83, og ég skal nokkuð víkja að þeim. Þó að ég nenni ekki að elta ólar við allar staðhæfingarnar og rangfærslurnar í ræðu hv. þm., þá skal ég víkja nokkuð að því, sem fram kemur í grg., auk þess sem ég hygg, að leiða megi sitthvað um það efni af því, sem ég hyggst koma að síðar almennt í ræðu minni.

Hv. 9. þm. Reykv. vill fela ríkisstj. að láta rannsaka frá grunni meðferð heilbrigðismála í landinu. Hann segir, að að baki liggi sannfæring um það, að skipan þeirra mála sé orðin úrelt, gegni því ekki hlutverki sínu lengur, en slíkt sé þjóðinni að sjálfsögðu mikil skaðsemd. Hann telur, að stjórn heilbrigðismála hérlendis sé í molum, heildarstjórnin svo til engin í reynd og afleiðingin verði bein afturför, segir hv. þm. Hann segir enn fremur í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Yfirstjórn heilbrigðismála hér á landi er fortíðarfyrirbæri, og þó er sönnu nær að segja, að heildarstjórnin sé engin til lengur, því að þessi mál eru öll í tætingi.“ Hann hefur nú aldrei komið, þessi virðulegi þm., til að reyna að kynna sér neitt um stjórn þessara mála í rn., svo að mér sé vitanlegt. Hann hefði getað lært ýmislegt af því. „Í stjórnarráði finnst ekki neitt rn. heilbrigðismála, heldur er þeim málum holað þar niður á víð og dreif. Flest munu þau niður komin í skrifborðsskúffum dóms- og kirkjumrn., en fjölmörg þeirra rekur einnig á fjörur félmrn. Í rn. menntamála mun einnig liggja slæðingur þessara málefna. Það er nú ekki ótrúlegt, að nokkur hluti þessara mála sé í félmrn., þegar tryggingamálin heyra undir félmrh. og þar á meðal allar sjúkratryggingar í landinu, og hvernig mætti annað vera en einhver slæðingur væri í menntmrn., þegar menntmrn. ræður yfir Háskóla Íslands, þar sem sjálf læknadeildin er, skipun allra prófessora og yfirstjórn kennslumála í læknisfræði í landinu. Furðar menn á því, þó að einhver slæðingur í þessum málum sé á þessum vettvangi?

Ég skal í framhaldi af þessu víkja að ýmsum þáttum í stjórnsýslunni á sviði heilbrigðismála, sem ættu að geta gefið nokkuð til

kynna, hvort ekkert hafi verið aðhafzt á sviði þessara mála, hvort þau séu öll í tætingi og fortíðarfyrirbrigði.

Nýlega hefur verið gefin út reglugerð um ríkislán til læknastúdenta, — ríkislán til þess að stuðla að því, að þeir fáist út í hinar dreifðu byggðir til þess að þjóna þar fólki, sem hefur átt við mjög erfið kjör að búa að þessu leyti. Reglugerðin var gefin út 1. marz 1966 og breytt 8. des. 1966. Í marz 1966 voru veitt lán 4 stúdentum í þessu skyni, hvert á 75 þús. kr. Í febr. 1967 voru veitt lán 7 stúdentum, hvert á 75 þús. kr., og þar af fengu 2 stúdentar lán í annað sinn. Það hefur með reglugerð frá 19. apríl 1966 verið stofnaður bifreiðalánasjóður héraðslækna, einnig í þeim tilgangi að fá lækna fremur en ella út í héruðin til þess að gegna þar læknisþjónustu í dreifbýlinu. Fjárveiting hefur verið til þess í fjárlögum 1966 500 þús. kr. og síðari fjárveiting í fjárl. 1967 500 þús. kr. Lán voru veitt á árinu 1966 til þriggja lækna, sem voru að hefja störf í héraði, 100 þús. kr. til hvers, lánstími 3 ár.

Læknaskipunarlaganefnd, sem undirbjó hina nýju löggjöf um læknaskipun hér á landi, gerði ályktunartill. um nám læknanema í læknastörfum utan sjúkrahúsa. Rn. sendi till. til menntmrn., sem framsendi hana læknadeild háskólans. Rn. ítrekaði þessa till. í júlí 1966, og framsendi menntmrn. læknadeild þá ítrekun. Hér var að því stefnt af heilbrigðismálastjórninni að stuðla að því, að teknar yrðu upp breytingar á læknakennslunni, sem fyrst og fremst miðuðu við það að gera lækna að hæfari héraðslæknum, og það er talið af mörgum fróðum mönnum, sem til þekkja, að nám læknanna, eins og það nú er, þar sem þeir vinna hópvinnu á spítölunum, sé mjög fjarri því að vera til þess fallið að laða þá út í hinar dreifðu byggðir til þess að gegna þar læknisþjónustu. Þetta mál hefur verið rætt af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar við Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur, og Læknafélag Íslands hefur kynnt sér aðstöðu þessara mála, t. d. í Skotlandi, þar sem allt önnur útkoma er á þessum málum en hér, vegna þess, að því er þeir telja, að læknakennslan er með öðrum hætti og miklu stærri prósenta fæst til almennrar læknaþjónustu í landinu. Það hafa ekki orðið breytingar á kennslu læknanna vegna þessarar till. enn þá, en mér er tjáð, að Jónas Hallgrímsson læknir vinni að endurskoðun á læknanáminu í heild í framhaldi af þessum tilmælum. Það hefur verið kvartað undan, að það sé jafnvel orðið erfitt að fá heimilislækna í höfuðstað landsins. Um þetta gerði læknaskipunarlaganefnd einnig ályktunartill., að læknadeild háskólans yrði falið að semja reglur um nám til sérfræðiviðurkenningar á heimilislæknum og embættislæknum, og á þetta hefur yfirstjórn heilbrigðismálanna lagt mikla áherzlu. Og yfirstjórn heilbrigðismálanna hefur ítrekað ritað læknadeildinni um að fá slíkar reglur samdar, og eru þær í athugun.

Það hefur einnig verið í athugun að tilhlutun heilbrigðisstjórnarinnar, hversu hægt væri í ríkari mæli en verið hefur að hagnýta flugþjónustu til læknisþjónustu úti á landi. Um það hafa átt sér stað viðræður við Björn Pálsson, hinn þekkta flugmann, og einnig við landhelgisþjónustuna, og það mál er í nánari athugun.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur með bréfi, dags. 27. jan. s. l., óskað eftir milligöngu rn. við að fá hingað sérfræðing frá Svíþjóð til þess að kanna eftirtalin atriði í rekstri Landsspítalans: 1) Æskilegar breytingar á rekstri Landsspítalans, m. a. varðandi verkefni hans, svo að hann geti sem bezt gegnt hlutverki sínu sem kennsluspítali, sérdeildasjúkrahús fyrir landið og rannsóknaspítali. 2) Þörf fyrir starfslið í Landsspítala, vinnutíma þess og vinnuskipulag í spítalanum. 3) Hlutverk stjórnarnefndar, spítalastjóra og yfirlækna í Landsspítalanum. — Dómsmrn. hefur farið þess á leit við utanrrn., að það aðstoðaði við að fá sérfræðing hingað til lands, og sérstaklega óskað eftir, að hann komi fyrri hluta þessa árs.

Hv. flm. þessarar till. sagði, að það væru dauf eyru heilbrigðisstjórnarinnar við till. og hagsmunamálum lækna. Ég vísa þessum orðum algerlega á bug sem annaðhvort vankunnáttu eða þá bara ósannindum, ef hv. þm. veit ekki betur en þetta. Ég hef gert mér far um að ná tengslum og samvinnu við lækna, bæði Læknafélag Reykjavíkur og Læknafélag Íslands og alveg sérstaklega þá yngri lækna, sem hafa látið að sér kveða á síðari árum, öðlazt mjög góða sérþekkingu erlendis, þó að það sé ekki þar með í því falið, að þeir hafi öðlazt neina sérþekkingu, sem mikils virði sé á sviði stjórnunar þessara mála. Engu að síður hef ég lagt mig fram um það að ná tengslum við þessa lækna, og á grundvelli þess var skipuð hin svo kallaða Þorláksmessunefnd, en ég hafði þá að undanförnu haft samráð við allmarga hinna ungu lækna og skipaði 1965 á Þorláksmessu nefnd til þess að gera till. út af málum ýmsum, sem fram höfðu komið í viðræðum mínum við þessa lækna, til þess að koma á betri stjórnun á spítölunum, bæta aðstöðu læknanna og heilbrigðisþjónustunnar í heild. Í nál. segir svo, að 23. des. 1965 skipaði Jóhann Hafstein heilbrmrh. nefnd til þess að endurskoða skipun og fyrirkomulag læknisþjónustu í Landsspítalanum, sérstaklega með tilliti til þess, að nokkur vandkvæði væru fram komin hjá læknum, sem starfa hjá ríkisspítölunum, og leiða mætti af því, að margir hefðu sagt upp starfi sínu. Tekið er og fram, að rétt væri að hafa í huga, að slík endurskoðun gæti haft víðtækari áhrif í sambandi við rekstur annarra spítala. Þess var vænzt, að n. lyki störfum sem fyrst og léti rn. í té álitsgerð og till. Í þessa n. voru skipaðir Árni Björnsson læknir, sem var tilnefndur af Læknafélagi Íslands og er nú formaður Læknafélags Reykjavíkur, Jón Þorsteinsson

læknir, sem tilnefndur var af Læknafélagi Reykjavíkur, Ólafur Bjarnason yfirlæknir, tilnefndur af yfirlæknaráði Landsspítalans og Rannsóknarstofu háskólans, dr. Sigurður Samúelsson yfirlæknir, tilnefndur af yfirlæknaráði Landsspítalans og Rannsóknarstofu háskólans, og Guðjón Hansen tryggingafræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Fjölmargar till. komu fram í þessu nál. Þorláksmessunefndar, ef ég mætti svo kalla hana. Að vísu voru þær margar til meðferðar þá þegar á vegum heilbrigðisstjórnarinnar og sumar jafnvel komnar til framkvæmda. Engu að síður voru margar þeirra nýmæli, sem síðan hefur verið unnið að, en í nánum tengslum við læknana, og eftir að þessi n. lét af störfum, gerði ég henni kost á því að fylgjast með framkvæmd allra þessara mála á vegum heilbrigðisstjórnarinnar á hverjum tíma, og hef ég átt marga fundi með nm. um framkvæmd þeirra mála, sem þeir bentu á. Um ýmislegt af því, sem fram kom, get ég aðeins nefnt nokkur dæmi, en þau vitna nokkuð um það, hvort á öllum sviðum sé sofið og allt í tætingi. Þeir bentu á nauðsyn þess, að sett yrði nánari reglugerð og ný reglugerð um verkefni stjórnarnefndar ríkisspítalanna. Rn. hefur fyrir löngu falið stjórnarnefndinni að gera till. um slíkar reglur, og í bréfinu, sem ég vitnaði til áðan frá 27. jan., gerir stjórnarnefndin till. um það að fá sérfræðing, sænskan sérfræðing, til þess að gera frumdrög að nýrri skipan þessara mála, og hefur verið orðið við þeirri ósk. Þegar ekki alls fyrir löngu var hérna á ferðinni einn af æðstu mönnum heilbrigðismálastjórnarinnar í Bandaríkjunum, átti ég tal við hann ásamt landlækni, og þá leitaði ég einmitt hófanna og upplýsinga hjá honum um það, hvar líklegt væri, að hægt væri að fá góða menntun í hospital management, þ. e. a. s. stjórnun á spítölum, ef rn. hefði hug á því að leita eftir því við einhverja unga menn að fara utan og afla sér þessarar menntunar og taka við æðstu stjórnun þessara spítala að því loknu. Ég geri ráð fyrir því að fá frá honum till. um þetta á sínum tíma, hvar helzt sé að leita fyrir sér í þessu efni. Ég er ekki þar með að halda því fram, að það sé helzta leiðin að hverfa til Ameríku í þeim efnum. Hins vegar get ég ósköp vel látið þess getið, að þessi yfirmaður heilbrigðismála í Bandaríkjunum sagði mér strax, án þess að ég væri nokkuð að leita eftir því, að ég skyldi alls ekki láta mér detta í hug að fá lækni í þetta, heldur væri það að sínum dómi fyrst og fremst æskilegt að fá í þetta lögfræðing eða viðskiptafræðing með þeirri sérþekkingu, sem hann gæti svo fengið á þessu sviði erlendis. Ég er ekki með þessu að gera neitt lítið úr stjórnunarhæfileikum lækna á þessu sviði. Þetta var skoðun þessa manns.

N. talaði í sínum till. um nauðsyn þess að fá spítalastjóra yfir fyrst og fremst ríkisspítalana, sem gæti svo verið ráðgefandi fyrir spítala sveitarfélaganna sem sérfræðingur á þessu sviði. Þetta var það sama sem við vorum að vinna að og ég nú hef verið að lýsa.

Það var talað mikið í nál. um sérstöðu Landsspítalans sem kennsluspítala, og niðurstöður urðu, að það mál væri þess eðlis, að eðlilegt væri að fá erlenda sérfræðinga til þess að rannsaka slíkt nánar. Það var talað um reglur og verksvið og ábyrgð læknanna. Stjórnarnefndinni var síðan falið af dómsmrn. í samráði við yfirlækna ríkisspítalanna að gera till. um verksvið og ábyrgð lækna ríkisspítalanna. Þeir lögðu mikla áherzlu á það, læknarnir, að fá fastaráð lækna í Landsspítalanum. Það er nú starfandi de fakto. Sjálfur hafði ég sett reglugerð um yfirlæknaráð í júlímánuði 1964, en þeir vildu fá þessa reglugerð útvíkkaða, þannig að í þessu læknaráði væru einnig aðrir en yfirlæknarnir, sérfræðingar spítalanna líka, og lögðu á það mikla áherzlu. Ég spurði, hvort þeir þekktu nokkurs staðar til þess konar fyrirkomulags slíkra mála og hvort þeir vildu senda mér till. sínar um þau efni. Ég hef ekki fengið þær enn þá. En ég tjáði mig þegar reiðubúinn að kanna þau mál. Þá mundi sjálfsagt þurfa breytingar á löggjöf, spítalalöggjöf og á öðru sviði. En það hefur vafizt fyrir þessum ágætu læknum að senda mér þessar till., sem þeir lögðu þó svo mikla áherzlu á, að tekið væri upp fastaráð lækna, ekki aðeins yfirlæknanna, heldur sérfræðinganna sjálfra. Ég lét í ljós þá skoðun, að það væri að mínum dómi töluvert öryggi í stjórn heilbrigðismála, að yfirlæknarnir hefðu vissa yfirstjórn mála. Þeir eru annarrar skoðunar, hinir ungu læknar, og um það ætla ég ekki að dæma. En ég sagði strax við þá: Látið þið mig heyra, hvað fyrir ykkur vakir, og þá verður það mál skoðað. — Þeir kvörtuðu undan skorti á vinnuherbergjum, sem var alveg réttmætt, og úr því hefur svo verið reynt að bæta í sambandi við spítalabygginguna, skorti á læknaritum, nauðsyn á dagheimili fyrir börn hjúkrunarkvenna, það er komið í framkvæmd, að hjúkrunarkonurnar á Landsspítalanum hafa dagheimili, þar sem Grænaborg er, og hefur af því orðið mikið gagn, um kennslu fyrir aðstoðarfólk á rannsóknarstofum, það er líka komið í framkvæmd og er deild í tækniskólanum. Námskeið vildu þeir fá fyrir læknaritara, það hefur ekki komið til framkvæmda enn þá, og þeir vildu fá fullkomið læknisfræðilegt bókasafn undir forustu læknadeildar háskólans. Ég álít, að hún ætti fyrst og fremst að hafa forustu um þau mál. Nauðsyn er á að koma reglu og skipan á bókasafn Landsspítalans. Það er unnið að innréttingu húsnæðis þess, og það ætti að vera komið í framkvæmd innan tíðar. Þeir vildu líka, að settar yrðu reglur um utanferðir lækna ríkisspítalanna og greiðslu ferðastyrkja í því sambandi. Vitað er, að læknarnir, sérfræðingarnir, eru komnir á sérstaka kjarasamninga, sem gera ráð fyrir, að þeir greiði slíkan kostnað sjálfir, og hefur ekki þótt

ástæða til að athuga þetta atriði frekar. Þeir töluðu um vöntun eftirskoðunar sjúklinga á Landsspítalanum. Húsnæði fyrir slíka starfsemi verður væntanlega tilbúið í vor.

Það er að sjálfsögðu rætt ýmislegt um byggingarframkvæmdir við ríkisspítalana, sem ég skal koma að síðar, en það er nú stefnt að því, að þeim áföngum, sem eru undir höndum í Landsspítalanum, verði lokið á næstu þremur árum, þ. e. a. s. þessu ári, 1967, 1968 og 1969, og eru áætlanir við það miðaðar. Þeir töldu nauðsyn á heildarstefnu í byggingarmálum heilbrigðisstofnana, og skal ég vikja að því nánar síðar, og nauðsyn á skipulagi landsspítalalóðarinnar, en þetta er nokkuð samtengt. En ég hafði endurskipað byggingarnefnd Landsspítalans á árinu 1965, held ég það hafi verið, og falið henni þá sem höfuðverkefni og fyrsta verkefni að vinna að því að skipuleggja landsspítalalóðina, þannig að það lægi fyrir, hverju er hægt að koma fyrir af skipulagslegum ástæðum á þessari lóð, hver er nauðsynin, í hvaða röð eiga byggingarnar að koma og hvað er áætlað að hver bygging mundi kosta. Þá kom inn í byggingarnefnd fulltrúi frá læknadeildinni, en læknadeildin hafði lengi haft hugmyndir um að byggja læknadeild utan landsspítalalóðarinnar, en þá voru komnar hugmyndir um að hafa hana innan lóðarinnar. Að þessu máli hefur verið unnið. Ég hef lagt ríka áherzlu á að reka eftir því, en það er ekki fyrr en nú alveg upp á síðkastið, að það liggur fyrir frá læknadeildinni og frá hinum einstöku læknum sérdeilda á Landsspítalanum, til hvers sé ætlazt á landsspítalalóðinni. En sem betur fer er það mál nú að komast í höfn, og ég geri ráð fyrir því, að alveg næstu daga verði teknar ákvarðanir, sem miða að því að ganga endanlega frá skipulagi þessara lóða, en sjálfur hef ég átt ítrekaða fundi við lækna um þetta mál, við skipulagsyfirvöld Reykjavíkur, því að lóðin er orðin mjög þröng, og það kemur mjög til álita að flytja Hringbrautina, þegar þar að kemur, til þess að ætla Landsspítalanum meira rúm og byggingu læknahúss og rannsóknarstofa heldur en ella væri kostur. Það var haldinn mjög ýtarlegur fundur um þetta síðast í nóv., og gerði ég þá grein fyrir því í upphafi fundarins, þar sem voru fulltrúar borgarstjóra, fulltrúar lækna spítalans og heilbrigðisstjórnarinnar, landlæknis og byggingarnefndar, að verkefni fundarins væri að ræða skipulag landsspítalalóðar, og lagði ég áherzlu á, að skipulag lóðarinnar væri skipulagt sem fyrst og síðan gengið á röð þeirra verkefna, sem fyrir liggja.

Ég vil leyfa mér að gera hv. Alþ. nokkra grein fyrir því, hvernig þessi mál hafa staðið alveg fram til hins síðasta, svo sem kemur fram í bréfi frá húsameistara ríkisins, en embætti hans hefur haft með að gera byggingar á landsspítalalóðinni fram til þessa. Með leyfi hæstv. forseta, segir í þessu bréfi frá því í febr.: „Undanfarið hefur byggingarnefnd Landsspítalans unnið markvisst að því að fá skorið úr um stækkun og framtíðarþarfir stofnunarinnar og hversu mikið til viðbótar mætti byggja á lóðinni innan þess nýtingarhluta, sem borgaryfirvöld hafa ákveðið skv. aðalskipulaginu. Nú í febrúarmánuði liggja fyrir athuganir og niðurstöður allra deilda Landsspítalans, en það er fyrst í febr. s. l., um húsnæðisþörf miðað við 700 rúma sjúkrahús og þjónustuþarfir þess, en núna munu vera um 400 rúm í Landsspítalanum. Enn fremur liggja fyrir áætlanir læknadeildar háskólans um þarfir kennslustofnana, sem æskilegast væri að byggðar yrðu í sem nánustu sambandi við sjúkrahúsið. Er því komið að þáttaskilum í starfi að framtíðarskipulagi og byggingaráætlun á landsspítalalóðinni, þegar loksins er fenginn grundvöllur, sem væntanlega má byggja teiknistörf á. Áður hafði verið gerður lauslegur skipulagsuppdráttur lóðar miðað við nýtingarhlutfall. Skv. honum og eftir að athuganir um húsnæðisþörf bárust má ætla, að fullnægja megi velflestum byggingarþörfum á lóðinni innan þess ramma, sem nýtingarhlutfall og skipulagsákvæði setja. Að sjálfsögðu verður að endurskoða þessar skipulagstillögur, þegar heildarsýn er fengin yfir byggingarþörf, og þá einkum með hliðsjón af afstöðu bygginga hverrar til annarrar.

Er þá komið að því veigamikla atriði, hvernig bezt skuli hagað vinnubrögðum í sambandi við teiknistörf, og að því, sem snýr að embætti húsameistara ríkisins." — Hér vil ég skjóta því inn, að það hafa komið fram hugmyndir um það frá læknadeildinni að láta fara fram samkeppni erlendis um það, hvernig bæri að nýta lóðina, en nú er svo komið, að það er mikið til byggt og búið að festa byggingar á þessari lóð, og var því skoðun húsameistara o. fl., að það væri mjög undir hælinn lagt, hvort á slíku stigi málsins væri hægt að efna til erlendrar samkeppni um málið. Til hennar hefði aldrei verið hægt að efna, fyrr en loksins lágu fyrir till. frá læknunum sjálfum, sem hlut áttu að máli, um það, hvað þyrfti að byggja þarna, hver sjúkrahúsþörfin væri. Heilbrigðisstjórnin var ásökuð áðan fyrir það, að hún hefði ekki látið fara fram neina athugun á sjúkrahúsaþörfinni. Hún hefur beðið eftir þessari athugun frá þessum viðkomandi aðilum, sem sannarlega ber skylda til þess að láta í ljós skoðanir sínar á því. Síðan segir húsameistari áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Þær athuganir, sem nú síðast hafa verið gerðar á skipulagi og staðsetningu byggingareininga á lóð Landsspítalans, verði lagðar sem grundvöllur undir samstarf við nokkra færusta sérfræðinga í nágrannalöndunum, enda samþykki heilbrmrh., að slíkrar starfsaðstöðu verði leitað. Hef ég í því sambandi spurzt fyrir um það hjá prófessor Bredsdorf í Kaupmannahöfn, hvort slíkt samstarf kæmi til greina með starfsaðstöðu á teiknistofu hans um nokkurn tíma, en svo sem kunnugt er var hann einn helzti höfundur aðalskipulags

Reykjavíkur og gagnkunnugur þeim vandamálum, er varða byggingu Landsspítalans, auk þess sem hann hefur verið til ráðuneytis um sambærileg verkefni víðar um lönd, sem og í sínu heimalandi. Prófessor Bredsdorf hefur, ef til kemur, heitið fyllsta stuðningi sínum í málinu og boðið starfsaðstöðu á teiknistofu sinni, meðan á athugun stæði. Hefur hann boðizt til þess að kalla einnig til samstarfs og ráða hinn danska arkitekt, sem teiknað hefur Rigshospitalet að nýju, svo og arkitekt þann, sem með hefur að gera sjúkrahúsamál danska ríkisins öðrum fremur. Enn fremur kæmi til greina að leita álits sænskra og finnskra arkitekta, sem ég hef aðgang að og fúsir mundu veita leiðbeiningar, en hafa einmitt nú með höndum sams konar verkefni."

Síðar hefur húsameistari skrifað annað bréf nánar um áform í þessu í marzmánuði, og næstu daga, eftir 2—3 daga hygg ég, verða teknar endanlegar ákvarðanir um þetta í stjórnarnefnd ríkisspítalanna. En af því, sem ég nú hef sagt, er það fyrst nú, sem hægt er í raun og veru að ganga frá og reyna að móta fastar till., þar sem skort hefur upplýsingar frá þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, hve þörf þeirra væri mikil á hinum mismunandi sviðum þessara mála, hinum einstöku rannsóknardeildum, hinum einstöku spítaladeildum, hver þörf væri læknadeildarinnar og hvað hún hygðist fyrir.

Mér hefur verið það ljóst, að það hefur verið mikill misbrestur á framkvæmd á lögum um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir í landinu. Um þetta hef ég oftar en einu sinni átt viðræður við stjórn Læknafélags Íslands og alveg sérstaklega við formann stjórnarinnar, Ólaf Bjarnason, einnig nauðsyn þess, að þegar nú væri komið á það stig, að væri hægt að fastmóta skipulagið um byggingu heilbrigðisstofnana á landsspítalalóðinni, væri ástæða til þess að hafa samráð við læknasamtökin í einhvers konar ráðgefandi nefnd um það, hvernig áframhaldið yrði á spítalabyggingum utan Reykjavíkur. Ég hef ákveðið að skipa n. til þess að endurskoða lög nr. 35 frá 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og gera till., eftir því sem þurfa þykir, til nýskipunar, sem stuðli að því að tryggja raunhæfa og hagkvæma framkvæmd heilbrigðiseftirlitsins á þessu sviði. Frá samgmrn. hafði ég áður fengið, í janúarmánuði, bréf frá ferðamálaráði, sem taldi mikla nauðsyn á sterkara eftirliti á hótelum landsins, heilbrigðiseftirliti, og mundi það falla inn í þennan ramma. En ferðamálaráðstefna, sem haldin var á Akureyri 1966, beindi þeim eindregnu tilmælum til ríkisstj., að sett verði hið fyrsta samræmd heilbrigðislöggjöf, er gildi fyrir landið í heild, og komið verði á fót raunhæfu heilbrigðiseftirliti alls staðar á landinu. Benedikt Tómasson skólayfirlæknir mun vera formaður þessarar nefndar, Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti í Kópavogi einnig í n., Þórhallur Halldórsson framkvstj. heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík og síðan einn héraðslæknir, sem ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um af sérstökum ástæðum. Ég beindi þeim tilmælum til Júlíusar Sigurjónssonar prófessors í heilbrigðisfræðum að taka að sér formennsku n., en hann færðist undan því, en taldi sig reiðubúinn til þess að veita n. alla þá aðstoð, sem hann mætti.

Ég hef hérna fyrir framan mig fjölda fundargerða, sem ritaðar hafa verið upp á þeim fundum, sem ég hef átt við lækna og hafa verið við það miðaðir að ná samstöðu og samvinnu við lækna á sviði heilbrigðismála. Það yrði auðvitað allt of langt mál að rekja, en um það munu þeir bera vitni og geta frætt hv. flm. þessarar tillögu, stjórnarmeðlimir í Læknafélagi Íslands og Læknafélagi Reykjavíkur, að það hefur sannarlega ekki staðið á mér að leita samráðs og samstöðu við lækna og leita ráðlegginga frá þeim á sviði þessara mála. Í desembermánuði skrifaði ég borgarstjóra í framhaldi af fundum, sem höfðu verið á s. l. hausti, um nauðsyn þess að koma á samræmdari starfsemi í sjúkrahúsamálum í Reykjavík, þannig að samvinna skapaðist á milli sjúkrahúsanna, en e. t. v. væri ekki verið að vinna sama verkið eða kaupa sömu áhöldin á tveimur stöðum, sem ástæðulaust væri. Þessu var vel tekið, og að þessu starfa nú landlæknir, Jón Thors fulltrúi í dómsmrn. og borgarlæknir. Þá barst mér bréf frá borgarlækni 10. febr. s. l., sem ég vil leyfa mér að vitna nokkuð í, en það er framsent af landlækni, en þeir höfðu þá átt viðræður um það mál, sem bréfið greinir. Þar segir borgarlæknir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af viðtali við yður, herra landlæknir, um knýjandi þörf fyrir sérfræðilegar athuganir á vissum sviðum heilbrigðismála, vil ég skýra yður frá því, að tækifæri býðst nú til að fá hingað til lands á komandi hausti einn fremsta sérfræðing Svía á sviði almennra heilbrigðismála, dr. Bo Åkerrén. Dr. Åkerrén er nú lénslæknir í stærsta léni Svíþjóðar, Stokkhólmsléni, og jafnframt ritstjóri hins mikilsvirta sérfræðirits um heilbrigðismál, Hygienisk Revy. Hann er kunnur þeim, sem við almenn heilbrigðismál fást, vegna fjölmargra ágætra greina um þessi mál. Auk þess er hann Íslendingum að góðu kunnur vegna styrkja, sem hann um árabil hefur veitt íslenzkum námsmönnum. Hann hefur og látið í ljós ákveðnar óskir um framtíðarstarf hér á landi. Verkefni, sem dr. Åkerrén gæti veitt okkur aðstoð við að leysa, tel ég m. a. vera þessi: 1) Sóttvarnir með sérstakri hliðsjón af sívaxandi ferðamannastraumi hingað, m. a. frá hitabeltislöndum. 2) Slysavarnir, epidemiologia þeirra og skipulag. 3) Aukið heilbrigðiseftirlit á vegum héraðslækna, e. t. v. með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, sem tvö eða fleiri læknishéruð sameinuðust um. 4) Manneldismál, athuganir og aðgerðir. 5) Hugsanlegar breytingar á heilbrigð-

issamþykktum, m. a. með hliðsjón af æskilegri stækkun umráðasvæða heilbrigðisnefnda og aukinni tíðni langvinnra sjúkdóma.“ Það eru svo borin fram þau tilmæli, hvort heilbrigðisstjórnin vilji bjóða lækninum hingað og kosta dvöl hans hér í 2—3 mánuði að fullu eða e. t. v. að hálfu í samvinnu við Reykjavíkurborg, og borgaryfirvöldin samþykktu þá tilhögun, og ég hef fyrir mitt leyti fallizt á að taka þátt að hálfu leyti á móti Reykjavíkurborg í að bjóða fyrst í stað þessum sérfræðingi til 2—3 mánaða dvalar til fulltingis á sviði þessara mála á hausti komanda.

Mér þykir þá rétt að víkja nokkuð að löggjöf á sviði heilbrigðismála, en þar get ég farið fljótt yfir sögu, því að hv. þm. eru kunnugri en aðrir þeirri löggjöf, sem sett hefur verið á undanförnum árum á sviði heilbrigðismála. En setning löggjafar á þessu sviði vitnar sannarlega um mjög fjölþætta og mikilvirka löggjöf, sem er síður en svo þess eðlis, að hægt sé að segja um, að hér hafi verið látið reka á reiðanum og allt sé í tætingi í sambandi við löggjöf á sviði heilbrigðismálanna.

Það liggur í hlutarins eðli, að læknaskipunarlög og sjúkrahúsalög eru meginstoðirnar í heilbrigðismálum þjóðarinnar á hverjum tíma, en um bæði þessi atriði hafa verið sett ný lög á undanförnum árum. Ég vil aðeins vegna ummæla hv. flm., 9. þm. Reykv., um geðveikralög og skort á þeim segja það, að þeim Tómasi Helgasyni og Þórði Möller hefur verið falið að vinna að undirbúningi geðveikralaga ásamt fulltrúa frá dómsmrn. Það er álit Tómasar prófessors, að æskilegt sé að setja sérstök geðveikralög, en nauðsynleg ákvæði komi í önnur skyld lög, t. d. lögræðislög. Málið er viðkvæmt meðal geðlækna, og er Alfreð Gíslasyni, flm. þessarar till., áreiðanlega um það kunnugt, og ég held, að honum hljóti einnig að vera kunnugt um þessa athugun. En prófessor Tómas hefur þegar unnið verulega í þessu máli, og með hliðsjón af því held ég, að það hafi verið alveg óþarfar þær staðhæfingar, sem hv. 9. þm. Reykv. hafði um geðveikralöggjöfina og sinnuleysið á því sviði í ræðu sinni áðan.

Það hafa verið sett lyfsölulög, heildarlöggjöf á því sviði, 1963. Það er merk og mikil löggjöf, og hefur verið unnið að og er verið að setja ýmsar reglugerðir á grundvelli þeirrar löggjafar. Auk þess hef ég nýlega skipað n., — ég veit ekki, hvort sagt hefur verið frá því í blöðunum, ég fylgist ekki svo vel með auglýsingastarfseminni á þessu sviði, — til þess að endurskoða fyrirkomulag og hagkvæmni á sviði rekstrar lyfjabúða hér á landi. Í þeirri n. eiga sæti fulltrúar frá Apótekarafélaginu og apótekurum úti á landi og einnig úr rn., og prófessor í viðskiptafræði við háskólann hefur tekið að sér formennsku þessarar n. En auðvitað er það verulegur þáttur á sviði heilbrigðismála, að lyfsölumálin séu í góðu lagi og einnig rekstur og fyrirkomulag lyfjabúðanna.

Á Alþ. 1964 voru samþ. lög um breytingar á sjúkrahúsal. Ég hef fundið það alveg tvímælalaust, að þm. utan af landi hafa vel kunnað að meta þessa löggjöf og telja í henni stórkostlega og mikla breytingu til bóta frá því, sem áður var. Sérstaklega var hér orðinn mjög langur hali á skuldbindingum ríkisins, án þess að þær væru gjaldfallnar, upp í byggingarstyrki til sjúkrahúsanna. Þetta mál var tekið þeim tökum, að ríkissjóður skyldi ljúka sínum skuldbindingum á 8 árum, frá því að áætlun var samþ. og lögð fram, og er algert nýmæli, og á 5 árum, þegar um minni sjúkrahús væri að ræða og læknisbústaði. Mér er hins vegar ljóst, að áætlanir hafa hér farið langt fram úr því, sem upphaflega stóð til, og þar myndast, ef svo mætti segja, nýr hali, og er það enn eitt nýtt vandamál og viðfangsefni, sem verður að glíma við og kallar sjálfsagt á enn nýja endurskoðun þessarar löggjafar, áður en langt um líður, og kannske strax á næsta þingi. Ákvæðum um rekstrarstyrki til sjúkrahúsa sveitarfélaganna var líka mjög breytt og til bóta að dómi þeirra, sem um þessi mál fjalla úti á landi, frá því, sem áður var.

Síðan voru sett hér læknaskipunarlög 1965. Það var mjög merk löggjöf. Hún mætti að vísu nokkrum andblæstri í upphafi, en þó endaði það þannig, að það voru allir ásáttir um margþætt og merkileg nýmæli þeirrar löggjafar, og hún kom ekki, um það er lauk, til þess að valda neinum verulegum ágreiningi hér í þinginu. Og ýmislegt á grundvelli þessarar löggjafar er þegar komið til framkvæmda og mun vissulega stuðla að bættri læknisþjónustu úti á landi.

Ég get nefnt nokkur dæmi t. d., sem voru í þessari löggjöf, sem sýna það, að hverju stefnt var með henni. Það var nýmæli, að heimilað var að ráða einn lækni, með ótiltekinni búsetu til að veita neyðarlæknisþjónustu í læknislausum héruðum. Það var heimilað að sameina læknishéruð og koma upp læknamiðstöðvum fyrir hin sameinuðu héruð, eftir því sem nauðsyn krefur og staðhættir leyfa, og þó ekki fyrr en hlutaðeigandi hérað hefði verið auglýst minnst tvívegis án árangurs. Eitt af því, sem ekki mætti góðum undirtektum í þinginu, var vissar ráðagerðir um sameiningu læknishéraða. En þegar lengi er búin að vera í lögum heimild til þess að setja upp læknamiðstöð, fara nokkrir ungir læknar að skrifa um þetta í blöðin í sumar, og það er alveg eins og þeir hafi fundið Ameríku, sem aldrei hafi verið talað um, það sé ekkert vænlegra til þess að auka læknisþjónustuna úti á landi heldur en að setja upp læknamiðstöð, en þá er verið að vinna að því í heilbrmrn. eða dómsmrn. á grundvelli læknaskipunarlaganna að byggja upp þær reglur, sem í 4. gr. l. var heimild til að setja um, hvernig koma mætti upp læknamiðstöðvum, sem flestir hverjir virðast nú líta á sem eitt helzta

úrræðið til þess að auka læknaþjónustuna úti á landi. Þeir vinna nú að setningu reglna um þetta, Þór Vilhjálmsson prófessor, sem er formaður í n. þeirri, Helgi Valdimarsson, einn af hinum ungu læknum, sem hefur verið héraðslæknir úti á landi, á Hvammstanga, og nú á Slysavarðstofunni, einn úr þessum fræga þætti, sem hv. 9. þm. Reykv. var að tala um, og Ólafur Björnsson héraðslæknir á Hellu. Í grg. frv. til læknaskipunarlaga var gerð ýtarleg grein fyrir hugmyndum þeirrar n., sem undirbjó þetta frv., hvernig koma mætti upp læknamiðstöðvum. Á vissum stöðum væri ekki líklegt, að þær kæmust upp, annars staðar væri það líklegt, og þetta var allt saman tíundað í frv. Hefðu þessir ungu læknar, sem höfðu svona mikinn áhuga á þessu máli á s. l. sumri, hirt um að lesa grg. þessa frv., þegar það var lagt fyrir þingið 1964, hefðu þeir sennilega getað veitt mér og öðrum, sem stóðu að flutningi þessa máls, ríkisstj., brautargengi, þegar málið var til meðferðar í þinginu, og sannfært ýmsa þm. fyrr en ella var um nauðsyn þess og ágæti þess að koma upp þessum læknamiðstöðvum. En þá heyrðist ekkert í þessum ágætu mönnum.

Fjórða atriðið var það, að við veitingu héraðslæknisembætta skal sá umsækjandi, sem hefur lengstan starfsaldur sem héraðslæknir, að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum umsækjendum um stöðuna. Í fimmta lagi: Í 20 tilteknum læknishéruðum og ef nauðsyn krefur í 5 öðrum, en ótilteknum héruðum skal greiða héraðslækni staðaruppbót á laun, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði. Í sjötta lagi: Í sömu héruðum, sem um ræðir í fimmta lið, sem ég las núna, skal héraðslæknirinn, sem hefur setið 3 ár samfleytt í héraðinu, eiga rétt á að hljóta eins árs frí með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis. Þetta ákvæði kemur fyrst til framkvæmda tveimur árum eftir gildistöku laganna. Ráðherra er heimilt, ef nauðsyn krefur, að takmarka fjölda þeirra lækna, sem njóta slíkra hlunninda á einu og sama árinu. Í sjöunda lagi: Embættisaldur héraðslækna í sömu héruðum, sem ég nú hef greint, skal teljast 5 ár fyrir hver 3 ár, sem hann hefur gegnt hlutaðeigandi héraði, þannig að hann standi betur að vígi til þess að flytja sig í þéttbýlið heldur en ella væri. Heimilt skal samkv. till. landlæknis, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, að veita læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að loknu námi. Þessu hef ég sagt frá áður, og um þetta hefur verið sett reglugerð. Og ákvæði voru um að stofna bifreiðalánasjóð héraðslækna með 1 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði. Um það hefur líka verið sett reglugerð, og ég hef greint frá því áður.

Það voru sett hér ný hjúkrunarlög fyrir tveimur árum, og ein leið til þess að bæta að nokkru úr hjúkrunarkvennaskortinum var talin að þjálfa sérstaka stétt aðstoðarfólks, er vinni við hjúkrunarstörf undir stjórn hjúkrunarkvenna. Ákvæði um þetta voru í þessum lögum, og um það hefur verið sett reglugerð, mörg námskeið hafa verið haldin til slíkrar sjúkraþjálfunar, og mér er alveg óhætt að segja, að þessi löggjöf hafi þegar gefið mjög góða raun. Það hefur svo, eins og kunnugt er, verið unnið að byggingu Hjúkrunarkvennaskólans á sama tíma og varið til þess miklum fjármunum. Þá hafa verið sett hér ljósmæðralög, sem fela m. a. í sér að efla og styrkja nám ljósmæðranna frá því, sem áður var, og fyrir þinginu, sem nú situr, eru lög um fávitastofnanir, sem ég hygg að sé ekki deilt um, að séu til mikilla bóta á því sviði. Það er verið að ganga frá í dómsmrn. samningu frv. um eiturefni og hættuleg efni og reglugerð á grundvelli þeirrar löggjafar.

Ég hef nefnt nokkuð af þeirri mikilvægu löggjöf, sem ég tel, að sett hafi verið á undanförnum árum og mönnum hlýtur að vera ljóst, að hrindir alveg gersamlega staðhæfingum hv. 9. þm. Reykv., að á sviði þessara mála hafi ekkert verið aðhafzt, ekkert nema kyrrstaða og dauði á undanförnum árum. En eins og ég sagði áðan, læt ég mér slíka sleggjudóma í léttu rúmi liggja, en mér finnst ástæða til þess, að hv. þm. minnist þeirra verka, sem þeir sjálfir hafa unnið að í góðu samkomulagi við heilbrigðisstjórnina á undanförnum árum, að bæta og efla svo veigamikla löggjöf sem ég nú hef nefnt á sviði heilbrigðismála.

Ég get þá vikið nokkuð að framkvæmdum í byggingarmálum og fjárveitingum. Það hefur kannske verið sofið þar á verðinum líka, en á undanförnum árum hefur miðað mjög fram byggingu Landsspítalans, og þegar haft er í huga, að ríkissjóður hefur einnig tekið að sér að styrkja að 60% byggingarkostnað Borgarsjúkrahússins, eru ekki litlir fjármunir, sem hér hafa verið á döfinni. Það er ekki fráleitt að ætla, að Landsspítalinn, þegar lokið verður þeim áföngum, sem nú er unnið að, 1969, með tilheyrandi byggingum, sem ómögulegt er að komast hjá, eins og mötuneyti og eldhúsi, kosti kannske eitthvað nálægt 250 millj. kr. og kannske Borgarsjúkrahúsið eitthvað líkt. (**Forseti**: Mætti ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann ætti langt mál eftir. Það er komið fram á flokksfundatíma, og ef hæstv. ráðh. á mikið eftir af ræðu sinni, vildi ég fara fram á við hann, að hann gerði hlé á henni. Ég mundi nú, held ég, heldur kjósa að reyna að ljúka þessu fljótlega.

Það hefur oft verið gagnrýnt, að það hafi ekki farið fram með nógu mikilli hagkvæmni byggingarnar á landsspítalalóðinni. Ég vil um það segja aðeins það, að læknar hafa alltaf frá öndverðu verið þar til ráðuneytis, tveir af yfirlæknunum í byggingarnefndinni, og með þeim fyrirmælum að kveðja ævinlega til ráðuneytis yfirlækni í þeirri deild, sem í það og það skiptið væri verið að fjalla um. 1965 hlutaðist ég til um það, að byggingarnefndin fékk í þjónustu sína verkfræðing, Rögnvald Þorláksson, til þess að gera áætlanir og hafa

umsjón með því, að þeir fjármunir, sem Alþ. veitti til þessara byggingarframkvæmda, nýttust sem bezt. Ég held þess vegna, að langmest af því, sem sagt hefur verið um það óvarlega, bæði á opinberum vettvangi og manna á milli, um einhverja óreiðu á þessu sviði, sé sleggjudómar, sem ekki fái staðizt gagnrýni, ef þeir væru athugaðir. Á sama tíma sem þessar byggingarframkvæmdir hafa átt sér stað hér í Reykjavík hefur átt sér stað úti á landi bygging sjúkrahúsa í Vestmannaeyjum, Akranesi, Húsavík. Þetta eru sjúkrahús, sem áætlað er að kosti 30—40 millj. kr., eða milli 20 og 30 millj. þau, sem nokkru minni eru. Nýlokið er byggingu sjúkrahúss á Siglufirði, ekki mjög langt síðan tók til starfa sjúkrahús á Sauðárkróki, ráðagerðir eru um stórkostlega stækkun sjúkrahússins á Akureyri og till. á frumstigi um sjúkrahús á Suðurlandi. Þegar allt þetta er haft í huga, eru hér undir höndum byggingarframkvæmdir, sem kosta hundruð milljóna kr. Ég sagði einhvern tíma 1964, þegar ég talaði hér í þinginu um þessi mál, að það væru sennilega 700—800 millj., og þó að það væri ágizkunartala, veit ég, að það fer nærri, að svo muni reynast. Það er verið að vinna við fæðingardeildina á þessu sumri. Það verk var boðið út og gengur mjög vel. Því miður stækkar ekki fæðingardeildin, heldur batnar aðstaðan þar og við ljósmæðraskólann og aðstaða læknanna. Þeir fá þó einhverja stóla til að sitja á og einhver herbergi til að vera í. En hins vegar er mér ljóst, að það er orðin ein af brýnustu nauðsynjunum að stækka sjálfa fæðingardeildina.

Ég skal svo fyrir tilmæli forseta reyna að ljúka máli mínu. Ég hef látið gera yfirlit yfir kostnaðinn við heilbrigðisstofnanirnar og færa allt til verðlags 1965 og tekið samanburð frá 1958, og þá er miðað við það, að við hefðum búið við sama verðlag allan tímann, og er sá útreikningur unninn af Efnahagsstofnuninni, og ég geri ekki ráð fyrir, að hann verði vefengdur. Það má auðvitað segja, að þá yrði eðlilegt, að það ykjust útgjöldin til þessara hluta vegna fjölgunar þjóðarinnar, sem er kannske 15—20% á þessum tíma, en með sambærilegu verðlagi hafa aukizt útgjöldin á langflestum sviðum þessara mála miklu meira. Laun til héraðslækna hafa hækkað um 25.8% með sambærilegu verðlagi, rekstur ríkisspítalanna hækkað um 133.9%, rekstrarstyrkir til opinberra sjúkrahúsa 86.1%, til einkasjúkrahúsa 111.9%, til heilsuverndarstöðva 109.3%, til byggingar læknisbústaða, byggingarstyrkir 119.4%, fjárveitingar til ríkisspítalanna hækka um 139.8% og ýmis kostnaður í heilbrigðismálum um 106%. Það er þess vegna gífurlegt, sem fjárveitingavaldið, Alþ. — og ég leyfi mér að þakka fyrir það — með góðu samkomulagi á hverjum tíma hefur aukið framlögin til þessara mála á undanförnum árum. Og ég endurtek, að þetta er miðað við sambærilegt verðlag, og verðbólguþróun, sem á þessum tíma hefur átt sér stað, hefur þess vegna engin áhrif á það. Þegar allt hækkar um rúm 100% og upp í 140—150%, en fólksfjölgunin ein ekki nema 15—25%, sjá menn í raun og veru, hvað hér hefur verið mikið að gerast á þeim tíma, sem sumir telja, að allt hafi verið í tætingi og kyrrstöðu. Um lækna get ég upplýst það, að á Landsspítalanum og Rannsóknarstofu háskólans voru 13 læknar 1940, þeir eru 20 1950, þeir eru 39 1960 og 52—53 1967. Það er þess vegna gífurlega mikil aukning á læknum og læknaþjónustu, og sem betur fer eigum við ágæta lækna, sem við stöndum öll í þakkarskuld við, prýðilega sérfræðinga, ekki síst í hópi yngri lækna, sem getur verið okkur öllum ánægjuefni. Hitt er svo vandamál, að það hefur gengið illa að fá ýmsa lækna til þess að koma heim frá sérnámi erlendis. En það er bara ekkert sérstakt fyrirbrigði fyrir Ísland. Sama sagan er alls staðar, þar sem ég þekki til. Í Hollandi var mikið vandamál með læknana ekki alls fyrir löngu. Bretar eru að missa alla sína lækna til Ameríku, lifa nú á indverskum læknum. En ég held þó, að með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á sviði heilbrigðismálanna, sé meiri von til þess en nokkru sinni áður að fá lækna til þess að snúa heim með sína sérmenntun og láta hana hagnýtast hér á landi.

Ég skal svo ekki þreyta þolinmæði hv. þm. meir né heldur hæstv. forseta, en ég vil ljúka máli mínu með því að vísa algerlega á bug þeim sleggjudómum og órökstuddu staðhæfingum um þá kyrrstöðu, aðgerðarleysi og stjórnleysi, sem ríkt hafi á sviði heilbrigðismála á undanförnum árum. Ég vona, að ég hafi veitt hv. 9. þm. Reykv. nokkurn lærdóm í þessu efni, sem honum sannarlega veitti ekki af.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

19. Fiskeldisstöðvar.

Á 12. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um fiskeldisstöðvar [80. mál] (A. 99).

Á 16. fundi í Sþ., 14. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Norðurl. e. flutt á þskj. 99 till. til þál. um fiskeldisstöðvar. Er efni till. það að skora á ríkisstj. að skipa n. sérfróðra manna, sem rannsaki, hverjar gerðir fiskeldisstöðva henti bezt íslenzkum bændum, geri um slíkar framkvæmdir kostnaðaráætlanir og leggi á ráðin um, hver opinber stuðningur sé nauðsynlegur og tiltækilegur, til þess að þessi búgrein megi eflast með eðlilegum og æskilegum hætti í landinu. Við teljum rétt og nauðsynlegt, að slíkar athuganir fari fram, og eru helztu rök okkar fyrir því þessi: Í fyrsta lagi þau, að flest bendir til, að ræktun laxfiska geti orðið mjög arðvænleg atvinnugrein hérlendis, ef rétt er á málum haldið og byggt er á nægilegri þekkingu og fyrirhyggju. Í öðru lagi er hér um að ræða svo til nýja atvinnugrein, sem getur ekki byggzt á teljandi innlendri reynslu. Í þriðja lagi, að hérlendis er sérþekking í þessum efnum aðeins bundin við fáa einstaklinga enn sem komið er og því til fárra að leita um upplýsingar og fræðslu fyrir þá, sem hug hafa á og aðstöðu til að hefja fiskrækt, hvort sem er í smáum stíl eða stórum. Í fjórða lagi, að fiskrækt geti orðið sérlega heppileg aukabúgrein bænda, búgrein, sem geti stutt og eflt lífvænlega búsetu í sveitum landsins og aukið arðsemi og verðgildi bújarða.

Sá þáttur fiskræktar, sem þessi þáltill. fjallar um, gæti aðallega átt sér stað með tvennum hætti. Annars vegar með þeim hætti, að bændur notfærðu sér aðstöðu, sem þeir hefðu, með því að halda fiski í afkróuðum tjörnum, vötnum, vogum eða lónum, þar sem hann eftir aðstæðum væri látinn ganga sjálfala, þar til hann hefði náð markaðshæfum þroska án fóðrunar, eða flýtt væri fyrir vexti hans með fóðrun að meira eða minna leyti, þar sem nauðsyn bæri til. Í slíkum tilvikum væri um tvennt að ræða varðandi ræktunina: að hún byggðist á eigin klakstöðvum hvers fiskræktarbónda, sem þá væru að sjálfsögðu smáar í sniðum, eða að uppeldisseiði væru keypt frá stórum fiskeldisstöðvum. Reynslan af hagkvæmni í þessu sambandi yrði vafalaust að skera hér úr, en verð á seiðum frá þeim stöðvum, sem nú eru starfandi í landinu, virðist nokkuð hátt, enda enn sem komið er fyrst og fremst miðað við sleppingu í sportveiðiár, sem leigðar eru dýrum dómum. Aukin reynsla og hagkvæmni í rekstri klakstöðva gæti vafalaust lækkað verðlagið. En lítil klakhús hins vegar á sveitabæjum, þar sem fiskrækt væri stunduð, eru einnig fullkomlega innan marka þess möguleika. Auk fiskhalds, sem svo hefur verið nefnt, í tjörnum, vötnum eða sjávarlónum kemur svo að sjálfsögðu til greina sú fiskræktaraðferð, sem aðallega er nú þekkt hér á landi, að gönguseiðum er sleppt í ár og koma til viðbótar náttúrlegri framleiðslu ánna og skila sér aftur fullvaxin úr sjó 2—3 árum síðar, en þá aðeins að litlum hluta, kannske milli 5 og 10% í bezta falli, en eldið hefur þá líka orðið því ódýrara sem minni fóðrun nemur, og það er þessi aðferð, sem starfsemi allra þeirra fiskeldisstöðva, sem nú eru starfandi í landinu, er miðuð við, en þær munu vera 12 talsins. Báðar þessar fiskræktaraðferðir eiga vafalaust mikla framtíð fyrir sér hér á landi, og hlýtur takmark beggja að vera það að komast fram úr því að byggja fyrst og fremst á sportveiði, svo góð sem hún er, þar sem hún hefur litla sem enga þjóðhagslega þýðingu. Stefnt hlýtur að verða að því að framleiða mikið magn laxa og annarra laxfiska, svo sem bleikju, sjóbirtings og vatnaurriða, bæði til innanlandsneyzlu og í stórum stíl til útflutnings, þar sem hér er um að ræða mjög verðmæta og einstaka gæðavöru. Til þess eiga að vera öll skilyrði hér á landi með allt það geysimikla vatnasvæði, sem enn er ómengað af völdum hvers konar stórrekstrar og fjölbýlis, sem hefur reynzt hinn mesti skaðvaldur alls lífandi lífs í ám og vötnum víða um lönd og alveg sérstaklega í iðnaðarlöndunum.

Það er skoðun okkar flm., að stórfyrirtæki í laxfiskarækt, fyrirtæki, sem e. t. v. kostar milljónir eða tugmilljónir að koma á fót, séu engan veginn eina færa leiðin til þess að þróa fiskrækt hér á landi, þar komi ekki síður til, að bændum víðs vegar um landið sé hjálpað með ráðum og dáð til þess að koma á fót tiltölulega ódýrum, en hentugum eldisstöðvum, sem þeir geti sinnt við hlið annars búrekstrar, a. m. k. í byrjun, og þá gjarnan með aðstoð léttara vinnuafls á heimilunum. Hirðing á klaki og seiðum útheimtir þrifnað og vissa nákvæmni, en hins vegar ekki mikla vinnu, og t. d. unglingar, sem vanir eru skepnuhirðingu, ættu vafalaust auðvelt með að uppfylla þau skilyrði, og slík vinna hefði líka trúlega uppeldisgildi og yrði ánægjulegt aukastarf fyrir yngri sem eldri. Með tilkomu kornaðs þurrfóðurs úr fiskúrgangi, sem nú er farið að framleiða, því miður ekki enn þá hér á landi, en þess er að vænta, að það verði innan tíðar, og því tilheyrandi ódýrum og öruggum fóðrunartækjum er mörgum kostnaði og örðugleikum rutt úr vegi og allt starf að eldinu gert margfalt auðveldara og ódýrara en áður var. Það, sem hér þarf helzt að koma til, er staðgott leiðbeiningastarf og einhver aukinn aðgangur að fjármagni. Leiðbeiningastarfið þarf hins vegar að byggjast á athugunum, slíkum sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir, og einnig sú opinbera fjárhagsaðstoð, sem nauðsynleg mun reynast.

Þar sem þetta mál er allgreinilega reifað í grg. okkar flm., hef ég ekki um það fleiri orð að sinni, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Diplómatískt samband við Þýzka alþýðulýðveldið.

Á deildafundum 16. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um að taka upp diplómatískt samband við Þýzka alþýðulýðveldið (Austur-Þýzkaland) [92. mál] (A. 177).

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23., 28. og 29. fundi í Sþ., 15. febr., 8. og 15. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við hv. 3. landsk. þm. höfum leyft okkur að flytja hér till. til þál. um, að Ísland taki upp diplómatískt samband við Þýzka alþýðulýðveldið. Það er svo, að um langt skeið, raunar um aldir, hefur Ísland haft mjög gott samband við þýzku þjóðina, hverjir sem hafa á hverjum tíma ráðið þar ríkjum. Hvað eftir annað í okkar sjálfstæðisbaráttu var það svo, að við áttum þar miklum skilningi að mæta á okkar kröfum um sjálfstæði, og einhverjir beztu vinir, sem íslenzk sjálfstæðisbarátta átti og sérstaklega Jón Sigurðsson voru einmitt í Þýzkalandi þá, eins og Konrad Maurer og fleiri slíkir. Það hefur þess vegna verið mjög eðlilegt fyrir okkur að reyna að halda sem beztu sambandi við þýzku þjóðina. Og nú er svo ástatt þar, að þar eru tvö ríki. Við höfum samband við annað þeirra, Vestur-Þýzkaland, en höfum ekki haft diplómatískt samband fram að þessu við hitt ríkið, sem við venjulega köllum Austur-Þýzkaland eða Deutsche Demokratische Republik, og hefur verið þýtt á íslenzku sem Þýzka alþýðulýðveldið.

Við höfum hins vegar haft mjög gott viðskiptasamband við Þýzka alþýðulýðveldið. Það var raunverulega strax eftir að það var stofnað, að heita má, að fyrstu viðskiptin byrjuðu og hafa aukizt ár frá ári, og í Austur-Þýzkalandi er nú t. d. smíðað fyrir okkur meginið af þeim litlu togurum, beztu síldarbátunum, sem við höfum, og viðskiptin við þetta land hafa yfirleitt reynzt okkur mjög vel. Hér á Íslandi er verzlunarráð Þýzka alþýðulýðveldisins viðurkennt og starfar hér, og allt þetta samband við Þýzka alþýðulýðveldið hefur yfirleitt gengið tiltölulega vel.

Nú hefur sá hængur verið þarna á, að skorturinn á diplómatísku sambandi hefur gert það miklu erfiðara fyrir en ætla megi, að báðar þjóðirnar eða þjóðarhlutarnir mundu vilja hafa. Við höfum haft margs konar menningarlegt samband við Þjóðverjana þar í Austur-Þýzkalandi. Ekki sízt hafa oft komið hingað heim íþróttasendinefndir frá þeim. Nú hefur það gerzt hins vegar upp á síðkastið, að Vestur-Þýzkaland hefur gert nokkrar tilraunir til þess að trufla þessi samskipti þjóðanna, og hefur verið beitt í því sambandi þeim ákvæðum, sem ýmis NATO-ríki hafa knúið fram, að það þurfi áritun af hálfu skrifstofu NATO-ríkjanna í Vestur-Berlín, til þess að menn, sem búa í Austur-Þýzkalandi, megi koma hingað heim. M. ö. o.: það hefur ýmislegt verið gert af pólitískum ástæðum til þess að gera þessi viðskipti, menningarleg og pólitísk, erfiðari en vera þyrfti. Hins vegar höfum við aldrei átt öðru en vináttu að mæta frá þessu ríki. Þegar við stóðum í okkar baráttu fyrir 12 mílna landhelgi og öll okkar bandaríki í Atlantshafsbandalaginu eða flestöll tóku meira eða minna kuldalega afstöðu gagnvart okkur og lá við, að jafnvel eitt það helzta, England, færi í stríð við okkur, þá var Austur-Þýzkaland annað þeirra landa, sem strax frá upphafi viðurkenndu okkar landhelgi. Það er þess vegna ekkert, sem mælir á móti því, að Ísland taki upp eðlilegt, diplómatískt samband við Austur-Þýzkaland. Öll reynsla af þeim samskiptum, sem við erum búnir að hafa hátt á annan áratug við það, bendir til þess, að það væri alveg eðlilegt og sjálfsagt.

Það, sem hins vegar fram að þessu hefur raunverulega komið í veg fyrir, að við færum að taka upp slíkt diplómatískt samband við Austur-Þýzkaland, er, að Vestur-Þýzkaland hefur beitt þeirri aðferð að hóta, að svo fremi sem Austur-Þýzkaland væri viðurkennt, mundi það slíta stjórnmálasambandi við það land, sem slíkt gerði. Þetta, sem kallað hefur verið Hallstein-kenningin, hefur haldizt í Vestur-Þýzkalandi svo að segja frá því að það var stofnað, með þeirri einu undantekningu, að Vestur-Þýzkaland hefur haft stjórnmálalegt samband við Sovétríkin, en annars ekki nema eitt af hinum sósíalísku löndum. Þegar sú samsteypustjórn, sem nú situr að völdum í Vestur-Þýzkaalndi, var mynduð milli Kristilega demókrataflokksins og Sósíaldemókrataflokksins, var hins vegar breytt þarna um. Það var tekin sú ákvörðun, að Vestur-Þýzkaland skyldi reyna að taka upp stjórnmálasamband við öll hin sósíalísku ríki í Austur-Evrópu, að Austur-Þýzkalandi einu undanteknu. Og þar með var í raun og veru fallinn grundvöllurinn undan allri Hallstein-kenningunni. Það er vitanlegt, jafnvel þó að sumir í Vestur-Þýzkalandi kynnu að reyna að framkvæma það, að eftir að Vestur-Þýzka-

land er búið að taka upp stjórnmálasamband við skulum segja nú við Rúmeníu og kannske smám saman við fleiri af þessum löndum, er enginn grundvöllur lengur að hóta því, t. d. ef Ísland eða Finnland eða eitthvert annað land tæki upp stjórnmálasamband við Austur-Þýzkaland, að ætla að fara að segja: Nú slít ég stjórnmálasambandi við ykkur. — Það er vitanlegt, að það gerir Vestur-Þýzkaland ekki. Það er kannske látið í það skína af einstaka mönnum, en það er svo fjarri öllum rökum, að slíkt reyna menn ekki að viðhafa. Það væri ákaflega eðlilegt, að við sýndum nú af okkur þá pólitísku hyggju og dirfsku að verða einna fyrstir Norðurlanda til þess að taka upp stjórnmálasamband við Austur-Þýzkaland. Þetta væri að öllu leyti mjög heppilegt og ánægjulegt fyrir Ísland, og Vestur-Þýzkaland gæti ekkert gert á móti því. Það er vitanlegt, að Vestur-Þýzkalandi mundi ekki koma til hugar reyndar að slíta stjórnmálasambandi við Ísland vegna slíks. Það mundi kannske verða látið í eitthvað þess háttar skína, áður en það gerðist, en eftir að það gerðist, mundi það ekki verða gert. Þvert á móti mundi þá verða unnið því betur að því af hálfu vestur-þýzku stjórnarinnar að reyna að ná diplómatísku sambandi við hin sósíalísku lönd í Austur-Evrópu.

Gamla Hallstein-kenningin er raunverulega dauð. Það er reynt að halda henni í andarslitrunum nokkuð lengi, en það verður ekki mögulegt. Ég álít þess vegna, að við Íslendingar eigum einmitt, ekki sízt af því að Vestur-Þýzkalandi er ósköp vel kunnugt um þann vinarhug, sem við yfirleitt berum til þýzku þjóðarinnar, að verða einna fyrstir allra þessara ríkja til þess að taka upp stjórnmálasamband á eðlilegan máta við Austur-Þýzkaland. Slíkt væri mjög auðvelt að gera, og það mundi hjálpa til þess að skapa eðlilegt ástand eða vera stórt skref í þá áttina að skapa eðlilegt ástand milli hinna ýmsu ríkja í Evrópu. Þetta er svo gersamlega óeðlilegt, sem þarna hefur verið framkvæmt, að reyna að halda ríki eins og Austur-Þýzkalandi, sem ég held, að ég muni rétt, að sé orðið á meðal 10 stærstu iðnaðarvelda heims, reyna að halda því utan við og láta eins og það sé ekki til. Ég vil þess vegna vona, að þessi litla þáltill. okkar, sem aðeins felur í sér að álykta að fela ríkisstj. þetta diplómatíska samband við Þýzka alþýðulýðveldið og skiptast við það á sendiherrum, mæti skilningi hér á Alþ., og vil leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni eða þegar ekki vilja fleiri kveðja sér hljóðs, sé þessari till. vísað til utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Alþt. 1966. D. (87. löggjafarþing).

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Fullnaðarpróf í tæknifræði.

Á 21. fundi í Sþ., 2. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um fullnaðarpróf í tæknifræði o. fl. [97. mál] (A. 192).

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 11. þm. Reykv. leyft mér að flytja á þskj. 192 till. til þál. um fullnaðarpróf í tæknifræði o. fl. En efni þessarar till. er að fela ríkisstj. að hefja, svo fljótt sem unnt er, nauðsynlegan undirbúning, til þess að hægt verði að láta fara fram fullnaðarpróf í tæknifræði við Tækniskóla Íslands, enda sé að því stefnt, að slík próf geti hafizt í Reykjavík eigi síðar en vorið 1970 og á Akureyri eigi síðar en vorið 1972. Jafnframt verði tækniskólum gefinn kostur á styttra sérnámi til að mennta aðstoðarfólk sérfræðinga.

Lög um Tækniskóla Íslands voru samþ. hér á hinu háa Alþ. árið 1963. Í þeim l. var ríkisstj. heimilað að stofna Tækniskóla Íslands í Reykjavík og greiða kostnað við hann úr ríkissjóði, ásamt undirbúningsdeild við skólann í Reykjavík og á Akureyri. Í sömu l. var jafnframt heimilað að „starfrækja aðrar bekkjar- og skóladeildir tækniskólans á Akureyri, enda sé að því stefnt, að þar rísi sjálfstæður tækniskóli," segir í þessum lögum.

Sú hefur orðið framkvæmd þessa máls, að tækniskóli er nú starfandi í Reykjavík og auk þess undirbúningsdeild í Reykjavík og önnur á Akureyri. Náminu í Reykjavík, þar sem þetta er lengra komið, er þannig hagað, að nemendur stunda nám í tækniskólanum í tvo vetur, en hafa þá áður lokið prófi úr undirbúningsdeild, þannig að í raun og veru er þarna um þriggja vetra nám að ræða að meðtalinni undirbúningsdeildinni. Á Akureyri starfar undirbúningsdeild, og þeir, sem prófi ljúka úr henni, fá inngöngu í tækniskólann hér í Reykjavík. Þegar nemendur hafa lokið prófi eftir tveggja vetra nám í tækniskólanum hér í Reykjavík, hafa þeir lokið því, sem kallað er fyrri hluti tæknifræðinnar, og eiga eftir síðari hlutann, en kennsla í þessum síðari hluta fer enn ekki fram hér á landi. Hins vegar hafa nemendur héðan með fyrrihlutaprófi fengið inngöngu í síðari hluta tækni-

skóla í Danmörku og í Noregi, og munu vera um það samningar, að þeir eigi þar vísa inngöngu. Ég ætla, að þeir muni vera nálægt 40, sem lokið hafa þessu fyrrihlutaprófi hér, síðan skólinn var stofnaður.

Það, sem farið er fram á í þessari till., er það, að hafinn verði undirbúningur að því að lengja námið hér á landi, þannig að nemendur geti tekið hér fullnaðarpróf í tæknifræði, þ. e. a. s. í einhverjum greinum tæknifræðinnar, því að hún skiptist í margar greinar, og í till. er það sett sem mark, að fyrstu fullnaðarprófin verði haldin hér í Reykjavík vorið 1970 og á Akureyri, þar sem þetta nám er skemmra komið, tveimur árum síðar eða 1972.

Það er auðvitað svo, að það er mjög kostnaðarsamt að senda svo stóran hóp nemenda sem hér verður mjög sennilega um að ræða á komandi árum til annarra landa. Það er kostnaðarsamt bæði fyrir nemendurna, sem þarna eiga hlut að máli, og fyrir þjóðfélagið, að slíkt þurfi að eiga sér stað. En til þess að renna stoðum undir það, sem ég sagði, að hér muni geta orðið um stóran hóp að ræða, vil ég nefna það, að tæknifræðingar hér á landi, sem allir eru útskrifaðir erlendis, munu vera um 150 talsins, eftir því sem mér hefur verið tjáð. En fyrir menntun af þessu tagi er mjög vaxandi þörf um allan heim og þá einnig hér á landi. Þessi tala tæknifræðinga, sem hér eru starfandi, er ákaflega lág miðað við það, sem annars staðar gerist. Mér er sem sé tjáð af fróðum mönnum, að ef starfandi tæknifræðingar væru hér hlutfallslega álíka margir og t. d. á Norðurlöndum, mundu þeir eiga að vera 800 í staðinn fyrir 150, sem þeir eru nú. Ég skal ekki segja um það, hvort þessi tala er nákvæm, en hún gefur hugmynd um það verkefni, sem hér er fram undan í því að mennta unga menn á þennan hátt, og það muni geta orðið allstórir hópar, sem þurfa á síðarihlutanámi í tæknifræði að halda á komandi tímum.

Mér er kunnugt um það, og það er vikið að því hér í grg. till., að sumarið 1961 voru á vegum tækniskólans eða menntamálastjórnarinnar sendir tveir sérfróðir menn til útlanda til þess að kynna sér þar kennslu í tæknifræði. Þessir menn lögðu fyrst og fremst leið sína til þeirra landa, sem tækniskólinn hér hefur samband við, þ. e. a. s. til Danmerkur og Noregs, en einnig fóru þeir til Vestur-Þýzkalands og kynntu sér allýtarlega tækniskólakerfið þar. Ég hef átt þess kost og við flm. að sjá skýrslu, sem þessir menn, sem báðir höfðu verið kennarar við tækniskólann hér og annar er, að ég ætla, enn, gerðu um ferð sína, og skal ég ekki rekja efni hennar, en það, sem ég vil tilgreina úr þeirri skýrslu sérstaklega, er, að þeir sögðu það, þessir sendimenn okkar, sem voru að kynna sér þessi mál, að það hefði verið samhljóða álit tækniskólamanna, sem þeir hefðu rætt við í þessum löndum, að við Íslendingar ættum að reka hér fullkominn tækniskóla, bæði af þeim ástæðum, sem ég nefndi hér áðan, og þó ekki síður vegna þess, að þá fyrst töldu þeir, að verulegt gagn og fullt gagn yrði fyrir íslenzka atvinnuvegi af störfum þessara manna, ef fullkominn tækniskóli væri hér starfandi, og þá sjálfsagt með tilliti til þess, að nemendur skólans mundu þá jafnframt náminu starfa í íslenzkum atvinnuvegum og hljóta þar nauðsynlega þjálfun.

Tilgangur okkar með þessari till. er að beita okkur fyrir því, að þetta mál, lenging tækniskólans í Reykjavík og stofnun tækniskóla á Akureyri, verði nú tekið upp til ýtarlegrar athugunar, og væntum þess, að niðurstaðan af því verði sú, að okkur Íslendingum auðnist að koma hér upp þeim tækniskóla, sem hér er vikið að. Það er auðvitað öllum ljóst, sem um þessi mál hugsa, að til þess að svo megi verða, þarf allmiklnn undirbúning og að þetta er ekki alveg einfalt mál. Tækniskólinn á, eins og sakir standa, ekki þak yfir höfuðið sjálfur. Hann er á báðum stöðunum, bæði í Reykjavík og á Akureyri, í húsakynnum annarra menntastofnana, en auðvitað er það, að ef þetta kemur til framkvæmda, sem gert er ráð fyrir í till. okkar, þarf þessi menntastofnun að eignast húsnæði við sitt hæfi. Sömuleiðis eru að sjálfsögðu nokkur vandkvæði á því að fá kennslukrafta til slíkrar stofnunar, en hún kemur því aðeins að gagni, að það takist að fá nógu mikla og nógu góða kennslukrafta. En við verðum að vænta þess, að með vaxandi framhaldsmenntun hér á landi, sem ungt fólk fær bæði innanlands og utan, verði hægt að komast yfir þessi vandkvæði. Sömuleiðis er það náttúrlega svo, að því aðeins getur tækniskólinn starfað, að hann hafi yfir að ráða þeim kennslutækjum, sem nauðsynleg eru, og mun nú mega segja það, sem er raunar ánægjuefni, að það er kominn góður vísir að slíku kennslutækjasafni við tækniskólann hér, þar sem er eðlisfræðistofa tækniskólans. En hér þarf meira til. Og sjálfsagt er það svo, að þó að því marki verði náð, sem gert er ráð fyrir í till., að koma upp þeirri framhaldskennslu, að hér geti orðið haldin fullnaðarpróf í fleiri eða færri greinum tæknifræðinnar, megi samt gera ráð fyrir því, að í einhverjum greinum verði menn einnig á komandi tímum að leita sér fræðslu erlendis, eins og verið hefur, því að um margar greinar er að ræða á þessu sviði.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég vildi mega vænta þess og við flm., að það gæti tekizt samstarf með mönnum hér á Alþ. og í ríkisstj. um að hrinda þessu nauðsynjamáli áleiðis. Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

22. Heildarlöggjöf um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið.

Á 21. fundi í Sþ., 2. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið [100. mál] (A. 195).

Á 25., 27. og 28. fundi í Sþ., 24. febr., 1. og 8. marz, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 195 hef ég leyft mér ásamt 6 öðrum þm. úr Framsfl. að flytja svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að kjósa 9 manna n. til þess að undirbúa setningu heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Skulu 5 nm. kosnir hlutbundinni kosningu í Sþ., en Hafrannsóknastofnunin tilnefna 2 nm., Landssamband ísl. útvegsmanna einn nm. og heildarsamtök sjómanna einn nm. N. skal hraða störfum eftir föngum, og greiðist kostnaður við störf hennar úr ríkissjóði."

Um rökstuðning fyrir till. þessari vísa ég til grg. Ég legg svo til, herra forseti, að till. þessari verði vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

23. Fiskirækt í fjörðum.

Á 21. fundi í Sþ., 2. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um fiskirækt í fjörðum [101. mál] (A. 196).

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25., 27., 28. og 29. fundi í Sþ., 24. febr., 1., 8. og 15. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á ný till. til þál. um fiskirækt í fjörðum á þá leið, að Alþ. ályktí að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á möguleikum vísindalegrar tilraunastarfsemi með fiskirækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum, er hentugir kynnu að þykja til slíkrar starfsemi. Er lagt til, að haft sé samráð við hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands um þessa athugun.

Á fiskiþingi og ýmsum öðrum fundum útvegsmanna og sjómanna á undanförnum árum hefur oft verið rætt um nauðsyn þess, að hafizt yrði handa um fiskirækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum í strandlengju Íslands. En að því er vitað er, mun lítið eða ekkert hafa verið aðhafzt í þessum efnum. Það er hins vegar almenn skoðun sjómanna og útvegsmanna, að brýna nauðsyn beri til þess að hefjast handa um vísindalegar aðgerðir um ræktun nytjafiska í hafinu með svipuðum hætti og gert hefur verið í ám og vötnum hér á landi og víðs vegar um heim. Í Noregi og fleiri löndum hafa um nokkurt skeið verið gerðar vísindalegar tilraunir með fiskirækt í fjörðum og víkum. Hefur í þessu skyni verið rekin rannsóknar- og tilraunastöð í Flödeviken í Suður-Noregi. Þar hefur þorskur verið látinn hrygna í tjörnum eða kerum á landi, en þorskseiðunum síðan verið sleppt út í fjörðinn, rétt eftir að þau eru klakin úr eggi.

Þéttur skerjagarður lokar þessum firði, svo að skilyrði eru talin þarna mjög góð til þessarar starfsemi. Tilraunir þessar munu að vísu vera á byrjunarstigi, en fyllsta ástæða er til þess, að við Íslendingar gefum þeim gaum. Svíar hafa einnig hafizt handa um fiskirækt í sjó innan skerjagarðsins við strendur Svíþjóðar.

Að lokum vil ég segja þetta: Vitað er, að fiskstofnarnir í Norður-Atlantshafi eru í verulegri hættu. Hefur það komið fram í skýrslum og ummælum fiskifræðinga og er raunar öllum ljóst, sem um þessi mál hugsa. Það er því augljóst, að nýjar ráðstafanir til frekari verndunar fiskistofna við strendur Íslands eru óhjákvæmilegar. Kemur þá í fyrsta

lagi til greina takmörkun netaveiða á hrygningarsvæðum, í öðru lagi friðun nýrra svæða fyrir botnvörpu og netaveiði utan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna og í þriðja lagi vísindalegar aðgerðir til fiskiræktar.

Það er skoðun mín, að íslenzkir fiskifræðingar hafi unnið mikið og merkilegt starf á sviði fiskirannsókna og fiskileitar á undanförnum árum. Hefur það starf haft mikla þýðingu fyrir atvinnulíf þjóðarinnar, en brýna nauðsyn ber til þess, að nýrra leiða verði freistað í þessum efnum. Þess vegna er þessi till. flutt.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

24. Lagning olíumalar á Vesturlandsveg.

Á deildafundum 7. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um lagningu olíumalar á Vesturlandsveg [107. mál] (A. 203).

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Sþ., 1. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 203 till. til þál. um að skora á ríkisstj. að láta gera ýtarlegar tilraunir með lagningu olíumalar á fjölfarnasta kafla Vesturlandsvegar, þ. e. frá Ártúnshöfða að vegamótum Þingvallavegar.

Á s. l. sumri mun umferð á hinum ýmsu vegum hafa aukizt um 10—20% og allt upp í 25% miðað við árið áður, og miðað við þá aukningu, sem orðið hefur á innflutningi bifreiða á árinu 1966 frá því, sem var árið 1965, má gera ráð fyrir enn frekari aukningu á umferðinni á þessu ári. Ástand fjölförnustu malarveganna er þegar orðið mjög slæmt, hvað þá þar sem fullvíst má telja, að umferðin aukist enn frekar en nú er. Það er eðlilegt, að malarvegirnir þoli ekki þessa miklu umferð og þá ekki hvað sízt fyrir það, að bifreiðarnar verða ávallt þyngri og þyngri, og mun það mála sannast, að það er kannske helzta ástæðan fyrir því, hvað malarvegirnir fara illa, þ. e. hve mikill öxulþungi er á þá lagður. Nú mun vera nokkurt eftirlit með því, að ákvæði hámarksþunga séu virt, og ég tel, að það beri að herða þetta eftirlit til muna, því að það er áreiðanlega ein höfuðforsendan fyrir því, að hægt sé að halda núverandi malarvegum í sæmilegu ásigkomulagi, að fylgt sé þar settum reglum. Það er og skoðun margra, að þungaskatturinn nú sé máske óeðlilega lágur miðað við það mikla slit, sem vegirnir verða fyrir af völdum hinna þungu bifreiða. Það er annað mál og ekki hér til umr. nú.

Með byggingu Reykjanesbrautarinnar frá Engidal við Hafnarfjörð og allt til Keflavíkur urðu þáttaskil í vegamálum okkar. Hin steypta Reykjanesbraut er vandaðasta vegagerð á landinu, — vegagerð, sem vonazt er til, að muni gefa góða raun, og svo hefur vissulega orðið, það sem af er, frá því að vegurinn var tekinn í notkun haustið 1965. Það er ekki ofmælt, þó að sagt sé, að Reykjanesbrautin sé glæsilegasta framkvæmd í samgöngumálum Íslendinga, en þessi framkvæmd var eðlilega mjög kostnaðarsöm, og um síðustu áramót var kostnaður orðinn um 270 millj. kr. Það er því augljóst, að endurbygging helztu hraðbrautanna út frá Reykjavík verður geysilega mikið átak og fjárfrekar framkvæmdir og þess ekki að vænta, að þar verði allt framkvæmt í einu. Nú standa vonir til, að bráðlega hefjist framkvæmdir við endurbyggingu Hafnarfjarðarvegar um Kópavog, en þar er um stórframkvæmd að ræða, sem gert er ráð fyrir, að kosti um 70 millj. eða yfir 70 millj. kr. Þá er og hafin framkvæmd við byggingu Reykjanesbrautar frá Elliðaám til Hafnarfjarðar austan núverandi byggðar í Kópavogi. Það mun og verða mjög fjárfrek og tímafrek framkvæmd. Unnið er að undirbyggingu Austurvegar norðan Sandskeiðs, og fyrirhugaðar eru framkvæmdir við brúargerð á Elliðaám, sem verða mjög kostnaðarsamar framkvæmdir.

Af öllu þessu, sem hér hefur verið nefnt, má augljóslega sjá, að þegar hefur verið í mikið ráðizt og mikið er á döfinni varðandi vegagerð hér í nágrenni Reykjavíkur. Og eins og eðlilegt er, hljóta þessar framkvæmdir að taka sinn tíma. Þá er og búið að ákveða vegarstæði Vesturlandsvegar allt til Kollafjarðar. Þar verður um mjög kostnaðarsama og tímafreka framkvæmd að ræða. Þar verða óhjákvæmilega mikil jarðvegsskipti, þegar til þeirra framkvæmda kemur.

Af því, sem ég hef hér vakið athygli á, er augljóst, að fram undan eru þegar ákveðnar miklar framkvæmdir í nýbyggingu hraðbrauta út frá Reykjavík. Eins og ég hef tekið fram, hlýtur þetta að taka nokkurn tíma. En Vesturlandsvegurinn og þá sérstaklega að vegamótum Þingvallavegar er fjölfarnasti þjóðvegur landsins í dag, og þar er aðeins um

malarveg að ræða, sem er langt frá því þannig gerður, að hann þoli þá miklu bifreiðaumferð, sem þar er nú, og einmitt á þeim vegi að vegamótum Þingvallavegar varð umferðaraukningin sumarið 1966 25% miðað við árið áður. Það er álit allra, sem til þekkja, að þarna verði að koma eitthvað til úrbóta. Eins og ég sagði, umferðin er gífurlega mikil, náði því í sumar að verða á milli 2500 og 2600 bílar á dag. Það er og eðlilegt. Þarna fer um öll umferðin til Vesturlands, Vestfjarða og Austfjarða, auk þess sem mikil umferð er um Þingvallaveginn.

Ég hef vakið athygli á því hér að gera tilraun með að nýta olíumölina til bráðabirgða, meðan notast þarf við þennan veg, — nota olíumölina til þess að reyna á þann hátt að bæta ástand vegarins í bili. Það má segja að ekki sé mikil reynsla fyrir olíumöl á okkar akbrautum enn sem komið er og alls ekki þar sem jafnmikil og þung umferð er eins og þarna er um rætt. Það er komin örlítil reynsla á olíumöl við þær aðstæður, þar sem umferð er minni. Sú reynsla gefur þegar góða raun og má fyllilega gera ráð fyrir því, að þar sé um frambúðarlausn að ræða varðandi slitlag á vegum, sem hafa a. m. k. ekki meira en tiltekna hámarksumferð. En það þýðir ekki það, að miklar vonir þurfi að binda við olíumalarslitlag á mjög fjölförnum akbrautum. Þetta haggar hins vegar ekki því, að nauðsynlegt er að reyna að gera eitthvað til úrbóta á þessum fjölfarnasta vegarkafla, og þá er eðlilegt að reyna olíumölina, vegna þess að þar er þó ekki um svo geysilega fjárfreka framkvæmd að ræða, ekkert í líkingu við t. d. malbik, enda mundi engum, sem til þekkja, koma til hugar, að það yrði nokkurt gagn að því að setja malbik á Vesturlandsveginn, og þarf ekki annað en vitna til Ártúnsbrekkunnar nú þegar, sem malbikuð var í sumar eða haust, enda malbikið miklu, miklu erfiðara og kostnaðarsamara í viðhaldi, að þar er ekki neinu saman að jafna.

Það er rétt að benda á, að hvort sem horfið yrði að þeirri tilraun, sem hér er lagt til að gera, eða ekki, þarf vissulega að gera vissar endurbætur á Vesturlandsveginum. Þar á ég við að ná vatninu af veginum, fá á hann réttan halla, en það er vitanlega forsenda þess, að hægt sé að halda honum við, og forsenda þess, að nokkuð þýði að fara út í þá tilraun, sem hér er rætt um. Ég viðurkenni og, að tveir staðir á þessari vegalengd eru þannig, að kannske má lítils vænta af því, þó að lagt verði olíumalarslitlag á veginn þar. Það eru mýrarsundin fyrir ofan Ártúnshöfða og meðfram Hamrahlíðinni hjá Lágafelli í Mosfellssveit. Það má vel vera, að þarna sé um svo gljúpan jarðveg að ræða, að ekki verði neitt gagn að því að gera þessa tilraun, og það kemur þá í ljós. Svíar endurbyggja ekki sína malarvegi undir olíumalarslitlagið, heldur setja það á sína troðnu vegi. Síðan kemur í ljós, að á stöku stað eru kannske dý eða gljúpir kaflar, og þá eru þeir teknir til endurbyggingar, þegar slíkt kemur í ljós. En eins og ég hef vikið að, er hér fyrst og fremst um að ræða tilraun til þess að bæta úr því vandræðaástandi, sem er á þessum fjölfarnasta vegarkafla, meðan á endurbyggingu vegarins stendur. Mér er það fullljóst, að þetta er engin framtíðarlausn í sambandi við þessa miklu umferðaræð.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri á þessu stigi. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

25. Verðjöfnun á áburði.

Á deildafundum 13. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um verðjöfnun á áburði [114. mál] (A. 211).

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr .

Á 27. og 28. fundi í Sþ., 1. og 8. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar

---

26. Samstarf gegn alþjóðlegum einokunarauðhringum.

Á deildafundum 13. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um samstarf Íslands við ríkisstjórnir annarra landa gegn alþjóðlegum einokunarauðhringum [115. mál] (A. 212).

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. og 29. fundi í Sþ., 8. og 15. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þess-

ari þáltill. sökum þess, að hún hefur þegar borizt nokkuð í tal í þinginu í umr., sem fram hafa farið milli mín og hæstv. forsrh., og skal aðeins í stuttu máli greina, hvernig á henni stendur.

Það gerðist fyrir nokkru í Noregi, að norska ríkið varð að selja helming hlutabréfa í ríkisfyrirtækinu A/S Årdal og Sunndal Værk, einni af stærstu alúmíníumverksmiðjum Noregs, og það var upplýst, eins og hér hefur verið rætt, að norska ríkið var til þess knúið eða leit svo á, að það væri til þess knúið, vegna þess að alúmíníumhringarnir hefðu slík tök bæði á framleiðslunni á því hráefni, sem þurfti að nota, báxít og alúmíníumoxíð, og hins vegar á markaðinum fyrir fullunnið alúmíníum, að þetta stóra og mikla norska ríkisfyrirtæki gæti ekki staðið sjálfstætt, þegar hringarnir settu því þá kosti, að annaðhvort yrði það svo að segja lagt að velli í baráttunni eða þá að þeir fengju að kaupa helminginn af hlutabréfunum í því.

Þessi atburður, sem gerðist í Noregi, ræddur var í norska þinginu og ég hef hér tvisvar sinnum gert að umtalsefni áður úr þessum ræðustól og vitnað í ýmsa þá norsku þm., þá fyrrv. ráðh., sem um þetta töluðu, — allt þetta gerði það að verkum, að ég áleit, að það væri nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga, sem nú fáum hér upp erlenda alúmíníumverksmiðju, sem við höfum ráðgert í samningunum við hana, að hægt væri að þjóðnýta, ef okkur félli ekki samstarfið, — ég áleit, að það væri nauðsynlegt fyrir okkur að gera ráðstafanir til þess, að við stæðum ekki uppi eins einangraðir og yrðum að gefast upp, ef til slíks kæmi, eins og Norðmenn hafa orðið að gera núna. Þess vegna legg ég í þessari þáltill. til, að hæstv. ríkisstj. leiti samstarfs við ríkisstj. Noregs og aðrar ríkisstj., sem vildu koma á samvinnu sín á milli, um það að tryggja, að þjóðir geti framkvæmt stefnu sína án þess að vera knúðar til þess að breyta henni vegna áhrifavalds erlendra auðhringa.

Þegar svo sterk ríkisstj. sem norska ríkisstj. og með ríkt og voldugt land á bak við sig eins og hún er neyðist til þess að gera slíka hluti eins og þarna voru gerðir, getum við rétt hugsað okkur, hvernig aðstæðan væri fyrir okkur hérna heima. Ég hef áður skýrt frá því og skal rétt minna á það, að alúmíníumhringarnir, kanadiski og bandaríski, sem raunverulega eru einn og hinn sami, aðeins í tvennu lagi vegna ákvæða löggjafarinnar í Bandaríkjunum á móti einokunarauðhringum, — þessir hringar ráða raunverulega yfir 4/5 hlutum af öllum alúmíníummarkaðinum í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, og þessir hringar eru svo ríkir og svo voldugir og aðstaða þeirra til þess að geta drottnað þarna er svo sterk, að það er ekkert annað vald, sem á móti þeim gæti staðið, heldur en samstarf ríkisstj. sjálfra í svo og svo mörgum löndum, sem eiga sína hagsmuni undir þessu. Við getum rétt hugsað okkur, ef t. d. þessir amerísku alúmíníumhringar færu að gleypa á einn eða annan hátt Swiss Aluminium eða setja því sérstök skilyrði viðvíkjandi sölu hlutabréfa eða annað slíkt, mundi Swiss Aluminium, þótt það sé mjög sterkt fyrirtæki og eitt af 200 ríkustu fyrirtækjum utan Bandaríkjanna, ekki standa þeim snúning. Bara fjáreign þessara tveggja kanadísku og bandarísku alúmíníumhringa, sem eru einn og hinn sami, er raunverulega upp undir 150 þús. millj. ísl. kr., þannig að við getum rétt af því séð, hvílíkt gífurlegt fjárhagslegt vald er þarna um að ræða. Við þekkjum það úr sögunni, hvað hefur áður komið fyrir, bæði gagnvart Íslendingum og Norðmönnum, að voldugt erlent fjárhagslegt vald hefur sett þeim stólinn fyrir dyrnar. Ef við t. d. hugsum aftur til tímabils Hansastaðanna, þá gátu Hansakaupmennirnir þýzku sett ríkisstj. bæði Danmerkur, Noregs og fleiri landa alveg stólinn fyrir dyrnar í krafti síns áhrifavalds á vörumarkaðinum á þeim tíma og sinna auðæfa.

Fyrir alla þá, sem láta sér annt um lýðræði meðal þjóðanna, hlýtur þess vegna þetta fyrirbrigði að vera eitt hið alvarlegasta, sem um getur. Ef ríkisstj. og þjóðlönd fá ekki að framkvæma vilja þjóðanna, vegna þess að voldugir auðkýfingar koma í veg fyrir það, þá er lýðræðið að engu gert. Það er ekki mikill munur á því eða t. d. þegar norska þjóðin kýs þannig á sitt þing, að það þing samþ. að koma t. d. upp ríkisfyrirtæki, eins og ég nefndi áðan. Síðan kemur slíkur alúmíníumhringur og neyðir ríkisstj. til að selja helminginn í slíku fyrirtæki sjálfum sér, — það er ekki mikill munur á slíkri aðferð eða hinu, að einn ræningi brýzt inn, setur skammbyssu fyrir brjóstið á forsrh. og segir: Nú ert þú búinn að vera, nema þú sjáir til þess, að svona og svona lög verði sett í þinginu. — Það er ekkert lýðræði, sem gildir lengur, þegar svona er komið. Ef við ætlum að gera lýðræði að einhverju meira en einhverjum óskadraumi, svo að ég noti orð Einars Gerhardsens, verðum við að sjá til þess, að auðhringarnir geti ekki haft svona vald. Það er þá alveg á sama hátt hægt að koma hérna gagnvart t. d. okkar iðnaði hér á Íslandi, hraðfrystihúsaiðnaði eða öðru, af voldugum auðhringum úti í heimi og segja: Ef þú selur mér ekki fyrir lágt verð og skapar mér þá aðstöðu, sem ég vil hafa hér heima, þá eyðilegg ég ykkur í samkeppninni.

Við verðum að hugsa út í það, þegar Norðmenn eru meira að segja ekki stærri og sterkari en það, að þeir neyðast til svona hluta, því að neyðzt til þess hafa þeir, — þá getum við skoðað í okkar eigin brjóst til að sjá, í hvaða aðstöðu við mundum verða settir, annars vegar með okkar smáa innlenda iðnað, smáan á alþjóðamælikvarða séð, og hins vegar með okkar eigið ríkisfyrirtæki, ef um slíkt væri að ræða. Til þess að vera öruggir um, að það lýðræði, sem við berjumst fyrir að framkvæmt sé, verði meira en rómantískur óskadraumur, þá verðum við að

reyna að skapa samstarf við lýðræðisstjórnir annarra landa um að vinna gegn valdi þessara miklu auðhringa.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hv. þm. íhugi þetta mál mjög alvarlega, hvort sem það tekst að afgr. það á þessu þingi eða ekki.

Ég lagði það til í þessari þáltill. sömuleiðis, að hjá Sameinuðu þjóðunum væru fulltrúar Íslands látnir vekja athygli á þessu. Við vitum, að Sameinuðu þjóðirnar hafa rætt þessi mál, hvað snertir ofurveldi auðhringanna, ekki síst þegar gömlu nýlenduþjóðirnar eiga í hlut eða þær fátæku þjóðir, sem nýlega hafa öðlazt pólitískt sjálfstæði, þannig að þar er einnig vettvangur, þar sem hægt væri að vinna að þessum málum.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því, að þegar fleiri kveðja sér ekki hljóðs við þessa umr. nú, þá sé henni frestað og málinu vísað til hv. utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

27. Milliþinganefnd um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Á deildafundum 14. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um kosningu milliþn. til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál [120. mál] (A. 227).

Á 27. og 28. fundi í Sþ., 1. og 8. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég tel ekki nauðsynlegt, að fylgja þessari till. úr hlaði með mörgum orðum. Ég læt mér nægja að vísa til grg. og leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

28. Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Á deildafundum 16. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar [124. mál] (A. 227).

Á 27. og 28. fundi í Sþ., 1. og 8. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 227 till. til þál. um, að Alþ. geri ráðstafanir til þess, að stjórnarskrá Íslands verði endurskoðuð í heild. Ég flyt þessa þáltill. einn. Ég hef ekki leitað eftir meðflm., hvorki boðið neinum að bera till. fram með mér né beðið neinn að ljá henni nafn sitt. Þingflokkur sá, er ég fylgi, ber því enga ábyrgð á till. Hún er algerlega á mína ábyrgð fram komin. Ég ber hana fram sem einstaklingur og óska miklu frekar, að hv. þm. skoði hana og meti gildi hennar sem einstaklingar heldur en sem hlutar af flokkum.

Stjórnarskráin á að vera byggð til þess að vera hafskip aldanna fyrir löggjöf landsins, en flokkunum hefur orðið það á fram að þessu að vilja smíða skip þetta til skottúra fyrir sig í þágu tímabundinna málefna og innrétta skipið með tilliti til þess, að þeir sem flokkar muni verða þar áhöfn endalaust.

Þetta er meinlegur vanskilningur. Flokkar eru tímabundin fyrirtæki og taka miklum breytingum eða eiga að gera það. Einstaklingarnir lifa aftur á móti um aldir sem maður fram af manni og breytast furðulítið sem menn. Við það á stjórnarskráin að miðast fyrst og fremst.

Fyrsta stjórnarskrá Íslands tók gildi 5. jan. 1874, en var, eins og þar er komizt að orði, um hin sérstaklegu málefni Íslands og þegin sem gjöf úr konungs hendi. Hún var að sjálfsögðu ekki viðtæk, og hún var mjög sniðin eftir stjórnarskrá Dana, enda tilheyrði landið dönsku krúnunni. Breytingar voru gerðar á stjórnarskrá þessari 1903, þegar landið fékk íslenzkan ráðherra með aðsetri í Reykjavík, og aftur 1915, þegar konur fengu, að kallað var, jafnrétti við karlmenn í kosningum. Enn fremur var stjórnarskránni breytt, eftir að sambandslagasamningurinn 1918 öðlaðist gildi.

Þá var og stjórnarskránni breytt 1933—34 að því er kjördæmaskipun snerti og loks 1942 enn vegna kjördæmaskipunar og þá einnig á sama ári til þess að heimila þá miklu breytingu án nýrra kosninga, að Ísland endurreisti lýðveldi sitt.

Hinn 22. maí 1943 kaus Alþ. n. 5 manna til þess að endurskoða stjórnskipunarlögin, sem gilt höfðu fyrir konungsríkið Ísland, og semja frv. að stjórnarskrá handa endurreistu lýðveldi á Íslandi. Sama ár um haustið var n. endurskipuð og þá bætt við í hana þrem mönnum, til þess að tveir yrðu frá hverjum þingflokki, og þá var hún orðin 8 manna n. Árið eftir skilaði n. frv. með grg. Þetta frv. var samþykkt og lýðveldið stofnað 17. júní 1944.

En n. leit hins vegar alls ekki svo á, að hún hefði þar með lokið því verkefni, sem henni hafði verið falið. Í grg., sem frv. fylgdi frá n., segir n., að hún muni halda áfram að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Kemst hún þannig að orði, að hún eigi eftir seinni hluta verkefnis síns, sem sé að undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt. Og hún bætir við orðrétt: „Má vera, að það starf verði öllu víðtækara og þurfi þar til að afla ýmissa gagna, er nú liggja ekki fyrir, svo og gaumgæfa reynslu þá, er lýðræðisþjóðir heimsins öefað öðlast í þessum efnum á þeim tímum, sem nú líða yfir mannkynið. Þangað til því verki yrði lokið, ætti sú stjórnarskrá, sem hér er lögð fram, að nægja, enda eru ákvæði hennar mestmegnis þau, er nú gilda í stjórnskipunarlögum hins íslenzka ríkis, að breyttu hinu æðsta stjórnarformi frá konungdæmi til lýðveldis“ o. s. frv. Nm., sem undir þetta rituðu, voru: Gísli Sveinsson, Bjarni Benediktsson, Hermann Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jónas Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson.

Augljóst er, að þessir oddvitar stjórnmála á Íslandi þá hafa allir sem einn litið svo á „fyrir sína hönd og annarra vandamanna“, að aðeins væri lokið fyrri hluta endurskoðunarinnar, þ. e. að breyta hinu æðsta stjórnarformi frá konungdæmi til lýðveldis, en hið víðtækara viðfangsefni væri óleyst og það bæri að leysa. Alþ. var einnig á þessari skoðun. Sést það ótvírætt á því, að það gerði til þess ráðstafanir með þál. 3. marz 1945, að skipuð var 12 manna n. til ráðuneytis 8 manna n. og heimilaði auk þess, að ráðinn væri sérfróður maður 20 manna hópnum til aðstoðar. Nú átti ekki að spara vinnukraftinn.

Stefán Jóh. Stefánsson mælti fyrir till. um, að 12 mönnum yrði bætt við í n., og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér upp kafla úr framsöguræðu hans. Honum fórust þannig orð:

„Þessi n. hefur nú lokið fyrri hluta starfs síns, eins og hv. þingheimi er kunnugt, þar sem nú þegar hefur náð fullu gildi stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Er þá eftir sá þáttur að athuga og endurskoða stjórnarskrána í heild. Ég ætla, að það sé engum vafa bundið, að á því sé mikil þörf og nauðsyn að endurskoða stjórnarskrá Íslands, þó að á henni hafi verið gerðar allmiklar breytingar, frá því hún var sett fyrir 70 árum. Stjórnarskráin frá 1874 var ekki sett með líkum hætti og stjórnarskrár fullvalda ríkja eru settar. Hún var ekki afgreidd eftir frumkvæði Alþ. eða þjóðarinnar sjálfrar, heldur var hún gefin Íslendingum, eins og það var orðað, af konungi Dana, en skv. grundvallarlögum Dana frá 1871 taldist Ísland óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, þó að Íslendingar vildu ekki við það fyrirmæli kannast eða teldu sig við það bundna.... En þó að stjórnarskráin 1874 sé til komin með þeim hætti, að frjáls og fullvalda þjóð getur ekki við unað eða við búið, ef aðstaða fæst til að gera þar breytingar á, og þó að á þessum 70 árum, sem liðin eru, síðan konungur gaf Íslendingum stjórnarskrána, hafi verið gerðar á henni nokkrar breytingar, þá eru þær allar þess eðlis, að þær eru smávægilegar í sjálfu sér, þó að margar þeirra séu þýðingarmiklar fyrir íslenzkt þjóðlíf.“

Og enn sagði Stefán Jóh. Stefánsson: „Á þessum 70 árum, frá því að okkur var gefin stjórnarskráin, hefur því ekki farið fram nein allsherjar ýtarleg endurskoðun á stjórnarskránni, og mætti því ætla, að nú væri til þess tími kominn, eftir að það skipulag er á orðið, að Ísland er orðið lýðveldi, en stjórnarskrá okkar á í mörgu rætur sínar að rekja til erlends konungsvalds.... Ég held því, að ekki geti verið vafamál, að þær bætur, sem settar hafa verið á þetta fat, sem er stjórnarskráin frá 1874, þurfi að athugast og sníða verði um stakkinn allan á ný.“

Loks sagði þessi frsm.: „Við getum því slegið því föstu, enda var því slegið föstu með samþykkt Alþ. 8. sept. 1942, að þörf sé á að láta fara fram gagngera endurskoðun á stjórnarskránni.“

Stefán Jóh. Stefánsson var einn þeirra, er setið höfðu í endurskoðunarnefndinni frá því 1942 og var því búinn að þukla á stjórnarskránni, sem hann líkti við gamalt, bætt fat, sem þyrfti að sníða um að nýju. Enginn andmælti þessum orðum hans. Vafalaust er þess vegna, að þingheimur leit svo á, að hér væri verk, sem þyrfti að vinna. Tilfinningin fyrir hinu nýstofnaða lýðveldi hefur sameinað hugina um þá skoðun. Andinn virðist hafa verið reiðubúinn.

Ég þekki ekki starfssögu 20 manna n., veit ekki, hvort n. hefur ritað eitthvað í sandinn, veit að vísu, að hún sendi mann úr sínum hópi út í heim til þess að kynna sér lýðveldisstjórnarskrár ýmissa landa og draga að fróðleik um þær. Skal það ekki talið til ónýtis unnið, ef einhvern tíma verður hagnýtt það skjalasafn, sem maðurinn flutti heim með sér og er nú vafalaust ein af eignum íslenzka ríkisins.

Eftir tvö ár og nokkra mánuði, eða nánar tiltekið 24. maí 1947, virðist þáv. ríkisstj. og

Alþ. vera þrotin þolinmæði að bíða eftir áliti 20 manna n. Er þá til umr. till. frá ríkisstj. sjálfri. Mælir Stefán Jóh. Stefánsson enn þá fyrir þeirri till., en hann var þá orðinn forsrh., og segir, að ríkisstj. leggi til, að henni verði heimilað að skipa 7 manna stjórnarskrárnefnd í stað þeirrar, sem áður hafði starfað að þessum málum, því að þeir hafi ekki getað sinnt þeim störfum upp á síðkastið, bæði vegna lasleika og ýmissa anna. Ekki er hægt að segja, að hann sé harðorður, enda áttu 20 mikilhæfir menn í hlut. Hins vegar á nú að hafa lasleikahættuna minni með því að fækka nm. og reyna happatöluna 7. Áður höfðu verið prófaðar tölurnar 5 og 8 og 20 með þeim takmarkaða árangri, sem ég hef lýst. En forsrh. tók fram, að ríkisstj. hefði sérstaklega í huga að velja þá menn í n. þessa, sem hafi sérþekkingu í stjórnskipulagsmálum og hafi tíma og tækifæri til að inna af höndum verulegt starf í n. Till. var samþ. með shlj. atkv. við tvær umr. sama daginn, án þess að henni væri vísað til n. Enginn tók til máls nema frsm. og hann aðeins við fyrri umr., svo einhuga var þingheimur um að reyna að fá verkið unnið.

Vitað er, að 7 manna n. hélt fundi, einnig að í henni komu fram lauslega mótaðar tillögur, sem lagðar voru fram sem umræðugrundvöllur innan hennar. Þar á meðal var till. um, að stofnað yrði til sérstaks stjórnlagaþings, er hefði það verkefni eitt að fullgera stjórnarskrána. En till. voru lítið ræddar innan n. og komu þar aldrei til atkv. N. var að vísu ekki lögð formlega niður, en hún var haldin sviplíkri óvirkni eins og fyrirrennarar hennar, vantaði a. m. k. herzlumuninn til að leysa af höndum verkefni sitt.

Hvað var þessu valdandi? Hvað gerði allar þessar n. vanmáttugar til að ganga frá heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar? Það var flokkapólitíkin. Andinn var að vísu reiðubúinn, en holdið hjá flokkunum var veikt. Andinn viðurkenndi, að stjórnarskrá ætti að miða við aldir, holdið, þ. e. flokkapólitíkin, vildi, að miðað væri við sína hagsmuni í næsta leik. Um hið síðara var ekki opinskátt rætt, en því meira hugsað.

Tíminn heldur auðvitað áfram að líða, þótt nefndarstarf standi í stað og sé ekki unnið. Allt í einu fær holdið tækifæri til að yfirbuga andann, og það notar það tækifæri. Þrír hinna pólitísku flokka á Alþingi álitu sér flokkslegt hagræði í því, eins og sakir stóðu, að breyta kjördæmaskipuninni og gerðu það 1959. Að öðru leyti létu þeir stjórnarskrána eiga sig, eins og annað í sambandi við hana skipti engu máli, enda sniðgengu þeir alveg stjórnarskrárnefndina, og mun hún síðan, svo sem eðlilegt er, vera talin úr sögunni, þó að enginn viti nákvæmlega dánardægur hennar, enda skiptir það sannarlega litlu máli. Aftur á móti er það mjög alvarlegt mál, að ekki hefur enn þá komizt í verk að fullgera þá stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem sett var sem bráðabirgðastjórnarskrá við stofnun lýðveldisins 1944, þrátt fyrir þær síendurteknu ráðstafanir, sem Alþ. hefur gert til þess að láta endurskoða hana og undirbúa umbætur á henni.

Ég hef rakið í stórum dráttum sögu þessara ráðstafana til áherzlu þeirri skoðun minni, að Alþingi geti ekki sóma síns vegna látið við svo búið standa. Í svona máli má það ekki gefast upp, eins og við ofurefli væri að eiga. Þetta er nefnilega alls ekki forsvaranlegt ofurefli fyrir Alþingi til að hopa fyrir. Lítil þjóð verður að viðurkenna margt sem ofurefli sitt, henni er nauðsynlegt að kunna það. En ætli hún að telja sér ofurefli að semja sér heilsteypta stjórnarskrá, þá hjálpi henni drottinn, ef það er þá hægt.

Í till. miða ég nefndarskipunina við fengna reynslu og legg því til, að stjórnmálaflokkarnir á Alþingi tilnefni bara sinn manninn hver í n. eða 4 alls, hæstiréttur tilnefni 3, einn sem formann n., og lagadeild háskólans 2 menn. Með þessari skipan vil ég, að reynt sé að koma í veg fyrir, að hin stríðandi flokkapólitík hafi meiri hl. til að gera n. óvirka. Auðvitað er ég fús til viðræðu um aðra skipan n., ef betri finnst, eftir atvikum.

Ég hef í till. bent á nokkur atriði, sem ég tel ákveðið að athuga þurfi við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég tel þetta þó hins vegar alls ekki tæmandi upptalningu, heldur miklu frekar dæmi um, að margt þarf þar að taka til athugunar. Við afgreiðslu till. er auðvelt bæði að bæta við og fella niður efnisatriði, af því að hún er í svona formi. Tel ég það kost á till. í meðförum. Vil ég nú með nokkrum orðum minnast á þau efnisatriði endurskoðunarinnar, sem till. nefnir sérstaklega og eru 9 talsins.

Fyrst er forsetaembættið. Ég tel, að forsetaembættið sé, eins og nú er, vel skipað og hafi verið það, síðan lýðveldið var stofnað. Hins vegar er ekki trygging fyrir, að svo verði ætíð. Embættið sjálft er frumsmíð fyrir okkar land. Sjálfsagt er að endurskoða uppbyggingu þess. Þótt liðnir séu frá stofnun þess líðlega tveir áratugir, hafa ekki enn myndazt um það rótgrónar hefðir, sem mjög torvelt væri að breyta. Ekki get ég betur séð en þeir, sem gert hafa breyt. á stjórnarskránni 1944, hafi unnið sér þær sums staðar áberandi létt, með því að má bara út orðið „konungur" og setja orðið „forseti" í staðinn, án þess að breyta í öðru innihaldi málsgr. Fljótt á litið a. m. k. virðist þarna því í mörgum tilvikum aðeins vera um nafnaskipti á æðsta valdinu að ræða. Ég spyr: Var það meiningin í þessum efnum að færa konungsvaldið inn í landið undir öðru heiti, eða merkja ef til vill hinar gömlu greinar stjórnarskrár konungdæmisins nú orðið annað en þær hljóða um? Ég segi alls ekki, að þetta komi að mikilli sök, en einhvern veginn finnst mér það ekki viðkunnanlegt, og til er, að þetta sé jafnvel broslegt, eða finnst ekki fleirum en mér broslegt, að í 38. gr. í stjórnarskránni er gert ráð fyrir, að þingið sendi

forsetanum ávörp, eins og konunginum voru stundum send forðum yfir hafið og nefnd þá hjá almenningi gjarnan bænarskrár? Ég tel viðeigandi, að ákvæðin um æðstu stjórnina verði endurskoðuð af stjórnlagafróðum mönnum, enda mun hafa verið út frá því gengið, að svo yrði strax. Það er eðlilega vandi að búa til form fyrir embætti þjóðhöfðingjans á Íslandi. Íslendingar hafa ekki eðlisfar til að lúta valdi eins manns, og þeir hafa ekki fengið uppeldi til að tigna þjóðhöfðingja. Konungar þjóðarinnar voru ætíð í fjarlægð. Jafningjaþjóðfélag, eftir því sem getur átt sér stað, mun vera Íslendingum bezt að skapi. Fámenni þjóðarinnar styður að því. Lítil þjóð verður einnig að gæta þess að gera ekki stjórnarformið of dýrt. Minnist ég þess, að þegar talað var um kostnaðarhliðina, áður en embættið var stofnað, var sagt, að forsetinn mundi taka á móti erlendum gestum, halda þeim veizlur, sem ríkisstj. þyrfti annars að gera fyrir þjóðarinnar hönd, og hann mundi fara í kurteisisheimsóknir til annarra þjóða og taka þannig ómök af ráðh., sem nóg annað þyrftu að hafa fyrir stafni. En hver er svo reyndin? Mér sýnist hún helzt vera sú, að veizlurnar verði tvöfaldar oft og einatt og ferðirnar út um lönd einnig tvöfaldar eða máske vel það. Auðvelt er að nefna það smásálarskap að tala um þetta, en hagsýni í þess orðs réttu merkingu er aldrei smásálarskapur. Tildur og óhóf er aftur á móti raunverulegur smásálarskapur. Okkar litla þjóð verður að ástunda hagsýni. Með því stækkar hún sig, en með tildri og óhófi smækkar hún sig. Á þessu er enginn vafi. Vandinn í þessu sem fleiru er að rata meðalhófið, finna það form æðstu stjórnar, sem er við hæfi. Margir telja, að til fyrirmyndar geti verið fyrir okkur Íslendinga fyrirkomulagið í Sviss, en þar fylgir forsetastarfið einfaldlega ríkisstjórninni. Þetta er sjálfsagt að athuga frá öllum hliðum, hégómalaust, en þó án kotungshugsunarháttar.

Þá er annað skipting Alþ. í deildir.

Skipting Alþingis í tvær málstofur virðist mér ekki vera lengur til gagnsemdar, svo að teljandi sé. Grundvallarhugsunin er, að löggjöf eigi að verða vandlegar gerð með þeim hætti, að tvær málstofur fjalli um hana. Þetta lítur sennilega út og er ekki heldur fyrir það að synja, að dæmi þess finnist, að seinni málstofan geri breyt. á frv. til bóta. En eins og Alþingi starfar nú orðið í flokkum, binda flokkasamfélögin þm. sína svo við afgreiðslu fyrri málstofu, að engu, sem máli skiptir, má breyta í seinni málstofunni, enda sami flokkameirihl., sem ræður í báðum málstofum vegna þess, hvernig þingheimur skiptir sér í deildirnar. Oft er jafnvel talið, að formgalla megi ekki einu sinni laga í seinni d., af því að það taki of langan tíma að senda málið til baka. Ber þá við, að meiri hl. óttast deilur um meginefnið að nýju. Þetta atriði er nú fullkomlega ljóst fyrir augum okkar þessa dagana, þegar málefni eru komin í það tímahrak, sem þau nú eru.

Búið er líka að taka af d. fyrir rúmlega þrem áratugum afgreiðslu fjárlaganna og leggja hana undir Sþ. Er það bending um, að deildaskiptingin telst ekki henta í raun og veru, þar sem hún er sniðgengin með þá velgamiklu, árlegu löggjöf. Deildaskiptingin lengir Alþ. að sjálfsögðu stórlega, þó að oft sé farið á handahlaupum í seinni deildinni.

Fjárhagssparnaður mundi verða að því að gera þingið að einni málstofu. Kannske mætti fækka þm. um leið. Eða er það máske frekar eitthvað annað en vinnuþörfin að verkefnunum á Alþ., sem fjöldi þm. á að miðast við? En hvernig ætti þá að bæta upp það, sem tapaðist við grandskoðun mála, ef ein málstofa kæmi í stað tveggja? Áreiðanlega er vandvirkni ekki of mikil. Að mínu áliti mætti t. d. gera það með því að ráða fleiri lögfróða og málhaga menn til þjónustu við þingheim en þar eru nú og búa þm. betri vinnuskilyrði í sambandi við þingið, bæði að því er húsnæði og bókakost snertir. Fréttir hafa borizt af því, að Svíar ætli að gera sitt þing, Ríkisdaginn, að einni málstofu og fækka um leið þm. úr um 380 í 350.

Þá kem ég að þriðja atriði tillögunnar.

Það er aðgreining löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds. Nauðsynlegt er, að þessi þríþætta valdgreining lýðveldisins fái sem skýrasta undirstöðu í stjórnarskránni, til þess að komizt verði hjá viðsjárverðum samslætti valdaþáttanna. Ég tel t. d., að sá samsláttur eða sú samsláttarhætta felist í ákvæðum 46. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún er nú, en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi sker sjálft úr, hvort þm. þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þm. hafi misst kjörgengi.“

Þarna er ætlazt til, að þm. setjist í dómarasæti, og með því er flokkspólitískri hlutdrægni boðið heim, ef svo vill verkast. Ekki sízt er hætta á þessu, þegar flokkar berjast um nauman meiri hl. í þinginu. Hér er efni, sem hæstiréttur sem ópólitískur aðili ætti miklu frekar um að fjalla. Til að stytta mál mitt nefni ég ekki fleiri dæmi í þessu sambandi.

Fjórða athugunarefnið, sem till. telur fram, er samskipti við önnur ríki.

Ísland, sem áður var nefnt einbúi í Atlantshafi, er nú með snöggum hætti komið í nábýli við aðrar þjóðir vegna samgangnatæknninnar. Samskiptin við aðrar þjóðir verða meiri og margþættari með hverju ári sem líður. Þetta getur sannarlega orðið Íslendingum lyftistöng, ef þeir kunna með að fara. En hins vegar má lítið út af bera, til þess að 200 þús. manna samfélagi sé hætta búin í skiptum og nábýli við milljónaþjóðir, áhrifaríkar og yfirgangssamar, bæði viljandi og óviljandi. Hin fámenna þjóð þarf að vera vel á verði til að gæta sjálfstæðis síns í hvívetna, menningarlegs sjálfstæðis, efnahagslegs og stjórn-

arfarslegs sjálfstæðis. Þessi nýju viðhorf til umheimsins þurfa að komast inn í lýðveldisstjórnarskrána. Þar þarf að setja fullkomnari ákvæði en nú eru um umboðsréttinn af Íslands hálfu í samskiptum og samningum við útlönd og hve langt hann skuli ná, án þess að undir þjóðina alla sé borinn.

Er ég þá kominn að 5. liðnum í till., en það er þjóðaratkvæðagreiðsla.

Í stjórnarskránni eru engin yfirtæk ákvæði um það, hvenær Alþ. sé rétt eða skylt að stofna til þjóðaratkvgr. um málefni og hvaða ákvörðunargildi sú lýðræðislega viljakönnun hafi, hvort hún eigi að vera bindandi fyrir löggjafarsamkomuna og þá hve mikla þátttöku og hve mikinn meiri hl. þurfi, til þess að hún sé það. Oft hafa komið fram till. um þjóðaratkvgr., þótt sjaldan hafi verið til greina teknar. Athugunarefni er, hvort í stjórnarskránni eigi ekki að vera merkjalínur um þessi efni.

Næst er að minnast á 6. lið till., kjörgengis- og kosningarréttaraldur.

Um þennan lið sé ég ekki ástæðu til þess *að fara mörgum orðum. Síðan ég lagði fram* till. mína, hefur komið fram stjfrv. um breyt. á stjórnarskránni á þá leið að færa kosningaaldur niður í 20 ár. Ég er því frv. fylgjandi, en finnst, að sú breyting gæti þó átt samleið með allsherjarendurskoðun stjórnskipunarlaganna. Þetta endurtekna fitl og kák til breytinga á kosningaatriðum stjórnarskrárinnar einum saman er mesta ómynd. En sýnist mönnum réttara að láta frv. hafa sinn gang, er vitanlega mjög auðvelt að kippa 6. liðnum út úr þáltill., honum er þá ofaukið, annars ekki.

7. efnisatriðið, sem till. bendir á, er kjördæmaskipunin.

Ágreiningurinn um kjördæmaskipunina hefur verið uppspretta óróans í sambandi við stjórnarskrána. Í kringum þetta atriði stjórnarskrárinnar hafa stjórnmálaflokkarnir, síðan þeir komu til sögunnar, hringsólað og gengið eins og á glóðum, og þegar þeir hafa skotizt til að breyta stjórnarskránni, hafa þeir haft sem hraðast á vegna hitans, sem þá hefur blossað upp, og sökum hans ekki gefið sér tóm til að laga stjórnarskrána í heild. Þarna hefur verið um að ræða aðstöðukeppni milli stjórnmálaflokkanna, og eins og alls staðar og ævinlega, þar sem sjálfselskan er höfð í fyrirrúmi, hefur niðurstaðan orðið gallagripur. Kjördæmabreytingin 1933 reyndist gallagripur. Kjördæmabreytingin 1942 reyndist það einnig. Og hvernig reynist kjördæmabreytingin frá 1959? Er nokkur, sem telur ekki í ljós komið, að hún sé meingölluð?

Telja má, að kjördæmaskipunin og valhættir til kjörs á löggjafarsamkomuna séu aðalgrundvöllur stjórnmálalífsins í landinu. Gamalt spakmæli segir: Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér. Hvort mundi nú kjördæmaskipunin og valhættir til kjörs í sambandi við hana stuðla frekar að sameiningu eða sundrun? Hlutfallskosningar í stórum kjördæmum ýta undir flokkadrátt, og uppbótarþingsætin, sem þingflokkar hljóta til jöfnunar í ofanálag með útreikningi fyrir allt landið, herða á flokkadrættinum og gera hann að verulegu leyti að blindingsleik. Afleiðingin er líka 4 minnihlutaflokkar á Alþ., engin skilyrði til að mynda ríkisstj. nema samsteypustjórn með þeim hrossakaupum, er slíkum stjórnum eru samfara, varla nokkur hrein lína fyrir kjósendur til að átta sig á.

Það var mikið talað um það 1959, að gera ætti lýðræðinu vel til hæfis með þeirri skipan, sem þá var upp tekin, og veita fólki meira jafnrétti en áður var til áhrifa á stjórnarfarið, gera gildi atkvæðanna jafnara. Hefur þetta tekizt? Nú í ár reynir á þessa skipan í þriðja skipti. Finnst mönnum horfa til batnaðar fyrir lýðræðinu með uppstillingu framboðslistanna í ár? Nokkrir menn á hverjum stað ráða því, hvaða menn eru valdir á listana, eftir hinum sundurleitustu ástæðum og kröfum. Þessir fáu menn, sem skipa á listana, eru raunverulega þeir, sem kjósa mestan hluta þingheims, og þeir eru gjarnan flokksvaldið. Hinn almenni kjósandi greiðir atkv. aðallega um þá, sem eru í baráttusætunum svonefndu, og hið áðurnefnda lýðræði hefur ekki komizt að, af því að flokksvaldið hefur stillt upp. Og svo undarlega vill þá oft til, að út á atkv. sitt fær kjósandinn vegna uppbótareglunnar mann á öðru landshorni, sem hann hefur aldrei séð og alls ekki ætlað sér að kjósa. Reglur þessar fara þá með kjósandann líkt og trúður, sem tekur við tígulkóngi af manni, krossar yfir spilið fyrir augum hans, réttir honum það aftur, en þá er það t. d. lauftvistur. Með þessum hætti geta mjög fylgislitlir menn valizt til þingmennsku. Kosningar verða með gildandi skipan allt of ópersónulegar og ólýðræðislegar um leið í réttri merkingu þess orðs.

Í till. er talað um athugun á því, hvort ekki sé rétt, að landinu öllu verði skipt í einmenningskjördæmi, þar sem aðalmenn og varamenn verði kosnir saman óhlutbundnum kosningum, en uppbótarþm. engir. Það fyrirkomulag mundi fljótlega leiða af sér tveggja flokka kerfi að mínu áliti og það kerfi leiða til heilsteyptara og ábyrgara stjórnarfars. Bretar eru þarna til fyrirmyndar.

Ég vil benda á, að í bókinni „Land og lýðveldi", fyrra bindi, eftir hæstv. forsrh., Bjarna Benediktsson, er góða hugvekju að finna um gildi einmenningskjördæma. Þar segir í ræðu, sem hann hélt í Landsmálafélaginu Verði 1953, með leyfi hæstv. forseta:

„Því lengur sem ég hef setið á þingi og því betur sem ég hef virt fyrir mér gang mála hér og annars staðar, þar sem ég hef reynt að fylgjast með, er ég sannfærður um, að bezta skipanin í þessum efnum eru einmenningskjördæmin með meirihlutakosningu. Segja má að vísu, að hlutfallskosningar hafi reynzt skaplega á Norðurlöndum, en víðast hvar annars staðar hafa þær reynzt mjög

illa. Þar sem lýðræðið hefur staðið lengst og náð mestum þroska, eins og í hinum engilsaxnesku löndum, hafa ætíð verið meirihlutakosningar og till. til breytinga á því aldrei náð verulegu fylgi."

Þetta er orðrétt tekið upp úr áðurnefndri bók. Mér gengur engin flokkshyggja til að vilja koma því til leiðar, að athugað verði að taka upp einmenningskjördæmi og meirihlutakosningar. Ég er með því að hugsa um heilbrigði stjórnmálalífsins í landinu. Það skal tekið fram, að haga má einmenningskjördæmum þannig, að ekki sé eins mikill mannfjöldamunur í þeim eins og var orðinn 1959.

Áttundi liður efnisatriðanna í till. er þingflokkar.

Stjórnarskráin gerir ráð fyrir þingflokkum og veitir þeim réttindi til að fá uppbótarþm. úr hópi þeirra frambjóðenda, sem fallið hafa í kjördæmum. En stjórnarskráin fyrirskipar enga löggjöf um þá eða stjórnmálaflokka yfirleitt. Stjórnmálaflokkar eru þó orðnir mikil fyrirtæki, sem hafa starfslið og peningaumsetningu í stórum stíl. Áhrif þeirra í þjóðlífinu eru mikil. Tímabært virðist mér, að athugað verði hið fyrsta, hvort ekki sé rétt, að stjórnarskráin fyrirskipi löggjöf um flokkana, sem þeir verði að fullnægja, ef þeir njóta réttinda. Æskilegt er, að stjórnarskrárnefndin íhugi þetta og leiti upplýsinga um skipan þessara mála erlendis hjá lýðræðisþjóðum.

Seinasti tölusetti efnisliður er ný skipting landsins í samtakaheildir.

Röskun byggðajafnvægis í landinu er mikið áhyggjuefni um þessar mundir. Búferlaflutningar til höfuðborgarsvæðisins skapa bæði því svæði og landshlutum þeim, er fólkið yfirgefur, stórkostleg vandamál, þótt með ólíkum hætti sé. Valdastöðvar þjóðfélagsins á höfuðborgarsvæðinu sá til sín meir og meir. Borgríkisþróun sækir fast á. Ýmsar till. hafa komið fram í úrbóta- og andspyrnuskyni. Róttækastar þeirra á meðal eru till. um að skipta öllu landinu í allsterkar, talsvert sjálfstæðar samtakaheildir, er kalla mætti fylki eða öðru viðeigandi heiti. Svo mikillar þýðingar eru þessi jafnvægismál fyrir framtíð Íslands, að ástæða er til, að n. sú, er fjallar um endurbætur á stjórnarskránni, gaumgæfi þau og geri um þau till. að því leyti sem hún kann að telja að úrbætur á þeim þurfi að eiga stoð í stjórnarskránni. Einboðið er, að n. kynni sér sérstaklega viðhorfið til þessara mála hjá öllum sýslunefndum, bæjarstjórnum og fjórðungsstjórnum í landinu, svo og borgarstjórn Reykjavíkur og Sambandi ísl. sveitarfélaga, eins og till. gerir ráð fyrir.

Þessi 7 efnisatriði, sem bent er á í till. sem endurskoðunarefni og ég hef nú minnzt á, eru langt frá því að vera allt, sem athuga þarf. En þau eru öll þýðingarmikil, og þau þarf að gaumgæfa. Ég hef ekki nefnt 35. gr. stjórnarskrárinnar með ákvæðinu um samkomudag Alþ. Það ákvæði er algerlega dagað uppi og orðið úrelt og minnir á sig árlega, eins og allir vita, og biður lagfæringar. Allt þvílíkt verður endurskoðunin að fara með hefla sína á, því að hún á og þarf að vera gagngger endurskoðun og heildarleg, gera það, sem var látið vitandi vits ógert 1944, og einnig laga það, sem reynslan síðan hefur sýnt, að óhæft er og betur mætti fara.

Málið, sjálf íslenzkan á stjórnarskránni er víða mjög gölluð, óskilmerkileg og bögglingsleg og ekki laus við beinar villur. Má vera, að þetta eigi að einhverju leyti rætur sínar að rekja til þess, að stjórnarskráin hafi upphaflega verið hugsuð á dönsku meira eða minna, af því að þýðin tilheyrði Danaveldi, og þýðingin á íslenzku ekki vönduð sem skyldi, enda þýðing á löggjöf jafnan nokkuð skorðuð. En nú er sjálfsagt, að lýðveldið losi stjórnarskrá sína úr slíkum skorðum, um leið og hún verður efnislega endurskoðuð frá rótum. Ég nefni í grg. till. sem dæmi um slíkt málfar 56. gr., en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú þykir þd. ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðh." Þarna segir „aðra ályktun", eins og skírskotað væri til einhverrar ályktunar, en þá viðmiðunarályktun er hvergi að finna. Þarna er ruglandi í meðferð máls og í hugsun einnig, og fer alls staðar illa, en þó ekki sízt í löggjöf.

52. gr. hljóðar þannig: „Hvor þd. og Sþ. kýs sjálft forseta sinn." Ég hygg, að Snorri hefði heldur ritað: Hvor þd. kýs sér forseta o. s. frv., en ekki ruglað til lýta saman kynjum gerendanna.

71. gr. hefst þannig: „Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín." Hér er svo skökk orðaröð og fleira athugavert, að varla mundi nokkur kennari láta óleiðrétt hjá 10 ára börnum í skóla sínum. Svona mætti alllengi telja, en ég sé ekki ástæðu til þess. Þessi sýnishorn af málfarinu ættu að nægja til að færa sönnur á, að þannig séð er stjórnarskráin líka ekki vel á sig komin og ber að endurskoða hana og laga að því leyti, um leið og efni hennar er endurskoðað, sem auðvitað er þó og á að vera meginverkefnið. Ég tala ekki um málfarið nema sem aukaástæðu til endurskoðunar, þótt það sé að vísu óhæfa, að þjóð, sem telur sig með réttu eiga göfuga tungu og glæsilega, hafi stjórnskipunarlög sín í máltötrum.

Ég hef lagt þessa till. fram til þess að minna hv. Alþ. á hálfunnið verk, sem er á vegum þess, og vankanta, sem eru á því hálfunna verki. Ég þykist hafa fært að því gild rök, að illa hafi til tekizt með frágang stjórnarskrár íslenzka lýðveldisins og hún sé enn í nokkurs konar uppkasti.

Ljóst er mér, að vel gerð stjórnarskrá mundi ekki leysa allan vanda íslenzkra stjórnmála, en hún gæti hjálpað til að skapa íslenzku stjórnmálalífi þá festu, sem það vantar mjög tilfinnanlega. Stjórnarskráin er að minnu áliti grundvöllur sundrungar, en hún

gæti verið og ætti að vera grundvöllur samstöðu og samtaka. Hið áflogagjarna eðli Íslendingsins í stjórnmálum þarf aðhald á höfuðum velli.

Nú eruð þið, hv. þm., flestir farnir að búa ykkur undir kosningabardagann í vor, jafnvel byrjaðir á honum, með dægurmálin efst í huga, verðbólguvandræðin og ýmsar hagræðingar til að draga úr því, sem í ólagi er. Ykkur finnst því e. t. v., að í þessari andrá sé ekki rétti tíminn til að tala um endurskoðun stjórnarskrár, til þess hæfði betur rólegri tími. En ég held, að nú sé einmitt réttur tími til að gera þær ráðstafanir fyrir málið, sem ég legg til, ákveða, að komið verði á fót vel skipaðri nefnd til að takast endurskoðunina á hendur. Er ekki ætlazt til, að þetta þing geri annað, og það getur vitanlega ekki heldur meira gert, svo mikinn tíma þarf til verksins alls. Að afstöðnum kosningahríðunum koma svo rólegir tímar um stund, eins og venjulegast er. Á slíkri stund gefst helzt nothæft tækifæri til að ganga skynsamlega frá stjórnarskránni að lokinni endurskoðun nefndar. Nú er því einmitt rétti tíminn fyrir Alþ. að samþykkja till. sem þessa. Mundi ekki líka vera búningsbót fyrir frambjóðendur í kosningunum, þegar rætt verður um nauðsyn hagræðingar í atvinnulífinu til fjáröflunar, að geta sagt frá því, að hagræðing verði líka gerð á stjórnmálalífinu með stjórnarskrárbreytingu?

Herra forseti. Að lokinni fyrri umr. legg ég til, að till. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var aðeins út af ummælum hv. 1. þm. Norðurl. e. í sambandi við þær nefndir, sem starfað hafa að stjórnarskránni, sem ég vildi fá að segja nokkur orð:

Í sambandi við stjórnarskrárnefndina frá 1942, sem samdi lýðveldisstjórnarskrána, var henni markaður bás af sjálfri stjórnlagabreytingunni, sem samþ. var 1942. Í þeim lögum segir:

„Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldisins til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.“

Við höfðum enga heimild, við sem vorum í þessari n. þá, til að gera neinar aðrar breytingar fyrir lýðveldisstofnunina. (Gripið fram í.) Við höfðum enga heimild þá, fyrir lýðveldisstofnun, til þess að gera neinar aðrar breytingar.

Síðan kemur sagan áfram, og þá er það aðallega starfssaga n. frá 1947. Þegar sú n. byrjaði að starfa, er það kjördæmamálið, sem kemur upp undireins, og sú till., sem liggur fyrir þeirri n., er, að öllu landinu verði skipt upp í einmenningskjördæmi, og það, sem gerist, er, að Sjálfstfl. og Framsfl. eru að ræða um þetta og það langan tíma. Og m. a. stendur þá sú deila, hvort eigi að skipta Reykjavík upp í 17 einmenningskjördæmi eða 21 einmenningskjördæmi. Sannleikurinn er sá, að öll endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur alltaf strandað á þessu eina spursmáli, um kjördæmamálið. Og ég er hissa á hv. 1. þm. Norðurl. e. að koma nú, þegar hann kemur með till. hér, sem margt er alveg rétt athugað í, með kjördæmamálið inn í þetta. Ef maður ætti t. d. að fara að setja einmenningskjördæmi í dag og hafa jafnmarga kjósendur í hverju, býst ég við, að það mundi þýða, að það ættu að vera t. d. í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi 34 af 60 þm. landsins. Ég veit ekki, hvernig mörgum hv. þm. hérna litist á slíkt — eða hafa bara t. d. 3 þm. í öllu Vestfjarðakjördæmi. Ég held, að svo lengi sem við blöndum kjördæmamálinu saman við endurskoðun á stjórnarskránni, fáum við ekki almennilega stjórnarskrá, sem við þurfum að fá. Við þurfum að ná samkomulagi um að geta tekið kjördæmamálið út úr og rætt það ekki, þegar við endurskoðum stjórnarskrána. Og ég er ákaflega hræddur um, þótt hv. þm. hafi þótzt vera að hefja sig yfir flokkana og segja, að það nái ekki nokkurri átt að láta þessa flokka ráða svona miklu, og hafði vissulega margt satt að mæla í því, er ég hræddur um, að þarna sé flokkshyggja að verki, þegar verið er að hugsa um þessi einmenningskjördæmi og blanda því saman við þetta mál.

Ég held, að endurskoðun á stjórnarskránni sé aðeins hugsanleg með því móti að hafa kjördæmamálið alls ekki til umr. í sambandi við það.

Ég vil jafnframt minna á, að eina breytingu gátum við gert, þegar lýðveldið var stofnað. Það var í sambandi við forsetaembættið. Það er deilt um það, hvort forseti ætti að vera skyldugur til þess að undirskrifa öll lög, eins og konungurinn raunverulega var, þó að hann væri það ekki lagalega. Sá danski konungur varð að undirskrifa okkar lög, annars hefðum við álitið, að hann væri að brjóta gegn þingræðinu og þess óskrifuðu lögmálum. En við urðum að taka fram í okkar nýju stjórnarskrá, hvaða vald forseti átti að hafa. Og ef mönnum fannst, að það kæmi til mála, að hann gæti gert eitthvað annað í þessum efnum, komum við okkur saman um á endanum að breyta hans aðstöðu. Fyrst var talað um að hafa hann bara kosinn af þinginu, og það var sérstaklega fyrir till. okkar sósíalistanna þá, að n. gekk síðan inn á það að hafa hann kosinn af þjóðinni, vegna þess að við gáfum honum það vald að mega skírskota til þjóðarinnar öllum lögum og geta látið þjóðina dæma um hvaða lög sem var, hvaða frv. sem var. Hann gat neitað staðfestingu og látið fara fram þjóðaratkvgr. Þannig breyttum við aðstöðu forseta, og þetta gátum við gert, því að þarna vorum við frjálsir. En þetta vald hefur forseti aldrei notað. Hann var einmitt hugsaður af stjórnarskrárnefndinni sem eins konar vörður al-

mennings, kosinn af þjóðinni, gagnvart flokksræðinu og gagnvart ríkisvaldi ríkisstj. En enginn forseti hefur nokkurn tíma notað þetta vald. Og ég álít það slæmt, vegna þess að það var hægt að skapa þarna það aðhald að flokksræðinu og flokksvaldinu, sem var nauðsynlegt.

Ég ætla svo ekki og ætlaði mér ekki að fara að ræða þetta. En þarna vorum við einmitt að reyna að skapa það, sem ýmsir mundu kalla beint lýðræði, millilíðalaust lýðræði með kosningu forsetans, sem þjóðin sjálf gat ákveðið og gat sjálf ákveðið síðar með þeirri þjóðaratkvgr., sem hann ákvæði, um lagagildi laga frá Alþ. En enginn forseti hefur notað þetta vald.

Annars vil ég geta þess, að við lögðum hér fram tveir þm. Alþb. frv. um breytingu á stjórnarskránni í 10 liðum, fyrst og fremst í sambandi við mannréttindi, og við álítum það eitt höfuðatriði, sem yrði að athuga í sambandi við þetta. Ekkert af þeim málum og engin mannréttindamál eru í því, sem hér er sérstaklega talað um. Hins vegar er talað um ýmislegt formlegt og ýmislegt gagnrýnt alveg réttilega, m. a. flokksræðið hjá okkur. En þessu vildi ég aðeins skjóta fram á þessu stigi, ef ekki yrðu meiri umr. um þetta mál, og hins vegar vonast til þess, að það gefist tækifæri til þess að ræða þessi mál betur í d. í sambandi við það frv., sem við höfum lagt hér fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

29. Auknar sjúkratryggingar.

Á deildafundum 23. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um auknar sjúkratryggingar til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis [135. mál] (A. 261).

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27., 28. og 29. fundi í Sþ., 1., 8. og 15. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 261 hef ég ásamt nokkrum fleiri hv. þm. leyft mér að flytja till. til þál. um auknar sjúkratryggingar til sjúklinga, sem óhjákvæmilega þurfa að leita sér lækninga erlendis. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj., að hún láti endurskoða IV. kafla l. nr. 40 1936, um almannatryggingar, með það fyrir augum, að sjúklingar, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, fái verulega auknar bætur frá því, sem nú á sér stað.“

Eins og fram kemur í grg. fyrir till., er það ætlun flm., að komið verði á endurskoðun á IV. kafla l., en sá lagabálkur kveður á um það, hvaða sjúkrabætur tryggingunum beri að greiða almennt. Það, sem fyrir flm. vakir sérstaklega, er, að endurskoðun l. miðist fyrst og fremst við það, að komið verði á verulega auknum bótum til handa þeim sjúklingum, sem óhjákvæmilega þurfa að leita læknishjálpar erlendis.

Sem betur fer, er um miklar framfarir að ræða á sviði læknavísindanna um allan heim. Að sjálfsögðu fylgjum vér Íslendingar þeirri þróun, eftir því sem kostur er á. Hitt segir sig sjálft, að hinar fjölmennu og auðugu stórþjóðir hafa hér meiri og betri skilyrði til þess að starfrækja fullkomnar og dýrar rannsóknarstofnanir, en þær eru m. a. grundvöllur þeirrar þróunar læknavísindanna, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Það hefur því mjög farið í vöxt, að Íslendingar, sem gengið hafa með hjartasjúkdóma, hafi leitað sér lækninga á þeim sjúkrahúsum erlendis, sem vitað er um, að ráða yfir mestri sérfræðilegri þekkingu og tækni á þessu sviði. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið hjá landlækni, var tala hjartasjúklinga, sem mest voru börn, alls 12 á s. l. ári, er fóru erlendis til læknisaðgerða við hjartasjúkdómum, og um síðustu áramót lágu fyrir upplýsingar um a. m. k. 8 sjúklinga, sem leita verða sams konar læknishjálpar erlendis á yfirstandandi ári. Verður sú tala sjúklinga að sjálfsögðu allmiklu hærri, þegar lengra líður fram á árið.

Hér er um læknisaðgerðir að ræða, sem læknar munu almennt sammála um, að enn sem komið er sé ekki unnt að veita hérlendis. Það er því brýn nauðsyn, að sjúkratryggingarnar láti þessi mál til sín taka í ríkari mæli en nú á sér stað, svo að einstaklingar geti átt þess kost að leita lækninga meina sinna og fá þá heilsubót, sem völ er á. Hér er hins vegar um svo kostnaðarsamar læknisaðgerðir að ræða, að í mörgum tilfellum verður það algerlega fjárhagslega ofviða þeim, sem í hlut eiga.

Á undanförnum árum hefur Alþ. veitt nokkra fjárupphæð á fjárl., sem ætluð er til styrktar þeim sjúklingum, sem nauðsynlega þurfa að leita læknishjálpar erlendis. Í fjárl. yfirstandandi árs er upphæðin 500 þús. kr. Með þessu hefur Alþ. sýnt þessu þarfa málefni vissan skilning, sem vert er að þakka.

En hér þarf meira til. Það er því álit flm., að ekkert sé eðlilegra en að hið almenna tryggingakerfi, sjúkrasamlög og Tryggingastofnun ríkisins, taki málið í sínar hendur og veiti ríflegri bætur, svo sem hér er lagt til.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en legg til, að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

30. Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Á 27. fundi í Sþ., 1. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum [142. mál] (A. 281).

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. og 34. fundi í Sþ., 15. marz og 12. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

31. Lánasjóður fyrir tækninýjungar í iðnaði.

Á deildafundum 2. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lánasjóð fyrir tækninýjungar í iðnaði [145. mál] (A. 288).

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 15. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Þáltill. borin fram af mér á þskj. 288 fjallar um, að athugaðir séu möguleikar á stofnun lánasjóðs til örvunar tækninýjungum í iðnaðarframleiðslu hér á landi. Er gert ráð fyrir, að málið sé að frumkvæði hæstv. iðnmrh. athugað nánar í samráði við leiðandi samtök iðnaðarins. Á ég þar við Landssamband iðnaðarmanna og Félag ísl. iðnrekenda.

Eins og tekið er fram í grg., tel ég, að margar góðar hugmyndir hafi komið fram hér á landi, bæði hjá hugvitssömum mönnum og þróast hjá vinnandi mönnum við dagleg störf. Slíkar hugmyndir, ef þær fá að þróast eðlilega með verklegum tilraunum á sjálfum vinnustöðvunum, geta oft haft úrslitaþýðingu og þjóðhagslegt gildi. Slíkur lánasjóður fyrir tækninýjungar gæti stuðlað að betri athugun á verkefnum, sem að er unnið hverju sinni, í stað þess að hefja framleiðslu án undangenginna verklegra athugana. Það getur oft verið kostnaðarsamt að koma nytsömum hugmyndum á framfæri þannig, að þær skapi raunhæfa framleiðslumöguleika. Það sýnir sig oft, að einstaklingar, höfundar hugmyndanna, hafa ekki aðstæður til að gera þær nothæfar eða framleiðsluhæfar. Erlendis eru það oft stóru fyrirtækin eða samsteypur fyrirtækja, sem þá taka við. Hér er slíkum máttarstólpum ekki til að dreifa, en gera má ráð fyrir, að margir fengjust þó til að huga betur að framleiðslunýjungum, ef ríkisvaldið örvaði viðkomandi með hagkvæmum lánum.

Fullkomin löggjöf um rannsóknaráð og rannsóknastofnanir fyrir höfuðatvinnugreinar landsmanna er nú fyrir hendi. Margt af því, sem snýr að tilraunastarfsemi, heyrir undir þessar stofnanir. Þessum fyrirhugaða lánasjóði er að sjálfsögðu ekki ætlað að rýra starfssvið þessara stofnana, nema síður væri. Hugsazt gæti, að margar af þeim framleiðslunýjungum, sem sjóðurinn lánaði til, væru unnar í nánu samstarfi einmitt við Rannsóknastofnun iðnaðarins.

Um langan aldur hafa bæði sjávarútvegur og landbúnaður haft sjóði til styrktar nýjungum í einu eða öðru formi. Um gagnsemi þeirra þarf ekki að efast. Ég vil hér aðeins nefna eitt dæmi í sambandi við fiskimálasjóð, sem ætti að geta varpað nokkru ljósi á, hversu slík starfsemi getur hentað þjóðarbúi okkar. Það mun hafa verið fyrir 12 árum, að tveir íslenzkir verkfræðingar höfðu hugmyndir um, að bætt nýting mjölvinnslu í síldarverksmiðjum væri möguleg með sérstökum tækjabúnaði. Í samráði við vélsmiðju hér á landi var möguleiki til smíði á tilraunatækjum, en nokkurt fjármagn var nauðsynlegt. Fiskimálasjóður, sem þarna hljóp undir bagga fjárhagslega, stuðlaði að því, að smíðuð voru tilraunatæki til mjölvinnslu úr soði, en soðið fór annars beint í sjóinn. Þessi tilraunatæki voru þrotlaust prófuð í heilt ár eða meir. Sú reynsla, sem fékkst, varð til þess, að fullkomin soðvinnslutæki voru smíðuð, þau fyrstu hér á landi. Í dag er óhugsandi, að síldar-

verksmiðja geti borið sig nema nýta soðið frá verksmiðjunni til mjölvinnslu, enda eykur það mjölvinnsluna um 20%. Á síðasta ári var útflutt síldarmjöl 117 þús. tonn, að verðmæti 900 millj. kr. Það hefur því munað íslenzku þjóðina á árinu 1966 150 millj. kr. full mjölnýting í síldarverksmiðjum landsmanna, sem grundvölluð var 1954, m. a. vegna aðstoðar fiskimálasjóðs. Það mætti líka nefna gagnstæð dæmi, þar sem anað hefur verið út í stórframkvæmdir eða framleiðslu án nauðsynlegs undirbúnings.

Eins og tekið er fram í grg. fyrir þáltill., er vísað til reynslu Norðmanna, en þar í landi er slíkur sjóður sem hér er ráðgerður, myndaður fyrir iðnaðinn skv. sérstökum l. í byrjun árs 1965, svokallaður „Utviklingsfond for industrien". Voru á því ári veittar til sjóðsins 25 millj. norskra kr., en það mundi jafngilda, að slíkur sjóður hér fengi í upphafi stofnfé 7½ millj. ísl. kr. og síðan að sjálfsögðu framlag árlega fyrstu árin. Væri vel hugsanlegt, að nokkuð af því fé kæmi sem hluti af þeim álögum, sem íslenzk iðnaðarframleiðsla er nú látin bera. En ég vil alveg sérstaklega taka fram, að það er ekki hugsun mín, að iðnaði landsmanna verði íþyngt með nýjum skattaálögum vegna slíkrar sjóðsstofnunar. Þvert á móti væri það mjög heillavænlegt, ef eitthvað væri hægt að lina þá skattabyrði, sem nú hvílir á iðnaðarframleiðslunni.

Varðandi það, að hér sé verið að koma á nýju sjóðsbákni með dýrri yfirstjórn, má þar til svara, að slík stofnun mundi sóma sér vel t. d. með afgreiðslu í iðnlánasjóði eða í Iðnaðarbankanum og þá að sjálfsögðu án teljandi kostnaðar. Í Noregi er 5 manna stjórn og 12 manna ólaunað ráð, mest leiðandi menn úr atvinnulífinu, sem hafa æðstu stjórn sjóðsins þar á hendi. Slík tilhögun yrði einnig farsæl hér á landi.

Í till. minni er gert ráð fyrir lánasjóði, en ekki sjóði til styrkveitinga. Þetta er gert með ráðnum hug. Góðar hugmyndir, sem komast til framkvæmda, geta borið sig fjárhagslega. Ef um beinar styrkveitingar yrði að ræða, er meiri hætta á, að minna yrði hugsað um arðsemi í framkvæmd, auk þess sem meiri hætta væri á misnotkun. Hér á landi er margfalt minna lagt til rannsókna af því opinbera en í þeim löndum, sem við eigum að bera okkur saman við, og enn minna er þó gert á skipulegan hátt af hálfu fyrirtækja til að efla tækninýjungar í framleiðslustarfsemi sinni. Hugsum okkur, hve verkefnin eru stórkostleg t. d. í húsbyggingum. Gæti það ekki hentað vel okkur Íslendingum, ef nýjungar yrðu örari í byggingarháttum, sem væru sniðnar eftir okkar veðurfari, eða ef hægt væri að lækka byggingarkostnað með því að styðja við bakið á íslenzkum hugvitsmönnum, sem vildu leggja á sig það erfiði að hugsa fram í framtíðina?

Herra forseti. Ég legg til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til umsagnar hv. allshn. Ég vænti þess, þótt mjög sé liðið á þinghaldið, að n. bregði svo skjótt við, að till. þessi fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

32. Íhlutun ríkisstjórnarinnar um dagskrá Ríkisútvarpsins.

Á deildafundum 9. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. varðandi íhlutun ríkisstj. um dagskrá Ríkisútvarpsins [157. mál] (A. 314).

Á 29. fundi í Sþ., 15. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Endurskoðun á sjómannalögum.

Á deildafundum 13. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun á sjómannalögum, nr. 67 frá 31. des. 1963 [160. mál] (A. 330).

Á 29. fundi í Sþ., 15. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Á þskj. 330 ber ég fram till. til þál. um endurskoðun á sjómannalögum, nr. 67 frá 31. des. 1963, ásamt þeim hv. 4. þm. Vesturl., hv. 2. landsk. og hv. 11. landsk. þm. Eins og fram kemur í grg. þeirri, er fylgir till., er ekki ýkjalangt síðan sjómannalögin voru endurskoðuð. Síðustu breytingar voru samþ. 8. apríl 1963, og samkv. ákvæðum l. var breytingin felld inn í l. og gefin út í heild 31. des. 1963,

eins og áður segir. Endurskoðun þessi mun hafa tekið nokkuð langan tíma og breytingarnar lagðar fyrir fleiri en eitt þing, áður en þær hlutu samþykki.

Við flm. þessarar till. teljum fulla ástæðu til þess, að endurskoðun sú, sem hér er lagt til, fari fram sem fyrst vegna ágalla á núgildandi l., og vil ég færa fram nokkur rök fyrir því og einnig benda á, að við erum ekki einir um þá skoðun.

Frá því að lagaákvæði um réttarstöðu sjómanna og samskipti þeirra og útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja voru fyrst sett hér á landi, hafa sömu reglur gilt um fiskimenn og farmenn. Lög þau, sem hér hafa gilt síðustu áratugina, hafa fyrst og fremst verið miðuð við samskipti farmanna og eigenda hinna stærri flutninga- og farþegaskipa landsmanna, og við endurskoðun þá, sem fram fór árið 1963, virðast sömu sjónarmið hafa ráðið, enda mun hafa verið fyrst og fremst stuðzt við sjómannalög frændþjóða vorra á Norðurlöndum, en ekki nægilegt tillit tekið til sérstöðu þeirrar, sem íslenzk fiskiskip eiga við að búa.

Það er vissulega nauðsynlegt og ágætt, að menn, er gera sjómennsku að sínu ævistarfi, hafi réttindi og þá jafnframt skyldur gagnvart sínum atvinnuveitanda. En að sömu reglur gildi um t. d. uppsagnarfresti skipstjórnarmanna á hinum stóru flutninga- og farþegaskipum, sem starfrækt eru allt árið og ár eftir ár, og smáfiskiskipum, t. d. 20—30 rúml., sem gerð eru út árstíðabundið og venjulega ekki nema hluta úr árinu, getur að mínum dómi ekki staðizt, en samkv. 13. gr. sjómannal. er uppsagnartími skipstjóra á fiskibátum, þegar óvissa ríkir í sambandi við útgerð á fiskiskipi. Sérstaklega getur þetta verið óþægilegt, þegar eigendaskipti verða að bátnum. Og dæmi eru til þess, að hæstaréttardómur, sem gekk árið 1966, dæmdi skipstjóra fullan aflahlut í 3 mánuði eða út uppsagnartímabilið. Í þessu tilfelli ríkti óvissa um, á hvaða veiðar báturinn færi yfir sumartímann, en í þeim efnum voru útgerðarmaðurinn og skipstjórinn ekki sammála. Skipstjóra þessum var dæmdur fullur skipstjórahlutur, þrátt fyrir að skipstjóri þessi réði sig á annan bát og ynni sér inn hærri upphæð en aflahluturinn var þann tíma á bát þeim, er hann hvarf af. Hæstiréttur byggði dóm þennan á 3. og 8. gr. sjómannal. Tel ég nauðsynlegt, að m. a. verði þessar greinar endurskoðaðar. Ég tel einnig eðlilegt að endurskoða ákvæði um uppsagnarfrest yfirmanna, annarra en skipstjóra, en sá frestur er þrír mánuðir samkv. 13. gr., og telja verður tímann of langan á minni bátana, sbr. það, sem ég sagði áðan.

Um 18. gr. tel ég, að breyta verði ákvæðum þessarar gr. að því er varðar laun skipverja í slysa- og veikindatilfellum. Þá verði að setja ákvæði um það, að skipverji, sem slasast eða veikist, þegar hann er eigi að starfi á skipinu eða í beinu sambandi við það, skuli ekki eiga rétt til bóta samkv. lögunum.

Um 28. gr., í 2. mgr. þeirrar gr., eru ákvæði um umönnun skipverja. Eftir að ráðningu hans er slitið, á hann auk réttinda samkv. ákvæðum í 18. gr. rétt á umönnun útgerðarmanna í ákveðinn tíma. Rétt er að endurskoða ákvæði gr. í samræmi við gildandi lög um sjúkrasamlög og almannatryggingar.

Um 32. gr. Nauðsynlegt er, að ákvæði séu um það, að ef skipverji yfirgefur skiprúm vegna veikinda eða ef hann slasast, þurfi eigi að koma til uppsögn, en ákvæði þessarar gr. eru óljós að því er þetta snertir, og málaferli eru nú um skilning á þessu ákvæði.

Um III. og IV. kafla laganna. Þessir kaflar fjalla um skipsstörfin, um refsivald skipstjóra, um aðra menn, sem ráðnir eru á skip, og um refsingar. Nauðsynlegt er að endurskoða hinar ýmsu greinar þessara kafla, en í mörgum þeirra er einkum miðað við flutningaskip. Ákvæðin um refsivald skipstjóra í IV. kafla eru mjög erfið í framkvæmd, sbr. 65. gr. Þá eru ákvæði í 70. gr. um það, að kaupi, sem haldið er eftir vegna yfirsjónar skipverja, skuli varið til hagsmuna sjómönnum eða þeirra vandamönnum, þrátt fyrir það að viðkomandi menn hafi bakað útgerðinni stórfellt tjón. Nauðsynlegt verður að setja í l. skýr ákvæði um það, hvernig með mál þeirra skuli fara, sem gerzt hafa brotlegir við útgerðarmenn, m. a. með því að mæta eigi til skips eða fara fyrirvaralaust úr skiprúmi.

Eftir að breytingar þær, sem samþ. voru 1963 um auknar greiðslur frá útvegsmönnum til sjómanna í veikinda- og slysatilfellum samkv. 4. og 18. gr. sjómannal., komu til framkvæmda, hafa útvegsmenn mjög oft kvartað undan þeim kvöðum, er lög þessi setja á þá, og í mörgum tilfellum hefur það valdið útgerð fiskiskipa óeðlilega miklum útgjöldum og jafnvel stefnt rekstri fiskiskipa í tvísýnu. Útvegsmenn hafa á hverju ári síðan 1963 á aðalfundum samtaka sinna óskað eftir endurskoðun á þeim ákvæðum, og hafa samtök þeirra margsinnis óskað eftir því við hæstv. sjútvmrh., bæði fyrrv. og núv., að frv. til l. yrði flutt, er fæli í sér sanngjarna leiðréttingu í þessum efnum. Ég leyfi mér að vitna í það, sem formaður Landssambands ísl. útvegsmanna sagði um þetta efni á síðasta aðalfundi samtakanna. Hann sagði m. a.:

„Loks leggur n. til," þ. e. vélbátanefndin, „að sjómannal. verði breytt á þá leið, að greiðslur til áhafna á fiskiskipunum í veikinda- og slysaforföllum skipverja samkv. l. miðist ekki við aflahlut, heldur í meginatriðum við kauptryggingu samkv. kjarasamningum. Ég vil fyrst vikja lítið eitt að þessu síðasta atriði. Öllum útvegsmönnum er kunnugt um það, hvílíkum búsifjum það hefur í mjög mörgum tilfellum valdið að þurfa að greiða fullan aflahlut í veikinda- og slysatilfellum í allt frá 1 til 3 mánaða. Þetta fráleita lagaákvæði getur leitt til þess við mikil

óhöpp, að afkomu báta sé teflt í algera tvísýnu eða jafnvel þrot. Við höfum farið fram á það við ríkisstj., að hún beiti sér fyrir því, að þessu verði breytt til samræmis við það, sem þmn. leggur til, enda mun slíkt fyrirkomulag sem hér gildir með öllu óþekkt meðal annarra þjóða. Í Noregi t. d. er þetta þannig, að háseti fær 900 kr. norskar á mánuði, ef hann veikist eða slasast. Hér getur þetta og hefur oft skipt tugum þús. á mánuði fyrir háseta, og við þekkjum dæmi þess, að yfirmaður á síldveiðibáti hefur haft yfir 100 þús. kr. á mánuði í veikindatilfellum. Þarf naumast orðum um það að fara, hve fráleitt slíkt er."

Ég hef hér fyrir framan mig nokkur dæmi um þetta og vil gera þingheimi það ljóst og mun þá sýna fram á, að það er áreiðanlega ekki þetta, sem Alþ. hefur ætlazt til, þegar það setti þessi lög. Dæmi frá 1965 af síldveiðum sýnir veikindi, þ. e. magasár, Maðurinn var veikur í 60 daga. Þetta var á 200 tonna skipi, hann fékk 92 þús. kr. eða kr. 1533,33 á dag. Af þessu greiddu tryggingarnar 9 þús. kr. Á 270 smál. skipi, það var 51 dagur, hafði viðkomandi maður 87250 kr. eða 1710 kr. á dag. Stýrimaður á 227 smál. skipi, það voru 17 dagar, sem hann var frá, hann hafði 43765 kr. eða 2574.40 kr. á dag. Ég er hér með fleiri dæmi, sem sýna, að skipstjóri á rúmlega 200 rúml. skipi, sem átti rétt á 90 daga greiðslu, fékk kr. 301405.60, en af þessu greiddu tryggingarnar 14 þús. kr., eða hann hafði á dag kr. 3348.95. Á einu 150 rúml. skipi á síldveiðum veturinn 1965, maðurinn var frá í 47 daga, hann hafði kr. 157842.22 eða 3358 kr. á dag. Af þessu greiddu tryggingarnar kr. 10277.22. Stýrimaður á 200 rúml. skipi, sem var frá í 80 daga, fékk kr. 228344.08 eða kr. 2854.30 á dag.

Ég skal ekki þreyta þingheim með því að lesa upp fleiri dæmi, þó að ég hafi þau hér fyrir framan mig. En það er áreiðanlega ekki þetta, sem Alþ. hefur ætlazt til með setningu þessara l., sem sést bezt á því, eins og ég sagði áðan, að fyrst og fremst eru lög þessi miðuð við farmenn, og samkv. upplýsingum Eimskipafélags Íslands eru greiðslur í veikindatilfellum hjá háseta, sem unnið hefur í 6 ár hjá félaginu, kr. 8646.67 á mánuði, auk fæðis og hjá 1. stýrimanni, sem unnið hefur í 5 ár hjá félaginu, eru það kr. 15466.56 á mánuði, auk fæðis.

Það hefur ávallt verið viðurkennt, að þörf væri á leiðréttingu á l. þessum, en fram að þessu hefur ekki orðið úr því, að brtt. væru fluttar. Núv. hæstv. sjútvmrh. skipaði hinn 11. nóv. 1965 5 manna n. þm. eftir tilnefningu allra þingflokkanna, er rannsaka átti hag og afkomuhorfur vélbáta af stærðinni 45—120 rúml. N. þessi skilaði áliti í júnímánuði s. l. Ein af þeim till., er n. gerði til lausnar erfiðleikum bátaflotans, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„N. mælir með því, að samið verði frv. til l. um breyt. á sjómannal. á þá leið, að greiðslur til áhafna á fiskiskipum í veikinda- og slysatilfellum skipverja samkv. l. miðist ekki við aflahlut, heldur verði í meginatriðum og eftir því sem við getur átt miðuð við kauptryggingu háseta og það launahlutfall, sem er á milli yfir- og undirmanna á fiskiskipum samkv. kjarasamningum. Telur n. rétt, að haft verði samráð við samtök sjómanna um breytingu þessa."

Í framhaldi af þessari till. vélbátan. óskaði hæstv. sjútvmrh. eftir því við hv. sjútvn. Nd., að kannaðir yrðu möguleikar á, hvort n. væri eigi fáanleg til þess að bera fram brtt. í samræmi við álit vélbátanefndarinnar, en í hv. sjútvn. eiga sæti 3 af þeim aðilum, er sæti áttu í vélbátan. Hæstv. sjútvn. vildi ekki taka afstöðu til málsins, fyrr en hv. rn. hefði kannað hugi sjómannafulltrúanna. Hinn 28. febr. s. l. var fyrir frumkvæði hæstv. sjútvmrh. boðað til fundar um þetta mál, og vil ég til þess að gera þetta ekki of langt aðeins skýra frá því, að á þeim fundi mætti Jón Arnalds fulltrúi rn. og fulltrúar frá útvegsmannasamböndunum Sverrir Júlíusson og Baldur Guðmundsson, frá sjómannasamtökunum Jón Sigurðsson og Snorri Jónsson, og Birgir Finnsson sem formaður sjútvn. Nd. Það kom berlega í ljós, að þessir fulltrúar sjómannasamtakanna vildu ekki ganga til samninga á því stigi málsins um neinar breytingar. En á fundinn hafði einnig verið boðaður forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins, en hann mætti ekki, en síðar upplýstist um, hver afstaða sambandsins var. Jón Arnalds hélt því fram fyrir hönd rn., að ráðh. hefði fullan hug á því, að eitthvað yrði gert í þessu máli, en þegar fyrir lá síðar, að hv. sjútvn. Nd. var ekki fáanleg til þess að bera fram aðra till. en þá, sem Farmannasambandið gat samþ., sem þó vissulega var spor í áttina, en engan veginn að mínu áliti gekk svo langt sem þurfti, þá ákvað ég að beita mér fyrir því, að þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, yrði flutt. En þar er gert ráð fyrir, að fulltrúar þeirra hagsmunasamtaka, er hlut eiga að máli, verði skipaðir í nefnd ásamt einum stjórnskipuðum fulltrúa til þess að finna lausn á og gera till. um þetta vandamál og þá einnig að endurskoða sjómannalögin með tilliti til þeirrar sérstöðu, sem íslenzkur sjávarútvegur býr við varðandi samskipti sjómanna og útgerðarmanna á fiskiskipum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að skýra þetta mál nánar að svo stöddu, en að lokinni þessari fyrri umr. legg ég til, að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

34. Endurnýjun smærri vélbáta.

Á deildafundum 14. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um athugun á sérstökum ráðstöfunum til endurnýjunar smærri vélbáta og bættum rekstrargrundvelli fyrir þá [164. mál] (A. 346).

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

35. Rafvæðing byggða í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Á 33. fundi í Sþ., 11. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um rafvæðingu byggða í Vestur-Barðastrandarsýslu [180. mál] (A. 400).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

36. Uppbygging niðursuðuiðnaðar o. fl.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um sérstaka ríkisstofnun til þess að stuðla að uppbyggingu niðursuðuiðnaðar o. fl. [191. mál] (A. 443).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

37. Lagning Vesturlandsvegar í Kollafjarðarbotn.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um lagningu Vesturlandsvegar í Kollafjarðarbotn [192. mál] (A. 444).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

38. Endurbygging togaraflotans o. fl.

Á 56. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um endurbyggingu togaraflotans o. fl. [169. mál] (A. 368).

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 62., 63., 64., 65. og 66. fundi í Nd., 10., 11., 13. og 14. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

Fyrirspurnir.

1. Vesturlandsvegur.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:
Fsp. til samgmrh. um Vesturlandsveg [27. mál, 1] (A. 27).

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 27 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgmrh. um Vesturlandsveg. Fsp. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hvaða fyrirætlanir eru uppi um notkun lánsheimilda í vegáætlun til lagningar Vesturlandsvegar frá Elliðaám í Hvalfjarðarbotn?"

Tilefni þessarar fsp. er það, að í þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—1968 er tekin upp heimild til ríkisstj. um lántöku vegna framkvæmda á Vesturlandsvegi. Lántökuheimildirnar eru þessar: Árið 1966 nemur lántökuheimildin 25.8 millj. kr., árið 1967 24.3 millj. og 1968 12.4 millj. Þar sem nú er komið að enduðu þessu ári og ekkert hefur verið notað af lántökuheimildinni fyrir þetta ár þrátt fyrir mjög brýna þörf á, að framkvæmdir verði hafnar við endurbætur á Vesturlandsvegi, leyfi ég mér að bera upp þessa fsp. og vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi við henni ýtarleg og glögg svör.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. spyr, hvað ríkisstj. hugsi sér að gera í sambandi við lántöku til Vesturlandsvegar. Því er til að svara, að ekki var byrjað á þessu verki á þessu ári. Undirbúningur að verkinu var ekki kominn það langt, eins og vegamálastjóri hefur upplýst og kemur fram í bréfi vegamálastjóra til mín, dags. í gær. Vegamálastjóri segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísun til fsp. Jóns Skaftasonar alþm. til samgmrh. á Alþ. um undirbúning að lagningu Vesturlandsvegar frá Elliðaám í Hvalfjarðarbotn og notkun lánsheimilda í vegáætlun í því sambandi skal eftirfarandi tekið fram, að því er varðar undirbúning verksins:

Fyrstu mælingar fyrir nýrri veglínu fyrir Vesturlandsveg frá Elliðaám að Kollafirði voru gerðar á árinu 1964. Á því hausti var lega hins fyrirhugaða vegar samþykkt í svæðisskipulagsnefnd Reykjavíkur og nágrennis og þar með af sveitarfélögum þeim, sem hlut eiga að máli, en það eru Reykjavíkurborg og Mosfellshreppur. Sumarið 1965 voru gerðar umfangsmiklar jarðvegsathuganir á hinni fyrirhuguðu veglínu frá Elliðaám að Korpúlfsstaðaá, og þá um haustið var byrjað á vinnu við frumáætlanir að nýjum vegi a þeim kafla. Er það mjög umfangsmikið verk, og verður því væntanlega lokið um næstu áramót. Munu þá liggja fyrir kostnaðaráætlanir um þennan hluta vegarins. Þegar frumáætlanir liggja fyrir, er hægt að hefja jarðvegsvinnu við veginn, en jafnframt þarf þá að gera fullnaðarteikningar að veginum og hinum mörgu brúm og erfiðu gatnamótum, sem byggja þarf á þessum kafla vegarins. Ef fjármagn til framkvæmda verður fyrir hendi, ætti að vera unnt að hefja framkvæmdir við lagningu þessa kafla vegarins á vori komanda. Gert er ráð fyrir því, að upp úr næstu áramótum verði unnt að hefja vinnu við gerð frumáætlana að næsta kafla vegarins, þ. e. frá Korpúlfsstaðaá að Kollafirði."

Vegamálastjóri hefur látið gera grófa áætlun um kostnað við vegagerð frá Elliðaám að Þingvallavegi, og samkv. þeirri grófu áætlun er gert ráð fyrir, að til þess þurfi 194 millj. kr. Það er því allmikið fé, sem þarf til þessara framkvæmda, þótt ekki sé strax talað um vegagerð alla leið upp í Hvalfjarðarbotn, og þær lántökuheimildir, sem eru fyrir hendi nú í vegáætlun, eru þess vegna of litlar. Ef hrinda á þessu verki í framkvæmd á stuttum tíma, þarf að gera hvort tveggja, að auka ráðstöfunarfé vegasjóðs og auka lánsheimildirnar.

Það er ekkert vafamál, að hraðbrautirnar hérna út frá Reykjavík kalla eftir framkvæmdum, ekki litlum framkvæmdum, heldur miklum framkvæmdum. Hér á hv. Alþ. kom fram í tilkynningu forsrh., að ríkisstj. hefði til athugunar fjáröflun til vegasjóðs, enda er starfandi n. einmitt í þessu máli, og það

er enginn ágreiningur um það í ríkisstj., að það sé mikil þörf á að flýta framkvæmdum hraðbrauta, ekki sízt hér út frá Reykjavík.

Eins og fram kemur í bréfi vegamálastjóra, er hægt að hefjast handa á næsta ári með vinnu í Vesturlandsvegi, ef fé er fyrir hendi. Og það er til athugunar, eins og áður hefur verið á minnzt, hvað gert verður í sambandi við fjáröflun, bæði sem framlag til vegasjóðs og til lántöku.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka svör hæstv. ráðh. við fsp. minni. Það bréf, sem hæstv. ráðh. las upp úr frá vegamálastjóra, varpar að vissu leyti nokkru ljósi á, hvernig ástandið er um þennan tiltekna veg. Ég harma það, að sá undirbúningur, sem vinna þarf í sambandi við, að framkvæmdir geti hafizt, virðist hafa gengið talsvert miklu verr en ráðgert hefur verið, því að ég skil það svo, að þegar ríkisstj. fær tekna upp í vegáætlun lántökuheimild á árinu 1966, hafi hún þar með á þeim tíma væntanlega reiknað með, að öllum undirbúningi að framkvæmdum væri þá lokið og hægt væri að hefja verkið, ef fjármagn hefði verið til. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. ýti á eftir því, að þessum undirbúningi verði hraðað. Ég vil minna á, að í vegáætlun fyrir árið 1966 eru lántökuheimildir vegna þriggja vega, þ. e. a. s. Reykjanesbrautar, Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar, og a. m. k. lántökuheimildin vegna Suðurlandsvegar, 5.3 millj. kr., hefur að fullu verið notuð á árinu 1966. Lántökuheimildin vegna Vesturlandsvegar er sú eina af þessum þrem heimildum, sem hefur ekki verið notuð að neinu leyti, og ber að harma það, því að sannarlega er þörfin á framkvæmdum við veg þennan, sem mun nú fjölfarnasti þjóðvegur landsins að hluta, upp að Þingvallaafleggjaranum a. m. k., ekkert síðri en víðast annars staðar. Eins og allir hv. þm. þekkja, liggja leiðir allra, sem fara héðan úr höfuðborginni og af Suðvesturlandinu og Reykjanesskaganum norður, vestur og austur um allt landið, yfir þennan vegarspotta, og allir þeir, sem ekið hafa hann, t. d. á vorin, þegar bleyta fer úr veginum, vita um ófremdarástandið, sem þar ríkir. Enn fremur er rétt að benda á það í þessu sambandi, að um þennan vegarspotta er mikil umferð mjög þungra bifreiða, sem aka miklum hluta þess byggingarefnis, sem notað er hér í Reykjavík og nágrannasveitum, en það er tekið að miklu leyti uppi í Mosfellssveit og á Kjalarnesi, og þær fara mjög illa með veginn, því að í sannleika sagt er vegurinn engan veginn þess umkominn að bera þá þungu umferð, sem þessir bílar skapa.

Hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að þörf væri á því að auka tekjur vegasjóðsins og lántökuheimildir vegna Vesturlandsvegar, af því að þar væri um dýra framkvæmd að ræða. Ég er honum alveg sammála um þetta og fagna því, ef eitthvað verður úr því gert af hálfu hæstv. ráðh. að fá auknar lántökuheimildir vegna þessa vegar. En í sambandi við þann fjárskort, sem hæstv. ráðh. upplýsti að væri nú hjá vegasjóði, vildi ég aðeins segja það, að nú kæmi sér vel að hafa 47 millj. kr. ríkisframlagið, sem upphaflega var yfirlýst af hálfu hæstv. ráðh., að ríkissjóður mundi leggja vegasjóðnum til árlega sem algert lágmark. Ég býst við, að hv. þm. minnist þess í þeim umr., sem hér fóru fram fyrir 1—2 árum um vegalagafrv., að hæstv. ráðh. lýsti því þá yfir, að þetta ríkisframlag, 47.1 millj. kr., mundi verða greitt áfram úr ríkissjóði og það gæti ekki lækkað, heldur væri miklu sennilegra, að það mundi hækka. En það var fellt út úr tekjum vegasjóðs, held ég, ári eftir að hæstv. ráðh. gaf þessa yfirlýsingu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. gat ekki stillt sig um það að taka svolítið hliðarstökk, þegar hann talaði um 47.1 millj. kr. Hv. þm. veit, að vegasjóður hefur einskis misst í enn sem komið er, þótt þessi 47.1 millj. sé ekki á fjárl., vegna þess að vegasjóði var aflað tekna með öðrum hætti fyrir yfirstandandi ár, og það er ekki enn tímabært að segja það, að vegasjóður hafi tapað, enda þótt þessar 47 millj. séu ekki nú á fjárl. Það gæti vel verið, að það væri hægt að segja það síðar meir, ef vegasjóður væri snuðaður um þá upphæð eða sem því svaraði.

Hv. þm. og ég erum alveg sammála um þörfina á því að gera Vesturlandsveg eins og Austurveg. Hv. þm. veit, hvers vegna lántökuheimildin var ekki notuð, eftir að ég hef lesið bréf vegamálastjóra, sem gerir alveg glögga grein fyrir því. Ég held, að það sé ekki sanngjarnt að ásaka verkfræðinga vegagerðarinnar um það, að þeir starfi ekki vel að framkvæmdum og vinni langan vinnudag. Hv. þm. gerði það sennilega ekki, en eigi að síður harmaði hv. þm. það, að undirbúningurinn hafi dregizt á langinn. En enda þótt við séum oft að tala um, að vegirnir séu slæmir yfirferðar og mikil þörf sé á auknu fjármagni til vega, er það þó staðreynd, að vegaframkvæmdir eru mjög miklar um allt land og miklu meiri en hefur verið oft áður. Þessar framkvæmdir þurfa allar mikinn undirbúning. Og í sambandi við Vesturlandsveginn má minna á, að það þurfti að velja nýja línu undir veginn, það þurfti að semja við skipulagsnefndir Reykjavíkurborgar og Mosfellshrepps um svæðisskipulag, og það tekur alltaf sinn tíma. Það tekur alltaf langan tíma, og það getum við öll viðurkennt, án þess að hafa nokkra ásökun í garð eins eða annars. Það er staðreynd, að undirbúningur verður tilbúinn næsta ár til þess að hefja framkvæmdir á Vesturlandsvegi, ef fé er fyrir hendi, og það er einnig rétt, sem áður hefur verið sagt, að það er nú í athugun hjá ríkisstj., hvernig með þessi mál verður farið.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeirri fsp., sem

hv. 4. þm. Reykn. hefur varpað hér fram til hæstv. samgmrh.

Við erum sjálfsagt allir sammála um það þrír, ráðh. og við þm. úr Reykn., hversu mikla nauðsyn ber til, að eitthvað verði gert í vegamálum Vesturlandsvegar. Hér er um að ræða, eins og fram kom, einn fjölfarnasta þjóðveg landsins, og um hann fer mjög mikið af þungum farartækjum, sem oft og tíðum gera þennan veg mjög slæman og oft illfæran fyrir minni bifreiðar.

Samgmrh. hefur upplýst hér um gang málsins í sambandi við nýja vegalagningu, þ. e. a. s. um Mosfellssveit, og hefur m. a. bent á þann útreikning, sem gerður hefur verið, að talið er, að það séu um 194 millj. kr., sem muni kosta að gera hér nýja hraðbraut. Ég vil varpa fram þeirri hugmynd hér til ráðh., hvort ekki mundi vera ráðlegt að nota það vegarstæði, sem nú er fyrir hendi, og á það yrði lagt varanlegt slitlag. Það má vel vera, að það sé af ókunnugleika mínum, sem ég varpa þessari hugmynd fram, það séu til einhver þau rök í þessu máli, sem mæla gegn henni. Þá kemur það í ljós. En ég mundi halda, að það væri ekki úr vegi að athuga þessa hugmynd. Við sjáum t. d. nú á s. l. sumri, að á Hafnarfjarðarveginn á a. m. k. 5 km svæði hefur verið lagt nýtt slitlag, þ. e. a. s. hann er malbikaður, og hér er um að ræða nýjan veg að mínum dómi. Að aka leiðina frá Kópavogi og suður til Hafnarfjarðar í dag miðað við það, sem var í fyrra, er gerólíkt. Þeir, sem hafa ekið veginn, — ég ímynda mér, að flestir þm. hafi gert það, — sjá þann reginmun, sem þar er á. Ég vil varpa þessari hugmynd hér fram, hvort þetta gæti ekki orðið til þess að flýta því, að þarna fáist betri þjóðvegur, enda þótt í framtíðinni yrði unnið að þeim hugmyndum, sem samgmrn. hefur verið með í sambandi við nýjan veg sem Vesturlandsveg.

2. Störf tveggja nefnda til að rannsaka atvinnuástand á Norðurlandi.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um störf tveggja nefnda, sem settar hafa verið til að rannsaka atvinnuástand á Norðurlandi [27. mál, 3] (A. 27).

Á fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrir 2½ ári var samþykkt hér á Alþingi að fela ríkisstj. að skipa n. til þess að rannsaka atvinnuástand í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem vinna væri ónóg, og gera till. til úrbóta. Skömmu síðar skipaði ráðh. 5 menn í n. Tók n. þegar til starfa, og sumarið 1964 fréttist af n. hér og þar á Norðurlandi. Átti hún ýtarleg viðtöl við forustumenn sveitarfélaga, atvinnurekendur, verkalýðsleiðtoga og sankaði að sér margs konar upplýsingum. Hvarvetna, þar sem n. fór um, vakti hún þær vonir, að senn yrðu gerðar öflugar ráðstafanir til að bæta úr atvinnuleysi og stöðva öfugþróun þessara byggðarlaga.

Haustið 1964, þegar þing kom saman, lagði ég fsp. til ráðh. um störf þessarar n. og fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstj. Var þá dreift til þm. fjölrituðu hefti með bráðabirgðaskýrslu nefndarinnar, og fjallaði þessi skýrsla um ástandið á vestanverðu Norðurlandi. Engar beinar till. komu fram í skýrslu nefndarinnar. Hæstv. iðnmrh., sem svaraði fsp., sagði þá orðrétt, með leyfi forseta:

„Þetta er lagt fram sem bráðabirgðaálit, og í því felst í raun og veru, að n. telur sig eiga eftir að skila fullnaðaráliti og till. í málinu, eins og verkefni hennar var."

Ráðh. bætti því við, að þegar n. hefði skilað sínu endanlega áliti, mundi ríkisstj. byggja ákvarðanir sínar á þeim niðurstöðum, og hann bætti við orðrétt: „Og á það verður lögð áherzla, að það geti orðið svo skjótt sem verða má."

Svo ég fari nú fljótt yfir sögu, er skemmst frá því að segja, að síðan hæstv. ráðh. lýsti því yfir hér á Alþingi, að nú ætlaði n. að gera till. um úrbætur og ríkisstj. að bregða skjótt við, hefur ekkert heyrzt frá þessari n., hvorki hósti né stuna. Norðlendingar hafa beðið þolinmóðir í 2 ár, en ekkert hefur spurzt til n. Hún virðist hafa horfið sporlaust niður í jörðina og af hvaða orsökum veit enginn. (Gripið fram í.) Hvarf nefndarinnar frá þýðingarmiklum störfum hefur orðið Norðlendingum nokkur ráðgáta, og má segja, að þeir séu ýmsu vanir í þeim efnum, enda minna þessi einkennilegu örlög nefndarinnar einna helzt á hvarf séra Odds frá Miklabæ.

Nú í sumar gerðust svo þau tíðindi, að ný sendinefnd kom í heimsókn til Norðlendinga að frumkvæði stjórnarvaldanna. Þessi sendinefnd var frá Efnahagsstofnuninni, og kvaðst hún hafa nákvæmlega sama hlutverk og sú fyrri: að rannsaka ástandið og gera till. til úrbóta. Aðspurðir kváðust nefndarmenn ekkert vita, hvað hefði orðið um fyrri nefndina og störf hennar. Síðan hófu þeir rannsóknarstörf með sama hætti og fyrri nefndin, ferðuðust stað úr stað, kölluðu fyrir sig forustumenn sveitarfélaga og ræddu við atvinnurekendur og leiðtoga verkalýðsfélaga.

Eins og allir vita, eru Norðlendingar gestrisnir menn og góðir heim að sækja, og þeir hafa auðvitað ekkert á móti því að fá gáfaða og skemmtilega nefndarmenn í heimsókn annað hvert ár. Og þeir þurfa áreiðanlega ekki að kvarta yfir því, að atvinnuvandamál þeirra hafi ekki verið athuguð gaumgæfilega

og rannsökuð til hlítar. En hinu er ekki að leyna, að ýmsa er farið að lengja eftir einhverjum árangri af öllum þessum nefndarstörfum. Vandamálin bíða úrlausnar, og fyrir mörgum árum var þörf á tafarlausum ráðstöfunum. Nú er sem sagt kominn tími til að upplýsa, hver beri ábyrgð á þessum dularfullu vinnubrögðum. Þess vegna spyr ég: Hví hefur enginn sýnilegur árangur orðið af störfum stjórnskipaðrar nefndar, sem fyrir rúmum 2 árum ferðaðist um Norðurland til að rannsaka atvinnuástand þar og gera till. til úrbóta? Og hví hefur ekkert spurzt til þessarar n. í 2 ár?

Sendinefndin, sem ferðaðist um Norðurland í sumar, tilkynnti, hvar sem hún fór, að á grundvelli þeirra upplýsinga, sem hún var að safna, yrði samin svo kölluð Norðurlandsáætlun. Með hliðsjón af fyrri reynslu hef ég lagt hér fram spurningu um það, hvort vænta megi árangurs af starfi þessarar seinni n., og ef svo er, þá hvenær? Ef ráðh. ræðir um þessa svo kölluðu Norðurlandsáætlun, væri gott að fá upplýst, hver eigi að semja áætlunina og hve miklu fjármagni verði varið til framkvæmda við hana, ef hægt er að veita slíkar upplýsingar. En sérstaklega er þó nauðsynlegt að fá upplýst, hvers eðlis þessi áætlun eigi að vera. Verður þetta áætlun um ákveðnar framkvæmdir, staðsetningu ákveðinna atvinnutækja á hverjum stað, framkvæmdir, sem ríkisvaldið tekur að sér að standa fyrir, ef einkaframtakið reynist þess ekki megnugt, eða verður þetta aðeins greinargerð um ástandið á hverjum stað, skýrsla, sem atvinnujöfnunarsjóður á að hafa til hliðsjónar, þegar hann afgreiðir lánaumsóknir? Sem sagt, verður þetta raunveruleg áætlun, sem felur í sér áform um tiltekin verkefni og tilteknar framkvæmdir, áætlun, sem gerir ráð fyrir, að ríkisvaldið taki frumkvæði og forustu í sínar hendur?

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem hv. fyrirspyrjandi hefur þegar lesið, er fyrirspurn hans svo hljóðandi:

„Hví hefur enginn sýnilegur árangur orðið af störfum stjórnskipaðrar n., sem fyrir rúmum 2 árum ferðaðist um Norðurland til þess að rannsaka atvinnuástandið þar og gera till. til úrbóta, og hví hefur ekkert spurzt til þessarar n. í 2 ár? Má vænta árangurs af störfum nýrrar n., sem í sumar ferðaðist um Norðurland á vegum stjórnarvaldanna og kvaðst hafa nákvæmlega sama hlutverk og hin fyrri? Ef árangurs má vænta, þá hvenær?“

Þessu til viðbótar bætti hv. fyrirspyrjandi hér nokkrum fsp. við þær, sem upphaflega voru fram lagðar, en ég vonast til þess, að í því svari, sem ég gef hér við hinni framlögðu fyrirspurn, felist einnig svör við þeim viðbótarfyrirspurnum, sem fyrirspyrjandi lagði fram.

Fyrirspyrjandi virðist, eftir þeirri grg., sem hann gerði fyrir fsp. sinni, hafa orðið var við ókennilega ferðamenn á tveggja ára fresti, og ætlar hann menn þessa nefndarmenn, ýmist stjórnskipaða eða á stjórnarinnar vegum, eftir því sem ætla má af hans ræðu. Er þá rétt að víkja að því, af hverju þessi fyrirgangur nefndarmanna á Norðurlandi vestra stafar og hverjir þeir ferðalangar séu, sem með vissu millibili heimsækja kjördæmi fyrirspyrjanda og raska ró hans þar.

Sú nefnd, sem fyrirspyrjandi virðist eiga við með fyrri lið fsp., var skipuð 12. maí 1964 af iðnmrh. samkv. þál. frá 12. marz 1964, og var n. ætlað að athuga, hvað hægt sé að gera til að reka iðnað í þeim kauptúnum og kaupstöðum, þar sem ónóg er atvinna. Í n. voru skipaðir þeir: Adolf Björnsson rafveitustjóri, Bjarni V. Magnússon framkvæmdastjóri, Björgvin Brynjólfsson sparisjóðsstjóri, Þórir Einarsson viðskiptafræðingur og Þorvarður Alfonsson framkvæmdastjóri. Svo sem þegar hefur verið upplýst, safnaði þessi n. upplýsingum um atvinnuástand kaupstaða og kauptúna á þessum landssvæðum, en af þeim upplýsingum, sem n. bárust, þótti auðsýnt, að illa horfði í atvinnumálum ýmissa staða, svo sem í fyrrgreindu bráðabirgðaáliti kom fram. Ákvað n. því að heimsækja og ræða við heimamenn þessara staða til þess að kynnast ástandinu þar betur. Í framhaldi af þessu starfi n. óskaði iðnmrh. eftir því í ágústmánuði sama ár, að n. léti frá sér fara álit og tilli. til úrbóta á atvinnuástandi þessa landssvæðis og skilaði því, áður en Alþingi kæmi saman til funda það haust. Vegna hins umfangsmikla verkefnis n. og hins skamma tíma, er henni var settur til þessara starfa, sá hún sér ekki fært að láta frá sér fara neitt endanlegt álit varðandi verkefnið, en skilaði bráðabirgðaáliti, sem hv. fyrirspyrjandi minntist hér á áðan. Í því áliti voru settar fram till., sem miðuðust fyrst og fremst við það að bæta úr atvinnuástandi á tilteknum stöðum norðanlands.

Í áliti n. er gerð grein fyrir atvinnuástandi einstakra staða og kauptúna á þessu svæði, og gerir n. ýmsar till. til úrbóta á atvinnuástandinu á hinum einstöku stöðum. Segja má þó, að n. hafi komizt að þeirri höfuðniðurstöðu, að með því að sjávarútvegur og iðnaður í sambandi við hann væri aðalundirstaða atvinnulífs flestra þessara staða, þá væri ódýrast, fljótlegast og til mestrar frambúðar að aðstoða þann fiskiðnað, í fyrsta lagi með tilliti til aukinnar framleiðslu og frekari nýtingar hráefnisins og í öðru lagi með tilliti til aukins hráefnis og öruggari öflunar þess. Er rétt að benda á í þessu sambandi, að n. taldi, að brýna nauðsyn bæri til að athuga ýtarlega, hvort síðara vandamálið mætti ekki leysa með hráefnisflutningum. En í lok nál. segir svo: „Með tilliti til þess, hversu umfangsmikilla athugana lausnir atvinnumála þessara byggðarlaga krefjast og hversu marga aðila það snertir, vaknar sú spurning, hvort ekki sé rétt, að einn ákveðinn aðili

annist slíkt fyrir hönd ríkisvaldsins og annar fyrir hönd sveitarfélaga viðkomandi byggðarlaga."

Það verður því að teljast eðlilegt og í fullu samræmi við það, sem áður er sagt, að samkomulag varð um það í júní 1965 milli ríkisstj. og Alþýðusambands Norðurlands, að gerð skyldi sérstök framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland, svo og að skipuð skyldi 5 manna nefnd til að hafa forustu um ráðstafanir til að bæta úr alvarlegu atvinnuástandi á Norðurlandi. Var verkefni nefndarinnar einkum að stuðla að auknum hráefnisflutningum, og verður vikið að störfum hennar hér á eftir.

Í framhaldi af þessu samkomulagi, sem gert var 1965, fól ríkisstj. Efnahagsstofnuninni að gera áðurgreinda framkvæmdaáætlun og skyldi framkvæmd verksins vera í samráði við Alþýðusamband Norðurlands, svo og sveitarstjórnir og sýslunefndir á Norðurlandi. Hóf Efnahagsstofnunin undirbúning verksins í marzmánuði s. l. með söfnun gagna bæði hér í Reykjavík og á Norðurlandi, og nú í sumar hafa starfsmenn Efnahagsstofnunarinnar ferðazt um Norðurland, kynnt sér ástand í atvinnu- og félagsmálum og rætt við forvígismenn sveitarfélaga, launþega, atvinnurekendur og fleiri aðila. Hafa öll byggðarlög, að Eyjafirði og nágrannasveitum hans undanskildum, þegar verið heimsótt, en gert er ráð fyrir, að þangað verði farið í nóvember n. k. Nefnd sú, sem fyrirspyrjandi taldi í sínum orðum hér áðan, að hefði ferðazt um Norðurland í sumar, mun vera þessir starfsmenn Efnahagsstofnunarinnar, en engir nefndarmenn.

Norðurlandsáætlun er önnur tilraun, sem gerð er hér á landi til þess að rannsaka og vinna að lausn vandamála ákveðinna landshluta á skipulegan hátt með gerð sérstakra byggðaáætlana. Fyrsta tilraunin á þessu sviði er Vestfjarðaáætlunin. Athuganir þær, sem fram fara á Norðurlandi í sumar og fram hafa farið á Vestfjörðum, miðast við að finna, hvar skórinn kreppir mest að í hverju héraði, og síðan er lögð áherzla á, að þær framkvæmdir njóti forgangs, sem mest munar um til lausnar aðsteðjandi vanda. Ein höfuðniðurstaða athugananna á Vestfjörðum var sú, að skilyrði þess, að félags- og efnahagslíf gæti þróazt þar með eðlilegum hætti, væri, að samgöngukerfi landshlutans yrði stórbætt. Því var ákveðið að leggja höfuðáherzlu á framkvæmdir í samgöngumálum í fyrsta áfanga Vestfjarðaáætlunar. Var gerð sérstök 4 ára áætlun um samgöngumál á Vestfjörðum, og standa þær framkvæmdir nú yfir.

Of snemmt er enn að segja til um, hverjar niðurstöður athugana þeirra verða, sem nú standa yfir á Norðurlandi. Telja má víst, að þær leiði til kerfisbundinna framkvæmda, bæði á ýmsum sviðum opinberra framkvæmda og í sjálfum atvinnumálunum. Rétt er að geta þess, að sú n., sem um þessi mál fjallaði áður og skilaði fyrrgreindu bráðabirgðaáliti, sem áður er um rætt, átti óhægt um vik, þar sem ekki var neinn sérstakur aðili eða stofnun, sem hafði það hlutverk að styrkja sérstaklega framtak á sviði atvinnulífsins úti á landi. Á þessu hefur nú verið ráðin bót með stofnun atvinnujöfnunarsjóðs með lögum frá síðasta vetri. Þessum sjóði er einmitt ætlað að styðja sérstaklega með lánum, styrkjum og tækniaðstoð arðvænleg fyrirtæki í landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnu- og athafnalífs, sem og aðrar þær framkvæmdir, sem stuðla að eflingu slíkra byggða. Samkvæmt lögunum er sjóðnum ætlað að byggja starfsemi sína að verulegu leyti á byggðaáætlunum, sem Efnahagsstofnunin geri, og hafi yfirleitt í starfsemi sinni náið samband við þá stofnun. Hefur þessi starfsháttur þegar verið upp tekinn að því er Norðurlandsáætlunina snertir. Þó að starfsemi þessi sé enn á algeru byrjunarstigi, má þó segja, að henni hafi miðað vel áfram nú í sumar. Með þessum breyttu starfsháttum er að sjálfsögðu hin fyrr nefnda nefnd, sú fyrri, sem fyrirspyrjandi minntist á, leyst upp og starfsmenn Efnahagsstofnunarinnar hafa tekið við þessu verkefni. Starfshópur Efnahagsstofnunarinnar skilar sjóðnum skýrslum um hvern hluta Norðurlands fyrir sig, þar sem lagðar eru fram tillögur um kerfisbundinn stuðning við atvinnulíf svæðanna. Ein skýrsla hefur þegar verið lögð fram, um Húnaflóasvæðið, og er Strandasýsla þá þar með talin. Von er á skýrslum um Skagafjörð ásamt Siglufirði og um austurhluta Norðurlands innan skamms. Reiknað er með, að Efnahagsstofnunin skili ríkisstj. heildarskýrslu um Norðurland allt á þessum vetri.

Í þessu starfi hefur einmitt verið lögð áherzla á að flýta eins og kostur er fyrir þeim aðgerðum og framkvæmdum, sem nauðsynlegastar eru taldar. Bein afleiðing þessa starfs er m. a. sú, að á næstunni verður lagt í sérstakan fiskleitarleiðangur á Húnaflóa og Skagafirði og hafsvæðunum þar út af. Einnig er lögð áherzla á skjóta afgreiðslu á umsóknum til atvinnujöfnunarsjóðs frá Norðurlandi. Nú hefur farið fram sérstök athugun á rekstri frystihúsa og fiskvinnslustöðva við Húnaflóa, sem lögð verði til grundvallar við úthlutun lánsfjár.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má ljóst vera, að gerðar hafa verið ráðstafanir, sem tryggja, að unnið verði á mun skipulegri hátt en áður að lausn vandamála þeirra byggðarlaga, sem á einhvern hátt hafa orðið út undan í hinni öru hagþróun undanfarinna ára. Þótt mikið starf hafi þannig verið unnið að athugunum og áætlanagerð til úrbóta á atvinnuástandi Norðurlands vestra, eru það ekki einu aðgerðir stjórnarvalda til úrbóta þessum málum svæðisins. Jafnframt hafa verið gerðar beinar ráðstafanir til að bæta úr atvinnuástandinu.

Hinn 13. júlí 1965 skipaði þáv. sjávmrh. 5 manna nefnd til að hafa forustu um ráðstafanir til að bæta úr alvarlegu atvinnuástandi á Norðurlandi. Í nefndina voru skip-

aðir þessir menn: Vésteinn Guðmundsson framkvæmdastjóri, Hjalteyri, sem var formaður nefndarinnar, Björn Jónsson alþm., Akureyri, Óskar Garibaldason formaður verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði, Jón Þorsteinsson alþm., Reykjavík, Stefán Friðbjarnarson þáv. bæjarritari, núverandi bæjarstjóri á Siglufirði, en um s. l. áramót tók Þorsteinn Hjálmarsson oddviti á Hofsósi sæti Jóns Þorsteinssonar í nefndinni. Nefnd þessi var skipuð samkvæmt samkomulagi ríkisstj. og verkalýðssamtakanna á Norðurlandi frá 7. júní 1965 og voru Björn Jónsson alþm. og Óskar Garibaldason tilnefndir í nefndina af Alþýðusambandi Íslands og Alþýðusambandi Norðurlands. Svo sem segir í samkomulagi ríkisstj. og verkalýðssamtakanna frá 7. júní 1965 og skipunarbréfum sjútvmrn. frá 13. júlí og 10. des. 1965, er atvinnumálanefnd Norðurlands ætlað að hafa á hendi framkvæmd skyndiráðstafana til úrbóta í atvinnumálum á Norðurlandi og í Strandasýslu næstu tvö ár frá því í júní 1965.

Skipta má starfsemi nefndarinnar í þrjú tímabil. Í fyrsta lagi sumarsíldveiðar árið 1965, í öðru lagi vetrarvertíð árið 1966, þ. e. 1. janúar til 31. maí, í þriðja lagi sumarsíldveiðar árið 1966. Verður hér á eftir getið starfsemi nefndarinnar á hverju þessara tímabila fyrir sig:

1) Sumarið 1965 var gert út skip, botnvörpungurinn Þorsteinn Þorskabítur, á vegum nefndarinnar til tilrauna með flutning á ísvarinni síld af fjarlægum miðum til vinnslustöðva á Norðurlandi. Enda þótt lítið magn væri flutt, en það kom til af því, að síldveiðar voru mjög stopular, meðan skipinu var haldið úti, þá gaf tilraunin þann jákvæða árangur, að með henni þótti sannað, að hægt er að geyma síld ísvarða og flytja langleiðis, svo að hún haldist hæf til söltunar. Í annan stað voru veiðiskip styrkt til þess að sigla með eigin afla af fjarlægum veiðislóðum til hafna á Norðurlandi. Voru þannig fluttar rúmlega 31 þús. tunnur, og er fullvíst talið, að verulegur hluti þessa magns hafi borizt til Norðurlandshafna eingöngu fyrir tilkomu styrksins. Alls voru saltaðar og frystar á Norðurlandi þetta sumar 41 þús. tunnur á móti 24 þús. tunnum árið áður. Til framkvæmda þessara var varið um 3 millj. kr.

2) Þegar í ársbyrjun 1966 voru ýmsar ráðstafanir gerðar til þess að auka hráefni til fiskvinnslustöðva á Norðurlandi og í Strandasýslu á komandi vetrarvertíð, 1. jan. til 31. maí. Helztu ráðstafanir nefndarinnar voru þessar: 1) Ákveðið var að greiða verðuppbætur á afla heimabáta, sem ýmist stunduðu línu- og netaveiðar eða togveiðar, og voru verðuppbætur greiddar á samtals 7 þús. tonn. Aflamagn af heimabátum, sem borizt hafði sömu stöðum á þessu tímabili 1965, nam 4 þús. tonnum. Er ekki að efa, að þessar ráðstafanir stuðluðu mjög að því, að bátarnir stunduðu fremur veiðar frá heimahöfnum í stað þess að leita til annarra landshluta í jafnríkum mæli og áður. Á þetta bæði við um minni bátana, en einkum þó um togbátana. Einn togbátur var gerður út á hverjum þessara staða: Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík. Útgerð slíkra báta hafði haft mikla þýðingu fyrir atvinnulíf þessara staða fyrir nokkrum árum, en hafði lagzt niður hin síðari ár. Fyrir atbeina nefndarinnar var ráðizt í þessa tilraun nú. Þrátt fyrir ýmsar tafir vegna vanbúnaðar skipanna í byrjun vertíðar og óhagstæðs veðurfars náðist sá árangur, að ekki orkar tvímælis um, að halda beri þessari útgerð áfram. 2) Styrkur var veittur til verðuppbóta á aðflutt hráefni, hvort heldur væri afli togara eða annar aðfluttur fiskur. Það voru einkum Akureyri og Siglufjörður, sem hagnýttu sér þennan styrk. Með auknum löndunum togaranna námu landanir þeirra á þessu tímabili um 2 þús. tonnum. 3) Styrkur var veittur einum bát frá hvorum stað, Skagaströnd og Sauðárkróki, til þess að hefja rækjuveiðar á Húnaflóa og e. t. v. víðar. Nokkurt magn af rækju mun hafa borizt til beggja þessara staða, og stuðlaði nefndin að flutningi hráefnis til þeirra. 4) Síðari hluta maímánaðar var skipi haldið út til tilrauna með loðnuveiðar fyrir Norðurlandi. Engin loðna fannst, og gaf því tilraunin engan árangur. Fjárútlát á vegum nefndarinnar á vetrarvertíðinni síðustu, frá 1. janúar til 31. maí, voru sem hér segir: 1) Verðuppbætur á heimaafla 3 millj. 760 þús. 2) Verðuppbætur á aðfluttan afla 982 þús. 3) Til rækjuveiða 85 þús. 4) Til loðnuveiða 225 þús. Áhöld og annar kostnaður áætlað 248 þús., eða samtals 5 millj. og 300 þús. kr.

3) Sumarsíldarvertíðin í ár. Tilmæli bárust frá nefndinni um að halda úti skipi til flutninga á síld til söltunar á Norðurlandshöfnum. Ekki þótti tiltækilegt að ráðast í slíka útgerð. Taldi nefndin eðlilegt, að frumkvæði til slíkra framkvæmda kæmi frá framleiðendum sjálfum, en henni var ljóst, að nokkurs styrks mundi þurfa við, ef í slíka framkvæmd yrði ráðizt. Eftir nokkrar athuganir af hálfu saltendanna sjálfra var frá því horfið að ráðast í þessar framkvæmdir. Hvað viðvíkur styrk til fiskveiðiskipa, er fluttu eigin afla langleiðis, var haft óbreytt fyrirkomulag frá fyrra ári. Úthlutað var ákveðnu, styrkhæfu hráefnismagni til hinna ýmsu söltunarstöðva og frystihúsa á Norðurlandi. Þó var sú rýmkun gerð gagnvart frystihúsunum á Siglufirði og Akureyri, að þeim var heimilað að verja framlagi því, er þeim bar, til þess að verðbæta síld eða annað hráefni. Endanlegar skýrslur um starfsemi sumarsins liggja ekki fyrir enn þá, en sýnt þykir, að styrkur verði greiddur á 42 þús. tunnur og að auki 11 þús. tunnur eða annað aðflutt hráefni. Kostnaður af framkvæmdum á sumrinu mun verða um 2.5 millj. kr. og er þar með talinn styrkur til tilrauna með reknetaveiði fyrir Norðurlandi á s. l. sumri. Endanleg skýrsla um þess-

ar tilraunir liggur ekki fyrir, en árangur mun hafa orðið mjög lítill.

Kostnaður af framkvæmdum þeim, sem n. hefur til þessa haft með höndum, er sem hér segir: Sumarsíldarvertíð 1965 3 millj. kr., vetrarvertíð 1966 5.3 millj. og sumarsíldarvertíð 1966 áætlað um 2.5 millj. kr., eða 10.8 millj. kr. samtals.

Atvinnumálanefnd hefur nú nýlega lagt fram till. um starfið á komandi hausti og vetri, og óskir hafa til hennar borizt víða að þess efnis, að starfseminni verði hagað á líkan hátt og s. l. vetur, en til viðbótar verði greiddar verðuppbætur á afla heimabáta að haustinu, þ. e. frá 15. okt. til áramóta. N. hefur í till. sínum tekið tillit til þessara óska og lagt til, að fé verði veitt til vetrarstarfseminnar. Þessar till. eru nú í athugun hjá ríkisstj.

Með þessum orðum vona ég, að fsp. fyrirspyrjanda sé svarað og jafnframt þeim viðbótarfsp., sem hann bar fram munnlega hér áðan.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Mér þykir leitt, að ekki skyldi fást nein skýring á því, hvers vegna enginn sýnilegur árangur varð af störfum hinnar stjórnskipuðu atvinnumálanefndar frá 1964. Hjá hæstv. ráðh. kom það skýrt fram, að n. hafi rannsakað málið vandlega, en hins vegar liggur ljóst fyrir, að enga framkvæmd á Norðurlandi hefur leitt af störfum þessarar nefndar. Og það líða tvö ár, frá því að starfi þessarar n. lýkur í raun og veru með þessari bráðabirgðaskýrslu og þar til nýir sendimenn koma í heimsókn til að vinna nákvæmlega sama verkið og hin fyrri n. var búin að vinna.

Hæstv. ráðh. ræddi nokkuð um atvinnumálanefnd þá, sem skipuð var í samræmi við samninga verkalýðsfélaganna vorið 1965, en það er reyndar eina n., sem þannig hefur unnið, að Norðlendingar hafi séð einhvern árangur af störfum hennar. Þessi n. átti hins vegar aðeins að fjalla um bráðabirgðaúrræði. Hún fjallaði ekki um nein framtíðarúrræði, eins og ævinlega hefur verið reiknað með, að væri brýnust þörf á. Framtíðarúrræðin dragast hins vegar á langinn ár eftir ár, meðan nýjar og nýjar n. fjalla um málið. Það er staðreynd, sem ekki verður fram hjá komizt.

Hæstv. ráðh. ræddi nokkuð um Norðurlandsáætlun svokallaða, og mig langar í framhaldi af þeim ummælum að draga saman í örstuttu máli, hver ég tel að sé kjarni þessa máls og hvert sé grundvallarskilyrði þess, að áætlunargerð eins og hér er talað um geti heppnazt. Ég vil minna á, að þessir stöðugu þjóðflutningar úr flestum byggðarlögum landsins hér inn á höfuðborgarsvæðið við Faxaflóa eru stórfellt þjóðfélagsvandamál, sem verður því erfiðara að leysa, því lengur sem dregið er að grípa til róttækra ráðstafana. Auðvitað liggur það í augum uppi, að ýmsar ástæður eru þess valdandi, að fólk sækir hingað inn á höfuðborgarsvæðið. Það geta t. d. verið orsakir eins og fjölbreyttara menningar- og skemmtanalíf og stundum eru hér fleiri ættingjar og vinir, svo að nefnd séu dæmi. En hitt liggur ljóst fyrir, að það er atvinnuástandið, sem skiptir höfuðmáli. Ef ofan á allt annað bætist, að heima fyrir er atvinnuleysi, en við Faxaflóa stöðugur vinnuaflsskortur, hlýtur fólksflóttinn frá þessum byggðum að magnast um allan helming.

Nú er það auðvitað bláköld staðreynd, að í landinu er í raun og veru ekki nema eitt þróað markaðs- og iðnaðarsvæði, þ. e. a. s. Stór-Reykjavík og nágrenni. Öll önnur byggðarlög eru nánast vanþróuð í samanburði við Faxaflóasvæðið. Þar er fjölmenni og þar er allstór markaður. Þar eru öruggar samgöngur, allar helztu peningastofnanir, stjórnarvöld og margs konar þjónusta. Einmitt af þessari ástæðu eru hverju sinni yfirgnæfandi líkur til þess, að sá, sem ætlar að setja á stofn iðnfyrirtæki, reisi það á þessu svæði. Þetta er meginregla, sem auðvitað er ekki undantekningarlaus. En einkaframtakið vill yfirleitt ekki staðsetja fyrirtæki sín úti um land, nema um sé að ræða útflutningsframleiðslu, sem byggist á hráefnisöflun frá nálægum svæðum.

Af þessu leiðir aftur á móti það, að uppbygging atvinnulífsins úti um landsbyggðina hlýtur að ganga mjög hægt og jafnvel standa í stað, ef einkaframtakið fær að ráða stefnunni í fjárfestingarmálum. Það er einmitt þetta, sem hefur verið að gerast á Norðurlandi og víðar á landinu. Atvinnuástand á þessum stöðum er fyrst og fremst afleiðing af þeirri stefnu ríkisstj. að vilja ekki stjórna fjárfestingunni, en láta í þess stað ágóðasjónarmiðið eða lögmál peninganna ráða því, hvar atvinnutækin eru staðsett. Þess vegna held ég, að það ætti að vera hverjum manni ljóst, að byggðavandamálið verður ekki leyst, nema breytt sé algerlega um stefnu í fjárfestingarmálum, ríkið viðurkenni forustuskyldu sína í atvinnumálum og taki að sér það hlutverk að leggja grundvöll að atvinnuuppbyggingu í byggðarlögum, sem að undanförnu hafa glímt við atvinnuleysi og samdrátt á flestum sviðum.

Nú þykist ríkisstj. ætla að bæta fyrir vanrækslu sína á undanförnum árum og segist ætla að láta semja heilmikið plagg, sem hún nefnir Norðurlandsáætlun. Ég spurði hæstv. ráðh. áðan að því, hvers eðlis þessi áætlun yrði, en svörin voru mjög óljós, því miður. Ég spurði einnig, hvort þessi áætlun yrði aðeins almenns eðlis eða hvort þar yrði fjallað um tiltekin verkefni og ákveðnar framkvæmdir, en það kom heldur ekki nægilega skýrt fram. Spurningin er sem sagt sú, hvort ríkisstj. ætlar með þessari Norðurlandsáætlun að breyta stefnu sinni í fjárfestingarmálum og viðurkenna frumkvæðis- og forustuhlutverk sitt eða hvort þessi Norðurlandsáætlun verður aðeins almenn hugleiðing um ástand og horfur í atvinnumálum Norðlendinga, sam-

in í þeim tilgangi, að frambjóðendur stjórnarflokkanna geti í næstu kosningum veifað þessu töfraorði, „Norðurlandsáætlun", framan í kjósendur og talið þeim trú um, að með þessu fína plaggi verði vandamál þeirra endanlega leyst.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi jók ekkert við hróður sinn með þeim eftirmála, sem hann var að þylja núna í sambandi við fsp. sína. Það var aðallega það, að ríkið þyrfti að taka forustuna í sínar hendur í atvinnumálum Norðlendinga. Án þess að ég skuli nokkuð út í það fara, er það vitað, að einmitt á þeim stað, sem hann telur sig nú búsettan, þessi hv. þm., hefur það verið talin ein meinsemdin á undanförnum árum, að það opinbera hefði haft of mikil afskipti af atvinnumálum og hindrað það, að upp kæmust atvinnutæki einstaklinga. Þetta ætti hann að þekkja úr sinni eigin heimabyggð.

Ég þarf svo engu við að bæta svar hæstv. félmrh., en það var næsta eðlilegt um þá n., sem ég skipaði sem iðnmrh. eftir samþykkt Alþingis 1964, að eftir að hún hafði skilað sínu bráðabirgðaáliti, var hafin samvinna milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna á Norðurlandi og skipuð atvinnumálanefndin, sem nú hefur verið gerð grein fyrir, og ríkisstj. hefur síðan að sínu leyti lagt sig fram um að leggja fé til umbóta, til þess að þær bráðabirgðaráðstafanir eða skyndiráðstafanir, sem var talað um, að þessi n. hefði ákvarðanir um, gætu komið til framkvæmda. Þegar málum var svo komið og eftir að í uppsiglingu var Norðurlandsáætlunin, talaði ég um það við formann fyrstu n., sem skipuð hafði verið, að hennar hlutverki væri eðlilega lokið. Það er sannast að segja ákaflega einkennilegt, að nokkrum þm. skuli finnast einhver furða að slíkum vinnubrögðum og einhver leyndardómur yfir starfsemi manna, sem unnið hafa að því að rétta við hag ýmissa byggðarlaga á Norðurlandi að undanförnu. En ég tel, að það sé fullt samræmi, frá því að fyrst var skipuð n. hér eftir ákvörðun Alþ. af iðnmrh. og í þeim síðari ráðstöfunum, sem hæstv. félmrh. hefur greinilega gert grein fyrir.

3. Rekstrarvandamál hinna smærri báta.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:

Fsp. til sjútvmrh. um rannsókn á rekstrarvandamálum hinna smærri báta [27. mál, 4] (A. 27).

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Síðan ég lagði fram fsp. mínar um það, hvað liði störfum vélbátanefndarinnar, og það, hvort álitsgerð n. yrði birt opinberlega og hvenær, hefur það ánægjulega gerzt, að dreift hefur verið meðal þm. fjölritaðri álitsgerð umræddrar n., og þetta vil ég þakka. Með því er í raun og veru svarað fsp. minum, og hafi framlagning þeirra orðið til þess að hraða birtingu nefndarskýrslunnar, hafa þær þó orðið til nokkurs gagns, því að óneitanlega var ýmsa farið að lengja eftir áliti vélbátanefndarinnar, enda mikil vandkvæði um útgerð vélbáta af vissri stærð og nauðsyn á að finna raunhæfar úrbætur í málefnum þessara báta.

Ég hef lesið skýrslu vélbátanefndarinnar, og við fljótan yfirlestur sýnist mér n. benda á margt, sem athygli er vert í sambandi við hag hinna minni fiskiskipa, sem ekki eru lengur nothæf til síldveiða. En sérstaka athygli hlýtur að vekja sú niðurstaða n., að óhyggilegt sé að auka nú botnvörpuveiðar í landhelgi. Þetta er athyglisvert, vegna þess að fyllilega hefur verið gefið í skyn, að ríkisstj. hafi í hyggju að beita sér fyrir opnun landhelginnar fyrir togarana.

Ég skal ekki ræða meira um þetta mál eða fara neitt efnislega út í það, sem í skýrslunni stendur, enda er ekki vettvangur fyrir það hér í fsp.-tíma. Ég vil aðeins þakka fyrir það, að þessi skýrsla hefur verið birt opinberlega og henni dreift á meðal þm.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég verð að hryggja hv. þm. með því, að það var ekki framlagning hans fsp., sem varð þess valdandi, að vélbátaskýrslunni var hér útbýtt. Það var ákvörðun, sem hafði verið tekin alllöngu áður en fsp. hans var lögð fram, tekin um það á ríkisstjórnarfundi. En það skiptir ekki höfuðmáli. Aðalatriðið er, að alþm. hafa fengið skýrsluna í hendur, og ég vænti þess, að menn kynni sér efni hennar svo sem kostur er, en vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að lýsa því yfir, að till. n. eru í athugun hjá ríkisstj. og unnið hefur verið að því á undanförnum vikum að ræða við þá aðila, sem till. n. snerta.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ræðutími er hér takmarkaður í fsp.-tíma. Það, sem gaf mér ástæðu til þess að grípa aðeins inn í umr., er það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði og lýsti sig mjög ánægðan með í niðurlagi ræðu sinnar, að n. hefði þó komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki bæri að veita aukið leyfi til togveiða innan fiskveiðimarkanna. Þetta hefur verið og verður án efa nokkurt deilumál, en hlýtur að koma að því, að Alþ. verður að gera upp við sig, hvernig það í framtíðinni ætlar að láta vélbátaflotann haga sínum veiðum á þessu svæði.

Ég skal segja það um skýrslu þá, sem hér liggur fyrir, og hygg ég, að það sé nokkuð samhljóða álit margra, sem þar eiga hlut að máli, eigenda vélbáta undir 120 tonnum, að menn höfðu gert sér nokkrar vonir um, að fram kæmu hjá n. ný úrræði til að létta hag og rekstur þessara báta. Því miður virðist þar mjög fátt nýtt að finna. Það getur vel verið, að á því séu mjög miklir annmarkar að benda á nýjar leiðir, enda er mjög fyrir það brennt, að svo sé, að þar komi nokkuð fram, sem áður hefur ekki raunar verið rætt og menn hafa haft til athugunar. Það, sem n. virðist við lauslega athugun helzt koma með í sínu áliti, er hækkun fiskverðs annars vegar, og einnig mælir hún með því, að bátum allt að 65 tonnum að stærð verði nú leyfð dragnótaveiði í stað báta allt að 45 tonnum að stærð áður.

Um fiskverðshækkunina er það að segja, að ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu, að það væri verðlagsráð, sem fyndi hinn rétta og einasta grundvöll, sem hægt væri að finna hverju sinni. Þar eiga hlut að máli aðilar af hálfu bæði sjómanna og útvegsmanna og fiskkaupenda, og þó að ekki verði samkomulag, hefur fiskverðið gengið til úrskurðar, og fram að þessu hafa allir aðilar talið það skyldu sína að hlíta því. Um aukið fiskverð sýnist mér ekki verða um að ræða, nema til komi beint fjárframlag úr ríkissjóði eða annars staðar frá.

Um það að leyfa bátum allt að 65 tonnum að stærð dragnótaveiðar í stað 45 tonna áður, þá er það að sjálfsögðu til bóta. Það hentar kannske sums staðar, þannig að þetta gæti nokkuð aukið fiskveiðarnar, en ég hygg þó, að reynslan hafi sannað undanfarið, að það verður ekki til þess að rétta hag þessara báta. Það er margt, sem þar gerir, bæði hlutaskipti og annað. Dragnótaveiðar eru mun dýrari en t. d. togveiðar, og útvegsmenn munu ekki sjá sér hag í að auka þær í eins miklum mæli og n. gerir ráð fyrir.

Í skýrslu n. kemur það hins vegar fram á bls. 54, að útvegsbændafélög á svæðinu frá Snæfellsnesi að Vestfjörðum leggja það til, að togveiðar séu auknar eða leyfðar innan fiskveiðimarkanna. Vestfirðingarnir eru með skilyrði um, að togurunum verði ekki leyfðar slíkar veiðar. Og á svæðinu allt frá Hafnarfirði og austur um alla suðurströnd landsins leggja þau útvegsbændafélög, sem þar eiga hlut að máli, einnig til, að togveiðar verði leyfðar í auknum mæli innan fiskveiðimarkanna, í Hafnarfirði með vissum takmörkunum um skipastærð og að togurum verði ekki leyfðar slíkar veiðar.

Mér sýnist, að eftir þeim plöggum, sem n. hefur fengið í hendur, hefði hún átt að taka þetta atriði til miklu nákvæmari athugunar en hún þó gerir og hefði átt að komast að þeirri niðurstöðu, að þar sem aðstæður eru fyrir hendi og ráðandi menn á þeim stöðum telja það hag bátaflotans, hefði hún átt að mæla með, að slíkar veiðar væru leyfðar. Rök nefndarinnar gegn þessu er einnig að finna á bls. 56 í skýrslu hennar, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af þeim samningum við erlenda aðila um friðun fiskimiða utan landhelgi, sem n. mælir eindregið með að hafnir verði, álítur hún, að nú sé ekki hentugur tími fyrir Íslendinga til að auka sínar eigin togveiðar í landhelgi.“

Ég þykist muna, að það hafi komið fram hér hjá fiskimálastjóra og einnig hafi það komið opinberlega fram hjá þeim fiskifræðingum, sem um þessi mál hafa fjallað, að þeir hafi talið það orðið tímabært og jafnvel sjálfsagt, að Íslendingar færu að gera ráðstafanir til þess að nota þau veiðisvæði, nota landhelgina meira og einmitt með togveiðum. Ég hygg, að það sé rétt hjá mér, að þeir hafi talið þetta orðið tímabært og sjálfsagt og að erlendum aðilum, sem við eigum skipti við, mundi finnast það sjálfsagt, að við notum það að því marki, meðan við sjálfir teldum ekki, að við værum að ganga um of á fiskistofnana.

Eins og ég sagði í upphafi, er hér mjög takmarkaður tími til umr. um þetta mál. En það hlýtur síðar meir að koma fyrir Alþ. til umr. og ákvörðunar. Í heild hygg ég, að útgerðarmenn og eigendur þeirra vélbáta, sem hér um ræðir, hafi orðið fyrir verulegum vonbrigðum, þegar skýrslan barst og var gerð opinber.

4. Sjónvarp.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:

Fsp. til menntmrh. um sjónvarp [14. mál] (A. 14).

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 5., 6. og 7. fundi í Sþ., 19. og 26. okt., 2. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Sþ., 9. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Ég hef á þskj. 14 leyft mér að bera fram þá fsp. til hæstv. menntmrh., hvenær ráðgert sé, að sjónvarpið nái með útsendingar sínar til Norðurlands. Eins hefði mátt spyrja, hvenær búast mætti við, að sjónvarpið næði til landsmanna allra.

Eins og öllum er kunnugt, hefur að undanförnu mikið verið rætt og ritað um sjónvarp hér á landi í sambandi við sjónvarpsstöð varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sem náð hefur með útsendingar sínar til verulegs hluta

Suðvesturlandsins. Eftir að ráðamenn ákváðu, að hér skyldi koma sjónvarp á vegum ríkisútvarpsins, hefur almenningur fylgzt með framkvæmdum, eftir því sem upplýsingar hafa legið fyrir. Sú spurning hefur að sjálfsögðu vaknað, hve langan tíma það mundi taka, að aðrir landsmenn en þeir, sem hér búa við Faxaflóa, fengju aðstöðu til þess að njóta sjónvarpsins. Bæjarstjórn Akureyrar gerði fyrir nokkru svo hljóðandi samþykkt um sjónvarpsmál, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Akureyrar skorar á ríkisstj. og útvarpsráð, að hraðað verði svo endurvarpsstöðvum fyrir íslenzka sjónvarpið, að byggðir Akureyrar og Eyjafjarðar geti orðið þess aðnjótandi eigi síðar en á næsta vori. Jafnframt beinir bæjarstjórn því til forráðamanna sjónvarpsins að vinna að því eins fljótt og aðstæður leyfa að koma upp skólasjónvarpi."

Ég efast ekki um, að forráðamenn sjónvarpsins hafi áhuga á, að það nái til sem flestra landsmanna. En að sjálfsögðu verður því ekki til leiðar komið án mikilla fjárútláta. Á fjárlagafrv. næsta árs, 1967, eru tekjur og gjöld sjónvarpsins áætluð 56.6 millj. kr. En á gjaldahlið er ekki að finna beinar greiðslur til þess að koma sjónvarpinu út um landið, nema vegna Vestmanneyinga. Er þá ætlunin að aðhafast ekkert í þessu efni á næsta ári annars staðar á landinu?

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta að sinni, þar sem ég vænti upplýsinga frá hæstv. menntmrh.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar ríkisstj. ákvað fyrir tveimur árum að beita sér fyrir því, að komið yrði á fót íslenzku sjónvarpi, var sú ákvörðun byggð á því, að aðflutningsgjöld af innfluttum sjónvarpstækjum skyldu ganga til greiðslu á stofnkostnaði sjónvarpsins, en tekjur af árlegum afnotagjöldum og auglýsingum skyldu standa undir kostnaði við rekstur. Ríkisstj. fór því fram á það við Alþ., að hún fengi heimild til þess að nota aðflutningsgjöld af innfluttum sjónvarpstækjum til greiðslu á stofnkostnaði íslenzks sjónvarps. Samþykkti Alþ. þetta. Síðar samþykkti ríkisstj. að nota þessa heimild frá 1. júlí 1964.

Í framhaldi af þessu samþykkti ríkisstj. till. mínar um, hvernig fyrstu framkvæmdum skyldi hagað. Hef ég áður gert grein fyrir því hér á hinu háa Alþ. Ákveðið var, að fyrstu framkvæmdir væru við það miðaðar að reisa 500 watta sendistöð í Reykjavík. Síðan yrði næsta sporið að reisa 5 þús. watta sendistöð á Skálafelli, en hún mundi ná um Suðurnes, mestallt Suðurlandsundirlendið, Borgarfjörð og sunnanvert Snæfellsnes, eða til um það bil 60% þjóðarinnar, auk þess sem hún næði til endurvarpsstöðva, sem síðar yrðu byggðar í Stykkishólmi, Húnaþingi, Skagafirði og Eyjafirði. Yrði það látið fara eftir fjárhagsgetu sjónvarpsins sjálfs, hvenær Skálafellsstöðin yrði byggð og sömuleiðis hvenær byggðar yrðu endurvarpsstöðvar, er endurvörpuðu sjónvarpsefninu um landið.

Í skýrslu sjónvarpsnefndarinnar svokölluðu, sem skilað áliti í marz 1964, var gert ráð fyrir því, að höfuðstöðvar þess kerfis, sem dreifði sjónvarpsefninu um landið, yrðu á Skálafelli, í Stykkishólmi, á Vaðlaheiði, Fjarðarheiði og Hjörleifshöfða og yrðu þær 5 þús. wött að styrk hver. Gerði n. ráð fyrir því, að þær mundu kosta um 9 millj. kr. hver eða 45 millj. kr. samtals. Auk þeirra yrðu margar minni stöðvar, ýmist 500 wött, 100 wött eða örsmáar stöðvar, 1—10 wött. Áætlaði n., að heildarstofnkostnaður dreifikerfisins um landið yrði 180 millj. kr.

Þessar frumáætlanir sjónvarpsnefndarinnar hafa ekki enn verið endurskoðaðar, en með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af byggingu Reykjavíkurstöðvarinnar, má gera ráð fyrir því, að endurskoðun þessara áætlana leiði til mjög verulegrar hækkunar. Hinn 1. okt. s. l. var hreinn stofnkostnaður Reykjavíkurstöðvarinnar orðinn 38.4 millj. kr. Hún er ekki fullgerð enn. Er áætlað, að svo geti orðið um næstu áramót og muni hún þá kosta um 57.4 millj. kr. Þótt hún megi þá teljast fullgerð, verður þó sjálfsagt einhver aukning nauðsynleg síðar meir. Hér er um að ræða beinan stofnkostnað, þ. e. a. s. kostnað við tæki og húsnæði, en áður en sjónvarpssendingar gætu hafizt, varð að sjálfsögðu að leggja í margs konar undirbúningskostnað, fyrst og fremst launagreiðslur, en auk þess efniskostnað. Þegar tilraunasendingar sjónvarpsins hófust 30. sept. s. l., hafði slíkur undirbúningskostnaður numið 9.9 millj. kr. Ef allur rekstrarkostnaður ársins 1966 er talinn undirbúningskostnaður, nemur hann alls 21.7 millj. kr. Sé allur þessi undirbúningskostnaður talinn til stofnkostnaðar, verður stofnkostnaður Reykjavíkurstöðvarinnar 79.1 millj. kr. Hér er þess þó að geta, að ekki þarf að greiða allan þennan stofnkostnað þegar í stað eða á þessu ári. Er um gjaldfrest að ræða í sambandi við húsakaup og tækjakaup. Það, sem greiða þarf í stofnkostnað og undirbúningskostnað til ársloka þessa árs, nemur 70.2 millj. kr. Til 1. okt. s. l. námu tekjur af aðflutningsgjöldum vegna innfluttra sjónvarpstækja 57.5 millj. kr. Til ársloka eru þessar tekjur áætlaðar 15 millj. kr., þannig að í lok þessa árs verða til ráðstöfunar tekjur af aðflutningsgjöldum að upphæð 72.5 millj. kr., en greiðslur vegna stofnkostnaðar og undirbúningskostnaðar nema hins vegar 70.2 millj. kr., þannig að tekjurnar verða þá í árslok orðnar 2.3 millj. kr. meiri en nemur öllum stofn- og undirbúningskostnaði til áramóta. Auk þess má segja, að ekki sé eðlilegt, að allur rekstrarkostnaður sé talinn undirbúningskostnaður, eftir að sjónvarpssendingar séu hafnar, þótt að vísu sé um tilraunasendingar að ræða. Gera má ráð fyrir, að eitthvert afnotagjald verði ákveðið fyrir þann tíma, sem sjónvarpið starfar á þessu ári, ekki fullt afnotagjald, eins og það verður miðað

við fulla starfrækslu sjónvarpsins, heldur að tiltölu við starfstíma þess. Gætu þá tekjurnar af þeim afnotagjöldum og greiðslurnar fyrir þær auglýsingar, sem birtar eru á árinu, bætzt við eða m. ö. o. gengið til endurgreiðslu á þeim rekstrarkostnaði, sem féll, eftir að sjónvarpssendingar hófust, og talinn var undirbúningskostnaður að framan.

Á næsta ári eru tekjur af aðflutningsgjöldum áætlaðar 17.5 millj. kr. Auk þess verður væntanlega einhver hluti aðflutningsgjaldatekna á þessu ári, 1966, til ráðstöfunar til þess að hefja byggingu dreifikerfisins um landið. Hefur þegar verið ákveðið að byggja stóra endurvarpsstöð í Vestmannaeyjum og endurvarpsstöðvar í Grindavík og Borgarnesi. Stöð sú, sem komið var upp í Vestmannaeyjum í sumar, nær aðeins til kaupstaðarins sjálfs. Stöð sú, sem ákveðið er að koma upp í Vestmannaeyjum, mun hins vegar einnig ná til mikils hluta Árnes- og Rangárvallasýslu, þ. e. a. s. þar sem fjöll ber ekki á milli. Talið er, að nýi Vestmannaeyjasendirinn muni ná til yfir 12 þús. manns. Kostnaðarverð hans er áætlað 2.7 millj. kr. Stöðvarnar í Borgarnesi og Grindavík eru taldar kosta 0.5 millj. kr. hvor og ná til um það bil 2000 manns. Heildarstofnkostnaður þessara þriggja endurvarpsstöðva, sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um, er þannig 3.7 millj. kr.

Augljóst er því, að hægt á að vera að hefja byggingu Skálafellsstöðvarinnar þegar á næsta ári. Endanlegar áætlanir liggja ekki fyrir um, hvað hún mundi kosta, en ekki mundi það verða minna en 12 millj. kr. Þessi stöð yrði hornsteinn dreifingarkerfisins, en þaðan yrði varpað til annarra endurvarpsstöðva. Auk þess mundi hún bæta móttökuskilyrði á þeim svæðum, er þegar hafa sjónvarp, og ná til ýmissa svæða í Borgarfirði og á Suðurlandi, sem Reykjavíkurstöðin og stöðvarnar þrjár, sem ég nefndi áðan, ná ekki til.

Bygging Skálafellsstöðvarinnar er forsenda þess, að unnt sé að reisa endurvarpsstöð á Vaðlaheiði. En Vaðlaheiðarstöðin mundi ná til allrar byggðar í Eyjafirði, en ekki til Siglufjarðar, eða til um það bil 14 þús. manns. Fyrir Siglufjörð yrði hins vegar að reisa litla endurvarpsstöð. Auk þess mundi stöðin á Vaðlaheiði ná til endurvarpsstöðva í Þingeyjarsýslu og Austurlandi, á Fjarðarheiði. Stofnkostnaður Vaðlaheiðarstöðvarinnar yrði hinn sami og Skálafellsstöðvarinnar, eða ekki minni en 12 millj. kr. Hins vegar er þess að geta, að bygging bæði Skálafellsstöðvarinnar og Vaðlaheiðarstöðvarinnar mundi fjölga sjónvarpsnotendum mjög verulega. Ef gert er ráð fyrir því, að í kjölfar Skálafellsstöðvarinnar kæmu kaup á 500 nýjum sjónvarpstækjum og í kjölfar Vaðlaheiðarstöðvarinnar á 1000 nýjum tækjum, yrðu aðflutningsgjaldatekjur af þeirri viðbót tækja, sem beinlínis sigldi í kjölfar þessara tveggja endurvarpsstöðva, um 11 millj. kr. eða upp undir helmingur stofnkostnaðar þeirra. Virðist því, að aðflutningsgjaldatekjurnar 1967 af þeirri aukningu, sem gert er ráð fyrir að verði á innflutningi tækja til Suðvesturlandsins, að frádregnum kostnaði við stöðvarnar í Vestmannaeyjum, Grindavík og Borgarnesi, og viðbótartekjurnar vegna nýrra sjónvarpstækja á Vesturlandi og Norðurlandi nægi til þess að greiða allan stofnkostnað stöðvanna á Skálafelli og Vaðlaheiði. En þegar búið væri að byggja þessar 6 stöðvar, sem ég hef nefnt, hefði þorri landsbúa á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi fengið þjónustu íslenzka sjónvarpsins.

Auðvitað hljóta allar áætlanir um stofnkostnað mannvirkja, sem ekki hefur þegar fengizt reynsla um byggingu á, að vera mikilli óvissu undirorpnar. Sömuleiðis hljóta áætlanir um innflutning sjónvarpstækja í framtíðinni að vera óvissu háðar. Á grundvelli þess, sem ég hef nú skýrt frá, mun þó mega fullyrða, að þegar á næsta ári muni sjónvarpið ekki aðeins ná til Reykjavíkur og Suðurnesja, heldur til meginhluta Suðurlandsundirlendis. Ég tel rétt, að það verði athugað mjög gaumgæfilega nú alveg á næstunni, hvort sú lausn, sem fyrirhuguð hefur verið varðandi flutning sjónvarpsefnis frá Skálafelli til Norðurlands, sé trygg frá tæknisjónarmiði og hver verða muni stofnkostnaður Skálafellsstöðvarinnar og Vaðlaheiðarstöðvarinnar, og tel, að hægt verði mjög fljótlega að taka ákvörðun um byggingu þeirra beggja. Það hlýtur að taka nokkurn tíma að fá afgreidd til þeirra tæki og koma þeim upp, en mér sýnist flest benda til þess, að fjárskortur þurfi ekki að standa í vegi fyrir byggingu þeirra, nema þá að stofnkostnaður reynist miklu meiri en nú er gert ráð fyrir eða innflutningur sjónvarpstækja reynist framvegis mun minni en hann hefur verið.

Ég gat þess áðan, að í upphafi hafi sá grundvöllur verið lagður að fjármálum sjónvarpsins, að aðflutningsgjöldin skyldu standa undir stofnkostnaði, en afnotagjöld og auglýsingatekjur undir rekstrarkostnaði. Þegar búið verður að greiða stofnkostnað aðalsjónvarpsstöðvarinnar, Reykjavíkurstöðvarinnar, og þeirra smástöðva, sem tryggja meginþorra manna á Suðurlandsundirlendinu sjónvarpsafnot, en það verður þegar á næsta ári, tel ég koma til greina að endurskoða þessa stefnu. Ég tel eftir sem áður sjálfsagt, að allar tekjur af aðflutningsgjöldum renni til byggingar dreifikerfisins um landið. En þar eð sjónvarpsnotendum fjölgar auðvitað við aukningu dreifikerfisins, tel ég, að til athugunar komi, að hinar nýju afnotagjaldatekjur, sem sigla í kjölfar stækkunar dreifikerfisins, gangi að öllu eða einhverju leyti til þess að greiða stofnkostnað dreifikerfisins. Grundvallarhugsunin gæti þá verið sú, að afnotagjaldið af tækjum á Suðvesturlandi og auglýsingatekjur stæðu fyrst um sinn undir rekstrarkostnaðinum. Ef ekki væri hægt að koma sjónvarpinu víðar, yrðu tekjurnar hvort eð er ekki meiri. Aðflutningsgjaldatekjurnar og tekjur af afnotagjöldum utan

Suðvesturlands að öllu eða einhverju leyti gengju þá til þess að standa undir stofnkostnaði dreifikerfisins. Ef veruleg hækkun yrði á rekstrarkostnaðinum, gæti auðvitað svo farið, að þörf yrði á hinum nýju afnotagjaldstekjum til þess að mæta þeim kostnaði. Um þetta allt saman er erfitt að segja nema að fenginni reynslu. En mér hefur samt þótt rétt að nefna þessa hugmynd, þar eð grundvallarregla sú, sem ákveðin var í upphafi, er að sjálfsögðu ekki óumbreytanleg. Megintilganginum með henni er þegar náð eða verður náð um næstu áramót. Aðalsjónvarpsstöðin verður þá komin upp og greiðsla stofnkostnaðar hennar og undirbúningskostnaðar tryggð með tekjum af innfluttum sjónvarpstækjum. Jafnframt virðist mér allt benda til, að þess verði ekki nema stutt að bíða, að meginhluti landsmanna á Vesturlandi og Norðurlandi geti notið sjónvarps. Þess verður lengra að bíða, að það nái til Austurlands og Vestfjarða. En stefnan í þessu máli hlýtur hins vegar að vera sú, að allir landsmenn geti sem fyrst notið þjónustu íslenzks sjónvarps.

Fyrirspyrjandi (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir upplýsingar, sem hann gaf hér áðan og benda til þess, að ráðizt verði í það þegar á næsta ári að koma upp svonefndri Skálafellsstöð hér í grennd Reykjavíkur, og í framhaldi af því yrði innan skamms tíma ráðizt í að koma upp endurvarpsstöð á Vaðlaheiði og raunar víðar um land. En það er augljóst af upplýsingum hæstv. ráðh., að það hefur kostað allmikið fé að koma sjónvarpinu upp, ef stofnkostnaður hér í Reykjavík er í kringum 72 millj. og öll kurl sennilega ekki komin til grafar enn þá, og áætlaður stofnkostnaður við að koma upp dreifingarkerfinu sé í kringum 180 millj. kr., þannig að lágmarkskostnaður við þessar framkvæmdir verður sennilega ekki undir 250 millj. kr. Þarna er um mikið fé að ræða. En úr því að ráðizt hefur nú einu sinni verið í þessar framkvæmdir, þeim hefur ekki verið slegið á frest, sem þó hefði að mínu áliti getað komið til greina, hlýtur það að vera krafa fólksins úti á landsbyggðinni, að það verði ekki dregið úr hömlu, að það fái notið þessa mikla menningartækis. Í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á aðeins eitt atriði, sem gæti komið til greina og gæti e. t. v. nokkuð flýtt fyrir því, að unnt yrði að koma sjónvarpinu út um landsbyggðina. Það liggur ljóst fyrir, að rekstrarkostnaður sjónvarpsins kemur til með að verða mjög mikill. Að sjálfsögðu fer sá kostnaður eftir því, hvað lagt er mikið í dagskrána, en ég mundi telja, að meðan sjónvarpið nær ekki út fyrir endimörk Reykjavíkur og næsta nágrennis, sé engin ástæða til þess, að sjónvarpið verði rekið hér á hverjum einasta degi. Með því móti að leitast við að spara — ég vil segja fyrstu mánuðina og jafnvel fyrsta árið og jafnvel annað árið — ætti að vera unnt að leggja meira fé í að koma upp stöðvunum annars staðar. Að sjálfsögðu verða það tekjurnar af sjónvarpstækjunum sjálfum, sem að mestu leyti standa undir uppbyggingunni, en ég vil þó benda á það, að reksturinn hlýtur í þessu sambandi að hafa allverulega þýðingu, og tel því sjálfsagt, að meðan ekki er komið lengra en orðið er, sé full ástæða til þess að viðhafa eins mikinn sparnað og unnt er í rekstri sjónvarpsins.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Í framhaldi af þeim umr., sem hér hafa farið fram, er rétt, að það komi fram, að útvarpsráð hefur jafnan verið þess mjög hvetjandi, að áherzla verði lögð á sem skjótasta dreifingu sjónvarpsins út um landið. En fyrsta skrefið í þá átt er, eins og hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni hér áðan, bygging 5 þús. watta endurvarpsstöðvar á Skálafelli hér við Reykjavík. Það er frá henni, sem á að sjónvarpa til 5 þús. watta endurvarpsstöðvar í Stykkishólmi og til stöðva af sömu stærð á Vaðlaheiði við Eyjafjörð, Fjarðarheiði á Austfjörðum og Hjörleifshöfða á Suðurlandi. Sjónvarpsnot Vestfirðinga, Akureyringa, Eyfirðinga, Austfirðinga og annarra landsmanna velta því á því, að Skálafellsstöðinni verði komið upp hið allra fyrsta.

Nú hefur því hins vegar verið lýst yfir af forráðamönnum sjónvarpsins, að það taki allt að 18 mánuði að fá slíka stöð erlendis frá, eftir að hún hefur verið boðin út, en Skálafellsstöðin hefur enn ekki verið boðin út. Af því tilefni var samþ. eftirfarandi bókun á fundi útvarpsráðs 11. okt. s. l.:

„Það er skoðun útvarpsráðs, að til þess að hraða dreifingu sjónvarps út um landið verði að vinda bráðan bug að því að bjóða út Skálafellsstöðina og koma henni upp."

Hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni áðan, að hann teldi, að hægt væri að hefja byggingu Skálafellsstöðvarinnar á næsta ári. Ég fagna mjög þessari yfirlýsingu, en fæ engan veginn séð, að hún fái staðizt. Það tekur 18 mánuði að bjóða stöðina út, og það er ekki farið að gera það enn þá, og hvernig á þá að vera hægt að hefjast handa um byggingu stöðvarinnar á næsta ári? Skv. fjárhagsáætlun sjónvarpsins á fjárlagafrv. fyrir árið 1967 er ekki heldur gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til Skálafellsstöðvar, aðeins lagt til, að veitt verði fé til lítillar endurvarpsstöðvar í Vestmannaeyjum fyrir uppsveitir Árnes- og Rangárvallasýslu og til þess að ná eitthvað austur á bóginn.

Það er skoðun mín, að ekki komi til mála að slá dreifingu sjónvarpsins á frest út um landið. Við það verður hreinlega ekki unað, að aðeins mesta þéttbýli landsins geti notið þessa merka fjölmiðlunartækis. Í því væri engin sanngirni. Að sjálfsögðu verður tækniaðstaða og fjárhagsgeta þjóðarinnar og sjónvarpsins sjálfs að ráða hér um. En kjarni málsins er þó sá, að ef við höfum efni á því

að koma upp sjónvarpi fyrir Faxaflóasvæðið og Suður- og Suðvesturland á 1—2 árum, höfum við einnig efni á því að koma sjónvarpinu til annarra landshluta á svipuðum tíma. Það er reynslan í öllum löndum, að sjónvarpið nýtur mestra vinsælda í strjálbýlinu. Það eyðir fjarlægðum og einangrunarkennd og kemur með hina stóru veröld inn í stofu til fólksins í borg og sveit. Við Íslendingar höfum haft þá einstæðu afstöðu, að við höfum getað byggt byrjunarframkvæmdir okkar í sjónvarpsmálum á aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum, áður en íslenzkt sjónvarp var til í landinu, og komið íslenzku sjónvarpi fyrir það fé til meiri hluta þjóðarinnar. Engin rök hníga þess vegna að því, að fólk annarra landshluta eigi að bíða lengi eftir þessu merka fjölmiðlunartæki, sem kemur með aukna fjölbreytni, skemmtun og fróðleik til þeirra, sem kost eiga á að njóta þess. Slík ráðabreytni væri aðeins til þess fallin að auka enn á það tilfinnanlega misræmi, sem ríkir um aðstöðu fólksins í strjálbýli og þéttbýli á fjölmörgum sviðum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins láta strax, áður en umr. heldur lengur áfram, koma að leiðréttingu á því eða viðbót við það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði varðandi útboðstíma Skálafellsstöðvarinnar, þannig að það yrði ekki grundvöllur að frekari misskilningi varðandi það mál í þessum umr.

Landssíminn hefur tjáð mér og staðfest það síðast í morgun, að útboðstími Skálafellsstöðvarinnar mundi vera 12 mánuðir eða geta orðið 12 mánuðir hið lengsta, þannig að það á ekki að taka nema 12 mánaða tíma, frá því að ákvörðun er tekin og þangað til vélarnar ættu að geta verið hér á staðnum. Það á því að geta staðizt, og ég þóttist vel vita, hvað ég var að segja, þegar ég sagði áðan, að það ættu að vera möguleikar á því, bæði fjárhagslegir og tæknilegir, að koma Skálafellsstöðinni upp þegar á næsta ári. Það er alveg rétt hjá hæstv. þm., að í fjárlfrv. er ekki gert ráð fyrir byggingu Skálafellsstöðvarinnar á næsta ári. Skýringin á því er sú, að fjárlagafrv. var samið á s. l. sumri, og í sambandi við samningu þess þorði ég ekki enn að gera ráð fyrir því, að unnt væri að taka ákvörðun um byggingu stöðvarinnar svo snemma, að til framkvæmda kæmi á næsta ári, og ástæðan til þess var einfaldlega sú, að þegar fjárlagafrv. var samið á miðju þessu ári, lágu ekki fyrir þær upplýsingar um tekjur af aðflutningsgjöldum, sem fyrir liggja nú í dag.

Ég vona, að menn hafi veitt því athygli, sem ég sagði í skýrslu minni áðan, að tekjur af innflutningi sjónvarpstækja eru áætlaðar á síðustu 3 mánuðum ársins hvorki meira né minna en um 15 millj. kr., og byggist það á reynslunni í okt. s. l., en tekjurnar til 1. okt. frá byrjun nema 57 millj. kr., m. ö. o. tekjurnar á 3 mánuðum einungis nú eru meira en fjórðungur allra tekna frá byrjun. Skýringin á þessu er ofur einföld. Það hefur hlaupið mikill vöxtur, geysilegur vöxtur, næstum ótrúlegur, í innflutning sjónvarpstækja, eftir að íslenzka sjónvarpið tók til starfa. Við gátum auðvitað ekki séð þessa staðreynd fyrir á miðju sumri, þegar frv. til fjárlaga var ákveðið. En menntmrn. eða ríkisstj. mun að sjálfsögðu gera nýjar till. til fjvn. um fjármál sjónvarpsins fyrir 2. umr. með hliðsjón af þessari reynslu, og þá munum við gera ráð fyrir byggingu Skálafellsstöðvarinnar og ég held mér sé óhætt að segja væntanlega Vaðlaheiðarstöðvarinnar líka á næsta ári. En öll þessi mál eru einmitt í sérstakri athugun í menntmrn. og hjá ríkisútvarpinu um þessar mundir, og mun þeim athugunum verða lokið, áður en fjárlögin koma til 2. umr., því að sjálfsagt er að hafa þær tölur, sem maður veit sannastar og réttastar, í fjárlagafrv. sjálfu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa ánægju minni yfir þeirri byrjun, sem orðin er á íslenzku sjónvarpi, og láta í ljós þá skoðun mína, og sjónvarpið eigi að sigla strax undir fullum seglum. Með íslenzku sjónvarpi hefur orðið slík bylting í lífi manna, heimilislífinu, þeirra sem njóta þess, að það er óhugsandi, að það geti lengi staðið svo, að þjóðin verði klofin í þessu tilliti, þannig að sumir njóti sjónvarps, en aðrir ekki.

Nú sýnist mér fjárhagur sjónvarpsins vera glæsilegur og miklu glæsilegri en menn hefðu þorað að vona. Það hefði ekki þótt slæmt fyrirtæki af öðru tagi, sem ætti Reykjavíkurstöðina skuldlausa og vel það núna um áramótin, því að þannig verður þetta eftir upplýsingum hæstv. ráðh., að allur stofnkostnaður Reykjavíkurstöðvarinnar verður greiddur upp í topp og meira til um áramótin. Þess vegna sýnist mér ekki nema eitt koma til greina í þessu, og það er, að strax verði ráðizt í á næsta ári að koma upp öllum þessum stærri stöðvum, sem fyrirhugaðar eru, þannig að þær komi allar í notkun um leið, allar í senn, og þar með sjónvarpið í alla landsfjórðunga í senn. Þetta er ákaflega vel viðráðanlegt skv. þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir. Það þyrfti ekki að taka nema nokkurra milljónatuga lán, sem sjónvarpið gæti leikandi staðið undir, til þess að koma þessu í framkvæmd. Síðan ætti að halda áfram að byggja smærri stöðvarnar út frá þessu með sem mestum hraða, og virðist manni þá fljótt á litið, að þessi mál öll ættu að geta komizt langt áleiðis árið 1968. Hvaða atriði er það fjármálalega í þessu? Það er smáatriði. Það þarf ekki að taka nema sem svarar einu skipsverði eða svo að láni, að því er manni virðist, til þess að hægt sé að framkvæma málið með eðlilegum hraða. Þetta þyrfti að ákveða nú í sambandi við fjárlögin í samvinnu við hæstv. ríkisstj., þannig að hægt væri að bjóða út stöðvarnar með sem

mestum hraða og koma þannig í framkvæmd þeirri nýju áætlun, sem yrði gerð.

Ég vil einlæglega vona, að það verði samkomulag um þessa stefnu, því að þetta er sýnilega mjög vel kleift, og það er afar þýðingarmikið atriði, að þetta glæsilega tæki nái sem fyrst til allra landsmanna.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestfjarða hefur nú raunar tekið fram margt af því, sem ég vildi sagt hafa. En ég vil aðeins árétta það, sem kom fram hjá honum. Og ég vil vænta, að það megi skilja orð hæstv. ráðh. þannig, að það verði ekki lengur bið á því að bjóða út Skálafellsstöðina og jafnframt fleiri stöðvar. Ég vil láta það koma fram, að ég tel það alveg ranga stefnu að ætla að byggja dreifingu sjónvarpsins á tolltekjum einum saman, því að ég óttast, að ef það yrði gert, mundi það ekki taka 3 ár, eins og hægt væri, að koma dreifingunni á, heldur allt að 10 árum, og þess vegna sé það óhjákvæmilegt að gera þetta með þeim hætti, að lán verði tekin til dreifingarinnar.

En í framhaldi af þeim umr., sem hér hafa farið fram, vil ég beina nokkrum fsp. til hæstv. ráðh. í sambandi við rekstur sjónvarpsins sjálfs.

Eins og mönnum er kunnugt, var því lýst yfir af útvarpsstjóra, þegar tilraunasjónvarpið tók til starfa fyrir nokkrum vikum, að ætlunin væri að hefja fullan rekstur á sjónvarpinu 15. nóv. n. k., þannig að þá yrði það 6 daga sjónvarp. Nú eru því miður engar horfur á, að svo verði, og því valda ástæður, sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi hafa tæknimenn sjónvarpsins farið fram á nokkra leiðréttingu á kaupi, sem útvarpið og menntmrh. hafa ekki fallizt á, og ef þessi hækkun fæst ekki fram, munu þeir hætta störfum 1. des. n. k. Það veit enginn, sem maður spyr um, hvar þetta mál er niður komið núna, en ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort það megi treysta því, að þetta mál fáist leyst svo fljótlega, að tæknimennirnir hætti ekki sínum störfum 1. des. n. k., því að þá er að sjálfsögðu sjónvarpið úr sögunni um ófyrirsjáanlegan tíma.

Annað er það, að sjónvarpið hefur farið fram á að fá nokkra fjölgun á starfsmönnum, eða í kringum 10 manns, sem það telur óhjákvæmilegt að fá, ef hér á að taka upp 6 daga sjónvarp.. Útvarpið hefur fallizt á þetta fyrir sitt leyti, ég hygg menntmrh. líka, en mér er sagt, að þetta strandi á svokallaðri bremsunefnd eða hafi fram að þessu, og ég vil beina því til hæstv. ráðh., hvort það mætti ekki vænta einhverra úrslita um þetta mál, því að meðan það fæst ekki fram, verður ekki hægt að auka sjónvarpið neitt að ráði frá því, sem nú er.

Það þriðja, sem stendur í vegi þess, að það sé hægt að hefja fulla sjónvarpsdagskrá, skiptir langsamlega mestu máli, og það er það, hvert afnotagjald sjónvarpsins á að verða, því að fyrr en full vitneskja hefur um það fengizt, er ekki hægt að gera neinar áætlanir um fullt sjónvarp til frambúðar. Útvarpið hefur fyrir löngu gert ákveðnar till. um það, hvert afnotagjaldið ætti að vera, en þetta hefur alltaf strandað á hærri stöðum og strandar enn. Og það er sagt, að það hafi farið fram alls konar útreikningar í því sambandi og kannske sé ákvarðana að vænta, áður en langt um líður. En ég vil spyrja hæstv. menntmrh., hvað þessu máli líði og hvenær megi búast við því, að afnotagjald sjónvarpsins verði ákveðið, því að ef það verður ekki gert fljótlega, mun starfsemin leggjast niður fljótlega vegna fjárskorts, þar sem tolltekjurnar eiga að renna til annarra hluta. Og ég vil enn fremur spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvort það sé ekki alveg ákveðið, hvert sem sjónvarpsafnotagjaldið verður, að það verði miðað við það, að sjónvarpið verði starfrækt 6 daga í viku.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Það hafa allir hér á undan mér lýst miklum áhuga á því, að sjónvarpið næði sem fyrst til allra landsmanna. Við erum allir sammála um, að þeirri stefnu sé fylgt. Spurningin er sú, hvað þetta getur orðið fljótt, og þá skiptir að sjálfsögðu miklu máli, hvað þetta kostar.

Hæstv. menntmrh. gaf upplýsingar um það í sínu svari hér áðan, að stofnkostnaður þess, sem þegar hefur verið gert, sé um 80 millj. Þessi stofnkostnaður var áætlaður í skýrslu sjónvarpsnefndarinnar um 30 millj. Hér er um geysilega mikla hækkun að ræða. En þess er þó að gæta í fyrsta lagi, að sjónvarpsstöðin, sem reist hefur verið í Reykjavík, er allt önnur stöð en sjónvarpsnefndin gerði ráð fyrir, miklu dýrara og meira mannvirki og fullkomnari tæki en gert var ráð fyrir. Í öðru lagi var í áliti sjónvarpsnefndarinnar ekki reiknað með sem stofnkostnaði jafnmiklum rekstri og gert er ráð fyrir í þessari tölu, eða sem svarar um 20 millj. kr. rekstrarkostnaði á þessu ári. Ég bendi á þetta vegna þess, að ég held, að áætlun sjónvarpsnefndarinnar sé ekki svo fjarri lagi, en skv. áætlun sjónvarpsnefndarinnar var gert ráð fyrir, að það kostaði 150 millj. að koma sjónvarpinu til þeirra landsmanna, sem ekki hafa það í dag. Ef við gerum ráð fyrir, — og ég hef ástæðu til að ætla, að það sé ekki mjög fjarri lagi, — að þessi kostnaður sé nú 20% meiri en hann var, þegar áætlunin var gerð, mundi kosta 180 millj. kr. að veita þeim landsmönnum, sem ekki hafa sjónvarpið í dag, aðstöðu til að sjá það. Og hvað eru það margir landsmenn? Það eru 80 þús. landsmenn. Það eru um 110 þús. landsmenn, sem hafa aðstöðu til að sjá íslenzka sjónvarpið í dag. Ef við gerum ráð fyrir því, að 1/10 af þeim, sem hafa aðstöðu til að sjá sjónvarp, kaupi sjónvarpstæki, mundu þessar 80 þús. manna kaupa 8 þús. tæki. Meðaltolltekjur af hverju sjónvarpstæki eru taldar vera 7500 kr., þannig að tolltekjur af þessum tækjum mundu vera um 60 millj. Þá eru eftir

120 millj. af þessum kostnaði. Ef við gerum ráð fyrir, að afnotagjald af sjónvarpi sé 2000 kr. á ári, mundu það vera 16 millj. kr. tekjur frá þessum sjónvarpsnotendum, — ef það væri 3 þús., þá 24 millj. Mér sýnist, að þegar þetta er lagt svona niður, og ég legg sjálfur ekki of mikið upp úr þessum tölum, en tel þær þó þess virði, að það megi við þær miða nokkuð, hvað hér sé um mikið fyrirtæki að ræða, þá sé það augljóst, að þeir 80 þús. landsmenn, sem ekki hafa fengið aðstöðuna í dag, geti og mundu til lengdar standa undir kostnaði, sem af þessu leiddi, í aðflutningsgjöldum og með afnotagjaldi af sjónvarpinu.

Mér sýnist, að það sé augljóst mál, að það eigi að taka þetta mál þeim tökum, að ákveða, að sjónvarpið verði komið til allra landsmanna á ákveðnum tíma, eins og sjónvarpsnefndin gerði. Með því að skapa fólki aðstöðu til þess að geta notað sjónvarpið, sköpum við tekjugrundvöllinn undir því að geta gert þetta. Og sjónvarpsnefndin gerði ráð fyrir tvenns konar áætlun, annars vegar til 5 ára og hins vegar til 7 ára. Mér sýnist á öllu, eins og málið horfir í dag, að það sé raunhæfara og sjálfsagðara að miða við 5 ára áætlunina, þannig að miða við það, að sjónvarpið verði komið til allra landsmanna á árinu 1970. En til þess að þetta sé unnt, verður að gera ráð fyrir því, að það þurfi að taka nokkurt lán. Í till. sjónvarpsnefndarinnar var gert ráð fyrir, að miðað við 5 ára áætlun þyrfti að taka um 30 millj. kr. lán. Ég hygg, að þessi upphæð sé nokkru hærri núna, en mér sýnist allt þetta mál vera þess eðlis, að við eigum að taka á því á þann veg, sem sjónvarpsnefndin gerði ráð fyrir í upphafi.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir með öðrum ræðumönnum hér og láta í ljós ánægju yfir því, að íslenzkt sjónvarp hefur hafið göngu sína. Ég vil líka taka eindregið undir þær skoðanir, sem hér hafa komið fram, að ekki sé við annað unandi í þessu máli en sjónvarpinu sé sem allra fyrst komið til landsmanna allra. Eftir þeim tölum, sem hér hefur verið farið með, og eftir þeirri bjartsýni, sem kom fram í ræðu hæstv. menntmrh., er augljóst mál, að frá fjárhagslegu sjónarmiði er þetta mál, sem er auðvelt að ráða við og leysa. Þess vegna er hægt að vinna að þessu af fullum krafti, eftir því sem tækni leyfir. Og á það vil ég leggja áherzlu. En annars voru það aðeins tvær fsp., sem ég vildi leyfa mér að leggja fyrir hæstv. ráðh.

Sú fyrri lýtur að því, að ég tók ekki eftir því, — má vera, að það hafi farið fram hjá mér, — að hann minntist í sinni skýrslu á Norðurland vestra, og mér er ekki alveg ljóst, hvort endurvarpsstöðin á Vaðlaheiði á að draga þangað, eða með hverjum hætti Skagafjörður og Húnavatnssýslur eigi að verða aðnjótandi þessara gæða. En hitt tók hann reyndar fram, að sérstaka stöð þyrfti fyrir Siglufjörð. Um þetta atriði vildi ég spyrja.

Hin spurningin lýtur að því, hvort ekki sé að vænta nú á næstunni frv. til l. um sjónvarp. Ég hef verið þeirrar skoðunar, og hefur sú skoðun komið fram hér áður á Alþ., að það væri helzt til veikur lagagrundvöllur undir stofnun hins íslenzka sjónvarps. Ég verð að álíta, að sú skoðun hafi nú verið staðfest af dómstólum, þar sem dómar hafa gengið í málum Vestmanneyinga og þeir hafa fallið á sömu lund, bæði í héraðsrétti og hæstarétti, og þó að ég hafi ekki séð þá dóma, skilst mér, að þeir séu byggðir á því, að ríkisútvarpið hafi ekki átt aðild að því máli, sem þar var um að tefla. Hér var frá því skýrt áðan, að það væri í ráði að taka ákvörðun um afnotagjöld og fara að heimta þau inn á næstunni. Væri nú ekki vissara fyrir hæstv. ráðh. að afla sér ótvíræðrar lagaheimildar, áður en farið væri að innheimta þau afnotagjöld, þannig að það yrði ekki þar sama niðurstaðan og í máli Vestmanneyinga?

Það má segja, að þetta atriði, hvort það sé fastur lagagrundvöllur undir þessari stofnun eða ekki, sé lítilræði og lítilsvert í sambandi við það stórmál, að íslenzkt sjónvarp er komið af stað, og um það erum við allir sammála. Og sumir líta kannske svo á, að það sé í sjálfu sér smámál og nánast formsatriði að vera að fárast um það, hvort lagasetning er fyrir hendi um svona stofnun eins og sjónvarp, ef þetta gengur annars allt að öðru leyti vel. Ég er þar á annarri skoðun. Ég álít, að einmitt með svona starfsháttum eins og við hafa verið hafðir í sambandi við þetta mál sé skapað fordæmi, sem gæti verið hættulegt. Ég álít, að það eigi ekki að vera svo, að það sé hægt að setja upp stórar stofnanir hér á landi, án þess að lagagrundvöllur sé fyrir þeim fenginn. Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti. — Ég tek undir með síðasta ræðumanni, að það væri eðlilegt, að framkvæmdaáætlun í þessu máli væri einmitt fest í lögum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. beindi til mín nokkrum fsp., sem ég skal svara með örfáum orðum.

Hann nefndi það, að ágreiningur væri um launamál tæknimanna. Það er mér að sjálfsögðu kunnugt, og er unnið að því að fá lausn á því máli. Það er í höndum réttra aðila, sem um slík mál fjalla, og vona ég, að lausn finnist á þeim vanda.

Varðandi ósk ríkisútvarpsins um fjölgun starfsmanna sjónvarpsins er það að segja, að þau mál eru líka til athugunar hjá þeim aðilum, sem um þau fjalla í stjórnarráðinu.

Um afnotagjaldið er það að segja, að afnotagjald fyrir bæði útvarp og sjónvarp mun verða ákveðið alveg á næstunni, eða að ég vona nokkru eftir miðbik þessa mánaðar.

Varðandi fsp. þá, sem hann bar fram um væntanlegan starfstíma íslenzka sjónvarpsins,

er það að segja, að allar áætlanir hafa verið við það miðaðar, að þegar sjónvarpið er tekið til fullra starfa, verði sjónvarpað að meðaltali 4 klukkustundir á dag sex daga vikunnar.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, spurði, hvort gert væri ráð fyrir því, að endurvarpsstöðin á Vaðlaheiði dygði einnig fyrir Skagafjörð. Henni er fyrst og fremst ætlað að þjóna, auk Eyjafjarðar, Þingeyjarsýslum og auk þess ná til Austurlandsins. Skagafjörður verður í nánari tengslum við Vestfjarðakerfið, þ. e. a. s. Vestfjarðakerfinu er ætlað að ná áfram til Skagafjarðar um endurvarpsstöð á Blönduósi. Mun aðeins nánar vikið að þessu í sambandi við svar við fsp. um Vestfjarðasjónvarpið.

Þá spurði hv. 3. þm. Norðurl. v., hvort til stæði að flytja frv. um breyt. á l. um ríkisútvarp til þess að treysta lagagrundvöll undir starfsemi íslenzks sjónvarps, þar með innheimtu afnotagjalda fyrir íslenzka sjónvarpið. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., sem forsrh. flutti í upphafi þessa þings, var frá því skýrt, að eitt af þeim frv., sem stjórnin mundi leggja fyrir þingið, væri einmitt frv. til breytinga á l. um útvarpsrekstur ríkisins til þess að taka upp í þau lög ótvíræð ákvæði um starfsemi íslenzks sjónvarps. Mun frv. um þetta efni verða lagt fyrir hv. Ed. einhvern allra næstu daga, e. t. v. á morgun.

5. Sjónvarp til Vestfjarða.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:
Fsp. til menntmrh. um sjónvarp til Vestfjarða [27. mál, 2] (A. 27).

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 6. og 7. fundi í Sþ., 26. okt. og 2. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Sþ., 9. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Íslenzkt sjónvarp er nú tekið til starfa í landinu og ber að fagna því. Það virðist hafa farið vel af stað, og það hefur þegar áunnið sér vinsældir. Hin tæknilega hlið þess er, með fáum undantekningum, í góðu lagi, að manni sýnist. Um sjálft sjónvarpsefnið er allt of snemmt að fella neina dóma enn þá, enda ekki við því að búast, að öllum kröfum manna til sjónvarpsins verði fullnægt, um leið og það er að stíga fyrstu sporin. Og þó verður að viðurkenna, að nú þegar hafa verið fluttir góðir sjónvarpsþættir, og ég get ekki látið hjá líða að drepa á einn sérstaklega, þátt Tómasar Guðmundssonar skálds, en þar fór saman, að skáldið sjálft, ljóð hans og flutningur, allt var þetta með ágætum.

Ég tel, að vel hafi verið að þessu máli unnið og með meiri hraða en búast mátti við, og ber sannarlega að þakka það. Sjónvarpið er mikilsverð nýjung, sem á sjálfsagt eftir að marka sín spor í þjóðlífið engu síður en útvarpið hefur gert. En hér veltur á miklu, hversu tekst til um sjónvarpsefnið. Verði sá vandi vel af hendi leystur, efast ég ekki um, að sjónvarpið verði til mikils gagns og ánægju meðal þjóðarinnar. Ég trúi því t. d., að það muni skapa meiri kyrrð og meiri festu á heimilum manna, ungir sem gamlir geti fundið þar margt innan sinna eigin veggja, sem þeir annars leita að annars staðar, oft með vafasömum árangri. En mestri breytingu mun þó sjónvarpið valda í sveitum þessa lands og þorpum víðs vegar, þegar það nær þangað, því að þar er ekki jafnmargra kosta völ um fróðleik og skemmtiefni eins og í fjölmennum kaupstöðum. Þörf fólksins í þessum byggðarlögum fyrir sjónvarp er því miklu meiri en annarra. Ég lít því á íslenzkt sjónvarp, sem flytur vandað efni, sem eina af þeim mörgu ráðstöfunum til jafnvægis í byggð landsins, sem þarf að koma í framkvæmd hið allra fyrsta, og þess vegna verði að vinna að því af öllu kappi, að sjónvarpið nái til landsins alls og það sem fyrst.

Það hefur komið fram í umr. hér áðan, að hér er um miklu auðveldara mál að ræða en margur hefur ætlað. Fjárhagsgrundvöllurinn undir stofnun sjónvarpsins virðist vera mjög góður, og það er sýnilegt, að það þarf ekki að taka mörg ár, hvað fjáröflun snertir, til þess að koma sjónvarpinu á um allt land, ef menn aðeins vilja það. Það hefur annað eins verið gert áður og að taka bráðabirgðalán, það þarf ekki nema til örfárra ára, til þess að koma þessu af á örskömmum tíma. Þannig virðist fjárhagsgrundvöllurinn vera eftir upplýsingum hæstv. ráðh. að dæma. Og um það, sem hér kom fram hjá einum ræðumanni áðan, að honum fyndist, að það væri hægt að binda sig við 5 ára áætlun í staðinn fyrir 7 ára, þá tel ég enga þörf á að binda sig við þær áætlanir. Það er auðvelt að koma þessu á á 1—2 árum, ef fullur vilji er fyrir hendi.

Ég hef leyft mér að leggja hér fram fsp. til hæstv. menntmrh. um sjónvarp til Vestfjarða, svo hljóðandi:

„1. Hvenær má búast við, að Vestfirðingar geti notið sjónvarps? 2. Eru einhverjir erfiðleikar á því, að sjónvarpa til einstakra byggðarlaga á Vestfjörðum, og ef svo er, hvaða byggðarlög eru það?“

Það komu ekki fram í umr. áðan nein tímatakmörk um, hvenær sjónvarp kæmist á, annars staðar en hér á Suður- og Suðvesturlandi, en vonir stæðu til, að hægt væri að koma fljótlega í framkvæmd einhverju

í þeim efnum fyrir Norðurland. En það vantar alveg svör við því, hvað verður t. d. um Vestfirði. En eftir ræðu hæstv. ráðh. sé ég, að það er auðvelt að koma sjónvarpi á, hvað fjárhagshliðina snertir, á mjög skömmum tíma. Hinu bíð ég eftir, að hæstv. ráðh. svari.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Forsenda þess, að unnt sé að sjá Vestfjörðum fyrir sjónvarpsþjónustu, er fyrst og fremst sú, að lokið hafi verið byggingu endurvarpsstöðvar á Skálafelli, en sú endurvarpsstöð er hornsteinn dreifingarkerfis sjónvarpsefnis frá sjónvarpsstöðinni í Reykjavík. Skálafellsstöðin mundi þó ekki geta endurvarpað sjónvarpsefni til Vestfjarða. Endurvarp yrði að grundvallast á stórri endurvarpsstöð í Stykkishólmi, sem mundi ná til mestalls Breiðafjarðarsvæðisins, svo og endurvarpsstöðvum á Vestfjörðum og Blönduósi. Stöð á Blönduósi mundi síðan endurvarpa til Skagastrandar, en þaðan yrði endurvarpað til Strandasýslu.

Heildarkostnaður sjónvarpsstöðva, er ná til allra Vestfjarða, mundi samkv. mjög lauslegri áætlun vera sem hér segir:

Stykkishólmur fyrir Breiðafjörð 11.3 millj. Patreksfjörður fyrir Patreksfjörð 3.3 millj. Hrafnseyri fyrir Bíldudal 3.3 millj. Þingeyri fyrir Þingeyri 3.3 millj. Melgraseyri fyrir innanvert Djúp og til endurvarpsstöðvar á Arnarnesi 3.3 millj. Arnarnes fyrir Ísafjörð, Bolungarvík og fleiri staði 3.3 millj. Súðavík fyrir Álftafjörð 3.3 millj. Önundarfjörður, þ. e. a. s. jarðstrengur fyrir Önundarfjörð, 4.7 millj. Suðureyri, einnig jarðstrengur fyrir Suðureyri, 6 millj. Blönduós fyrir Húnaflóa og endurvarpsstöð á Skagaströnd 6.7 millj. Og Skagaströnd fyrir Skagaströnd og Strandasýslu 3.3 millj.

Heildarstofnkostnaður til þess að koma sjónvarpi til Vestfjarða mundi nema mjög lauslega áætlað 52 millj. kr. Þess er þó að geta, að þessar framkvæmdir mundu einnig þjóna fleiri byggðum en Vestfjörðum, þ. e. a. s. Snæfellsnesi, Dalasýslu, Húnavatnssýslu og Skagafirði með endurvarpsstöð, er tæki við frá Blönduósi. Stofnkostnaður á Vestfjörðum sjálfum mundi nema rúmum 30 millj. kr. mjög lauslega áætlað.

Ég hef áður gert grein fyrir því, að ég tel, að fyrst ætti að byggja höfuðstöðvar dreifikerfisins um landið, þ. e. a. s. stöðvar á Skálafelli, í Stykkishólmi, á Vaðlaheiði, á Fjarðarheiði og á Hjörleifshöfða. Breiðafjörður mundi hafa full not af Stykkishólmsstöðinni. Ég vona, að hv. þm. skilji, að ég treysti mér ekki á þessari stundu til þess að láta í ljós neina skoðun á því, hvenær byggingu þessara aðalstöðva gæti verið lokið, og þá ekki heldur, hvenær unnt væri að hefja byggingu minni stöðvanna. En ég tel sjálfsagt, að um þetta allt verði bráðlega gerðar sem ýtarlegastar áætlanir, þannig að upplýsingar liggi fyrir bæði um tæknimöguleika og kostnað, þannig að að jafnaði sé unnt að efna til framkvæmda, þegar fjárhagsaðstæður leyfa. Stefnuna tel ég, eins og ég hef áður sagt, eiga að vera að gera öllum landsmönnum kleift að njóta þjónustu íslenzka sjónvarpsins svo fljótt sem unnt er.

Fyrirspyrjandi (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, en ég harma það þó, að aðalsvarið liggur ekki fyrir enn. Hvenær eiga Vestfirðingar von á því að njóta sjónvarps? Þessu er nefnilega ósvarað, og það var þó aðalatriðið. Eins og ég sagði hér áðan, er það sýnilegt, að fjárhagsins vegna þarf ekki að draga þetta lengi, og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvers vegna þarf að reisa allar þessar stóru endurvarpsstöðvar fyrst og láta hitt allt bíða þangað til einhvern tíma, ef fjárhagsgrundvöllur er fyrir því að gera þetta allt samtímis? Hvað er það, sem hindrar það? Hvers vegna þarf fyrst að fara að byggja endurvarpsstöð í Stykkishólmi og aðra á Blönduósi o. s. frv.? Er ekki hægt að byrja samtímis á endurvarpsstöðvum víða annars staðar á landinu, t. d. á Vestfjörðum, sem á mjög mörgum stöðum munu kosta litla peninga eða rúmar 3 millj. hver? Er eitthvað í veginum með þetta tæknilega séð? Ef það er aðeins fjárhagsgrundvöllurinn, sem talinn er erfiður, fæ ég ekki séð það eftir þeim upplýsingum að dæma, sem hér hafa komið fram, og jafnvel þó að tekjuöflunin dygði ekki, er enginn vandi að taka bráðabirgðalán til þess að koma sjónvarpi upp á skömmum tíma, ef vilji er fyrir hendi. Hitt kann að vera, þó að ég viti það ekki, að einhverjir tæknilegir örðugleikar hindri það. En það hefur a. m. k. ekki komið fram enn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er einföld skýring á því, hvers vegna nauðsynlegt er að byggja stóru stöðvarnar, áður en litlu stöðvarnar eru byggðar, og hún er sú, að stóru stöðvarnar eru forsenda þess, að litlu stöðvarnar geti starfað. Litlu stöðvarnar fá myndina frá stóru stöðvunum, og þess vegna er eðlilegt að byggja stóru stöðvarnar kringum allt landið fyrst, að því er ég tel, og þannig, að allir landshlutar eigi jafna aðstöðu til þess að hagnýta sér myndina frá hornsteinum dreifikerfisins. Þar á eftir verður síðan tekin ákvörðun um það, í hvaða röð verður framkvæmd áætlun um byggingu litlu stöðvanna.

6. Lýsisherzluverksmiðja.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvmrh. um lýsisherzluverksmiðju [37. mál] (A. 39).

Á 6. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 2. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Sþ., 9. nóv., var fsp. tekin aftur til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Daginn 5. maí 1965 var samþ. hér í hv. Sþ. ályktun um lýsisherzluverksmiðju. Með þeirri ályktun fól Alþ. ríkisstj. að láta þá þegar kanna möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort nú sé orðið tímabært að byggja verksmiðju til herzlu síldarlýsis samkv. ákvæðum laga frá 1942. Í framhaldi af þessu var svo ályktað, að ef rannsóknirnar sýndu hagstæða útkomu, skyldi þegar kannað til hlítar, hvar verksmiðjan skyldi staðsett, og að því loknu hefja undirbúning að byggingu hennar.

Á næsta þingi, eftir að þetta var samþ., bárum við þm. úr Norðurlandskjördæmi vestra, ásamt landsk. þm., fram fsp. um málið, en við höfðum verið flm. á þinginu 1964 að þessari þáltill., sem ég áður gat um.

Hæstv. sjútvmrh. svaraði fsp. okkar á þingi í fyrra, 16. des. Hann sagði þar, að rn. hefði falið Síldarverksmiðjum ríkisins athugun málsins samkv. fyrirmælum í þáltill. frá Alþ. Hann sagði einnig, að vegna annríkis hjá framkvæmdastjórum síldarverksmiðjanna hefði verksmiðjustjórnin farið þess á leit við rn., að ráðinn yrði sérstakur maður til þess að vinna að málinu fyrir verksmiðjurnar. Og þetta var gert. Til þess var ráðinn Jón Gunnarsson verkfræðingur, sem eitt sinn var framkvæmdastjóri Síldarverksmiðja ríkisins. Og nú höfum við, allir þm. Norðurlandskjördæmis vestra ásamt tveimur landsk. þm., leyft okkur að flytja fsp. til sjútvmrh. um þetta mál. Hún er á þskj. 39 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað er að frétta af rannsókn þeirri, sem samkvæmt ályktun Alþ. var hafin 1965 á því, hvort tímabært sé að byggja lýsisherzluverksmiðju hér á landi?"

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur lesið þál. þá, sem er forsenda þeirrar fsp., sem hér er fram borin, og tel ég eðlilegt, að henni verði svarað á eftirfarandi hátt:

Vegna þál., sem fyrirspyrjandi minntist á og samþ. var hér á Alþ. 5. maí 1965, ritaði rn. Síldarverksmiðjum ríkisins hinn 25. maí 1965 bréf, þar sem rn. fól verksmiðjunum að kanna möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort nú sé orðið tímabært að byggja verksmiðju til herzlu síldarlýsis samkv. ákvæðum l. nr. 93 frá 1942, eins og í þál. segir. Eins og hv. fyrirspyrjandi skýrði frá í ræðu sinni hér á undan, hafa Síldarverksmiðjur ríkisins síðan haft þetta mál til athugunar, en vegna mikilla anna við dagleg störf í þágu verksmiðjanna höfðu framkvæmdastjórar Síldarverksmiðja ríkisins ekki aðstöðu til að sinna þessari athugun sem skyldi, og fór stjórn síldarverksmiðjanna þess á leit við rn., að það samþykkti, að ráðinn yrði sérstakur maður til þessara starfa. Samþykkti rn., að það skyldi gert.

Jón Gunnarsson verkfræðingur var síðan ráðinn til þessa starfs, og hóf hann þegar rannsóknir og skilaði nýlega ýtarlegri skýrslu um málið, en álitsgerð sína nefnir hann: „Er orðið tímabært að byggja síldarlýsisherzluverksmiðju á Íslandi?" Álitsgerð þessi var send rn. með bréfi Síldarverksmiðja ríkisins, dags. 25. f. m., og er eðlilegt, að nokkrum orðum sé um þetta álit Jóns Gunnarssonar farið, en í álitsgerð sinni telur Jón Gunnarsson tímabært, að byggð verði lýsisherzluverksmiðja hér á landi. Höfuðrök hans fyrir þeirri niðurstöðu eru fyrst og fremst þau, að hann telur afurðirnar seljanlegar og að rekstur verksmiðjunnar geti orðið hagkvæmur. Ekki byggir hann þó þessar niðurstöður sínar eingöngu á þessum rökum, heldur bendir hann einnig á, að herzluverksmiðja mundi verða vísir í þá átt að skapa breiðari markaðsgrundvöll fyrir síldarlýsið en nú er og þar með tryggja öruggara og betra verð. En síldarlýsi hefur um langt skeið að langmestu leyti eða um 80% magnsins verið selt til eins aðila. Einnig bendir hann á, að með lýsisherzluverksmiðju mundu Íslendingar fá reynslu í hreinsun og herzlu síldarlýsis og með fullkominni efnarannsóknarstofu í sambandi við lýsisherzluverksmiðju gætu þeir unnið með nýjum og ætíð fullkomnari vinnsluaðferðum á lýsi til að gera úr því fullkomnari og verðmætari vöru. Jón Gunnarsson bendir enn fremur á, að lýsisherzluverksmiðja mundi gera útflutning á smjörlíki framkvæmanlegan. Einnig skapaðist grundvöllur fyrir iðnað úr ýmsum úrgangsefnum verksmiðjunnar.

Jón Gunnarsson verkfræðingur hefur með bréfum til stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, hinu fyrra dags. 10. júní og hinu síðara 28. okt. s. l., getið þess, að hann teldi, að hagkvæmast mundi vera að staðsetja verksmiðjuna í nágrenni Reykjavíkur. Til skýringar á þessari skoðun sinni bendir verkfræðingurinn á lægra raforkuverð í nágrenni Reykjavíkur, lægri farmgjöld á vörum milli verksmiðjunnar og útlanda, ef verksmiðjan væri í nágrenni Reykjavíkur, og hugsanlega hafíshættu fyrir Norður- og Austurlandi. Hann

bendir einnig á, að auðveldara sé að fá sérmenntaða menn til starfa í nágrenni Reykjavíkur en á Norður- og Austurlandi. Einn liðurinn í starfi lýsisherzluverksmiðju yrði væntanlega sá að sjá smjörlíkisgerðum í Reykjavík fyrir ódýru hráefni til smjörlíkisgerðar fyrir innlendan markað og til útflutnings. Hið herta lýsi þyrfti því að koma óstorknað daglega til smjörlíkisgerðanna á geymum eða í tankbíl. Þetta telur hann hins vegar ókleift, ef verksmiðjan væri á Norður- eða Austurlandi, og vegna þessara atriða telur Jón Gunnarsson hagkvæmast að staðsetja lýsisherzluverksmiðju í nágrenni Reykjavíkur.

Rétt er að taka það fram, að það, sem hér hefur verið rakið um byggingu síldarlýsisherzluverksmiðju hér á landi, er eingöngu álit Jóns Gunnarssonar verkfræðings um málið. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur enn ekki látið uppi álit sitt um þetta mál. Rétt er og að upplýsa, að rn. hefur óskað eftir því, að Efnahagsstofnunin láti því í té álit sitt á þessari skýrslu Jóns Gunnarssonar verkfræðings. Einnig hefur rn. óskað álits stofnunarinnar, sem vinnur nú að framkvæmdaáætlun hinna ýmsu landshluta, um það atriði, hvort hún telji, að bygging slíkrar verksmiðju sé tímabær, svo og um staðsetningu hennar.

Ég vona, að þessar upplýsingar nægi hv. fyrirspyrjendum sem svar við fsp.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin við fsp., og ég tel það gleðilegt, að þarna kemur fram það álit hjá þessum verkfræðingi, sem hefur athugað málið, að það sé tímabært að koma upp slíkri verksmiðju hér á landi, og hann telur, að afurðir frá henni muni vel seljanlegar. Þetta er gott að heyra. Þetta er aðalatriðið í málinu.

Hitt, álit hans, hvar hún eigi að vera staðsett, er atriði, sem náttúrlega þarf að athuga nánar. Ég hefði haldið, að það hefði eitthvað að segja, hvar hráefnið fellur aðallega til, en það er nú enn sem komið er a. m. k. meira af því annars staðar, í öðrum landshlutum, en hér í Reykjavík. En það er mál, sem vitanlega þarf að taka ákvörðun um og verður tækifæri til að ræða um síðar og ég geri ekki að frekara umtalsefni í þessum fsp.-tíma. En ég vildi aðeins spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort alþm. mættu ekki vænta þess að fá þessa skýrslu verkfræðingsins. Ég hefði talið það æskilegt. Og síðan vænti ég þess náttúrlega, að málið verði upp tekið til framkvæmda hið allra fyrsta.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvmrh., hvaða stærð Jón Gunnarsson hefur reiknað með, þegar hann talar um lýsisherzluverksmiðju. Og mér finnst dálítið undarlegt, að hann skuli tala um, að hún skuli vera staðsett í Reykjavík með tilliti til þess, að það eigi að láta smjörlíkisverksmiðjurnar fá hert lýsi. Ég veit ekki betur en hér hafi verið komið upp lítilli lýsisherzluverksmiðju fyrir smjörlíkisverksmiðjurnar í Reykjavík fyrir allmörgum árum. Það er vitanlegt og hefur verið upplýst hér á Alþ. áður, að það var búið að kaupa heiztu vélar til lýsisherzluverksmiðju, stórrar lýsisherzluverksmiðju, og það varð að selja þær vélar, vegna þess að tök brezka hringsins Unilever eru svo sterk á þessum markaði, að menn treystu sér ekki til að koma upp lýsisherzluverksmiðju til þess að keppa við hann. Og mér finnst það fullmikil feimni hjá hæstv. ráðh. að nefna það ekki hérna áðan, þegar hann er að tala um, að 80% af sölunni fari fram til eins aðila, að það sé til Unilever-hringsins eða deilda hans. Hvað á þessi feimni að þýða? Menn eru að rövla hér öðru hverju, að það sé til hér einhver frjáls samkeppni, en kinoka sér við að viðurkenna þá staðreynd, að þorrinn af þessum vörum er þannig einokaður af einokunarhringum, að það er vart hægt að komast fram hjá þeim.

Ef við hugsum til lýsisherzluverksmiðju, er það fyrst og fremst með útflutning fyrir augum, en það á ekki að láta sér detta í hug að miða við þann smámarkað, sem nokkrar smjörlíkisverksmiðjur á Íslandi eru, sem voru að vísu að koma sér upp smálýsisherzluverksmiðju, náttúrlega alveg ópraktískri og allt of lítilli, meðfram til þess að það væri hægt að eyðileggja það, — þetta gerðist í kringum 1950, — að það væri hægt að tala um stærri verksmiðju og taka upp einhverja baráttu við Unilever.

Ég tek undir þá ósk, að við þm. fáum þessa skýrslu í hendur, því að það væru hrein skrípalæti að láta sér detta í hug að ætla að fara að byggja á innlendum markaði hvað þetta snertir. Við erum með stærri framleiðendum á síldarlýsi í heiminum, og við ættum, ef við á annað borð ætlum að gera eitthvað í þessum málum, að taka upp þessa baráttu á meginlandi Evrópu. Ég veit einmitt, að það hefur um langan tíma verið þannig, eins og kunnugt er, að Unilever á allar herzluverksmiðjur í öllum kapítalískum löndum Evrópu. Og ég veit, að um langan tíma hefur það verið svo t. d., að Finnland hefur ekki átt lýsisherzluverksmiðju, hefur orðið að flytja allt sitt herta lýsi inn. Finnland er eitt af þeim löndum, þar sem gæti verið markaður fyrir okkur þannig.

Þetta eru atriði, sem við þurfum að fá lögð fyrir okkur. Þetta hefur áður verið rætt hér allmikið og mætti ræðast miklu nánar. En það er eitt, sem mér finnst, áður en við förum að tala alvarlega um þessa hluti, að við þurfum að fá tryggingu fyrir, og það er, að ef það er komið upp lýsisherzluverksmiðju hér á Íslandi, sem ég tel alveg sjálfsagt, að sé annaðhvort á Siglufirði eða Austfjörðum eða einhverjum þeim stað, þar sem síldarlýsi er framleitt, verður að fá tryggingu fyrir því, að eftir að Alþ. hefur ákveðið að byggja slíka lýsisherzluverksmiðju, sé hún ekki seld

Unilever, það endurtaki sig ekki það, sem gerðist með kísilgúrverksmiðjuna, að fyrst er lagt fyrir þingið frv. og samþ. lög um, að ríkið skuli koma upp verksmiðju, m. a. til þess að keppa með þessa vöru, síðan á næsta þingi á eftir er komið og sagt: Ætlum við að láta okkur detta í hug að fara að keppa þarna? Við getum fengið ágætan samning við einn einokunarhring, og við skulum láta þennan einokunarhring fá þetta. Ég vil, að það sé gengið alveg hreint fram í þessum efnum.

Afstöðu Jóns Gunnarssonar í þessu skal ég ekkert segja um, en hins vegar vitum við, að þau tök, sem Unilever hefur haft á Íslandi, hafa verið þau, að þegar samningar hafa farið fram við Breta, verzlunarsamningar, bæði á stríðsárunum og annars, hafði það enga smáræðisþýðingu, hve sterk þau tök voru. Enda var það Unilever, sem hefur ákveðið og ákveður enn að mestu leyti verðið á síldarlýsinu og fellir það, þegar honum þóknast. Síðan er sagt við okkur hér heima, að það séu að verða verðbreytingar á erlendum markaði, rétt eins og það væri með einhverjum öðrum sveiflum en þeim, að einn einokunarhringur ákveði, að nú skuli verðið fellt á ákveðnum mörkuðum. Það er rétt, að menn horfist í augu við, hvað menn eru að glíma við í þessum efnum, og það sé ekki farið á neinn hátt á bak við Alþ. í því, sem gert er í þessu. Það hefur verið gert áður í þessu sambandi, og ég ætla ekki að endurtaka það.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil þakka ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér veitt. Ég vænti þess einnig, að alþm. fái þessa skýrslu hið fyrsta til athugunar. Hér er mikið stórmál á ferðinni, eins og flestum mun vera ljóst, mál, sem lengi hefur verið barizt fyrir og löngu tímabært að koma í framkvæmd. Við Íslendingar höfum of lengi verið aðeins hráefnisframleiðendur og ekki gert nægar ráðstafanir til þess, að hráefnið sé fullunnið í landinu sjálfu.

Hvað það atriði snerti, sem kom fram í upplýsingum ráðh., að sérfræðingurinn leggi til, að verksmiðjan verði byggð í Reykjavík eða nágrenni, finnst mér ástæða til að ræða nánar. Ég er hræddur um, að sá rökstuðningur, sem fram kom hjá hæstv. ráðh. fyrir þessari staðsetningu, sé vægast sagt mjög veikur. Ég náði ekki fyllilega að meðtaka þessi orð hans, en mér heyrðist meginrökin vera þau, að erfitt væri að fá tæknimenn til starfa við verksmiðjur úti á landi, erfitt væri að fá forstöðumenn, hafís mundi valda erfiðleikum og jafnvel rafmagnsskortur hugsanlegur. Einnig mundi markaður hér innanlands fyrst og fremst vera í kringum Reykjavík og nágrenni.

Mér kom það spánskt fyrir sjónir, að úr því farið er að rökræða um það, hvar staðsetja skuli verksmiðjuna, og draga fram röksemdir í því máli, skuli ekki um leið bent á vankantana, sem því fylgja, ef verksmiðjan verður byggð hér. Bygging lýsisgeyma fyrir 8—10 þús. tonn af lýsi væri fyrirtæki, sem mundi kosta margar millj., og þennan kostnað mætti vafalaust spara með því að byggja verksmiðjuna annars staðar. Ég vil undirstrika, að nauðsynlegt er að athuga þetta mál mjög vandlega og miklu betur en virðist hafa verið gert. (Gripið fram í.) Jú, væntanlega mundi það einnig koma þar til álita. Ég er hræddur um, að með þessum sömu rökum og fram komu í ræðu hæstv. ráðh. mætti rökstyðja, að hvert einasta meiri háttar stórfyrirtæki skuli byggt hér í Reykjavík og nágrenni. Ef Norðlendingar eða Austlendingar hefðu hug á að fá meiri háttar stórfyrirtæki, mundi vera bent á þessi sömu rök, til dæmis hafishættuna. Hafishættan er ekki nefnd í fyrsta sinn í sambandi við þetta mál. Það er sagt, að erfitt sé að fá tæknimenn og forstöðumenn verksmiðjunnar til þess að setjast að úti á landi. Slík rök eru auðvitað engin rök. Þá virðist heldur en ekki halla undan fæti fyrir byggðinni úti um landið, ef taka á tillit til slíkra raka og ekki veita mönnum þá aðstöðu úti á landi, að þeir geti fellt sig við að starfa þar og búa þar.

Ég held, að ég hafi þessi orð ekki fleiri að sinni, enda ekki hægt að rökræða slíkt mál í fyrirspurnatíma. Ég stóð upp vegna þess, að hér er kastað fram hugmynd um staðsetningu verksmiðjunnar, hugmynd, sem virðist vera byggð á rökum, sem eru ákaflega veik og alveg ljóst, að jafnvel þótt samin hafi verið, að mér skilst, mjög ýtarleg skýrsla um verksmiðjuna sjálfa og hugsanlegan rekstur hennar, virðist þetta atriði um staðsetninguna algerlega órannsakað mál. Þarf því að athuga það mál miklu betur, áður en farið er að kasta fram einhverjum órökstuddum hugmyndum.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvort síðustu orð svars míns hafa farið fram hjá fleiri hv. þm. en þegar hafa tekið til máls, en ég tel nauðsynlegt að ítreka það, sem ég sagði þar, að allar þær upplýsingar, sem ég tók fram í svari mínu, eru einungis hlutlaus útdráttur úr áliti Jóns Gunnarssonar verkfræðings, og menn mega ekki blanda því saman viljandi eða óviljandi, að hér sé ég að túlka skoðanir ríkisstj. á þessu máli. Það hlýtur að vera öllum hv. þm. ljóst, að ekki er unnt á örfáum dögum fyrir ríkisstj. að leggja mat sitt á þessa skýrslu. En það, sem ég gerði hér, var einungis að draga það út úr áliti Jóns Gunnarssonar verkfræðings, sem ég taldi, að eðlilegt væri, að kæmi fram í svari við þeirri fsp., sem hér var fram borin. Það er því ekki hér um að ræða neitt svar af hálfu ríkisstj., heldur einungis með útdrætti verið að segja frá svari eða till. Jóns Gunnarssonar í þessu efni. Og jafnvel þeir, sem fólu honum þetta verkefni, stjórn síldarverksmiðjanna hefur

sjálf ekki heldur lagt þarna neinn dóm á, svo að álitið verður fyrst og fremst Jóns Gunnarssonar á þessu stigi málsins. Og það, sem hv. fyrirspyrjandi fagnaði hér áðan, er að sjálfsögðu aðalatriði málsins. Niðurstaða verkfræðingsins er sú, að tímabært sé að byggja slíka verksmiðju, og það skilst mér vera höfuðatriði málsins.

Eins og ég skýrði frá í svari mínu, fól rn. þá þegar Efnahagsstofnuninni, sem vinnur að gagnasöfnun um atvinnuástand hinna ýmsu byggðarlaga og áætlunargerð um fjárfestingarstarfsemi og aðrar verklegar framkvæmdir í þeim héruðum, að segja álit sitt á þessari skýrslu Jóns Gunnarssonar, og vænti ég þess, að það fáist mjög fljótlega.

Varðandi þá fsp., sem hv. fyrirspyrjandi beindi til mín og aðrir ræðumenn tóku undir, um það, hvort skýrslan yrði send öllum hv. alþm., skal ég mjög fúslega lýsa því yfir, að ég er reiðubúinn að vinna að því máli. Mér er ekki kunnugt um, hvað upplag þessarar skýrslu er mikið tilbúið, en er þó kunnugt frá einum í stjórn síldarverksmiðjanna, að hann hefur ekki fengið þetta álit í hendur, svo að ekki virðist hafa verið um mikið upplag að ræða. En rn. voru einungis send eintök fyrir alla ráðh., og meira hef ég ekki séð af því magni. Ég tel rétt og eðlilegt að vinna að því, að hv. alþm. fái þessa skýrslu og geti þá kynnt sér þetta álit Jóns Gunnarssonar og þá líði aðra, sem ég taldi ekki þörf á að taka hér upp í svar mitt.

Hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, taldi, að ég hefði með einhverjum hætti verið að kinoka mér við því að segja, hver þessi stóri kaupandi væri, sem keypti hið stóra magn af okkar síldarlýsi. Ef ég hefði verið að því, hefði ég ekkert minnzt á það í ræðu minni, að einn aðili keypti nánast meginhluta síldarlýsisins, svo að það er alveg röng tilgáta, að ég hafi með nokkrum hætti verið að kinoka mér við því, enda væri það rangt. Ég reyndi að leiða það fram í þessu svari mínu hér, sem ég taldi, að eðlilegast væri, að ætti erindi til alþm. úr þessari skýrslu, og alveg óþarfi að leyna þar hlutum eða staðreyndum, sem hafa blasað við okkur um langt árabil, eins og hv. þm. réttilega gat um. Það væri meira en lítið barnalegt, ef ég mætti orða það svo, að ætla að ganga fram hjá þeim staðreyndum, og ég hygg, að varðandi þá hættu, sem í því felst, að einn aðili kaupi meginhlutann af þessum dýrmætu afurðum, sé ekki langt milli skoðana minna og hv. þm. í því efni.

Hv. þm. Ragnar Arnalds taldi, að rökstuðningurinn fyrir staðsetningu væri mjög veikur. Ég skírskota um það til minna fyrstu orða nú, að það eru rök Jóns Gunnarssonar, sem ég gat um þar, en ekki rök ríkisstj., og það mál var jafnframt falið Efnahagsstofnuninni, sem hefur með áætlanagerð í þessum efnum að gera.

Varðandi stærð verksmiðjunnar, sem Jón Gunnarsson leggur til, gengur hann út frá þeirri staðreynd, að hún vinni úr 50 tonnum af lýsi á sólarhring.

Með þessum orðum vona ég, að ég hafi svarað því, sem nauðsynlegt er í sambandi við umr. um málið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er kannske fróðlegt fyrir hv. þm. að athuga einmitt, um leið og hæstv. ráðh. gefur okkur þessar upplýsingar viðvíkjandi síldarlýsinu, — og mér þykir vænt um, að hann er ekkert feiminn við að nefna Unilever eða samþykkja hans aðstöðu, — það er fróðlegt fyrir menn að athuga, að við flytjum út á árinu 1965 82 þús. tonn af síldarlýsi, þar af eru flutt 18 þús. til Bretlands, 21 þús. til Danmerkur, 16 þús. til Hollands, 13 þús. til Vestur-Þýzkalands og svo til nokkurra fleiri landa, en sem sé, allt saman er þetta keypt af sama aðilanum, þó að það sé flutt til allra þessara landa.

Nú virðist Jón Gunnarsson tala um, að þetta eigi að vera verksmiðja, sem framleiði 50 tonn á sólarhring. Ef hún starfar 300 daga á ári, eru það ca. 15 þús. tonn. Ef ég man rétt, var það 2000 tonna verksmiðja, sem var byggð hérna í Reykjavík, til að framleiða handa síldarverksmiðjunum 1950 eða einhvers staðar á þeim árum. (Gripið fram í.) Já, handa smjörlíkisverksmiðjunum. Þá var því svarað, þegar við vorum að berjast hér fyrir því að koma upp síldarlýsisverksmiðju, að það væri búið að koma upp síldarlýsisverksmiðju, það væri hægt að selja þær vélar, sem höfðu verið keyptar 1946, það væri búið að koma henni upp. Jú, það var lýsisherzluverksmiðja til þess að framleiða með dýrara móti en hægt væri erlendis um 2000 tonn alls á ári handa íslenzku smjörlíkisverksmiðjunum. Þegar menn tala um þessa hluti, er ekki til neins að tala um svona smárekstur, og það að láta sér detta í hug að koma upp á Íslandi 15 þús. tonna verksmiðju, lýsisherzluverksmiðju, er tóm della. Ef menn eru að flækjast með þessar smáverksmiðjur, eru menn að drepa sig fyrir fram. Annaðhvort er að þora að leggja í þetta það stórt, að við vinnum úr því lýsi, sem við flytjum út, og þorum að taka þá upp slag við þennan volduga hring, og reyna þá að gera það, sem við getum, til þess að baktryggja okkur með því, að við séum ekki drepnir undireins. En það er bezt, þegar við erum að athuga þessa hluti, að við vitum, út í hvað við göngum, að það sé ekki verið að setja einhver græn gleraugu á menn og telja mönnum trú um, að það þróist frjáls samkeppni alls staðar í kringum okkur, þegar viðurkennt er svo um leið, þegar farið er að kryfja þetta til mergjar, að það sé sami hringurinn, sem einokar markaðinn í öllum löndunum, öllum þeim svokölluðu frjálsu löndum. Þetta er frelsið þar, og það á ekki að vera að reyna að dylja þetta fyrir almenningi. Við verðum að gera okkur grein fyrir, hverju við göngum út frá. Við erum stór aðili í þessu efni, með þeim stærstu í Evrópu. En Unilever er

vissulega miklu stærri aðili en við, og það er ekki bara til þess að snakka um það í sambandi við kosningar og annað slíkt, að það sé ánægjulegt að koma upp lýsisherzluverksmiðjum. Menn verða að þora að segja þjóðinni sannleikann um, hvað hún er að ganga út í að berjast við. Ef það hefði verið raunverulegt Alþ. starfandi á síðari hluta 18. aldar, hefðu menn varla kunnað við annað en nefna hörmangarana einhvern tíma. En núna vilja menn helzt kalla hörmangara-ástandið allt saman frjálsa samkeppni hér á Íslandi. Það kemur ein ríkisstj. hér og situr hér og er að telja okkur trú um, að það sé einhver frjáls samkeppni hérna hringinn í kringum okkur og að við Íslendingar eigum að praktísera þetta, en verður svo, um leið og farið er að kryfja hlutina til mergjar, að viðurkenna, að það eru tómir einokunarhringar alls staðar í kring. Og ef hún hefur blekkt Alþ. til að samþ. einu sinni frv. um kísilgúrverksmiðju, kemur hún á næsta þingi og segir: Við skulum láta John's Manville hafa þetta. — Ef á að fara eins með lýsisherzluverksmiðju, kann ég betur við, að sé gengið hreinna til verks. Þess vegna vildi ég upplýsa, að 15 þús. tonn eru ekki ⅕ hluti af því, sem við Íslendingar framleiðum, það er bara smáverksmiðja, sem mun dæmd álíka til að verða drepin og þegar Vilhjálmur Þór hér á árunum var að heimta áburðarverksmiðju, sem framleiddi 2000 tonn við Eyjafjörð. Það er svona álíka, að það sé verið að byrja þannig í smáum stíl. Við verðum að taka tillit til þess, á hvers konar tæknigöld við lifum, tæknigöld og hringaöld, og við verðum að þora að hugsa út frá því, annars vegar megi það vera stórt, tæknilega séð, og hins vegar gera okkur grein fyrir þeirri baráttu, sem við ætlum að leggja út í við þá hringa, sem við eigum við að fást, en gefast ekki upp fyrir þeim á fyrsta árinu, meira að segja áður en við erum búnir að byggja verksmiðjuna.

7. Úthlutun úr byggingarsjóði.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um úthlutun úr byggingarsjóði ríkisins [47. mál] (A. 51).

Á 7. fundi í Sþ., 2. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 9. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. um það til hæstv. félmrh., hvenær megi vænta næstu úthlutunar úr byggingarsjóði ríkisins. Ég hygg, að ekki þurfi að eyða löngum tíma í að greina ástæður þess, að slík fsp. kemur fram, svo mjög eru húsnæðismálin og lánveitingar til þeirra þýðingarmikil fyrir allan þorra fólks. En þó vil ég fylgja þessari fsp. úr hlaði með örfáum orðum.

Í reglum Húsnæðismálastofnunarinnar mun svo ákveðið, að lánveitingar skuli fara fram vor og haust. Nú er kominn 9. nóv. og ekki er enn farið að starfa að haustúthlutun fyrir yfirstandandi ár. Jafnvel þó að núna strax væri hafizt handa um skiptingu lánsfjárins, er meira en hæpið, að hægt verði að afgreiða öll lánin á þessu ári, og allir hljóta að sjá, hvílíkt óhagræði leiðir af þessum drætti fyrir alla þá, sem bíða eftir fjármagni til þess að geta tekið húsnæði sitt í notkun. Fjöldi manna kemst í hrein vandræði, ef ekki verður staðið við þær lánveitingar, sem lofað hefur verið, nokkurn veginn á réttum tíma. Alveg sérstaklega er slíkur dráttur bagalegur fyrir þá, sem bíða nú eftir síðari hluta byggingarlánsins, fyrir það fólk, sem er að því komið að flytja inn, hefur þegar fest mikið fjármagn í húsum sínum og hefur þar af leiðandi mjög miklar vaxtagreiðslur af húsunum meir en hálfbyggðum, en þó ófullgerðum. En hafi því hins vegar tekizt að fá bráðabirgðalán út á síðari hluta húsnæðislánsins, annaðhvort hjá bönkum, þeim, sem byggir húsið, eða á einhvern annan hátt, eru þau lán nú að lenda í vanskilum og voði fyrir dyrum hjá mörgum, ef ekki rætist úr hið bráðasta.

Ákvæðin um húsnæðismálastjórn gera ráð fyrir því, að lánin séu veitt í tvennu lagi, og ég ætla, að almennt sé það skilið svo, að þau séu afgreidd að fullu í tveim samliggjandi úthlutunum. Allir meðlimir húsnæðismálastjórnar hafa, eftir því sem ég bezt veit, jafnan verið sammála um það, að viðbótarlán skyldu ganga fyrir nýjum lánum, enda finnst mér það eðlilegt. Því tel ég í sannleika sagt einkennilegt, að ekki skuli nú þegar verið búið að úthluta þessum viðbótarlánum. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, lágu fyrir hinn 1. okt. 370 umsóknir úr Reykjavík og 197 umsóknir frá aðilum utan Reykjavíkur, eða samtals 567 umsóknir um slík viðbótarlán. Til þess að fullnægja þessum umsóknum þarf því rúmar 79 millj. kr., og það fjármagn mun þegar vera fyrir hendi í byggingarsjóði. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. leiðrétti þetta hjá mér, ef ég fer hér rangt með. Þess vegna tel ég, að þegar hefði átt að vera búið að afgreiða þessar umsóknir, og skil ekki, hvers vegna húsnæðismálastjórn hefur ekki gert það, og það því fremur sem kunnugt er, að till. þess efnis hefur þegar komið fram í stjórninni fyrir nokkrum vikum, án þess að fá nægan stuðning. Mundu það þó án efa vera heppileg vinnubrögð að afgreiða fyrst þær umsóknir, sem allir virðast sammála um, að forgang eigi að hafa, a. m. k. að því leyti sem fjármagn er fyrir hendi, og létta þannig þeim, sem harðast eru keyrðir

af húsbyggjendum, nokkuð róðurinn, og væri æskilegt, að hæstv. félmrh. vildi beita áhrifum sínum í þá átt.

Þá hef ég í 2. málsgr. fsp. innt eftir því, hvort hægt verði að fullnægja fyrirliggjandi lánshæfum umsóknum, og ef svo er ekki, þá hversu mikið fjármagn skortir til þess. Ástæðan til þessarar fsp. er sú, að margir, sem nú bíða eftir lánum úr byggingarsjóði, hafa fengið mjög óljós svör um það, hvort hægt væri að fullnægja allri eftirspurn að þessu sinni, miðað við þær reglur, sem í gildi hafa verið að undanförnu. Þær upplýsingar, sem ég hef fengið um ástand þessara mála, eru þær, að 1. okt. s. l. hafi legið fyrir umsóknir um lán að upphæð 180 millj. kr., sem skiptast þannig: 567 viðbótarumsóknir ca. 79 millj., 86 viðbótarumsóknir um verkalýðslán ca. 3 millj., 215 nýjar umsóknir um verkalýðslán ca. 16 millj., 310 nýjar umsóknir úr Reykjavík 86 millj., 288 nýjar umsóknir utan Reykjavíkur 80 millj. Alls nemur þetta 264 millj. kr. Frá þessu þarf að draga helminginn af nýjum lánsumsóknum, 83 millj., og kemur þá út talan, sem vantar, ca. 180 millj. En þá er við þetta það að athuga, að hér ber að draga frá einhverja fjárhæð vegna þess, hvað lífeyrissjóðsfélagar fá skert lán úr byggingarsjóði, en hins vegar þarf að bæta við hækkun lánanna vegna hækkunar á byggingarvísitölu, sem nú stendur fyrir dyrum. Þessi upphæð, sem ég nefni hér, er því ekki nákvæm, hún er vafalaust talsvert of lág. — Ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti. Ef það er rétt, sem upplýsist væntanlega hér á eftir, að umráðafé byggingarsjóðs sé nú um 130 millj. kr., er ljóst, að hér vantar verulega á, til þess að endarnir nái saman.

Með tilliti til hins mikla fjölda, sem hér á hlut að máli, þætti mér æskilegt, — og þess vegna bar ég fram fsp., — að heyra það frá hæstv. félmrh., hvort í ráði sé að afla viðbótarfjármagns til þess að mæta þessari vöntun eða hvaða ráðstafanir að öðru leyti séu gerðar í þessum málum.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í framhaldi af þeim formálsorðum, sem hv. fyrirspyrjandi hafði fyrir fsp., vil ég upplýsa það, að húsnæðismálastjórn hefur nú hafið þá lánveitingu, sem hann telur að hafi orðið óhæfilegur dráttur á, en ég verð að leyfa mér að mótmæla. Sannleikurinn er sá, að öll þau ár, sem ég hef haft afskipti af störfum húsnæðismálastjórnar, hefur haustlánveitingin þar oft farið fram í des., en hún er þó hafin núna, ég hygg, að hún hafi verið hafin í gær, svo að oft áður hefur verið meiri ástæða til að kvarta yfir því, að haustlánveitingin færi of seint fram, frekar en núna.

Að öðru leyti óska ég að svara þessum fsp. á þennan veg:

Svo sem ég hef þegar sagt, hefur húsnæðismálastjórn nú hafið síðari lánveitingu þessa árs með þeirri fjárhæð, sem áætlað er, að tekjur byggingarsjóðs nemi til næstu áramóta, eða því sem næst 125—130 millj. kr., og hefur þá jafnframt verið áætluð fjárþörf byggingaráætlunarinnar svonefndu, um 16 millj. kr., en byggingarsjóði er ætlað að standa undir kostnaði við þær framkvæmdir að hluta ríkisins. Samkv. talningu Húsnæðismálastofnunarinnar 1. okt., eins og hv. fyrirspyrjandi minntist hér á áðan, skiptust fyrirliggjandi lánshæfar umsóknir þá þannig, að umsóknir um viðbótarlán voru 567 að upphæð 79.4 millj. kr. Í öðru lagi, að ný lán samkv. umsóknum frá 1965, sem síðar hafa orðið lánshæfar og eiga rétt til 180 þús. kr. láns, eru 311, að upphæð 43.5 millj. kr. Umsóknir um ný lán frá umsækjendum, sem hafa gert íbúðir sínar lánshæfar á yfirstandandi ári, eru 287 eða 48.8 millj. kr. Og í fjórða lagi eru sérstök viðbótarlán frá meðlimum verkalýðsfélaga um 207 að upphæð 8 millj. kr., eða samtals 1372 hæfar lánsumsóknir með fjárþörf upp á 180 millj. kr. Af framangreindri talningu og áætlunum er ljóst, að nokkurt eigið fé eða um 50—55 millj. kr. skortir á, að fullnægt verði nú öllum lánshæfum umsóknum, miðað við fyrrgreinda talningu Húsnæðismálastofnunarinnar. Nákvæmleg fjárvöntun verður þó ekki ljós, fyrr en endanlega er séð, hverjar raunverulegar árstekjur sjóðsins verða, en framangreindar tölur eru byggðar á áætlunum, og mun þá frekari athugun þessa máls eiga sér stað.

Við tvær síðustu lánveitingar reyndist stofnuninni af eigin rammleik unnt að gefa öllum fyrirliggjandi og lánshæfum umsóknum lánsúrlausn skv. gildandi lögum, þ. e. í tvennu lagi. S. l. sumar og fram eftir þessu hausti hefur lánsumsóknum fjölgað verulega, auk þess sem á byggingarsjóð hafa með samkomulagi við verkalýðssamtökin verið lagðar fjárhagslegar skuldbindingar vegna útgjalda fyrir framkvæmdanefnd byggingaáætlunarinnar, sem á þessu ári munu nema í heild sem næst 25.5 millj. kr. og aukast verulega á næsta ári. Til enn frekari upplýsingar tel ég rétt að skýra frá því, að tekizt hefur til þessa að standa við allar lánaskuldbindingar, sem verkalýðshreyfingunni hafa verið gefnar með yfirlýsingum ríkisstj. frá því í júní 1964 og aftur í júlí 1965. Þetta hefur tekizt, þrátt fyrir að fyrirhugað samstarf við starfandi lífeyrissjóði náðist ekki með þeim hætti, sem upphaflega var ráð fyrir gert. Á s. l. ári voru afgreiddar til lántakenda á vegum Húsnæðismálastofnunarinnar 274.2 millj. kr., og á þessu ári hafa nú verið afgreiddar til lántakenda, áður en yfirstandandi lánveiting hófst, 241.8 millj. kr., og yfirstandandi lánveiting verður a. m. k. 125 millj. kr., þannig að heildarlánveiting ársins verður a. m. k. 367 millj. kr. Skv. síðustu lagabreytingu um lánveitingar stofnunarinnar, sem byggðar voru á yfirlýsingum ríkisstj., skyldu lánin hækka skv. vísitölu, en þó aldrei minna en um 15 þús. kr. á ári, þó að vísitala staðnæmdist. Skv. þessu ákvæði l, munu hin almennu lán til þeirra,

er framkvæmdir hefja á árinu 1966, hækka úr 280 þús. kr. á íbúð í 340 þús. kr. á íbúð, eða um rúmlega 20%. Svo virðist nú sem hin áætlaða upphæð, 15—20 millj. kr. árlega í sérstök viðbótarlán til meðlima verkalýðsfélaga, muni á þessu ári verða fullnýtt með 20 millj. kr. lánveitingum, en um leið er fullnægt þar öllum lánshæfum umsóknum.

Ég vona, að framangreindar upplýsingar fullnægi fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. þau svör, sem hann gaf við fsp. minni, svo langt sem þau náðu. Það kom fram í svari hans, að úthlutun úr byggingarsjóði væri nú hafin. Það eru vissulega gleðileg tíðindi, sem ég hygg að flestum hér inni a. m. k. komi á óvart, því að í samtali, sem ég átti við einn meðlim húsnæðismálastjórnar rétt fyrir hádegið í dag, sagði hann, að ekki væri farið að starfa að þeim málefnum þá. Má vera, að það hafi verið gert síðan. (Gripið fram í.) Byrjaði fundur kl. 12 í dag, er nú upplýst af einum meðlim húsnæðismálastjórnar. Vissulega ber að þakka svo fljót viðbrögð af hálfu stjórnarinnar.

Sú úthlutun, sem hæstv. ráðh. upplýsti nú að sé hafin, er úthlutun á því fjármagni, sem þegar er fyrir hendi í sjóðnum, og satt að segja vekur það furðu mína, að húsnæðismálastjórn og þeir, sem þar ráða ríkjum, skuli ekki hafa viljað fallast á þá till., sem fyrir 3 vikum var borin þar fram um að hefja úthlutun a. m. k. til þeirra, sem áttu að fá viðbótarlán, þá þegar. Satt að segja hefði maður haldið, að þeir hefðu með því getað slegið tvær flugur í einu höggi: Auðveldað sjálfum sér starfið, veðdeildinni úrvinnslu gagna og að sjálfsögðu og fyrst og fremst auðveldað húsbyggjendum sína baráttu.

Það kom fram af svari hæstv. ráðh., að það mundi vanta 50—60 millj., til þess að byggingarsjóður gæti staðið skil á öllum þeim lánum, sem skv. reglum hans ættu að falla til á árinu. Hins vegar voru svörin um það, hvað ætti að gera í því máli, mjög óljós og nánast engin, ef undan er skilið það, að þetta mál yrði athugað síðar. En ég vil leyfa mér að benda á það, að í þeirri skýrslu, sem hæstv. ráðh. las hér upp, er miðað við lánshæfar umsóknir, sem borizt höfðu hinn 1. okt. s. l. Vitað er, að síðan hafa húsnæðismálastjórn borizt fjölmörg vottorð um íbúðir, sem hafa orðið fokheldar frá því 1. okt. og fram á þennan dag, og það væri fróðlegt, — og ég er viss um að margur fylgist með því af athygli, — að heyra svörin við því, hvað eigi að gera við þær umsóknir, sem svona stendur á um. Það er ekki nægilegt að segja, að þessi vottorð hafi borizt of seint, vegna þess að þegar úthlutun dregst, er í fyrsta lagi eðlilegt, að menn sendi inn umsóknir og vottorð, eftir því sem þau falla til, og í öðru lagi og það, sem kannske veldur úrslitum, er það, að mér vitanlega hefur þessi tiltekni frestur til að skila vottorðunum aldrei verið auglýstur, og er ekki að vita, nema margur hefði getað rekið byggingarnar með meiri hraða, ef hann hefði átt von á því að verða settur til hliðar, miðað við það að skila vottorðunum síðar en 1. okt.

Aðalatriðið í þessu máli er þó það, að úthlutunin er hafin. Um það, hvort hún fari of seint fram eða seinna fram nú en endranær, er ástæðulaust að deila. En ég vil þó halda því fram og segja það sem mína skoðun, að það sé of seint að byrja á síðari hluta úthlutunar fyrir árið 1966, þegar miður nóvember er kominn, hvað þá ef það hefði dregizt lengur, sem allar líkur bentu til, þegar ég flutti mál mitt hér áðan, vegna þess að mér var ekki kunnugt um þann fund, sem skotið var á í húsnæðismálastjórn kl. 12 á hádegi í dag.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi er óánægður með þau svör, sem ég gaf varðandi þá fjárvöntun, sem sýnilega verður fyrir hendi hjá húsnæðismálastjórn. Sjálfur er hann ágætur starfsmaður hér í lánastofnun og ætti að þekkja, hvernig starfsemi þar fer fram. Ég hygg, að hans stofnun, frekar en nokkur önnur lánastofnun í landinu, hafi ekki aðstöðu til að hreinsa alltaf sitt borð og svara öllum lánsumsóknum jákvætt. Og það hefur komið fyrir hjá húsnæðismálastjórn áður, að hún hefur ekki getað sinnt lengra aftur á bak með hliðsjón af sínum eigin fjárþörfum heldur en svo, að það hafa legið fyrir fjögurra ára gamlar umsóknir, og ég vissi ekki til, að hv. þm. eða hans flokksbræður sæju neina ástæðu til að segja eitt einasta orð þá. En nú á að reyna að gera úlfalda úr þeirri mýflugu, að nokkurra mánaða gamlar umsóknir þurfi að bíða aðeins ef til vill enn um sinn, sem er þó ekki enn ljóst.

Ég skal ítreka það, sem ég sagði um þetta efni áðan, að þegar ljóst er, hverjar raunverulegar árstekjur byggingarsjóðsins verða, verður þetta mál tekið til endurskoðunar á ný. Ég tel, að þar með sé sagður allur sá sannleikur í þessu máli, sem þegar er fyrir hendi.

8. Lóðaúthlutun Þingvallanefndar.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til forsrh. um lóðaúthlutun Þingvallanefndar [61. mál] (A. 68).

Á 10. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Árið 1928 var að forgöngu Jónasar Jónssonar, þáverandi menntmrh., sett löggjöf um friðun Þingvalla. Þar segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga."

Í lögum þessum segir einnig:

„Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar."

Þá er enn fremur fyrir mælt í þessari löggjöf, að sérstök n., Þingvallanefnd, skipuð þrem alþm. og kosin af Alþingi, skuli hafa fyrir þingsins hönd yfirumsjón með þessum friðlýsta helgistað allra Íslendinga. Og n. er veitt víðtækt vald, ekki einungis í sambandi við hvers konar athafnir á hinu friðlýsta svæði innan þjóðgarðsins, heldur einnig í nágrenni Þingvalla, eða eins og í 2. gr. l. um friðun Þingvalla segir: „Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka nema með leyfi Þingvallanefndar."

Nú er það auðsætt, að tilgangur þessarar löggjafar er sá að vernda Þingvelli og hið næsta nágrenni þeirra fyrir öllu því raski, allri þeirri mannvirkjagerð, sem torveldað geti, að Þingvellir verði um aldur og ævi friðlýstur helgistaður allra Íslendinga, eins og löggjafinn orðar það eftirminnilega.

Alþingi tekur þessa varðstöðu að sér fyrir hönd þjóðarinnar, og það felur trúnaðarmönnum sínum, þremur alþm., framkvæmdina. Nú er það skoðun margra, að enda þótt í Þingvallanefnd hafi jafnan átt sæti hinir mætustu menn, hafi þeim ekki í öllum greinum tekizt varðstaðan um Þingvelli eins og skyldi.

Ýmsir einstaklingar hafa löngum sótt það fast að komast yfir sumarbústaðalönd við Þingvallavatn, jafnvel að heita má á sjálfum Þingvöllum. Og Þingvallanefnd hefur látið undan þeirri ásókn. En þegar það fréttist nú í sumar, að Þingvallanefnd væri að úthluta til einstaklinga tugum nýrra sumarbústaðalóða í Kárastaða- og þó einkum Gjábakkalandi, vöktu þau tíðindi töluvert almenna furðu. Blaðaskrif urðu um málið. Ferðamálaráð sendi frá sér mótmæli, og ég hef heyrt, að náttúruverndarráð hafi einnig látið þetta mál til sín taka. Og þessi frétt um mjög verulega nýja lóðaúthlutun til einkaaðila á Þingvallasvæðinu vekur óneitanlega spurningar, — spurningar, sem ég tel rétt, að Alþingi, hinn lögskipaði verndari Þingvalla, og þjóðin öll, sem á þennan helgistað sameiginlega, fái skýr svör við. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram fsp. í nokkrum liðum á þessa leið:

„1) Hve mörgum lóðum undir sumarbústaði hefur Þingvallanefnd úthlutað úr landi Kárastaða og Gjábakka í Þingvallasveit? 2) Hvaða reglum hefur Þingvallanefnd fylgt við ráðstöfun lóða þessara? 3) Með hvaða skilmálum eru lóðirnar af hendi látnar? 4) Hverjir hafa fengið umræddar lóðir? 5) Hver er tilgangur Þingvallanefndar með lóðaúthlutun þessari? 6) Hefur Þingvallanefnd í hyggju að halda áfram úthlutun lóða á Þingvallasvæðinu?"

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda, eru sérreglur, sem gilda um stjórn málefna Þingvalla, hún er að mestu, má segja, ef ekki öllu, tekin undan ríkisstj. og fengin í hendur sérstakri þar til kjörinni n. af hinu háa Alþingi.

Engu að síður má segja, að málið heyri formlega undir forsrh. og þess vegna hafi verið rétt að beina fsp. til hans, svo sem gert hefur verið. En forsrh. hefur ekki haft nein afskipti af meðferð þessa máls. Það er hins vegar vitað, að allt frá upphafi, má segja, hefur töluverðu af lóðum verið úthlutað, fyrst innan sjálfs þjóðgarðsins og síðan utan, í löndum Kárastaða og Gjábakka. Að minni vitund hefur engin lóðaúthlutun átt sér stað í sjálfum þjóðgarðinum nú mjög lengi, enda tel ég það ákaflega misráðið, ef svo hefði verið gert.

Hitt er annað mál, að utan hins friðaða svæðis hefur verið úthlutað lóðum, og mætti margt um það segja. Spurning væri, hvort ástæða væri til og þá hvort það væri ef til vill of seint að friða a. m. k. alla strandlengjuna við Þingvallavatn, þannig að menn gætu komizt frjálsir ferða sinna með allri strandlengjunni. Hitt er með öllu óframkvæmanlegt, að ætla að friða alla Þingvallasveit, Grafning og ofanvert Grímsnes, — ég hef ekki trú á því. Hitt væri miklu nær og væri ekki alveg út í bláinn að banna alla byggð með strandlengjunni. En það er kannske orðið of seint, og segja má, að hinar fyrstu Þingvallanefndir hafi gert slíkar bollaleggingar að engu með því að láta sumarbústaðalönd með strandlengjunni frá Valhöll, þar sem hún stendur nú, og út í Kárastaðaland, út í Rauðukusunes. Þetta eru almennar bollaleggingar, en ég geri ráð fyrir því, að allir séu sammála um, að þarna þurfi varlega að fara í lóðaúthlutunum, sem og gert hefur verið í mörg ár, á hinu friðlýsta svæði.

Ég óskaði upplýsinga frá Þingvallanefnd út af þeirri fsp., sem fram var borin, og þetta er það svar, sem mér hefur þaðan borizt:

Við fyrstu spurningunni: „Hve mörgum lóðum undir sumarbústaði hefur Þingvallanefnd úthlutað í landi jarðanna Kárastaða og Gjábakka í Þingvallasveit?" Svar við þessu er: Núverandi Þingvallanefnd hefur, frá því að hún fyrst var kosin á Alþingi fyrir 9 árum, veitt alls 16 umsækjendum kost á lóðum undir sumarbústaði í landi Kárastaða

ofan gjár og 29 umsækjendum á mjög dreifðu svæði í heiðinni austan og vestan Gjábakkabýlisins nú nýlega. Bæði þessi býli eru og verða skipulögð og útmæld, og mun m. a. náttúruverndarráði gefinn kostur á að fylgjast með ráðstöfun landsins undir sumarhúsabyggingar, en þess hefur verið óskað.

Önnur spurningin: „Hvaða reglum hefur Þingvallanefnd fylgt við ráðstöfun lóða þessara?“ Svarið: Þingvallanefnd hefur aldrei auglýst eftir umsóknum um sumarbústaðalóðir, en hefur fylgt þeirri reglu að afgreiða umsóknir, sem borizt hafa, eftir tímaröð, hafi beiðni þess efnis komið heim við skipulagt úthlutunarsvæði, utan þjóðgarðsins einvörðungu.

Þriðja spurningin: „Með hvaða skilmálum eru lóðirnar af hendi látnar?“ Svar: Helztu skilmálar eru nú: a) Leigugjald 2000 kr., veiðileyfi í Þingvallavatni ekki innifalið. b) 30 ára leiga skv. sérstökum leigusamningi. Endurskoðun á leigugjaldi á 6 ára fresti. c) 10 þús. kr. í eitt skipti vegna tæknilegs undirbúnings heildarskipulagsins. d) Byggingarframkvæmdir hafnar innan tveggja ára. e) Hús og byggingar eru háð samþykki Þingvallanefndar og fullkomnu eftirliti Skipulags ríkisins og húsameistara. Samræming á þessum leiguákvæðum við fyrri leigusamninga eldri lóðarleiguhafa er nú í endurskoðun.

Fjórða spurning: „Hverjir hafa fengið umræddar lóðir?“ Um það er til skrá, þ. e. þessar lóðir, sem úthlutað hefur verið á s. l. 9 árum. Sú skrá fylgir hér með, en ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa hana upp. Hv. þm. er velkomið að fá að lesa hana hjá mér, en ég sé ekki, að hún eigi út af fyrir sig erindi til almennings. Hins vegar er hún ekkert leyniplagg heldur. Ef menn óska eftir því, að það sé lesið, skal ég gera það, en ég sé ekki ástæðu til þess, ef hv. þm. telja það fullnægjandi að líta á þetta plagg.

Fimmta spurning: „Hver er tilgangur Þingvallanefndar með lóðaúthlutun þessari?“ Svar: Meðal annars: a) afla tekna til nauðsynlegs viðhalds og endurbóta í þjóðgarði og á ríkiseignum þar og létta með því undir fjárveitingu Alþingis. b) Verða við óskum þeirra umsækjenda um lóðirnar, sem hafa viljað gangast undir skilyrði nefndarinnar, en þau eru strangari en almennt gerist um slík lönd og jafnvel án fordæmis.

Sjötta spurning: „Hefur Þingvallanefnd í hyggju að halda áfram úthlutun lóða á Þingvallasvæðinu?“ Svar við þessu er: Þingvallanefnd mun halda áfram úthlutun lóða, eftir því sem fyrrnefnd landssvæði verða skipulögð, enda verður strangt eftirlit haft með byggingum öllum og skipulagsákvæðum fylgt í hvívetna.

Þetta eru þau svör, sem mér hafa borizt.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin við fsp. minni. Það er ef til vill ástæða til að ræða þetta mál nokkru frekar, þó að tími sé nú ekki mikill til þess í þessum fyrirspurnatíma, og ég mun að mestu láta það vera, en svörin gefa þó ákveðið tilefni til þess, að um viss atriði ré rætt frekar.

M. a. veitti ég því athygli, að varðandi þessar lóðir, sem úthlutað hefur verið, alls 45 í tíð núverandi Þingvallanefndar, þar af 29 nú alveg nýlega, hefur aldrei verið auglýst, að menn gætu átt kost á lóðum á þessu svæði. Nú gerir Þingvallanefnd ráð fyrir því að halda lóðaúthlutun áfram, og þá vitanlega vaknar sú spurning: Á að hafa sama háttinn á og áður í þessu efni eða á að veita mönnum einhvern jafnari rétt, ef rétt þykir og eðlilegt að halda áfram þeirri stefnu að úthluta lóðum, a. m. k. í allra næsta nágrenni við hið friðaða svæði Þingvalla?

Hæstv. ráðh. sagði í sínum hugleiðingum eða aths. í upphafi síns máls, að vitanlega kæmi það ekki til mála að friða alla Þingvallasveit og leyfa þar enga byggð, og ég tek algerlega undir það. Ég býst ekki við, að neinum manni hafi dottið það í hug. En það er hið næsta nágrenni við þjóðgarðinn og það er þó sérstaklega strandlengjan, eins og hann nefndi, meðfram Þingvallavatni, sem sérstök ástæða er til að gefa gaum að.

Ég hef ekki á neinn hátt látið í það skína, að Þingvallanefnd hafi ekki haft lagaheimild til þeirra framkvæmda, sem hún hefur leyft, en ég vildi gjarnan fá upplýsingar um málsmeðferðina, og að lokum vil ég leggja áherzlu á það, að ég tel, að Þingvallanefnd eigi að fara mjög varlega í að úthluta lóðum í næsta nágrenni Þingvalla, og það er alveg ljóst, að löggjafinn á sínum tíma ætlaðist beinlínis til þess, að þar væri mjög varlega farið.

Ég vil aðeins í því sambandi minna á þau ummæli fim. frv. á sínum tíma um friðun Þingvalla, Jónasar Jónssonar, þar sem hann varar við því, að ef ekkert verði að gert, sé hætt við, að bæði útlit og útsýni Þingvalla spillist. „Við lítum,“ segir hann, „á Þingvöll sem dýrgrip, sem þjóðin á öll, og þennan dýrgrip á að vernda.“ Og hann segir: „Þetta friðlýsta svæði er ekki stærra en svo, að utan við það gæti risið eins konar Grímsstaðaholt í skjóli skipulagsleysis og stundarhagnaðar einstakra listsnauðra manna.“ Það er einmitt þetta eða annað slíkt, sem löggjöfin átti að koma í veg fyrir, og það er Þingvallanefnd, sem hefur þessi mál í sínum höndum og á að hafa varðstöðu um þetta. Ég vil þess vegna ljúka þessum fáu orðum með því að mega vænta þess, að virðulegir trúnaðarmenn Alþ., þeir, sem skipa Þingvallanefnd nú og á komandi tímum, gleymi því aldrei, að þeim er á hendur falin varðveizla staðar, þar sem fáir útvaldir eiga ekki að hafa nein sérréttindi, heldur eru Þingvellir og eiga að vera helgistaður allra Íslendinga.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mig langar til að fara aðeins nokkrum orðum um þessar fsp., sem hér hafa verið bornar fram, vegna þess að raunverulega er það ekki

hæstv. forsrh., sem á að sækja til saka um það, sem gert hefur verið, því að sá háttur hefur tíðkazt, allt frá 1928, að Þingvallanefnd tók fyrst til starfa, að hún hefur afgreitt málin sjálf, án þess að þau væru undir neinn ráðh. borin. Og þess vegna verður það, sem gert hefur verið síðan til góðs eða ills, að skrifast á reikning Þingvallanefndar á hverjum tíma.

Í lögum um friðun Þingvalla segir, eins og raunar hefur komið hér fram, að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar, það má aldrei selja eða veðsetja, og Þingvallanefnd, skipuð þrem alþm., hefur fyrir hönd Alþingis yfirstjórn þess friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Málsmeðferðin hefur alla tíð frá upphafi verið þessi, að Þingvallanefnd hefur haft með framkvæmd málsins að gera og ekki leitað til þess samþykkis. Það kann að vera, að það sé kannske ekki rétt af n. að hafa starfað þannig, en þó held ég, að það orki nokkuð tvímælis, hvort framkvæmdavaldið, forsrh. eða annar ráðh., eigi um þetta mál að hafa endanlegan ákvörðunarrétt, þar sem málið er einvörðungu í höndum Alþingis. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram.

Það má náttúrlega alltaf deila um, hvað skuli gera og hvað skuli ógert látið. En það vil ég taka fram þó, að í upphafi tel ég, að þarna hafi verið gerðir hlutir, sem hefði ekki átt að gera, þar sem veitt hafa verið sumarbústaðalönd innan hins friðlýsta svæðis. En það voru aðeins hinar fyrstu eða fyrsta Þingvallanefnd, sem það gerði, og skal ég ekki fara út í að gagnrýna það. Það, sem síðan hefur gerzt, og m. a. það, sem núverandi Þingvallanefnd hefur gert í þau 9 ár, sem hún hefur farið með þessi mál, er, að því er tekur til sumarbústaðanna, að veita lönd utan þjóðgarðsins, utan hins friðlýsta svæðis.

Það má náttúrlega deila um það, hvort þetta hefur verið rétt. En taka vil ég þó fram, að á báðum þessum stöðum, sem nefndir hafa verið, bæði í Kárastaðanesi og eins í Gjábakkalandi, var farið að veita sumarbústaðalönd, áður en umráð yfir þessum löndum komust í hendur Þingvallanefndar. Það var þess vegna eitt hið fyrsta, sem Þingvallanefnd gerði, að afla sér umráða yfir þessum löndum og tryggja það, að ekki væru byggðir þar sumarbústaðir óðruvísi en að nákvæmlega athuguðu ráði og eftir ströngum reglum. Það er því miður tilfellið, að við Þingvallavatn og meðfram strandlengjunni, kannske alveg sérstaklega að austan, hefur sumarbústaðabyggingin orðið mjög óskipuleg og ég vil segja leiðinleg. Um það hefur Þingvallanefnd ekkert að segja og ræður ekki neinu þar um. En það, sem fyrir henni vakti um þessar næstu spildur við Þingvelli, er að tryggja, að það, sem gert væri, væri gert á þann veg, að ekki væri til skaða fyrir hið friðlýsta svæði sjálft. Kárastaðanesið er nú mikið til í hvarfi á hinu friðlýsta svæði og sést varla og ekki þaðan. Gjábakkalandið blasir að vísu meira við, en sá hluti þess, sem tekinn hefur verið til úthlutunar og skipulagður, er þannig í sveit settur, að hann á ekki að sjást verulega frá hinu friðlýsta svæði sjálfu.

Þegar talað er um Þingvallasvæðið, eins og gert er í fsp., er það náttúrlega spurning, hvað í því felst, og ekki ákveðið hugtak, hvað í því felst. Það er örugglega, að mér virðist, meira en hið friðlýsta svæði sjálft. En hvað er það þá stórt? Er það, eins og hæstv. forsrh. nefndi, er það öll strandlengjan í kringum vatnið, eða er það öll Þingvallasveitin eða kannske meira? Ég held, að það hafi aldrei staðið til og aldrei verið hugsað þannig af þeim, sem báru fram frv. um friðun Þingvalla, að stór landssvæði utan hins friðlýsta svæðis yrðu algerlega friðuð. Þess vegna hafði það verið regla, að það yrðu ekki veitt sumarbústaðalönd í næsta nágrenni, nema því aðeins að vel væri gengið frá og tryggt skipulag á svæðinu. Ég hef að vísu ekki víða komið í þjóðgarða erlendis, en ég hef þó komið í einn, og þar er hann og það friðlýsta svæði þjóðgarðsins algerlega friðlýst, og þar er ekkert gert, en í næsta nágrenni og alveg upp að hlið þjóðgarðsins hafa verið reistar byggingar, sem kannske eftir þessari reglu, sem hér er ekki lögð til, en hugsað um að taka upp, gætu verið mjög vafasamar. Ég held þess vegna, að Þingvallanefnd hafi gert það, sem í hennar valdi stendur, til þess að tryggja í fyrsta lagi, að það yrði engin sumarbústaðarlóð veitt á hinu friðlýsta svæði, í öðru lagi að tryggja, að það, sem veitt væri utan hins friðlýsta svæðis, yrði þannig frá gengið, að það yrði ekki til vansa eða óprýði fyrir þá, sem um hið friðlýsta svæði færu. Í þriðja lagi vildi ég út af úthlutunarreglunum, sem hér var spurt um, segja, eins og raunar kemur fram í svari n., sem hæstv. forsrh. las upp, að það hefur aldrei verið auglýst eftir umsóknum, en það hefur verið reynt að verða við þeim óskum, sem borizt hafa. Þær hafa verið fáar, og á þessu ári var tekið fyrir að verða við öllum þeim óskum, sem borizt höfðu, og það var gert. Þess vegna komu til úthlutunar í sumar miklu fleiri lóðir en áður, og þó er tala lóðanna öll þessi 9 ár, sem ég nefndi, tiltölulega mjög lág, vildi ég segja.

Ég veit, og okkur er það öllum ljóst, Þingvallanefndarmönnum, að hér er um vandmeðfarið mál að ræða, og vissulega mun n. kappkosta að veita ekki nein leyfi, sem gætu orðið til þess, að spjöll yrðu unnin á ekki einasta hinu friðlýsta svæði, heldur einnig á næsta nágrenni þess.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er einungis til áréttingar því, sem ég sagði áðan, að mér finnst það fyllilega til athugunar fyrir þingheim, hvort menn vildu gera ráðstafanir til þess að friða alla strandlengjuna kringum Þingvallavatn. En það má

vel vera, að það sé orðið of seint, vegna þess að byggð sé komin svo víða. En ég tek undir það, sem ég nefndi, að auðvitað voru gerð mest spjöllin innan sjálfs þjóðgarðsins, þegar leyfð var byggð suður með vatninu og raunar mætti segja að nokkru leyti þar sem þjóðleið hafði áður legið úr Grafningi til Þingvalla, þótt að verulegu leyti væri sokkin í vatnið. Þetta eru að mínu viti þau mestu spjöll, sem þarna hafa verið gerð, um leið og viðurkenna skal það ómetanlega verk, sem gert var, þegar Þingvellir voru friðaðir, sem er verk, sem við allir megum vera þakklátir fyrir og Jónas Jónsson á vissulega drýgstan þátt í og mun hljóta verðuga viðurkenningu fyrir.

En í framhaldi þessa vil ég drepa á það, sem ég tel ekki síður um vert og raunar miklu meira en þótt einhverjar byggingar séu leyfðar þarna í nágrenninu, og það er að friða hinn forna þingstað betur en gert hefur verið, og hann hefur ekki verið friðaður, meðan vegurinn liggur um Almannagjá. Það má segja, að það að hafa bílveg um Almannagjá sé líkast því, sem Rómverjar hefðu bílveg um Forum Romanum eða Grikkir um Akropolis. Þetta eru hrein helgispjöll og barbarismi slíkur, að ótrúlegt er, að þetta skuli hafa haldizt. Til viðbótar þessu kemur, að allir þeir, sem eru kunnugir á Þingvöllum, sjá, að það er bein lífshætta fyrir þá, sem fara um veginn, sérstaklega í þungum vögnum, þegar jörðin skelfur undir, en klettar hanga fyrir ofan. Og ég þori að fullyrða, að það er guðs mildi, þangað til og meðan ekki verður stórslys af þessum sökum. Nú er þingið þegar búið að gera ráðstöfun til þess, að úr þessu verði bætt, með því að láta leggja þjóðveg upp á vestari gjárbarminum og inn á Leirurnar. En hann kemur ekki að fullum notum og ekki að gagni til þess að loka veginum um Almannagjá, fyrr en fé er veitt til þess að breikka veginn inn úr eða milli Leiranna og Efri-Valla. Og ég tel, að þetta þing eigi beinlínis að hlutast til um, að sú framkvæmd verði gerð á næsta sumri, vegna þeirrar augljósu hættu, sem þarna er sökum grjóthruns, en ekki síður líka þegar menn eru að tala um, að helgi Þingvalla sé ekki nóg gætt, en láta þó mestu helgispjöllin haldast þarna lengur en rík ástæða er til, og það er eftir svo lítið, til þess að hægt sé að loka veginum um Almannagjá og leggja þar einungis gangstíg, að það má vera okkur til skammar og verður til ævarandi háðungar og verra en það, ef slys skyldi t. d. verða næsta sumar, eins og yfirvofandi er og allir sjá, sem oft hafa komið í Almannagjá, að í raun og veru hlýtur að verða, ef ekki er að gert.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar að leggja hér örfá orð í belg, fyrst og fremst til að taka undir ummæli hæstv. forsrh. um það, að þetta þing ætti að taka til athugunar, hvort ekki væri tímabært að endurskoða ákvæðin um friðun Þingvalla og stækka friðunarsvæðið og jafnframt að bæta framkvæmd á þeirri friðun, sem hefur verið í framkvæmd á Þingvöllum. Þetta var þó ekki aðalástæða þess, að ég kvaddi mér hljóðs, heldur til þess að vekja athygli á því til viðbótar þessu og í beinu framhaldi af þeirri hugsun, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að mér finnst líka ástæða til þess að athuga, hvers eðlis sú friðun er eða á að vera, sem gildandi lög kveða á um. Og þetta segi ég að gefnu tilefni, vegna þess að í mínu rn., menntmrn., er fjallað um náttúruvernd og nýlega hafa verið sett ný lög um náttúruvernd. En það hefur komið í ljós, að óljóst er enn, hæði samkv. lögum um friðun Þingvalla og samkv. náttúruverndarlögunum, hvort gildandi lagaákvæði leyfa eða banna tiltekna ræktun, tiltekna nýrækt á Þingvöllum, og á ég þá sérstaklega við gróðursetningu trjágróðurs. Um þetta mál eru skiptar skoðanir. Ég er þeirrar skoðunar og veit þó ekki, hvort ég hef lagabókstaf til stuðnings þeirri skoðun, en ég er persónulega þeirrar skoðunar, að ekki ætti að koma til mála nýrækt trjágróðurs á Þingvöllum, sem þar er ekki í eðlilegu umhverfi og á sér þar ekki eðlilega náttúrustoð. En mér er ljóst, að um þetta mál eru skiptar skoðanir, og ég þori ekki að kveða á um gildi lagabókstafs í þessu efni. En þetta tel ég sjálfsagt, að komi þá til athugunar, ef hv. Alþ. vill taka friðunarmál Þingvalla til endurskoðunar, eins og ég tek eindregið undir, að gera ætti.

9. Garðyrkjuskóli á Akureyri.

Á 11. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt:
Fsp. til landbrh. um athugun vegna stofnunar garðyrkjuskóla á Akureyri [68. mál, 1] (A. 77).

Á sama fundi var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Á síðasta Alþ. fluttum við 7 þm. úr Norðurl. e. þáltill. um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd Akureyrar. Till. hlaut einróma meðmæli hv. fjvn., sem fékk hana til umsagnar. Einnig var hún samþ. með shlj. atkv. af þingheimi. Till. þessi var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvort eigi sé grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akur-

eyri eða í grennd. Skal þeirri athugun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.'"

Ekki getur það hafa farið fram hjá neinum, sem blöð les og veitir athygli ályktunum mannfunda, að mikill áhugi og almennur er fyrir því á Norðurlandi, að stofnaður verði þar garðyrkjuskóli, enda var till. flutt fyrir almennar áskoranir fólks fyrir norðan. Menn skiptast ekki í pólitíska flokka norður þar um þetta mál. Í því ríkir einhugur. Ég minnist ekki að hafa heyrt norður frá um það nokkra hjáróma rödd. Konurnar og samtök þeirra ber þar að vísu hæst um áhugann, en það er sönnun þess, að málið er gott, og því þjóðþingi, sem skipað er karlmönnum aðeins með einni undantekningu, ætti að vera ljúft að leysa slíkt mál, eða þvílíku gerir sálarfræðin ráð fyrir. Hlutverk kvennanna er að prýða heimili og hafa hollan og góðan mat á borðum. Áhugi þeirra fyrir garðræktinni er því mjög eðlilegur.

Eins og kunnugt er, hélt Ræktunarfélag Norðurlands, sem telja má nú úr sögunni vegna breyttra skipulagshátta í búnaðarsamtökum, lengi uppi garðyrkjukennslu með námskeiðum að vori og sumri á Akureyri. Námskeið þessi gáfust vel. Þaðan kom áhugafólk, og sjást spor þess víðs vegar um Norðurland í garðræktarmenningu. Fólkið, sem sótti námskeiðin, varð leiðbeinendur heima fyrir í sveitum og byggðum. Námskeiðin voru eins og uppspretta af slíku fólki. En nú er sú uppspretta þornuð, og þess er mjög saknað. Til þess að bæta úr þessu þarf garðyrkjuskóla, ekki endilega stóran skóla, en skóla hagnýtrar fræðslu í þessum efnum, t. d. eins árs skóla í námskeiðum. Enginn vafi er á því að áliti okkar Norðlendinga, að Akureyri geti látið í té ágæta aðstöðu fyrir slíkan skóla: húsakost, kennslukrafta, gróðurmold og sýnigróður í görðum þar, m. a. í hinum mikla grasgarði Akureyrar, þar sem eru nú um 2400 tegundir plantna, nálega allar íslenzkar.

Í Hveragerði er garðyrkjuskóli, sem átt hefur að vera fyrir allt landið. En reynslan hefur sýnt það, að Norðlendingar hafa lítið notið hans, enda hefur hann aðallega beinzt að ylrækt. Ylræktina skal sízt lasta, en kunnátta við hana kemur ekki nema sums staðar að notum. Skrúðgarðarækt og almenn matjurtarækt er á öðru sviði. Verkaskipting milli tveggja skóla í landinu gæti því verið heppileg, og þá virðist mjög eðlilegt, að annar skólinn teldist rétt staðsettur í eða við höfuðstað Norðurlands. Hlýtur það að falla vel inn í Norðurlandsáætlunina svonefndu, sem efnahagsstofnun ríkisins er nú að vinna að.

Af því að enn hefur ekkert heyrzt opinberlega um framkvæmd þeirrar athugunar, sem síðasta Alþ. fól hæstv. ríkisstj. að láta gera á því, hvernig grundvöllur sé fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd, og sú athugun var ætlazt til, að færi fram og væri lokið, áður en það þing, sem nú situr, kæmi saman, hef ég leyft mér sem fyrsti flm. þáltill., sem ég las í upphafi máls míns, að beina til hæstv. landbrh. þeirri fsp., sem hér er nú tekin til umr., og vænti ég góðra frétta í svörum hæstv. ráðh.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjanda finnist ég færa góðar fréttir í sambandi við svör við þessari fsp. Eins og kunnugt er, var samþ. hér einróma till., eins og lesin var hér upp áðan, um það að láta fara fram athugun á því, hvort grundvöllur væri fyrir því að stofna garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Þessi till. var vitanlega send mér, og litlu síðar skrifaði ég bréf til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og fól henni athugun á þessu máli. Og ég vænti þess, að þeir, sem vita, hvernig Rannsóknastofnun landbúnaðarins er byggð upp, telji eðlilegt, að henni væri falin þessi athugun, fremur en skipa sérstaka n. til þess. En eins og stendur í till., er ætlazt til, að rannsóknninni væri lokið, áður en reglulegt Alþ. kæmi saman í haust. Rannsóknastofnunin fékk till. senda með bréfinu, sem ég skrifaði, og með leyfi hæstv. forseta er rétt, að ég lesi þetta bréf:

„Ráðuneytið sendir Rannsóknastofnun landbúnaðarins þál., sem samþ. var á Alþ. 30. marz s. l., um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Vill rn. fela Rannsóknastofnuninni að athuga, hvort grundvöllur sé fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Jafnframt vill rn. benda á það, að nú er verið að byggja upp garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi á myndarlegan hátt og ráðgert er, að þar verði í framtíðinni miðstöð garðyrkjukennslunnar í landinu og tilraunastöð í garðyrkju."

Þetta bréf er dags. 26. apríl, en þál. samþ. 30. marz. Það þótti rétt að vekja athygli á því, að það er verið að byggja upp garðyrkjuskólann í Hveragerði, og verður hann allmiklu stærri en áður hefur verið, getur í fyrsta áfanga tekið væntanlega 24 nemendur, en hefur lengst af verið með 8—10 nemendur. Þessi skóli hóf starfsemi sína 1939 og hefur starfað af myndarskap miðað við þau skilyrði, sem honum hafa verið búin, undir ötulli forustu skólastjórans, Unnsteins Ólafssonar, sem nú er nýlega látinn.

En það er vissulega til athugunar, hvort það er nóg að hafa einn garðyrkjuskóla í landinu, enda þótt hann sé stærri en hann hefur verið og betur útbúinn og enda þótt starfssvið hans verði aukið með því að hafa þar tilraunastöð í garðyrkju og ylræktarrannsóknum. Þetta þarf vitanlega vel að athuga. Það er að vísu rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að undanfarið mun garðyrkjuskóli ríkisins aðallega hafa haft með ylrækt að gera, en þó nokkuð hvers konar garðyrkju eigi að síður. Nemendur í þeim skóla hafa verið af öllu landinu, en þeir hafa verið fáir hvert ár, og það er enginn vafi á því, að menntun á þessu sviði verður aldrei of mikil eða almenn, því að garðyrkjan á eftir að eflast og verða meiri búgrein almennt

séð en verið hefur. Það er því eðlilegt, að það sé rannsakað vel, hvort ekki er þrátt fyrir það átak, sem verið er að gera í Hveragerði, þörf á meiru, og ef einn skóli nægir ekki, væri eðlilegt til þess að halda jafnvægi, að annar skólinn væri fyrir norðan. En Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur ekki lokið þessari athugun sinni, og þegar er fsp. var lögð hér fram, skrifaði ég Rannsóknastofnuninni og spurði frétta. og með leyfi hæstv. forseta, hljóðar það bréf á þessa leið:

„Ráðuneytið sendir Rannsóknastofnun landbúnaðarins hér með þskj. nr. 77, þar sem gerð er fsp. til landbrh. um athugun á stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Með bréfi, dags. 26. apríl s. l., var Rannsóknastofnuninni falið að athuga, hvort grundvöllur væri fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri. Vegna téðrar fsp. er Rannsóknastofnunin beðin að láta rn. í té upplýsingar um, hvað líði umbeðinni athugun."

Svar hefur borizt við þessu bréfi, og með leyfi hæstv. forseta er það þannig:

„Bréf hins háa landbrn., dags. 23. þ. m., móttekið. Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um, hvað líði athugunum á stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd, sem landbrn. fól Rannsóknastofnun landbúnaðarins að gera með bréfi, dags. 26. apríl s. l., vegna framkominnar þál., sem samþ. var á Alþ. 30. marz s. l.

Bréf rn. var lagt fram á stjórnarfundi 29. apríl s. l. og málið rætt. Safnað hefur verið gögnum um málið, m. a. leitað upplýsinga hjá ýmsum aðilum, en athugun málsins ekki lokið. Unnið er að því, að skila megi rökstuddu áliti til landbrh. svo fljótt sem unnt er."

Samkv. þessu bréfi skilst mér, að búast megi við fullnaðarsvari innan skamms tíma, þótt það sé ekki hér beinlínis tekið fram hvenær, en svo fljótt sem unnt er, segir í þessu bréfi. Ég hef rætt þetta við framkvæmdastjóra Rannsóknastofnunarinnar, og hann hefur tjáð mér, að það hafi verið rætt við marga menn um þessi mál, sem sérþekkingu eiga að hafa, ýmsa áhrifamenn fyrir norðan, sem sérstaklega hafa áhuga á þessu máli, og ýmsar athuganir verið gerðar í þessu sambandi. Rannsóknastofnunin vinnur að því að gera sér fulla grein fyrir því, hvort þörf sé á eða grundvöllur fyrir öðrum garðyrkjuskóla. Það er það fyrsta. Í öðru lagi, ef svo færi, þarf að gera sér grein fyrir stofnkostnaði slíks skóla. Hvað þarf hann að vera stór? Með hvaða sniði á hann að vera? Á hann að vera eitthvað líkur garðyrkjuskólanum í Hveragerði og starfa á svipuðu sviði, eða á hann að vera á öðru sviði og stofna þannig til verkaskiptingar, eins og hv. fyrirspyrjandi talaði hér um áðan? Og í þriðja lagi þarf að gera sér grein fyrir rekstrarkostnaðinum af slíkum skóla. Allt þetta þarf að liggja fyrir, um leið og því er svarað, hvort grundvöllur sé fyrir því að stofna skóla á Akureyri eða í grennd. Og mér er kunnugt um það, að að þessu er unnið, og enda þótt flm. till. og fyrirpyrjandi vilji, að þessu máli sé hraðað, mega þeir þó ekki sýna slíka óþolinmæði, að ekki gefist tími til að gera fullnaðarrannsókn í málinu, rökstudda og ýtarlega, því að það hlýtur að vera grundvallarskilyrðið fyrir því, að unnt verði að fá fjármagn til þessarar starfsemi, að það liggi fyrir rökstutt álit, hvort grundvöllur sé fyrir því að ráðast í þetta fyrirtæki, hvort það sé hagkvæmt fyrir þjóðina o. s. frv. og hvaða kostnaður fylgir því.

Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að námskeið í garðyrkju hafa gert mikið gagn, og ég hef einhvers staðar lesið um þessa starfsemi Ræktunarfélags Norðurlands, og enginn vafi er á því, að kennsla af því tagi getur gert mikið gagn. Og það er fyrirhugað, að við hinn nýja garðyrkjuskóla í Hveragerði verði slík námskeið haldin að sumrinu til, því að þá er þar komin mun betri aðstaða en áður hefur verið. Þannig má auka þekkingu manna á þessu þýðingarmikla starfi á tiltölulega litlum tíma, þótt menn verði ekki lærðir eins og eftir langa skólasetu.

Ég vænti þess, eins og ég sagði áðan, að hv. fyrirspyrjandi telji það rétta meðferð af rn. að hafa falið Rannsóknastofnun landbúnaðarins að gera þessa athugun, og ég get ekki, þótt rannsókninni sé ekki lokið og álit liggi ekki fyrir, álasað Rannsóknastofnunina fyrir það. Ég tel, að það hljóti að vera ærnar ástæður til þess, að álitið er ekki komið, en samkv. bréfi því, sem ég áðan las upp, er að þessu unnið og álitinu verður skilað svo fljótt sem unnt er.

Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans, það sem þau ná, og ljóst er af þeim, að hann hefur ekki dregið að fyrirskipa athugun þá, sem í till. var farið fram á. Hitt er svo annað mál, að mér þykir athugunin hafa gengið allseint, þar sem nú eru liðnir 7 mánuðir, frá því að þeir, sem hana áttu að hafa með höndum, fengu fyrirmæli. Og ég verð að lýsa því yfir, að þó að mér finnist ekkert óeðlilegt, að hæstv. ráðh. sneri sér til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins með málið, hefði mér þótt betur fara á því, að hann hefði líka kvatt til athugunarinnar menn að norðan, menn, sem hafa fengizt við garðyrkjumál fyrir norðan, áhugamenn um þau efni og kunnuga staðháttum að öllu leyti. Ég hefði líka talið, að það hefði verið eðlilegt að leita a. m. k. álits garðyrkjuráðunautar þess, sem Búnaðarfélag Íslands hefur í þjónustu sinni, þar sem hann hefur starfssvið um land allt. Mér dettur ekki í hug að lasta persónulega þá mikilsvirtu menn, sem vinna fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins. En einhvern veginn virðist málið af þeim fréttum, sem ég hef haft utan við þingsalinn, ekki horfa vel við þeim. Gæti ekki verið, að þeir standi að framkvæmd þeirri, sem verið er að gera í Hveragerði og áreiðanlega hefur

verið upphaflega hugsuð þannig, að sá skóli, sem þar á að rísa endurbyggður og getur tekið á móti 40 nemendum, væri nægilegur fyrir landið allt og þessi ákvörðun tekin, áður en það sjónarmið kom fram, að heppilegt gæti verið að hafa skólana heldur tvo minni en einn stóran og láta þá starfa með verkaskiptingu og hafa aðsetur bæði sunnanlands og norðan, sinn á hvorum stað? Það er alltaf svo, að þegar menn hafa staðið að ákvörðunum, bindast þeir að vissu leyti við þær. Nú er mér sagt, að búið sé að reisa í Hveragerði nýja byggingu, sem rúmi 12 nemendur, en lengra sé ekki í raun og veru byggingunum komið. Ég vil þess vegna biðja hæstv. ráðh. að taka það til athugunar, hvort ekki sé vert að gera þarna áætlanabreytingu og hugsa sér, að skólinn í Hveragerði verði ekki hafður svo stór sem fyrirhugað var, en hins vegar komið upp skóla fyrir norðan. Skólinn í Hveragerði liggur ágætlega við til þess að mennta fólk að því er snertir yrkt, og hann hefur gert það að undanförnu aðallega. Skólinn fyrir norðan aftur á móti hefur ágætis aðstöðu til þess að kenna skrúðgarðarækt og almenna matjurtarækt. Og lokaorð mín yrðu þá þessi: Vill ekki hæstv. ráðh. til þess að flýta fyrir málinu og tryggja athugun fá menn að norðan til að starfa með Rannsóknastofnuninni?

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er ljóst af svari hæstv. landbrh., að hann hefur ekki dregið sjálfur að hefja undirbúninginn að því, að athugun færi fram á því, hvort æskilegt væri að koma upp garðyrkjuskóla á Akureyri eða þá í grennd bæjarins. Ég geri ráð fyrir því, að um það megi deila, hvort æskilegt hefði verið, að ráðh. hefði skipað sérstaka n. til þess að framkvæma þessa athugun eða þá að farin væri sú leið, sem ráðh. hefur þó valið, að fela Rannsóknastofnun landbúnaðarins að athuga þetta mál. Ég efast ekkert um, að sú stofnun hafi mikilhæfum mönnum á að skipa og þeir hafi e. t. v. betri aðstöðu en margir aðrir til þess að kynna sér mál, sem sérstaklega varða landbúnaðinn. Hins vegar er því ekki að leyna, að þarna kom þó til álita sjónarmið og þá það sjónarmið, hvort heppilegt væri að hafa hér í landinu einn garðyrkjuskóla eða tvo. Á Norðurlandi hefur nú um langan tíma verið mjög mikill áhugi á því, að þar yrði reistur garðyrkjuskóli. Það er ástæðulaust að nefna í því sambandi nokkur nöfn, en ég vil þó aðeins geta þess, að samtök norðlenzkra kvenna hafa, að ég hygg, oftar en einu sinni gert samþykktir í þessu máli. Ég vil nú eindregið ætlast til þess og fara fram á það við hæstv. ráðh., að Rannsóknastofnunin hafi mjög náið samband við aðila á Norðurlandi, sem áhuga hafa á þessu máli. Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að það hafði verið gert, en ég tel, að það verði þó ávinningur að því, að gengið yrði eins langt fram í þessu atriði og mögulegt er.

Ég er á þeirri skoðun, að garðyrkja eigi það mikla framtíð hér á landi, að það sé fullkominn grundvöllur fyrir tveimur skólum, og sennilega má gera ráð fyrir því, að höfuðgarðyrkjusvæðin verði hér sunnanlands, einhvers staðar á Suðurlandsundirlendinu, og svo við Eyjafjörð og í Suður-Þingeyjarsýslu, einmitt á jarðhitasvæðunum. Og þá teldi ég, að það væri einmitt ástæða til þess að stefna að því, að á báðum þessum svæðum gætu risið upp skólar, sem gætu gegnt þessu merka hlutverki að stuðla að aukinni garðyrkju innanlands.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Báðir hv. þm., sem nú hafa talað, telja það hafa verið eðlilega málsmeðferð að fela Rannsóknastofnun landbúnaðarins þá athugun, sem hér er um að ræða, enda hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins yfir að ráða þeim helztu sérfræðingum í hvers konar búfræðum, sem eru í landinu. Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda hafa einnig stór ítök í stjórn þessarar stofnunar. En það er ekki komið svar við þeirri fsp., hvort grundvöllur sé til þess að stofna og reka garðyrkjuskóla norðanlands. Hv. fyrirspyrjandi taldi, að það hefði verið æskilegt að kveðja til áhugamenn að norðan. Þetta má vel vera rétt. Í viðtölum mínum við framkvæmdastjóra Rannsóknastofnunarinnar kom það fram, að hann hefur rætt við ýmsa áhrifamenn og áhugamenn um þetta mál. Hann hefur rætt ýtarlega við Jón Rögnvaldsson garðyrkjumann. Hann hefur rætt við Ólaf Jónsson. Hann hefur rætt við formann Sambands norðlenzkra kvenna. Hann hefur rætt við skólastjóra húsmæðraskóla fyrir norðan og ýmsa fleiri. En ég segi það, ég er reiðubúinn að ræða um það við hv. fyrirspyrjanda og hv. 2. þm. Norðurl. e., hvort rétt sé að kveðja til einhverja vissa menn að norðan á formlegan hátt til þess að vinna með Rannsóknastofnun landbúnaðarins í þessu máli, því að eins og ég sagði áðan, er það grundvallarskilyrði fyrir því, að nokkuð verði gert í þessu máli raunhæft í framtíðinni, að fyrir liggi ýtarlegt álit um þetta mál, sem allir treysta, að samið sé á hlutlausan hátt og af varfærni og þekkingu.

Ég vildi aðeins segja þetta, um leið og ég vil taka fram, að það er búið að byggja miklu meira í sambandi við skólann í Hveragerði en þessar 12 nemendaíbúðir. Það er búið að grundvalla skólastofur fyrir 24—30 nemendur, það er búið að grundvalla eldhús, og það er komin langt þessi bygging á ýmsan hátt, þannig að það verður ekki aftur snúið með það, að sá skóli geti tekið 24 nemendur. Og í okkar ört vaxandi þjóðfélagi, sem hefur komið auga á vaxandi þýðingu garðræktarinnar, er það út af fyrir sig ekki neitt skólabákn, þó að við höfum skóla í garðrækt, sem getur tekið 24—30 nemendur. Og ég held, að það sé erfitt að auka kennslukraftana þar eins og nauðsyn ber til og hafa þar full-

komna tilraunastarfsemi og kennslu í þessum fræðum, ef nemendurnir eru miklu færri en ætlazt er til að þeir verði, því að það er vitanlega hægara að hafa fullkomna kennslukrafta og verður tiltölulega ódýrara, ef nemendurnir eru 24—30, heldur en t. d. 8—12, þannig að þótt ákvörðun hafi verið tekin um að byggja skólann í Hveragerði af þessari stærð, getur það átt alveg eins rétt á sér að rannsaka til hlítar, hvort ástæða sé til að koma upp kennslu á Norðurlandi, kannske á öðru sviði, ekki alveg á sama sviði og garðyrkjuskólinn í Hveragerði starfar.

10. Rafmagn fyrir Fornahvamm.

Á 11. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt:
Fsp. til samgmrh. um rafmagn fyrir Fornahvamm [68. mál, 2] (A. 77).

Á sama fundi var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 68 hef ég leyft mér að gera svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgmrh.:
„Hefur nokkuð verið gert af hálfu samgmrh. til að tryggja það, að Fornihvammur fái rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins, eða er það í ráði, að það verði gert?“
Ástæðan til þess, að þessi fsp. er fram borin, er sú, að nú er nýlokið við að leggja rafmagn í Norðurárdal, en án þess að rafmagn sé lagt að Fornahvammi. Ég hafði áður rætt það við vegamálastjóra, að þegar raflína yrði lögð í Norðurárdal, þá yrði athugað af hálfu vegamálasstjórnarinnar, að Fornihvammur fengi rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum jafnhliða Norðurárdalnum. Eins og þeim málum er nú fyrir komið í Fornahvammi, eru þar dísilrafssöðvar. Samningar munu vera þar um á milli ábúandans þar og vegamálastjórnarinnar, að ábúandinn annist viðhald þessara rafstöðva, en vegagerðin stofnkostnað. Viðhald þessara rafstöðva hefur orðið mjög dýrt og það svo, að það getur orkað tvímælis, hvort núverandi hótelstjóri þar heldur áfram rekstri sínum, einmitt vegna þessa atriðis.
Það er nauðsynlegra og kunnara en frá þurfi að segja, að hótel þarf og verður að vera í Fornahvammi. Umferðin um Holtavörðuheiði á veturna er svo áhættusöm, að það er vonlaust að halda henni áfram í raun og veru, nema hótelrekstur verði í Fornahvammi. Hótelrekstur nú er ekki það arðvæn atvinnugrein, að mjög sé í það sótt, enda er það svo í Borgarfjarðarhéraði, að þar eru rekin hótel á vegum ríkisins þann tíma ársins, sem bezt er að reka hótel, og þau hótel, sem starfa allt árið, verða við þau að keppa og sitja svo við skarðan hlut í sínum rekstri. Mér er ljóst, að það er ekki hægt að leysa rafmagnsmál Fornahvamms á annan veg eða tengja hann við rafmagnsveitur ríkisins nema með sérstökum samningum. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að það ætti að gera, og þess vegna hef ég spurt um það, hvort það hefði verið gert eða að því sé stefnt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi taldi, að það væri eðlilegt að tengja Fornahvamm við samveitur, og þess vegna spyr hann um það, hvort nokkuð hafi verið gert til þess, að svo megi verða.
Það eru 7.7 km frá Fornahvammi til næsta bæjar, sem hefur rafmagn frá samveitu. Og það hafa engar ráðstafanir verið gerðar til þess að tengja Fornahvamm við þennan bæ og enginn undirbúningur til þess hafinn. Og ég tel, að það sé ekki mögulegt að verða við því að leggja línu að Fornahvammi í náinni framtíð, nema Alþ. veiti þá sérstaklega fé til þess. Það er nú verið að leggja rafmagn á bæi með vegalengdinni 1—1½ km, en ekki yfir það, og að því stefnt, að síðar verði farið í vegalengdina 1½—2, en þetta eru 7.7 km.
Hitt er svo annað mál, að Fornihvammur þarf að hafa rafmagn og hefur haft dísilvélar til þess að fá rafmagn til ljósa, hitunar og suðu. Fornihvammur er allgóð bújörð. Þar hefur verið ræktað í seinni tíð, þar hafa verið byggð peningshús, og ábúandinn hefur fengið veðleyfi hjá ríkinu. Þarna er allmikill húsakostur til gistingar og veitingasölu, og ábúandinn í Fornahvammi hefur fengið húsin og jörðina til ábúðar gegn því að halda uppi greiðasölu og gistingu. Það er það, sem hann borgar eftir jörðina og húsin, en eins og ég sagði, er þarna allgóð aðstaða til gistingar og veitingasölu. Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að það væri ekki ýkjamikill arður af veitingasölu nú á tímum miðað við það, að sá, sem veitingarekstrinn annast, þurfi á eigin kostnað að byggja húsnæðið, sem rekstrinn fer fram í. En ég hefði haldið, að það væri mögulegt án þess að gera sér tjón að halda uppi veitingasölu og gistingu með því að fá húsnæðið ókeypis til þeirra hluta.
Ég tel það rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að það þurfi að vera bóndi í Fornahvammi. Það getur verið nauðsynlegt, að þar sé alltaf fólk. Holtavörðuheiði er oft erfið yfirferðar. Fólk er þreytt, svangt og kannske illa á sig komið af kulda, þegar það kemur af heiðinni, og þá er vissulega gott að komast í hlý hús og geta fengið veitingar. Menn geta komið jafnvel svo seint að Fornahvammi, þótt á norðurleið sé, ef færð er þung, að það þyki betra að gista þar um

nóttina og taka daginn snemma að morgni, þegar lagt er á heiðina. Af þessum ástæðum er eðlilegt, að það sé fólk í Fornahvammi, sem geti veitt þessa þjónustu. Nú er það vitanlega alltaf matsatriði, hvað vegagerðin á að kosta miklu til. Mér er kunnugt um það, að nú eru í Fornahvammi mestu myndar- og dugnaðarhjón, sem hafa leyst þetta ágætlega af hendi. Og það er alveg öruggt, að dísilvélarnar, sem hafa verið notaðar, eru orðnar gamlar og dýrar í viðhaldi. Það er því ekkert annað ráð fyrir hendi en að fá nýja dísilvél og fá rafmagn með þeim hætti á þennan stað. Og það má vera, að hv. fyrirspyrjandi vilji þá spyrja um það: Ætlar vegagerðin að útvega þessa vél eða á bóndinn að gera það? Þá er spurningin, hvað er sanngjart. Er það sanngjarnt, að ríkið útvegi þessa vél til viðbótar frírri ábúð á jörðinni og fríu húsnæði? Eða er það hugsanlegt, að bóndinn geti með því að nýta jörðina, eins og hann gerir, dugnaðarmaður, og hafa veitingasöluna og gistinguna, er hugsanlegt, að hann geti á eigin kostnað keypt þessa vél? Spurningin fjallar nú ekki um þetta, og ég ætla þess vegna ekki að segja neitt um það nú, hvað kynni að vera sanngjarnt í þessu efni. Mig vantar kunnugleika á því. En þótt ég hafi mínar hugmyndir um það, vil ég ekkert fullyrða um það. En ég gæti bezt trúað því, að þessum hjónum, sem eru dugleg og myndarleg og hafa þarna talsvert bú á jörðinni, kannske má segja stórt bú, — ég gæti bezt trúað því, að þeim þætti eðlilegt, að þau sjálf keyptu vélina.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakki hæstv. samgmrh. fyrir svör við þessari fsp. minni. Út af svörunum vil ég þó segja það, að mér var ljóst áður, að hér var ekki um það að ræða að leggja rafmagn, nema aðstoð ríkisins kæmi til. Ég tel mig hafa fyrir því orð þeirra, sem frá samningum gengu við núverandi hótelhaldara í Fornahvammi, að ríkið ætti að útvega dísilvélarnar, en ábúandinn halda þeim við. Þess vegna held ég, að það orki ekki tvímælis, ef breytt er um, að það verði gert á þann veg. En ég hefði talið, að hagkvæmasta lausnin væri sú, að ríkissjóður greiddi mismuninn, sem er á því að leggja raflínu fram í Fornahvamm, og miða við 1½ km, eins og er á milli hinna bæjanna. Ég hygg, að það muni vera ½ millj. kr. eða rúmlega það, og það væri heppilegasta lausnin að gera það í eitt skipti fyrir öll að leysa þetta mál á þann hátt. Ég held, að það detti engum annað í hug heldur en ríkið verði að sjá um, að þarna verði byggð. Ríkissjóður á Fornahvamm, og það, að þar er rekinn núna myndarbúskapur, er að þakka þeim ábúanda, sem þar er, því að næsti ábúandi á undan honum rak þar ekki búskap nema að mjög litlu leyti. Hins vegar hefur þessi ábúandi verið mjög duglegur, og hann er búinn að koma sér upp bæði miklum bústofni og byggja þar miklar byggingar. Hitt er mér alveg ljóst, að hans búskapur stendur ekki undir því að gefa með hótelrekstrinum.

Það, sem er mergur málsins, er þetta: Fornahvammi verður að halda í byggð, og það gerir ríkið, þó að þetta fólk yrði hrakið nú í burtu. Það verður ekki gert nema með fullkomnu rafmagni. Ódýrasta og bezta lausnin er að semja við raforkumálastjórnina um að borga þann kostnað, sem þarna ber á milli. Þetta er það, sem á að gera, og þetta verður gert fyrr eða seinna, þó að hæstv. ráðh. komi því ekki í verk núna. En ég vil skora á hann að láta athuga þessa hlið málsins, áður en verður farið að kaupa nýja dísilstöð og leysa málið þannig til frambúðar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi fullyrðir, að það sé bezta lausnin, að ríkið borgi 500—600 þús. kr., sem mun vera mismunurinn á 1½ km og línukostnaði að Fornahvammi. Ég er alls ekki tilbúinn til að taka undir þetta, vegna þess að eins og ég sagði, er Fornihvammur ágæt bújörð með stórt bú, ágætlega hýst og það er mjög líklegt, að jafnvel þó að þessi hjón færu af jörðinni, fengist annar til þess að taka við henni endurgjaldslaust að öðru leyti en því að þurfa að taka á móti þeim ferðamönnum, sem koma, og veita þeim beina og gistingu í húsum ríkisins. Og mér dettur ekki í hug, að þessi ágætu hjón, þessi duglegi bóndi fari af jörðinni næsta vor, en þá er byggingartíminn útrunninn, enda þótt ríkið fari ekki að kosta til jarðarinnar nú 500—600 þús. kr.

11. Sjónvarp til Austurlands.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um sjónvarp til Austurlands [79. mál] (A. 91).

Á 12. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 7. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þessi fsp. á þskj. 91 til hæstv. menntmrh. er einföld og ljós og þarfnast ekki mikilla skýringa. En tilefni hennar er yfirlýsing, sem hæstv. menntmrh. gaf við umr. fyrir skömmu í hv. Ed. um útvarpsrekstur, þess efnis, að nú hefði verið tekin ákvörðun um byggingu endurvarpsstöðva á Skálafelli og Vaðlaheiði, sem teljast til aðalendurvarpsstöðva við dreifingu sjónvarpsins, auk nokkurra minni, m. a. í Vestmannaeyjum og Vík

í Mýrdal, sem væntanlega mundu einnig leysa þessi mál fyrir Austur-Skaftafellssýslu. En í áætlunum um dreifingu sjónvarpsins um landið er gert ráð fyrir fáum aðaldreifistöðvum, og meðal þeirra er Fjarðarheiðarstöðin. Sú tiltölulega góða reynsla, sem fengizt hefur af tilraunasjónvarpi að undanförnu, hefur stóraukið áhugann um allt land fyrir sjónvarpi, og það er mikið sanngirnismál að reyna að koma þessum höfuðdreifistöðvum upp sem mest í senn til að jafna eftir föngum aðstöðu fólksins, og þess vegna er spurt: Hvenær má vænta ákvörðunar um Fjarðarheiðarstöðina?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, er fyrirhugað, að dreifikerfi sjónvarpsins um landið grundvallist á 4 aðalstöðvum, það hafi 4 hornsteina, ef svo mætti segja. Aðalsendistöðin verður reist á Skálafelli, en síðan eru ráðgerðar aðalendurvarpsstöðvar fyrir hina landsfjórðungana þrjá, fyrir Norðurland á Vaðlaheiði, fyrir Austurland á Fjarðarheiði og fyrir Vesturland í Stykkishólmi.

Ég skýrði frá því fyrir nokkrum dögum hér á hinu háa Alþ., að fjárhagsgeta sjónvarpsins sjálfs, þ. e. a. s. tekjur þess af auðflutningsgjöldum, — en ákveðið hefur verið, að þær skuli ganga einvörðungu til uppbyggingar dreifikerfisins um landið, — fjárhagsgeta sjónvarpsins sjálfs hafi gert kleift að taka nú þegar ákvörðun um að byggja tvær aðalstöðvarnar, á Skálafelli og á Vaðlaheiði, og þar með tryggja, að innan tveggja ára frá þessum tíma næði sjónvarpið til næststærsta þéttbýlissvæðis landsins, þ. e. a. s. Akureyrar og héraðanna þar í kring. Hins vegar gerði fjárhagsgeta sjónvarpsins enn ekki kleift að taka ákvörðun um það, hvenær aðalendurvarpsstöðvarnar fyrir Vesturland og Austurland skyldu byggðar.

Eftir að skýrt var frá þessari ákvörðun, kom í ljós, að alveg sérstakur áhugi er á því, að sem fyrst sé hægt að koma sjónvarpsmyndinni til Austurlands og til Vesturlands. Komið hefur í ljós í fundarsamþykktum, í ályktunum, bréfum og fjöldamörgum viðtölum af hálfu fulltrúa úr þessum landsfjórðungum, að það yrði mjög mikils metið þar, ef hægt væri sem fyrst að taka ákvörðun um byggingu stöðvanna á Fjarðarheiði og í Stykkishólmi. Í tilefni af þessu hefur ríkisstj. fyrir sitt leyti fallizt á, að inn í frv., sem liggur fyrir Ed. til breytinga á útvarpslögunum, um það að taka af öll tvímæli um, að sjónvarp skuli teljast til útvarps, — að inn í það frv. yrði tekin lánsheimild til handa ríkisstj. til þess að koma upp þessum endurvarpsstöðvum báðum, þessum meginendurvarpsstöðvum Austurlands og Vesturlands, Fjarðarheiðarstöðinni og Stykkishólmsstöðinni. Ef till. um þetta nær fram að ganga hér á hinu háa Alþ., mun þegar í stað verða tekin ákvörðun um að byggja þessar stöðvar báðar. Hins vegar get ég ekki og getur enginn sagt um það með vissu, hvenær þeirra byggingu gæti orðið lokið, og því ráða tækniástæður einar. Sannleikurinn er sá, að ekki hafa verið gerðar allar þær undirbúningsrannsóknir, sem nauðsynlegar eru til að sannprófa, hvort Skálafellsstöðin nær væntanlegri stöð á Vaðlaheiði með nægilega fullkomnum hætti frá tæknilegu sjónarmiði séð. Og áður en sjónvarpið getur komizt til Austurlands, þarf myndin örugglega að hafa komizt norður yfir jökla, þ. e. a. s. til Norðurlandsins, því að þaðan mundi hún halda áfram til Austurlands. Allmiklar mælingar hafa verið um þetta gerðar, en þörf á fleirum, áður en ráðizt er í þessar framkvæmdir. Og ég hygg, að allir tæknimenn telji, að nauðsynlegt sé, að fyrst komist sæmileg reynsla á sendingu sjónvarpsmyndarinnar til Norðurlands, áður en hægt er að segja nákvæmlega til um, með hvaða hætti frekari dreifing eigi að fara fram. Það er aðeins hugsanlegt, það er ekki hægt að útiloka það, að byggja þurfi millistöðvar á milli Suðurlands og Norðurlands. En að öllum rannsóknum í þessu efni verður unnið með þeim hraða, sem tæknin frekast gerir mögulegan.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þetta minna á, að þegar þessi mál voru hér til meðferðar á dögunum og hæstv. menntmrh. lýsti þessum efnum fyrir hv. Alþ., stakk ég upp á því, að sú stefna yrði tekin varðandi útbreiðslu sjónvarpsins, að allar aðalendurvarpsstöðvarnar kæmu upp í senn, gætu orðið tilbúnar á sama tíma. Og ég lýsi ánægju minni yfir því, að nú er að heyra á yfirlýsingu hæstv. menntmrh., að stjórnin hafi tekið upp þessa stefnu, ég skil yfirlýsingu hans þannig um þetta, að það verði keppt að því, að allar þessar aðalendurvarpsstöðvar geti komizt upp á sama tíma og allt verði gert, sem í mannlegu valdi stendur, til þess að slíkt megi verða, og ekki standi á peningunum í því efni. Ég er ánægður með þetta fyrir mitt leyti, en tel, að samþykkja ætti þá brtt., sem framsóknarmenn í Ed. flytja við frv. um breyt. á útvarpslögunum, því að með því væri tryggt, að sjónvarpið kæmist um allt landið á stuttum tíma eða fyrir árslok 1969. En sem sagt, það, sem nú hefur komið fram, er framför frá því, sem fyrst var áformað í þessu, og ég vil þakka fyrir það.

Fyrirspyrjandi (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Ég vænti, að það standi ekki á hlut Alþ. í þessu máli að greiða fyrir því, að að því leyti sem fjárhagsvandi er hér á ferðum, verði reynt að láta byggingu þessara stöðva ekki stranda á honum. Hitt er mér mjög vel ljóst, að það munu koma fram ýmsir tæknilegir örðugleikar, sem ekki verða séðir fyrir. En ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim góða vilja, sem er á því að reyna eftir megni að styðja að því, að allar þessar höfuð-

stöðvar komist upp sem mest samtímis, þannig að sem jöfnust sé aðstaða allra landsmanna til þess að njóta sjónvarpsins.

12. Bygging verkamannabústaða.

Á deildafundum 13. des. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um fjárframlög til byggingar verkamannabústaða [89. mál, 1] (A. 138).

Á 16. fundi í Sþ., 14. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 1. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fsp. mín á þskj. 89 er í þremur tölul. varðandi framkvæmd á byggingu verkamannabústaða á árinu 1966 og um það, hvaða möguleikar séu til byggingar verkamannabústaða á árinu 1967, yfirstandandi ári. Það er ástæðulaust að fjölyrða um þessa fsp. Hún er þannig orðuð, að hún liggur ljóst fyrir og þarf ekki útskýringa með. En hún er fram borin vegna þess ástands, sem skapazt hefur í húsnæðismálum þjóðarinnar, og það ástand er þannig, að fyllsta ástæða er til að fullnýta alla möguleika til þess að bæta úr húsnæðisvandamálunum, og liður í því er auðvitað framkvæmd á vegum byggingarsjóðs verkamanna, þ. e. a. s. við byggingu verkamannabústaða. Þar má ekki nokkurt hlé á verða. En ég hygg, að það muni rétt vera, að byggingarsjóður verkamanna hefur engum lánum úthlutað á árinu 1966 og þannig verið lægð, að ég ekki segi alger kyrrstaða í starfsemi sjóðsins á liðnu ári. Ef þetta er ekki rétt, mun það koma fram í svari hæstv. ráðh. núna á eftir. En ef þetta er hins vegar rétt, þykir mér það mjög miður, að svo skuli hafa farið, að byggingarsjóður verkamanna skuli í raun og veru ekki hafa getað haft neinar framkvæmdir með höndum til þess að mæta ríkri og aðkallandi þörf í húsnæðismállum verkalýðsstéttarinnar. En það, sem skiptir þó meira máli, er alltaf það, sem fram undan er, og þess vegna er 3. liður fsp. um það, hve miklar tekjur sjóðnum séu tryggðar til byggingar verkamannabústaða á árinu 1967, og með svarinu við þeim lið fsp. fáum við hugmyndir um það, hvernig getur rætzt úr framkvæmdum á vegum byggingarsjóðs verkamanna á yfirstandandi ári, og það skiptir þó enn meira máli.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í svörum mínum við þessum fsp. hv. fyrirspyrjanda tel ég nauðsynlegt að leiðrétta hugsanlegan misskilning í grundvelli fsp., en á þeim gæti skilizt, að um árlegar heildarlánveitingar eða úthlutanir væri að ræða hjá byggingarsjóði verkamanna. Í fundargerðum þeim, sem núverandi stjórn byggingarsjóðs verkamanna hefur undir höndum og nær aftur til ársins 1947, eða yfir starf sjóðsins s. l. 20 ár, hafa heildarlánveitingar aldrei farið fram árlega. Á s. l. 10 árum hafa t. d. 4 heildarlánveitingar farið fram, þ. e. á árinu 1957 til 112 íbúða, á árinu 1959 til 150 íbúða, árið 1962 til 140 íbúða og í árslok 1965 til 161 íbúðar, en þá fór fram síðasta heildarlánveiting eða ákvörðun um lánsloforð. Ástæðuna til þessa fyrirkomulags mun m. a. mega rekja til þess, að byggingartími húsanna hefur reynzt vera að meðaltali 2—3 ár, en þó jafnvel lengri á ýmsum stöðum. Á árunum, sem þarna eru á milli heildarlánveitinganna, hefur svo ávallt reynzt nauðsynlegt að hækka lánveitingar til einstakra byggðarlaga og þar með fjölga íbúðum, sem lánað er til, þar sem einstök byggingarfélög hafa þá ekki reynzt eiga þess kost að fá hentugar lóðir undir þann íbúðafjölda, sem sjóðsstjórnin upphaflega ákvað til viðkomandi staðar. Þessar nauðsynlegu leiðréttingar koma ljóslega fram í eftirfarandi lánveitingum á árunum milli heildarlánveitinganna, en árið 1955 er slík leiðrétting 46 íbúðir, 1956 32, 1958 er engin slík leiðrétting, þ. e. a. s. engin lánveiting á því ári, og 1960 eru 15 íbúðir, 1961 9, 1963 30 íbúðir og 1964 2 íbúðir.

Lánveitingar ásamt viðbótarlánum á vegum byggingarsjóðs verkamanna í krónum hafa á þessu 10 ára tímabili numið 200 millj. 705 þús. kr. til 697 íbúða og skiptast þannig á einstök ár: Árið 1955 6 millj. 495 þús., 1956 4.8 millj., 1957 16 millj. 560 þús., 1958 ekkert, 1959 23 millj. 630 þús., 1960 2 millj. 260 þús., 1961 3.4 millj., 1962 44.3 millj., 1963 9.6 millj., 1964 600 þús. og 1965 eða í árslok þess árs 89 millj. 60 þús. Skal ég nú víkja að einstökum fsp. fyrirspyrjanda.

Það er í fyrsta lagi, að spurt er um, hve miklum fjárupphæðum hafi verið úthlutað úr byggingarsjóði verkamanna á árinu 1966 til byggingar verkamannabústaða. Svar: Á árinu 1966 voru afgreiddar úr sjóðnum kr. 24.873.570,67. Ný lánsloforð voru ekki gefin út á því ári.

Spurt er í öðru lagi: Hve mikið fé hefur ríkisstj. lagt sjóðnum auk eigin tekna hans á árinu? Svar: Fyrir milligöngu ríkisstj. voru samkv. framkvæmdaáætlun byggingarsjóði verkamanna útvegaðar að láni af tæpum 25 millj. 14.9 millj. kr. af því fé, sem á árinu var afgreitt.

Í þriðja lagi: Hve miklar tekjur eru sjóðnum tryggðar til byggingar verkamannabústaða á árinu 1967? Svar: Svo sem í upphafi var getið, er nú sem fyrr nauðsynlegt, áður en fyrirhuguð heildarlánveiting fer fram, sem fyrirhuguð er nú á allra næstu vikum, að

gera sér ljósa grein fyrir tekjum sjóðsins og lánsmöguleikum a. m. k. á næstu tveimur árum, áður en unnt er að segja með nokkurri nákvæmni, hve heildarlánveiting eða lánsloforð getur numið hárri upphæð, og þá til hve margra íbúða. Frá því á s. l. hausti hefur verið og er enn unnið að samningu framkvæmdaáætlunar. Því verki er enn ekki lokið, og á þessari stundu verður því ekki með neinni vissu eða nákvæmni sagt, hvert ráðstöfunarfé sjóðsins verður á árinu eða næsta byggingartímabili. Strax og þessar tölur liggja fyrir, mun sjóðsstjórnin með nýrri heildarlánveitingu hefjast handa um ráðstöfun þess fjár, og væntanlega mun ekki líða á löngu, að svo geti orðið.

Í sambandi við þessar fsp. væri æskilegt að ræða ýmsar fleiri hliðar á starfsemi byggingarsjóðs verkamanna, en þar sem fsp. sjálfar gefa ekki tilefni til þess, mun ekki nánar út í þau atriði farið að þessu sinni. Ég vænti þess, að þessi svör verði af fyrirspyrjanda talin fullnægjandi við fsp. hans, þó að það skuli fúslega viðurkennt, að varðandi 3. lið inn, sem fyrirspyrjandi lagði eðlilega mesta áherzlu á, hvílir enn nokkur óvissa, en ég fullvissa hann um, að það er að því unnið og gert með þeim hraða, sem mögulegt er.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann veitti. Að vísu var meginmál hans um löngu liðið tímabil, sem fsp. fjölluðu ekki um, en það er ekkert á móti því að rifja upp nokkra forsögu, þegar miklar eyður eru í varðandi það efni, sem aðallega var spurt um. Það er rétt, að stundum hafa fjárveitingar úr sjóðnum orðið að dragast nokkuð saman og síðan að taka fyrir tveggja ára tímabil, það er ekki óþekkt fyrirbæri í sögu sjóðsins, en hann hefur þó árlegar tekjur, og ákveðin lagafyrirmæli eru um mótframlög af hendi bæjarfélaganna og þannig alltaf nokkur stofn fyrir hendi til þess að halda uppi jafnri starfsemi frá ári til árs. Og það hygg ég, eins og ástatt er í húsnæðismálum, að sé nú farsællegast, að láta starfsemi sjóðsins með því fjármagni, sem hann hefur til umráða, fara sem jafnast fram.

Það kom sem sagt fram í svari hæstv. ráðh., að á árinu 1966 voru ekki ný lánsloforð veitt úr sjóðnum, starfsemi hans lá því niðri að öðru leyti en því, að menn voru að ljúka framkvæmdum, sem hafnar höfðu verið á árinu 1965. Ég harma það, hversu dauft var yfir þessari starfsemi byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1966, og tel, að hæstv. ríkisstj. hefði þurft að sjá sjóðnum fyrir aukafjármagni til þess að geta haldið uppi áframhaldandi starfsemi á því ári. Mér er kunnugt um það, að víða í kauptúum landsins og bæjum olli það miklum vonbrigðum, að engin lánsloforð fengust veitt á árinu 1966.

Þá harma ég það, að ég fékk í raun og veru ekkert svar við þriðja lið fsp., um starfsgetu sjóðsins og framkvæmdamöguleika á yfirstandandi ári, 1967. Það bíður þess, að lokið sé framkvæmdaáætlun, sagði hæstv. ráðh., og henni er ekki lokið enn og þannig ekkert hægt um það að segja, nema það, að ríkisstj. mun gera allt, sem unnt er, til þess að starfsemi sjóðsins geti orðið sem mest. Þrátt fyrir þessi góðu og fallegu orð liggur allt á lausu um það, hver starfsemi sjóðsins verði á árinu 1967 eftir í raun og veru litlar eða engar framkvæmdir á árinu á undan. Þetta þykir mér mjög miður og verð þó að treysta á, að orð hæstv. ráðh. vegi meira en jafnvel felst í fyrirheiti hinna óljósu orða um, að allt verði gert sem unnt sé. Ég vil sem sé vænta þess, að árið 1967 verði mikið framkvæmdaár hjá byggingarsjóði verkamanna, eins og ætla verður, þegar litið er á það, að litlar framkvæmdir voru á árinu þar á undan.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í framhaldi af því, að hv. fyrirspyrjandi harmar það, að ekki skyldu hafa verið nýjar heildarlánveitingar á árinu 1966, mun það m. a. mega rekja til þess, að langstærsta lánveiting í sögu sjóðsins fór fram undir árslok 1965 og þar var áreiðanlega reiknað með öllum þeim tekjum, sem til féllu síðari hluta þess árs og eins á árinu, sem var að líða, þannig að tekjumöguleikum ársins 1966 var ráðstafað í árslok 1965. Ég skal fúslega taka undir það með hv. fyrirspyrjanda og veit, að hann mælir það af heilum hug, að hann óskar þess, að árið 1967 megi verða stóraukið framkvæmdaár á vegum sjóðsins í auknum lánsfyrirheitum, sem að sjálfsögðu verði við staðið, og ég tek með ánægju undir þessar óskir hans, því að sannarlega á hér það fólk hlut að máli, sem mesta þörf hefur á því, að því sé rétt hönd í þessari félagslegu aðstoð.

13. Rafmagnsmál Austurlands.

Á deildafundum 6. des. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til raforkumrh. um rafmagnsmál Austurlands [85. mál] (A. 116).

Á 15. fundi í Sþ., 7. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 14. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég flyt ásamt öðrum þm. Austf. fsp. til hæstv. raforkumrh. varðandi raforkumál Austurlands. Fsp. er á þskj. 116 og er þannig:
„Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar í rafmagnsmálum Austurlands til þess að koma

í veg fyrir, að hliðstæðar rafmagnstruflanir og átt hafa sér stað að undanförnu endurtaki sig?"

Ástæður til þess, að þannig er spurt, eru þær, að í haust og vetur hafa orðið endurteknar truflanir á raforkuframleiðslunni á orkuveitusvæði Grímsárvirkjunar á Austurlandi. Truflanir þessar hafa m. a. leitt til þess, að stöðva hefur þurft síldarvinnslu í síldarbræðslum og aðra fiskvinnslu, svo að orðið hefur stórtjón að, ekki aðeins fyrir viðkomandi vinnslufyrirtæki, heldur einnig fyrir þjóðarbúið í heild.

Eins og kunnugt er, stundar mikill hluti bátaflotans í landinu síldveiðar við Austurland mikinn hluta ársins, eins og nú er komið. Floti þessi byggir rekstrarafkomu sína fyrst og fremst á vinnslu aflans í sjávarplássunum á Austsfjörðum. Stöðvist sú vinnsla aflans, sem þar á að fara fram, stöðvast síldarflotinn um leið. Mest er síldveiðin við Austurland síðari hluta árs eða á tímabilinu september—desember. Á þeim tíma má búast við, að veiðarnar stundi um 150—200 síldveiðiskip, öll 150—350 rúmlestir að stærð. Á þessum flota eru um 2000 sjómenn. Fjármagn það, sem bundið er í þessum skipastól með veiðarfærum, mun vera um 2500—3000 millj. kr. Á Austurlandi eru starfandi 8 síldarverksmiðjur og 2 eru í byggingu. En auk þess eru þar reknar um 30 síldarsöltunarstöðvar og nokkur frystihús. Í þessum framleiðslustöðvum er mikið fjármagn bundið.

En hvernig er svo ástatt í raforkumálum Ausurlands? Þar er ein teljandi vatnsvirkjun, Grímsárvirkjun. Hámarksorkuframleiðsla hennar er um 3000 kw, en tímunum saman getur hún ekki framleitt nema 500—1500 kw, og einmitt á haustin og veturna ber mest á því, að vatnsskortur verður í Grímsá. Auk Grímsárvirkjunar er um að ræða 5450 kw orku í dísilrafstöðvum á orkuveitusvæði Grímsárvirkjunar. Þegar Grímsárvirkjun fellur niður í 500 kw orku, sem oft á sér stað, er heildarorkan á orkuveitusvæðinu aðeins 5950 kw. En í haust hefur álagið farið upp í 6500 kw. Augljóst er því, að þegar Grímsárvirkjun fellur niður fyrir 1000 kw, er ekki til nægileg orka til þess að halda uppi því álagi, sem þegar er orðið á orkuveitusvæðinu. Reynslan hefur sýnt, að orkunotkunin á Austurlandi fer hratt vaxandi, miklu hraðar en annars staðar á landinu. Þessi knappa orka, sem að miklu leyti byggist á framleiðslu olíustöðva, er auðvitað alls ófullnægjandi. En það, sem verra er, er það, að dísilstöðvarnar, sem ætlaðar voru upphaflega til öryggis og til þess að taka af hæstu toppa, eru nú orðnar aðalorkustöðvarnar, þær orkustöðvar, sem framleiða grunnorkuna. Stöðvist síldariðnaðurinn á Austurlandi í 3 góða veiðidaga, má reikna með, að tapazt hafi gjaldeyrisframleiðsla, sem nemur 100—120 millj. kr. miðað við fullunnar bræðsluafurðir til útflutnings. Slíkt tap er jafnmikið í krónum og hagstæð Lagarfossvirkjun fyrir Austurland mundi kosta. Þegar haft er í huga, hve mikið er í húfi varðandi framleiðslumál þjóðarinnar einmitt á Austurlandi, virðist lítið vit vera í því að láta raforkumálin á Austurlandi vera áfram í því horfi, sem þau eru nú í. Ég vænti því, að hæstv. raforkumrh. geri hér grein fyrir, hvað sé fyrirhugað til þess að bæta úr ófremdarástandinu, sem nú er í raforkumálum Austurlands.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil leitast við að svara þeirri fsp., sem hér hefur verið lögð fram af öllum hv. þm. Austfjarðakjördæmis. En fsp. hefur verið lesin og hv. þm. heyrt hana. Í sambandi við þetta er rétt að taka fram, að raforkan á Austurlandi, þ. e. a. s. á Grímsársvæðinu, er unnin í vatnsorkuveri við Grímsá, að smávægilegu leyti í vatnsorkuverum í Fjarðará í Seyðisfirði og Búðará í Reyðarfirði. En mestur hluti þeirrar orku, sem kemur ekki frá Grímsá, er unninn í dísilvélum, fyrst og fremst í Neskaupstað og á Seyðisfirði og að litlu leyti á Fáskrúðsfirði. Dísilstöðvarnar gegna jafnframt því hlutverki að vera varastöðvar gagnvart línubilunum á kerfinu og vélabilunum og vatnsleysi í Grímsá. Þær gegna því eystra því hlutverki, sem varmaorkuver yfirleitt gegna hér á landi og annars staðar, þar sem meginhluti orkunnar er unninn í vatnsorkuverum. Grímsá vinnur meiri hluta orkunnar á Austurlandi, og orkuvinnslugeta hennar er enn þá hvergi nærri fullnýtt. Fer vinnslan í virkjuninni vaxandi ár frá ári. En sökum þess að álagið á kerfið er orðið til mikilla muna meira en afl Grímsárvirkjunar, er talsverð orka einnig unnin í dísilstöðvunum.

Til að mæta hinni ört vaxandi raforkunotkun eystra hafa Rafmagnsveitur ríkisins á undanförnum árum stöðugt aukið afl dísilstöðvanna. Þannig var á yfirstandandi ári bætt við 1000 kw á Seyðisfirði. Því miður dróst tenging þeirrar aflviðbótar við kerfið lengur en áætlað var. Nú á s. l. hausti, meðan aflviðbót þessi var enn óviðtengd, vildi það óhapp til, að ein af stærstu dísilvélunum bilaði samtímis því, að vatnsleysi var í Grímsá vegna lágrennslis og frosta. Þetta olli því, að takmarka varð orkuafhendingu til síldariðnaðarins eystra, eins og kunnugt er, og mun það vera tilefni þessarar fsp. Rafmagnstruflanir á Austurlandi nú í haust stöfuðu þannig af samspili þriggja óhappa, sem urðu samtímis: 1) Seinkun á uppsetningu Seyðisfjarðarvélanna. 2) Bilun á einni stærstu dísilvélinni á svæðinu. 3) Vatnsleysi í Grímsá.

Þegar rætt er um þessi mál, ber að hafa í huga, að enda þótt fullkomlega sé eðlilegt og sjálfsagt að gera háar kröfur um öryggi gagnvart rafmagnstruflunum, getur öryggið samt aldrei orðið 100% af þeirri einföldu ástæðu, að enginn notandi mundi vilja taka á sig kostnaðinn, sem 100% öryggi væri samfara. Rafmagnstruflanir koma því alls staðar fyrir. Spurningin er einungis um það, hversu

tíðar þær eru. Má í þessu sambandi vísa til reynslu annars staðar hér á landi, og nærtækt dæmi erlendis frá er hin mikla rafmagnstruflun, er náði yfir mörg ríki í austurhluta Bandaríkjanna fyrir ári.

Kröfurnar um viðunanlegt öryggi gegn rafmagnstruflunum eiga vitanlega fyllsta rétt á sér og eru skiljanlegar, ekki sízt á Austurlandi nú, vegna síldariðnaðarins og hinna miklu verðmæta, sem þar eru í húfi. Rafmagnsveitur ríkisins hafa og fullan skilning á þessu máli og munu gera sitt ýtrasta til að tryggja notendum sínum sæmilega örugga raforku. Hinn hraði vöxtur notkunarinnar eystra, sem vikið var að í upphafi, veldur nokkrum erfiðleikum á þessu sviði, en vonir standa til, að á þeim megi sigrast.

Svo sem áður er getið, stöfuðu rafmagnstruflanir fyrir austan nú í haust af sérstaklega óheppilegu samspili þriggja orsaka. Enda þótt gild rök séu fyrir því, að slíkt samspil sé afar sjaldgæft, hafa Rafmagnsveitur ríkisins þegar í undirbúningi ráðstafanir til að auka afl dísilstöðvanna fyrir austan á árinu 1967 til verulegra muna meira en nemur árlegri aukningu undanfarin ár. Er stefnt að því, að unnt verði að anna mesta álagi án truflana, jafnvel þótt atburðir þeir, sem að framan voru taldir, endurtaki sig.

Svar við þeirri fsp., sem hér liggur fyrir, er því í sem allra stytztu máli á þá leið, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa nú þegar í undirbúningi ráðstafanir til þess að auka afl dísilstöðvanna á Austurlandi á árinu 1967 til muna meira en gert hefur verið árlega á undanförnum árum og tryggja þannig notendur gegn rafmagnstruflunum. Um alllangt skeið hefur verið til athugunar hjá raforkumálastjóra, hverjar ráðstafanir séu heppilegastar til þess að mæta vaxandi raforkuþörf á Austurlandi í framtíðinni. Og af því að þau mál snerta efni þessarar fsp., þótt óbeint sé, þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þessum athugunum. Þeim var, að því er Austurland varðar, mikið til lokið seint á s.l. sumri. En áður en þeim lyki að fullu, sneri stjórn Laxárvirkjunar sér til ríkisstj. með beiðni um fyrirgreiðslu við lánsútvegun til ráðgerðrar nýrrar virkjunar í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Með því að Austurlandsathugunin hafði sýnt, að tenging raforkukerfisins eystra við Laxársvæðið kemur sterklega til greina, þótti sýnt, að ekki væri unnt að skoða raforkumál Laxársvæðisins og Austurlands alveg aðskilið. Svipaðar athuganir varðandi Norðurland vestra bentu og til, að þar kynni tenging við Laxá einnig að vera álitleg ráðstöfun. Með þetta í huga þótti rétt að afgreiða eigi málaleitun Laxárvirkjunar án þess, að áður hefði farið fram rækileg athugun á þessum samtengingum. Skipaði ráðh. þá nefnd undir formennsku raforkumálastjóra til þess að rannsaka raforkumál Laxársvæðisins með hliðsjón af málaleitun Laxárvirkjunar og þá jafnframt, hvort hagkvæmt kynni að vera að leysa raforkumál Austurlands og Norðurlands vestra í sameiningu við Laxársvæðið. N. þessi hefur enn ekki lokið störfum, en þess er vænzt, að hún skili áliti mjög bráðlega, og það er rétt að taka fram, hverjir eru í þessari n. Það er Jakob Gíslason raforkumálastjóri, formaður, Valgarð Thoroddsen rafmagnsveitustjóri, Sigurgeir Jónsson frá Seðlabankanum, Bjarni Bragi Jónsson frá Efnahagsstofnuninni, Knútur Otterstedt rafmagnsveitustjóri, Akureyri, og Arnþór Þorsteinsson, formaður stjórnar Laxárvirkjunar, Akureyri.

Eigi þykir ástæða til að skýra frá störfum þessarar n. í einstökum atriðum, enda mun álit hennar liggja fyrir innan skamms, svo sem fyrr segir. Þess skal aðeins getið, að varðandi Austurland eru teknir til samanburðar tveir meginvalkostir í raforkuefnum fyrir svæðið: 1) Virkjun í Lagarfossi. 2) Tenging við Laxársvæðið með háspennulínum. Athugaðar eru mismunandi stærðir virkjunar í Lagarfossi. Gengið er út frá mismunandi forsendum um vöxt raforkunotkunar á Austurlandi, einnig athugað sérstaklega, hver áhrif aukin notkun raforku til húsahitunar þar eystra hefur á niðurstöðurnar.

Svo sem greint var frá fyrr í máli þessu, er orkuvinnslugeta Grímsárvirkjunar enn eigi fullnýtt, þótt afl hennar sé hins vegar fullnotað og töluverð orka unnin í dísilstöðvum. Þótt Grímsá geti þannig enn um sinn tekið á sig hluta af orkuaukningunni, verða dísilstöðvarnar að taka á sig síaukinn hluta aukningarinnar, og vex vinnsla þeirra því ört. Sökum kostnaðar er slíkt eigi hagkvæmt til langframa, og hlýtur að því að koma, að reisa verði vatnsaflsstöð eystra eða tengja svæðið við Laxá. En vert er að leggja þunga áherzlu á, að með því er hlutverki dísilstöðvanna engan veginn lokið. Því veldur einmitt sú krafa notenda um öryggi gegn truflunum, sem er tilefni fsp. Dísilstöðvarnar sjá þá fyrir varaafli gegn bilunum véla eða línusliti. Það er útbreiddur misskilningur, að þörfin fyrir varaafl minnki, ef stór vatnsaflsstöð kemur inn á kerfið, það er þvert á móti. Stórar vélaeiningar krefjast meira varaafls miðað við sama öryggi notenda, því að meira munar um, ef stór vél fellur úr starfi vegna bilunar eða línuslits. Varaaflsþörfin er fyrst og fremst komin undir heildarálaginu, sem vex mjög ört á Austurlandi nú sem stendur.

Í áðurnefndri Austurlandsathugun er tekið tillit til áhrifa hvors um sig á varaaflsþörfina og þá gengið út frá sama öryggi hjá notendum, hvor valkosturinn sem valinn yrði. Kemur mjög greinilega í ljós, að varaaflsþörfin vex, eftir því sem álagið eykst. Þetta er ástæðan til þess, að þörf verður fyrir mikið dísilafl í framtíðinni, einnig eftir að orkuvinnslan hefur að heita má alveg færzt yfir á vatnsafl. Þær dísilviðbætur, sem nú eru ráðgerðar, koma því að fullum notum áfram, og fé því, sem til þeirra er varið, er engan veginn á glæ kastað.

Ég vænti þess, að ég hafi nú svarað þannig

nefndri fsp., að hv. fyrirspyrjandi sé nokkurn veginn ánægður með það.

Umr. frestað.

Á 20. og 21. fundi í Sþ., 1. og 2. febr., var fsp. tekin til frh. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var umræðu um fsp. fram haldið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er langt síðan þessi fsp. var til umr., og menn hafa að sjálfsögðu dálítið ryðgað í því, sem þá fór fram. En ég vil samt sem áður segja hér þau fáu orð, sem ég ætlaði að bæta við þær umr., sem þá áttu sér stað, þó að þetta slitni sundur á þennan hátt. En fsp. er um það, hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar í rafmagnsmálum Austurlands til þess að koma í veg fyrir, að hliðstæðar rafmagnstruflanir og átt hafa sér stað að undanförnu endurtaki sig. En þessu svaraði hæstv. raforkumrh. þannig, að það mundi verða gerð gangskör að því að bæta við dísilstöðvum til þess að framleiða meira rafmagn með því móti, og síðan flutti hann nokkurt mál eða nokkra skýrslu um það, hvað gert hefði verið til þess að athuga um aðrar og meiri háttar framtíðarráðstafanir í raforkumálum Austurlands.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að leggja áherzlu á það, sem hv. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, sagði, að það þolir enga bið að bæta rösklega úr rafmagnsskortinum nú þegar með auknu dísilafli. En það er þó engin lausn, því að öryggisleysið er slíkt í þessu dísilkerfi, að við það verður ekki unað, því að segja má, að lítið sé um varastöðvar að ræða, þegar mestmegnis eru notaðar dísilstöðvar og þá ekki miklu meiri að orku en þarf til þess að fullnægja toppnum. Er þetta auðskilið, að dísilstöðvar geta ekki verið til vara fyrir sjálfar sig. En venjulega er það þannig, að dísilstöðvar eru hafðar til vara við vatnsaflsstöðvar.

Tjónið, sem af þessu hefur orðið, verður ekki mælt í neinum smáfjárhæðum, eins og hv. þm. upplýsti. Það hefur engin vatnsvirkjun verið framkvæmd á Austurlandi, síðan Grímsárvirkjun var byggð, en hún var miðuð við allt annað ástand en nú er í þessum landshluta, því að raforkunotkun hefur vaxið þar meira en nokkurs staðar annars staðar í landinu, margfaldazt á þeim árum, sem liðið hafa síðan Grímsárvirkjunin var sett á fót, og gefur þá auga leið, hvernig komið er. Það hefur verið klastrað einni dísilvélinni við aðra í ýmsum byggðarlögum og þetta skeytt saman með háspennulínum. En fyrir utan öryggisleysið, sem af þessu stafar, er rétt að upplýsa það, sem fram kom á fundi nýlega á Egilsstöðum, sem haldinn var um raforkumál Austurlands, að rekstrarhallinn á þessu kerfi mun s. l. ár hafa orðið um 16 millj. kr. Það er því búið að gera óhemjuskaða, að ekki hefur verið hafizt handa um aðra og heppilegri úrlausn fyrr til þess að leysa þennan vanda. Það hefur sem sé dregizt allt of lengi að bæta við vatnsaflsvirkjun, og það sést bezt núna, þegar farið er að skoða þessi mál loksins, að þá kemur það í ljós, að þarna er hægt að virkja mjög góða vatnsaflsvirkjun, þar sem Lagarfossvirkjunin er, sem innan fárra ára mundi bera sig. Og mér skilst, að hallinn mundi aldrei verða, jafnvel ekki í byrjun, neitt líkur því, sem hann er nú á dísilstöðvakerfinu, og innan skamms mundi þessi virkjun síðan taka að bera sig eða rekstur kerfisins í heild, ef skynsamlega væri á þeim málum haldið.

Ég mun í sambandi við annað mál, sem er hér á dagskrá í hv. Nd., fara nánar inn á frambúðarúrræði í raforkumálum Austurlands, sem þarf að grípa til án nokkurrar tafar, og ekki nota þessar örfáu mínútur, sem ég hef hér, til þess að fara nánar út í það. En ég vil í sambandi við þetta og að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh. í því, sem hann sagði í sambandi við fsp., einmitt ítreka þær óskir Austfirðinga, sem fluttar hafa verið til hæstv. ráðh., að menn af Austurlandi verði skipaðir í þá n., sem hæstv. ráðh. hefur komið á fót til þess að íhuga raforkumál Laxársvæðisins og Austurlands.

Þessu hefur ekki verið nógu vel tekið enn þá af raforkumálastjórninni, en ég vil vona, að það lagist, þegar íhugað er nánar, hvernig málavextir eru í þessu efni. En um það sagði hæstv. ráðh. í umr. um þessa n., sem sett var á fót í haust og í eru fulltrúar af Norðurlandi, en ekki af Austurlandi, en á þó að athuga raforkumál beggja landshluta saman, — ráðh. sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta. (**Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) Já, ræðutíminn er nú búinn, en aðalefni þess, sem ég ætlaði að lesa og mun þá nota síðari 5 mínútur mínar til þess að koma á framfæri, er það, að þessi n. á að íhuga raforkumál beggja þessara landshluta, og vona ég, að hæstv. ráðh. sjái, að það er sanngjarnt að bæta þar í mönnum af Austurlandi.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það er nú orðið æðilangt síðan fsp. sú var rædd hér á Alþ., sem hér er á dagskrá að þessu sinni, og þessar tiltölulega stuttu umr. eru því mjög sundurslitnar. En eins og hv. alþm. minnast, var aðalefni fsp. það að spyrjast fyrir um, hvað ráðgert væri að gera til úrbóta í raforkumálum Austurlands með sérstöku tilliti til þeirra áfalla, sem þar hafa orðið vegna raforkuskorts nú að undanförnu. Svar það, sem hæstv. raforkumrh. gaf við þessari fsp., var á þá lund, að ráðgert væri að bæta allmiklu dísilafli við á þessu raforkusvæði nú á komandi sumri, þannig að það mætti búast við því, að það væri minni hætta á því en verið hefur, að þarna gæti komið til raforkuskorts, eins og kom fyrir á s. l. sumri.

Þetta svar hæstv. ráðh. er út af fyrir sig góðra gjalda vert. Það er mikils um vert að reyna að koma í veg fyrir slíkt tjón, eins og

varð af raforkuskortinum á þessu svæði á s. l. sumri, og það verður varla gert nú í bráð með öðrum hætti en þeim að bæta þarna við nokkrum dísilvélum.

En jafnframt því, sem ráðh. gaf þetta svar, minntist hann nokkuð á lausn á raforkumálum Austurlands til frambúðar og gat þá um þá n., sem hann hefði skipað til þess að athuga um lausn á raforkumálum Laxársvæðisins og á raforkumálum Austurlands, og vék svo með nokkrum almennum orðum að þessum athugunum. Það er auðvitað enginn tími til þess hér í fsp.-tíma að ræða um þau mál að þessu sinni, og það verður að bíða síns rétta tíma, en ég vil aðeins undirstrika það í beinu framhaldi af fsp. og því, sem fram kom af minni hálfu við flutning þessarar fsp., að hér er auðvitað um gífurlega mikið hagsmunamál — ekki aðeins Austfirðinga — að ræða, hvernig þessi raforkumál á Austurlandi verða leyst, hér er hreinlega um hagsmunamál svo að segja allrar þjóðarinnar að ræða. Langsamlega þýðingarmesti iðnaður landsmanna er nú orðið rekinn einmitt á Austurlandi og hefur sínar miðstöðvar þar. Það er þannig komið, að meginhluti síldariðnaðarins hefur sínar rekstrarstöðvar á þessu svæði og byggir sinn rekstur á raforku um síldveiðitímann, sem er farinn að standa mikinn meiri hluta ársins, upp í 9—10 mánuði. Þá bindum við gífurlega mikið fjármagn bæði í okkar skipaflota og eins í vinnslustöðvum í landi á þessu svæði, og það er því mikið í húfi, ef til þess þarf að koma, að það skorti raforku á þessu svæði, og það er líka mikið í húfi að reka raforkumálin þannig á þessu svæði, að það sé verulega óhagstætt. En nú eru okkur gefnar þær upplýsingar, að því meiri raforka sem notuð er á Austurlandi, því meira er tap þessarar rafveitu, sem þarna er rekin. Það vex svo að segja í beinu hlutfalli við aukið álag, og þar sem jafnmikið er í húfi eins og þarna, sýnist vera harla einkennilegt að draga það við sig í mörg ár enn að ráðast í vatnsaflsvirkjun, sem talin er af sérfræðingum vera hagstæð, mjög hagstæð, þó að hún kosti 120—130 millj. kr.

Ég benti á það í grg. þeirri, sem ég flutti með fsp., að það lægi alveg óumdeilanlega fyrir, að ef svo vildi til, að síldveiðiflotinn stöðvaðist vegna raforkuskorts í 3 daga, þá er miðað við allgóða veiði að vísu, væri tjónekki undir 130 millj. kr. af því, eða eins og hagstæð vatnsaflsvirkjun mundi kosta í stofnkostnaði í Lagarfossi. Af þessum ástæðum er augljóst, að það er þýðingarmikið, að það fáist frambúðarlausn á hagstæðum grundvelli á þessu máli.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég var að tala áðan um þessa sanngjörnu ósk Austfirðinga að fá fulltrúa í þá n., sem skoðar þessi málefni, og ég ætlaði að gera grein fyrir því, hvað n. er að starfa, með því að vitna til þess, sem hæstv. ráðh. upplýsti um það í umr. einmitt um þessa fsp., þegar hún var til meðferðar fyrir jólin. En þá segir hæstv. ráðh. um verkefni nefndarinnar:

„Með þetta í huga þótti rétt að afgreiða eigi málaleitun Laxárvirkjunar án þess, að áður hefði farið fram rækileg athugun á þessum samtengingum," þ. e. a. s. hugsanlegum, m. a. við Austurland. „Skipaði ráðh. þá n. undir formennsku raforkumálastjóra til þess að rannsaka raforkumál Laxársvæðisins með hliðsjón af málaleitun Laxárvirkjunar og þá jafnframt, hvort hagkvæmt kynni að vera að leysa raforkumál Austurlands og Norðurlands vestra í sameiningu við Laxársvæðið."

Enn fremur segir hæstv. ráðh. um þetta sama efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi þykir ástæða til að skýra frá störfum þessarar n. í einstökum atriðum, enda mun álit hennar liggja fyrir innan skamms, svo sem fyrr segir. Þess skal aðeins getið, að varðandi Austurland eru teknir til samanburðar tveir meginvalkostir í raforkuefnum fyrir svæðið: 1) Virkjun í Lagarfossi. 2) Tenging við Laxársvæðið með háspennulínum. Athugaðar eru mismunandi stærðir virkjunar í Lagarfossi. Gengið er út frá mismunandi forsendum um vöxt raforkunotkunar á Austurlandi, einnig athugað sérstaklega, hver áhrif aukin notkun raforku til húsahitunar þar eystra hefur á niðurstöðurnar."

Hér þarf ekki frekar vitnanna við. Það er augljóst af því, sem hæstv. ráðh. upplýsir sjálfur, að þessi n. á ekki síður að athuga raforkumálefni Austurlands en Norðurlands, og því finnst okkur sanngjarnt, að í henni séu menn af Austurlandi eins og menn af Norðurlandi til þess að fylgjast með þessu flókna, vandasama og þýðingarmikla máli alveg frá rótum.

Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, því að mönnum er það algerlega ljóst, að það getur ekki komið í staðinn fyrir starf í slíkri n., sem hefur svona flókið og umfangsmikið verkefni, þótt einstaka sinnum sé talað við þm. af svæðinu og þeim sagðar nokkrar niðurstöður og bollalagt máske hálfa klukkustund eða svo með nokkurra vikna millibili. Slíkt getur ekki komið í staðinn fyrir nefndarstarf af því tagi, sem þarna er verið að vinna og þarf að vinna. Með sömu rökum hefði mátt segja við þá fyrir norðan varðandi rafmagnsmál þeirra, að þeir þyrftu ekkert að vera í n., því að þm. þeirra gætu komið upp í stjórnarráð og talað við hæstv. raforkumrh. eða talað við sérfræðinga, sem að þessum málum vinna, af og til og það væri alveg jafngilt nefndarstarfinu.

Nei, við skulum gera okkur það alveg ljóst, að þarna er verið að fást við málefni, sem snerta Austurland jöfnum höndum og Norðurland. Því vil ég vænta þess, að hæstv. ráðh., þó að einhver smávægilegur misskilningur hafi komizt inn í þetta mál í sambandi við orðsendingar, sem gefnar hafa verið út, láti það ekki spilla neitt fyrir skynsamlegri lausn á málinu, en telji eðlilegt að verða við

ósk þeirri, sem fram hefur komið um að bæta mönnum af Austurlandi í n., en sú ósk kom frá fundi sveitarstjórnarmanna eða réttara sagt fundi, sem haldinn var af sambandi sveitarstjórna á Austurlandi.

Ég vil sem sagt vænta hins bezta í þessu af hendi hæstv. ráðh., að hann bæti þarna mönnum í nefndina.

14. Jafnrétti Íslendinga í samskiptum við Bandaríkin.

Á deildafundum 13. des. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um jafnrétti Íslendinga í samskiptum við Bandaríkin [89. mál, 2] (A. 138).

Á 16. fundi í Sþ., 14. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 20. og 21. fundi í Sþ., 1. og 2. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson). Herra forseti. Tilefni fsp. minnar er það, að þegar blaðamönnum var boðið til Bandaríkjanna nú fyrir nokkru, var blaðamanni Þjóðviljans, sem átti að vera með í þeirri för, Vilborgu Harðardóttur, neitað um áritun á vegabréf. Ég þykist vita, að bæði hæstv. ríkisstj. og ambassador Bandaríkjanna hér hafi gert það, sem þeir gátu, til þess að hafa áhrif á, að þessi blaðamaður fengi að fara með stéttarbræðrum sínum. En það kom fyrir ekki. Það voru lög í Bandaríkjunum, sem bönnuðu, að menn, sem hefðu vissar pólitískar skoðanir, fengju að koma þangað, og þetta gerist á sama tíma sem það er vitanlegt, að hér til Íslands er hleypt hvaða Bandaríkjamönnum sem er, frjáls innflutningur á þeim, án þess að þeir þurfi áritun. Ég spyr þess vegna í þessari fsp., hvort ríkisstj. álíti það eðlilegt, að Bandaríkjamenn þurfi ekki áritun á vegabréf til Íslands, þegar Íslendingar þurfa áritun á vegabréf til Bandaríkjanna, og hvort ríkisstj. geti hugsað sér að gera ráðstafanir til þess að tryggja þetta jafnrétti Íslendinga við Bandaríkjamenn.

Ég þykist vita, að ýmsar aðrar þjóðir í Evrópu hafi þennan hátt á, að þær hleypi Bandaríkjamönnum inn, án þess að þeir þurfi áritun, jafnvel þó að þær þurfi, eins og við, áritun fyrir sína borgara til Bandaríkjanna. En hvað sem aðrar þjóðir kunna að gera í þessum efnum, álít ég, að við eigum ekki að sætta okkur við þetta. Ég álít, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að sýna það í verki, að um leið og við sköpuðum okkar lýðveldi, ætluðum við okkur ekki lengur að vera nýlenda, sem hefði ekki slíka samninga við aðrar þjóðir, að við værum þeim jafnréttháir. Þess vegna álít ég, að ríkisstj. ætti að taka það til alvarlegrar athugunar, hvort hún vill ekki breyta þarna um, láta Bandaríkjamenn þurfa að fá áritun hingað til Íslands, svo lengi sem slík lög eru í Bandaríkjunum, að við Íslendingar verðum að gangast undir í fyrsta lagi alls konar yfirheyrslur hér og þar að auki að vera á eftir neitað um slíkar áritanir. Við vitum, að t. d. nýlega hefur komið fólk hingað frá Bandaríkjunum, sem hefur ekki verið neinir ánægjulegir gestir. Hingað kemur fólk og gefur hér út ávísanir, meira að segja í dollurum, í búðum hér, sem sýnir e. t. v., hvað Íslendingar eru enn þá annaðhvort saklausir sveitamenn, eða þá hvað virðingin fyrir dollaramerkinu er orðin afskaplega mikil, að menn skuli taka ávísanir á hina og þessa banka í Bandaríkjunum gildar, ef á þeim er merki með dollurum. Hins vegar vitum við, að 10% af öllum fyrirtækjum í Bandaríkjunum eru rekin af glæpamönnum, ég meina ekki stríðsglæpamönnum, heldur venjulegum glæpamönnum, þjófum, innbrotsþjófum, morðingjum o. þ. h., þannig að sú stétt manna er sérstaklega fjölmenn í Bandaríkjunum og sérstaklega voldug þar. Og það er engin sérstök ástæða til þess, að allir slíkir menn hafi almennt leyfi til að koma hingað til Íslands án áritunar og byrja á verkum sínum hér, ef þeim fyndist hér einhver grundvöllur fyrir sig. Ég held þess vegna, að það sé fyllilega ástæða til þess, að við segjum við Bandaríkin: Svo lengi sem svona lög eru í gildi, sem veita ekki Íslendingum jafnan rétt á við Bandaríkjamenn, þurfa Bandaríkjamenn áritun hingað til Íslands. — Ég vonast til þess, að hæstv. ríkisstj., sem ég veit að er oft angruð út af þessu, — það hefur komið fyrir ríkisstjórnir, að þær hafa sent diplómatíska fulltrúa til Bandaríkjanna, sem hafa ekki einu sinni fengið að koma út fyrir ákveðnar götur í New York, — ég þykist vita, að hæstv. ríkisstj. hafi hugsað nokkuð um þetta mál, og þess vegna lagði ég fram fsp. um, hvað henni fyndist rétt að gera í þessum efnum.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er: „Álítur ríkisstj. það eðlilegt, að Bandaríkjamenn þurfi ekki áritun á vegabréf til Íslands, þegar Íslendingar þurfa áritun til Bandaríkjanna og er jafnvel neitað um áritun?“ Og í öðru lagi: „Hefur ríkisstj. hugsað sér að gera ráðstafanir til að tryggja jafnrétti Íslendinga við Bandaríkjamenn í þessum efnum og þá hverjar?“

Út af þessu vil ég segja eftirfarandi:

Á árunum eftir síðustu heimsstyrjöld voru bandarískir ferðamenn einhliða undanþegnir vegabréfsáritun til flestra Vestur-Evrópuríkja,

án þess að þau ríki fengju tilsvarandi réttindi í staðinn í sambandi við ferðir til Bandaríkjanna. Þannig afnámu Danmörk, Noregur og Svíþjóð á árinu 1947 og Finnland á árinu 1958 skyldu bandarískra ferðamanna til vegabréfsáritunar vegna ferða til þessara landa, miðað við allt að 3 mánaða dvöl hverju sinni. Var þetta gert m. a. til þess að auka ferðamannastraum frá Bandaríkjunum til Evrópu. Með auglýsingu dómsmrn., dags. 14. marz 1962, voru bandarískir ríkisborgarar frá þeim degi að telja undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun á vegabréf sín, skv. heimild í 3. mgr. 8. gr. reglugerðar frá 24. maí 1937. Undanþága þessi gildir eingöngu um ferðamenn og veitir rétt til allt að 3 mánaða dvalar hverju sinni, en veitir hins vegar ekki rétt til að stunda atvinnu hér í landi. Þegar reglur þessar gengu í gildi hér á landi, höfðu þær þegar gilt í þremur Norðurlandanna: Danmörku, Noregi og Svíþjóð, um 15 ára skeið og í Finnlandi um 4 ár. Alls hafa um 60 ríki afnumið kröfuna um vegabréfsáritun fyrir bandarískra ferðamenn, þ. á m. Júgóslavía frá s. l. áramótum. Á þessu tímabili var stöðugt unnið að því, bæði innan Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, að auka ferðamannastraum milli landa. Sérstaklega hafði verið lögð mikil áherzla á það á meðal Evrópuþjóða að laða bandarískra ferðamenn til Evrópu. Í samræmi við þetta var tekin sú ákvörðun 1962 að undanþiggja bandarískra ferðamenn, sem vilja ferðast til Íslands, þeirri skyldu að fá áritun á vegabréf sín.

Ekki er vitað til þess, að Bandaríkin hafi gert gagnkvæma samninga við nokkra Evrópuþjóð um afnám vegabréfsáritana. En komi til þess, að slíkir samningar verði gerðir, mun ríkisstj. eðlilega gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að málið verði þá tekið á ný til athugunar.

Þessar 60 þjóðir, sem nú hafa afnumið vegabréfsáritunina, eru, að ég ætla, flestar Vestur-Evrópuþjóðirnar: Austurríki, Belgía, Kýpur, Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýzkaland, Gíbraltar, Grikkland, Ísland, Írland, Ítalía, Lúxemburg, Malta, Holland, Noregur, Portúgal, Spánn, Svíþjóð, Sviss, Tyrkland, Stóra-Bretland, öll þessi lönd, sem ég ætla að séu flest löndin í Vestur-Evrópu a. m. k., hafa sem sagt afnumið þessa vegabréfsskyldu hjá sér einhliða, og auk þess eru fjöldamörg ríki í öðrum heimsálfum, eins og í Suður-Ameríku, Asíu, Afríku og víðar, sem hafa farið þessa sömu leið, og þess vegna þótti það ekki út af fyrir sig nein goðgá, þó að Íslendingar gerðu þetta líka. Ástæðan fyrir því, að þetta hefur verið gert, er sú, að það sækjast allir eftir því að gera ferðir á milli landa sem frjálsastar, en í Bandaríkjunum gilda önnur lög um þetta en í flestum löndum öðrum og strangari.

Ég ætla, að í Bandaríkjunum sé æðimörgum neitað um „vísum“ þangað, og slíkt hefur komið fyrir í öðrum löndum, að ég ætla, líka, en yfir því ráðum við ekki. Við getum að vísu gert alveg það sama og þeir. Við getum krafizt vegabréfsáritunar. En íslenzka sjónarmiðið hefur ekki verið nándar nærri eins strangt og það bandaríska, og í flestum tilfellum hafa allir, sem sótt hafa um „vísum“, fengið það, þannig að það er ekki sama ástæða fyrir okkur til þess að halda þessari vegabréfsáritun eins og hún virðist vera fyrir Bandaríkjamenn hjá sér vegna þessara strangari ákvæða, sem gilda í Ameríku. Ég held þess vegna, að ríkisstj. hafi ekki á þessu stigi neitt frumkvæði að því, að þessu verði breytt. Við getum fyrst og fremst ekki blandað okkur í það, hvaða reglur Ameríkumenn setja sér á þessu sviði frekar en öðrum. Því verða þeir að ráða sjálfir. Og ég tel, að þegar meiri hluti allra landa í heiminum hefur haft þann hátt á, sem við höfum nú haft, séum við þó ekki enn það stórveldi, að við getum krafizt sérmeðhöndlunar fram yfir íbúa 60 landa annarra, sem hafa sama háttinn á.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson). Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Hann lauk máli sínu með því að segja, að við værum ekki slíkt stórveldi, að við gætum heimtað að fá aðra meðferð en ýmis önnur voldugri ríki hafa. Við eru ekki heldur svo smáir, að við eigum að láta bjóða okkur það, jafnvel þó að við séum þeir minnstu og þeir þeir stærstu, að vera meðhöndlaðir öðruvísi en við meðhöndlum Bandaríkjamenn. Ég álít, að við eigum hér, Íslendingar, að sýna það í verki, að við gerum kröfu til þess, að allar þjóðir séu jafnréttháar í þessum efnum, og hvort sem 60 þjóðir beygja sig fyrir því og hverjar sem þær eru, að þær vilji svo gjarnan fá dollara til sín, að þær þess vegna hleypi öllum Bandaríkjamönnum inn í landið og sætti sig við það, að þeirra eigin þegnar hafi ekki sama rétt gagnvart Bandaríkjamönnum, álít ég enga ástæðu til þess, að Íslendingar geri slíkt hið sama. Ég álít, að við eigum vel að geta sagt það fyrir okkar leyti, að við gerum kröfu til þess, máske þó að enginn annar geri það, að vera meðhöndlaðir sem jafnréttháir menn og Bandaríkjamenn. Við eigum ekki að viðurkenna neina stórveldisafstöðu í slíku. Ég veit ósköp vel, og það voru upplýsingarnar, sem hæstv. utanrrh. gaf, að Bandaríkin hafa, eftir að þau voru búin að græða á hörmungum annarra í veröldinni, fyllzt slíkum ofmetnaði eftir síðustu styrjöld, að þau hafa gert kröfu til þess, að allar aðrar þjóðir sættu sig við öðruvísi meðhöndlun en þeirra eigin menn væru meðhöndlaðir. Og þó að menn hafi kannske gert það út úr neyð eftir stríð eða seinna meir til þess að ná sér í dollara, er ekki nokkur ástæða til slíkrar niðurlægingar fyrir þessar þjóðir, og ég held, að það væri alveg rétt af Íslendingum að ryðja brautina þar á undan og segja við Bandaríkjamenn: Við þolum ekki þetta. — Hvernig við framkvæmum slíkt, er allt annað mál. Hæstv. utanrrh. benti rétti-

lega á, að vafalaust mundu allflestir fá áritun, sem um það bæðu. En þá eru lög í gildi, þau sömu í báðum ríkjunum, og það eru viðkomandi stjórnir í báðum ríkjunum, sem ráða því, hvað gert er. Ég býst ekki við, að við hér heima færum að fara í neitt pólitískt manngreinarálit um það, hvaða Bandaríkjamönnum við slepptum hingað inn, en ríkisstj. okkar hefði þá sama rétt og ríkisstjórn Bandaríkjanna sér til handa. Ég álít þess vegna, að þetta eigi að taka til athugunar og við gætum ósköp vel, ef sérstaklega stæði á, neitað mönnum frá Bandaríkjunum um áritun hér, ef okkur þætti vera verið að misbeita slíku valdi gagnvart okkur.

Það er alveg óhætt að láta Bandaríkin vita það, að þau séu í þessu efni alveg sérstök í allri veröldinni með þeim „idíótísku" lögum, sem þau hafa samþykkt. Það gerir ekkert til, þó að þau fái að vita, hvers konar álit við, þó að við séum smáþjóð, höfum á þeim hvað slíkt snertir. Ég álít þess vegna, að við eigum að taka þetta jafnt til athugunar, þó að aðrar þjóðir og það svona margar hafi álitið sig eiga að sætta sig við þessa meðferð. Þetta er niðurlægjandi fyrir eina þjóð, og ég veit, að svo og svo mikið af trúnaðarmönnum og framámönnum Bandaríkjanna skammast sín fyrir þessa löggjöf og gera oft það, sem þeir geta, til að koma í veg fyrir, að henni sé beitt. En afturhaldið í þeirra þingi er auðvitað mjög fasthelduið á gömul, vitlaus lög, sem þeir hafa samþykkt, og þess vegna erfitt að fá þeim breytt. En ég gæti vel trúað, að ef við hér á Íslandi sýndum það, að við vildum ekki una þessu lengur, yrðu fleiri þjóðir til þess að ranka við sér í Evrópu. Það er nú einu sinni svo, þrátt fyrir alla dýrkun fyrir dollaranum, að straumurinn er að snúast við í þeim efnum, að sú mikla og volduga aðstaða, sem Bandaríkin hafa haft, fyrst og fremst vegna sinnar fjárhagslegu aðstöðu, er að hverfa, og ríkin í Evrópu hafa sýnt það undanfarið, að þau hafa verið að hrista af sér þau miklu áhrif, sem Bandaríkin hafa haft. Ég mundi þess vegna mjög fagna því, ef hæstv. ríkisstj. tæki þetta til athugunar og máske yrðu gerðar ráðstafanir til þess, að hér á Alþingi yrðu gerðar einhverjar ákvarðanir í þá átt að tryggja, að Íslendingar séu jafnréttháir Bandaríkjamönnum í þessum efnum.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð vegna þess, að mér fannst hv. fyrirspyrjandi láta liggja að því, að Bandaríkin hefðu gert kröfu um þetta eða eitthvað slíkt. En ég vil taka það alveg skýrt fram, að afnám vegabréfaskyldunnar hér er gert að eigin frumkvæði og án þess að nokkuð hafi komið fram frá Bandaríkjamönnum, sem færi í þá átt, að þeir óskuðu eftir því, að þetta afnám væri gert. Við getum náttúrlega og höfum alltaf getað á hvaða stundu sem er haft þessa vegabréfaáritun, en allar þjóðir telja þetta meira og minna óþarft, þjóðir, sem hafa ekki nein ákvæði í sínum lögum, sem gera greinarmun á þeim, sem inn í landið koma. Þess vegna held ég, að flestar þjóðir, sem hafa afnumið vegabréfaáritunina, hafi gert það alveg án hliðsjónar af því, hvað Bandaríkin gera, eingöngu vegna þess, að þeim finnst það þægilegra bæði fyrir sig og þá, sem til landsins koma. En ég vildi bara undirstrika það, að þetta er gert að eigin frumkvæði hér heima og án allrar íhlutunar annars staðar frá.

15. Staðgreiðsla skatta.

Á deildafundum 13. des. var útbýtt frá Sþ.: **Fsp. til ríkisstj. um staðgreiðslu skatta** [89. mái, 3] (A. 138).

Á 16. fundi í Sþ., 14. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 20. og 21. fundi í Sþ., 1. og 2. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina svo hljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„Hvað líður athugun á, að tekin verði upp staðgreiðsla á sköttum, þ. e. að þeir verði greiddir um leið og tekjur falla til? Er þess að vænta, að breytingar í þessa átt komi til framkvæmda bráðlega, og ef svo er ekki, hvað er þá helzt talið því til fyrirstöðu?"

Æðimörg ár eru liðin síðan í alvöru var farið að hugleiða breytingar á því fyrirkomulagi, sem í gildi er um álagningu og greiðslu á tekjuskatti og útsvari. Ég á við þá breytingu, að í stað þess að miða skattana við tekjur fyrra árs og greiða þá ári síðar en teknanna er aflað verði tekin upp svonefnd staðgreiðsla skattanna, þ. e. að þeir verði greiddir um leið og tekjur falla til. Verkalýðshreyfingin hefur í vaxandi mæli lagt áherzlu á, að þessi háttur verði upp tekinn.

Ljóst er, hvers vegna launþegar telja sér hagkvæmt, að staðgreiðslu skatta verði komið á, og vil ég hér nefna nokkur dæmi. Eins og þessum málum er nú háttað, má næstum segja, að menn fái í hendur fé með kaupgreiðslum, sem þeir í raun og veru eiga ekki, vegna þess að skattar fyrra árs eru ekki greiddir. Nokkuð hafa þó fyrirframgreiðslur dregið úr þessu. Tekjur manna hér geta verið mjög breytilegar frá ári til árs vegna atvinnuhátta, og blasir þá vandinn við, þegar menn þurfa að greiða skatta af háum tekjum af

mun lægri tekjum næsta árs. Allir þekkja, hve mjög vinnutími hefur lengzt hér á síðari árum. Ástæðan er ekki einvörðungu ásókn manna í hærri tekjur, heldur engu síður þarfir atvinnuveganna. En þeir menn, sem lagt hafa á sig langan vinnutíma, eru nú fjötraðir í vítahring skattalaga. Til þess að greiða skatta hvers árs þarf sífellt auknar tekjur, og þannig stuðlar núgildandi fyrirkomulag að því að viðhalda löngum vinnutíma og jafnvel lengja hann, ef atvinnuástandið leyfir. Það, sem hér hefur verið sagt, á ekki síður við um aldrað fólk, sem vill og þarf að hætta störfum að nokkru eða öllu leyti. Það er fast í þessum sama vítahring skattalaganna.

Þá ber ekki síður að benda á, hvaða vandi yrði á höndum, ef almennt drægi úr atvinnu og tekjur manna minnkuðu af þeim sökum, eins og nú ber verulega á, því miður.

Eitt af því, sem gerist með staðgreiðsluaðferðinni, er, að samsköttun hjóna er úr sögunni. Með núverandi fyrirkomulagi á gift kona, sem vinnur úti, mjög óhægt um vik að hætta störfum, hversu mjög sem heimilisástæður kalla á, að hún verði heima.

Að lokum vil ég svo benda á, hvaða vandi er á höndum, þegar veikindi eða slys ber að garði og menn missa tekjur vegna þess. Að vísu veit ég, að margar sveitarstjórnir reyna að sýna lipurð, þegar þannig er ástatt. En það kostar, að menn þurfa að fara bónarveginn að yfirvöldunum.

Ég læt þessi dæmi nægja af þeim rökum, sem verkalýðshreyfingin hefur fært fram fyrir þeirri kröfu, að staðgreiðslu skatta verði komið á. Eins og ég sagði áðan, mun nú æðilangur tími liðinn, síðan farið var að hugleiða breytingar í þessa átt, og ýmsir menn hafa að því starfað, en enn bólar ekkert á framkvæmdum. Fyrir 4 árum, í marz 1963, bar hæstv. núv. félmrh. fram fsp. hér á þessum stað um, hvað liði undirbúningi á framkvæmd þessa máls. Þáv. fjmrh. svaraði því til m. a., að staðgreiðsla skatta ætti að geta komið til framkvæmda um áramótin 1965—66. Í allvíðtækum viðræðum, sem fulltrúar verkalýðsfélaganna áttu við sama fjmrh. um skattamál haustið 1964, var því lýst yfir, að þessi breyting á skattalögunum gæti komið til framkvæmda um áramótin 1966—67, þ. e. a. s. um þau áramót, sem nú eru nýliðin. En sú spá hefur ekki rætzt. Í flestum þjóðfélögum nálægum okkur er nú sá háttur upp tekinn, að skattar eru greiddir um leið og tekjur falla til. Annars staðar er fast ýtt á, að það komi til framkvæmda, og er þar skemmst að minnast, að einmitt þetta mál var höfuðmál dönsku þingkosninganna í nóv. s. l., „kildeskatten", eins og Danir nefna það.

Til þess að fá vitneskju um, á hvaða stigi undirbúningur þessa máls er nú hjá hæstv. ríkisstj., er þessi fsp. fram borin.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. hefur borið hér fram fsp. varðandi staðgreiðslukerfi skatta, hvað liði undirbúningi þess og hvenær mætti vænta þess, að endanlegar till. yrðu lagðar fram um það mál.

Hugleiðingar um staðgreiðslukerfi skatta hafa lengi verið uppi hér á Íslandi, eins og í mörgum öðrum löndum, og orsakir þess, að þær hafa hér verið uppi, eru einmitt þær, sem hann tilgreindi mjög skýrt í fyrirspurnarræðu sinni hér áðan, að það eru fyrst og fremst hinar miklu sveiflur, sem eru á tekjum manna, og hefur þetta leitt til þess sérstaklega, að verkalýðshreyfingin og þá ekki hvað sízt sjómenn hafa haft mikinn áhuga á því, að hægt væri að mæta þessum sveiflum með þeim hætti, að skattar væru teknir af tekjum samtímis, en ekki árið eftir, þegar oft stendur þannig á, að menn hafa litlar tekjur til að mæta skattgreiðslum fyrra árs.

Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, er alllangt síðan var hafið máls á þessu, og fsp. kom fram um þetta fyrir nokkrum árum hér á Alþingi, og var þá, eins og hann gat um, svarað af þáv. hæstv. fjmrh. á þann veg, að það væri fullkominn áhugi á því að athuga möguleikana á að innleiða slíkt kerfi og gert ráð fyrir, að það yrði um næstliðin áramót, eins og fyrirspyrjandi gerði grein fyrir.

Í yfirlýsingu núv. hæstv. forsrh. á Alþingi 13. okt. 1965 var því lýst yfir, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því, að upp verði tekið staðgreiðslukerfi opinberra gjalda hér á landi, og var þá að því stefnt, að hægt væri að innleiða þetta kerfi um s. l. áramót, þannig að það kæmi til við álagningu skatta á skattárinu 1967. Ég skal fúslega játa, að þetta loforð mun ekki hafa verið þaulhugsað sem skyldi, og er það þá fyrst og fremst mín sök, að ég hafði ekki kynnt mér til hlítar, að undirbúningi verksins var ekki svo langt komið sem hefði þurft að vera, ef þetta hefði átt að verða auðið. Nokkur skýrslusöfnun hafði að vísu farið fram, en lítið sem ekkert úr þeim skýrslum unnið. En í framhaldi af þessari yfirlýsingu var hins vegar þegar hafizt handa um kerfisbundnar aðgerðir til framkvæmda í málinu. Var ríkisskattstjóra falinn allur undirbúningur málsins, og jafnframt voru ráðnir honum til aðstoðar tveir menn, sem síðan hafa unnið að hálfu leyti á vegum ríkisskattstjóra að málinu, þeir Helgi Jónsson lögfræðingur og dr. Gísli Blöndal, og tóku þeir til starfa snemma á árinu 1966. Var þá hafinn mjög víðtækur og kerfisbundinn undirbúningur málsins og aflað gagna frá nálægum löndum, þar sem kerfið hafði verið innleitt, því að það var að sjálfsögðu nauðsynlegt til að gera sér grein fyrir viðfangsefnunum og þeim vandamálum, sem þar hafði verið við að glíma.

Þessi undirbúningur var unninn á s. l. ári og var síðan í septembermánuði s. l. skilað grg. til ríkisstj., sem er mjög mikið plagg, sem hefur inni að halda upplýsingar um staðgreiðslukerfi í allmörgum Evrópulöndum,

og jafnframt var skilað annarri grg., þar sem gerð var ýtarleg grein fyrir þeim sérstæðu vandamálum, sem við væri að glíma hér á Íslandi, miðað við íslenzkar aðstæður og íslenzka skattalöggjöf, og leiddu þessar skýrslur í ljós, að hér er um að ræða mjög viðamikið mál og vandasamt, sem snertir bæði heildarlöggjöf skattamálanna og framkvæmd þeirra almennt. Málið er miklum mun erfiðara en menn höfðu gert sér grein fyrir í upphafi. Er það bæði, að íslenzk skattalöggjöf er svo flókin, að vart verður auðið að taka upp staðgreiðslukerfi án þess að gera á henni mjög víðtækar breytingar, og á sama hátt er skipan innheimtuhliðar skattamálanna á þann veg, að á henni þurfa að verða miklar breytingar, áður en unnt verður að koma á staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Það er augljóst, að svo víðtækum breytingum verður ekki við komið, svo að viðunandi sé, nema að undangengnum ýtarlegum undirbúningi, og sá undirbúningur hlaut að taka lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir, eftir að lágu fyrir þessar nauðsynlegu upplýsingar, sem sýndu, að málið var flóknara en menn höfðu hugsað í upphafi.

Eftir að skýrsla embættismanna, sem ég gat um, hafði borizt ríkisstj. í sept. 1966, var hafizt handa um framhaldsundirbúning, sem var í því fólginn að taka þessar niðurstöður til athugunar, bera þær saman við gildandi íslenzka skattalöggjöf, gera sér grein fyrir því í fyrsta lagi, hvaða kerfi ætti að velja, vegna þess að staðgreiðslukerfin sjálf eru mjög mismunandi, og eftir að það var gert, að gera sér þá grein fyrir því, hvaða breytingar óumflýjanlegt væri að gera á núgildandi íslenzkri skattalöggjöf og innheimtukerfinu, til þess að þetta væri auðið. Í því skyni að vinna að þessu verki skipaði ríkisstj. í haust sérstaka n., sem í skyldu vera fulltrúar bæði frá ríki og sveitarfélögum, því að það var að sjálfsögðu nauðsynlegt, að sveitarfélögin væru með í málinu, því að ekki hvað sízt eru vandamálin mikil varðandi það tekjuöflunarkerfi, sem gildir fyrir sveitarfélögin. Það er eitt erfiðasta vandamálið í sambandi við staðgreiðslukerfið. Þessi n. var skipuð í októbermánuði, og hún hefur unnið stanzlaust síðan og verið lögð á það áherzla að hraða störfum hennar sem allra mest. Í n. þessari eiga sæti fyrst og fremst menn, sem hafa komið nærri þessum málum og eru þeim gjörkunnugastir. Formaður hennar er Guðlaugur Þorvaldsson ráðuneytisstjóri í fjmrn., en aðrir nm. eru þeir Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, Sigtryggur Klemenzson bankastjóri og Ólafur Björnsson prófessor, Sigurður Ingimundarson alþm., Halldór E. Sigurðsson alþm. og Jón Tómasson skrifstofustjóri.

Starfssvið þessarar n. var að gera till. um það, með hvaða hætti og á hvaða grundvelli eða eftir hvaða kerfi eigi að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda hér á landi, og þá að sjálfsögðu um leið að gera sér grein fyrir því, hvort hér séu einhverjar hindranir í vegi, sem geri þetta illmögulegt. Jafnframt þessu átti n. svo að gera sér grein fyrir því, hver yrði kostnaður við hið nýja kerfi, því að það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir, að staðgreiðslukerfið mun í framkvæmd verða mun dýrara en núverandi skattheimtukerfi er. Með þessari n. vinnur ríkisskattstjóri sem ráðunautur hennar og framkvæmdastjóri og auk þess dr. Gísli Blöndal. Að því hefur verið stefnt, að málið gæti komið fyrir Alþ., sem nú situr. Ég hafði vonazt til, að n. hefði lokið störfum sínum nú í byrjun febrúar, og það hefur áreiðanlega verið unnið af fullu kappi í n. með það í huga. En viðfangsefnið reynist það viðamikið, að formaður n. hefur tjáð mér, að það séu mjög litlar og eiginlega engar líkur til, að starfi hennar geti orðið lokið fyrr en í lok þessa mánaðar, febrúarmánaðar.

Hver endanleg niðurstaða í málinu verður, skal ég ekkert um segja. Því var að vísu lýst yfir í yfirlýsingu ríkisstj., að hún mundi beita sér fyrir því, að tekið yrði upp staðgreiðslukerfi skatta. Ég þori ekki á þessu stigi, miðað við það, sem þegar liggur fyrir, að gefa ákveðna yfirlýsingu um, hvort það verður eða ekki. Hitt er annað mál, að málið verður tvímælalaust lagt fyrir Alþ., fyrst og fremst skýrsla sú, sem n. semur um þetta mál, þar sem verður gerð annars vegar grein fyrir þessum kerfum í nálægum löndum, hins vegar hinum sérstæðu íslenzku vandamálum, hvaða kerfi aðlagist bezt íslenzkum aðstæðum og hvaða breytingar verði óumflýjanlega að gera til þess að innleiða kerfið hér á landi. Hvort n. verður sammála um það að mæla með því, að kerfið verði innleitt eða ekki, eða hvort ríkisstj. að þessum málum öllum athuguðum og að athuguðum þeim grg., sem n. skilar, telur sér fært að mæla með því við Alþ., að kerfið verði innleitt eða ekki, þori ég heldur ekkert um að segja, fyrr en ég sé þessar niðurstöður. En undir öllum kringumstæðum verður málið lagt fyrir Alþ., annaðhvort sem skýrsla eða þá í þál.-formi, því að það er ljóst, að enda þótt menn kynnu að verða sammála um það að innleiða þetta kerfi, þarf það mikinn aðdraganda, og miðað við þær víðtæku breytingar, sem þarf að gera á íslenzkum skattalögum, er alveg ljóst, að það a. m. k. verður ekki innleitt í framkvæmd á þessu ári. Í flestum eða öllum þeim löndum, þar sem þetta kerfi hefur verið innleitt, hefur undirbúningur þess tekið mörg ár, og a. m. k. í sumum þessum löndum var sá háttur á hafður, að allmörgum árum áður en kerfið tók gildi var ákveðið með lögum, að það skyldi taka gildi, en talið nauðsynlegt að hafa svo og svo mörg ár til undirbúnings, bæði til kynningar á kerfinu og til ýmissa ráðstafana, þannig að það gæti verkað með eðlilegum hætti, þegar það væri innleitt.

Það er rétt, sem hér hefur verið bent á, að enn þá hefur engin þjóð vikið frá þessu kerfi, þannig að það má segja, að það á viss-

an hátt sýni, að kerfið sé jákvætt. En sannleikurinn er sá, sem einnig hefur komið í ljós hjá þeim mönnum, sem hafa athugað þetta, að það er ekki alls staðar vegna þess, að menn séu stórlega hrifnir af því, heldur vegna hins, að það er mjög erfitt að breyta frá þessu kerfi aftur, ef það er einu sinni upp tekið. Og hvort menn eru reiðubúnir til þess að gera þær víðtæku breytingar á íslenzkri skattalöggjöf, ekki hvað sízt skattamálum og eiginlega heildarfjármálastefnu sveitarfélaganna, sem hætt er við að verði að gera, ef þetta kerfi er innleitt, það skal ég ekkert fullyrða um. En það er að sjálfsögðu eðlilegt, að Alþ. taki afstöðu til þess.

Á þessu stigi get ég því ekki annað sagt en það, að það hefur verið unnið að málinu með öllum þeim hraða, sem auðið hefur verið að koma við, allt s. l. ár og til þessa dags. Málið reynist miklu víðtækara og vandasamara en gert hafði verið ráð fyrir, og skal ég játa mína sök í því efni að hafa átt hlut að því að gefa um það yfirlýsingu í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., sem fær ekki staðizt, og ber alltaf að harma það, er slíkt gerist. En ég hygg, að þegar málið kemur fyrir Alþ., og eins og ég áðan sagði, mun það verða lagt fyrir yfirstandandi Alþ. í einhverju formi, muni menn gera sér grein fyrir því, að hér er um miklu viðameira og vandasamara og flóknara mál að ræða en menn hafa almennt áltið. Það haggar hins vegar ekki því, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að við þetta kerfi hafa verið bundnar þær vonir, að hægt væri að leysa þá annmarka, sem eru á núverandi innheimtu- og skattálagningaraðferðum, og ber því vissulega að skoða það í fullri alvöru, hvort hugsanlegt kerfi væri finnanlegt, sem gæti leyst þann vanda.

Fyrirspyrjandi (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir greinargóð svör. Mér er það algerlega ljóst, að ýmsir erfiðleikar kynnu að vera á vegi við að taka upp þetta fyrirkomulag, og rökin fyrir því, hversu nauðsynlegt það er, einmitt vegna mjög mikilla sveiflna í okkar atvinnulífi, geta einnig skapað að sjálfsögðu ýmsa erfiðleika í framkvæmd þess, það er mér alveg fyllilega ljóst. En eins og ég gat um í fyrri ræðu, er nú alllangur tími liðinn, síðan í alvöru átti að vera farið að vinna að þessum málum. Mér skildist á ræðu hæstv. fjmrh., að í raun og veru sé það nú aðeins síðustu mánuðina, sem hafi verið tekið til við að vinna úr þeim gögnum og upplýsingum, sem fyrir hendi hafa legið um þessi mál, og nú fyrst séu menn að reyna að gera sér grein fyrir, hvað þetta þýði í framkvæmd. Mér er það fyllilega ljóst, og ég held, að öllum, sem eitthvað hafa hugsað um þessi mál, sé ljóst, að það hlýtur að hafa í för með sér gerbreytingu á skattalögunum, og ég kom hér inn á örfáa þætti, sem aðeins snúa að launþegunum og þeirra vandamálum vegna núverandi fyrirkomulags á skattinnheimtu og álagningu. Það er margt annað auðvitað í skattalögunum, sem þyrfti að athuga í leiðinni, og spurningin er þá, hvort ekki er rétt að einfalda þessi mál miklu meira en nú er. Það kann að vera erfitt að ýmsu leyti, en að mörgu leyti held ég, að það sé vel fært, og þá alveg sérstaklega það, hvort á að vera með tvöfalda skattlagningu, annars vegar ríkisskatta og hins vegar skatta til sveitarfélaganna. Hví ekki að hafa þetta eitt og síðan skipti aðilar með sér, eftir því sem um semst eða ákveðið er?

Einu vildi ég sérstaklega vara við í þessum efnum og þó ekki fullyrða um of um það á þessu stigi, ég hef ekki séð neitt af þeim plöggum, sem hér liggja fyrir rannsóknum, en grunur minn er sá og sérstaklega af ýmsum viðræðum við menn, sem um þetta fjalla, að þeir embættismenn, sem hér eiga hlut að máli og fara með skattamálin í dag, séu allt of staðnaðir í gömlum formum og það vanti meira ráræði til þess að taka hér til hendi. Ég þori ekkert að fullyrða um það, að þetta fyrirkomulag verði dýrara eða ódýrara, þori ekkert um að segja. En hví ætti það að verða miklu dýrara? Ég sé ekki ástæðu til þess. Það liggur a. m. k. ekki í augum uppi, því að það er æðiflókið, það kerfi, sem við nú erum með, og ég held, að það ætti einmitt að vinna að því að einfalda það mjög mikið og þá ekki síður líka kannske framtölin, eftirlit með þeim og allt það bákn, sem núna er haft í kringum það, til þess að leita að smámunum, en sjást yfir stóru hlutina.

Ég vil að síðustu leggja áherzlu á það, að unnið verði rækilega að þessum málum, og þykir ánægjulegt, ef við fáum bráðlega að sjá árangur af starfi þeirrar n., sem að þessu hefur starfað.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki ástæða til að gera aths. við það, sem hv. þm. sagði. Ég vil aðeins leggja áherzlu á það, til þess að það valdi engum misskilningi, að frá því að ríkisstj. gaf þessa yfirlýsingu um, að það yrði stefnt að því að innleiða kerfið nú um síðustu áramót, voru teknar upp ákveðnar aðgerðir í þessu máli og hefur síðan samfellt verið að þeim unnið. Hins vegar, eins og ég áðan sagði, og það má saka mig um gáleysi í því efni, þá hafði ég ekki gert mér til hlítar grein fyrir því, að það hafði ekki verið unnin mikil undirbúningsvinna þá að málinu og það reyndist við nánari athugun miklu flóknara en við höfðum gert okkur grein fyrir, þegar þessi ákvörðun var tekin. En ákvörðunin hins vegar felur mjög í sér vilja ríkisstj. til þess einmitt að mæta þessum óskum, sem hv. fyrirspyrjandi gat um, að innleiða þetta kerfi sem skjótast.

Það var í rauninni aðeins eitt atriði, sem ég vildi hér víkja að, til þess að það valdi engum misskilningi. Hv. þm. varpaði fram þeirri spurningu, hvort skattamennirnir kynnu ekki að vera orðnir of staðnaðir í gömlum

formum. Þetta fullyrði ég, að er mikill misskilningur, vegna þess að ég hygg, að breytingar í þessu efni munu ekki stranda á okkar skattasérfræðingum, heldur verði það jafnvel fremur hv. þm. og ýmsir aðrir aðilar, sem megi vænta, að verði hikandi við að breyta mörgu í þessum efnum, sem er ósköp einfalt í huga skattasérfræðinganna, ef þeir þurfa ekki að taka tillit til ýmissa þeirra atriða, sem við þurfum frekar að taka tillit til á Alþ. Það er einfalt í þeirra augum t. d. að sameina innheimtu og álagningu útsvara og ríkisskatta. En við eigum eftir að koma okkur niður á, hvernig á að deila slíku niður milli sveitarfélaga og ríkis, ekki aðeins milli sveitarfélaganna í heild, heldur svo milli einstakra sveitarfélaga. Ég er ekki alveg viss um, að menn séu reiðubúnir til þess eða a. m. k. að það standi ekki töluvert í mönnum að framkvæma það hér á hinu háa Alþ., jafnvel þó að skattasérfræðingarnir muni geta bent á vissa formúlu, sem hægt sé þar eftir að fara. Og eins og ég gat um áðan, hygg ég, að það sé ekki hvað sízt einmitt skattamál eða útsvarsmál sveitarfélaganna og fjármálastefna þeirra, sem kunna að verða örðugur hjalli í þessu. M. a. getur orðið óumflýjanlegt annað en nota sama útsvarsstiga um allt land. Það er að vísu svo að forminu til nú í dag, en þá yrði ekki heimilt að gefa afslátt frá útsvarsstiga, heldur innheimta eftir nákvæmlega sama stiga alls staðar. Og það má svo gera ráð fyrir því, að það verði að afnema eða sameina ýmis gjöld, sem út af fyrir sig er, eins og ræðumaður sagði, góðra gjalda vert, ef menn geta náð samkomulagi um það, og vissulega mundi það einfalda kerfið mjög. Ég tek undir það með honum, að ef þetta kerfi gæti orðið til þess að neyða okkur til meiri einfaldleika í okkar skattheimtu en er í dag, væri það mjög gott. En það er annar galli á þessu, sem menn hafa kannske ekki gert sér grein fyrir, og hann er sá, að einn höfuðvandinn við að innleiða kerfið stafar einmitt af því vandamáli, sem við ætlum að leysa með kerfinu, og það eru hinar mjög mismunandi tekjur manna, því að þetta kerfi byggist allt á áætlunum. Menn verða að gera áætlun fyrir fram um sínar tekjur. Fjöldinn allur af þeim mönnum, sem þessar sveiflur eru hjá, hafa í byrjun árs enga hugmynd um það, hvaða tekjur þeir muni hafa á árinu, og ef við viljum hverfa yfir í það, sem væri auðvitað það einfaldasta af þessu öllu saman, að hafa aðeins einn skattstiga, þ. e. a. s. eina prósentu, þá er þetta mjög einfalt. En meðan menn eru ekki reiðubúnir til að gera það, sem ég er ekki viss um, að menn séu reiðubúnir til í dag, verður að byggja hæð afdráttarins af tekjum manna við það, sem áætla má, að maðurinn komist í háan skattstiga á árinu. Svo getur vel verið, að stiginn verði allt annar, þegar öll kurl eru komin til grafar, þegar fer að líða á árið eða í árslokin. Og við skulum ekki heldur gleyma því, að okkar kerfi hér í dag er þannig, að við í rauninni höfum að vissu leyti staðgreiðslukerfi skatta, sem er miðað að vísu við liðið ár, en það er fyrirframinnheimtan, sem nú gildir, að ég hygg 5 mánuði ársins, að menn eru að borga sína skatta raunverulega fyrirfram, þannig að breytingin að þessu leyti yrði ekki svo ákaflega mikil, úr því að við getum ekki tryggt það, að menn borgi jafnóðum á þann veg, að það sé endanlegur skattur, sem þeir greiða. En það getur ekki orðið, einmitt vegna þess vanda, sem er að áætla skattinn fyrir fram.

16. Varðveizla skjala og gagna þingkjörinna og stjórnskipaðra nefnda.

Á deildafundum 14. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um varðveizlu skjala og gagna þingkjörinna og stjórnskipaðra nefnda [118. mál, 2] (A. 218).

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 22. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér fsp. til hæstv. ríkisstj. um varðveizlu skjala og gagna, sem þingkjörnar eða stjórnskipaðar nefndir hafa aflað í starfi sínu. Fsp. er svo hljóðandi:

„Hvaða háttur hefur verið á hafður og er á hafður um skil og varðveizlu skýrslna og gagna, sem nefndir, þingkjörnar eða stjórnskipaðar til athugunar á einstökum málum og tillögugerðar, hafa unnið eða aflað, og ef svo er, að slíkum skýrslum og gögnum sé tryggð varðveizla, hafa þá þm. ótvíræðan aðgang að þeim?“

Eins og kunnugt er, hefur það verið algengt, að Alþ. hafi kosið svokallaðar mþn., ýmist til rannsókna á sérstökum málum eða til undirbúnings mikilvægra og flókinna löggjafaratriða. Á síðari árum hefur þessi háttur orðið sjaldgæfari, en hins vegar farið í vöxt, að ríkisstj. hafi skipað slíkar n. Sjálfsagt hefur það verið hin almenna regla, að slíkar n. hafi lokið ætlunarverkum sínum og skilað niðurstöðum til réttra aðila, en hitt hefur þó engan veginn verið óþekkt, að slíkar n. hafi ekki skilað álitum og hætt störfum í miðjum klíðum án þess að ljúka þeim verkefnum, sem þeim voru falin. Er sú háttsemi að sjálfsögðu vítaverð, og virðist þar skorta aðhald frá réttum aðilum. En hvernig sem um þetta er farið hjá einstökum n., er hitt ljóst, að í flestum tilvikum hljóta þessar starfsnefndir að hafa aflað ýmissa gagna

varðandi þá málaflokka, sem um hefur verið að ræða, sem engan veginn er sama, hvernig varðveitt eru eða með er farið, þar sem jafnvel óvíst er, hvort hin sömu gögn eru annars staðar fyrir hendi. Vitað er t. d., að einstakar n. hafa haft starfslið í þjónustu sinni og það jafnvel langtímum saman, þó að þær hinar sömu n. hafi ekki skilað neinum álitum eða lokið sínum verkum. Skjöl, gögn og upplýsingar, sem aflað er af starfsnefndum þeim, sem hér ræðir um, hafa að sjálfsögðu hagnýtt gildi, meðan þau eru ný af nálinni. En síðar kunna þau að hafa jafnvel ekki ómerkt sögulegt gildi, og ber því að taka tillit til þess einnig um varðveizlu slíkra skjala. Það hefur því vafalausa þýðingu fyrir stjórnmálamenn, fyrir alþm. og fyrir þá, sem fást við stjórnsýslu yfirleitt, að þau gögn, sem hér ræðir um, hljóti örugga varðveizlu og séu aðgengileg þeim, sem eðlilegan rétt hafa til atnota þeirra. Fsp. mín beinist að því að gera það ljósara en nú liggur í augum uppi, hver háttur er í þessum efnum hafður.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í sjálfri fsp., er hún greind í tvennt, og má raunar segja, að þar sé líka hvor liður um sig greindur í tvennt, annars vegar viðhorfið gagnvart ríkisstj. og hins vegar gagnvart Alþ. Varðandi fyrri meginliðinn hefur ráðuneytisstjóri í forsrn. tekið saman svo hljóðandi grg.:

„Ráðuneytisstjórar rn. hafa að beiðni forsrn. veitt upplýsingar um fyrri lið fsp., og eru svör þeirra allra á þann veg, að skýrslur og önnur gögn, sem umræddar n. skila, séu varðveitt í skjalasöfnum rn. Í þessu sambandi má geta þess, að öll bréf og önnur skjalagögn, sem berast rn., eru skrásett, þegar þau berast, Þegar lokið er afgreiðslu þeirra, eru skjölin geymd í skjalasöfnunum, fyrst í rn. og síðar í þjóðskjalasafninu. Á þetta jafnt við um nál. og önnur gögn."

Frá skrifstofu Alþ. hefur borizt svo hljóðandi grg.:

„Sem svar við fsp. rn. í dag um skil og varðveizlu skýrslna og gagna. sem n., þingkjörnar eða stjórnskipaðar til athugunar á einstökum málum og tillögugerða, hafa unnið eða aflað, skal það tekið fram, að þau skjöl, sem skrifstofunni hafa borizt í þessu efni, eru varðveitt í skjalasafni þingsins."

Það er rétt að bæta hér við, að þau skjöl, sem aldrei berast, hvorki rn. né skrifstofu Alþ., eru auðvitað ekki á ábyrgð þeirra aðila. Það má hins vegar segja, að sá aðili, sem skipar n., hvort heldur er rn. eða Alþ., eigi að gera gangskör að því, að þessar n. skili álitum, og ef ekki, þá þeim gögnum, sem saman hafa verið dregin, og þá verði farið með þau eins og segir í þessum grg. frá ráðuneytisstjóranum og skrifstofustjóranum. Og það má vel vera, að það sé of lítið eftirlit haft með því, að n. ljúki störfum. En það er nokkuð annað atriði en hér er spurt um.

Varðandi hins vegar síðari meginlið fsp., um það, hvort alþm. hafi aðgang að þessum gögnum, fer það eftir forráðamanni hvers rn. um sig og forsetum Alþ. hverju sinni, hvaða gögn það eru, sem mönnum er frjáls aðgangur að, og hver skuli varðveitt sérstaklega, ef til vill með einhverri leynd. Ég tel víst, að alþm. mundu fá heimilaðan aðgang að meginhluta þessara gagna og það þurfi að vera alveg sérstakar ástæður til þess, að þeim sé það ekki veitt. En það hlýtur að vera komið undir ákvörðun og vera á ábyrgð, eins og ég segi, ráðh. hverju sinni og forseta Alþ. Ef alþm. fá svo ekki þá heimild, sem þeir telja eðlilega, geta þeir hvort heldur með tillögugerð á Alþ. eða fsp. a. m. k. knúið fram skýrslu og grg. um það, af hverju gögnum sé fyrir þeim haldið, sem ég hygg annars, að sé mjög sjaldgæft. En stjórnskipulega mundi málið horfa þannig við.

Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. skilmerkileg svör við fsp. minni og tel þau eftir öllum atvikum vera fullnægjandi. En það kemur greinilega í ljós sá vankantur, sem hér hefur verið á, að það hefur ekki verið nægilegt aðhald um það, að slíkar n., sem hér hefur verið um að ræða, skili raunverulega sínum verkefnum. Og það má auðvitað því kannske um kenna, að þegar mþn. hafa verið kjörnar, hefur það a. m. k. ekki verið alveg algild regla, að þær hafi einhvern ákveðinn starfstíma. En ég tel ástæðu til þess að vekja athygli á því, að það sé rík ástæða til þess af hálfu Alþ. annars vegar og af hálfu rn. hins vegar að sjá til þess, að slík gögn, sem hér getur verið að ræða um, séu raunverulega afhent, því að það er auðvitað alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þess er varla að vænta, að þau gögn, sem aldrei er skilað, hljóti varanlega varðveizlu.

Varðandi svör hæstv. ráðh. að því leyti, sem snertir þingkjörnar n., mþn., mundi ég telja eðlilegt, að alþm. ættu ótvíræðan aðgang að þeim og þyrftu ekki þar á nokkurn hátt undir högg að sækja, þar sem um er að ræða n., sem vinna í þágu Alþ. og alþm., og þar ætti ekki raunverulega að hafa neinn fyrirvara á. Hitt kann að gegna öðru máli, þegar n. eru stjórnskipaðar. Ég skal ekki um það dæma, en vil þó benda á, að á síðari árum hafa hinar stjórnskipuðu n. yfirleitt komið í stað mþn., sem áður voru tíðar. Ég tel þá breytingu vera til hins verra og störf þessara n. séu einhæfari og stjórnarandstaðan sé meira útilokuð frá því að koma sínum sjónarmiðum að varðandi mikilvæg löggjafaratriði. Í raun og veru yrði þess vegna að telja það fullkomlega sambærilegt, eins og yfirleitt hefur verið hagað þessum málum nú á síðari árum, annars vegar þær mþn., sem kosnar voru hér á árum áður, meðan það var algengt starfsform, og hins vegar þær stjórnskipuðu n., sem nú starfa að tilhlutan ríkisstj.

17. Rekstrarvandamál báta.

Á deildafundum 7. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvmrh. um rekstrarvandamál báta [106. mál, 2] (A. 202).

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Sþ., 22. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Með bréfi 11. nóv. 1965 skipaði hæstv. sjútvmrh. 5 manna n. alþm. til þess að rannsaka rekstrarvandamál smærri báta. Áður höfðu um nokkuð langan tíma verið uppi háværar raddir um sérstaka örðugleika, sem þessi atvinnugrein ætti við að stríða, og fögnuðu því margir, sem nákunnugastir voru þessum atvinnuvegi og störfuðu í honum, nefndaskipuninni og bundu við hana miklar vonir. N. starfaði lítið á árinu 1965, en fyrri hluta árs 1966 vann n. nokkuð ötullega að athugunum á þessum málum. Það varð að samkomulagi, held ég megi fullyrða, í n., að leggja bæri áherzlu á, að n. gæti orðið sammála í þeim till., sem gerðar yrðu, og bera till. enda nokkurn keim af því samkomulagi, því að vissulega var í ýmsum atriðum gengið skemmra í till. n. en ég fyrir mína parta hefði viljað. En um það var ég bundinn vegna þess, að fyrir mér og ég hygg hinum fulltrúa stjórnarandstöðunnar líka hafi það verið nokkuð veigamikið atriði, að samkomulag gæti tekizt um till. í n., því að þá væru meiri líkur til þess, að þær næðu fram að ganga. Till. var síðan skilað til rn. í júní 1966. En nál. var hins vegar ekki útbýtt hér á hv. Alþ. fyrr en í októbermánuði, að mig minnir, og þá eftir að gerð hafði verið sérstök fsp. um till. þær, sem n. þessi gerði, því að ýmsa var farið að lengja eftir því að fá að sjá þær. En síðan í júní hafa sem sagt till. legið fyrir í sjútvmrn. Mörgum finnst, að verulega mikill dráttur sé orðinn á framkvæmd þeirra till., sem n. gerði, og ganga um þetta ýmsar sögur. Ég hef þess vegna talið eðlilegt, eftir að jafnlangur tími er liðinn frá því, að till. voru lagðar fram, að gera fsp. til hæstv. sjútvmrh. þess efnis, hvað liði framkvæmd till. bátanefndarinnar svokölluðu. Sú fsp. liggur frammi á þskj. 202, og vona ég, að hæstv. ráðh. geti gefið skýr og skilmerkileg svör um framkvæmd þeirra till., sem bátanefndin hefur gert, svo að almenningur og þeir sérstaklega, sem sérstakan áhuga hafa á þessum málum, geti vitað hið rétta, en þurfi ekki að styðjast við sögusagnir einar, eins og því miður hefur að verulegu leyti þurft að gera til þessa.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil, áður en ég kem að sjálfri fsp., svara því, sem ég hef reyndar svarað áður varðandi meðferð þess nál., sem hv. fyrirspyrjandi er hér að spyrja um framkvæmd á. Hann getur þess réttilega nú og í sinni fsp., að nál. hafi verið afgreitt til ríkisstj. í júnímánuði 1966. Þarna er örlítið sniðgenginn raunveruleikinn, því að hv. fyrirspyrjandi afhenti sjálfur þetta nál. í rn. tæplega hálfum öðrum mánuði eftir að n. sjálf undirritaði það og gerði þá sjálfur grein fyrir því, í hverju sá dráttur lægi. Hann lá í því, að fyrirstaða var á að fá nál. fjölritað. Þetta skiptir ekki máli og er ekkert atriði í málinu, en það er eðlilegt og sjálfsagt, að það rétta komi fram nú þegar, þó að áður hafi verið grein fyrir því gerð.

Hv. fyrirspyrjandi leggur fram fsp., sem hann hefur gert grein fyrir og er svo hljóðandi: „Hvað líður framkvæmd till. þingnefndar, sem rannsakaði rekstrarvandamál báta undir 120 smál. og skilaði áliti til sjútvmrh. í júní 1966?“ Þetta er mjög kærkomið tækifæri til þess að gera ýtarlega grein fyrir því, hvernig að einstökum till. n. hefur verið staðið, frá því að þeim var skilað, og verð ég að biðja forláts á því, þó að örlítill tími fari í þessa grg. En það er ekki sízt þörf á henni, ef það er satt, sem hv. fyrirspyrjandi lét í ljós, að ýmsar sögusagnir gengju um tafir í þessu efni og kannske af misjafnlega velviljuðum toga upprunnar.

Eftir mikið starf og af flestum talið gott skilaði vélbátaútgerðarnefnd, sem svo hefur verið nefnd, áliti sínu á s. l. sumri eða nánar til tekið í lok júlímánaðar, og var álitið undirritað af öllum nm. Skýrsla n. var birt hér á hv. Alþ. í októbermánuði s. l., og í skýrslunni bendir n. á mörg og margvísleg úrræði, er hún telur til bóta horfa fyrir útgerð minni vélbáta. Hafa till. verið til athugunar síðan í rn. og hjá ýmsum fleiri aðilum, sem fengið hafa einstök atriði till. til meðferðar eða úrlausnar. Verður nú vikið að þessum till. n. og þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið vegna þeirra.

Í áliti sínu leggur n. fyrst og fremst til, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að fiskverð verði hækkað. Segir svo í nál.:

„Gerðar verði ráðstafanir til þess, að fiskverð verði hækkað um a. m. k. 10% frá því, sem það er nú, þannig að rekstrargrundvöllur bátaútgerðarinnar verði eigi lakari en hann var árið 1962 samkv. þeim samanburði milli ára, sem gerður hefur verið hér að framan.“

Rétt er og skylt að geta þess, að í skýrslu n. er gerður samanburður á rekstrargrundvelli bátaútgerðarinnar milli þessara ára, þ. e. áranna 1962—1966. Ljóst var við verðákvörðun á bolfiski fyrir árið 1967 samkv. þeim athugunum, sem gerðar höfðu verið á vegum

yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins, að vegna verðfalls á erlendum mörkuðum gátu fiskvinnslustöðvar ekki greitt hærra fiskverð á þessu ári en þær gerðu á s. l. ári eða árið á undan. Ríkisstj. taldi á hinn bóginn nauðsyn bera til, að ráðstafanir væru gerðar til hækkunar fiskverðs, svo að rekstrargrundvöllur útgerðarinnar yrði styrkari. Hefur ríkisstj. tjáð sig reiðubúna til þess að beita sér fyrir því, að greidd verði á árinu 1967 8% viðbót við verð bolfisksafla. Ætlunin er, að þessi viðbótargreiðsla skiptist þannig, svo sem áður hefur verið upplýst, að 5% viðbót verði greidd mánuðina marz og apríl, en 11% aðra mánuði ársins. Lagt mun verða fram hér á hv. Alþ. innan skamms tíma frv., þar sem farið er fram á heimild Alþ. til að inna þessar greiðslur af hendi. Enn fremur verður leitað eftir heimild Alþ. til greiðslu jafnhárra verðuppbóta á lágmarksverð á flatfiski, sem ákveðið verður síðar á árinu.

Með hliðsjón af því, að hinir minni bátar þykja ekki lengur hentugir til síldveiða og stunda því bol- og saltfisksveiðar mun lengri tíma ársins en hinir stærri bátar, og þar sem gert er ráð fyrir, að ferskfiskverðið hækki um 11% 10 af 12 mánuðum ársins, verður að telja, að ríkisstj. hafi gengið mjög langt til móts við till. n. um hækkun fiskverðs, sem ætti að geta örvað aflamagn til þeirra fiskvinnslustöðva, sem erfiðast hafa átt um hráefnisöflun utan aðalvertíðarinnar.

Vert er að víkja að því, að vélbátaútgerðarnefnd lagði til, að sérstakt sumar- og haustverð á 1. flokks fiski yrði ákveðið. Var það till. n., að þegar yrðu gerðar ráðstafanir til að hækka aukagreiðslur til línu- og handfærafisks, en þó eingöngu 1. flokks fisks, um 50 aura á kg og greiðist sú uppbót á slíkan fisk til næstu áramóta, þ. e. 1966—1967. Mælti n. með því, að fiskkaupendur tækju á sig helming hækkunarinnar, en ríkissjóður hinn helminginn. Út af þessu óskaði rn. bréflega eftir því við stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, að hve miklu leyti fiskkaupendur gætu tekið á sig slíka hækkun fiskverðs. Með bréfi, dags. 14. okt. s. l., lýsti stjórn Sölumiðstöðvarinnar því yfir, að vegna verðfalls á erlendum mörkuðum, minnkandi fiskhráefnis og hækkunar á innlendum rekstrarkostnaði væri útilokað, að hraðfrystihúsin gætu tekið á sig helming þeirrar hækkunar, er í till. vélbátaútgerðarnefndar greinir, og staðfestu þeir þetta í viðtölum við rn. síðar. Ríkisstj. ákvað þá þegar að greiða fiskseljendum viðbótaruppbætur á línufisk veiddan frá 1. okt. til 31. des. 1966. Skyldu þessar verðuppbætur nema þeirri upphæð, er afgangs yrði af þeirri heildarfjárhæð, er upphaflega var áætlað, að gengi til greiðslu 25 aura verðuppbótar á hvert kg línu- og handfærafisks samkv. 1. gr. l. nr. 16 frá 1966, þannig að heildaruppbætur á línu- og handfærafisk árið 1966 næmu 20 millj. kr., en það var sú ýtrasta heimild, sem til var í lögum. Viðbótarbætur þessar yrðu reiknaðar út og jafnað niður á hvert kg línufisks, er aflamagn línu- og handfærafisks á þessu tímabili lægi fyrir endanlega. Gert var þá ráð fyrir því, að viðbótaruppbætur þessar á línufisk nemi sem næst 35 aurum á hvert kg línufisks, og hefur nú komið í ljós, að svo muni verða, en allar þessar upphæðir verður að áætla fyrir fram. Verður því að telja, að ríkisstj. hafi gert ráðstafanir í samræmi við till. vélbátaútgerðarnefndar í þessu efni, þótt ekki væri fyllilega um þá heildarupphæð að ræða, sem n. lagði til. Hlutur ríkissjóðs er þó hærri en n. ætlaði honum í upphaflegum till. sínum, en þar var gert ráð fyrir því, að hækkunin skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og fiskkaupenda.

Vélbátaútgerðarnefnd lagði til, að rn. fæli sérstakri n. að athuga fjárhag þeirra útgerðarfyrirtækja, sem eiga verðmætan síldveiðiútbúnað, en geta ekki haft hans not, eins og síldveiðum er nú háttað. Rn. hefur óskað eftir því, að Fiskifélag Íslands athugi og geri skýrslu um þetta mál, og að fengnum þeim upplýsingum mun rn. athuga, hvaða leiðir eru helzt til úrbóta í þessum efnum.

Þá er að geta þess, að vélbátaútgerðarnefnd gerði mjög ýtarlegar og ákveðnar till. um lengingu lánstíma, frestun afborgana og lækkun dráttarvaxta af stofnlánum hjá fiskveiðasjóði. Lagði n. til, að greiðslutími hinna styttri lána yrði lengdur, enn fremur, að stofnlán til skipakaupa yrðu veitt til 20 ára í stað 15 ára nú og að þeim aðilum, sem gjaldfrest fengu af afborgunum á tímabilinu 1963—1965, yrði gefinn kostur á lengingu lánstímans sem gjaldfrestinum næmi. Enn fremur var það till. n., að eigendum allt að 120 rúml. skipa yrði gefinn kostur á eins árs gjaldfresti vegna afborgana 1965 og lánstíminn lengdur til viðbótar sem því næmi. Þá lagði n. einnig til, að dráttarvextir hjá fiskveiðasjóði yrðu lækkaðir í ¾% á mánuði.

Rn. átti þegar viðræður við þáv. stjórn og framkvæmdastjóra fiskveiðasjóðs, svo og stofnlánadeild sjávarútvegsins, um þessar till., enda voru þær taldar einna mikilvægustu till. n. Voru gerðar ýtarlegar athuganir á því, hverja fyrirgreiðslu sjóðurinn gæti í þessum efnum veitt. Eins og alþm. er kunnugt, var hinn eldri fiskveiðasjóður og stofnlánadeild sameinuð í einn sjóð frá og með s. l. áramótum, Fiskveiðasjóð Íslands, og var talið, að miklum erfiðleikum væri bundið að finna endanlega úrlausn í þessu máli fyrr en hin nýja stjórn fiskveiðasjóðs tæki við. Eftir ýtarlegar viðræður og bréfaskipti við hina nýju sjóðsstjórn hefur hún fallizt á eftirfarandi:

1) Að lánstími svonefndra tækjalána, sem verið hefur 3 ár, verði lengdur í 5 ár og verði öll slík núverandi lán framlengd þannig, að náð verði þeim lánstíma frá lánveitingardegi að telja.

2) Að eigendum fiskiskipa undir 120 rúml. bruttó, verði gefinn kostur á að sækja um samninga um skil á afborgunum og vöxtum af lánum, sem á skipum þessum hvíla og

í vanskilum voru 31. des. 1966, enda verði fullnægt skilyrðum fiskveiðasjóðs hverju sinni. Kemur þá einnig til greina eftirgjöf dráttarvaxta að einhverju eða öllu leyti.

Stjórn fiskveiðasjóðs tekur fram, að heildarlækkun dráttarvaxta og útlána fiskveiðasjóðs mundi valda ósamræmi í vaxtakerfi í landinu og sé þess vegna þörf nánari athugunar á því máli. Rn. telur nú eftir viðræður, sem átt hafa sér stað, síðan framangreint svar barst, að hér sé um lágmarksviðmiðanir að ræða, að nú verði gerðar þær ráðstafanir af hálfu fiskveiðasjóðs, sem nauðsynlegar eru til að koma á hreint vanskilaskuldum útgerðarmanna, er gera út vélbáta í fyrrgreindum stærðarflokkum. Innan skamms tíma mun fiskveiðasjóður láta frá sér fara tilkynningu um, hvernig að framkvæmdum í þessu skyni verður staðið, og verður að vænta þess, að útgerðarmenn bregðist vel við og veiti sjóðnum allar nauðsynlegar upplýsingar, sem um verður beðið.

Næst er að geta þess, að vélbátaútgerðarnefnd mælti með því í till. sínum, að endurskoðaðar yrðu gildandi reglur um 1% ábyrgðargjald, sem bankarnir taka af erlendum lánum vegna kaupa á fiskiskipum, og verði gjaldið lækkað, eftir að baktrygging fiskveiðasjóðs kæmi til. Út af þessu sneri rn. sér til viðskmrn. og óskaði eftir því, að rn. kannaði það hjá bönkunum, hvort lækkun gjaldsins væri kleif. Hefur þetta atriði till. verið í athugun síðan, en endanleg svör ekki borizt. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess, að um langan tíma hefur ekki verið fluttur inn bátur erlendis frá undir 120 rúml. að stærð, og munu því mjög fá erlend lán hvíla á bátum af þessari stærð, eins og sakir standa nú.

Þá mælir n. með því, að samið verði frv. til l. um breyt. á sjómannalögum á þá leið, að greiðslur til áhafna á fiskiskipum í veiðinda- og slysaforföllum skipverja samkv. lögunum miðist ekki við aflahlut, heldur verði í meginatriðum og eftir því sem við getur átt miðað við kauptryggingu háseta og það launahlutfall, sem er á milli yfir- og undirmanna á fiskiskipum samkv. kjarasamningum. Um þessa till. n. skal það sagt, að málið er vægast sagt mjög torleyst og vandasamt, þar sem reynslan er sú, að fáir vilja gefa eftir af lagalegri tryggingu, sem einu sinni er fengin, jafnvel þó að hæpnar forsendur hafi til hennar legið. Hefur rn. leitað eftir lausn á þessu máli og mun halda því áfram, og er erfitt á þessu stigi málsins að gefa nokkur endanleg svör um framkvæmd þessa atriðis eða loforð um lausn á því.

Þá leggur n. til, að lögum um aflatryggingasjóð og lagaákvæðum um tryggingu fiskiskipa verði breytt þannig, að tryggt sé, að bátaútgerðin verði ekki látin standa undir beinum eða óbeinum stuðningi við togaraútgerðina, og er þá að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við þann hluta bátaflotans, sem er undir 120 rúml. Það verður að telja sennilega niðurstöðu, er n. kemst að, að í gegnum þessi kerfi renni nú fjármagn frá bátaflotanum í heild til togaranna. Á hinn bóginn er rétt að upplýsa, að samkv. fyrirliggjandi upplýsingum bendir allt til þess, að bátar undir 120 rúml. að stærð fái meiri greiðslur úr sjóðnum en þeir leggja til hans. Staðreyndin er sú, að bæði togarar og bátar allt að 120 rúml. taka sér meira fé en þeir leggja til á kostnað báta, sem eru yfir 120 rúml. að stærð, og kemur þetta fyrst og fremst til af því góðæri, sem ríkt hefur á síldveiðum undanfarandi ára, en þar eru aflabeztu skipin langt yfir þeirri stærð, sem hér um ræðir. Stafar þetta fyrst og fremst af því, að kerfi þessi miða yfirleitt til jöfnunar milli skipaflokka, svo og hinn hái vátryggingarkostnaður á minni bátum, sem aftur stafar af því, að meginhluti þeirra er eldri og byggður úr tré, en ekki stáli. T. d. námu iðgjaldagreiðslur úr tryggingasjóði vegna bráðafúa á árinu 1965 um 33 millj. kr. vegna báta undir 120 rúml., en ekki nema um 2 millj. kr. vegna báta yfir 120 rúml. Þegar er ljóst, að greiðslur þessar verða allverulega hærri vegna ársins 1966. Þá er þess að geta, að mikill hluti tekna aflatryggingasjóðs er frá ríkissjóði og fiskveiðasjóður fær miklar tekjur af útflutningsgjaldi, sem einnig greiðist af afla, sem frá togurunum kemur, en lítið mun hafa verið veitt til þeirra úr þeim sjóði. Það er því ljóst, að mjög vafasamt er og verulegum vandkvæðum bundið að fylgja till. n. fram undir því yfirskini fyrst og fremst, að tryggja eigi bátum undir 120 rúml. betri kjör, eins og á stendur nú um fiskveiðihlutfall hinna mismunandi stærða fiskveiðiflotans.

Þá leggur n. til, að sjútvmrn. hafi forustu um, að tilraun verði gerð með beitingarstöðvar í tveim verstöðvum á næstu vertíð til þess að fá úr því skorið, hvort ekki sé hægt að lækka útgerðarkostnaðinn við línuútgerðina frá því, sem nú er, og spara mannafla við þessa veiðiaðferð. Rn. fól Fiskifélaginu að kanna, að hve miklu leyti tilraunir þessar væru framkvæmanlegar, og þá jafnframt, á hvern hátt hagkvæmast yrði að þeim staðið. Fiskifélagið tók það ráð, þar sem um tæknilegt atriði er að ræða, að biðja þrjá menn, er vel þekkja til, að rannsaka tækni- og fjárhagshliðar þessa máls. Fyrir valinu urðu Ásgrímur Pálsson útgerðarmaður, Keflavík, Eyjólfur Kristinsson skipstjóri, Keflavík, og Loftur Loftsson verkfræðingur, Reykjavík. Þessi hópur manna er um það bil að ljúka störfum. Er álits að vænta innan skamms tíma.

Þá hefur rn. einnig ritað stjórn fiskimálasjóðs um þetta mál, einkum með tilliti til styrks frá sjóðnum vegna tilraunanna. Í bréfi fiskimálasjóðs til rn., dags. 18. nóv. s. l., segir svo um þessi mál:

„Stjórn sjóðsins er hlynnt þessum tilraunum og mun, þegar skýrslur Fiskifélagsins liggja fyrir, veita málinu skjóta og góða afgreiðslu.“

Þá bendir n. í niðurlagsorðum sínum á, að

aðkallandi sé að taka ákvarðanir um breytt skipulag á Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélögunum, sem hafa með höndum tryggingar á allt að 100 rúml. fiskiskipum. Vegna þessarar till. n. tel ég rétt að minna alþm. á, að nauðsyn ber til að afgr. þau tvö frv., er fyrir Alþ. liggja nú, þótt með breytingum yrði, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og bátaútgerðarfélög, til þess að mál þessi komist úr því óvissuástandi, sem þau hafa of lengi verið í.

Þá undirstrikar n. einnig sérstaklega nauðsyn þess, að gerðar verði tilraunir með nýjar og fjölbreyttari veiðiaðferðir og fullkomnari útbúnað vélbátanna. Segir n., að athuga þurfi nánar, á hvern hátt fiskimálasjóður geti aukið starfsemi sína á þessu sviði. Rn. óskaði eftir því fyrir nokkru, að fiskimálasjóður athugaði gaumgæfilega, hvernig hann gæti með sem beztum hætti örvað nýjungar í veiðitækni, og hefur stjórn fiskimálasjóðs það erindi rn. til athugunar. Samkv. l. um fiskimálasjóð er það m. a. hlutverk sjóðsins að veita styrki í þessu skyni, og hefur mikið af styrkjum úr sjóðnum verið veitt til tilrauna sem þessara. Fiskimálasjóður hefur í þessum efnum reynzt mjög notadrjúgur til örvunar og eflingar ýmissa nýjunga til veiði og vinnslu sjávarafla. Störf hans í því efni tel ég ekki nauðsynlegt að rekja nú í tilefni þessarar fsp., en upplýsandi væri það eigi að síður fyrir hv. Alþ. að fá um það sérstaka skýrslu. Svo sem áður er getið hefur rn. með bréfi áréttað og falið brýna nauðsyn til, að kannaðar verði til hlítar leiðir í þessum efnum, enda telur rn., að stjórn fiskimálasjóðs hafi sérstaka aðstöðu til að gera raunhæfar till. í þessu efni samkv. reynslu sinni og reynslu þeirri, sem fyrir liggur um starf sjóðsins á undanförnum árum, enda í beinu samræmi við starfssvið sjóðsins.

N. leggur að lokum til, að samið verði frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 frá 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, er feli það í sér, að ráðh. sé heimilt að veita veiðileyfi fyrir allt að 65 brúttórúml. skip. Jafnframt verði athugað, hvort tiltækilegt sé að verða við fram komnum óskum um lengingu veiðitímans, en ítrekaðar óskir um það hafa borizt víða að.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, hefur krafan um auknar togveiðiheimildir í landhelgi innan núv. fiskveiðitakmarka mikið verið á dagskrá undanfarið. Verður að segja, að till. vélbátaútgerðarnefndar um auknar heimildir til dragnótaveiða sé mjög samofin því máli og það svo, að varla verði þar aðskilið, svo nátengdar sem þessar veiðiaðferðir eru í raun, og munu þeir þó fleiri, sem telja, að jafnvel dragnótaveiði geti fallið í sér meiri hættur um veiði á ókynþroska fiski heldur en jafnvel togveiðar. Ekki eru líkur til, eins og málum er nú háttað, að krafan um heimild til aukinna togveiða innan núverandi fiskveiðitakmarka nái fram að ganga. Hefur staðan í því máli orðið mun ljósari nú á allra síðustu vikum. Með því að þessi mál hafa verið til umr. á Alþ. undanfarið og hæstv. utanrrh. hefur ýtarlega gert grein fyrir þeim, er óþarft að ræða þau hér frekar nú í tilefni þessarar fsp.

Umfram það, sem að framan er greint úr till. vélbátaútgerðarnefndar, höfum við hæstv. bankamálaráðh. eftir ósk stjórnar Landssambands ísl. útvegsmanna átt viðræður við bankastjóra Útvegsbanka Íslands og Landsbanka Íslands um rekstrarfjárerfiðleika þá, sem útgerðarmenn umræddra vélbáta undir 120 rúml. telja sig eiga við að stríða af ýmsum ástæðum. Of snemmt er á þessu stigi að segja til um árangur eða endanlega niðurstöðu þessara viðræðna.

Ég vona, að þessar framangreindu upplýsingar telji hv. fyrirspyrjandi fullnægjandi sem svör við fsp. sinni.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann gaf við fsp. minni, þótt ég vilji jafnframt láta í ljós mikla óánægju yfir því, hvað raunverulega lítið hefur enn þá endanlega komið út úr þeim till., sem vélbátanefnd gerði í júní á s. l. ári. Eftir því sem tími minn hér leyfir, langar mig til þess að víkja að einstökum svörum ráðh.

Mér sýnist, að eins og málin standa í dag, sé ekki komið í höfn neitt af þeim till., sem við gerðum, nema till. um að lengja svoköllud tækjalán. Við leggjum til að lengja þau upp í 6 ár, en ráðh. segir, að búið sé að ákveða að lengja þau upp í 5 ár.

Þá lýsti hæstv. ráðh. því yfir, að þeir eigendur smærri báta, sem stóðu í vanskilum við fiskveiðasjóðinn um s. l. áramót, mundu eiga þess kost að óska eftir samningum um gjaldfallnar greiðslur við sjóðinn, en ég tók ekki eftir, að nokkurt ákveðið fyrirheit væri gefið um, að slíkir samningar mundu fást eða lenging lána mundi fást. En til upplýsinga vil ég aðeins geta þess, að 1. júní 1966 skulduðu eigendur 421 báts undir 120 smál. í afborganir aðeins við fiskveiðasjóðinn tæpar 54 millj. kr.

Mig langar þá, eftir því sem tími minn leyfir, að víkja að einstökum till. nefndarinnar.

Fyrsta og aðaltill. okkar er sú, að fiskverðið á árinu 1966 verði hækkað um 10%, til þess að rekstrargrundvöllur báta á því ári sé sambærilegur og hann var á árinu 1962. Ráðh. svaraði því, að gengið hefði verið mjög langt til móts við till. n. um þetta atriði. Hér er algerlega rangt með farið. Sú 8% hækkun, sem ríkissjóður ætlar að greiða á fiskverðið, nær ekki til ársins 1966, hún nær til fiskverðsins á árinu 1967 og er aðeins gerð til þess að standa undir hækkun útgerðarkostnaðar á árinu 1966, m. a. til þess að sjómennirnir geti fengið hækkað kaup á árinu 1967 í samræmi við þær kauphækkanir, sem urðu hjá launþegum á árinu 1966, er njóta vísitölu-

uppbóta á kaup. Það hefur sem sagt ekki einn eyrir að mínu viti verið greiddur til hækkunar á fiskverðinu 1966, eins og n. gerði till. um.

Í öðru lagi leggur n. til, að ákveðið sé sérstakt sumar- og haustverð á 1. flokks fiski. Hæstv. ráðh. taldi ríkisstj. hafa komið verulega til móts við þá till. með þeirri 50 aura uppbót á fiskverð, sem gilda á frá 1. okt. s. l. til áramóta. Hér er um algera missögn að ræða. Þessir peningar, 50 aurarnir, eru afgangur, það er fé, sem er eftir af 20 millj. kr. framlagi á fjárl. 1966 til hækkunar fiskverðs, sem ekki notaðist upp fyrri hluta ársins og er nú notað til þess að hækka fiskverðið frá 1. okt. 1966 og til áramóta. Sem sagt, ekki eyrir í nýju fjármagni til þess að hækka sumar- og haustverð á 1. flokks línufiski hefur verið ákveðinn úr ríkissjóði í þessum tilgangi.

Ég tel þannig, að það sé alveg augljóst mál, að fyrstu tvær aðalltill. n. hafi ekki á nokkurn hátt verið komið til móts við.

Tími minn leyfir ekki að fara nákvæmlega út í aðrar till. n. Hæstv. ráðh. upplýsti að vísu, að ýmislegt af því, sem n. hefði lagt til, væri nú í athugun á ýmsum stigum og hjá ýmsum aðilum. Hvað út úr þeim athugunum kann að koma, er erfitt að segja nú. En endanlegar niðurstöður um framkvæmd till. n. tel ég ekki liggja fyrir í dag, nema þeirrar einu, sem lýtur að lengingu tækjalánanna, og er hún ekki stórvægilegur hluti af till. n. Ég verð því að lýsa yfir vonbrigðum með framkvæmd þá, sem till. n. hafa hlotið til þessa, og vænti þess með hliðsjón af því, að erfiðleikarnir eru miklir í þessari atvinnugrein, að hæstv. ríkisstj. taki nú betur á til þess að rétta við hlut þessa aðila en hún hefur sannarlega gert hingað til.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég verð að taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að ég lýsi yfir miklum vonbrigðum mínum með það, hvað hæstv. ríkisstj. hefur gert varðandi þær till., sem vélbátanefndin skilaði á s. l. sumri. Mér sýnist, að svör þau, sem hæstv. ráðh. hefur hér gefið við þessari fsp., sanni það alveg augljóslega, að í stuttu máli sagt hefur ríkisstj. ekkert gert í þessu máli. Till. n. voru um nokkur aðalatriði, þó að margar minni háttar till. fylgdu þar einnig með. Ein aðaltill. n. var viðvíkjandi fiskverði. Það var alveg tvímælalaust sannað af n., að fiskverðið til bátanna hefur farið lækkandi frá því, sem það var ákveðið á árinu 1962, þannig að n. slær því til dæmis föstu, að á árinu 1965 hafi fiskverðið til þessara báta verið a. m. k. 18% of lágt. Og n. taldi, að það þyrfti nú þegar að gera ráðstafanir til þess að hækka fiskverðið um 10% og þar að auki að bæta við 50 aura hækkun á fiskverðið að sumarlagi og að haustlagi, en þetta jafngildir því í rauninni, að á þessu tímabili mundi fiskverðshækkunin nema fullum 20%. Ekkert af þessu hefur komið, því að eins og hér hefur verið bent á, er auðvitað alger misskilningur að tala um það, að þau 8%, sem fiskverðið átti að hækka nú í ársbyrjun eða fyrir árið 1967, sé eitthvert svar við till. n. viðvíkjandi fiskverðinu á árinu 1966. Hækkunin núna, þessi 8%, er knapplega sú hækkun, sem allir launþegar í landinu, sem taka laun samkv. kaupgjaldsvísitölu, hafa fengið laun sín hækkuð um aðeins eftir kaupgjaldsvísitölunni, því að samkv. henni hafa laun í landinu hækkað um 8.3%, en sjómennirnir eiga fyrst að fá þessa hækkun núna á árinu 1967. Þar er aðeins um vísitöluhækkunina eina að ræða, en allt hitt liggur eftir óbætt.

Hinar megintill. n. voru svo viðvíkjandi lánakjörum þessa útvegs, sem hér á hlut að máli. Það var bent á það í n., að það ætti vitanlega að lengja stofnlán bátanna á nýjan leik upp í það, sem stofnlánin voru um áraskeið. En við því hefur ekki fengizt neitt svar enn, og hefði þó verið létt fyrir sjútvmrh. að knýja það í gegn, það efast ég ekkert um, svo framarlega sem menn í bönkum landsins eru ekki farnir að ráða yfir ráðh. sjálfum. Þessi litla lenging, sem hér er getið um á stuttu lánunum, þar er aðeins gripið inn í örlitinn hluta af stuttu lánunum, sem veitt hafa verið til bátanna á undanförnum árum, lánum aðeins til þriggja ára. Í mörgum greinum eru þessi lán til 5 ára eða 6 ára, en n. lagði til, að þau yrðu yfirleitt lengd upp í 10 ár, en þessi allra styztu í 6 ár, svo að í þessum efnum hefur svo að segja ekkert fengizt fram. Gjaldfresturinn á afborgunum, sem n. leggur til, hefur í rauninni ekki fengizt enn þá. Það liggja fyrir allar upplýsingar í þessu máli, sem máli skipta, þar til farið er að taka beina ákvörðun, og því ástæðulaust, að hin nýja stjórn fiskveiðasjóðs núna segi: Nú geta útvegsmenn komið og gefið upplýsingar um skuldir sínar í þessum efnum. — Það liggur á borðinu hjá stjórninni, hverjar skuldirnar eru hjá hverjum og einum, og hefur legið allan tímann. Þeir vita a. m. k. vel um það, þegar þeir eru að rukka inn þessar skuldir, hverjar þær eru. Þetta er búið að liggja fyrir öll þessi ár. Spurningin er aðeins um það: Á að framkvæma það að lengja lánin, sem þessum gjaldfresti nemur, eða færa afborganirnar aftur fyrir? En sú leið, sem farin var um tíma, að veita gjaldfrest á afborgunum í eitt ár, þannig að sú afborgun komi svo tvöföld raunverulega á næsta ári á eftir, er vitanlega ekki nema versti gálgafrestur. Og ekki er einu sinni unnt að fá niður fellt þetta ósvífna ábyrgðargjald í sambandi við kaup á bátum, þar sem viðskiptabankarnir krækja sér í svona 400—500 þús. kr. af nýju skipi, sem keypt er, hreinlega fyrir ekki neitt, þar sem þeir taka ábyrgð á því að standa við greiðslur, sem Fiskveiðasjóður Íslands hefur ábyrgzt gagnvart þeim. En Fiskveiðasjóður Íslands er einn ríkasti sjóður, sem lánar út í þessu landi. Hann er því alveg fullfær um að sjá um að standa við þessar skuldbind-

ingar, og form bankanna í þessum efnum er ekkert annað en formið eitt. En þeir taka þetta háa ábyrgðargjald eigi að síður. Ekki einu sinni því hefur fengizt aflétt.

Það er vitanlega ekki tími til að ræða þessi mál hér núna, þó að það hefði verið ærið tilefni til þess. En mér sýnist, að hæstv. ríkisstj. þurfi að taka betur á þessum málum, ef eitthvað á undan að ganga, því að það er sýnilegt, að þeir eru nokkuð sterkir, þessir herrar, sem hún á við í þessum efnum og ráða hér lánastofnunum landsins.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það er nú fram komið í þessum umr., að hæstv. ríkisstj. hefur tekið sér góðan tíma til að fjalla um þessi vandamál, sem hér eru til umr., þó að okkur hinum sýnist, að þar kalli margur vandinn mjög að. Ég skal þó ekki lengja umr. um það atriði núna, heldur kvaddi ég mér hljóðs til þess að leita nokkurra viðbótarupplýsinga hjá hæstv. sjútvmrh.

Í tilkynningu frá verðlagsráði sjávarútvegsins, sem er dags. 9. jan. s. l., er birt verð á fiski, sem greiða skal til útvegsmanna bátanna. Þar segir, að skv. yfirlýsingu ríkisstj. þann sama dag muni hún beita sér fyrir því, að greidd verði 11% uppbót í jan.—febr., síðan 5% í marz—apríl og síðan aftur 11% aðra mánuði ársins. Enn fremur segir í þessari tilkynningu, að til viðbótar því verði, sem þar er auglýst, greiðist 25 aurar á kg á allan fisk veiddan á línu, og í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. muni ríkissjóður enn fremur greiða 30 aura á hvert kg línufisks og handfærafisks. Nú eru liðnir nær 2 mánuðir af árinu, og Alþingi hefur setið í 3 vikur, en eftir því sem ég veit bezt, fá útvegsmenn enn aðeins greiddan hluta af því fiskverði, sem ríkisstj. hefur lofað að beita sér fyrir að þeir skuli fá. Þær uppbætur, sem frá ríkissjóði eiga skv. þessu að koma, nema allt að fjórðungi fiskverðsins á línuvertíðinni, og af þessu hefur enginn peningur sézt enn.

Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvmrh., þar sem hér er um að ræða vanda, sem hvílir mjög þungt á útgerðinni, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hafi gert eða hyggist gera til þess að ráða bót á þessu og hvenær útvegsmenn megi vænta þess að fá greitt fullt verð fyrir fiskinn, eins og þeim hefur verið heitið.

Ég tók eftir því, að í lok skýrslu hæstv. sjútvmrh. hér áðan sagði hann frá viðræðum, sem hann hefði átt ásamt öðrum hæstv. ráðh. við bankana um frekari fyrirgreiðslu fyrir þennan útveg, og ef til vill er þar um að ræða, að þeir séu að reyna að útvega lán út á þennan mismun, sem hér um ræðir. En hvað sem um það er, vildi ég óska þess, að hæstv. ráðh. gerði frekar grein fyrir þessu, hvenær má vænta þessa mismunar, annaðhvort með því, að ríkisstj. útvegi sér lagaheimild til þess að greiða þessar uppbætur, eða með öðrum hætti. Útvegsmenn vantar þessa peninga.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það fór eins og vænta mátti, að hv. stjórnarandstæðingar reyndu að gera sér mat úr þeim erfiðleikum, sem þarna er við að eiga. Það rekur sjaldan stærri hval á þeirra fjörur en ef við einhver vandamál er að etja, sem og kemur glöggt í ljós, hve innilega þeir smjatta á þessum vandræðum, sem tvímælalaust er þarna við að eiga.

Þeim ber saman um það, hv. 4. þm. Reykn. og 5. þm. Austf., að nánast ekkert hafi verið gert af því, sem n. lagði til. Ég hygg nú, að þeir kunni að eiga skoðanabræður í þessum efnum, en þeir verða ekki margir, ef menn vildu gera svo lítið að hafa skilningarvitin opin, á meðan verið er að lesa yfir þeim það, sem hefur verið gert í þessum efnum. Sannleikurinn er sá, að það er beinlínis rangt, að það kæmi ekki hér fram, að ríkisstj. eða ég fyrir hennar hönd hef lagt á það áherzlu að verða við þeim óskum útgerðarmanna, að fiskveiðasjóður féllist á einhverja heildarráðstöfun, sem gilti fyrir alla aðila í þessum efnum. Það er enginn að tala um það, eins og hv. 5. þm. Austf. lét liggja að hér áðan, að fiskveiðasjóður viti ekki nokkurn veginn um hag og ástæður þessara manna og þá ekki sízt um það, hverjar skuldir þeirra eru við fiskveiðasjóð. Það er útúrsnúningur, gerður visvitandi til þess að villa um í málinu.

Það, sem hins vegar hefur verið höfuðágreiningur um milli stjórnar fiskveiðasjóðs og okkar, er það, að stjórn fiskveiðasjóðs vill fá að meta aðstæður útgerðarmanna eftir því, hvernig hagur þeirra er hvers og eins um sig. Það er fullyrt af þeim, sem þar gerst þekkja til, og ég hygg, að það verði ekki vefengt, að framkvstj. fiskveiðasjóðs viti manna bezt um þessar ástæður, en hann telur, að hagur þessara manna, sem eru í útgerð á þessari stærð bátaútgerðarflotans, sé mjög misjafn og þar geti ein regla ekki um alla gilt. Hins vegar er því margyfirlýst af hálfu stjórnarinnar, að hún muni ganga eins langt og fært er til móts við þessa aðila, án þess þó að láta þá gjalda þess, sem hafa reynt að standa í skilum á undanförnum árum.

Þá ber þeim félögunum einnig saman um það, að með 8% verðhækkuninni á fiski væri ekki að neinu leyti komið til móts við óskir eða till. n. Þetta er rangt. Hins vegar gat ég þess í grg. minni áðan, að það voru tvennar ástæður, sem til þessarar fiskverðshækkunar lágu. Annars vegar sú verðuppbót, sem sjómenn höfðu ekki fengið á árinu, sem má segja að hafi verið kannske stærri röksemdin, og svo hins vegar það, sem var mat þeirra, sem í verðlagsráði störfuðu, að umfram það hefði örlítið versnað hagur bátaútgerðarinnar, þessarar stærðar sérstaklega, frá því, sem hafi verið árið 1962, sem eru sömu rökin og vélbátaútgerðarnefnd notaði.

Þá lagði hv. 5. þm. Austf. sérstaka áherzlu á það, að hið illræmda ábyrgðargjald, sem svo mjög legðist á íslenzka vélbátaútgerð

fengist ekki einu sinni afnumið, og var það toppurinn á öllum aumingjaskap ríkisstj. í þessum málum. Hve margir af útgerðarmönnum, sem eiga vélbáta undir 120 rúmlestum, þurfa að greiða þetta? Það var upplýst í svörum mínum hér áðan, að það eru örfáir bátar, og þarna er ekki um neitt atriði að ræða í sambandi við afkomu vélbátaflotans undir 120 rúmlestum. Það er hins vegar rétt, að þetta er allalvarlegt og stórt gjald á stærstu og nýjustu bátana, sem eru að koma til landsins, en ég hef engan heyrt halda því fram með neinum röksemdum, að sá hluti flotans væri í neinum vandræðum, a. m. k. ekki neinum viðlíka þeim, sem þessi hluti flotans á við að etja. Ég vil ítreka og skirskota til þeirra orða minna, sem ég sagði áðan, um mat rn. á þessu bréfi fiskveiðasjóðs, að ég tel, að öðru leyti en því, sem ég gat um áðan, varðandi að hafa eina heildarreglu í þessum efnum, hafi verið gengið svo verulega til móts við óskir bæði vélbátaútgerðarinnar og okkar, sem höfum verið að reyna að túlka þær till. síðan, að það vanti ekki mikið upp á, að fullkomlega sé við þeim orðið.

Varðandi hins vegar fiskverðshækkunina, sem ég vissi sjálfur til, eftir að hafa verið á fundum útgerðarmanna um svipað leyti og nál. kom, að þeir töldu nánast veigamesta atriðið í þeirra till., en gáfu ekki eins mikið fyrir meginhlutann af nál. að öðru leyti, þá er því til að svara, að það er áætlað, að þessi 8% þýði um 100 millj. kr. úr ríkissjóði. Ég vil vona það, að þessir hv. þm. láti ekki á sér standa um að styðja a. m. k. hækkunina, þó að þeir verði tregari til að útvega tekjurnar fyrir henni, eins og reynslan er af mörgum hv. stjórnarandstæðingum. Þegar til þess á að koma að afla teknanna á móti, þá verða þeir staðari í taumi en á meðan verið er að búa hækkunarkröfurnar til. En bara af þessu má sjá, hve mikið 20% fiskverðshækkun, eins og hv. 5. þm. Austf. taldi, að réttmæt hefði verið, mundi hafa kostað. Menn eru ekki að leika sér hér með neinar örfáar milljónir króna, heldur svo að tugum millj. skiptir, og þá verða menn jafnframt að vera við því búnir að gera till. á móti. En á slíkum till. hefur stundum staðið frá hv. þm.

Varðandi fsp. 6. þm. Suðurl., sem var flutt hér til viðbótar þeim fsp., sem fyrir lágu, vil ég upplýsa, að það er rétt, sem hann benti á, að heimildin til þeirra greiðslna, sem þarna er gert ráð fyrir, hefur ekki verið staðfest hér á Alþingi, og stafar það m. a. af því, að yfir hafa staðið samningaumleitanir eða viðræður um samkomulag við hraðfrystihúsin, en áætlað var að hafa þær heimildir, sem nauðsynlega þyrfti til lausnar þessum málum báðum, í einu og sama frv. En það er hafinn allur nauðsynlegur undirbúningur að þessum greiðslum, og verða þær inntar af hendi svo fljótt sem heimild er fyrir þeim fengin og þegar sýnt er, að meiri hl. Alþingis er þeim fylgjandi. En undirbúningurinn að þessum greiðslum er hafinn með venjulegum hætti.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Umr. um það mál, sem hér liggur fyrir, geta að sjálfsögðu ekki orðið eins og eðlilegt og nauðsynlegt er kannske, þar sem við erum hér í fsp.-tíma, þar sem ræðutími er takmarkaður.

Í sambandi við skýrslu vélbátanefndarinnar tel ég, að n. hafi haft þar tvíþættu verkefni að gegna: annars vegar að reyna að finna leið til úrbóta á fjárhagshlið á rekstri vélbáta af stærðinni upp að 120 tonnum og hins vegar að kanna, hvort fyrir hendi væri breyttur og bættur og öruggari rekstrargrundvöllur en nú er. Um hið fyrra atriði skal ég ekki ræða hér. Það hefur verið gert bæði af þeim, sem í n. voru, og svör ráðh. hafa verið gefin hér varðandi þá hliðina. Hin hliðin, um breyttan og öruggari rekstrargrundvöll, hefur hins vegar ekki verið rædd hér að þessu sinni, og tel ég það þó ekki síður mikilvægt en þá hlið málsins, sem hér hefur aðallega og eingöngu verið rædd.

Í erindisbréfi til n. er til þess ætlazt, að hún kanni, hvort auknar heimildir í sambandi við dragnóta- og togveiðar gætu stuðlað að betri rekstrargrundvelli bátanna. Það er annar þátturinn í því, sem ætlazt er til að n. taki til meðferðar. Í sambandi við togveiðarnar kemur niðurstaða n. á bls. 54, þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skoðanir skv. svörum eru mjög skiptar um það, hvort leyfa skuli allt að 120 rúmlesta bátum veiðar með botnvörpu innan landhelgi. Gegn því eru Útvegsmannafélag Reykjavíkur og Útvegsmannafélag Þórshafnar. Meðmælt eru Útvegsmannafélag Snæfellsness, Útvegsbændafélag Vestmannaeyja, Útvegsmannafélag Suðurnesja, Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar og Útvegsmannafélag Vestfjarða. Þó eru allir þessir aðilar með þann fyrirvara, að eingöngu komi til greina auknar veiðiheimildir til báta upp að vissri stærð."

N. treystir sér ekki til að mæla með þessu atriði, en greinilega kemur fram, að það eru aðeins tvö útvegsbændafélög, þ. e. Útvegsbændafélag Reykjavíkur og Útvegsbændafélagið á Þórshöfn, sem mæla gegn því. Í öllum hinum verstöðvunum, sem sendu álit, og það eru aðalverstöðvar landsins, þar eru útvegsbændafélögin meðmælt því, að veitt verði leyfi til aukinna togveiðiheimilda. Ég harma það, að n. skyldi hafa þessa afstöðu í þessu máli, því að ég er sannfærður um, að þar sem það á við og þar sem aðstaða er til þess, þar er hægt að skapa bátunum öruggari rekstrargrundvöll en nú er, og það er ekki einungis hægt að skapa bátunum öruggari grundvöll, það er hægt að skapa fiskiðjuverunum og þar með atvinnulífinu öllu í þeim sjávarplássum, sem þarna eiga hlut að máli, öruggari grundvöll. Mér er það alveg ljóst, að togveiðar, hvort sem er um báta eða stærri skip að ræða, henta ekki alls staðar við land-

ið, það liggur alveg ljóst fyrir. En þar sem þær henta, tel ég, að n. hefði átt að fara inn á það að mæla með auknum togveiðum, þar sem það liggur ljóst fyrir, að þetta er ósk útvegsmanna á þessum tilgreindu stöðum, sem hún þar til nefnir.

Hæstv. sjútvmrh. gat þess hér, að það hefði komið í ljós, að andbyr væri mjög mikill gegn auknum togveiðiheimildum. Þetta er alveg rétt. Þetta hefur komið í ljós á þessu hausti. En ég hygg, að það sé rétt, að sá andbyr, sem þar kom í ljós, hafi aðallega og langsamlega mest stafað af því, að þar var ætlazt til þess, að stærri togararnir fengju þessar heimildir jafnframt bátunum. Það er mín skoðun, að hefði eingöngu verið rætt um það og hefði n. mælt með því, að auknar veiðiheimildir hefðu verið til handa bátunum eingöngu, hefði afstaða almennings í landinu verið allt önnur og jákvæðari.

Ég endurtek það, að þó að ég telji, að nokkuð af því, sem fram kemur í áliti n., sé til hagræðis, verði það framkvæmt, harma ég það mjög, að þessu atriði, sem ég tel grundvallaratriði fyrir því, að vélbátaflotinn fái betri rekstrargrundvöll, var ekki sinnt, eins og ég tel þó að hafi verið ástæða til eftir því áliti og þeim upplýsingum, sem fyrir n. lágu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Hæstv. ráðherra hélt því fram hér áðan, að það hefði verið betra fyrir mig að hafa skilningarvitin opin, á meðan hann var að tala, og þar sem ég hef nú talað tvisvar og á ekki kost á að tala í þriðja skiptið í fsp.-tíma, nema til þess að bera af mér sakir, vil ég nota þetta tækifæri til að mótmæla því, að ég hafi lokað skilningarvitunum, á meðan hann var að tala. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvað var það í minni ræðu, sem ég fór rangt með? Er það rangt hjá mér, að ekki einn einasti eyrir hafi verið greiddur úr ríkissjóði til hækkunar fiskverðs 1966, eins og n. lagði til að gert yrði sem næmi 10%? Er það rétt eða rangt? Er það rétt eða rangt hjá mér, að ekki einum eyri hafi verið varið til þess að hækka fyrsta flokks línufisk, veiddan s. l. sumar eða haust, eins og n. leggur til? Ég hélt því fram, að úr ríkissjóði hefði ekki verið greiddur eyrir í þessum tilgangi. Er það rétt hjá mér, eða er það rangt? Og er það rétt hjá mér eða er það rangt, að það einasta endanlega, sem komið hefur út úr þessum tillögum til þessa dags, sé lenging á svonefndum tækjalánum, sem er ekki nema lítill hluti af þeim till., sem við gerðum, að engin niðurstaða sé fengin í neinu öðru atriði og þar af leiðandi engin af þeim till., sem við lögðum til, endanlega komin í höfn, nema sú eina? Er þetta rétt eða rangt?

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós vonbrigði mín með svar hæstv. ráðh. við þeirri spurningu, sem ég beindi til hans áðan. Ráðh. staðfesti það, að hæstv. ríkisstj. hefði lofað útvegsmönnum fé fyrir þeirra afla, sem þeir hefðu ekki fengið og ekki verið gerðar ráðstafanir til þess að láta þá hafa það, aðrar en þær að undirbúa það eitthvað útreikningslega. Þegar á það er litið, að útvegsmenn víða um land hafa látið í ljós vonbrigði sín með fiskverðið yfirleitt, talið það of lágt, og slæmar gæftir hafa rýrt þann afla, sem menn gerðu sér vonir um, er það víst ekki til of mikils mælzt, þó að útvegsmenn fengju það verð, sem þeim hefur verið lofað, og ég vil skora á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því, að ráðstafanir verði tafarlaust gerðar til þess, að útvegsmenn fái þetta fé. Hæstv. ráðh. gaf þá skýringu á þeim drætti, sem á þessu hefur orðið, að það sé verið að bíða eftir einhverjum samningum við aðra menn um önnur atriði, en ég get ekki ímyndað mér, að árangur eða afdrif slíkra samningaumleitana muni hafa nein áhrif á, að það verði staðið við það, sem lofað var í sambandi við fiskverðið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er ekki hægt að koma við neinum umr., sem kalla mætti því nafni, um þetta mikilsverða mál í fsp.-tíma, vegna þess hvað ræðutími er takmarkaður, enda geri ég ráð fyrir, að það hljóti að koma fljótlega fyrir hér með öðru sniði.

En ég vil þó nota þessar örfáu mínútur, sem ég má tala í sambandi við þessa fsp., til þess að minna á það, að þegar hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir hinu langa jólahléi, beitti sér fyrir því að senda þingið heim og láta þm. vera heima til janúarloka, var Framsfl. á móti því, og við bentum á, að slík vandkvæði væru orðin á um bátaútveginn og vertíðina, sem í hönd færi, að óhugsandi væri annað en að gera þyrfti stórfelldar ráðstafanir, til þess að flotinn færi á stað eða gæti gengið með eðlilegum hætti.

Við vildum þess vegna alls ekki gefa svona langt jólahlé, heldur að þingið kæmi strax saman að baki áramótanna og tæki þessi mál þá fyrir. En hæstv. ríkisstj. skellti skollaeyrunum við þessum uppástungum og þessum ábendingum. En nú hefur þetta auðvitað allt farið eins og fyrirsjáanlegt var, en hæstv. ríkisstj. virtist ekki vilja sjá. Málin hafa farið algerlega í hnút og ríkisstj. verið að bisa við að leysa þann hnút að einhverju litlu leyti, án þess að hafa Alþingi á nokkurn hátt með í ráðum, og svo stöndum við frammi fyrir því, að nú er febrúarmánuður að verða liðinn, en útvegsmenn, eins og hér hefur verið upplýst, enn ekki fengið neinn stuðning, ríkisstj. á hinn bóginn lofað einhverju, sem er meira eða minna óljóst hvað er, en ekkert lagt enn þá fyrir hv. Alþingi.

Ég vil víta þetta alveg sérstaklega og víta það alveg sér í lagi, að hæstv. ríkisstj. skyldi ofan á allt annað láta undir höfuð leggjast að leggja þessi mál fyrir Alþingi, undireins og það kom saman, sem auðvitað var alveg

skylt, að leggja þá þessi málefni fyrir á Alþingi, til þess að menn gætu hér þá, þótt seint væri, krufið til mergjar, hvað þeir vildu láta gera fyrir útveginn. En nú segir hæstv. ráðh., þegar talað er um, að stuðningurinn sé ekki kominn fram, sem þeir hafa gefið vilyrði um, að það verði byrjað að greiða, þegar aflað hafi verið heimildar til þess á Alþingi.

Þarna sjáum við því, hvað leiðir af þeim drætti, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir í þessu máli. Hún hefur haldið á þessu á vítaverðan hátt, því að það átti auðvitað að hafa mjög stutt þinghlé, síðan átti að taka þessi mál fyrir tafarlaust, þegar Alþingi kom saman, og átti þannig að vera búið að fjalla um þau hér fyrir löngu og ráða þeim til lykta á skynsamlegan hátt, þannig að sjávarútvegurinn hefði vitað, hvar hann stóð fyrir vertíðina.

Af þessu er meira tjón fyrir þjóðarbúið, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hagað sér í þessu, en hægt er að telja með nokkrum tölum eða áætla með nokkurri nákvæmni. En við vitum, að af þessu hlýtur að leiða stórfellt tjón fyrir þjóðarbúið, öllum þeim vesaldómi, sem fram hefur komið af hendi hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta málefni.

Síðan kemur hæstv. sjútvmrh. hér og segir, að hér hafi verið í stærstu dráttum farið eftir áliti mþn. um bátamálin, þó að það sé upplýst í umr., að sú n. lagði til, að fiskverðið skyldi hækkað um 10% á árinu 1966, en á því ári verður fiskverðið ekkert hækkað — ekkert. Það er sem sé ekkert farið eftir till. n. í því, sem var aðalmálið. N. gerði enga till. um, hvert fiskverðið ætti að vera fyrir árið 1967. Það er m. ö. o. ekkert tillit tekið til álits mþn. í þessu meginatriði, og þó voru menn í henni úr öllum stjórnmálaflokkum. Þetta er algerlega hunzað, en síðan slett í nokkrum uppbótum með þessum hálfyrðum öllum saman og á málinu haldið eins og ég hef lýst í aðeins örfáum orðum.

Hæstv. sjútvmrh. lætur vera alveg hissa á því, að hv. alþm. skuli ekki taka þessu með þökkum, og kallar það að smjatta á erfiðleikum útgerðarinnar, að menn leyfa sér að ræða þessi mál hér málefnalega. Er það kannske skoðun hæstv. ráðh., að alþm. eigi að láta eins og ekkert sé, þó að bátaútvegurinn sé að dragast upp smátt og smátt eða raunar heldur hröðum skrefum, og það sé ámælisvert, að hv. alþm., ég vil nú segja seint og um síðir, vekja máls á þessu? En ég endurtek vítur mínar á hendur hæstv. ríkisstj. út af þessari málsmeðferð.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. bar sig undan því, að hér væri um mikil vandkvæði að ræða í málefnum sjávarútvegsins, og taldi enda, að við í stjórnarandstöðunni smjöttuðum á því, að hér væri um vandræði að ræða. Ég nenni nú ekki að fara að þræta við hann um það. En það væri kannske hollt fyrir hann að átta sig á því, hvernig stendur á þessum vandræðum, sem m. a. þessi mþn., sem skipuð var mönnum úr öllum flokkum, var að gera ákveðnar till. til úrbóta í. Lánstími fiskiskipa hafði verið hér í gildi að lögum um áraskeið, en með sérstökum efnahagsráðstöfunum núverandi ríkisstj. var þessi lánstími færður niður og styttur. Hér er því ekki um annan vanda að ræða en að reyna að kippa þessu aftur til baka, sem menn eru búnir að sjá, að var rangt. Vextirnir af stofnlánum sjávarútvegsins hafa líka verið fastir í mjög langan tíma, en þeir hafa nú verið hækkaðir. Nú hafa menn séð, að þessi þáttur útgerðarinnar getur ekki risið undir hækkandi vöxtum, og vitanlega stafar vandi af því. Vandinn er þarna kominn, og það ber vitanlega að færa þetta til baka aftur. Nákvæmlega er eins ástatt með dráttarvextina, sem við gerðum tillögu um. Dráttarvextirnir voru ekki svona háir um langan tíma, en þeir voru knúðir upp af þeim mönnum, sem að mestu stóðu að tillögum ríkisstj. í efnahagsmálum. Þaðan stafar vandinn.

Hæstv. sjútvmrh. sagði, að 8% fiskverðshækkunin núna mundi kosta í kringum 100 millj. kr. og hér væru menn því ekki að leika sér að neinum smátölum. Þetta gefur auðvitað auga leið, að þá hefur verið haft af bátaútveginum í landinu líklega kringum 200 millj. kr. á árinu 1965 aðeins, þegar fiskverðið var sannanlega 18% of lágt. Nei, það eru nefnilega engar smáræðistölur, þegar úr þarf að fara að bæta. En ég held, að það væri mikil þörf á því, að okkar sjútvmrh. færi að temja sér það að líta dálítið öðrum augum á þessar háu tölur, þegar þær eru að koma fyrir hjá honum og öðrum í ríkisstj. við önnur tilvik. Menn töluðu ekki mikið um háar tölur í ársbyrjun 1966, þegar þeir voru að gera hér ráðstafanir til þess að auka tekjur ríkissjóðs um nokkur hundruð milljóna kr. Enda fór það líka svo, m. a. af því, að sjávarútvegurinn útvegaði mikinn gjaldeyri, þá fóru tekjur ríkissjóðs á árinu 1966 líklega fram úr áætlun fjárlaga í kringum 800 millj. kr. Og ég man ekki betur en það væri formaður Alþfl., sem upplýsti það nýlega, að greiðsluafgangur hjá ríkissjóði hefði orðið á árinu á milli 400 og 500 millj. kr. Menn þurfa því ekki, þegar þeir eru að leiðrétta þessi mál, að vera að kvarta undan peningaleysi. Þeir eru búnir að taka peningana inn. Þeir eru búnir að leggja þessa bagga m. a. á framleiðsluna, og þá er ekki talað um stórar tölur, en ef þarf að skila þessu aftur til baka, þá eru þetta feiknalegar tölur, sem helzt enginn maður ræður við.

Ég held, að hvorki hæstv. sjútvmrh. né aðrir þurfi að bera neinn kvíðboga fyrir því nú, að það sé ekki aðstaða til þess að leiðrétta þessi mál, eins og þau standa nú, ef fullur vilji er fyrir hendi. Það er nefnilega geta til þess, ef rétt er að farið. Það er alveg ástæðulaust að koma peningastofnunum landsins upp á það að innheimta á þann hátt,

sem þær gera, óþarflega háa vexti, allt of háa dráttarvexti o. s. frv., eins og þær knýja nú fram með samþykki ríkisstj., og það væri vitanlega einnig hægt að rétta til framleiðslunnar af þeim gjöldum, sem ríkissjóður hefur tekið til sín um of á s. l. ári, ef það væri skilningur fyrir hendi. Og ég held einmitt, að sjútvmrh. þurfi að átta sig á því.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Út af fsp. þeirri, sem hv. 4. þm. Reykn. ber fram á þskj. 202, langar mig að segja nokkur orð.

Það hafa ýmsir látið til sín heyra í sambandi við þetta mál, og ber ekki öllum saman. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um framkvæmd þeirra tillagna, er vélbátanefndin svokallaða samdi um afkomu vélbátaútvegsins, þótt það sé rétt, að þau atriði eru ekki öll komin í höfn. Ég vil byrja á að tala um fiskverðið, sem vissulega er stærsta atriðið, já, eitt aðalatriðið í tillögum n. Ég sem forsvarsmaður útvegsins á öðrum vettvangi hef mælt með því ásamt öðrum, að þessar till., sem vélbátanefndin gerði, kæmust til framkvæmda og það sem fyrst. Ég gerði mér fulla grein fyrir því strax í haust, að það mundu verða talsverðir erfiðleikar í þessum efnum vegna þess, hvernig viðhorfið var, verðfall á afurðum, og fiskkaupendur mundu ekki a. m. k. geta gengið til móts við fiskseljendur, eins og þar var gert ráð fyrir. Ég vil segja það hreinskilnislega, að í upphafi viðræðnanna um fiskverðið í haust voru mínar glæstu vonir, að það gæti orðið 14½—15% hækkun. Það var áður en umræður byrjuðu um verðstöðvunarlögin, og þá var það byggt einmitt á því, að þessi 10%, sem vélbátanefndin lagði til, kæmu til framkvæmda ásamt þeirri hækkun útgerðarkostnaðar, sem Landssamband ísl. útvegsmanna taldi að hefði orðið á tímabilinu frá því, að till. voru gerðar. En það sýndi sig, að tímarnir voru að breytast, og við stóðum í byrjun ársins fyrir framan það, hvaða möguleikar voru fyrir hendi til hækkunar á fiskverðinu, og þá var það að síðustu 8%, sem hægt var að ná samkomulagi um. Ég vil taka það fram, að það voru einmitt fulltrúar bæði útvegsmanna og sjómanna, sem hv. 5. þm. Austf. mun ábyggilega ekki vantreysta, sem samþykktu þetta. En þetta var gert m. a. vegna þess, að við töldum, að það væri betra að hafa einn fugl í hendi en tvo í skógi, og vegna þess, að stöðvunarlögin gætu orðið í hættu, ef lengra yrði farið. Ég skal skýra frá því, að útvegsmenn almennt óskuðu eftir bæði hærra fiskverði og meiri fyrirgreiðslu en hefur fengizt, en menn verða að taka ákvarðanir um það, sem fyrir liggur á hverjum tíma, og þau ár, sem ég hef haft forsvar fyrir útvegsmenn á öðrum vettvangi, veit ég ekki annað en útvegsmenn hafi aldrei fengið það, sem þeir hafa talið sig þurfa að fá, og oft staðið fyrir framan mikinn vanda.

Ég vil lýsa því yfir, að ég hef alla tíð verið á móti stöðvunum, sem þó hefur komið fram ósk um hjá ýmsum útvegsmönnum. Ég man eftir því, að í ársbyrjun 1956, en síðast á árinu 1955 hafði verið mikið unnið að því að ná samkomulagi um rekstrargrundvöll fyrir sjávarútveginn, þá var fjmrh. hv. 1. þm. Austf., og það varð þá úr, að útvegsmenn samþykktu stöðvun. Sú stöðvun stóð í 18 daga. En hvað vannst við þessa stöðvun? Það vannst það eitt, að umfram það, sem stóð til boða hinn 3. jan. 1956, varð aðeins 5 aura hækkun á karfa til togaranna. Ég hef alla tíð verið þannig stemmdur, að ég tel, að það sé bezt að vinna að málunum þannig, að það sé samið um þau og komizt eins langt með skynsamlegum hætti og mögulegt er.

Það er því miður ekki tími til þess að fara lengra út í þessi mál, vegna þess að það er fsp.-tími, en það gefst kannske tækifæri til þess að upplýsa bæði það, sem hæstv. sjútvmrh. gaf tilefni til í sambandi við störf fiskimálasjóðs, og einnig hefði ég haft mikla löngun til þess að skýra frá því, sem er að gerast í sambandi við lánamál bátaflotans, því að útvegsmenn hafa verið í stöðugum viðræðum við ráðherra og bankastjóra. En það bréf, sem hæstv. ráðh. las upp hér áðan, segir ekki alla söguna. Ég a. m. k. ber fullt traust til þeirra aðila, sem eiga að framkvæma þetta, en af hálfu samtaka útvegsins mun verða fylgzt með því, að það fari eins vel úr hendi og mögulegt er.

Ég get þó ekki að síðustu stillt mig um að vefengja það, sem var fullyrt hér, að ekkert hafi verið gert til hækkunar á árinu 1966. Það er rangt. Þar eð Björn Pálsson, hv. 5. þm. Norðurl. v., mun tala hér á eftir, er einmitt ágætt að segja frá því, hann getur þá svarað. Í grg. með frv. því, sem hann talaði hér fyrir í gær, er talið, að hagræðingarfé nemi 80 millj. kr., en það voru ekki nema 50 millj. til hagræðingar, en 20 til verðuppbóta á línu- og handfærafisk. Það var raunverulega ekki skylda ríkisstj., þó að samningar tækjust um það, að þær 9.9 millj., sem eftir voru, gengju til hækkunar á fiskverði 1966. Það ber ekki að skilja orð mín þannig, að ég sé ánægður með það, sem fengizt hefur. Nei, en það er nauðsynlegt að leiðrétta rangfærslur, sem hv. þm. koma með.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. — Í fyrsta lagi í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Sunnl. sagði. Hann harmaði það, að vélbátaútgerðarnefndin skuli ekki hafa komizt að þeirri niðurstöðu að leyfa auknar togveiðar báta í landhelgi. Þá vil ég segja það, að það gefur ekki rétta mynd, þau bréf, sem hann vitnaði í, heldur gefur það miklu réttari mynd af hugarfari bátaútvegsmanna í landinu, þegar fulltrúar þeirra koma saman í heildarsamtökum þeirra, eins og á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, en þar hafðist það, að þar var samþ. till. um, að það yrðu leyfðar botnvörpuveiðar innan landhelgi, bæði fyrir báta og togara. Sú till.

var samþ. með litlum atkvæðamun og auðvitað með atkv. allra togaraeigenda, og það var meira en helmingur af heildaratkvæðamagninu, sem greiddi atkv. með þessari till. Ég hygg, að togaraeigendur hefðu ekki greitt atkv. á þeim fundi með auknum botnvörpuveiðum fyrir báta eingöngu, og þá getur hv. þm. séð það greinilega, að þeir menn, sem vilja auknar botnvörpuveiðar í landhelgi, eru meðal bátaútvegsmanna í miklum minni hl. Þar mun hafa ráðið mjög ásamt öðru atriði, sem kom fram í nál. vélbátaútgerðarnefndar, ákvörðun okkar flestra nm., ef ekki allra.

Ég er undrandi yfir því, að hv. 1. þm. Austf. skuli segja, að það sé óljóst, hvað ríkisstj. ætlar sér að gera í sambandi við fiskverðið. Ég get ekki skilið það, að jafngreindur og glöggur maður og hv. 1. þm. Austf. er skilji það ekki, hvað þetta er ljóst og augljóst, sú yfirlýsing, sem fram kemur frá ríkisstj. um fiskverðsákvörðunina. Það kemur alveg greinilega fram, að ríkissjóður tekur að sér að greiða 8% fiskverðshækkun, 5% fiskverðshækkun í 2 mánuði á ári yfir netavertíðina og að öðru leyti 11% fiskverðshækkun alla aðra mánuði ársins. Þessi fiskverðshækkun mun, miðað við meðalafla áranna 1965 og 1966, verða í kringum 104 millj. kr. Menn geta deilt um það óendanlega, hvort þessi fiskverðshækkun sé of lítil eða ekki, um það ætla ég ekki að ræða. Ég tel, að bátaútvegurinn þyrfti á meiri hækkun að halda. En þegar við höfum í huga það ástand, sem núna er í fisksölumálum okkar, og þau lög, sem við verðum að starfa eftir í sambandi við verðlagningu sjávarafurða, um verðlagsráð sjávarútvegsins, þá segir í 7. gr. þeirra laga, að verðlagsráð skuli við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra. Miðað við þær aðstæður, sem núna eru, hefur frystur fiskur lækkað í markaðslöndum okkar Íslendinga um 12%. Samkv. því hefði fiskverðið orðið að lækka, ef ekki hefði verið gripið til annarra ráðstafana. Ríkisvaldið grípur hér inn í á mjög myndarlegan hátt, þó að engan veginn sé hægt að tryggja hallalausan rekstur vélbátaútgerðarinnar í landinu, hvað þá heldur, ef gæftaleysi er, eins og einn hv. þm. minntist á hér áðan.

Það er ósköp eðlilegt, þegar jafnskyndilegt verðfall verður í höfuðútflutningsgrein okkar eins og frysta fiskinum, að það taki nokkurn tíma að kanna þau mál, og það hefur verið unnið sleitulaust að þeim málum allan janúarmánuð og það sem af er febrúar, og vonandi eru þau mál að leysast, og eins og hæstv. sjútvmrh. gat um, koma þessi mál til með að liggja hér fyrir innan nokkurra daga. Hitt er skiljanlegt, að útvegsmenn og sérstaklega við þær aðstæður, sem nú er við að etja, bæði gæftaleysi og engan veginn sæmileg aflabrögð, eigi illt með að bíða eftir þeim uppbótum, sem þeim hefur verið lofað. En við vonum auðvitað, að það þurfi ekki að bíða marga daga enn þá.

Ég vil segja einnig hér að lokum í sambandi við hinar margræddu till. vélbátaútgerðarnefndarinnar, að ég harma það, hvað það hefur gengið seint afgreiðsla á þeim málum, þó sérstaklega á stofnlánum til fiskiskipanna, og ég tel, að till. vélbátaútgerðarnefndar í þeim efnum hafi verið mjög í hóf stillt og það hafi gengið fullerfiðlega að fá stjórn fiskveiðasjóðs til þess að fallast á þær till., sem við í vélbátaútgerðarnefnd komum með. En ég vona og vænti þess fastlega, að hæstv. sjútvmrh. fylgi þessum málum vel eftir og það verði hann, sem ráði í þessum efnum og verði við óskum útvegsmanna almennt, en ekki stjórn fiskveiðasjóðs, sem hefur þráazt á margan hátt við að verða við þessum sjálfsögðu óskum vélbátaútgerðarnefndarinnar og útvegsmanna í landinu almennt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það var í tilefni af því, sem fram kom hjá hæstv. sjútvmrh., að ég stóð hér upp. Hæstv. ráðh. sagði, að bankavaldið þarna í Seðlabankanum hefði sagt, að það væri í ósamræmi við aðra dráttarvexti að vera að lækka úr 12% hjá fiskveiðasjóði. Ég vil leyfa mér að benda á í því sambandi, að lán í fiskveiðasjóði eru 6½%. Víxillán eru um 10%, skulum við segja, nálægt því, það fer raunar dálítið eftir því, hvort það eru 3 mánaða víxlar eða 6, en það eru sömu dráttarvextir, og það er búið að lækka vexti af víxlum, sem voru 12% 1960, ofan í 9½% eða eitthvað svoleiðis, en það hefur ekkert verið lækkað í fiskveiðasjóði, og það eru sömu dráttarvextir núna af föstum lánum í fiskveiðasjóði og eru á vanskilavíxlum. Í ofanálag á það erum við látnir borga árlega til fiskveiðasjóðs sem nemur 2%, gróft reiknað, sem framlag til fiskveiðasjóðs, sem ríkissjóður á, svo að það mætti segja, að vextir fiskveiðasjóðs væru 2% hærri en þeir eru skráðir óbeint. Er þetta réttlátt? Og nú vil ég spyrja: Er það ríkisstj. eða Seðlabankinn, sem hefur annað eins vald í þessum peningamálum, og lítur ríkisstj. svo á, að það sé hæfilegt að hafa sömu dráttarvexti af 6½% föstum lánum og af óreiðuvíxlum og hafa muninn á vöxtunum, dráttarvöxtum og víxlavöxtum, um það bil 2% núna á lausaskuldunum, en það munar nærri helming á fiskveiðasjóðnum? Er það ósamræmi að breyta þessu eitthvað? Og lítur ríkisstj. svo á, að dráttarvextirnir hjá þessum mönnum, sem erfiðast eiga og afla gjaldeyris þjóðarinnar, eigi að vera 12%? Og ef hún lítur svo á, að þeir eigi ekki að vera 12%, eru ráðh. þá ekki menn til að stjórna þessum herrum Seðlabankans?

Alþingi hefur ekki í raun og veru verið sýnt meira vantraust en þegar var tekið af því valdið til að ákveða skráningu gjaldeyrisins og ákveða vexti í lánastofnunum þjóðarinnar, sem ríkið á, og farið með það upp

í Seðlabanka. Þinginu hefur aldrei á þessum árum, sem ég hef verið a. m. k., verið sýnt meira vantraust. Ég skal játa, að stjórnarandstaðan var stundum, — það er nú raunar annar andi nú í þinginu, — þreytandi í umr. og talaði of lengi, e. t. v. stundum að tilefnislausu. En þá var miklu nær að breyta eitthvað þingsköpunum heldur en taka þetta aðalvald algerlega af þinginu, fá það í hendur hagfræðingum og lögfræðingum, sem varla þekkja þorsk frá ýsu og aldrei hafa komið lambi á spena, hafa ekkert vit á atvinnumálum þjóðarinnar. Og þarna sjáum við, hve mikið vit þeir hafa á þessu, þegar þeir segja, að það megi alls ekki lækka dráttarvexti í fiskveiðasjóði, vegna þess að þeir þurfi að vera jafnháir og af óreiðuvíxlum hjá bröskurum, sem ekkert gagn gera með peningum, sem þeir fá. Annars nægði þeim ekki þetta, þessum herrum, heldur ætla þeir að leggja undir sig fiskveiðasjóðinn í algerri óþökk þeirra, sem stjórna fiskveiðasjóðnum, og Útvegsbankans. Ofan á þetta bætist það, að við Landsbankann og Seðlabankann er bezt að skipta ekki neitt, og ég hef aldrei orðið öðru fegnari heldur en að þurfa ekkert til þeirra að sækja. Í viðbót við þetta allt saman er hlaðið á útveginn stimpilgjöldum og alls konar óþarfa snúningum og fyrirhöfn, sem skapar mikinn kostnað á hvert einasta smálán, allt veðsett.

En hvernig starfa svo þessir herrar við Seðlabankann, líta eftir gjaldeyrinum? Væri þeim ekki nær að hugsa betur um það? Á hverju getur það byggzt t. d., að það er flutt inn fyrir tugi millj., sem kölluð eru dönsk húsgögn og ótal vörur, sagt, að það sé skráð á miklu lægra verði en það raunverulega er? Hvaðan fá þeir þennan gjaldeyri, hvernig er gjaldeyriseftirlitið? Væri þessum herrum ekki nær að hugsa um þetta? Á hverju byggist það, að þessi Jörgensen, sem er mikið talað um núna, sem var nú úti í Japan, þegar þeir þurftu að tala við hann um gjaldeyrismálin — á hverju byggist það, að þar eru tugir millj. sennilega bara algerlega í óreiðu, gjaldeyrinum ekki skilað á réttum tíma? Á hverju byggist svona eftirlit? Væri þessum herrum ekki nær að hugsa um það, sem þeir eiga að gera, heldur en grípa inn í það, sem þeim kemur ekkert við og þjóðin er búin í raun og veru að fela okkur?

Magnús Noregskonungur sendi Loðin hér upp á Ísland. Loðinn sagði, að bændur ættu umyrðalaust að samþykkja það, sem hann kæmi með frá kónginum, en svo mættu þeir auðmjúklegast biðja um breytingar. En það er nú orðið þannig hér í þessu hv. Alþ., að það má ekki einu sinni koma með þáltill. með ósk um breytingar, því að í fyrra kom ég með þáltill. út af þessum dráttarvöxtum. Þeim var ekki leyft að koma með hana aftur, n. var ekki leyft að skila henni. Það er nefnilega raunverulega orðið verra en hjá Manga kóngi og Loðni hjá okkur Íslendingum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Ég tel ástæðu til að leiðrétta það, sem hv. 11. landsk. sagði hér um afstöðu útgerðarmanna til þess máls, sem ég minntist á, en það voru auknar togveiðiheimildir vélbáta upp að vissri stærð. Hann vildi gera lítið úr samþykktum útvegsmannafélaganna víðs vegar um landið, sem ég benti hér á, að hefðu verið meðmælt því, að slíkar veiðiheimildir yrðu veittar, heldur taldi hann, að afstaða útgerðarmanna hefði komið fram á aðalfundi LÍÚ og hana bæri að leggja til grundvallar. Ég tel þetta vera mjög mikinn misskilning og ekki rétta túlkun. Þegar útvegsmenn víða úti um landið, hver í sínu félagi, voru að gera sína umsögn og veita sín meðmæli fyrir auknum togveiðiheimildum, var þar almennt talað aðeins um að veita bátunum þessar heimildir. Þetta kemur fram bæði hjá Útvegsmannafélagi Vestfjarða og einnig hjá Útvegsbændafélagi Hafnarfjarðar og einnig mun hafa verið svo hjá öðrum útvegsbændafélögum, að þau voru með í huga að mæla með því, að bátunum yrði veitt þessi heimild. Á fundi hjá LÍÚ lá hins vegar fyrir till. um það að veita bæði togurum og vélbátum þessa heimild. Það er því eðlilegt, að afstaða útvegsmanna á aðalfundi LÍÚ væri önnur en hún var heima í héraði, því að þar var um allt annað sjónarmið að ræða. Þetta er það, sem ég tel að þurfi að leiðrétta, því að það var ekki rétt túlkað hjá þessum hv. þm., það sem hann sagði hér, að ekki væri hægt að taka mark á afstöðu útvegsmanna eða útvegsbændafélaga, sem voru búin að gefa sína umsögn.

Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að ég harma það, að n. skyldi ekki sjá sér fært að taka tillit til þeirra umsagna, sem frá þessum mönnum komu, því að þarna eiga hlut að máli, að ég hygg, þeir aðilar, sem skila um 60—80% af öllu bolfiskmagni, sem á land kemur hér. Og ég tel, að það verði að taka tillit til þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég verð nú því miður að segja það um ræður hv. stjórnarandstæðinga, að ég tel, að þær geri sjómönnum og útgerðarmönnum, sem eiga í vissum erfiðleikum um þessar mundir, lítinn greiða og leysi lítið þann vanda, sem þar er við að etja. Og það væri hörmulegur endir, ef barlómur og úrtölur þeirra, sem svo grátt hafa leikið íslenzkan landbúnað, ættu nú að halda innreið sína í íslenzkan sjávarútveg líka, því að það mun mál allra þeirra, sem þar þekkja til, að sá sultardropasöngur, sem í kringum þann atvinnuveg hefur ríkt, hafi verið erfiðasta vandamál, sem hann hafi átt við að etja á undanförnum árum. Svo koma hingað menn eins og hv. 1. þm. Austf., sem telja sig hvítþvegna af því að hafa aldrei átt í erfiðleikum í sambandi við atvinnuvegina hér áður fyrr, rétt eins og þeir muni ekki þær stöðv-

anir, sem þeir sjálfir voru meiri og minni ástæða til, að urðu fyrir þeirra vanstjórn á málum ríkisins þá, og nánast í klökkum tón tala um það nú, að ekki hafi komið þó enn til stöðvunar á íslenzka vélbátaflotanum. Það er nánast, að það sé harmað, að svo er ekki.

Annar hv. flokksbróðir þessa hv. þm., hv. 6. þm. Sunnl., talar hér um, að það sé verið að semja við einhverja aðra menn, nánast óskylda menn, um mál sjávarútvegsins, þ. e. a. s. frystihúsin, rétt eins og þetta séu óskyldir hlutir. Ætli stór hluti af erfiðleikum vélbátaflotans stafi ekki m. a. af erfiðleikum hraðfrystihúsanna í dag? Hvað var það svo, sem gerðist, meðan vélbátaútgerðarnefndin sat að störfum? Það verður stærsta fiskverðshækkun, sem átt hefur sér stað í sögu íslenzku þjóðarinnar, á meðan hún situr að störfum og bíður eftir því, að sú fiskverðsákvörðun sé tekin, um áramótin 1965—66, þegar 17% hækkun varð á fiskverðinu. Þetta eru hlutir, sem mönnum er rétt að hafa í huga, og upplýsa ósköp vel, hver vandi þessara mála er í dag. Það var talið eðlilegt þá, að 17% fiskverðshækkun yrði, með hliðsjón af þeim hækkunum, sem átt höfðu sér stað á íslenzkum sjávarafurðum á erlendum mörkuðum. Vandinn er svo í dag, að þrátt fyrir það að sannað er, að vélbátaflotinn þarf á hækkun að halda, verður stórfelld lækkun á meginhluta allra útfluttra sjávarafurða. Og þegar vélbátaútgerðarnefndin er að gera sínar tillögur um 10% hækkun, á hún við þann rekstrarkostnað, sem hefði þá orðið að öllu óbreyttu eða mundi verða, ef áfram hefðu haldið þær hækkanir, sem þá litu út fyrir að verða. Þetta er rétt, að menn hafi í huga.

Ég sé svo ekki ástæðu til að eltast við einstök atriði í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga. Þau atriði, þegar á heildina er litið, miða ekki til jákvæðrar lausnar á þeim vanda, sem við er að etja, og enn þá hefur ekkert í umr. komið fram annað en vítur hv. 1. þm. Austf. á málsmeðferð á því, að ekki skuli sundur skilið milli erfiðleika vélbátaflotans og hraðfrystihúsanna, rétt eins og það séu óskyld mál. Ég spyr nú bara með hliðsjón af fenginni reynslu um forsjá þessara manna í þessum málum: Mundi mikill vandi íslenzkrar vélbátaútgerðar hafa leystst, þó að við hefðum setið hér meginhluta janúarmánaðar? Miðað við þá tillögugerð, sem komið hefur fram í umr. fram að þessu um þessa fsp. hér á þingi í dag, verður það ekki afráðið, því miður. Enda mun það nær sanni, að um vandann sé rætt til þess eins að geta komið höggi á pólitíska andstæðinga, til þess að geta e. t. v. fiskað í gruggugu vatni á pólitískum atkvæðaveiðum, en ekki til að finna lausn á vandamálunum, því að ég trúi því, að svo miklir drengir séu þessir menn, að þeir mundu hafa komið með einhvern snefil af því, ef þeir ættu eitthvað í fórum sínum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti Ég held, að það sé mikill misskilningur hjá hæstv. sjútvmrh., ef hann stendur í þeirri meiningu, að það væri í þágu útvegsmanna og sjómanna, að öllu væri tekið þegjandi með þökkum, sem hæstv. ríkisstj. réttir að þeim um þessar mundir. Og ég held, að fáir útvegsmenn og sjómenn séu sammála hæstv. ráðh. um þetta, Hann talar um, að erfiðleikar útvegsins nú stafi af lækkun á afurðaverði. Já, afurðaverð hefur lækkað talsvert, því miður. En þó mundi bátaútvegurinn hafa staðið með miklum blóma þrátt fyrir það og ekki vera í neinum vanda staddur, ef stjórnarstefnan hefði ekki leikið atvinnuvegina í landinu eins og hún hefur gert og búið þeim þann vanda, sem þeir nú standa frammi fyrir.

Þetta sést bezt á því, að þrátt fyrir þá verðlækkun, sem orðið hefur, er verð á sjávarafurðum yfirleitt miklu hagfelldara en var um það leyti, sem byrjað var að framkvæma hina svokölluðu viðreisnarstefnu. En þetta verður sjálfsagt rætt miklu nánar síðar, en búast má náttúrlega við, að hæstv. sjútvmrh. verði ekkert ánægðari með þær umr. en þessar, sem hér hafa farið fram, en það verður sjálfsagt að gera það samt.

Varðandi það, sem einn hv. þm. fann að við mig áðan lítillega, að væri ekki rétt hjá mér, að það væri óljóst, hvað ríkisstj. ætlaði sér að gera í þessum málum, og fannst það ósanngjarnt af minni hendi að segja það, þá held ég, að þar hafi ekkert verið ofmælt af minni hálfu. Í fyrsta lagi vegna þess, að svör hæstv. ráðh. hér um það t. d., hvenær eigi að greiða hinar lofuðu uppbætur, eru býsna loðin. Hér á Alþ. hafa svo engar upplýsingar verið gefnar enn um það, hvað eigi að gera fyrir frystihúsin, og mundi ég þó telja, að það væri ekki alveg óskylt þessum málum, hvað á að gera fyrir þau, og hæstv. ráðh. var rétt áðan að segja, að það væri talað um þetta rétt eins og þau mál væru óskyld. Í þriðja lagi hefur hæstv. ráðh. sjálfur upplýst það, að meginhlutinn af þeim till., sem mþn. í bátaútvegsmálum gerði, er enn algerlega óafgreiddur og búið að dreifa þeim hingað og þangað út í „ríkisapparatið“ og engan veginn ljóst um neina þeirra, hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að gera. Ég held því, að það sé vægilega til orða tekið, að það sé óljóst enn í dag, hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að gera í málefnum bátaútvegsins.

Það hefði þó þurft að ljúka þeim málum í janúar, og það var öll þessi vinnuaðferð, sem ég hef vítt, og ég hef haldið því fram og það mun vera á allra manna vitorði, að það er nú þegar orðið stórkostlegt þjóðartjón að því, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur haldið á þessum málum, m. a. dregið þau algerlega óeðlilega, og enn er óljóst, hvað hún ætlar að gera. Þetta hefur haft ótalin áhrif á fyrirætlun manna í þessum efnum og rekstur bátaflotans.

Ég vil sérstaklega í þessum umr. taka fram og skal láta það vera mín síðustu orð, að það liggur fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur nálega ekkert framkvæmt af þeim till., sem

mþn. í bátaútvegsmálum lagði til. Till. um hækkun á fiskverði 1966, þ. e. a. s. hækka um 10%, hefur hæstv. ríkisstj. látið eins og vind um eyrun þjóta og ekkert eftir henni farið, og öðrum till. hefur hún dreift, eins og ég sagði áðan, til athugunar hingað og þangað í „ríkisapparatið" og er ekki reiðubúin að svara neinu enn í dag og eru þó komin nálega febrúarlok.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er aðeins ein setning, sem ég vildi ítreka af því, sem ég hafði áður sagt. Það virðist hafa farið fram hjá mönnum í sambandi við fsp. hv. 6. þm. Sunnl., sem ítrekuð var núna af 1. þm. Austf., um, hvað liði greiðslum á þeirri lofuðu hækkun, sem á til sjómanna og útvegsmanna að fara. Ég sagði hér áðan og ítreka það enn, að allur venjulegur undirbúningur að þessari greiðslu er hafinn, en undirbúningur hefur alltaf tekið örlitinn tíma og mun gera það eins nú. Ég ítreka það, svo að það fari ekki fram hjá mönnum einu sinni enn, að venjulegur undirbúningur er hafinn til þessarar greiðslu.

18. Öryggisútbúnaður álverksmiðju í Straumsvík.

Á deildafundum 7. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til iðnmrh. um eituráhrif og öryggisútbúnað fyrirhugaðrar álverksmiðju í Straumsvík [106. mál, 1] (A. 202).

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 23. og 24. fundi í Sþ., 15. og 22. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Sþ., 1. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Eitrunarhættan í sambandi við rekstur alúmínverksmiðja er vandamál, sem hvarvetna er leitazt við að leysa eftir föngum. Ýmiss konar eiturefni, einkum flúor, myndast í þessum verksmiðjum og berast meira eða minna út í umhverfið, þar sem þau síðan skemma gróður og sýkja dýr og jafnvel menn. Á þetta benti ég í umr. um fyrirhugaða verksmiðju í Straumsvík á síðasta þingi. Ég vakti einnig athygli á því, að öryggisútbúnaður ætti alls enginn að vera í þessari verksmiðju, að eiturloftið ætti óheft að fá að berast um nágrennið og það skyldi ráðast af landsháttum og veðurfari, hvort tjón hlytist af eða ekki. Þetta taldi ég vítavert gáleysi, enda gagnstætt því, sem tíðkast erlendis hin síðari ár. Ég varaði við því áformi, sem þegar var tekið, að nota opin bræðsluker í stað lokaðra og byggja verksmiðjuna án reykeyðingartækja. Loks lét ég í ljós undrun mína á, að sérfræðingar íslenzku heilbrigðisþjónustunnar skyldu ekki til kvaddir í þessu máli, en við þá var aldrei ráðgazt, meðan á samningum stóð. Sú tegund bræðslukera, sem fyrirhugað var að nota, sleppir um 70% flúoreitursins út í umhverfið. Nýrri gerðir kera hleypa aðeins 40% flúorsins út og þær allra nýjustu ekki nema 28%. Hér er því mikið á mununum, enda síðarnefndu kerin nær eingöngu notuð í verksmiðjum, sem reistar hafa verið á síðari tímum. Það þykir alls staðar sjálfsagt nú, að hafa reykeyðingartæki, hver svo sem tegund keranna er, og mörg fyrirtæki leggja sig mjög fram um að fullkomna þessi tæki sem mest. En þessi útbúnaður er dýr, og sennilega er það þess vegna, sem teflt skal á tæpasta vaðið í Straumsvík. Þar mun ætlunin að bíða átekta, sannreyna tjónið, áður en hafizt er handa. Það tel ég illa ráðstöfun og raunar þarflausa, því að við höfum næga erlenda reynslu að styðjast við.

Í þessu efni tel ég aldrei of varlega farið. Ég minni á Húsnesmálið, sem blöðin sögðu frá á s. l. hausti. Á þeim stað í Noregi, Húsnesi, hafði einmitt auðhringurinn Swiss Aluminium reist alúmínverksmiðju og lýst því yfir, að frá henni stafaði engin hætta. Þar eru hreinsunartæki, en samt eitraðist umhverfið og varð af mikið tjón á gróðri í allt að 10 km fjarlægð frá verksmiðjunni. Þetta virtist koma öllum á óvart þar.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð nú. Hæstv. iðnmrh. tók gagnrýni minni á sínum tíma svo sem vera bar. Hann lofaði nánari athugun á efni ræðu minnar, og nú inni ég með fsp. á þskj. 202 eftir árangri.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil fyrst fara nokkrum almennum orðum um fsp. til iðnmrh. um eituráhrif og öryggisútbúnað fyrirhugaðrar álverksmiðju í Straumsvík frá Alfreð Gíslasyni, hv. 9. þm. Reykv., á þskj. 202.

Það hefur verið vitað, frá því að fyrst var farið að ræða um byggingu álbræðslu hér á landi, að viss mengun gæti stafað af rekstri hennar, aðallega vegna uppgufunar á flúorvetni frá bræðsluofnum hennar. Má segja, að þetta sé sú eina tegund mengunar, sem orð sé á gerandi í sambandi við fyrirhugaða álbræðslu í Straumsvík. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir, er full ástæða til þess að ætla, að flúormengun muni ekki skapa teljandi vandamál í sambandi við vinnu verkamanna og annarra í verksmiðjunni sjálfri, þar sem loftræsting í bræðsluofnum hennar og önnur vinnuskilyrði verða góð. Þær athuganir, sem farið hafa fram í málinu á vegum ríkisstj., hafa þess vegna meira beinzt að því, hvers vænta megi um

áhrif álbræðslunnar á umhverfi hennar, þ. e. fyrst og fremst á gróður og dýralíf í næsta nágrenni.

Í þessu sambandi skiptir það að sjálfsögðu mjög miklu máli, hvar álbræðslunni er valinn staður. Það hefur frá upphafi verið ljóst, að álbræðsla ÍSALs yrði mjög vel staðsett í Straumsvík í þessu tilliti. Hún mun standa þar á opnu svæði, þar sem ríkjandi vindátt er á haf út, og gróður í næsta nágrenni mjög takmarkaður og yfirleitt ekki af þeim tegundum, sem taldar eru sérstaklega viðkvæmar fyrir mengun af völdum flúors. Þetta kom skýrt fram á fyrsta stigi viðræðnanna um álbræðslu á Íslandi, en þá var við það miðað, að byggð yrði 30 þús. tonna verksmiðja með einum bræðslusal. Þá var talið, að staðsetning verksmiðjunnar ein saman væri næg trygging fyrir því, að ekki mundi þurfa reykhreinsun fyrir álbræðslu í Straumsvík. Hins vegar var gengið að því sem gefnu, að nauðsynlegt yrði að hafa reykhreinsun, ef bræðslan yrði staðsett við Eyjafjörð, þar sem aðstæður eru gagnstæðar og svipaðar því, sem þekkt er úr hinum þröngu fjörðum í Noregi. Þegar hinir svissnesku viðsemjendur ríkisstj. gerðu fyrstu kostnaðaráætlun sína á árinu 1964, töldu þeir, að bræðsla við Eyjafjörð yrði um 45 millj. kr. dýrari í byggingu en Straumsvíkurbræðslan vegna þessarar reykhreinsunar, miðað við 30 þús. tonna bræðslu.

Um það leyti, sem ríkisstj. gaf skýrslu sína til Alþ. um álmálið, hinn 5. maí 1965, hafði framkvæmdaáætlunin breytzt þannig, að á fyrsta stigi skyldi byggja 30 þús. tonna álbræðslu, er síðan yrði stækkuð upp í 60 þús. tonn á nokkrum árum í einum eða tveimur áföngum. Þá var einnig gert ráð fyrir því, að ekki mundi þurfa að gera sérstakar ráðstafanir í byrjun til hreinsunar á reyk frá álbræðslunni í Straumsvík. Hins vegar var það áskilið af hálfu Íslendinga, eins og segir í skýrslu ríkisstj., að verksmiðjufélagið beri alla áhættu af tjóni af útblásturslofti eða öðrum úrgangi frá verksmiðjunni í Straumsvík. Verði tjón af þessum sökum, mundi það verða fullkomlega skaðabótaskylt og auk þess skuldbundið til að grípa til nauðsynlegra varúðarráðstafana, ef hætta yrði talin á frekara tjóni.

Þetta síðasttalda sjónarmið sætti nokkurri gagnrýni eða andspyrnu af hálfu hinna svissnesku viðsemjenda ríkisstj. Þegar þeir lögðu fram samningsuppkast sitt vorið 1965, óskuðu þeir eftir ákvæði á þá leið, að ekki mætti skylda ÍSAL til þess að setja upp reykhreinsunarútbúnað í bræðsluna. Á þetta var ekki fallizt, og taldi ríkisstj. eða fulltrúar hennar við samningana, að reykhreinsun ætti að koma til greina á sama hátt og aðrar varúðarráðstafanir, þ. e. að félaginu yrði skylt að taka hana upp, ef hún yrði talin nauðsynleg. Þetta atriði og mengunarákvæði samningsins í heild voru til umr. milli aðilanna fram á árið 1966, þegar endanlega var frá samningunum gengið. Á því tímabili voru gerðar ýmsar athuganir á málinu af hálfu ríkisstj. eða fulltrúa hennar. M. a. fór einn samninganefndarmanna til Noregs til að kynna sér aðstæður þar frekar en gert hafði verið, og Rannsóknastofnun iðnaðarins gerði skýrslu um þá mengun, sem lögð var fram með frv. um álsamninginn 1. apríl 1966, fskj. 2. Að sjálfri niðurstöðu samninganna verður nánar vikið hér á eftir.

Eftir að samningsgerðinni lauk vorið 1966, hefur athugun á málinu af hálfu ríkisstj. verið haldið áfram og frekari upplýsingum safnað um hinar ýmsu hliðar þess. M. a. má geta þess í fyrsta lagi, að hinn 30. júní 1966 barst iðnmrn. bréf frá landlækni og fylgdu með því upplýsingar um mengunarvarnir við álbræðslu, sem hann hafði aflað að beiðni heilbr.- og iðnmrh. frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og þýzkum og norskum heilbrigðisyfirvöldum. Einnig bárust rn. upplýsingar frá svissneskum heilbrigðisyfirvöldum með bréfi landlæknis 14. júlí 1966. Í þessum gögnum er að finna ýmsar mikilsverðar upplýsingar almenns efnis, sem hafa má hliðsjón af við mat á aðstæðum hér á landi, en hins vegar engin bein svör við þeirri spurningu, hvað sé hæfileg varúð í sambandi við álbræðsluna í Straumsvík. Öllum þessum gögnum er það sameiginlegt, að þau leggja höfuðáherzlu á það, hvernig til takist um staðarval viðkomandi verksmiðju hverju sinni. Í þessum þremur löndum, Þýzkalandi, Sviss og Noregi, eru engar almennar, algildar reglur um varúðarráðstafanir vegna mengunar nema þær, að gera beri það, sem telst nauðsynlegt hverju sinni með tilliti til aðstæðna. Að því leyti má segja, að þar sé beitt nákvæmlega sömu aðferðum og sama mælikvarða og fyrirhugað er að beita hér á landi vegna ÍSALs. Að því er sérstaklega varðar reykhreinsun má geta þess til nánari upplýsingar, að í Sviss eru fjórar álbræðslur og sumar komnar mjög til ára sinna. Það er ekki fyrr en tiltölulega nýlega, sem þær hafa sett upp reykhreinsunartæki, en reynslan hafði þá sýnt, að þeirra væri þörf eftir aðstæðum. Höfðu komið fram skemmdir á aprikósu- og grenitrjám í nágrenninu, og á einum stað hafði þess orðið vart, að nautgripir sýktust af flúorveiki. Í Noregi hefur reyndin orðið sú, eins og kunnugt er, að allar álbræðslur í landinu, sem vera munu 6 að tölu, hafa sett upp reykhreinsunartæki. Ástæðan er sumpart sú, að vegna landslagsins í fjörðum og dölum Noregs er ekki talið varlegt að starfrækja þar álbræðslu án slíkrar hreinsunar, sbr. það, sem áður var sagt um Eyjafjörð. Auk þess er ríkari þörf á hreinsun við þá tegund bræðsluofna, sem algengust er í Noregi. En almennt gildir það um þessi lönd, sem fyrr segir, að það tilheyrir hinum almennu réttarreglum um öryggi á vinnustað og atvinnusjúkdóma, hvað gera beri hverju sinni vegna þeirra manna, sem vinna í verksmiðjunum, og nágrannaréttinum tilheyrir það, hvað gera

beri vegna áhrifa á umhverfið á hverjum stað.

Iðnmrn. hefur einnig borizt bréf frá landlækni, dags. 15. nóv. s. l., þar sem komið er áleiðis erindi frá heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar, sem ályktaði á fundi sínum hinn 12. sept. s. l. að fara þess á leit við landlækni, að hann, eins og segir í bréfinu, gangist fyrir ýtarlegri könnun á ráðstöfunum varðandi væntanlega álverksmiðju í Straumsvík, að því leyti sem snertir heilbrigðisvarnir almennings, og geri allt, sem í hans valdi stendur, til að tryggja, að æskilegar varúðarráðstafanir verði gerðar, ef hann telur þess þörf. Eins og sagt var áður, eru mál þessi í áframhaldandi athugun á vegum iðnmrn. og munu þar vera höfð full samráð við landlækni og önnur viðkomandi yfirvöld, eftir því sem tilefni gefst.

Í öðru lagi hefur Rannsóknastofnun iðnaðarins haldið áfram athugunum sínum á mengunarmálinu að beiðni rn. Forstöðumaður stofnunarinnar fór m. a. til Sviss og Noregs á s. l. hausti og kannaði þar álbræðslur á vegum Alusuisse og annarra. Skilaði hann skýrslu til rn. um athuganir sínar um mánaðamótin nóv.-des. s. l. Þessi skýrsla hefur nú verið afhent ÍSAL og Alusuisse til umsagnar, og er hún þar í athugun.

Í þriðja lagi hefur rn. borizt bréf frá borgarlækninum í Reykjavík, dags. 3. febr. s. l., þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum, sem hann hefur aflað um málið, m. a. með tilliti til þess, hvort tilvist álbræðslunnar í Straumsvík mundi hafa áhrif á vatnsból eða gróður í Reykjavík. Þetta bréf hefur einnig verið afhent ÍSAL og Alusuisse til umsagnar.

Í fjórða lagi hefur iðnmrn. með bréfi hinn 6. júlí s. l. falið fulltrúum ríkisstj. í stjórn ÍSALs, þeim Magnúsi Ástmarssyni forstjóra og Hirti Torfasyni hrl., að taka mengunarmálið til sérstakrar athugunar og fylgjast vandlega með því, hvað ÍSAL hyggist gera í því sambandi, og vinna að því fyrir sitt leyti, að gerðar verði þegar í upphafi þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast. Hafa fulltrúarnir átt bréfaskipti um málið við fyrirsvarsmenn Alusuisse, auk þess sem það var rætt á stjórnarfundi félagsins í s. l. viku.

Í fimmta lagi var málið rætt við forstjóra og framkvæmdastjóra Alusuisse, Emanuel Meyer og dr. Paul Müller, meðan þeir dvöldust í Reykjavík dagana 22. og 23. febr. s. l., og frá því skýrt, hvernig málið stæði á báðar hliðar. Þessir fyrirsvarsmenn félagsins skýrðu frá því, að í þeirri byggingaráætlun ÍSALs, sem nú væri verið að ganga frá, hefði byggingunni verið breytt þannig frá því, sem áætlað var á árinu 1964, að setja mætti upp fullkominn hreinsunarútbúnað í bræðslusölum, hvenær sem væri, án nokkurrar röskunar á þeim eða truflunar á rekstri verksmiðjunnar, en verulegan kostnaðarauka leiði af þessari breytingu, sennilega um 30 millj. kr. Hefði mænir bræðslusalanna verið hækkaður og aðrar breytingar gerðar á þaki þeirra eða fyrirkomulagsbreytingar, sem nauðsynlegar væru í þessu sambandi. Lagðar yrðu reykhreinsunarrásir og loftræstiháfar. Hreinsunarútbúnaður sá, sem um væri að ræða, að síðar yrði settur upp, væri sams konar útbúnaður og væri í álbræðslum Alusuisse í Húsnesi í Noregi og Steg í Sviss. Mundi það kosta um 60 millj. kr. að setja hann upp í Straumsvík samkv. hinum breyttu teikningum.

Í sjötta lagi hefur landlæknir í bréfi, dags. hinn 6. febr. s. l., til forstjóra Rannsóknastofnunar iðnaðarins talið mjög brýnt, að nú þegar verði hafizt handa um efnafræðilegar jarðvegsrannsóknir á svæði því í og umhverfis Straumsvík, þar sem álverksmiðjunni er ætlað að rísa. Segir svo í bréfinu:

„Ef mögulegt á að verða að fylgjast nákvæmlega með flúormengun jarðvegsins í framtíðinni á þessu svæði, er nauðsynlegt, að nákvæmar, margar og áreiðanlegar flúorrannsóknir í jarðveginum liggi fyrir, áður en til nokkurrar álframleiðslu kemur á þessum stað."

Þetta ræddi ég sérstaklega á fundum með forstjóra og framkvstj. Alusuisse ásamt formanni stjórnar ÍSALs í s. l. viku, og varð um það fullt samkomulag. Er ráðgert, að grundvallarrannsókn þessi hefjist þegar á þessu sumri og haldi áfram, eftir því sem þurfa þykir, þar til álbræðslan tekur til starfa, en þá munu reglulegar samanburðarrannsóknir taka við, eins og samningar standa til. Fyrirhugað er, að rannsóknin verði framkvæmd undir stjórn samvinnunefndar þriggja aðila, og verður Rannsóknastofnun iðnaðarins þar einn aðilinn. Alusuisse og ÍSAL munu taka þátt í rannsókninni og tilnefna annan aðila í n. Iðnmrn. mun síðan tilnefna erlendan sérfræðing sem þriðja mann í n., og hef ég í huga að fá norskan sérfræðing til þess starfs.

Auk þess sem nú er greint, munu sérfræðingar ríkisstj. og Alusuisse halda áfram að skiptast á upplýsingum um málið, og er m. a. verið að leggja drög að því að fá hingað svissneskan lækni, sem er sérfræðingur á þessu sviði, til viðræðna við íslenzk heilbrigðisyfirvöld.

Ég vil nú veita svör við hinum einstöku liðum fsp. umfram það, sem þeim hefur verið óbeint svarað í því, sem ég að framan hef sagt.

Um a-lið: „Telja sérfræðingar íslenzku heilbrigðisstjórnarinnar nokkra hættu á flúoreitrun frá álverksmiðjunni í Straumsvík?" Þegar hér er spurt um hættu á flúoreitrun, er væntanlega átt við, hvort mönnum geti stafað heilsutjón af útblásturslofti eða loftmengun frá verksmiðjunni, enda er spurt um álit sérfræðinga íslenzku heilbrigðisþjónustunnar, eins og það er orðað. Í þessu sambandi er raunar ekki til að dreifa nema landlækni, sem er lögum samkv. ráðunautur ráðh. um allt það, er varðar heilbrigðismál, og annast

framkvæmdir þeirra mála fyrir hönd ráðh. samkv. lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Landlæknir telur sig hins vegar ekki sérfræðing á því sviði, hver áhrif loftmengunar frá álbræðslu kynnu að geta verið. Ég hef áður greint frá afskiptum landlæknis af því að afla upplýsinga frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og þýzkum og norskum heilbrigðisyfirvöldum og till. hans um, að þegar verði hafizt handa um efnafræðilegar jarðvegsrannsóknir, og einnig telur hann nauðsynlegt, að þegar í upphafi verði gætt allra varúðarráðstafana. Ákvörðun um að breyta fyrirkomulagi við byggingu verksmiðjunnar þannig, að hægt verði fyrirvaralaust að koma þar fyrir reykhreinsunartækjum, er þáttur í slíkum varúðarráðstöfunum. Í aðalsamningi ríkisstj. við Swiss Aluminium eru eftirfarandi ákvæði, sem hér skipta máli:

Gr. 12.02. ÍSAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði.

13. gr. Reglur um öryggi, heilbrigði og hreinlæti. Að tilskildum ákvæðum 12. gr. skal ÍSAL byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti og skal í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum.

Ég vil leyfa mér að bæta hér við umsögn prófessors Axels Lydersen, forstöðumanns Institut for Kemiteknik við tækniháskóla Noregs í Þrándheimi og formanns reykskaðaráðs Noregs, sem hefur yfirumsjón með öllum mengunaráhrifum frá verksmiðjureyk. Þessi umsögn er í bréfi til forstjóra Rannsóknastofnunar iðnaðarins hér, dags. 11. jan. 1966, en þar segir prófessorinn: „Jeg kenner intet tilfælle af bevist skade på mennesker i omegnen af aluminiumfabrikker.“ Þ. e. ég veit ekkert dæmi um, að fram hafi komið tjón á mönnum í nágrenni álverksmiðja.

Um b-lið: „Hvers konar bræðsluker verða notuð?“ Í framkvæmdaáætlun ÍSALs er gert ráð fyrir því, að bræðsluker í verksmiðjunni verði með bökuðum anóðum, þ. e. af svonefndri „prebaked“ gerð, en ekki af Söderberg-gerð, sem algeng er í norskum verksmiðjum, enda norsk uppfinning. Þessi ker ÍSALs eru sams konar ker og notuð eru í öllum nýrri verksmiðjum Alusuisse, t. d. í Húsnesi í Noregi, Steg í Sviss og New Johnsonville í Tennessee. Framleiðsluaðferðin við bræðslu á áli er í aðalatriðum hin sama, hvor tegund ofnanna sem notuð er. Munurinn á ofnunum liggur aðallega í því, hvernig anóðunni, neikvæða skautinu, er komið fyrir. Þessar anóður eru búnar til eða bakaðar úr blöndu af koksi og koltjöru. Í Söderbergsofnum er kökum úr þessari blöndu bætt á anóðustokk í ofninum öðru hverju og þær látnar mynda þar þétta anóðu smám saman eða sjálfbakandi anóður, sem kallað er. Við hitann í ofninum eimast tjöruefni og brennisteinssambönd burt, og mundu þau ásamt flúornum gera mönnum ólíft að vinna í verksmiðjunni, ef ekki væri höfð sérstök hlíf á ofninum. Er loftræsting við þessa ofna undir því komin, að hægt sé að soga þessi efni upp um hlífina á öruggan hátt, og er það aldrei hægt fullkomlega, þar sem alltaf þarf að opna ofnana öðru hverju til að bæta á þá hráefni og fleira, auk þess, sem útbúnaðurinn getur bilað. Í „prebaked“ ofnunum er hins vegar búið að baka anóðuna, þegar hún er sett í ofninn, eins og nafnið bendir til. Eru því öll tjöruefni og brennisteinssambönd farin úr henni eða því sem næst, þannig að þeirra gætir lítið sem ekkert við bræðsluna. Af þessum sökum er vel hægt að starfrækja ofnana án þess að hafa sérstaka hlíf á þeim, ef loftræsting er góð upp með ofnunum, eins og hér er gert ráð fyrir. Ef um reykhreinsun er að ræða, fer hún að öllu leyti fram með úðaþvotti í mæni bræðslusalarins, þar sem reykurinn safnast. Skv. upplýsingum Alusuisse hafa samanburðarrannsóknir sýnt, að framleiðslukostnaður hjá bræðslum með bökuðum anóðum verður lægri en hjá bræðslum með Söderberg-gerð. Auk þess sem það hefur beina tölulega þýðingu, bendir félagið enn fremur á það, að miklu auðveldara sé að ræsa „prebaked“ ofna, en þá er flúormyndun yfirleitt með mesta móti. Jafnframt sé auðveldara að komast að anóðunni, og ef nothæfi hennar breytist, komi það strax í ljós á ofninum, en ekki fyrr en eftir nokkrar vikur, þegar um Söderbergsofna er að ræða. Einnig hafi breytingar á straumstyrkleika í ofninum miklu minni áhrif á vinnsluna í „prebaked“ ofnum, og er það mikilvægt vegna rekstraröryggis. Síðast, en ekki síst séu vinnsluskilyrði við „prebaked“ ofna hreinlegri og betri en við Söderbergsofna og vandamálið í sambandi við loftræstingu í salnum minna og auðleystara.

Þær upplýsingar, sem rn. hafa borizt um málið, benda yfirleitt til þess, að umræddar staðhæfingar Alusuisse séu réttar. Kostur Söderbergsofnanna frá hreinsunarsjónarmiði er sá, að hægt er að draga frá þeim reykefnin gegnum hlífarnar í tiltölulega samþjöppuðu formi. Hins vegar er ekki þar með sagt, að þetta leiði til betri hreinsunar, um það er lýkur, því að hér þarf einnig að finna ráð til þess að losna við tjöruefni og brennisteinsdíoxíð, og er það mjög flókið mál. Ókosturinn við þá frá hreinsunarsjónarmiði er einkum sú aukna mengun, sem fylgir tjöruefnunum. Í fyrsta lagi er talið, að þau auki á myndun flúorvetnis, þannig að þessir ofnar leysi meiri flúor úr læðingi en hinir bókstaflega talað. Í öðru lagi auki þau á eiturverkanir flúors á umhverfið, ef þau sleppa út samtímis. Í þriðja lagi er alltaf hætta á því, að tjörugufurnar stífli hreinsunarútbúnaðinn.

Að öllu samanlögðu má segja, að samkv.

þeim upplýsingum, sem rn. hefur undir höndum, komi ekki til mála að reyna að breyta fyrirrætlunum Alusuisse um það að nota fremur „prebaked" ofna en Söderbergsofna í Straumsvík. Miklu fremur kæmi það til greina að banna hreinlega notkun Söderbergsofna, ef hún væri fyrirhuguð, vegna vinnuskilyrða í bræðslusalnum. Þeir íslenzku sérfræðingar, sem borið hafa saman þessa tvenns konar bræðslusali með eigin augum, telja, að það þoli engan samanburð, hve vinna við „prebaked" ofna sé miklu hreinlegri og hollustusamari. Í svari mínu við þessum b-lið fsp. hef ég einkum stuðzt við skýrslu forstjóra Rannsóknastofnunar iðnaðarins, dags. í nóv. 1966, auk ýmissa annarra gagna, sem aflað hefur verið og ég hef áður vitnað til.

Um c-lið fsp.: „Verður þess krafizt, að reykeyðingartækjum verði komið fyrir í verksmiðjunni og þau hagnýtt frá byrjun?" Samningur við Alusuisse er þannig, sem kunnugt er, að ekki þótti ástæða til að slá því föstu við samningsgerðina sjálfa, hvort setja ætti upp reykhreinsun eða ekki, heldur skyldi málið rannsakað og aðstaðan metin eftir því, sem góðar iðnaðarvenjur segja til um á hverjum tíma. ÍSAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Það mál verður stöðugt rannsóknarefni nú og síðar, hvort sem reykhreinsun verður sett upp eða ekki, hvað gera þurfi til að fullnægja þessu skilyrði. Grundvallaratriðið er það, að íslenzk yfirvöld hafi jafnan tiltækar allar upplýsingar, sem á þarf að halda til þess að meta aðstæður í Straumsvík, þannig að þau verði jafnan reiðubúin að krefjast þess, að framkvæmdar séu þær varúðarráðstafanir, sem réttmætt er að ÍSAL annist á hverjum tíma. Því hefur þegar verið lýst, hvað iðnmrn. og önnur yfirvöld eru að gera á þessu sviði um þessar mundir. Það hefur einnig komið fram, að verksmiðjan verður þannig búin út í byrjun, að hægt verður hvenær sem er fyrirvaralaust að koma fyrir reykhreinsunartækjum. Við þetta er því einu að bæta, að þær upplýsingar, sem rn. hefur nú undir höndum, hafa ekki leitt það í ljós, að nauðsynlegt verði að setja upp reykhreinsunarútbúnað í Straumsvík þegar í upphafi, við fyrsta stig framleiðslunnar. Ef síðari rannsóknir og reynsla sýnir, að þess sé þörf, verður þess krafizt, og er hvorki af ÍSAL né Alusuisse dregin í efa skylda þeirra til þess að uppfylla þá kröfu samkv. samningsgerðinni.

Fyrirspyrjandi (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. ýtarleg svör við fsp. mínum, og ég vil einnig þakka honum fyrir það, sem augljóst er, að hann hefur brugðizt vel við ábendingum, sem fram komu hér á Alþ. í fyrra. Hann hefur sett af stað krafta í því skyni að athuga þetta mál allt nánar en gert hafði verið áður, leitað bæði til heilbrigðisþjónustunnar íslenzku, svo og til manna á tæknisviðinu. Þetta tel ég vera þakkarvert, og ég læt í ljós ánægju með það.

Það kemur í ljós af svari hæstv. ráðh., að leitað hefur verið umsagnar landlæknis um þessi mál og hann gefið svör eða álitsgerðir, bæði í júní s. l. og eins í nóvember, sömuleiðis hefur verið leitað til borgarlæknisins í Reykjavík og hann látið í ljós sínar skoðanir á þessu máli, og loks að þessi mál og þessar álitsgerðir eru nú í frekari athugun. Þetta er gott. Hvað snertir heilbrigðislega hlið þessa máls, tel ég hana í góðum höndum þeirra landlæknis og borgarlæknisins í Reykjavík.

Varðandi svar hæstv. ráðh. við 2. fsp. minni um það, hvers konar bræðsluker yrðu notuð, virðast skoðanir um bræðsluker meðal verkfræðinga nútímans mjög á tvo vegu. Ég hef hér í höndum grein eftir svissneskan verkfræðing, Paul H. Müller frá Zürich, þar sem þetta mál er rætt og m. a. hvers konar bræðsluofnar séu hentugastir. Þessi grein er skreytt myndum og teikningum og þar frá því sagt, að hinar svokölluðu „forbökuðu anóður", þ. e. a. s. opin bræðsluker séu lökust hvað það snertir að sleppa eiturloftinu út í umhverfið. 70% fara út í umhverfið. Það er sýnd mynd af Söderbergsofnum, tveim gerðum. Önnur hleypir 40% eiturloftsins út í umhverfið, en hin aðeins 28%, eins og ég gat um áðan. Þetta er auðvitað mál, sem hæstv. ráðh. og ég getum ekki deilt um, en það er vert að fylgjast með því og athuga það mál þá betur, hvernig á þessum mikla mun á skoðunum tæknifræðinga stendur.

Ég hygg, að það, sem mest er um vert í þessu máli, sem skeð hefur til þessa, sé það, að nú er horfið frá því að byggja verksmiðjuna án möguleika á reykeyðingartækjum. Nú á að byggja þessa verksmiðju þannig, að möguleiki verði á því, að reykeyðingartæki verði sett þar, annaðhvort strax í byrjun eða síðar. Þetta tel ég mjög mikilsverðan áfanga, og ber að þakka það, en ég treysti því, að baráttu okkar við hið svissneska félag verði haldið áfram. Þetta er aðeins áfangi, sem hefur náðst.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, var forstjóri Swiss Aluminium nýlega hér á ferð, herra Meyer, og eftir blaðafregnum að dæma virðist það harla léttlyndur maður og gamansamur. Hann tók því, eftir því sem Morgunblaðið sagði, mjög fjarri að gera verksmiðjuna þannig úr garði í öryggislegu tilliti, að sómasamlegt sé að mínum dómi. Hann sló á glens og sagði, að flúorinn væri í sjálfu sér ágætur, hann styrkti aðeins tennur barna, sem yrðu fyrir flúoráhrifum. Mér datt í hug, þegar ég las þessa gamansemi forstjórans, hvort þeir mundu hafa haft einhverja svipaða gamansemi á takteinum í Húsnesi, forstjórar Alusuisse, þegar var verið að gefa yfirlýsingar um hið fullkomna öryggi þeirrar verksmiðju.

Ég skal láta þessu máli mínu lokið, og ég

vænti þess, að áfram verði barizt sérstaklega fyrir því, að verksmiðjan verði ekki opnuð eða þar verði ekki hafin starfsemi öðruvísi en að hreinsunartækjum verði komið fyrir þar frá byrjun. Og að lokum vil ég svo enn ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er raunar ekkert, sem ég þarf við að bæta. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að við erum ekki menn til þess að deila um það, hverjir séu betri, Söderbergsofnar eða þessir svokölluðu „prebaked" ofnar, en það er dálítið gaman að hafa það í huga, að þessi Müller, sem hv. þm. vitnaði til, er einmitt aðalframkvstj. Alusuisse, sem í öllum sínum verksmiðjum hefur „prebaked" ofna, en ekki Söderbergsofna. En það er eins og ég segi, þetta er tæknilegt atriði, sem annarra manna er að deila um, og það getur verið, að lærða menn greini á í þessu efni eins og mörgum öðrum.

Það var svo aðeins eitt atriði, sem ég vildi vekja athygli á, að hv. þm. sagði og því var hann mjög ánægður yfir, að nú eigi að breyta verksmiðjunni þannig, að hún sé byggð með það fyrir augum að setja í hana hreinsitæki. Það er einmitt sú breyting, sem hefur komið fram vegna samningsgerðarinnar í fyrra, eftir að gengið var frá samningunum, því að þegar Alusuisse, eins og ég vakti athygli á, lagði fram sín fyrstu frumdrög að samningunum í maí 1965, voru í þessum ákvæðum um mengunina ákvæði um það, að þeir yrðu undir engum kringumstæðum skyldaðir til þess að setja upp hreinsunartæki. Þetta vildum við ekki fallast á, samninganefndarmennirnir, og ekki heldur þm.-nefndin, og það var þetta, sem var breytt og er mjög skýrt í samningunum núna, að ef kemur fram við rannsóknir, að hætta sé á ferðum, eru þeir skyldir til þess að setja upp hreinsitæki, og þess vegna hefur framkvæmdaáætluninni verið breytt.

19. Könnun á hag dagblaðanna.

Á deildafundum 21. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um könnun á hag dagblaðanna [131. mál, 2] (A. 249).

Á 24. fundi í Sþ., 22. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 1. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fyrir rúmu ári var tilkynnt í einu af dagblöðum stjórnarinnar, að ríkisstj. mundi setja n. manna til þess að athuga um hag og rekstur dagblaðanna, og fyrsta spurning mín hér er um, hver hafi orðið árangur þeirrar könnunar á hag og stöðu íslenzku dagblaðanna. Það er vitað og hafa farið fram um það í blöðunum mjög ýtarlegar umr., að það er mjög alvarleg hætta, sem vofir yfir, sem beinlínis snertir íslenzkt prentfrelsi, og það er vitað, að öll dagblöðin nema eitt eru rekin með mjög miklu tapi.

Þetta er ekki sérstakt íslenzkt fyrirbrigði, heldur er það svo í öllum okkar nágrannalöndum, að það, sem þar hefur verið kallað blaðadauði, hefur færzt mjög í vöxt á undanförnum árum, þannig að til verulegrar hættu horfir um aðstöðu almennings til þess að láta sínar mismunandi skoðanir í ljós. Það er vitað, að í Bretlandi er svo komið, að flestöll dagblöð þar eru gefin út af tveimur blaðahringum, og í Vestur-Þýzkalandi er svo komið, að 80% af öllum dagblöðum þar eru gefin út af einum einasta aðila.

Hér heima hefur verið sameiginlegt álit allra þeirra, sem rætt hafa um þessi mál af hálfu hinna ýmsu dagblaða, og einnig tekið undir það í því eina dagblaði, sem vitað er, að rekið er með góðum fjárhagslegum árangri, að þetta mál sé svo alvarlegt, að um þetta þurfi að fjalla á opinberum vettvangi, það sé alveg óhjákvæmilegt, að þjóðin horfist í augu við það, að svo fremi sem þannig haldi lengi áfram, geti svo farið, að svo og svo mörg af dagblöðunum, sem ekki hafa því sterkari fjárhagslegan bakhjarl, verði að hætta. Það sjá allir, hvaða voði vofir yfir. Prentfrelsið er þá raunverulega ekki lengur orðið fyrir fólkið sjálft í landinu, heldur raunverulega fyrir peningana. Og þetta gerir það að verkum, að þetta mál þarf að taka fyrir á almennum vettvangi. Þess vegna bar ég þessa spurningu fram til þess að vita, hvort hæstv. ríkisstj. hefði komizt að nokkurri niðurstöðu í þessu alvarlega máli, og ef svo hefði verið, þá hvaða ráðstafanir hún hygðist gera, til þess að hér yrði ekki sama þróun á Íslandi eins og sums staðar hefur verið úti í heimi, að fleiri og fleiri af blöðunum, einkum þau smærri, deyi út og almenningur njóti þar af leiðandi minnkaðs prentfrelsis. Ég vil leyfa mér að vona, að hæstv. forsrh. geti gefið okkur nokkrar upplýsingar um, hvernig þetta stendur og hvort vænta megi ráðstafana frá hálfu hæstv. ríkisstj. sjálfrar í þessum efnum eða hvort hún mundi kannske kæra sig um að leita til Alþ. í þessu sambandi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Fyrri fsp., sem hér er til umr., hljóðar svo: „Hver hefur orðið árangur þeirrar könnunar á hag og stöðu íslenzku dagblaðanna, sem ríkisstj. ákvað að láta fram fara fyrir ári?"

Það hefur aldrei verið ákveðið af hálfu ríkisstj., að nein þvílík könnun á hag íslenzkra dagblaða færi fram, og er því enginn árangur af þeirri könnun. Hitt var ákveðið í fyrra, að íhuga og kynna sér, hvort þau úrræði, sem í öðrum löndum hefur verið gripið

til í því skyni að rétta við hag dagblaða, ættu við hér á landi, og það hefur verið safnað töluverðu af gögnum um þetta atriði. Í skemmstu máli má segja, að það er óvíða, þó að það sé ekki óþekkt, að dagblöðum sé beinlínis hjálpað af hálfu ríkisvaldsins. Víðast hefur það orðið niðurstaðan, að ekki væru heppileg bein afskipti ríkisvaldsins af þessum efnum, og þar sem talin hefur verið þörf á afskiptum ríkisins, eins og t. d. í Svíþjóð og Finnlandi, hefur orðið ofan á að hjálpa flokkunum, en ekki blöðunum, og síðan gætu flokkarnir þá, ef þeir vildu, ráðstafað því fé, sem þeir þannig fá úr ríkissjóði, til þess að halda við og efla þau blöð, sem hverjum um sig er sérstaklega annt um. Og í þessum löndum og raunar víðar, eins og í Þýzkalandi, eru þær upphæðir, sem flokkunum eru ætlaðar í þessu skyni, miðaðar við meðlimatölu hvers flokks, eða réttara sagt kjósendafjölda við síðustu almennar kosningar. Slíkar bollaleggingar hafa verið allvíða uppi, og löggjöf er komin á um þessi efni, um aðstoð til flokkanna, í Svíþjóð og Finnlandi, í minna mæli í Þýzkalandi, — það mun vera einnig nokkuð mismunandi í einstökum löndum þar eða fylkjum, hvað við viljum kalla það. Í Frakklandi aftur á móti á sér stað margvísleg aðstoð til blaðanna sjálfra, þó meira í óbeinu formi en með beinum ríkisstyrkjum, en þau eru studd með margvíslegu móti þar. Í Bretlandi hefur nýlega verið um þetta rætt, og þar urðu allir aðaltalsmenn flokkanna, a. m. k. bæði Verkamannaflokksins og Íhaldsflokksins, sammála um, að bein fyrirgreiðsla ríkisins við blöðin væri ekki heppileg.

Að þessu athuguðu hygg ég, að við höfum í raun og veru ekki ýkjamikið að læra af þessari löggjöf erlendis, sem var aðalverkefni þeirrar athugunar, sem efnt var til. Ef setja ætti um þessi efni löggjöf hér á landi, er það auðvitað rétt, sem fram kemur í fsp. hv. þm., að áður yrði að kanna hag og kjör hinna íslenzku dagblaða betur en menn nú hafa vitneskju um. En til slíkrar athugunar hefur ekki verið efnt af hálfu ríkisstj., — það er nauðsynlegt, að menn viti það, — enda hefðu dagblaðaútgefendur og aðstandendur þeirra orðið varir við, ef að slíkri athugun hefði verið stefnt, því að þá hefði verið óskað eftir gögnum frá þeim um þeirra hag, sem ekki hefur verið gert.

Seinni fsp. hljóðar svo: „Hyggst ríkisstj. gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að sú þróun, sem víða í Evrópu hefur leitt til sívaxandi blaðadauða og þar af leiðandi minnkaðs raunverulegs prentfrelsis, gerist einnig hér á landi?"

Þessari spurningu er skemmst að svara á þá leið, að ríkisstj. hefur ekki, a. m. k. ekki að svo komnu, ákveðið, að nein heildarlöggjöf verði sett eða frv. þess efnis borið fram. Hitt er til athugunar, en þó ekki til hlítar ákveðið, en er nú til athugunar, hvort unnt sé að létta af blöðunum vissum útgjöldum, þannig að gera þeim auðveldara um útgáfu en verið hefur og þannig, að slíkt verði með sanngirni gert, án þess á aðra sé hallað, og eins að dagblöðin, sem ég hér tala um, fái greiðslur af hálfu ríkisins og ríkisstofnana fyrir þjónustu, sem þau hafa innt af hendi í þágu þessara aðila hingað til ókeypis, en eðlilegt mætti telja, að þau fengju greiðslur fyrir. Þetta hvort tveggja eru meira framkvæmdaratriði en löggjafaratriði. Það er vitað mál, að ákvörðun póstgjalda og símagjalda t. d. hefur að undanförnu nokkuð verið hagað með hagsmuni blaða fyrir augum, — það er ekki nýtt fyrirbæri, það hefur verið svo áratugum saman. Það er eðlilegt, að slík ákvæði liggi stöðugt undir endurskoðun. Það er einnig þjónusta, sem blöðin leysa af hendi bæði í þágu útvarps og sjónvarps, og það er ekki óeðlilegt, að slíkir aðilar greiði eitthvað fyrir þá þjónustu, og þá ekki síst vegna þess, að hvarvetna, ekki einungis hér, heldur er það staðreynd alls staðar, að þar sem auglýsingaútvarp og sjónvarp á sér stað, hefur það mjög bitnað á dagblöðunum og á verulegan þátt í þeirra örðugleikum, eftir því sem erlendar rannsóknir sýna. Það er innan þessa ramma, sem ég hef nú vikið að, sem sú íhugun málsins á sér stað, sem fram fer.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið. Hvað snertir orðalagið á minni fyrstu spurningu, tók ég það beint upp eftir Alþýðublaðinu, öðru stjórnarblaðinu, síðast í febrúar í fyrra. Þá var það einmitt orðað þannig, að ríkisstj. mundi láta fara fram könnun á hag og stöðu íslenzku dagblaðanna. Það gleður mig að heyra, að ríkisstj. hefur samt sem áður verið að athuga þessi mál, kynna sér, hvað gert hefur verið í þessu sambandi erlendis, og eftir því sem ég skildi af hæstv. forsrh., er henni ljóst, að þetta sé verulegt vandamál og þeir hlutir, sem þarna hafa verið athugaðir sérstaklega, séu þá, hvernig blöðin mættu að einhverju leyti fá t. d. greiðslur fyrir þá þjónustu, sem þau láta í té. Aðeins atriði eins og það, hvað blöðin segja frá viðvíkjandi útvarpi, viðvíkjandi heilbrigðisráðstöfunum, viðvíkjandi sjónvarpi og viðvíkjandi öllu mögulegu slíku, mundi samsvara tiltölulega mjög dýrmætum auglýsingum, ef slíkt væri greitt. Enn fremur er vitanlegt, að útgjöldin í sambandi við póst og síma eru ákaflega tilfinnanleg, þannig að ef hið opinbera sæi sér fært að lækka slíkt sérstaklega viðvíkjandi blöðunum, er það líka hlutur, sem munar mjög mikið um. En svo er eitt, sem er alveg sérstaklega athugunarvert í þessu sambandi, og það er jafnrétti blaðanna, a. m. k. hvað snertir allar opinberar auglýsingar. Það er líka atriði, sem gæti þýtt ákaflega mikið í þessum efnum. Ég efast ekki um, að með skilningi stjórnarvalda á því hlutverki, sem blöðin hafa að gegna, og ef litið er á það með sanngirni, að þau eigi að geta lifað og þeir aðilar, sem standa á bak við þau skoðanalega, eigi allir

að geta haft sama rétt til þess að koma sínum skoðunum á framfæri, mundu ýmsar svona ráðstafanir stjórnarvalda áreiðanlega geta farið mjög langt í því að gera það a. m. k. bærilegt fyrir viðkomandi aðila að halda blöðunum uppi. Eins og allir vita, er það mjög óréttlátt, a. m. k. frá sjónarmiði þeirra, sem ekki eru beint í náðinni, að þeir aðilar, sem ráða yfir auglýsingunum, og þá á ég sérstaklega við einkaauglýsendur, skuli raunverulega hafa sérréttindi í þjóðfélaginu til þess að geta gefið út blöð. En þannig er það raunverulega núna, því að við vitum allir, að tekjur blaða af auglýsingum, þeirra sem vel gengur, eru venjulega miklu meiri en tekjur þeirra af áskrifendum.

Ég vil þess vegna leyfa mér að skilja hæstv. forsrh. og það, sem fram hefur komið af hálfu ríkisstj. um þetta mál, þannig, að það sé enn verið að íhuga, á hvern máta e. t. v. mætti leysa úr þessu. Menn hafi kynnt sér þær aðferðir, sem notaðar hafi verið erlendis, en lítist e. t. v. að öllu leyti ekki á þær. Það má náttúrlega alltaf um það deila. Og hitt er líka alveg gefið mál, að það er hægt bara með því að taka tillit til þeirrar þjónustu, sem blöðin veita, og skapa t. d. hvað snertir opinberu auglýsingarnar alveg jafnrétti þarna í, þá væri hægt að komast mjög langt í því að tryggja þeim þann tilverurétt, sem manni finnst, að þau eigi að njóta.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil einungis segja það til viðbótar því, sem ég sagði áðan, í tilefni af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það er auðvitað misskilningur hjá honum, að það séu auglýsendurnir, sem hafi það í hendi sér, hvaða blöðum vegni vel og illa. Sannleikurinn er sá, að það, sem á sér stað bæði hér og annars staðar, það er ómótmælanlega, að auglýsendurnir sækja mest eftir þeim blöðum, sem bezt gengur. Það eru þau blöðin, sem flesta hafa kaupendur, sem auglýsendur sækja mest eftir, og það er ósköp eðlilegt, að þeir, sem auglýsa í því skyni að afla sér viðskiptavina, sæki eftir að auglýsa frekar hjá þeim blöðum, sem mikið eru lesin, heldur en hjá hinum, og þetta er eðlilegt lögmál, sem á jafnt við á Íslandi eins og annars staðar. Hér er ekki um það að ræða, að auglýsendurnir haldi í sjálfu sér uppi blöðunum. Blöðin eru að selja þeim sína þjónustu og menn greiða meira fyrir þá þjónustu, sem er mikils virði, heldur en þá, sem er lítils virði. Og eftir minni þekkingu hygg ég, að það sé ekkert blað á Íslandi, sem hægt sé að segja um, að auglýsingarnar séu verulega miklu meiri hl. af þeirra tekjum heldur en áskriftargjöldin. Ég hygg, að þetta vegi víða nokkuð salt og sé furðanlega mikið samræmi þarna á milli og það muni koma í ljós við athugun.

20. Slysatrygging sjómanna.

Á deildafundum 14. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um slysatryggingu sjómanna [118. mál, 3] (A. 218).

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 24. og 27. fundi í Sþ., 22. febr. og 1. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 218 hef ég borið fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. ríkisstj.:

„Er það ætlun hæstv. ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um sérstaka slysatryggingu sjómanna á bátum undir 12 tonn að stærð á grundvelli till. n. þeirrar, sem vann að athugun þessa máls samkv. þáltill. frá 4. marz 1964."

Forsaga þessa máls, sem hér er um að ræða, er sú, að á þingi 1960 flutti ég ásamt hv. núv. 5. þm. Vestf. frv. til l., þar sem gert var ráð fyrir, að öllum íslenzkum sjómönnum yrðu tryggðar sérstakar dánar- og örorkubætur, 200 þús. kr. miðað við fulla örorku eða dauða, en þá stóðu mál svo, að nokkur sjómannafélög höfðu náð fram þessum réttindum með kjarasamningum við útgerðarmenn, og nutu því sumir sjómenn tryggingarinnar, en aðrir ekki. Vegna þess að ekki er lögskráð á báta undir 12 tonnum og kjarasamningar sjómannafélaga og útgerðarmanna taka ekki til þeirra, þá nutu sjómenn á þeim bátum ekki þessarar sértryggingar og njóta hennar reyndar ekki enn, og því gerist það enn, þegar sjóslys hendir, að algert misrétti ríkir um örorkubætur til sjómanna og um dánarbætur til aðstandenda þeirra.

Frv. það, sem ég áður nefndi og flutt var fyrst á þingi 1960, fékkst ekki afgreitt, hvorki þá né síðar. Við hv. 5. þm. Vestf. fluttum því þáltill. um málið, og er skemmst frá því að segja, að sú till. var samþ. með lítils háttar breytingum hinn 4. marz 1964. Þessi þáltill. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga, á hvern hátt megi tryggja, að allir íslenzkir sjómenn njóti sérstakrar slysatryggingar, eigi lægri en 200 þús. kr. miðað við fulla örorku eða dauða. Athugun skal lokið fyrir þinglok 1965."

Þegar leið að þinglokum varð 1965 og ekkert bólaði á þessu máli, bar ég fram fsp., hversu því liði, og fékk þau svör, að niðurstöður þeirrar n., sem fjallaði um málið, lægju ekki fyrir og engin von væri til þess, að það yrði lagt fyrir það þing, sem þá sat.

Þegar leið fram á næsta þing, þ. e. a. s.

þingið 1965—1966, án þess að nokkuð heyrðist um málið, lagði ég enn fram fsp. og fékk þau svör hæstv. félmrh., að honum hefði þá borizt álit n. fyrir fáum dögum. Álit sjómannatryggingaefndar hefur ekki verið lagt fyrir Alþ., en hæstv. félmrh. hefur veitt mér tækifæri til þess að kynna mér það. Þótt skýrsla n. hafi ekki verið lögð fyrir Alþ., geri ég ekki ráð fyrir, að niðurstöður hennar séu eða eigi að vera neitt leyndarmál, en um þær er það í skemmstu máli að segja, að n. gerir tvenns konar till. um leiðir, sem koma til greina til lausnar á þessu máli. Annars vegar er till. um frv. til l., þar sem gert er ráð fyrir, að almannatryggingarnar annist þessar sértryggingar sjómanna, og hins vegar um frv. til l., þar sem gert er ráð fyrir, að tryggingafélögin í landinu fái heimild til þess að taka að sér tryggingu sjómanna á bátum undir 12 tonnum og sú trygging verði skyldutrygging, en einungis er þar miðað við áhafnir skráningarskyldra báta, þ. e. a. s. báta, sem eru yfir 6 metrar á lengd, en undir 12 tonn að stærð þó.

Ég tel, að einsætt sé, að annaðhvort lagafrv. n. ætti að leggja fyrir Alþ., en þm. gæfist þá kostur á að koma fram með þær lagfæringar, sem þeir kynnu að telja þörf á. Ég hef því beint þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort þess megi vænta, að svo verði gert. Ef sú er ekki ætlunin, vil ég bæta þeirri spurningu við, hvort ekki séu fyrirhugaðar aðrar ráðstafanir til þess að þetta mál fái viðunandi lausn. Jafnframt vildi ég spyrjast fyrir um, hvort skýrsla sjómannatryggingaefndar verði ekki lögð fyrir hv. Alþ., svo að þm. gefist þá kostur á því að taka upp og flytja till. n. óbreyttar eða með þeim lagfæringum, sem taldar væru nauðsynlegar, ef það reynist ekki vera ætlun hæstv. ríkisstj. að bera málið sjálf fram á Alþ.

Það tók nokkuð langan tíma að fá fram þann vilja Alþ., að allir íslenzkir sjómenn búi við jafnrétti um slysatryggingar, en jákvæður vilji þingsins um, að það mál verði leyst, hefur þó legið fyrir frá því í marz 1964, og það er því nú þegar liðinn óhæfilega langur tími, án þess að þetta mál hafi fengið endanlega lausn. Það er að sjálfsögðu lítið gagn að störfum n., ef till. hennar verða hvorki lagðar fram í frv.-formi á Alþ. né hv. þm. birtar niðurstöður í því máli, sem Alþ. fól hæstv. ríkisstj. að láta athuga um lausn á. Þetta mál er engan veginn auðleyst, en eðlilegast er þó, að till. sjómannatryggingaefndarinnar verði notaðar sem grundvöllur til þess að vinna úr, en til þess að svo geti verið, þurfa þær að koma fram í dagsljósið.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. N. sú, sem á sínum tíma hafði til athugunar viðbótartryggingu sjómanna á bátum undir 12 lestir að stærð, taldi, að um tvær leiðir væri að velja til lausnar því máli, sem hv. fyrirspyrjandi hefur hér hreyft, og um störf n. sagði fyrirspyrjandi réttilega hér frá áðan, svo að óþarft er að rekja það aftur hér. Annars vegar var till. um, að viðbótartrygging þessi, sem um ræðir til sjómanna á bátum undir 12 lestum, yrði hjá Tryggingastofnun ríkisins, og hins vegar, að þessi viðbótartrygging væri hjá hinum almennu tryggingarfélögum. Fyrri leiðin, að Tryggingastofnunin annist þessa viðbótartryggingu, brýtur í bága við tvær meginreglur almannatrygginganna. Í fyrsta lagi væri brotin sú regla, að allir njóti bar sömu bóta án tillits til atvinnu. Í öðru lagi bryti ákvæði um tiltekna bótafjárhæð, 200 þús. kr., algerlega í bága við reglur laga um bótagreiðslur vegna slysa almennt samkv. löggjöfinni. Frambærileg breyting á almannatryggingalögunum, sem leiddi af sér bótahækkun þá, sem sjómenn á stærri skipum hafa tryggt sér með samningum og rætt er um að afla einnig sjómönnum í umræddum till. n. á bátum undir 12 lestum að stærð, yrði að vera almenn hækkun slysabóta, sem nægði til, að umræddum viðbótarbótum sjómanna yrði náð.

Núgildandi ákvæði um slysabætur eru tiltölulega ný, þar eð lög um almannatryggingar voru endurskoðuð fyrir 3—4 árum, þ. á m. ákvæðin um slysabætur. Um þessar bætur gilda nú lög nr. 40 frá 30. apríl 1963.

Ef lögfesta ætti þá almennu hækkun slysabóta, sem nægði til þess að sjómenn fengju hækkun, sem svaraði til 200 þús. kr. viðbótartryggingar, sem hér um ræðir, leiddi af því verulega hækkun iðgjalda, sem mundi a. m. k. fyrst um sinn eingöngu lenda á útgerðarmönnum, og mundu þeir, a. m. k. eins og á stendur, telja nokkuð að sér svikizt, ef svo væri gert fyrirvaralítið. Þá er þess einnig að gæta, að útgerðarmenn í þessu tilfelli, þ. e. á bátum undir 12 lestum, eru í flestum tilfellum sjómennirnir sjálfir. Þó að þessi leið væri farin, mundi það sennilega ekki veita varanlega lausn þessa máls, vegna þess að reynslan hefur sýnt, að þó að sjómenn hafi fengið kröfur sínar teknar til greina með almennum hækkunum á slysabótum, hafa þeir ávallt að skömmum tíma liðnum gert kröfu til þess að njóta nokkuð hærri slysabóta en aðrar atvinnustéttir í landinu. Mál þetta verður því varla leyst með breyt. á l. um almannatryggingar, nema þá með því að brjóta þá grundvallarreglu þeirrar löggjafar, sem ég áðan minntist á, og ég hygg, að það verði talið óæskilegt og mundu fáir mæla með þeirri stefnubreytingu. Það er því alveg rétt, eins og hv. fyrirspyrjandi vék hér að, að mál þetta er ekki alveg auðleyst.

Síðarnefnda leiðin, að kaupa viðbótartryggingu hjá hinum almennu tryggingafélögum, stendur að sjálfsögðu öllum opin. Á þann hátt hefur sjómönnum á stærri skipum verið tryggð sú 200 þús. kr. viðbótartrygging, sem þeir nú njóta. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að sjómenn á bátum undir 12 lestum að stærð geti notið sams konar viðbótartryggingar, enda hafa margir þeirra þegar gert það. Lagasetning eins og n. gerir ráð fyrir,

er felur í sér sérstaka viðbótartryggingu til-tölulega fámenns atvinnuhóps, er varhugavert fordæmi, sem getur haft í för með sér alvarlega ringulreið, sem næsta lítið vit væri í. Í þessu sambandi má geta þess, að Iðjuverkafólki hefur frá 1. jan. 1967, í samningum þar áður, verið tryggð viðbótartrygging, sem nemur 500 þús. kr. Viðbótartryggingar sem þessar getur hvaða atvinnustétt sem er tryggt sér með samningum við atvinnurekendur eða með sjálfstæðum samningum við hin almennu tryggingafélög, og um það er ekki nema gott eitt að segja, því að það er öllum frjálst.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er vandamál þetta ekki auðleyst, eins og hv. fyrirspyrjandi reyndar viðurkenndi einnig og eins og mér og öðrum kann að hafa virzt við fyrstu sýn. Frv. umræddrar mþn., sem fyrirspyrjandi minntist hér á, hefur rn. sent til umsagnar Íslenzkrar endurtryggingar og nú í gær borizt svar hennar og til sambands tryggingafélaganna, en svar þeirra samtaka hefur ekki borizt, og mun ríkisstj., þegar þær umsagnir liggja fyrir, taka ákvörðun um, hvort frv. n. verður flutt.

Varðandi þá munnlegu fsp., sem fyrirspyrjandi gat um í lok sinna orða hér áðan, hvort nál. yrði birt þm., tel ég rétt, að ákvörðun um það biði, þangað til sú ákvörðun hefur verið tekin, hvort annað hvort þessara frv. verður flutt, en eins og ég áðan sagði, verður sú ákvörðun tekin strax og umsögn sambands tryggingafélaganna hefur borizt.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég vil taka fram í sambandi við það svar hans, að vafamál væri, hvort nál. yrði birt, að ég held, að það sé alveg óhjákvæmileg og eðlileg málsmeðferð, að það komi í hendur þm., þar sem n. starfaði skv. sérstakri þáltill., og ekki um annað að ræða en álit hennar verði birt þm., svo að það geti þá verið upphafið að endalokunum á lausn þessa máls, sem svo mjög hefur vafizt fyrir þinginu að leysa. Það má vera, eins og hæstv. ráðh. benti á, að sú leið, sem sjómannatryggingarnefndin greindi frá, að málið falli undir almannatryggingarnar, sé ekki algerlega í samræmi við reglur almannatrygginga, eins og nú er. En á það má benda, að núgildandi reglur almannatrygginga eru ekkert endanlegt réttlæti, og það getur auðvitað komið algerlega til mála og kemur alltaf til greina á hverjum tíma að breyta þeim reglum. Ég hef t. d. aldrei séð, að það sé endanlegt réttlæti í þeim reglum almannatrygginga að greiða bætur fyrir dauða vegna slysa með hærri fjárhæðum en dauða vegna sjúkdóma. Ég hef ekki séð, að ekkja standi betur að vígi, þó að maður hennar hafi dáið á sóttarsæng, en þó að hann hafi fallið frá vegna slysa. Og alltaf kemur til álita að breyta þessu og hæpið að ganga algerlega út frá því í sambandi við lausn þessa máls, að þessum reglum almannatrygginga megi ekki hnika í neinu. En ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að þó að það taki allangan tíma að fá fram jákvæða viljayfirlýsingu á Alþingi um það, að allir íslenzkir sjómenn ættu að búa við jafnrétti í tryggingamálum, hefur sá vilji nú legið fyrir í þrjú ár, og það virðist vera ærinn tími til þess að fá fram lausn á þessu máli, ekki sízt þegar það er haft í huga, að það hefur þennan tíma verið skv. ákvörðun Alþ. í höndum sérstakrar n., sem var falið að skila áliti einu ári eftir að henni var fengið málið. Og hvernig sem á málið er litið og enda þótt ýmis vandkvæði séu á að leysa það, svo að öllum líki, á það ekki að dragast lengur, að það komi til endanlegrar meðferðar Alþ. Er þá ekki óeðlilegt, að til grundvallar verði lögð skýrsla sjómannatryggingarnefndar, sem skipuð var skv. ákvörðun Alþ. fyrir 3 árum. Og ef það er ekki ætlun hæstv. ríkisstj. að flytja frv. á grundvelli þeirra till., þykir mér einsætt, að það álit verði þá allavega sent hv. alþm., svo að þeir geti á grundvelli þess eða með hliðsjón af því stigið þau næstu skref, sem stíga þarf í þessu máli, því að það er ekki til sóma fyrir Alþingi að láta slíkt réttlætismál sjómannastéttarinnar velkjast óleyst, svo að árum skiptir, eftir að Alþingi hefur þó lýst yfir vilja sínum til þess að þetta mál verði leyst.

21. Skólakostnaðarlög.

Á deildafundum 14. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um frumvarp til skólakostnaðarlaga [118. mál, 4] (A. 218).

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 24. og 27. fundi í Sþ., 22. febr. og 1. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera þá fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort ekki sé að vænta þess, að fram verði lagt á þessu þingi frv. um nýja skólakostnaðarlög. Eins og hv. alþm. kannske muna, kom það fram í ræðu hæstv. forsrh., sem hann flutti hér í haust, þar sem hann flutti tilkynningu frá ríkisstj. um verkefni hæstv. ríkisstj. o. fl. á þessu ári, þá kom það greinilega fram hjá honum, að slíkt frv. yrði lagt fyrir það Alþ., sem nú situr. Og það kom raunar fram hjá hæstv. forsrh., að þetta frv. yrði lagt fram á fyrri hl. þingsins. En nú er fyrri hluti þingsins löngu liðinn og

komið verulega fram á síðari hluta þingtímans og jafnvel fast að þingslitum, og þetta frv. hefur enn ekki komið fram. Því hef ég viljað leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort þess sé ekki að vænta, að þetta frv. verði lagt fram, áður en þingi lýkur. Það er augljóst mál, að það er stutt eftir af þingtímanum, og ef á að setja ný skólakostnaðarlög á þessu þingi, er sannarlega þörf á því, að frv. fari að koma fram.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem ég mun áður hafa skýrt hinu háa Alþingi frá, skipaði menntmrn. í apríl 1965 n. til þess að endurskoða gildandi lög um greiðslu kostnaðar við stofnun og rekstur skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. N. þessi skilaði áliti í apríl 1966, og hefur síðan verið unnið að því að fara yfir till. hennar og enn ný embættismannanefnd var skipuð á sínum tíma til að ganga frá endanlegu frv. um þetta efni. Hefur verið náið samráð milli menntmrn. og fjmrn. um samningu þessa frv. Því er nú að fullu lokið, og frv. er í prentun í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Munu ekki líða margir dagar, þangað til því verður útbýtt. Hér er um allmikinn frv.-bálk að ræða með ýtarlegri grg. Það getur tekið nokkra daga, en ég vona, að það verði í allra síðasta lagi í upphafi næstu viku.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svar hans. Það fullnægir alveg þeirri fsp., sem ég hef lagt fram, og ég þakka hæstv. ráðh. og vænti þess þá, að þetta frv., ef okkur lízt svo á hér í þinginu, að það sé til bóta, að það megi ná fram að ganga, áður en þingi lýkur.

22. Atvinnuleysistryggingasjóður.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um atvinnuleysistryggingasjóð [141. mál] (A. 277).

Á 27. fundi í Sþ., 1. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Á þskj. 277 ber ég fram fsp. til hæstv. félmrh. um atvinnuleysistryggingasjóð. Ég vona, að fsp. skýri sig sjálf, en tel þó rétt að fara nokkrum orðum um atvinnuleysistryggingar og markmið sjóðsins.

Það mun hafa verið strax á árinu 1936, þegar lög um almannatryggingar voru samþ., að sett var heimild inn í lögin um stofnun atvinnuleysistrygginga. Ákvæðið mun þó aðeins hafa orðið pappírsgagn í 20 ár, því að það var ekki fyrr en á árinu 1956, sem lög voru sett um atvinnuleysistryggingasjóð og þeim sjóði var séð fyrir tekjum. Skv. 5. gr. þeirra laga skulu atvinnurekendur greiða iðgjald í sjóðinn eftir vissum reglum, þá var sveitarfélögunum skv. 11. gr. gert skylt að greiða jafnháa upphæð og iðgjaldi atvinnurekenda næmi og loks ákvæði skv. 12. gr., að ríkissjóður legði fram fé, er næmi tvöföldu iðgjaldi atvinnurekenda. Við stofnun sjóðsins fyrir tæpum 11 árum munu menn hafa gert sér grein fyrir því, að ef atvinnuástand í landinu yrði gott, mundi þarna myndast stór sjóður, og var þá gert ráð fyrir, að hann lánaði fé með vissum skilmálum til eflingar atvinnulífi landsmanna, sem hann vissulega hefur gert í ríkum mæli, og mun stjórn sjóðsins, hver sem hún hefur verið, hafa dreift lánum um landsbyggðina sanngjarnlega. En í reikningum sjóðsins, eins og þeir birtast í B-deild Stjórnartíðindanna og tímariti Tryggingastofnunar ríkisins, er ekki að finna þær upplýsingar, er ég spyr um, nema að nokkru leyti. Að sjálfsögðu sýna reikningarnir, hve höfuðstóll er hár og hverju bætur hafa numið, en síðasti reikningur, sem ég hef séð, er til ársloka 1965.

Það má vel líta á það sem fróðleikslöngun, að fsp. þessi er fram borin, en það er þó fleira, sem kemur til, bæði að fá það fram, hve hár sjóðurinn var orðinn um síðustu áramót, og einnig að fá yfirlit yfir það, hvernig lánunum hefur verið skipt á milli hinna ýmsu starfsgreina þjóðarinnar, svo og skiptingu lána á milli landshluta. Fyrir fram vil ég að sjálfsögðu ekkert segja um það, en þetta fáum við væntanlega að heyra hér á eftir hjá hæstv. félmrh. Ég vildi verða síðastur allra til þess að ofmeta það, sem lánað er til hinna dreifðu byggða landsins, en ég get þó ekki látið undir höfuð leggjast að minnast á þá almennu skoðun, sem kemur mjög oft fram, bæði utan þings og innan, að atvinnuvegirnir í þéttbýlinu þurfi síður á lánum að halda en annars staðar á landinu, en ég segi þetta ekki vegna stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, nei, það vil ég ekki gera, a. m. k. ekki að svo komnu máli, heldur er mér í huga atvinnubótasjóðurinn, sem á sínum tíma var eingöngu bundinn við landssvæðið frá Snæfellsnesi vestur og norður um að Vestmannaeyjum. Svo að ég nefni eitt dæmi, að þegar bátur var seldur frá Austfjörðum til Suðurnesja, mátti lánið ekki fylgja með, heldur varð að greiða það upp, þar sem báturinn var seldur inn á bannsvæði. Varðandi atvinnubótasjóð breyttist þetta viðhorf í byrjun starfstíma núv. hæstv. ríkisstj. eða á árinu 1960 þannig, að sá sjóður lánaði um tíma til bátabygginga hvar sem var á landinu. En svo hvarf stjórn atvinnubótasjóðs frá þessu, að mig minnir 1. maí 1964, og bátar, sem

væru frá lögsagnarumdæmum á Suðvesturlandi, gætu ekki fengið lán úr þeim sjóði. Og eins og hv. þm. er kunnugt, er hinn nýi atvinnuaukningarsjóður ætlaður fyrst og fremst fyrir þann hluta landsins, er ég nefndi áðan. Ég er nú víst kominn út fyrir efnið, en ég gat ekki stillt mig um að minnast á þetta, einmitt vegna þess, hve vel ég þekki vanda margra á þessu svæði, bæði atvinnufyrirtækja sjávarútvegsins og þjónustufyrirtækja hans. Þess vegna hef ég mikla löngun til þess að sjá, hvernig lánveitingar atvinnuleysistryggingasjóðs hafa skipzt, þar sem hann er ekki bundinn af slíkum reglum sem atvinnuaukningarsjóður, en ég trúi, að hann hafi fylgt þeirri höfuðreglu að stuðla að uppbyggingu atvinnufyrirtækja, svo að atvinna geti orðið sem jöfnust, hvar sem er á landinu, enda er það að mínum dómi mesta atvinnuleysistryggingin.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi vék lítillega að, var atvinnuleysistryggingasjóður stofnaður að loknum miklum og víðtækum vinnudeilum síðari hluta ársins 1955 og sem þáttur í því að koma á sáttum í þeim deilum, og hefur miklum goðsögnum verið á loft haldið um þennan sjóð á undanförnum árum. Ég tel því tilefni það, sem gert er með fsp. þessum á þskj. 277, mjög kærkomið til að skýra frá störfum sjóðsins í þeim atriðum, sem þar er að vikið.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hve hár er höfuðstóll atvinnuleysistryggingasjóðs 31. des. 1966?" Svar: Reikningar atvinnuleysistryggingasjóðs hafa enn ekki verið gerðir fyrir árið 1966. Gert er ráð fyrir, að höfuðstóll sjóðsins verði því sem næst 932 millj. kr. 31. des. 1966.

Í öðru lagi er spurt: „Hverju hafa bætur úr sjóðnum numið til sama tíma?" Svar: Ekki liggur enn fyrir, hve háar bætur voru greiddar á árinu 1966. Áætlað er, að bætur hafi samtals numið 9.8 millj. kr. frá upphafi til ársloka 1966.

Í þriðja lagi er spurt: „Á hvaða hátt hefur fé sjóðsins verið varið?"

Þessari spurningu er því miður ekki hægt að svara á annan veg en þann, að fé sjóðsins hefur verið varið skv. gildandi lögum um sjóðinn.

Í fjórða lagi er spurt: „Hve háar fjárhæðir hafa verið lánaðar til" — skv. neðangreindum stafliðum a—g?

Og svarið er: Lánveitingarnar hafa verið eins og hér segir: a) Sjávarútvegur og fiskiðnaður 107 millj. 460 þús. b) Landbúnaður og vinnsla landbúnaðarafurða 10.5 millj. c) Tíi iðju og iðnaðar 36 millj. Eru þar innifaldir, að mér er tjáð, að meiri hluta til greiðslur til fiskiðnaðar einnig. d) Til siglingamála ekkert. e) Til hafnarframkvæmda 125.6 millj. f) Húsnæðismál 215 millj. g) Til annarra framkvæmda, ósundurliðað, 127.3 millj. Samtals 621 millj. 860 þús.

Í sambandi við b-lið má geta þess, að lán hefur verið veitt til fjögurra sútunarverksmiðja, samtals um 4 millj., og veitt var 5 millj. kr. lán til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands. Verulegur hluti þeirra lána, sem um ræðir í c-lið, er veittur til iðnaðarfyrirtækja, sem aðallega starfa í þjónustu sjávarútvegsins. Um hafnarbótalánin má geta þess, að í fjárhæðinni eru lán til dráttarbrauta samtals að fjárhæð 8.5 millj. Auk beinna lána vegna íbúða, eða réttara sagt vegna íbúðarlánabréfakaupa, veitti sjóðurinn óbeina fyrirgreiðslu við íbúðarlánin með því að binda 50 millj. kr. í Seðlabankanum, sem í staðinn keypti íbúðarlánabréf fyrir sömu fjárhæð.

Þess má geta í sambandi við aðrar framkvæmdir, þ. e. a. s. síðasta liðinn, að þar eru innifalin lán til rannsóknaráðs ríkisins, atvinnujöfnunarsjóðs, félagsheimila, hitaveitu, þá aðallega til Reykjavíkur, tækjakaupa Reykjavíkurborgar og vatnsveitna almennt.

Í fimmta lagi er spurt: „Hvernig skiptast lánveitingar eftir lögsagnarumdæmum landsins?" Í þetta var af hálfu formanns sjóðsstjórnar lögð ákaflega mikil vinna, að fá þetta út eftir svo langan starfstíma, en eftir því sem næst verður komizt, er skiptingin þessi: Akranes 11 millj. 150 þús. Mýrasýsla 2 millj. 250 þús. Snæfellsnessýsla 14 millj. 770 þús. V.-Barðastrandarsýsla 6 millj. Vestur-Ísafjarðarsýsla 7 millj. 450 þús. Ísafjörður 7 millj. og 50 þús. Norður-Ísafjarðarsýsla 8 millj. 250 þús. Strandasýsla 1 millj. 850 þús. V.-Húnavatnssýsla, það er aðeins einn staður, Hvammstangi, 200 þús. A.-Húnavatnssýsla 4 millj. og 800 þús. Sauðárkrókur 4 millj. og 200 þús. Skagafjarðarsýsla 2 millj. og 900 þús. Siglufjörður 12 millj. og 300 þús. Ólafsfjörður 5 millj. 750 þús. Eyjafjarðarsýsla 3 millj. og 400 þús. Akureyri 17 millj. 550 þús. Húsavík 6 millj. og 400 þús. N.-Þingeyjarsýsla 11 millj. N.-Múlasýsla 9 millj. og 50 þús. Seyðisfjörður 7 millj. og 500 þús. Neskaupstaður 11 millj. S.-Múlasýsla 17 millj. og 580 þús. A.-Skaftafellssýsla 4 millj. og 700 þús. V.-Skaftafellssýsla, þar sem einnig er aðeins einn lánsstaður, Vík í Mýrdal, 400 þús. Árnessýsla 8 millj. 850 þús. Vestmannaeyjar 15 millj. 100 þús. Gullbringusýsla 19 millj. 450 þús. Keflavík 5 millj. 350 þús. Hafnarfjörður 19 millj. 750 þús. Kjósarsýsla 1 millj. Kópavogur 7 millj. 50 þús. Reykjavík 113 millj. 810 þús. Og lánveitingar, sem taka til fleiri en eins umdæmis, ósundurliðaðar, 254 millj. Þessar lánveitingar til þessara einstöku staða eru að langmestu leyti eða aðallega til hafnargerða, og skýringin á því, að þeir staðir, sem landshafnir hafa, eru lægri, mun m. a. liggja í því, að þar greiðir ríkið allan kostnaðinn.

Ég vænti þess, að þessi svör fullnægi fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir hans greinargóðu og skýru svör í sambandi við þessa fsp. Ég vissi það fyrir fram, að

hin ágæta stjórn, sem fer með þennan sjóð, mundi geta gefið þessar upplýsingar, og eru þær alveg fullnægjandi. En það er raunverulega ánægjulegt, getum við sagt, að þjóðin skuli á þessum tíma, sem við lifum á, hafa getað veitt sér það að tryggja svo vinnuþiggjendur fyrir atvinnuleysi eins og gert er með þessari sjóðsstofnun og hans starfi. Ég býst við því, að margir mundu vilja „Lilju kveðið hafa". Mér er það kunnugt, að verkalýðshreyfingin átti í mikilli baráttu á sínum tíma í sambandi við þetta mál. Eins og þið heyrið, er sjóðurinn orðinn mjög hár. Það er svo annað mál, hvort það geti ekki komið til athugunar í framtíðinni, þegar höfuðstóll hans kemst á annan milljarð á þessu ári, sem nú er yfirstandandi, hvort það þurfi ekki einhverrar endurskoðunar við, en fsp. mín gaf ekki tilefni til þess, og þess vegna ætla ég ekki að ræða það nú. En vissulega getum við fagnað því, að þjóðin er þannig efnum búin, að hún hefur getað tryggt afkomu og öryggi þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, einmitt með stofnun þessa sjóðs og gert hann jafnöflugan og raun ber vitni um.

Ég vil svo endurtaka þakklæti mitt til hæstv. félmrh. fyrir mjög svo góð og greinileg svör.

23. Binding sparifjár innlánsstofnana á Norðurlandi.

Á deildafundum 14. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til viðskmrh. um bindingu sparifjár innlánsstofnana á Norðurlandi [118. mál, 1] (A. 218).

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 24., 27. og 28. fundi í Sþ., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Sþ., 15. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. landsk. þm. að flytja svofellda fsp. til hæstv. viðskmrh. um sparifjárbindingu innlánsstofnana á Norðurlandi:

„Hve mikilli upphæð nema bundnar innstæður innlánsstofnana á Norðurlandi í Seðlabankanum, og hver er skipting þeirrar upphæðar á milli einstakra sýslna og kaupstaða í fjórðungnum?"

Þessi spurning þarfnast naumast mikilla skýringa, svo einföld sem hún er. E. t. v. kann það þó að þykja einkennilegt, að spurt er aðeins um innlánsbindingu peningastofnana í Norðlendingafjórðungi og skiptingu þeirrar bindingar eftir sýslum og kaupstöðum. Þar er því til að svara, að við fyrirspyrjendur teljum, að Norðlendingafjórðungur hafi nú og hafi haft um nokkurt skeið algera sérstöðu að því er snertir atvinnu og atvinnuþróun í samanburði við aðra landshluta. Hvort tveggja hefur skeð þar, að síldveiðar og þá um leið síldariðnaður hefur brugðizt að verulegu leyti í tvo áratugi eða meira og sum árin svo að til neyðar hefur horft, þegar 40 söltunarstöðvar og 9—10 stórvirkar síldarverksmiðjur hafa verið að miklu eða öllu leyti verkefnalausar, og í annan stað hefur svo fiskgengd á grunnslóðum brugðizt ár frá ári og afkoma smáútgerðarinnar, sem sjávarþorpin byggja á, þar af leiðandi verið mjög erfið og sömuleiðis fiskvinnslustöðvanna, sem á þessari útgerð byggja. Engin endurnýjun hefur því átt sér stað nú um nokkuð mörg ár í skipakosti smáútgerðarinnar og sáralítil í fiskvinnslustöðvunum. Árstíðabundið atvinnuleysi hefur verið og er viðvarandi í þorra sjávarþorpanna, og nemur tala atvinnulauss fólks t. d. nú á þessum vetri hundruðum manna. Ástæður fyrir þessu eru m. a. þær, að það hefur verið almennur fjármagnsskortur atvinnurekenda og lánastofnana, sem hefur hindrað slíkan vöxt eða uppbyggingu nýrra fyrirtækja, að þar skapaðist mótvægi, sem jafnaði metin og tryggði sambærilega afkomu og vaxtarmöguleika atvinnuveganna við ýmsa aðra landshluta. Um spennu eða umframeftirspurn á vinnumarkaði hefur ekki verið að ræða, sem að líkum lætur, og ástandið að því leyti allt annað en t. d. á þéttbýlissvæðunum við Faxaflóa og við Austurland síðustu árin.

Þegar á þessa sérstöðu, sem mér er óhætt að segja, að sé í raun og veru viðurkennd, — þessa sérstöðu Norðurlands er lítið og atvinnulega kyrrstöðu, fjármagnsskort og einnig til viðbótar þá almennu tilhneigingu, sem fjármagnið hefur til að flytjast til þéttbýlissvæðanna á Suðvesturlandi eftir ýmsum leiðum, fer varla hjá því, að sú hugsun vakni, hvort réttmætt sé og nauðsynlegt að binda verulegan hluta af sparifé íbúanna í þeim landshlutum, þar sem fjármagn er svo takmarkað, að það veldur engan veginn því verkefni að halda uppi fullri atvinnu og eðlilegri atvinnuuppbyggingu, hvað svo sem líður þeim almennu röksemdum, sem hafðar eru uppi um nauðsyn þess að binda einhvern hluta sparifjár í því almenna spennuástandi, sem ríkt hefur víða í landinu. En þeim deilum, sem uppi eru um þau efni, vil ég ekki blanda í umr. um þessa fsp. Að svo komnu er sá einn tilgangur okkar fyrirspyrjenda að fá fram fullar upplýsingar um það, hve mikið af sparifé Norðlendinga sé nú á bundnum reikningum í Seðlabankanum. Að þeim upplýsingum fengnum og við frekari skilyrði en gefast í spurningatíma gæfist svo e. t. v. síðar tækifæri til að ræða það mál ýtarlegar, hver

nauðsyn ber til þessarar bindingar og hve hún er hagstæð byggðajafnvæginu í landinu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hygg, að segja megi, að venjulega, þegar stjórnarandstæðingar beina fsp. til ríkisstj. um einstök mál, sé tilgangurinn sá að fá fram upplýsingar, sem stjórnarandstaðan vonar, að komi ríkisstj. illa. Fsp. hafa sem sagt frá upphafi að verulegu leyti verið notaðar sem veigamikill þáttur í eðlilegri baráttu stjórnarandstöðu við ríkisstj. Spurningarnar hafa verið taldar þægilegt tæki, mikilsverður réttur stjórnarandstöðu til þess að koma í veg fyrir, að ríkisstj. haldi leyndum staðreyndum, sem stjórnarandstaðan þykist vita, að muni koma stjórninni illa, ef upp kæmust. Mætti um þetta nefna fjölmörg dæmi. Ég þykist vita, að tilgangurinn með þessari fsp. hafi verið þessi, sá sami sem venjulegastur er um fsp. sstjórnarandstæðinga til ríkisstj.

Ég þóttist strax vita af fsp. sjálfri, þegar ég las hana, og fékk það raunar alveg staðfest í ræðu hv. fyrirspyrjanda, að fyrirspyrjendur virðast hafa talið, að Seðlabankinn hafi dregið til sín eða bankavaldið í Reykjavík, þá væntanlega undir forustu ríkisstj. og samkv. skipun hennar kannske, dregið til sín til Reykjavíkur heilmikið fé frá því svæði, sem að er spurt, þ. e. Norðurlandi, og ástandið í þessum málum sé m. ö. o. þannig, að heilmikið af sparifé Norðlendinga sé fryst í Seðlabankanum hér fyrir sunnan. Þessi skoðun er í raun og veru í samræmi við þá mjög algengu skoðun, sem oft verður vart í blöðum og öðrum málflutningi stjórnarandstæðinga, að sparifjárbinding Seðlabankans sé gerð í einhverjum ýmist alveg óskiljanlegum tilgangi eða þá beinum illvilja til atvinnuveganna og komi sérstaklega hart niður á dreifbýlinu.

Nú hélt ég satt að segja og hef margar ástæður til þess að ætla, að hv. fyrirspyrjandi hafi gleggri og nákvæmari þekkingu á samhengi þessara mála en svo, að hann tryði því, að þetta gæti verið rétt, og þó allra sízt að hann gæfi tilefni, jafnskýrt og gott og hér er um að ræða, til þess að leiða í ljós, á hversu algerum misskilningi þessar almennu staðhæfingar um innstæðubindinguna, um lánsfjárbindinguna, eðli hennar og tilgang og afleiðingar, séu byggðar. Staðreyndin er nefnilega alls ekki sú, að sparifjárbindingin eða lánsfjárbindingin í Seðlabankanum hafi dregið fé af Norðurlandi til Reykjavikur eða til Seðlabankans. Staðreyndin er alls ekki sú, að Norðlendingar láti Reykvíkingum, Sunnlendingum eða neinum öðrum í té, allra sízt Seðlabankanum, fjármagn. Staðreyndin er þveröfug, eins og ég mun sýna fram á með tölum hér á eftir. Norðlendingar hafa frá bankakerfinu hér í Reykjavík stórkostlega fjárfúlgu til umráða, hundruð millj. til umráða af sparifé aðalbankanna, ríkisbankanna hér í Reykjavík. Það svar, sem ég læt í té hér á eftir við þessari fsp., leiðir því í ljós staðreynd, sem er þveröfug við það, sem mig grunar, að hv. fyrirspyrjendur hafa haldið að mundi koma í ljós í svari við fsp. Og það er í raun og veru alveg í samræmi við þann megintilgang, sem með lánsfjárbindingunni hefur verið frá upphafi, þegar tekið var að framkvæma heimildir í lögum frá 1958, í lögum frá vinstristjórnarárunum um heimild til handa Seðlabankanum til bindingar nokkurs hluta af sparifé banka og sparisjóða. Þegar farið var að framkvæma þessa lagaheimild með þeirri nýju stefnu núv. ríkisstj. 1960, var hagnýting sparifjárbindingarinnar fyrsta árið beinlínis sú að auðvelda lánsfjárveitingar til sjávarútvegsins, þ. e. styðja Útvegsbankann, sem átti í vissum erfiðleikum, og gera honum auðveldara en ella að standa við eðlilegar skuldbindingar sínar um lánveitingar í þágu sjávarútvegsins. Á næstu árum var lánsfjárbindingin notuð til þess að koma upp gjaldeyrisvarasjóði landsmanna. Það hefði ekki tekizt, — ég fullyrði, að það hefði með engu móti verið unnt fyrir Íslendinga að eignast þann tæplega 2000 millj. kr. gjaldeyrisvarasjóð, ef heimildirnar í Seðlabankalögunum um gjaldeyrisvarasjóð til lánsfjárbindingar hefðu ekki verið notaðar. Eftir að gjaldeyrisvarasjóðurinn náði þeirri hæð, sem talin var forsvaranleg, um 1800—2000 millj., hefur innlánsbindingin fyrst og fremst verið notuð til þess að greiða fyrir og auka endurkaup á afurðalánum þeirra viðskiptabanka, gjaldeyrisbankanna, sem Seðlabankinn endurkaupir afurðavíxla af. Án hagnýtingar á ákvæðum um lánsfjárbindingu hefði ekki verið unnt að standa undir þeim gífurlega miklu endurkaupum á afurðavíxlum útflutningsatvinnuveganna, sem hann hefur þó getað haldið uppi kaupum á af gjaldeyrisbönkunum.

Þannig er það auðvitað staðreynd í málinu, sem ég hef raunar margoft gert grein fyrir, bæði hér á hinu háa Alþ. og annars staðar opinberlega, að í Seðlabankanum er ekki fryst ein einasta króna. Hver einasta króna, sem Seðlabankinn fær í sínar hendur í krafti hagnýtingarákvæðanna um heimild til sparifjárbindingar, er lánuð aftur út með einhverjum hætti eða er fólgin í gjaldeyrisvarasjóðnum, sem er utanríkisviðskiptum þjóðarinnar algerlega ómissandi. Þetta er staðreynd, sem ég hefði raunar haldið, að a. m. k. þingmönnum ætti að vera nokkurn veginn ljós í grundvallaratriðum.

Hitt er annað mál, að aldrei hefur áður verið að því vikið hér á hinu háa Alþ. og er raunar fagnaðarefni, að það skuli vera gert, hvernig viðskipti Seðlabankans í sambandi við innstæðubindinguna séu við einstaka landshluta. Að því hefur hingað til ekki verið vikið hér, og er, eins og ég segi, beinlínis ánægjuefni að fá tækifæri til að greina frá því, hvernig viðskiptum Seðlabankans í sambandi við innstæðubindinguna er hagað við þann landsfjórðung, sem hér er sérstaklega

gerður að umtalsefni, einmitt og sérstaklega af alveg sömu ástæðu og þm. gerði alveg réttilega að umræðuefni í sínum orðum áðan, að á Norðurlandi hefur verið um atvinnuerfiðleika að ræða, sem ríkisstj. og bankakerfið hefur haft fullan skilning á og fullan vilja til að bæta úr, eftir því sem mögulegt er. Á því er enginn efi, að þær tölur, sem ég nefni hér á eftir, beinlínis sýna og sanna vilja ríkisvaldsins og bankakerfisins til þess að greiða úr atvinnuerfiðleikum á Norðurlandi. Heildartölurnar, sem ég skal sundurliða nánar á eftir, um þetta efni eru þannig, að um er að ræða heildarbindiskyldu á Norðurlandi í nóvemberlok s. l. að upphæð 213.9 millj. kr. vegna innlánsstofnana á Norðurlandi. Heildarbindiskylda í nóvemberlok var 213.9 millj. kr., en greiðslutilhögun á bindiskyldunni er þannig háttað, að aðalbankarnir í Reykjavík sjá um greiðslu bindingarinnar til Seðlabankans. Sumir þeirra greiða hana formlega fyrir útibúin, þ. e. á skuldfærslu- og viðskiptareikning þeirra. Af þessari 213.9 millj. kr. heildarbindiskyldu í nóvemberlok s. l. greiddu aðalbankarnir í Reykjavík sjálfir af sínu eigin fé 64.7 millj. kr., þannig að bundnar innistæður innlánsstofnana á svæðinu námu formlega 149.2 millj. kr. Frá innlánsstofnunum á Norðurlandi hafa m. ö. o. borizt til Seðlabankans í Reykjavík eða hann geymdi fyrir þær 149.2 millj. kr. í nóvemberlok s. l.

En þá kemur að hinni hlið dæmisins: Hvað fær Norðurland í staðinn frá Seðlabankanum og bankakerfinu hér í Reykjavík? Eins og ég gat um í upphafi þessara orða minna, liggur þetta fé ekki grafið í kjöllurum Seðlabankans. Það er auðvitað í umferð eins og annað ráðstöfunarfé bankanna hér fyrir sunnan. Á móti þessari 149.2 millj. kr. bindiskyldu af Norðurlandssvæðinu eru endurkeyptir víxlar af svæðinu 394.1 millj. kr. Seðlabankinn hefur m. ö. o. endurkeypt víxla af Norðurlandssvæðinu fyrir 394.1 millj. kr. Með þessu er sagan ekki öll sögð, vegna þess að útibú Reykjavíkurbankanna á Norðurlandi skulda aðalstöðvunum í Reykjavík. M. ö. o.: bankarnir í Reykjavík láta útibúum sínum á Norðurlandi í té verulegt fjármagn, og heildarupphæð þess fjármagns er 105.2 millj. kr. Það fé, sem Norðurland hefur til umráða frá Seðlabankanum og ríkisbönkunum í Reykjavík, er samtals 499.3 millj. kr. Það, sem bankastofnanir á Norðurlandi hafa því til umráða frá bankakerfinu í Reykjavík, er umfram það, sem bundið er á Norðurlandi, hvorki meira né minna en 350.1 millj. kr., — það er 350.1 millj. kr. Þetta er sú upphæð, sem bankakerfi höfuðstaðarins veitir til ráðstöfunar í þágu atvinnulífsins á Norðurlandi, 350.1 millj. kr.

Það er því ekki aðeins, að það sé í grundvallaratriðum fullkominn misskilningur, að bankakerfið í Reykjavík sogi til sín fé frá Norðurlandi, — ég vil ekki segja, að Norðurland sogi það frá Reykjavík, heldur sé það fé, sem bankakerfið í Reykjavík lætur í té í þágu atvinnulífs á Norðurlandi, mjög verulegt, 350.1 millj. kr. Þetta er mergurinn málsins.

Til frekari upplýsinga skal ég sundurliða þessa heildartölu, sem ég lýsti áðan um heildarbindiskylduna af Norðurlandi. Ég geri ráð fyrir, að það sé fróðlegt fyrir hv. fyrirspyrjendur og alla aðra að sjá, hvernig það skiptist á kaupstaði og sýslur á Norðurlandi. Enn er miðað við 30. nóv. s. l. Heildarbindiskyldan úr Húnavatnssýslu er 23.7 millj. kr., úr Skagafjarðarsýslu 1.7 millj., úr Eyjafjarðarsýslu 7.8 millj., úr Þingeyjarsýslu 15.8 millj. Samtals 49 millj. úr sýslunum á Norðurlandi. Úr kaupstöðunum eru tölurnar þannig: Heildarbindiskylda á Sauðárkróki 19.8 millj., Siglufirði 16.9 millj., Ólafsfirði 4.6 millj., Akureyri 102.2 millj., Húsavík 21.4 millj. Samtals í kaupstöðunum 164.9 millj. kr. Heildarbindiskyldan samtals 213.9 millj., eins og ég gat um áðan, en þar af greitt af aðalbönkunum í Reykjavík 64.7, þannig að formleg bindiskylda á Norðurlandi er margnefnd tala, 149.2 millj. kr. Því miður var ómögulegt að fá upplýsingar um, hvernig endurkaupin skiptast á sýslur og kaupstaði, og þá auðvitað enn þá síður, hvernig skuld útibúanna við aðalbankana hefur dreifzt á sýslur og kaupstaði. Til þess þyrfti að gera formlegar skýrslur um svæðaskiptingu hjá útibúunum, en slíkar skýrslur eru mér vitanlega alls ekki gerðar.

Með þessu vona ég, að spurningunum teljist fullnægjandi svarað.

Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, sem á endanum urðu mjög skýr og greinileg, þó að hann teldi nauðsynlegt að hafa langan formála fyrir svörunum og ausa úr skálum reiði sinnar yfir því, að við skyldum gerast svo djarfir að spyrja hér um staðreyndir þýðingarmikils máls. Og ég verð að segja það, að manni virtist a. m. k. í byrjun, að ráðh. væri meira en lítið viðkvæmur fyrir þessu máli. Í öðru orðinu sagði hann, að þetta væri sér sérstakt fagnaðarefni, en hafði um það mörg orð, hvað tilgangur okkar væri svívirðilegur með því að vera að spyrja um þetta. Ráðh. endaði á því að fá út mjög glæsilega útkomu um það, hvað bankakerfið hér í Reykjavík styddi Norðlendinga mikið. En hann varð þó að grípa til þess ráðs til að fá þá útkomu að fara út í allt aðra sálma en fsp. fjallaði um, þ. e. a. s. um viðskipti útibúanna og aðalbankanna, sem eru vitanlega þessu máli algerlega óviðkomandi. Vitanlega áttu þau viðskipti sér stað með líkum hætti, áður en bindingin kom til skjalanna og hrifsaði stóran hluta af sparifé landsmanna í þessum landsfjórðungi, og það er auðvitað ekkert nýtt í sögunni eða til orðið fyrir stjórn Seðlabankans eða núv. ríkisstj., að það hafi oft verið þannig, að aðalbankarnir hafi lagt útibúunum eitthvert fé, heldur fullkomlega eðlilegt mál. En þarna mun samt ekki hafa komið

allur sannleikur fram hjá hæstv. ráðh., því að ég veit, að til eru þau útibú í Norðlendingafjórðungi, sem flytja tugmilljónir til aðalbankanna, og bera reikningar bankanna vitni um þetta, svo að það var aðeins önnur hliðin á því máli, sem hæstv. ráðh. dró fram.

Ráðh. sagði, að við hefðum fengið þetta aftur allt saman, sem Seðlabankinn hefði tekið, í auknum afurðalánum, það væri hvorki meira né minna en á fjórða hundrað millj., sem við hefðum fengið í afurðalánum. Fengum við ekki afurðalán einnig, áður en bindingarskyldan var notuð? Ekki veit ég betur en það hafi nokkurn veginn fylgzt að, að bindingarskyldunni var komið á og afurðalánin voru stórlega minnkuð frá því, sem áður var, svo að í þeim efnum hefur engin breyting orðið. Sú breyting, sem hefur almennt orðið við innlánsbindinguna, er, að það hefur verið komið upp gjaldeyrisvarasjóði, það er rétt, með því að taka miklu meiri lán en ella hefði þurft í sambandi við okkar utanríkisviðskipti. Það er sjóður, sem er fenginn með lánum, og mótvægi þessara lána er síðan sparifjárbindingin, að því er hæstv. ráðh. skýrir frá. Það, sem breytzt hefur þess vegna, er ekki annað en það, að annars vegar hefur verið myndaður gjaldeyrisvarasjóður og hins vegar hefur fjórði parturinn af sparifé landsmanna verið bundinn. En ég fæ ekki séð með nokkrum hætti, að þær tölur, sem hæstv. ráðh. kom hér með varðandi þetta, sanni það, að bindingarskyldan hafi fært okkur Norðlendingum nokkurn eyri. Við höfum fengið afurðalánin eins og aðrir, en við höfðum þau einnig fyrir, og þau eru ekki komin til vegna bindingarskyldunnar á nokkurn hátt eða eiga nokkurn hlut skylt við hana.

Ég tel það svo vera alveg eðlilegt og nauðsynlegt, að bankakerfi aðalbankanna og Seðlabankans sýni fjórðungum eins og Norðlendingafjórðungi, þar sem atvinnuástand er ófullnægjandi og fjármagn er ófullnægjandi til að halda uppi atvinnu, alveg sérstaka fyrirgreiðslu. Við höfum ekki orðið varir við hana, Norðlendingar. Það má að vísu segja, að það hafi verið viðurkennt með atvinnujöfnunarsjóði, stofnun hans. Hann er enn þá smár í sniðum og má sín lítils á móti þeim sogkrafti, sem er varðandi fjármagnið, en hann er þó viðurkenning á því, að það þurfi sérstakra aðgerða við í sambandi við þetta, og á meðan það er viðurkennt, að það þurfi sérstakar ráðstafanir, sem sannarlega eru þó enn þá ófullnægjandi, sé ég ekki nokkra ástæðu til þess, að Seðlabankinn sé að draga til sín fé með sparifjárbindingu úr þessum fjórðungi.

Það kann vel að vera, að nú vaxi mönnum þetta ekki mjög í augum, 200—300 millj., sem þarna er um að ræða. Ég vil þó benda á það, að aðeins það fé, sem Akureyri á þarna ein fyrir sig, væri röskur helmingur af því, sem þyrfti til að byggja nýja Laxárvirkjun, svo að eitthvað sé nefnt, svo að það er engan veginn hægt að segja, að á þriðja hundrað millj. kr. skipti ekki verulegu máli.

Eins og ég sagði áðan, var þessi fsp. fyrst og fremst borin fram til þess að fá fram staðreyndir, ekki til þess að koma hæstv. viðskmrh. í neinn sérstakan bobba, enda er engin aðstaða til þess hér, þar sem ræðutíminn er svo takmarkaður, en ég vonast eftir því að fá tækifæri til að ræða þetta mál síðar hér á þinginu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þó að hér sé enginn tími til þess að hefja umr. í dúr við það, sem hæstv. viðskmrh. gaf tilefni til, finn ég ástæðu til þess að mótmæla þeim fjarstæðum, sem ég tel að fram hafi komið í fullyrðingum hans, áður en hann vék sér að því að svara þeim fsp., sem hér voru til umr.

Hæstv. ráðh. stagast sí og æ á því, að binding sparifjár í Seðlabankanum standi í alveg beinu hlutfalli við veitt afurðalán eða endurkaup Seðlabankans á afurðalánum. Ég efast þó ekkert um það fyrir mitt leyti, að hæstv. ráðh. hlýtur að vera búinn að gera sér grein fyrir því fyrir löngu, að þetta er ekki svona og hefur aldrei verið svona. Hann veit það t. d., að þegar það kemur fyrir, sem gerist hjá okkur á tiltölulega stuttum tíma á hverju ári, á einum eða tveimur mánuðum, að miklar afurðir falla til, afurðir svo að skiptir mörgum hundruðum millj. kr., þá eru auðvitað veitt afurðalán úr Seðlabankanum, án þess að sparifjárbinding hafi komið til á móti þeim upphæðum á sama tíma. Hæstv. ráðh. veit þetta. En eigi að síður hefur Seðlabankinn um margra ára skeið, löngu áður en til kom sparifjárbinding og líka eftir að hún kom til, talið sér fært og skylt og talið sjálfsagt að veita afurðalán út á þessar stórauknu afurðabirgðir, þegar þær komu til, þó að ekki hafi verið um að ræða tilsvarandi aukningu á bindifé, af því að hann varð eins og hver annar seðlabanki að veita bráðabirgðalán út á framleidda gjaldeyrisvöru, sem væntanlega þurfti ekki að liggja í landinu nema tiltölulega stuttan tíma. Þetta hefur verið hægt, og þetta er hægt. Og þeir, sem setja þetta dæmi upp á þennan barnalega hátt, að vilja alltaf segja: Það er ekki hægt að veita meiri afurðalán en bindifé stendur inni fyrir á hverjum tíma, — eru vitanlega að fara með falskenningar. Þannig eru þessi mál ekki og hafa aldrei verið.

Ef hliðstæður útreikningur og hæstv. ráðh. gerði hér væri settur upp fyrir aðra landshluta, dettur mér alveg sérstaklega í hug Austurland, og ég þykist hafa fundið hjá æðimörgum, þm. og öðrum, að það þurfi ekki að gera ýkjamikið fyrir Austurland nú síðari árin, því að þeir hafi lifað þar allir eins og blóm í eggi, og má til sanns vegar færa, — en ef maður notaði reikningsaðferð hæstv. ráðh., hefðu Austfirðingar verið mestu gustukamenn á landinu af öllum landsmönnum vegna þess, að af eðlilegum ástæðum,

þar sem afurðirnar féllu til, þar sem milljónirnar og milljónatugirnir og hundruð millj. voru framleiddar, þangað þurfti að verja fé, ekki vegna Austfirðinga, heldur vegna landsins alls. Það gæti vitanlega enginn mannlegur máttur staðið að því að framleiða allt það, sem þar er framleitt, í krafti þess sparifjár, sem þar fellur til.

Þegar sett er upp dæmi um það, hvað hafi verið flutt mikið fjármagn frá bankakerfinu í Reykjavík, Seðlabankanum og viðskiptabönkunum, til Norðurlands eða annarra landshluta og reiknað á þann hátt, sem hæstv. ráðh. gerir, er það vitanlega alveg fráleitt. Bankakerfið í Reykjavík er engin sérstök stofnun fyrir Reykjavík eða næsta nágrenni Reykjavíkur. Mikill hluti af bankakerfinu hér er bankakerfi þjóðarinnar. Það hefur undir höndum, þetta bankakerfi, á vissum tímum ársins stórar fjárfúlgur, sem jafnt Norðlendingar, Austfirðingar og aðrir eiga, ýmsir almannasjóðir, sem þar geyma lé um lengri eða skemmri tíma, og bankakerfið í Reykjavík er með í sínum höndum á hverjum tíma jafnvel hundruð milljóna kr., sem eru raunveruleg verðmæti tiltölulega nýlega komin inn fyrir útflutningsvöru þjóðarinnar allrar. En bankakerfið hér ræður yfir þessu fjármagni á vissu tímabili og þarf vitanlega að ráðstafa því. En það er vitanlega mesti misskilningur að setja dæmið upp á þessa lund, sem hæstv. ráðh. gerði, að hér séu einhverjir sérstakir bankar tilheyrandi Reykjavík, þeir séu að færa öðrum landsfjórðungum stórar fjársummur og þannig liggi hinir landsfjórðungarnir sem hálfgerðir ómagar á bankakerfinu hér. (Forseti: Ræðutíminn er búinn.) Já, það var svo sem við því að búast, að það væri ekki tími til hér að ræða slíkt mál sem þetta, og skal ég þá láta staðar numið. En ég vil aðeins fyrir mitt leyti mótmæla þessum kenningum, því að þær eru hrein fjarstæða, að þessir liðir séu svona gersamlega samanbundnir eins og hæstv. ráðh. vill vera láta, og í rauninni gildir hið sama einnig um gjaldeyrissjóðinn. Þetta er ekki í slíku samhengi, þó að hér sé að vísu visst samband á milli.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessari stuttu ræða hv. síðasta ræðumanns voru svo miklar og augljósar fjarstæður, að það væri mjög freistandi að gera það ýtarlega að umræðuefni. En ég skal ekki misnota mína aðstöðu til að halda hér langa ræðu yfir hv. þm., þar sem hans ræðutími er takmarkaður, enda þarf ég ekki mjög mörg orð til að sýna fram á grundvallaratriðin í alröngum málflutningi hans.

Hann segir, að veitt hafi verið afurðalán, áður en bindiskyldan kom til skjalanna. Þetta var raunverulega það eina, sem hann sagði og var algerlega óaðfinnanlega rétt. Auðvitað var það gert. Það var gert um langt skeið þannig, að ekki var til tjóns fyrir efnahags- eða fjármálalíf þjóðarinnar, þ. e. á meðan Seðlabankanum var útvegað jafnmikið fé til ráðstöfunar og hann notaði til aukinna afurðavíxlakaupa. En á áratugnum 1950—1960 var það þetta, sem fyrst og fremst fór úrskeiðis í stjórn íslenzkra efnahagsmála, í stjórn íslenzkra peningamála, að Seðlabankinn jók ár frá ári endurkaup sín á afurðavíxlum án þess að fá samtímis nokkurn veginn jafnmikið aukið ráðstöfunarfé, án þess að fá samtímis aukið fé til að binda í hinum auknu afurðakaupum, og afleiðingin varð sú, sem raun varð á, allt þetta tímabil, 1950—1960, einkenndist af gjaldeyrisskorti, af innflutningshömlum, af stöðugu kapphlaupi milli verðlags og kaupgjalds. Áratugurinn 1950—1960 er áratugur hafta og gjaldeyrisskorts, og höfuðástæðan til, að hann var áratugur hafta og gjaldeyrisskorts, var þessi, að þeirri grundvallarreglu var ekki fylgt í stjórn á Seðlabankanum, í stjórn á Landsbankanum, að útvega honum aukið starfsfé á móti auknum afurðavíxlakaupum hans. Þetta var frumorsök verðbólgunnar á áratugnum 1950—1960, frumorsök gjaldeyrisskortsins, frumorsök viðskiptahaftanna. Þessari stefnu var gerbreytt á árinu 1960. Síðan 1960 hefur verið fyrir því séð, fyrst og fremst með bindiskyldunni, að Seðlabankinn hefur fengið aukið starfsfé á móti þeim skuldbindingum, sem hann hefur tekið að sér, sem sumpart hefur verið varið til að koma upp gjaldeyrisvarasjóðnum og sumpart að gera á síðari árum kleift að stórauka kaup afurðavíxla.

Það verður með engu móti staðhæft, að sú verðbólga, sem því miður hefur átt sér stað enn á þessum árum, eigi rót sína að rekja til rangrar stefnu í peningamálum, til rangrar stefnu Seðlabankans í þeim málum, sem honum er falið að hafa forsjá fyrir. Það ætti að vera alveg augljóst, ef litið er á efnahagsreikning Seðlabankans, að það, sem ég hef sagt um þetta efni, er óyggjandi sannleikur. Ég hef hér af tilviljun efnahagsreikning Seðlabankans einmitt í lok sama mánaðar og tölurnar, sem ég nefndi áðan, gilda fyrir, lok nóv. s. l. Það fé, sem Seðlabankinn hafði þá til ráðstöfunar, var 3600 millj. kr. 1000 millj. kr. voru fengnar með seðlaútgáfunni, bindiskyldan nam þá 1700 millj., það fé, sem hann hafði fengið í gegnum bindiskylduna, var 1700 millj. og annað eigin fé Seðlabankans var 900 millj. Það eru einfaldar tölur: 1000 millj., 1700 og eigið fé 900, eignir Seðlabankans nettó 900 millj. Þessar 3600 millj. notaði Seðlabankinn með tvennum hætti og aðeins með tvennum hætti í grundvallaratriðum. Annars vegar lánaði hann það út, keypti afurðavixla fyrir 1600 millj. kr., og hins vegar notaði hann það til þess að eiga gjaldeyrisvarasjóðinn, 2000 millj. kr. Er nú ekki alveg augljóst mál, að ef bindiskyldan væri afnumin, þ. e. ef Seðlabankinn væri látinn skila aftur til viðskiptabankanna þessum 1700 millj., yrði hann að gera annað hvort, hann yrði að strika út öll endurkaupin og meira að segja meira, — bindiskyldan

er 1700 millj. og endurkaupin eru 1600 millj., — ef bindisjóðurinn væri tekinn af honum, gæti það þýtt það, að hann yrði að segja upp öllum afurðalánunum og meira að segja dygði ekki algerlega til, það vantaði 100 millj. á, eða þá hann mundi missa á skömmum tíma 1700 millj. af 2000 millj. gjaldeyrisvarasjóði. Það þriðja er ekki til í dæminu. Þess vegna er það fullkomlega út í bláinn, þegar hv. síðasti ræðumaður talar þannig, að Seðlabankinn gæti haldið áfram að eiga gjaldeyrisvarasjóð og haldið áfram að endurkaupa víxla, en hætt bindiskyldunni. Þetta er fullkomlega út í bláinn. Maður gæti náttúrlega sagt eins og einn hv. framsóknarmanna sagði í blaðagrein, ég held nú að vísu óviljandi, sjálfur ritari Framsfl., að það væri langbezt að selja gjaldeyrisvarasjóðinn og nota hann til lána hér innanlands. Ég held, að hann hafi ekki einu sinni talað fyrir munn síns eigin flokks, þegar hann mælti þessi ógætilegu og mér liggur við að segja fávíslegu orð. En hitt stendur eftir óhagganlegt, að minnkun bindiskyldunnar þýðir annaðhvort minnkun afurðakaupa eða minnkun gjaldeyrisvarasjóðsins. Auðvitað geta menn sagt, að menn vilji annaðhvort minnka gjaldeyrisvarasjóðinn, eins og ritari Framsóknar gloprði út úr sér, eða að menn vilji minnka endurkaupin. En það er ekki hægt að segja allt þrennt í senn, það er fjarstæða, að þeir vilji halda gjaldeyrisvarasjóðnum, halda endurkaupunum, en minnka bindiskylduna. Þetta er sjálfsmótsögn.

Þá er það eitt atriði í ræðu hv. fyrirspyrjanda, seinni ræðu hans, sem mig langaði til að svara eða réttara sagt gefa upplýsingar, sem sýna, að sú staðhæfing var röng, og hún er jafnröng, hversu oft sem hún er sögð og þó að hún væri sögð hundrað sinnum hér á Alþingi og í blöðum. Ég veitti því athygli, að hann sagði, án efa af því að hann trúir því, að það sé rétt, mér dettur ekki í hug að væna hv. 4. þm. Norðurl. e. um, að hann segi slíkt, án þess að hann trúi því sjálfur, að það sé satt, — hann sagði, að gjaldeyrisvarasjóðurinn hefði skapazt fyrir auknar lántökur erlendis. Hann sagði, að gjaldeyrisvarasjóðurinn hefði orðið til með þeim hætti, að landið hafi tekið ný lán erlendis. Þetta er búið að segja svo oft í Þjóðviljanum og Tímanum, að það er kannske afsakanlegt, að jafnvel þm., jafnvel mikilhæfir þm. trúi því. En þetta er algerlega rangt, og það get ég sýnt fram á með tölum, sem ég nánast fyrir tilviljun hafði í töskunni, — ég hafði ekki búizt við því að þurfa að svara enn þá einu sinni fullyrðingu eins og þessari. (Gripið fram í.) Það kemur oft að gagni að vera varkár. En þetta sér maður með því að bera saman erlendar skuldir í árslok 1959, eða áður en þessi hæstv. ríkisstj. kom til valda, og um s. l. áramót. Þetta er einfaldur samanburður og einfaldar tölur. Ég nefni fyrst tölurnar um árslok 1959, þau áramót, sem ríkisstj. tók við störfum, síðustu áramótin áður en tekið var að framfylgja núverandi stefnu í efnahagsmálum. Þá var gjaldeyrisstaða bankanna neikvæð um 144 millj. kr., erlend gjaldeyrisskuld 144 millj. kr. Föst erlend lán voru þá 2491 millj. kr. og skuld vegna stuttra vörukaupalána 50 millj. kr. Samtals voru því erlendar skuldir landsmanna, skuldir bankanna, föst erlend lán og stutt vörukaupalán, 2685 millj., auðvitað reiknað á núverandi gengi. Um s. l. áramót voru sambærilegar tölur þessar: Gjaldeyrisstaða bankanna var jákvæð, gjaldeyriseign um 1912 millj. kr. Föst erlend lán voru hins vegar orðin 3912 millj., hafa hækkað — það er rétt — um 1500 millj. Stutt vörukaupalán hafa líka hækkað, þau voru orðin 554 millj. kr. Föst erlend lán og stutt vörukaupalán voru því samtals, öll erlend lán samtals 4466 millj. kr. Þegar nú gjaldeyrisvarasjóðurinn, gjaldeyriseign bankanna er dregin frá öllum föstum erlendum lánum þjóðarinnar, föstum og lausum við síðustu áramót, verður niðurstaðan 2554 millj. kr., svo að heildarniðurstaðan af öllum erlendum lánum, stuttum og löngum, og gjaldeyrisstöðu bankanna var um s. l. áramót 2554 millj. kr., en sams konar tala var í lok 1959 2685 millj. kr., munurinn er m. ö. o. 130 millj. kr. M. ö. o.: á sama gengi hefur heildarstaða landsins í erlendum gjaldeyri gagnvart útlöndum lækkað eða batnað um um það bil 130 millj. kr. síðan í árslok 1959, og samt átti landið gjaldeyrisvarasjóð upp á 1912 millj. kr. Það er því gersamlega úr lausu lofti gripið, hversu oft sem það kann að hafa verið sagt, að gjaldeyrisvarasjóðurinn hafi skapazt með aukningu á erlendum lánum. Það er algerlega út í bláinn. Það er á móti tölum, sem birtar eru í skýrslu Seðlabankans og skýrslum Efnahagsstofnunarinnar, svo að mér finnst nú satt að segja vera mál til þess komið, að menn hætti að lesa aðra eins fjarstæðu og þetta í blöðum, að menn hætti að þurfa að hlusta á hana hér í sölum hins háa Alþ. Og til viðbótar, til þess að meta þessa tölu rétt, þennan 130 millj. kr. bata á gjaldeyrisstöðunni gagnvart útlöndum, er þess að geta, að á þessu tímabili hefur útflutningurinn um það bil tvöfaldazt. 1959 var útflutningurinn um það bil 2500 millj. kr., á s. l. ári var hann um 5000 millj. kr., hann hefur aukizt um 100%, svo að það gefur auga leið, að gjaldeyrisskuld að upphæð 4460 millj. kr. nú brúttó og nettó 2554 er miklu léttbærari í hlutfalli við 5000 millj. kr. innflutning heldur en nettógjaldeyrisskuld í árslok 1959 að upphæð 2685 millj. kr. var í hlutfalli við 2500 millj. kr. innflutning. Nettógjaldeyrisskuld þjóðarinnar 1959 var hærri en árlegi útflutningurinn. 1959 — og það er mjög athyglisvert — voru erlendu skuldirnar samtals meiri en árlegur útflutningur. Nú eru nettóskuldirnar ekki helmingur af árlegum útflutningi. Þetta talar kannske skýrara máli en nokkuð annað um það, hversu stórkostlegum breytingum gjaldeyrisstaðan hefur tekið á undanförnum 6—7 árum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það var vissulega einkennilegt að heyra hæstv. ráðh. gera því skóna hér í upphafi svara sinna, að þessi fsp. væri eingöngu komin fram af illvilja fyrirspyrjenda. Það liggur í augum uppi, að hér var fyrst og fremst óskað eftir upplýsingum, og þegar þær upplýsingar eru fram komnar, væntum við þess að geta athugað þær og metið, hvaða lærdóma má af þeim draga.

Ráðh. snerist þegar í stað í vörn og hóf jafnvel stórsókn á okkur fyrirspyrjendur, áður en hann var byrjaður að svara sjálfur þeirri spurningu, sem fyrir hann var lögð. Það var eins og hann vissi upp á sig einhverja skömm. En eins og ég hef þegar sagt, vildum við fyrst og fremst fá tölurnar á borðið, svo að unnt væri að skoða málið, því að auðvitað er ekki unnt að rökræða slík mál í fsp.-tíma, þar sem þm. hafa 5 mínútur til umráða og ráðh. ótakmarkaðan tíma. Ég vil þó reyna að draga hér fram kjarna þessa máls, ekki síst vegna mjög villandi málflutnings ráðh.

Það er staðreynd, að sparifjárbinding á sér stað, og ráðh. hefur upplýst, að hún nemur um 150 millj. kr. frá sparisjóðum og bönkum á Norðurlandssvæðinu. Mikill hluti af þessu fé er ekki endurlánaður í afurðavíxlum, heldur er geymdur í erlendum bönkum á mjög lágum vöxtum. Ég er ekki að halda því fram, að gjaldeyrisvarasjóðurinn hafi verið skapaður með erlendum lánum, en ég held, að það geti ekki verið nein goðgá að minna á, að á sama tíma og við erum með þennan gjaldeyrissjóð á mjög lágum vöxtum í erlendum bönkum, tökum við stórlán erlendis á mjög háum vöxtum og það jafnvel stundum í sömu bönkunum og geyma bindifé.

En þetta er ekki fyrst og fremst hér til umr., heldur sparifjárbindingin. Hún hefur óneitanlega fyrst og fremst verið studd þeim rökum, að draga þurfi úr þenslunni, of mikið fé sé í umferð og nauðsynlegt að hafa hemil á verðbólgunni með því að binda þetta fé. Slíkan rökstuðning höfum við ekki svo sjaldan heyrt hér í þinginu. Við verðum að gefa okkur betri tíma til að ræða, hvort þessi kenning sé út af fyrir sig rétt eða ekki. En það, sem við viljum fyrst og fremst vekja hér máls á, er sú spurning: Á þessi sparifjárbinding rétt á sér á landssvæðum, þar sem engin þensla á sér stað og ekkert verðbólguvekjandi ástand? Það er spurningin. Á hún rétt á sér á landssvæðum, þar sem miklu frekar er hægt að segja, að sé kreppuástand og atvinnuleysi?

Ráðh. hefur haldið því fram í þessum umr., að villandi sé að taka aðeins tölur um sparifjárbindingu, og hefur komið með tölur á móti, sem snerta endurkaup á afurðavíxlum. Það er mjög erfitt að rökræða við ráðh. hér í fsp.-tíma, en ég vil halda því fram, að hér sé alls ekki um sambærilegar tölur að ræða. Tölurnar um sparifjárbindingu af Norðurlandi, að upphæð 150 millj. kr., gilda aðeins um útibúin á Norðurlandi. Það er sú upphæð, sem tekin hefur verið beint frá lánastofnunum á Norðurlandi. En tölurnar um keypta afurðavíxla af Norðurlandi gilda um alla þá víxla af Norðurlandi, sem berast inn í bankakerfið, ekki aðeins að norðan, heldur einnig í aðalbankana hér fyrir sunnan og jafnvel víðar.

Það er vissulega rétt, sem hv. 5. þm. Austf. undirstrikaði hér, að bankakerfið í Reykjavík er ekki sérstaklega ætlað fyrir Reykvíkinga, heldur verður að taka tillit til þess, að þetta eru lánastofnanir, sem eiga að þjóna öllu landinu. Þessar lánastofnanir hafa fengið mikið fé, sem þeim er ætlað að nota til útlána um allt land. Þess vegna er ekki hægt að bera þessar tölur saman með þeim hætti, sem ráðh. gerði hér áðan. Hins vegar má vel vera, að hægt sé að finna sambærilegar tölur í þessu efni. En ég vil að lokum leggja á það áherzlu, að tölurnar eru villandi og ekki sambærilegar.

Umr. frestað, en fsp. var ekki á dagskrá tekin framar.

24. Störf flugvallanefndar.

Á deildafundum 21. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgmrh. um störf flugvallanefndar [131. mál, 1] (A. 249).

Á 24. fundi í Sþ., 22. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 27., 28. og 29. fundi í Sþ., 1., 8. og 15. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að bera fram á þskj. 249 eftirfarandi fsp.: „Hvað líður störfum n. þeirrar, er ráðh. skipaði á árinu 1965 til að gera till. um framtíðarstefnu í flugvallarmálum höfuðborgarsvæðisins?"

Það er eðlilegt, að nokkur áhugi sé meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins fyrir því, hvað sé fyrirhugað varðandi framtíðarskipan í uppbyggingu flugvalla fyrir þetta svæði. Reykjavíkurflugvöllur er ekki lengur fullnægjandi fyrir þann flugvélakost, sem nú er í eigu Íslendinga, þar sem hinar stóru vélar Loftleiða geta ekki notað völlinn, og heyrzt hefur, að hin nýja þota Flugfélags Íslands muni einnig fara um Keflavíkurflugvöll, en ekki Reykjavíkurflugvöll. Það hefur og komið fram, að vafasamt sé að gera ráð fyrir því, að flugvöllur verði starfræktur á þessum

stað, er fram líða stundir. Til athugunar mun m. a. hafa komið, hvort gera ætti ráð fyrir því, að byggður verði nýr flugvöllur á Álftanesi. Meðan á þessari athugun hefur staðið hafa skipulagsyfirvöld ekki leyft neinar nýbyggingar á þessu svæði. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt, að svo væri gert um stund, meðan á slíkri athugun stóð, en til langframa er það óviðunandi fyrir íbúa Bessastaðahrepps að vera sviptir leyfi til nýbygginga, ef ekki verður að því horfið, að flugvöllur verði byggður í hreppnum. Það er því brýnt hagsmunamál hreppsbúa að fá ákveðnar niðurstöður um, hvað sé fyrirhugað í þessu máli varðandi Álftanesið. Þar sem flugið er svo snar þáttur í okkar samgöngumálum sem raun er á, þá er og eðlilegt, að almennur áhugi sé á að vita, hvaða fyrirætlanir séu uppi um framtíðarskipan í þessu máli. Því er spurt, hver sé árangur af störfum þeirrar n., sem ráðh. skipaði til að gera athuganir á þessum málum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Viðvíkjandi þessari fsp. hef ég fengið grg. frá meiri hl. flugvallanefndar um það, hvað störfum n. liði og hvenær vænta megi, að nál. verði skilað. Með leyfi hæstv. forseta, segir meiri hl. n. það, sem hér skal fram tekið:

„Flugvallanefnd var skipuð 28. maí 1965. Samkv. skipunarbréfi skyldi n. kynna sér vandlega till. þær og athuganir, sem áður höfðu verið gerðar um sama mál og fyrir lágu í rn. Enn fremur skyldi n. gera allar þær tæknilegar og fjárhagslegar athuganir, sem að hennar dómi væru nauðsynlegar til að finna heppilega framtíðarskipan þessara mála með hliðsjón af sennilegri þróun í samgöngumálum og miðað við æskilega arðsemi fjárfestinga og raunhæfar fjáröflunarleiðir."

Af þessu skipunarbréfi er ljóst, að hér er um umfangsmikið og vandasamt verkefni að ræða, sem hlaut að taka nokkurn tíma að leysa. Áður höfðu starfað að þessum málum eftirtaldir sérfræðingar og n.: C. Burkley, sem skilaði skýrslu dags. 15. júlí 1961, nefnd undir forustu Árna Snævarrs verkfræðings, sem starfaði frá 11. júlí 1960 til febrúar 1962, Bertil Hellman flugvallasérfræðingur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem starfaði hér árin 1963 og 1965 og skilaði skýrslu, langri og ýtarlegri, í bæði skiptin.

Flugvallanefnd hefur athugað álit þessara aðila rækilega miðað við staðhætti, eins og þeir nú eru, en auk þess hefur n. látið gera sjálfstæðar athuganir á flugvallasvæðum og áhrifum mismunandi valkosta á rekstrarkostnað flugfélaganna. Er gagnasöfnun n. var langt komið í byrjun þessa árs, tókst n. fyrir milligöngu flugmálastjóra að fá hingað til lands Bertil Hellman flugvallasérfræðing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem eins og fyrr er sagt hefur unnið að athugun þessa máls áður. Athugaði hann hinar mismunandi hugmyndir nefndarmanna dagana 16.—26. marz þ. á. og skilaði um það skýrslu til n. Var þá gagnasöfnun n. endanlega lokið, og má afstaða nm. nú teljast fullmótuð.

Nm. eru allir sammála um, að æskilegt og nauðsynlegt sé að taka frá land á Álftanesi til flugvallagerðar, ef hentug þætti og nauðsynleg í framtíðinni. N. taldi rétt að beina þeim tilmælum til skipulagsstjóra ríkisins, að eigi yrðu leyfðar varanlegar byggingar í Bessastaðahreppi, meðan á þessum athugunum n. stæði.

Enda þótt nál. liggi enn ekki fyrir, er óhætt að fullyrða, að till. n., sem væntanlegar eru um næstu mánaðamót, verði á þá lund, að tekið verði frá land, sem nota mætti sem flugvallarstæði samkvæmt framansögðu, á Álftanesi og því landi ekki ráðstafað til annarra nota fyrst um sinn. Hins vegar er skoðanamunur um það í n., hversu stórt land þurfi að taka frá í þessu skyni, og fer það eftir mismunandi skoðunum nm. um æskilegustu legu og stærð flugbrauta.

Meiri hl. n. telur fullnægjandi landrými fyrir flugvöll, sem nægja mundi höfuðborgarsvæðinu ásamt Keflavíkurflugvelli, á eignarlandi ríkissjóðs á Bessastaðanesi að viðbættu landi jarðarinnar Breiðabólstaðar. Minni hl. n. mun telja, að ekki sé unnt að koma fyrir á landi því, sem meiri hl. n. telur fullnægjandi, flugbrautum með æskilegri legu eða lengd, og er minni hl. nefndar þeirrar skoðunar, að taka þurfi frá allmiklu meira land."

Undir þetta rita Brynjólfur Ingólfsson, Baldvin Jónsson og Gústaf E. Pálsson.

Það er sem sagt gert ráð fyrir, að nál. verði tilbúið um næstu mánaðamót. Það hefur dregizt að svara þessari fsp., vegna þess að það var búizt við, að nál. lægi fyrir nú fyrir þinglokin. En að sjálfsögðu tekur ríkisstj. ekki endanlega afstöðu til þessa máls, fyrr en nál. er komið og tækifæri hefur gefizt til að gera sér fulla grein fyrir málinu með tilliti til þeirra ráða, sem báðir nefndarhlutarnir hafa fram að bera.

Enda þótt mér sé kunnugt um talsvert af innihaldi þessarar skýrslu, tel ég ekki eðlilegt að fara að ræða hana, fyrr en gengið hefur verið frá henni af n. hálfu. En þar sem vonir standa til, að nál. komi um næstu mánaðamót, finnst mér eðlilegt að stuðla að því, að svo fljótt sem auðið verður eftir það verði afstaða tekin til málsins. Mér finnst eðlilegt, að íbúar Bessastaðahrepps vilji fá að vita vissu sína. Þeir hafa orðið fyrir óþægindum af því, að þeir hafa ekki fengið skipulagt landssvæði, þannig að þeir hafa ekki getað byggt á þeim tíma, sem þeir hafa hugsað sér, og úr þessu þarf þess vegna að fást skorið.

Um það, hvort nokkurn tíma verður byggður flugvöllur á Álftanesi, vil ég engu spá. Hitt tel ég líklegt, að Reykjavíkurflugvöllur verði notaður fyrir innanlandsflug um allangan tíma enn, 20, 30 eða jafnvel 40 ár eða svo. Hvað skeður eftir það og hvernig flugbrautir þurfa að vera eftir þann tíma, um það get ég vitanlega engu spáð. En hitt er víst, að það væru mikil óþægindi að því, ef

ekki væri flugvöllur hér nærri borginni fyrir innanlandsflugið. Það mundi skapa óþægindi fyrir þá farþega, sem ferðast innanlands með flugvélum, að þurfa að fara langt til þess að komast í flugvélina og til þess að komast úr flugvélinni á áfangastað.

Ég tel, að fsp. sé að nokkru svarað, og vænti þess, að hv. fyrirspyrjendur láti sér nægja þessi svör í bili og ætlist tæplega til, að þau verði skýrari eða ákveðnari með tilliti til þess, að nál. er enn ókomið.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka ráðh. fyrir greinargóð svör. Ég hefði að vísu fremur kosið, að álit n. hefði legið fyrir, en um það er ekki að sakast. Ég fagna því, að vænta má þessa álits um næstu mánaðamót, og fagna því enn frekar, að þá muni verða stuðlað að því að taka hið fyrsta ákveðna afstöðu á grundvelli þess nál. Það tel ég vera ákaflega mikilsvert, að ákvarðanir verði teknar varðandi þetta mál.

25. Námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins.

Á deildafundum 7. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til iðnmrh. um námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins [154. mál, 2] (A. 302).

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 15. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Í 15. gr. laganna um iðnfræðslu, sem samþykkt voru hér á hv. Alþ. 30. apríl s. l. eða fyrir tæpu ári, var samþykkt, að komið skyldi á námskeiðum fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins eftir nánari ákvörðun ráðh., að fengnum till. samtaka iðnrekenda og verksmiðjufólks. Eins og hv. þm. rekur vafalaust minni til, var gerð talsverð breyting á iðnfræðslunni með þeim lögum, sem hér um ræðir, þ. á m. að auka nýjum þætti við iðnfræðslukerfið með því að stofna og starfrækja verknámsskóla iðnaðarins, og átti að vera heimilt að starfrækja þessa verknámsskóla fyrir hvern hinna átta kjördæmisskóla, eftir því sem hagkvæmast þætti. En í 15. gr. var svo til viðbótar þessu tekið upp það nýmæli að heimila að starfrækja kvöldnámskeið, verkleg og bókleg, þegar henta þætti. Þetta var samþ. með öllum atkv. hér, og ég fyrir mitt leyti fellst á það, sem fram kemur í grg. með þessu frv., þegar það var hér til umr., að það sé eðlilegt sjónarmið að hagnýta sem bezt þá miklu fjármuni, sem bundnir verði í húsum, vélum og búnaði iðnfræðsluskólanna, með starfrækslu kvöldnámskeiða utan starfstíma dagskólans, ekki sízt þar sem gera má ráð fyrir, að næg verkefni verði fyrir hendi á þessu sviði. Og í þessu sambandi segir hér, að vafalaust sé hagkvæmt fyrir ýmsar greinar iðnaðar að geta átt þess kost að senda starfsfólk sitt til þjálfunar utan vinnutíma. Enn fremur ætti að vera fyrir hendi nú þegar verkefni við endurþjálfun þeirra, sem flytjast milli starfsgreina, svo að dæmi séu tekin. Við meðferð þessa frv. hér á hv. Alþ. í fyrra var þýðing þessara námskeiða undirstrikuð með því, að hv. menntmn., sem hafði málið til umræðu og meðferðar, bar fram viðbótartill. við 15. gr. eins og hún var í frv., þar sem nánar var kveðið á um þessi námskeið. Í tilefni af því, að margir hafa spurzt fyrir um það hjá mér, hvenær þess megi vænta, að þessi námskeið geti hafizt, og mér er kunnugt um, að það er mikill áhugi ríkjandi í iðnaðinum fyrir því, að þau hefjist sem allra fyrst, þá hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn á þskj. 302 um það efni.

Ég vil aðeins, áður en ég vík héðan, geta þess, að ég beindi þessari fyrirspurn til hæstv. iðnmrh., en mér hefur verið bent á, að það hefði verið réttara að beina fyrirspurninni til hæstv. menntmrh., enda hygg ég, að hann muni svara henni, og vil ég biðja afsökunar á þessum mistökum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í lögum um iðnfræðslu, nr. 68/1966, sem samþ. voru á Alþ. á s. l. vori og staðfest 11. maí s. l., segir svo í 15. gr. 2. mgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins skulu haldin eftir nánari ákvörðun ráðherra að fengnum tillögum samtaka iðnrekenda og verksmiðjufólks."

Enn fremur segir svo í 48. gr. laganna:

„Ráðherra setur reglugerðir skv. lögum þessum að fengnum till. iðnfræðsluráðs."

Skömmu eftir að lögin öðluðust gildi var óskað eftir till. iðnfræðsluráðs varðandi setningu reglugerðar á grundvelli laganna og yrðu þar að sjálfsögðu nánari ákvæði um það, hvernig fyrrnefndum námskeiðum fyrir starfsfólk í verksmiðjuiðnaði yrði hagað framvegis. Till. iðnfræðsluráðs eru ekki enn fullbúnar. Vegna fjölda nýmæla í hinum nýju iðnfræðslulögum er samning reglugerðarinnar mikið verk, en þess er vænzt, að henni verði lokið svo fljótt, að unnt verði að staðfesta reglugerðina fyrir upphaf næsta skólaárs.

Hvað viðkemur sérstaklega námskeiðum þeim, sem um er spurt, höfum við leitað eftir till. frá Iðju, félagi verksmiðjufólks, og samtökum iðnrekenda um tilhögun námskeið-

anna, og hefur sérstök n. skipuð fulltrúum þessara samtaka, svo og fulltrúar frá Iðnaðarmálastofnun Íslands, fjallað um skipulagningu og tilhögun námskeiðanna. Till. þessar hafa enn ekki borizt menntmrn., en munu væntanlegar innan skamms. Stefnt er að því, að námskeið þessi geti hafizt á skipulegan hátt hér í Reykjavík við upphaf næsta skólaárs, haustið 1967.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. þær upplýsingar, sem hann gaf hér áðan viðkomandi þeim námskeiðum, sem fsp. fjallar um. Mér finnst, að það taki nokkuð langan tíma að koma þessum námskeiðum á stofn, enda þótt ég viðurkenni, að það sé rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að í lögunum um iðnfræðslu eru mörg nýmæli, sem eðlilega tekur nokkurn tíma að koma í framkvæmd. En nú hefur hæstv. ráðh. upplýst, að þessi námskeið geti hafizt í byrjun næsta skólaárs, og vil ég treysta því, að svo geti orðið, því að mér er kunnugt um, að það er þörf fyrir þessi námskeið og áhugi mikill ríkjandi fyrir þeim.

26. Úthlutun listamannalauna.

Á deildafundum 13. des. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um úthlutun listamannalauna [89. mál, 4] (A. 138).

Á 16. fundi í Sþ., 14. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 20., 21., 23., 24. og 28. fundi í Sþ., 1., 2., 15. og 22. febr., 8. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

27. Verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Á deildafundum 7. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvmrh. um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins [154. mál, 1] (A. 302).

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 29. og 34. fundi í Sþ., 15. marz og 12. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

28. Lánveitingar til húsnæðismála.

Á deildafundum 7. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um lánveitingar til húsnæðismála [154. mál, 3] (A. 302).

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 29. og 34. fundi í Sþ., 15. marz og 12. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

29. Norðurlandsáætlun.

Á deildafundum 14. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fél.- og sjútvmrh. um Norðurlandsáætlun [163. mál] (A. 336).

Á 29. fundi í Sþ., 15. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

30. Fóðuriðnaðarverksmiðja á Norðausturlandi.

Á deildafundum 11. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um áætlun um fóðuriðnaðarverksmiðju á Norðausturlandi [185. mál] (A. 422).

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Fsp. var aldrei tekin til umræðu.